Lagafrumvörp feld.

1. Heimavistir við mentaskólann.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla (stjfrv. A. 10).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd atvrh. (MG), sem er veikur, vil jeg leyfa mjer að leggja til, að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til mentmn. með 20 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 10, n. 91 og 104, 133).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 133. Afbr. leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Eins og hv. þdm. sjá, varð mentmn. ekki sammála um þetta frv. En þó að hún klofnaði, er ágreiningurinn mjög lítill efnislega. Mjer er víst óhætt að segja fyrir hönd nefndarinnar allrar, að enginn ágreiningur sje um það, að heppilegt og nauðsynlegt sje að koma upp heimavistarhúsi fyrir mentaskólann. Það er samróma álit, að slíkt sje nauðsynlegt, bæði vegna skólalífsins yfirleitt, og svo til þess að ljetta þeim kostnað, sem hjer stunda nám utan af landi. Það, sem ágreiningi olli í nefndinni, var aðferðin við framkvæmd málsins. Stjórnin hafði valið þann kost, að bera fram frv. um þetta, en minni hl. nefndarinnar telur það ekki eðlilegustu leiðina, heldur eigi að veita nauðsynlega upphæð í fjárlögum til þessa fyrirtækis, þegar fært þyki.

Jeg ætla ekki að svo stöddu að tala alment um málið; býst við, að dagskrá minni hl. og greinarg. hans fyrir henni gefi mér tilefni til þess síðar. — Breytingartillögur meiri hl. eru smávægilegar, og þarf jeg lítið um þær að segja. Okkur fanst nauðsynlegt að taka fram, að í húsinu væri íbúð handa kennara. Í lauslegum uppdrætti húsameistara er gert ráð fyrir aðeins tveim stofum handa kennara, en okkur þykir rjettara, að fyrir því sje sjeð, að fjölskyldumaður geti búið í húsinu, enda hleypir það

ekki fram kostnaði að neinum verulegum mun. 2. brtt. er aðeins orðabreyting, eins og allir sjá. Jeg býst ekki við, að stjórnin hafi ætlast til, að stúlkur skyldu útilokaðar frá þessum heimavistum, en eftir orðalagi greinarinnar, þar sem talað er um „námssveina", mátti skilja frv. svo.

Jeg skal svo ekki teygja umræður frekar, en leyfi mjer að leggja til, fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að hv. deild þóknist að samþ. þetta frv.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Jeg bjóst ekki meira en svo við því, að þetta mál kæmi til umræðu í dag, og er því ekki sjerstaklega undir það búinn, að gera grein fyrir áliti minni hl. En málið er einfalt, og það verður að sitja við það, þó að jeg sleppi að minnast á eitthvað, sem vert hefði verið að taka fram.

Hv. frsm. meiri hl. (MJ) skýrði rjett frá því, að um litinn ágreining hefði verið að ræða, þótt svo færi, að nefndin klofnaði. Nefndin er sammála um, að stefna beri að því, að koma upp heimavistahúsi við mentaskólann. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvaða leið skuli farin. Meiri hl. vill láta samþ. frv., sem heimilar stjórninni með sjerstökum lögum að láta reisa þetta hús, en minni hl. telur af ýmsum ástæðum rjettara, að til þess þurfi sjerstaka fjárveiting á fjárlögum.

Það má víst slá því föstu, að þótt þetta frv. yrði samþ., mundi ekki verða ráðist í að reisa húsið á þessu ári, og tæplega á því næsta. Hefir hæstv. forsrh. (JÞ) látið orð falla á þá leið á einum fundi nefndarinnar um þetta mál. Bjóst hann við, eftir því útliti, sem nú væri, að ekki yrði hægt að reisa húsið fyr en í fyrsta lagi eftir tvö ár. Það er því auðsjáanlega nægur tími til þess að koma fjárveitingu til byggingarinnar inn í næstu fjárlög, og ekki hægt að sjá, að það geti gert málinu neinn skaða, þótt þetta frv. sje ekki samþ. nú. Á hinn bóginn lítur minni hl. svo á, að það ætti að vera regla, a. m. k. þegar hægt er að koma því við, að taka fjárveitingar upp í fjárlög, en hafa sem minst af sjerstökum lögum í svona sniði. Við minnihlutamenn erum báðir stjórnarandstæðingar. Afstaða okkar byggist þó ekki á því, að við vantreystum stjórninni til þess að fara með þessa heimild. En við ætlum, að afgreiðsla fjárlaganna verið gætilegri, ef horfst er í augu við gjaldahliðina í einu lagi. Það er ekki æfinlega litið nógu vandlega á, hve háir gjaldaliðir felast í sjerstökum lagaheimildum. Jeg veit ekki annað en að hæstv. fjrh. (JÞ) sje okkur sammála um þetta. Jeg held, að jeg fari rjett með það, að hann hafi oftar en einu sinni haldið því fram hjer, að rjett væri að fylgja þeirri reglu, að slíkar fjárveitingar sem þessi væru teknar í fjárlög.

Í stað þess að bera fram rökstudda dagskrá, hefði að vísu nægt að setja það ákvæði í frv., að það kæmi til framkvæmda, þegar fje væri til þess veitt í fjárlögum. En frv. var þá orðið þýðingarlaust, því að það felur ekki í sjer annað en fjárveiting. Verkið er auðvelt að framkvæma, hvenær sem fje er fyrir hendi. Við gátum ekki lagt til, að frv. yrði samþ. með breytingu, sem gerði það þýðingarlaust, og kusum því að bera fram dagskrána.

Auk þess, sem jeg hefi nefnt, má fleira telja, sem gerir varhugavert að samþ. frv., eins og það liggjur fyrir, m. a. það,

að undirbúningur málsins virðist ekki svo góður sem skyldi. Jeg hefi heyrt núna rjett nýlega — og getur hæstv. ráðh. (MG) upplýst, hvort það er rjett — að þetta mál hafi ekki verið borið undir skólameistara og kennara mentaskólans, og verð jeg að telja það galla. Þá stendur í frv., að þetta hús eigi að reisa á lóð mentaskólans. Við höfum reynt að athuga, hvort þetta væri tiltækilegt, og komist að þeirri niðurstöðu, að enginn heppilegur staður væri fyrir húsið á þeirri lóð. Það verður að hugsa fyrir fleiru en hússtæðinu einu. Aðstaða verður að vera þægileg, og nemendur verða að eiga kost á að komast undir bert loft.

Jeg sá, að í fundarbyrjun var útbýtt brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um, að orðin „á lóð skólans" skuli falla niður. Minni hl. hefir ekki enn tekið afstöðu til till. þessarar, og vil jeg því ekki tala um hana að svo komnu.

Að öllum ástæðum athuguðum leyfir minni hl. mentmn. sjer að leggja til, að rökst. dagskráin verði samþ. og frv. þannig afgreitt. Sú dagskrá ber það með sjer, ef hún verður samþykt, að háttv. deild álítur, að heimavistahús beri að byggja, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, enda þótt hún sjái ekki ástæðu til að afgreiða málið í lagaformi.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjer litla brtt. þess efnis, að lagaheimildin verði ekki bundin við núverandi lóð mentaskólans. Þar með á jeg ekki við það, að húsið megi ekki byggja á lóð skólans, ef það verður álitið heppilegt, heldur að landsstjórn og skólastjórn verði frjálst að velja um, hvar húsið verði reist. Með þessu er aðeins verið að benda á, að fleiri staðir geti komið til greina. Það þarf að sjá fyrir því, að skólinn með heimavistum hafi nægа lóð til frambúðar, en jeg efast um, að núverandi lóð mentaskólans sje nægilega stór. En það virðist liggja vel við, að stækka hana, og ef það ráð verður tekið í tíma, býst jeg við, að enginn staður væri heppilegri fyrir heimavistirnar eða sjálfsagðari. En það virðist heldur ekki vera nein frágangssök, að byggja húsið nokkurra mínútna gang frá skólanum. Aðalatriðið er að hafa nægilegt landrými til leikja og íþróttaiðkana fyrir skólanemendur. Hefi jeg oft áður lýst þeirri skoðun minni, að meira sje undir því komið, að glæða íþróttir og fjelagslíf í skóla þessum, heldur en þótt breytt yrði um eina eða tvær námsgreinir.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Mál þetta er í raun rjettri svo ákaflega einfalt og svo lítill ágreiningur um það, að jeg held, að best væri að hafa sem allra stystar umræður.

Hv. frsm. minni hl. (BSt) lýsti ástæðum þeim, er til þess liggja, að hann treystist ekki til að mæla með frv., en jeg get ekki sjeð, að þar kæmu fram nokkur rök á móti málinu. Það væri þá helst, að hann teldi það einskonar óþarfa, að setja lög um þetta efni, og að betra yfirlit fengist um fjárhag landsins með því að hafa sem flestar fjárgreiðslur í fjárlögunum sjálfum, en borga minna eftir 24. gr. þeirra. En það er nú svo, að það er aldrei hægt að gera sjer nokkra hugmynd um fjárhaginn án þess að athuga jafnframt 24. gr. fjárlaganna, því að á hverju einasta ári er það svo fjölda margt, sem greiða verður eftir þessari grein. Það mundi því engu breyta um „yfirlit fjárhags-

ins", þótt þetta fje yrði á sínum tíma greitt eftir heimild 24. gr. — Það er líka í fullu samræmi við fyrri gerðir þingsins, að ákveða byggingu þessa húss fyrirfram með lögum. Í lögum frá 1919, um húsagerð ríkisins, er t. d. ákveðið að byggja landsspítala, íbúðarhús á Hvanneyri, viðbót við geðveikrahælið á Kleppi, skólahús á Eiðum og húsmæðraskóla á Norðurlandi, og landsstjórninni heimilað að láta reisa þau svo fljótt sem unt er. Öll þessi hús kosta eflaust miljónir króna samtals, en þó var engin hætta álitin því samfara, að fara þannig að, og meira að segja talið langeðlilegast. Reynslan hefir líka orðið sú, að frekar hefir þurft að ýta á eftir landsstjórninni um þessar byggingar heldur en hitt.

Um það, hvort sjerstök þörf sje á að bæta þessu húsi við, má vitna í, að á þingi 1921 var skorað á stjórnina að undirbúa þetta mál í þál., sem borin hafði verið fram af mentmn. þessarar háttv. deildar. Er því eðlilegt, að stjórnin verði við þessum tilmælum, enda má segja, að hún hafi borið málefnið fram áður, þótt í nokkuð öðrum búningi væri. Í stjfrv. um lærðan skóla, sem lá fyrir hv. deild í fyrra, var t. d. gert ráð fyrir heimavistum fyrir ekki færri en 50 nemendur. Varð jeg ekki var við, að það sætti neinum mótmælum í hv. deild. Þvert á móti virtust allir vera sammála um það ákvæði frv. Nú hefir hæstv. landsstjórn ekki álitið heppilegt að bera fram frv. um lærðan skóla, en aðeins lagt fyrir hv. deild frv. til laga um heimavistir. Verð jeg að telja það fyllilega eðlilegt. Bæði hefir þingið áður lýst yfir vilja sínum um þetta efni, og þeir, sem undirbúið hafa ný lagafrv. um mentaskólann, hafa einnig talið heimavistanna mikla þörf. Má víst telja það viðurkent af öllum, sem um málið hafa hugsað, að full nauðsyn sje á byggingu þeirra. Enda veit jeg ekki betur en að vinir Akureyrarskóla telji það einn af hans helstu kostum, hve góðar heimavistir hann hefir.

Um muninn, sem á því er að samþykkja svona lög og að bíða, þar til fært þykir að koma fjárveitingu í sjálf fjárlögin, langar mig til að benda á eitt atriði. Fjárlögin eru jafnan sett löngu áður en hægt er að sjá með nokkurri vissu, hver afkoma þess árs verður, er þau gilda fyrir. En með slíkum lögum sem þessum er landsstjórninni heimilt að byrja á verkinu, þegar fje er fyrir hendi, og gæti það flýtt ögn fyrir framkvæmdum. Annars skil jeg nú varla, að ástæða sje til að óttast, að svo geist verði farið í þessu máli, að þingið komist ekki að með fjárveitingar í fjárlögum, ef það hefði löngun til. Það getur meira að segja verið full ástæða til að samþykkja svona frv., þó að menn byggjust við harðæri. Þá getur oft verið nauðsyn á, að hið opinbera leggi út í einhverjar atvinnubætur. Gæti t. d. verið mjög heppilegt að byrja þá á ýmsum undirbúningi undir verkið, svo sem að grafa fyrir húsinu og viða að efni.

Fyrir alla þá, sem vilja, að heimavistir komist upp við mentaskólann sem fyrst, er einsætt að fylgja þessu frv. Vil jeg þó ekki væna hv. minni hl. um að sitja á neinum svikráðum við málið, en jeg sje ekkert unnið við að samþykkja dagskrártill. hans.

Hv. frsm. minni hl. (BSt) sagðist hafa frjett, að frv. þetta hefði ekki verið borið undir rektor eða kennara mentaskólans. Má vel vera, að það sje rjett, en ákvæðið um heimavistir var í

stjfrv. um lærðan skóla í fyrra, og um það fengu rektor og kennarar að fjalla. Það er ekki eins og það sje einhver spánný tillaga, að fara fram á stofnun heimavista. Og jeg veit ekki hverjum hefir verið það meira áhugamál en einmitt rektor og kennurum skólans. Og þó að þeir legðu á móti því — sem ekki kemur til nokkurra mála — held jeg, að ekki kæmi til nokkurra mála að taka þau mótmæli til greina. Þegar farið verður að ræða um fyrirkomulag heimavistanna, er vitanlega sjálfsagt að leita álits hjá kennaraliði skólans, en það liggur ekki hjer fyrir.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) flytur brtt. um það, að binda heimildina ekki endilega við núverand lóð mentaskólans. Meiri hl. mentmn. hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um þetta atriði, og get jeg því ekkert um það sagt fyrir hans hönd. En í fljótu bragði get jeg ekki sjeð ástæðu til annars en að fallast á þessa brtt.; jeg býst við, að húsið verði bygt þarna hvort sem er, því að þetta er heppilegur staður.

Hv. frsm. minni hl. (BSt) sagði, að það væri unnið með því að samþ. dagskrártill. hv. minni hl., að þá hefði deildin lýst yfir, að hún væri málinu hlynt. En það hefir hún gert svo margsinnis áður, og getur nú gert það enn betur en nokkru sinni fyr með því að samþykkja frv. sjálft.

Leyfi jeg mjer því að mælast til þess við hv. deild, að hún felli hina rökstuddu dagskrá.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer þykir leitt, að hv. mentmn. skuli ekki hafa orðið samferða í þessu máli, þar sem jeg fæ ekki sjeð, að meiri og minni hl. greini í raun rjettri nokkurn skapaðan hlut á. Eini ágreiningurinn virðist vera um það, hvort rjett sje að samþykkja slíkar áætlanir sem þessa fyrir framtíðina. Hv. minni hl. virðist hugsa eitthvað á þá leið, að það sje alveg óvíst, hvenær hægt verði að hefjast handa í þessu máli, og liggi því ekki á að gera samþyktir um það fyr en síðar. En jeg vil benda á, að það er ekki sjaldgæft hjer á þingi, að gera þess háttar áætlanir. Jeg man eftir tvennum slíkum lögum, sem samþykt voru hjer á þingi í fyrra, önnur um viðauka við Flóaáveitulögin og hin um bryggjugerð í Borgarnesi. Jeg skil ekki þau straumhvörf, sem orðin eru, ef þetta er ekki eins leyfilegt nú. Þessi dæmi, sem jeg nefndi, eru heldur ekki hin einu. Stórir lagabálkar, eins og símalög og vegalög eru einmitt þessa eðlis. Í fyrra voru t. d. samþ. um 20 nýjar símalínur, sem leggja skyldi einhverntíma í framtíðinni. Sje jeg ekkert á móti þessari lagasetningu. Hún sýnir, að Alþingi álítur þörf á að gera þetta, enda þótt það treystist ekki til að ákveða, hvenær byrjað skuli á framkvæmdum.

Mjer skildist á hv. frsm. minni hl. (BSt), að hann setti það fyrir sig, að svona lagasetning kæmi illa heim við fjárhagsáætlanir fjárlaganna. En þegar hann lætur það fylgja með, að hann treysti stjórninni til að leggja ekki út í framkvæmdir nema haganlegt sje, fæ jeg ekki betur sjeð en að hann hafi þar með eyðilagt sína eigin mótbáru.

Það er rjett hjá hv. þm. (BSt), að ómögulegt verður að leggja út í nokkrar framkvæmdir í málinu á þessu ári, en hver veit, nema það verði hægt á árinu 1928? Hverjum skyldi t. d. hafa dottið í hug á þingi 1924, að ríkissjóð-

um mundi hafa svo mikið fje sem raun varð á árið 1925? Jeg held, að þessi litli ágreiningur milli hv. nefndarhluta ætti ekki að mega verða frv. að fótakefli, þegar öllum kemur saman um þörfina á því, að byggja heimavistir.

Hv. frsm. minni hl. (BSt) talaði um, að undirbúningur málsins væri ekki góður, og að frv. hefði ekki verið borið undir rektor eða kennara mentaskólans. Það er nú rjett, að þetta frv. hefir ekki verið formlega undir þá borið, en bæði skólameistari og kennarar hafa áður látið í ljósi, að það væri eindregin ósk þeirra, að heimavistir yrðu bygðar. Veit jeg enga ástæðu til að ætla, að þeir hafi breytt skoðun um það efni. Í sambandi við þetta frv. var ekki annars að spyrja en hvort þeir vildu heimavistir eða ekki, og jeg verð að taka undir þá skoðun, að það væru undarlegar skólstjórnir, sem ekki vildu heimavistir fyrir nemendur sína. Mjer er einnig kunnugt af viðtali við suma kennara, að afstaða þeirra hefir í engu breyst. Hitt er alt annað mál, og liggur ekki hjer fyrir, að sjálfsagt er að leita álits skólans um einstök atriði í fyrirkomulagi heimavistanna, þegar þar að kemur.

Við brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefi jeg ekkert að athuga. Hún fer aðeins fram á að slá því á frest, að ákveða stað fyrir heimavistahúsið, og ætti það ekki að gera neitt til. Jeg álít það raunar heppilegast, að hafa heimavistirnar sem næst skólanum sjálfum. Og jeg get ekki heldur viðurkent það, sem sagt hefir verið, að lóð mentaskólans sje lítil. Hún er einmitt ein með stærstu lóðunum í þessum bæ, og man jeg ekki eftir, að nokkur skóli bæjarins hafi svo stóra lóð til umráða. Gæti helst verið, að það yrði hinn nýi barnaskóli, sem á að fara að byggja, sem þar kæmi til samjafnaðar.

Jeg get ekki skilið, að þeir, sem vilja málinu vel, áliti, að því sje hrundið aftur á bak með þessu frv. Þvert á móti verður það að teljast stórt spor áleiðis. Oft hefir verið um það rætt, hve erfitt sje fyrir fátæka pilta utan af landi að stunda hjer nám, og hefir þó varla verið ofsögum af því sagt. Væri því mikið unnið, þótt ekki munaði nema einu ári, sem heimavistunum yrði fyr upp komið fyrir frv. Alt þetta veit hv. frsm. minni hl. (BSt), og hefir meira að segja sjálfur haldið því fram á þingi áður.

Um brtt. hv. meiri hl. þarf jeg fátt að segja. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort ákveðið er í lögunum sjálfum, að kennari skuli hafa íbúð í húsinu. Um síðari brtt. skal jeg aðeins taka það fram, að það var alls ekki tilgangur stjórnarinnar að útiloka kvennemendur frá heimavistum mentaskólans, þó að ef til vill mætti skilja orðalag frv. svo. Hinsvegar játa jeg, að þetta orðalag er mjer að kenna. Mjer fanst orðið „skólasveinn“ svo fallegt og það búið að fá þá hefð í málinu, að jeg vildi helst hafa það, og kom þá ekki til hugar, að það gæti valdið neinum misskilningi, enda mun það tíðast, að það sjeu skólasveinar, sem hjer er um að ræða, að njóti þessara hlunninda, því að utan af landi munu tiltölulega fáar námsmeyjar sækja hingað til mentaskólans; þær eru yfirleitt hjeðan úr bænum, sem stunda hjer nám.

Annars hefi jeg ekki frekar við þetta að athuga, og vona, að frv. fái að halda áfram.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði,

að minni hl. færði engin rök gegn því, að frv. næði fram að ganga í því formi, sem það er; aðeins því haldið fram af okkur minnihlutamönnum, að málið væri óþarft eins og nú horfir. En í sömu andránni tók hann þó upp sömu rökin, sem jeg færði móti frv.: að afgreiðsla fjárlaganna mundi síður verða gætileg, ef fje væri þannig heimilað með sjerstökum lögum. Þetta voru rökin, sem jeg færði. Hann bætti því við ennfremur, að afgreiðsla fjárlaganna væri því aðeins gætileg, að fult tillit væri tekið til þeirra fjárveitinga, sem fælust í 24. gr. fjárlaganna. Þetta er að vísu rjett, en reynslan sýnir, að það hefir ekki verið gert nægilega hingað til.

Hv. frsm. benti á, að tíðkast hefði áður að heimila fje úr ríkissjóði með sjerstökum lögum, t. d. til ýmsra opinberra húsabygginga. Það neitar víst enginn því, að þetta hefir verið gert. En jeg er þeirrar skoðunar, að þetta sje óheppilegt og alls ekki forsvaranlegt, og síst, þegar fjárhagur ríkissjóðs er jafnörðugur eins og nú. Það hefir líka komið á daginn, að þingi og stjórn hefir þótt varlegra að nota ekki þá heimild, sem felst í lögunum frá 1919, heldur hafa fjárveitingar til flestra þeirra bygginga, sem reistar hafa verið samkvæmt þeim, jafnframt verið teknar upp í fjárlög. Þá mintist hann á, að þingið hefði áður skorað á stjórnina að koma með till. um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla, og því væri undarlegt, ef þetta frv. yrði ekki samþ. nú. Það er nú svo, að till. um þetta geta komið fram með ýmsu móti. Jeg hefði t. d. talið rjettara, að till. kæmi frá hæstv. stjórn um að taka þetta upp í fjárlög, þegar hún sjer það fært fjárhagsins vegna, og fyr ekki, og á þann hátt hefði áskorun þingsins verið fullnægt á sínum tíma.

Háttv. frsm. taldi heppilegra fyrir stjórnina að hafa heimild um þetta í sjerstökum lögum en að fje væri til þess veitt í fjárlögum; þá væri hægt fyrir hana að grípa tækifærið, þegar fjárhagurinn leyfði, og láta þá byrja á byggingunni. En jeg býst nú við, að fje, sem safnast í góðu ári, þurfi ekki að eyðast samstundis, og að þá verði tekjuafgangur; mætti þá taka upp í fjárlögin næsta ár á eftir fjárveitingu til þess að reisa heimavistarhúsið. Hann tók líka fram, að það gæti verið þægilegt fyrir hæstv. stjórn að hafa þessa heimild, sem frv. fer fram á, ef um sjerstakt atvinnuleysi væri að ræða í bænum. Þetta kann rjett að vera, en jeg held, að síst sje skortur á verkefni, ef fje er fyrir höndum til framkvæmdanna. Væri nær að ljúka við þær framkvæmdir, sem þegar er byrjað á, eins og t. d. byggingu landsspítalans, heldur en að ráðast í nýjar.

Hv. frsm. vildi halda því fram, að það væri ekkert undarlegt, þó að þetta mál hefði ekki nú verið borið undir rektor og aðra kennara mentaskólans, enda væri kunnugt, að þeir vildu allir, að heimavist kæmist á, og því ekki annað að gera hjer en að Alþingi ákvæði, hvort heimavist skuli takast upp við skólann eða ekki. Þó að jeg sje ekki beinlínis að efa, að hjer sje farið rjett með, þá finst mjer þó, að æskilegt hefði verið, að þessu máli hefði að minsta kosti fylgt umsögn og álit rektors um það, hvort hann teldi nauðsynlegt, að heimavist kæmist á við skólann. Í því sambandi vil jeg geta þess, að jeg hefi

þekt skólastjóra, sem var algerlega á móti því, að heimavist væri tekin upp við skóla hans, og svo kann að vera um fleiri. En þó víst kunni að vera, að rektor og kennarar skólans vilji fá heimivistina, þá finst mjer, að samt hefði átt að bera þetta frv. undir þeirra álit. Skal jeg í því sambandi benda á tvö atriði í frv.: Í fyrsta lagi er það um lóð skólans, hvort hún sje hentug eða nógu stór til þess, að á henni verði reist nægilega stórt hús fyrir heimavist. Og í öðru lagi var ekki hægt að skilja frv. á annan veg en þann, að heimavistin ætti eingöngu að ná til skólapilta. Hæstv. ráðh. (MG) hefir nú skýrt frá því, að svo væri ekki. Heimavistin ætti jafnt að ná til karla og kvenna, sem til skólans sækja utan af landi. En bæði þessi atriði tel jeg að minsta kosti sjálfsagt, að borin hefðu verið undir rektor og kennara skólans, því að bæði geta þau orkað mjög tvímælis, þó fallist sje á, að heimavistin eigi að koma.

Hæstv. atvrh. (MG) mintist á, að hentugt væri fyrir ríkið að gera áætlun um framtíðina, og benti í því sambandi á, að þetta væri gert, t. d. með símalögunum. Í þeim lögum væri bundin áætlun um símalínur, sem ekki væri búið að leggja. Jeg er honum sammála um, að slíkar áætlanir fyrir framtíðina sjeu nauðsynlegar, og því sje heppilegt að gera þá áætlun um heimavist mentaskólans, að húsið verði þá reist, er fje er til þess veitt í fjárlögum. En í frv. felst heimild fyrir stjórnina að láta byrja á þessum framkvæmdum þegar henni sýnist. Um símalínurnar er alt öðru máli að gegna. Þó að þær sje upp teknar í símalögin, er aldrei ráðist í að byggja þær, nema fje sje til þess veitt í fjárlögum. Við minnihlutamenn hefðum ekkert á móti því, að samþ. frv., ef það ákvæði fylgdi með, að heimavistarhúsið skyli ekki reist fyr en fje sje veitt til þess á fjárlögum. Þá er það orðið hliðstætt við símalögin, en fyr ekki.

Hæstv. atvrh. (MG) ljet þess getið, að mjög litlar líkur væru til þess, að heimavistahúsið mundi bygt á þessu eða næsta ári, en þó væri ekki loku fyrir það skotið. En jeg tel víst, að þó hægt væri að reisa húsið, þá mundi það því aðeins gert, að hætt væri við aðrar framkvæmdir. Og þó að eitthvert fje yrði afgangs, þá mundi nóg við það að gera, t. d. mundi landsspítalanum ekki af því veita. Hæstv. atvrh. (MG) vjek að því að lokum, sem oft hefir verið minst á áður, að aðalástæðan fyrir þessu máli væri sú, hve erfitt það reyndist utanbæjarpiltum að kosta sig hjer námsár sín. Þetta er satt, og því mesta þörf, að úr þessu sje bætt, og það sem fyrst. En jeg fæ ekki sjeð, að með þessu frv. verði úr þeim vandræðum bætt á næsta ári. Þess vegna er engin ástæða til, að þingið fari nú að afsala sjer fjárveitingavaldi sínu í hendur hæstv. stjórnar. Auk þess mætti benda á í þessu sambandi, að nú er svo komið, að ekki er útilokað fyrir fátæka pilta utan af landi að afla sjer ódýrari kenslu en verið hefir, t. d. við gagnfræðaskólann á Akureyri. Hann hefir nú, eins og kunnugt er, byrjað á framhaldskenslu undir stúdentspróf, og vona jeg, að á því verði áframhald, sem beri góðan ávöxt í framtíðinni. Og þó að sumir líti svo á, að hann muni að mestu ætlaður Norðlendingum og Austfirðingum, þá stendur hann öllum opinn, hvaðan af landi sem er, á meðan hús-

rúm leyfir. Svo er líka þess að gæta, eins og jeg hefi margoft tekið fram áður, að á Akureyri er ódýrara að dvelja en hjer í Reykjavík, að heimavistin þar verður námspiltum þeim mun ódýrari en hjer sem nema mun ferðakostnaði þangað. Hinsvegar má enginn skilja orð mín svo, að jeg telji þetta fullnægjandi um aldur og æfi, heldur megi við það una um 2—3 ár, með þeim tækjum, sem skólinn hefir fengið, og þess vegna ekki jafnbrýn nauðsyn einmitt nú að koma upp heimavist við mentaskólann, þó að sjálfsagt sje að gera það undir eins og Alþingi viðurkennir, að þær ástæður sjeu fyrir hendi, sem leyfa það.

Annars ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þetta. Það er ekkert kappsmál fyrir mjer, að standa móti því, að frv. þetta verði samþ., þó jeg telji heppilegra að bíða, þangað til betur árar fyrir ríkissjóð og hægt sje að veita fje til þessara framkvæmda í fjárlögum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók það fram áður, að rektor mentaskólans hefði verið spurður um það í öndverðu, hvort hann vildi, að heimavist væri upp tekin við skólann, og að hann hefði svarað því játandi, og hinir aðrir kennarar sömuleiðis. Þess vegna er ástæðulaust að spyrja um þetta aftur. En efist hv. minni hl. um, að hjer sje rjett frá skýrt, þá var þeirra að spyrja rektor og kennara og vita, hvort hugur þeirra væri hinn sami. Jeg fyrir mitt leyti geri ekki ráð fyrir, að hann hafi breyst.

Annars held jeg, að allir skólastjórar sjeu þeirrar skoðunar, að skólum sje það betra og hollara að koma sjer upp heimavistum, ef þess er nokkur kostur á annað borð, svo að hann er víst einasta undantekningin, þessi skólastjóri, sem hv. frsm. minni hl. (BSt) mintist á.

Viðvíkjandi lóðarspursmálinu, þá játa jeg, að brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) bætir úr og að stjórnin er þá ekki bundin við neinn ákveðinn stað, sem húsið skuli reist á.

Hv. frsm. minni hl. (BSt) sagði, að frv. þetta, eða heimild sú, sem farið er fram á með því, væri ekki sambærileg við símalögin. En jeg skal aðeins benda honum á, að samkvæmt símalögunum hefir stjórnin heimild til að láta byggja símalínur fyrir afgang þann, sem verða kann á tekjum við rekstur símans, þó að stjórnin hafi hinsvegar ekki sjeð sjer fært að gera það. Með þessu frv. er því síst farið lengra en símalögin mæla fyrir, heldur mætti miklu fremur segja, að skemra væri gengið.

Hv. frsm. minni hl. (BSt) vildi hafa þessa heimild í fjárlögum, en ekki í sjerstökum lögum, en tók þó fram um leið, að hann treysti stjórninni til að misnota ekki þessa heimild. M. ö. o.: hann treystir stjórinni til þess að byrja ekki á þessum framkvæmdum fyr en fje er fyrir hendi.

Annars verð jeg að halda, að það sjeu einhverjar stjórnir fram í tímanum, sem hann vill ekki veita þessa heimild, enda skaut því upp í ræðu hans, að heimavistarhúsið ætti helst ekki að reisa fyr en búið væri að ljúka við landsspítalann, en til hans er árlega veitt í fjárlögum, svo að ekki kemur í bága við hann, að ráðast í að reisa húsið, ef fje er fyrir hendi áður en spítalinn er fullgerður. Það mætti benda á það, að ótal dæmi eru þess í þingsögunni, að Alþingi hefir í stærri málum

en þessu afsalað fjárveitingarvaldi sínu í hendur stjórninni, og ekki orðið að sök.

Að vísa á Akureyrarskólann í þessu sambandi, kemur að litlum notum, því þar mun setinn bekkur, og fáir einir, sem þar fá inni, svo að slík ávísun mun að litlu haldi koma. Mjer skildist líka á síðustu orðum hans, að honum væri ekkert kappsmál að fella frv., en vildi hinsvegar fresta framkvæmdum, þangað til fje væri veitt til þess í fjárlögum. En þar sem hann lýsir því yfir, að hann vantreysti ekki stjórninni og trúir henni til að misnota ekki heimildina, þá skilst mjer ekki, hvers vegna hann er eiginlega á móti frv. og leggur til, að málinu sje að þessu sinni eytt með rökstuddri dagskrá.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. frsm. meiri hl. (MJ) og hæstv. dómsmrh. (MG) hafa haft svo hörð orð um það, ef atkv. skyldu verða greidd með dagskrártill. á þskj. 104, eins og þar væri um einhverja goðgá að ræða.

Nú ætla jeg að greiða atkv. með dagskránni, og þykir því hlýða að gera örlitla grein fyrir því.

Jeg vil þá byrja með því, að gera þá yfirlýsingu, að jeg er því fylgjandi, að reistur sje heimavistabústaður við mentaskólann, þegar ástæður leyfa og fje er fyrir hendi. Jeg er þeirrar trúar, að það sje farsælt piltum og þeim til góðs, auk þess sem það setur sinn svip á skólann. En jeg verð að taka undir með hv. frsm. minni hl. (BSt), að til þess sje ekki heppilegur tími nú, og því síður, að það sje heppilegt, eins og sakir standa, að afsala fjárveitingarvaldi þingsins í hendur stjórnarinnar, þegar þess er þá gætt, að fjvn. Nd. hefir ekki sjeð sjer fært að taka upp á fjárlög 1928 fjárveitingu í þessu skyni.

Jeg er sammála hæstv. fjrh. (JÞ), er hann heldur því fram, að fjárlögin eigi að vera sem rjettust mynd af fjárhagsgetu ríkisins, og þess vegna eigi að forðast öll aukin útgjöld með heimildum sjerstakra laga.

Þar sem hæstv. dómsmrh. (MG) talaði um heimild stjórnarinnar til þess að láta byggja símalínur, þá er það að vísu satt, að það er svo á pappírnum. En hitt veit jeg, að stjórnin sjer sjer ekki fært að framfylgja því, nema símastjóri hafi lagt fram sitt álit og að fje sje til þess veitt í fjárlögum. Þess vegna er ekki um hliðstæð dæmi að ræða, að bera frv. þetta saman við símalögin.

Ástandið, sem nú ríkir, er þess valdandi, að ekki er hægt að sinna þessu máli, og að Alþingi verður að gjalda varhuga við að afsala á nokkurn hátt fjárveitingarvaldinu úr sínum höndum.

Jeg býst við, að fjvn. Nd. verði að leggja til, að fella niður sumar nauðsynlegustu framkvæmdirnar eða þá að draga úr þeim til stórra muna. Til þessa finnum við best og sárast, sem vinnum í fjvn. og verðum á hverjum degi svo að segja að skera niður eða þá að rifa seglin, svo að fjármálaskútunni sje óhætt. Úr öllu verður meira og minna að draga, eigi okkur að fleytast fram úr örðugleikunum. Jeg skal t. d. nefna eitt dæmi. Embættismenn ríkisins hafa sent fulltrúa sína á fund fjvn. og farið fram á að fá laun sín bætt. Þeir hafa áður snúið sjer til hæstv. stjórnar, og hún ekki sjeð sjer fært að verða við óskum þeirra, og líklega fer á sömu leið fyrir nefndinni, að hún sjái sjer ekki fært að sinna þessu, þótt hún

hinsvegar játi, að meir muni nú þrengja að embættismönnunum en áður. Nefndin hefir að vísu ekki tekið afstöðu um þetta, en jeg geri ráð fyrir því, að ekki verði hægt að sinna því. Og þegar ástandið er svo, að nefndin verður auk þessa að neyðast til að flytja till. um að stöðva sum þörf og nauðsynleg fyrirtæki, þá er ekki að vænta, að hún geti lagt til, að fje verði veitt til þess að reisa heimavistahús, sem álita má, þótt nauðsynlegt sje, að betur þoli bið en sumt annað, er niður verður að skera. Og jeg get bætt því við, frá mínu sjónarmiði, að það hefir ekki aukist traust mitt á hæstv. stjórn til þess að fara með heimild þá, er frv. nefnir, þó að hæstv. dómsmrh. (MG), sem einu sinni var „ekki dómsmálaráðherra", eins og alkunnugt er, sje nú orðinn það.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg minnist þess ekki, að hafa talað um, að það væri nein goðgá að greiða atkv. með þessari rökstuddu dagskrá frá minni hl. nefndarinnar, en hitt er það, að jeg hefði óskað þess, að meiri hl. hv. deildar vildi greiða atkv. með frv. En það er eins og vant er hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að hann veður annaðhvort í ökla eða eyra — það er aldrei meðalvegur til hjá honum. Hv. þm. sagðist vera með málinu. Það er nú gott að heyra, að menn eru með málinu, en þeir vilja bara ekkert fyrir það gera, en gera það, sem þeir geta, til þess að bregða fæti fyrir það.

Hv. þm. Str. (TrÞ) þykir nú gott að geta borið fyrir sig hæstv. fjrh. (JÞ). En mig minnir hálfvegis, að í gær þætti honum ekki mikið varið í það, sem hann sagði áður, og hans aðfarir allar. Nú telur hann orð hans vera sem goðasvar. Annars vil jeg benda á, að þetta frv. er ekki flutt án samþykkis hæstv. fjrh. Öðruvísi gæti það ekki komið fram sem stjfrv.; svo að það er ekki til neins að vitna í það, að hæstv. fjrh. sje á móti þessu máli.

Hv. þm. sagði, að símalögin ætti að skilja þannig, að um símalagningar ætti að fara eftir till. landssímastjóra; en það er alveg rangt hjá honum. Landssímastjóri hefir hvað eftir annað haldið því fram við stjórnina, að hún ætti að leggja símalínur fyrir allan tekjuafgang símans. Stjórnin segir nei; það sje samkomulag, að láta þingið ráða, hversu mikil fjárhæð sje notuð til þess á hverju ári.

Jeg sje ekki, að þessar upplýsingar, sem hv. þm. Str. (TrÞ) var að gefa úr fjvn., komi neitt þessu máli við. Hann tók líka fram, að það væri ekki búið að taka neina ákvörðun um þessa hluti. Svo að hann getur alls ekki vitað, hvað verður ofan á. Jeg held það fari þá best á því, að vera ekki að tilkynna neinar umræður úr nefndinni, fyr en hann getur vitað úrslitin. — Annars get jeg ekki sjeð, hvað það kemur þessu máli við, hvort embættismenn fái hækkun launa sinna eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það eru aðeins tvö til þrjú atriði í ræðu hv. frsm. minni hl. (BSt), sem jeg þarf að minnast á. Hann kvaðst vilja lýsa sínum góða hug til málsins með því að segja, að þegar gott ár kæmi, væri hægt að leggja fje til þessa fyrirtækis á fjárlögum eða jafnvel fjáraukalögum fyrir það ár, sem yfir stendur. Jeg hygg það sje í samræmi við álit hv. þm. yfirleitt, að heppilegast sje að komast hjá slík-

um fjáraukalögum. Hv. þm. veit, að það muni ekki koma til, að veita fje, nema á fjárlögum. Það er með öðrum orðum víst, að með því að taka upp þá reglu, sem hann og minni hl. stingur upp á, þá er málið altaf tafið um eitt ár — og getur hæglega tafist lengur. Tökum til dæmis, að það yrði nú samþykt, að hafa fjárhagsþing annaðhvert ár aðeins. Málinu getur meira að segja verið stefnt út í tvísýnu um alveg óákveðið árabil. Þó að eitthvað batni í ári, þá höfum við enga tryggingu fyrir því, að þeir þingmenn, sem þá sitja, hafi nægan áhuga á þessu máli. Ef það er álit mikils meiri hl. þeirra, er nú sitja á þingi, að mál þetta sje nauðsynlegt, því á þá endilega að leggja það undir álit annars þings, hvenær hafist skuli handa um framkvæmdir, þar sem málið getur tafist með því um óákveðinn tíma? Það er vegna þessa, sem jeg sagði — og notaði þó ekki stærra orð — að það sýndi betri hug til málsins, að samþ. frv. þetta, heldur en hitt, að samþykkja rökstuddu dagskrána.

Hv. þm. (BSt) vildi ekki gera mikið úr þeirri röksemd minni, að komið gæti fyrir, að byrjað yrði á þessu verki, þegar hart yrði í ári, ef stjórnin sæi sig neydda til að veita atvinnubætur. Hann sagði, að altaf væri nóg að ráðast í, ef slíkt kæmi fyrir. Jeg skal ekki segja um það, en þó er það aðgætandi, að í slíkar atvinnubætur er ekki hægt að taka hvaða verk sem er. Það verður að vera verk, sem almennir verkamenn geta unnið; ekki er hægt að setja þá t. d. í að „innrjetta“ landsspítalann eða gera önnur verk, er „fag“-lærða menn þarf til. Það er alls ekki víst, að þau verkefni sjeu altaf fyrir hendi, sem heppileg eru til atvinnubóta. Það er miklu óheppilegra, ef stjórnin þyrfti að vera að leita að slíku verkefni í hvert skifti. Gæti þá komið fyrir, að ráðist yrði fullfljótt í einhverjar framkvæmdir, sem ekki væri tími til að athuga nóg áður, og ónýttist svo meira og minna af verkinu. Slíkt er ekki óhugsandi. Betra, að stjórnin hafi heimild, og geti hún svo snúið sjer að verki, sem búið er að ákveða að vinna. Það er einn meginkostur, að atvinnubætur verði að því sama gagni og væri þær veittar án þess að neyð knýði.

Þá talaði hann enn um það, að það væri yfirsjón, að sýna ekki rektor þessar till. Því svaraði hæstv. ráðh. (MG) og gat þess um leið, að honum hefði þótt það að, að heimavistahúsið ætti að byggja á skólalóðinni og að í stað „sveina“ í frv. ætti að vera „nemendur“. En það er hægt að nema báða þessa steina úr götunni, því að nú liggja einmitt fyrir brtt. um bæði þessi atriði.

Jeg skal ekki taka þátt í þeim deilum, hvort þetta er hliðstætt við símalögin; en jeg er viss um, að þetta er hliðstætt því, sem jeg nefndi, lögin frá 1919 um húsabyggingar ríkisins. Hjer er þó ekki farið eins frekt í sakirnar. Þar er stjórninni gefin ótakmörkuð heimild til að taka lán í þessu skyni. Þá voru menn ekki eins smeykir við það, eins og í gær, þótt ekki væri allar lánsheimildir takmarkaðar vandlega af þinginu, eða þau væru tekin til 20—30 ára. Mig minnir það væri í þessum tilgangi, sem innlenda lánið var tekið, þótt fjeð yrði að fara til annars á þeim árum, þegar þröngt var í búi.

Jeg þarf varla að fara út í það, þegar hv. frsm. minni hl. (BSt) fór að gefa ávísun á Akureyri. Rjett ályktun af þeim rökum hans væri sú, að þá væri

þessi heimavist hjer til ills eins, þar sem væri miklu ódýrara að vera á Akureyri. En við vitum nú, hvað mönnum ber vel saman um þetta. Annars þarf ekki annað að segja um þetta en það, að hann gaf hjer ávísun á innstæðu, sem ekki er fyrir hendi, því að á Akureyri er ekkert pláss til að vísa á.

Þá er hv. þm. Str. (TrÞ). Hann kvað mig hafa brúkað hörð og stór orð um þá, sem ætluðu að samþ. dagskrána. Já, öðruvísi mjer áður brá! — Ef hann brúkar aldrei harðari og stærri orð en þau, sem fjellu frá mjer og hæstv. ráðh. (MG), þá held jeg engum þyrfti að ofbjóða. Það mesta, sem jeg sagði, var það, að það sýndi betri hug til málsins, ef menn vildu samþ. frv. Hann sagðist alls ekki geta verið með þessu, að heimila stjórninni að taka fje, án þess að veitt væri á fjárlögum. Í fyrra var hjer samþ. að gefa hæstv. stjórn heimild til að reisa hús fyrir veðurstofuna, með alveg sama hætti og hjer er um að ræða. Frv. flaug gegnum deildina, og varla, að menn vildu ræða það. Að vísu sjest ekki, hvort hv. þm. Str. (TrÞ) greiddi atkv. með því; þótti ekki ástæða til að hafa nafnakall, en hv. þm. hefir þá ekki staðið eins vel á verði og nú, að ráðast á þessa óttalegu heimavist. Þetta dæmi sýnir ljóslega, að slíkt hefir oft verið gert með fullu samþykki þingsins.

Hv. þm. var að lýsa fjárskortinum, sem nú er, sem sýndi, hve mikil fjarstæða það væri, að þetta hús yrði reist 1928. Jeg skal ekki segja, að það verði endilega gert 1928, en jeg bendi á það, að í þingbyrjun 1924 var ekki glæsilegt útlit (TrÞ: Skárra en nú!). Það getur verið seint á þingtímanum, þegar fregnir fóru að berast af miklum afla, en í þingbyrjun heyrðist ekki talað um annað en hinar gífurlegu fjárkröggur, og alt yrði að stöðva og kubba niður vegna fjárskorts, en svo reyndist þetta ár eitt af mestu uppgripaárum, sem sögur fara af. Það er altaf vont að spá í þessa átt. En hvort þetta verður gert árið 1928, er ekki aðalatriðið, heldur það, að með því að samþ. dagskrána er málið tafið að minsta kosti um eitt ár.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru örfá atriði út af ræðu hv. frsm. (MJ) og ræðu hæstv. ráðh. (MG).

Hv. frsm. (MJ) nefndi dæmi um það, að fyr á árum og undir öðrum kringumstæðum hefði verið veitt heimild fyrir stjórnina að gera hliðstæða hluti. Þetta er vitanlega alveg rjett. En það, sem veldur því, að jeg er varfærnari nú en áður, er blátt áfram fjárhagsástæðurnar. Þær eru verri og öll aðstaða nú en nokkurn tíma í okkar minni. Því verðum við nú að gjalda mikinn varhuga við að veita slíka heimild.

Annars hefði jeg ekki staðið upp, ef hæstv. ráðh. (MG) hefði ekki sagt það beinlínis í sinni ræðu, nú, þegar við erum að undirbúa og ganga frá fjárlögunum, að verið gæti, að lagt yrði út í þetta bákn 1928. Mjer fanst þetta hálfpartinn vera storkun til okkar allra í fjvn. Hann ætlaði svo sem, hæstv. ráðh., að fara með tugi og hundruð þúsunda eins og hann vildi, hvað sem við segðum. En þegar jeg mintist gamalla tíma, þá kom mjer það alls ekki á óvart, þó hann langaði til að synda í dálitlum peningum.

Ef það er virkilega alvara hjá hv. frsm. (MJ) og hæstv. ráðh. (MG), að inn í frv. megi setja ákvæði um, að ekki skuli hafist handa fyr en fje er veitt á fjárlögum, þá er það ekki rjett,

sem hv. frsm. (MJ) sagði, að málið tefjist um eitt ár.

Hæstv. ráðh. (MG) dró dár að því, að jeg teldi mig með málinu, því að hann kvað mig ekkert vilja fyrir það gera. Jeg legg þann sama mælikvarða á þetta og önnur opinber mál, sem jeg hefi afskifti af. Það eru ákaflega margir hlutir, sem jeg tel mjög æskilegt að gera. En jeg rjetti ekki upp hendina með því að gera alla þá æskilegu hluti, sem kosta fje. Jeg verð að gera greinarmun á þeim og taka tillit til þess, hvað hægt er að gera vegna fjárhags ríkissjóðs. Þess vegna var það algerlega rjettmætt, að taka til samanburðar það starf, sem jeg sem fjárveitingarnefndarmaður verð að vinna nú á hverjum degi. Við verðum altaf að draga merkjalínuna milli þess, hvað hægt er að gera, og hins, hvað ekki er hægt að gera, af því marga, sem er þarft. Og sem sagt hefi jeg í því starfi þurft oft að setja merkjalínuna fyrir ofan svo fjöldamargt sanngjarnt og nauðsynlegt. Og þetta mál, verð jeg að segja, lendir með mörgum öðrum fyrir neðan þá merkjalínu.

Svo var hæstv. ráðh. (MG) að gera að gamni sínu, að mjer þætti gott að bera hæstv. forsrh. (JÞ) fyrir þessari skoðun minni, að alt eigi að koma inn í fjárlög og þau ættu að sýna rjetta mynd af framkvæmdum ríkissjóðs. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að mjer hefði ekki þótt eins mikið varið í það, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði í gær. Alveg satt. Jeg álít það, sem fram gengur af munni hæstv. ráðh. venjulega, alls ekki gott og blessað; en jeg álít það geti hent, að rjettmæli hrjóti af vörum hans. Og í hvert skifti sem það kemur fyrir, skal jeg verða manna fyrstur til að halda því á lofti. (JAJ: O, ekki altaf!). Jeg vil heldur ekki fortaka, að slíkt geti hent hæstv. dómsmrh. (MG), sem nú er orðinn. Og jeg skal verða manna fúsastur til að viðurkenna það, ef það skyldi koma fyrir. En um báða held jeg það gildi, að það sjeu yfirleitt undantekningar.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Jeg var búinn að gera grein fyrir afstöðu minni og minni hl. nefndarinnar og ætlaði að láta þar við sitja, en hv. frsm. meiri hl. (MJ) gaf mjer tilefni til að segja örfá orð.

Hann mintist á það, að það mundi varla koma til mála, að veita fje í þessu skyni í fjárlögum fyrir það ár, sem þá væri að líða. Getur það að vísu vel verið, að fjárveiting komi þá ekki til greina fyr en á fjárlögum fyrir næsta ár á eftir. Hv. þm. sagði, að með þessu móti mundi málið tefjast um eitt ár. Jeg gekk inn á það áðan. En jeg get ekki sjeð, að í þessu efni geti eitt ár haft svo mikið að segja.

Annars er það svo, að það má eiginlega færa nákvæmlega samskonar rök og hv. frsm. (MJ) færði fyrir því, að veita svona lagaðar heimildir fyrir alla skapaða hluti, með öðrum orðum: að gera fjárlögin alveg óþörf. Það má altaf segja svo um allar framkvæmdir, að þær geti orðið fljótari, ef stjórninni er gefin heimild til að taka fjeð úr ríkissjóði, án þess það standi í fjárlögum. Kannske hv. frsm. meiri hl. (MJ) vilji flytja þá till., t. d. til breytingar á stjórnarskránni, sem liggur fyrir, að fjárlög sjeu alls ekki samin, heldur hafi stjórnin ríkissjóðinn í sínum höndum og

megi nota hann eins og hún vill. Þetta er í raun og veru alveg í samræmi við hans skoðun.

Hv. frsm. meiri hl. vildi ekki efa, að við minnihlutamenn bærum góðan hug til þessa máls, en sjálfur kvaðst hann bera betri hug til þess, og hans skoðanabræður. Jeg skal ekki leggja beinan dóm á þetta. Hann ber betri hug til þessa frv., en hvort hann ber betri hug til þess, að heimavist komi við skólann, tel jeg vafasamt. Jeg hygg og, að reynslan hafi sýnt það hjer á Alþingi, að jeg hefi yfirleitt borið eins góðan hug til fátækra nemenda og hann. Og jeg hefi gert meiri tilraun til að ljetta þeim námsbrautina en hv. þm. (MJ). Það er enginn vafi, að það er miklu heppilegra fyrir fátæka nemendur út um landið, ef mentaskóli kemur á Akureyri, heldur en nokkurn tíma þessi heimavist hjer, þótt hvorttveggja sje nauðsynlegt. Fyrir því hefi jeg barist á undanförnum þingum, en hv. frsm. meiri hl. (MJ) lagt þar á móti.

Hv. frsm. tók orð mín svo áðan, að jeg teldi, að altaf mundi nóg verkefni til fyrir menn, sem þyrfti að veita dýrtíðarvinnu. Þetta sagði jeg ekki, heldur, að nú á næstu árum mundi nóg verkefni fyrir höndum til slíkrar vinnu, þótt heimavistahúsið bættist ekki við. Og það hygg jeg sje rjett. Mjer sýnist hjer svo mikið um framkvæmdir, sem ekki er lokið, að nóg verði á þessu ári og því næsta, t. d. landsspítalinn.

Þá vildi hv. frsm. telja, að þótt það ef til vill hefði verið ástæða til þess í fyrstu, að bera þetta mál undir rektor mentaskólans, þá væri sú ástæða alveg fallin burt, því að nú væru komnar fram brtt., að í stað „námssveina“ komi „nemendur“, og einnig um að bygging þessi væri ekki bundin við lóð skólans. Efi gallinn er sá, að brtt. hafa ekki heldur verið bornar undir rektor skólans; og jeg veit ekki, hvort hann muni telja heppilegra að samþ. frv. með brtt. eða ekki, svo að ástæður þessar eru alls ekki niður fallnar.

Jeg þarf ekki fleira að taka fram viðvíkjandi ræðu hv. frsm. Ræðu hæstv. ráðh. (MG) heyrði jeg ekki vel. Mjer skildist hæstv. ráðh. þykja vænt um það traust, sem honum fanst koma fram hjá minni hl. til hæstv. stjórnar. Jeg held hann hafi í raun og veru gert of mikið úr þessu, því að það eina, sem jeg sagði fyrir hönd minni hl., var það, að við bærum ekkert sjerstakt vantraust til stjórnarinnar, að hún misbrúkaði þessa heimild. En við álítum það heppilegra og varlegra, að binda fjárveitinguna við fjárlög.

Þar sem hæstv. ráðh. (MG) beindi til hv. þm. Str. (TrÞ), að hann efaðist um velvilja manna í þessu máli, þá hlýtur hann að hafa meint það líka til okkar minni hl. nefndarinnar. Það má nú altaf segja svona hluti. En jeg get ekki kannast við það, að minni hl. hafi ekkert viljað fyrir málið gera; því að í þeirri dagskrá, sem hann leggur til að samþ. verði, er því beinlínis slegið föstu, að mjer sýnist, að það eigi að byggja heimavistina, þegar ástæður leyfa. Þess vegna finst mjer reyndar, að við viljum dálítið fyrir þetta mál gera, þó að við kærum okkur ekki um að leggja svo mikla áherslu á það, að við teljum þörf á að gefa stjórninni óbundnar hendur um fjárveitingu.

Atv. og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af seinni ræðu hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg aðeins benda á það, að hann blandar saman tveim hlutum, þegar hann talar um fjárlagafrv. fyrir 1928 og þetta frv. Í því frv. er skipað fyrir, hvaða útgjöld skuli int af hendi á því ári, en í frv., sem hjer er um að ræða, er alls ekki sagt, að þetta eigi að gera 1928. Það er lagt í vald stjórnarinnar. Og það hefir komið fram meðal annars frá hv. minni hl., að hann vantreysti ekki stjórninni til að meta þetta atriði. Hv. þm. Str. (TrÞ) getur því ekki haldið því fram, að þetta hljóti að verða byrði á árinu 1928, nema með svo feldu móti, að fært yrði að leggja fram af tekjum þess árs, þegar búið væri að inna af hendi þær greiðslur, sem fjárlögin fyrir 1928 gera ráð fyrir. Hjer er verið að vinna fyrir unga og efnilega pilta, sem eru svo staddir, að þeir geta ekki stundað nám án þess að lenda í vandræðum. Og þar sem við vitum það, að þessir piltar eru bestu mannsefni þjóðarinnar, þá væri hart, ef stjórninni væri ekki veitt þessi heimild.

Hv. þm. Str. (TrÞ) ljet svo um mælt, að ýmislegt gott hefði komið fram frá hæstv. forsrh. (JÞ) og jafnvel frá mjer. Verð jeg að segja, að það er meira en jeg gat átt von á frá honum, og meira en jeg get sagt um hann.

Jón Auðunn Jónsson: Út af ummælum þeim, sem hjer hafa fallið, vil jeg geta þess, að við gagnfræðaskólann á Akureyri eru ekki nægar heimavistir fyrir þá, sem skólann sækja. Mjer er kunnugt um, að á síðastliðnu hausti voru tveir piltar úr Ísafjarðarsýslu vonsviknir í þessu efni, þeir höfðu vonast eftir heimavist, en vegna þrengsla gat ekkert af því orðið.

Jeg álít, að nauðsynlegt sje að koma upp heimavistum við þennan skóla. Kostnaður sá, er foreldrar hafa af því, að menta börn sín, er svo mikill, að ekki veitir af, þótt reynt sje að ljetta undir með þeim. Jeg veit það af eigin reynslu, hvað það kostar, að eiga nemendur hjer í mentaskólanum, meðan fyrirkomulagið er svo sem nú er það. Og jeg lít svo á, að þeir, sem vilja koma í veg fyrir, að heimavistahús verði reist fyrir utanbæjarnemendur við mentaskólann, vilji stuðla að því, að Reykvíkingar einir verði færir um að kosta börn sín til æðri mentunar, og það verði nokkurskonar einkaleyfi fyrir þá, að sækja mentun til hinna æðri skóla. Í ræðu hv. frsm. minni hl. fanst mjer og kenna reipdráttar milli Akureyrarskólans og mentaskólans hjer, og þess hugsunarháttar, að ef hjer komi heimavistir, þá muni það tefja fyrir framkvæmd þeirrar hugmyndar, er margir Norðlendingar hafa alið í brjósti, að koma upp mentaskóla á Akureyri. Í þessu máli má ekki hugsa um hjeraðsmetnað einan, heldur hafa það fyrirkomulag, sem gerir sem flestum kleift að afla sjer mentunarinnar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki misnota heimild hæstv. forseta með því að tala langt mál að þessu sinni. Jeg vildi að eins taka það fram, að hæstv. atvrh. (MG) hefir enga aðstöðu til þess að setja sig í kennarastól og segja okkur, hvað á að gera 1928. Jeg sagði það áðan, og skal endurtaka það, að fjárlög eiga jafnan að gefa rjetta mynd af því, hver útgjöld þjóðarinnar eiga að

vera á hverju ári, og að jeg er því andstæður, að stjórnin geti dembt inn miklum framkvæmdum utan fjárlaga. Það voru ekki mín orð, að engu munaði, þótt framkvæmdin í þessu efni drægist um eitt ár. Mjer fanst það ekki fara vel í munni íhaldsráðherra, að hann bæri mjög fyrir brjósti fátæka sveitapilta. Fátækum sveitapiltum mun aldrei standa neitt gott úr þeirri átt, eða frá þeim, sem hafa kastað sjer í fang þeirra stóru í kaupstöðunum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Str. (TrÞ) vill altaf vera spámaður og er nú að geta í eyðurnar um það, hvernig fjárhagsástæðurnar verði 1928. En um þetta efni veit hann ekkert fremur en jeg. Það getur vel verið, að hægt verði að byggja heimavistarhús fyrir mentaskólann 1928, enda þótt hv. þm. (TrÞ) trúi því ekki.

Því, sem hann var að tala um sveitapiltana, get jeg svarað þannig, að jeg þekki miklu betur til þeirra heldur en biskupssonurinn, hv. þm. Str. (TrÞ), af mölinni í Reykjavík.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 104 feld með 17 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JG, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.

nei: HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, BSv.

JörB greiddi ekki atkv.

Brtt. 133 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 91, 1 samþ. með 19 : 1 atkv.

— 91, 2 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.

2., 3. og 4. gr., svo breyttar, samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 142, 152).

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Minni hl. mentmn. hefir leyft sjer að flytja brtt. við frv. þetta á þskj. 152. Hún fer fram á, að heimavistahús við mentaskólann verði reist, þegar fje verður veitt til þess á fjárlögum.

Við 2. umr. færði jeg rök fyrir því, að rjett væri að binda framkvæmd þessa máls við þessa tilhögun, að byggja ekki fyr en veitt væri sjerstaklega til þess á fjárlögum. Mjer virtist svo á ummælum hæstv. dómsmrh. (MG) og hv. frsm. meiri hl. (MJ), að þeir myndu fúsari að ganga inn á slíkar breytingar við lagafrumvarpið sjálft en aðhyllast dagskrártillögu okkar minni hl. Vænti jeg því, að þessi brtt. fái betri undirtektir en dagskrártillagan.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta nú, því jeg vil ógjarnan vekja upp þær umræður, sem urðu um málið við 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg get vel tekið undir það með háttv. frsm. minni hl. (BSt), að ekki sje ástæða til að vekja nú upp þær umræður um þetta mál, sem um það urðu við 2. umr. þess. En jeg fæ ekki betur sjeð

en að með því að fella dagskrártillöguna, hafi líka verið gengið til atkvæða um brtt. á þskj. 152, því ágreiningurinn var um það, hvort ráðast ætti í þessa byggingu strax og fje væri fyrir hendi til þess, eða bíða, þar til sjerstaklega væri veitt til þess í fjárlögum. Og með því að fella dagskrártillöguna, var því slegið föstu af meiri hluta deildarinnar, að halda sig að ákvæðum frv.

Jeg held því, að það sje misskilningur hjá háttv. frsm. minni hl. (BSt), að meiri hl. mundi sætta sig betur við brtt. hans en dagskrártillöguna. Vænti jeg svo, að þeir, sem feldu dagskrártillöguna, haldi sig fast að frv. og felli þessa brtt. líka.

ATKVGR.

Brtt. 152 feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, JG.

nei: JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, BSv.

Tveir þm. (MT, IngB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17 : 1 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 24. fundi í Ed., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 142).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg sje ekki ástæðu til að tala um þetta mál við þessa umr. Vil aðeins óska þess, að því verði vísað til hv. mentmn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 8 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 546 og 565).

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Eins og hv. deild er kunnugt, lagði ríkisstjórnin frv. þetta fyrir Alþingi í byrjun þings. Kemur það hingað frá hv. Nd. Mentmn. hefir íhugað frv. rækilega og borið það undir rektor mentaskólans. Að fengnu áliti hans gat nefndin ekki átt samleið, og hefir meiri hl. birt álit sitt á þskj. 546, sem jeg vænti, að hv. deild hafi kynt sjer. Frá almennu sjónarmiði hefi jeg litlu við að bæta það, sem þar er sagt. Samtalið við rektor mentaskólans styrkti okkur í þeirri trú, að hjer væri um að ræða gamla og nýja kröfu. En það, sem hann aðallega upplýsti, var, að nægja mundi rúm fyrir 40 námsmenn í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir 50. Leiðir af því nokkurn sparnað, og er því ekki nema gott eitt um það að segja. Mun rektor hafa miðað álit sitt m. a. við það, hve margir utanbæjarnemendur hafa sótt um húsaleigustyrk á undanförnum árum. Eru árlega veittir 36 skamtar, 50 krónur í hlut, og hefir það virst nægja, ekki verið fleiri umsækjendur. — Frv. tók litlum breytingum í Nd. Aðallega voru gerðar á því tvær breytingar, að í húsinu skyldi vera íbúð fyrir kennara, sem væri umsjónarmaður, og að í stað „námssveina", sem í stjfrv. stóð, kæmi „nemenda". Þetta er hvorttveggja í rjetta átt, því að skólann sækja bæði piltar

og stúlkur, og heimavistin þarf að hafa umsjónarmann, sem þar hefir íbúð. Mín skoðun er sú, að undir vali umsjónarmannsins verði það mest komið, hvernig heimavistin reynist.

Eins og tekið er fram í nál., hefi jeg sjerstöðu að því er hússtæðið snertir. Jeg álít ekki tiltækilegt að reisa húsið á mentaskólalóðinni. Vegna hollustuhátta þurfa svona hús að vera björt og rúmgóð og helst íþróttasvæði úti við, sem nemendur hafi aðgang að. Það er ekki nægilegt, að hugsa eingöngu um rúm til lesturs og svefns. Það verður að búa svo um, að nemendur uni hag sínum vel og geti lifað heilbrigðu lífi, notið útivistar og íþrótta. Jeg mundi telja æskilegt, að húsið stæði svo sem 15 mínútna gang frá skólanum, helst utan við bæinn. Nemendur mundu njóta þar miklu betra næðis, heldur en ef húsið væri reist á lóð skólans, enda kemur ekki til mála, að það geti staðið þar, vegna þrengsla. Það hlyti líka að skyggja á aðalhúsið, sem er gamalt og gluggar helst til litlir. Orðalagsbreytingin „nemenda" fyrir „námsveina" er eðlileg. Jeg skal þó taka fram hjer, að jeg álít, að það hefði of mikinn kostnað í för með sjer að byggja hús bæði fyrir pilta og stúlkur. Það þyrftu að vera tvö hús eða a. m. k. tvær álmur. En það kemur varla til þess, að svo margar utanbæjarstúlkur sæki skólann, að til mála komi að byggja þeirra vegna. Það væri þá betra, að veita þeim nokkurn styrk eða fá þeim vist á væntanlegu kvennaheimili, sem gert er ráð fyrir, að upp verði komið 1930. Þó að jeg vænti þess, að heimavistin komist upp sem fyrst, geri jeg varla ráð fyrir, að hún komi fyr. Krafan um að fá nýja heimavist í stað hinnar gömlu, sem ekki þótti allskostar góð, er fjarri því að vera ný. Þeir, sem voru í gömlu heimavistinni, telja ilt, að hún skyldi leggjast niður, þó gölluð væri. Þeim finst með núverandi skipulagi hvergi griðastaður fyrir nemendur. Jeg mótmæli því algerlega, sem felst í áliti hv. minni hl., að þetta frv. sje ófyrirsynju fram borið. Slík ummæli eru alveg út í bláinn. Þá er það líka tekið fram í nál. minni hl., að frv. þetta hafi verið borið fram, án þess að bera það undir rektor mentaskólans. Þetta er engin ástæða á móti frv., og mjer var persónulega kunnugt um, að rektor var oftar en einu sinni búinn að leggja til, hvað gera ætti í þessu efni, og hann hefir ekki verið einn um þá skoðun, að nauðsyn bæri til, að koma upp heimavist við mentaskólann, heldur hefir það um langt skeið verið áhugamál fjölda kennara og fleiri manna út um land.

Sú tilgáta, að frv. þetta sje komið fram mestmegnis til þess að tefja fyrir því, að þroskaðir piltar, sem aðallega styðjast við vinnu sína, fái aðstöðu til þess að nema til stúdentsprófs á Akureyri, er bara gripin úr lausu lofti, og því fjarri öllum sanni. Það er fjöldi þroskaðra pilta, sem stunda nám við skólann hjer, og er því engu síður þörf fyrir þá að geta notið heimavistar en hina, sem stunda nám á Akureyri.

Jeg skal svo enda mál mitt með því, að óska þess, að fjárhagur ríkissjóðs verði sem fyrst þess megnugur, að hús þetta geti komist upp, og jafnframt, að valinn maður verði til þess að veita því forstöðu. Vænti jeg svo, að deildin sýni máli þessu þann skilning, að afgreiða það sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Mentmn. hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, þar sem meiri hl. vill, að það nái fram að ganga, en minni hl. leggur til, að það verði felt. Í nál. háttv. meiri hl. er ekki farið út í einstök atriði, en sagt, að rektor mentaskólans leggi með frv. þessu.

Þar sem hæstv. kenslumálaráðh. er hjer viðstaddur nú, þá vildi jeg leyfa mjer að beina til hans nokkrum spurningum, úr því að hann gat ekki mætt á nefndarfundi með okkur.

Jeg gat ekki skilið rektor öðruvísi en svo, að frv. þetta hefði aldrei verið borið undir hann, og að hann hefði ekki beðið um, að það væri borið fram. Hann hefir aftur beðið um dálitla fjárhæð í húsaleigustyrk handa utanbæjarnemendum, en eftirspurnin eftir þessum styrk frá hálfu nemenda hefir ekki verið meiri en það, að hann hefir stundum ekki gengið allur upp. Þetta meðal annars sýnir, að þörfin fyrir heimavist er ekki svo knýjandi, að nauðsyn reki til, að reisa þetta dýra heimavistahús.

Það er nú öllum almenningi kunnugt, að hæstv. stjórn ber skólamálin ekki mjög fyrir brjósti, heldur er þvert á móti andvíg allri sannri mentun. Hjer hlýtur því annað og meira að liggja á bak við en áhugi hennar fyrir málefninu sjálfu, þegar hún alt í einu hleypur til, að koma með frv. þetta bak við rektor skólans. Hvernig á þessu gönuhlaupi stendur, vildi jeg biðja hæstv. ráðherra að upplýsa.

Þá er önnur spurningin. Hvers vegna leggur stjórnin ekki neina teikningu eða sundurliðaða áætlun fyrir þingið, eða að minsta kosti fyrir nefndir þær, sem um málið eiga að fjalla. Að vísu hefi jeg heyrt, að til væru lausir frumdrættir og lausleg áætlun, en hvorugt hefir nefndin sjeð. Þá hafa engar tillögur komið fram um það, hvernig húsi þessu skuli fyrir komið. Alt er óákveðið með fyrirkomulag, herbergjastærð og herbergjatölu. Ekkert sagt um það, hvort t. d. sjerstakur salur eigi að vera til þess að lesa í, eða hvort herbergin eigi að vera fyrir einn eða tvo menn. Hæstv. stjórn virðist því hafa komið með frv. þetta í svo miklum flýti, að hún hafi ekki athugað hina allrasjálfsögðustu hluti í sambandi við það, t. d. um lóð undir húsið. Að vísu var fyrst gert ráð fyrir, að það stæði á skólalóðinni, en svo upplýstist, að það var ekki hægt, heldur yrði að hafa húsið einhversstaðar annarsstaðar, og má vel vera, að kaupa verði dýra lóð undir það. Í einu orði sagt: frv. var svo mikill grautur og er enn, að engin leið er að samþykkja það.

Þessu heimavistarmáli við mentaskólann hjer skaut fyrst upp í þinginu í sambandi við kröfur Norðlendinga um mentaskóla á Akureyri. Á þinginu 1923 báru tveir þingmenn fram frv. um sjerstakan mentaskóla á Norðurlandi, og mun mentamálaráðherra sá, sem nú er, hafa þá þegar, ásamt fleirum, látið í ljós, að nær væri að byggja heimavist við mentaskólann hjer, heldur en gera Akureyrarskóla að sjerstökum mentaskóla. Svo var þessu hreyft aftur af manni, sem ekki á sæti á þingi nú. Og að lokum kemur hæstv. stjórn fram með þetta frv., án þess að hafa hinn minsta áhuga fyrir skólamálum yfirleitt, og án þess að nokkur knýjandi ástæða liggi fyrir, sem rjettlæti það, að bera slíkt mál fram nú, nje að yfirmaður skólans hafi beðið um þessa forgöngu.

Hjer liggur því eitthvað á bak við, sem óneitanlega virðist vera það, að hindra, að Norðlendingar og Austfirðingar fái sjerstakan mentaskóla. En það verð jeg að telja harla undarlegt hjá hæstv. atvrh., sem er þingmaður þess hjeraðs, sem mikinn áhuga hefir fyrir þessu skólamáli Norðlendinga, sem heldur er ekki að undra, þar sem það um langt skeið hafði sjerstakan skóla, að hann skuli vera forgöngumaður í því, að spilla fyrir norðlenskum mentaskóla. Nú vil jeg spyrja hæstv. kenslumálaráðherra, að hvaða gagni hann haldi, að heimavistin við mentaskólann hjer komi, þegar Norðurland hefir fengið mentaskóla, því að það er áreiðanlegt, að hann kemur, hvað sem íhaldið segir nú í vetur. Það sýnir öll saga málsins frá því fyrsta, að Stefán sál. Stefánsson steig fyrstu og erfiðustu sporin. Þess ber og að gæta, að neðri deild mentaskólans hjer er aðeins fyrir börn úr Rvík, því að aldurstakmarkið útilokar alla þroskaða menn frá skólanum, eða frá að nema í þeim deildum, og hingað eru ekki send ungmenni utan af landi, nema undir þeim kringumstæðum, að foreldrarnir eigi venslamenn hjer. Hæstv. ráðh. (MG) hlýtur því að sjá, að hjer er mikill aðstöðumunur. Á Norðurlandsskólann geta menn sent syni sína og dætur, þegar það er orðið þroskað fólk, sem ekki þarf að verja nema í mesta lagi 5 árum til þess að lesa undir stúdentspróf. Það liggur því í augum uppi, að þangað sækir fólkið utan af landsbygðinni, en heimavistin við mentaskólann er að engu gagni, vegna neðri bekkjanna.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að maður einn á Akureyri hefir það eftir hinum látna forsætisráðherra, Jóni Magnússyni, að hann hafi í síðustu ferð sinni í sumar sagt, að Akureyrarskólinn yrði gerður að mentaskóla á 50 ára afmæli sínu, sem er 1930. Jeg sel þetta ekki dýrara en jeg keypti. En þetta er í fullu samræmi við það, sem aðrir búast við, og jafnvel telja víst.

Þá vildi jeg snúa máli mínu til hæstv. atvrh. (MG) og háttv. 2. landsk. (IHB) um eitt atriði, og það er, hver áhrif þau telji, að slík fjárveiting, sem þarf til þess að koma upp byggingu eins og þessu heimavistahúsi, gæti haft á byggingu landsspítalans, þar sem það er upplýst, að hann verður ekki bygður nema með lánsfje. Mjer þætti vænt um að heyra frá þeim, hvernig þau líta á þessa hlið málsins.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg leyfi mjer að þakka háttv. meiri hl. mentmn. fyrir afgreiðslu þessa máls.

Um staðinn fyrir þetta hús er það að að segja, að hann er ekki ákveðinn. Upphaflega var hugsað til, að það stæði á lóð skólans, en ýmsir telja vafasamt, að það sje hentugt. Hefir því engu verið slegið föstu um staðinn enn, enda ekki gert ráð fyrir að byggja hús þetta á næsta ári.

Þá vil jeg snúa máli mínu til háttv. 1. landsk. (JJ). Jeg varð alveg hissa, þegar jeg sá álit hans á þskj. 565, það var svo gerólíkt því, sem þingskjöl ciga að vera. Upplýsingar eða skýringar um málið er þar engar að finna, heldur dylgjur um það, af hvaða hvötum málið sje borið fram.

Fyrst segir hann, að frv. þetta sje borið fram ófyrirsynju. Því hefir háttv. frsm. meiri hl. svarað, og hefi jeg þar engu við að bæta. Þá segir hann enn-

fremur, að málið hafi ekki verið borið undir rektor mentaskólans. Þessu er því að svara, að frv. um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla hefir komið fram áður, og hefir því áður verið borið undir rektor skólans. Síðan þessum andmælum var hreyft í þinginu hefi jeg spurt rektor skólans að því, hvort hann væri ekki sama sinnis og áður um þetta mál, og sagði hann, að svo væri. Það væri líka einkennilegur skólastjóri, sem hjeldi það, að heimavist væri til ills fyrir skólann eða nemendur hans. Þetta hlýtur hv. þm. (JJ) að vita, eða gat vitað það, að minsta kosti ef hann hefði lesið athugasemdirnar við stjfrv.

Það þykir mjer þó undarlegast í nál. hv. minni hl., þar sem svo er komist að orði, að frv. þetta sje borið fram af aðila, sem sje málinu óviðkomandi. Hyggur hann þá, að mentamálastjórnin eigi ekki að skifta sjer neitt af mentamálum? (JJ: Hún gerir það sjaldan). Það ætti þó að vera betra, að hún gerði það stundum, heldur en aldrei, og jeg veit ekki, hver er rjettur aðili að bera fram þetta mál, ef það er ekki mentamálastjórnin. Hv. þm. (JJ) er altaf að blaðra um mentamál, en alt sitt vit notar hann til þess að vera altaf á móti þeim hjer í þinginu. Og hann er með þeim ósköpum fæddur, að hann getur aldrei unnað sannmælis neinum manni, sem er úr öðrum flokki en hann. En hjer ber svo vel í veiði, að jeg get vísað honum til skoðana flokksbróður hans, fræðslumálastjórans, sem jeg býst við, að hv. þm. (JJ) telji, að hafa muni vit á þessu máli, en hann fylgir frv. eindregið og telur það miða til mikilla bóta.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að undirbúningur þessa máls væri ófullkominn. Þetta er nú vana mótbáran hjá honum, þegar hann getur eigi fundið einhverju máli annað til foráttu. En mál þetta er betur undir búið heldur en framsöguræða hans hjer, því að það var hvergi að sjá á henni, að hann hefði lesið athugasemdirnar við stjfrv., því að þar er vísað til athugasemdanna við frv., sem stjórnin bar fram á þinginu 1926, þar sem skýrt er frá áætlun um og teikningu af hinu fyrirhugaða heimavistahúsi, eftir húsameistara ríkisins. Um þetta, áætlun og teikningu, var nú hv. þm. (JJ) að spyrja, og það sýnir einmitt ljósast, að hann hefir ekki lesið athugasemdirnar við frv. Stjórninni þótti ekki ástæða til þess, að auka kostnað með því að prenta þetta upp að nýju, en ljet sjer nægja að vísa til álitsskjals húsameistara, sem prentað er í A-deild Alþtíð. 1926, bls. 76, eins og stendur í athugasemdunum. Hv. þm. (JJ) hefði því átt að vera vorkunnarlaust að fá ljeð það bindi Alþtíð., en hann mun ekki hafa viljað leggja á sig þá geysilegu fyrirhöfn, að fara inn á skrifstofu Alþingis og fá ljeð þetta bindi!

Þá er getgáta hv. minni hl. um það, hver muni vera „hinn sanni tilgangur þessa frv.", og hún er þessi, að það eigi „að tefja fyrir framgangi þess, að þroskaðir menn, sem aðallega styðjast við vinnu sína, fái aðstöðu til að nema til stúdentsprófs á Akureyri". Jeg get nú ekki skilið, að það geti spilt neitt fyrir námsmönnum á Akureyri, þótt heimavistin komi við þennan skóla, og mjer finst þetta afar undarlegur hugsanagangur hjá hv. þm. (JJ). Og það skal jeg segja honum, að ein aðalástæðan til þess, að frv. er borið fram, er sú, hve dýrt verður hjer nám fyrir fátæka sveitapilta. Og það er ekki nema sann-

gjörn krafa, að þeir, sem vilja taka stúdentspróf hjer, hafi svipaða aðstöðu eins og nemendur við Akureyrarskóla. Mjer þætti gaman að vita, í hverju það væri fólgið, að sanngjarnt sje að gera greinarmun á þeim. Það mætti ef til vill segja, að það væri eitthvert vit í hugsanagangi hv. þm. (JJ), ef öllum nemendum ætti að vísa til Akureyrarskólans, en það er ekki hægt, því að skólinn getur ekki tekið við þeim. Sje ætlast til þess, að fátækir nemendur geti lokið mentaskólanámi hjer, þá verða þeir að fá ókeypis húsnæði, ljós og hita, en þetta snertir ekki Akureyrarskólann, hvorki beinlínis nje óbeinlínis. Að vísu er svo að sjá í nál. minni hl., að hann vilji vísa öllum fátækum nemendum til Akureyrarskólans og láta þá taka stúdentspróf þar. Þetta gæti komið til mála, ef gagnfræðaskóladeildin yrði tekin út úr skólanum, en jeg hygg þó, að eigi muni samt verða nægilegt húsrúm þar.

Hv. þm. (JJ) sagði, að með aldurstakmarkinu, sem sett er hjer, væri þroskaðri menn útilokaðir frá því að taka hjer stúdentspróf. Aldurstakmarkið er ekki annað en reglugerðarákvæði, sem breyta má, hvenær sem það þykir henta. Hann sagði líka, að í gegnum Akureyrarskólann færi menn á 5 árum. Jeg hjelt, að það væri venjulega 6 ára skóli, eins og hjer, en það hefir þráfaldlega komið fyrir, og kemur þráfaldlega fyrir, að nemendur hafa lokið mentaskólanámi hjer á 5 árum, svo að það er ekkert sjerkenni á Akureyrarskólanum. Duglegir og þroskaðir nemendur geta lagt á sig miklu meira við nám heldur en unglingar, og er það engin ný viska, heldur alviðurkendur sannleiki.

Jeg ætla ekki að fara neitt út í það, hvað fyrverandi forsætisráðherra, Jón Magnússon, kann að hafa sagt á Akureyri í sumar, fáum dögum áður en hann dó. Jeg hefi engar sagnir haft af því, og játa hvorki nje neita, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, sem hv. þm. (JJ) hefir eftir honum. Jeg get ímyndað mjer, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, að hann mundi ýta undir það, að Norðlendingar fengi að meira eða minna leyti uppfyltar óskir sínar um skólann. Stjórnin vill alls ekki skólann niður af þeim skóla, en hún vill gera báðum skólunum jafnhátt undir höfði. En það væri hroplegt ranglæti við mentaskólann, ef hann yrði einn settur hjá með heimavistir. Í fyrra og í ár höfum við veitt fje til heimavista handa stúdentum. Hv. þm. (JJ) flutti sjálfur till. um það á þinginu í vetur, að komið yrði upp heimavistum fyrir kennaraskólann, og jeg held, að hann hafi einhverja heimavistarnefnu við sinn eigin skóla.

Eina ástæðan, sem gæti rjettlætt það, að vera á móti þessu frv., er sú, að þessar framkvæmdir yrðu okkur of dýrar og eigi væri þörf á þeim. Það er nú margsýnt, að þörfin er mjög brýn, og það hefir líka verið sýnt fram á, að þessar heimavistir verða okkur ekki dýrari en við aðra skóla.

Að síðustu spurði hv. þm. (JJ), hvort það mundi ekki ganga út yfir fjárveitingu til landsspítalans, ef ráðist yrði í að reisa heimavistahús. Hann spyr nú ekki þessa af því, að hann viti það ekki, að til er samningur um fjárframlög til spítalans. Þessi samningur er hv. þm. (JJ) vel kunnur, því að hann var lesinn hjer í deildinni orði til orðs 1925. Og jeg get tæplega búist við því, þótt margs

megi vænta af hv. 1. landsk. (JJ), að hann ætli stjórnini það — hvort það er núverandi stjórn eða ný stjórn — að hún fari að svikja gerða samninga. Það er auðsætt, að ef ekki er hægt að koma upp heimavistahúsinu án þess að það gangi út yfir landsspítalann, þá verður heimavistahúsið að bíða betri tíma. En jeg skal benda hv. þm. (JJ) á það, að við erum nú að losna við þunga bagga, sem legið hafa á okkur þessi árin. Kleppshælið er búið í árslok 1928, en það hefir tekið til sín 100 þús. kr. á ári. Á sama ári verðum við líka búnir með heilsuhælið í Kristnesi, en það kostaði okkur 75 þús. kr. 1926, 125 þús. kr. á þessu ári, og á næsta ári eru ætlaðar til þess 65 þús. kr. Þegar við erum lausir við þessa bagga, þá losnar eitthvað af fje, sem nota má til heimavistahússins, að meira eða minna leyti.

Fleiru þarf jeg ekki að svara hv. þm. (JJ). Það kom ekki annað fram í ræðu hans en það, sem hann stiklar á í nál. sínu.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 142, n. 546 og 565).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. mentamálaráðherra hefir nú skýrt málið frá sínu sjónarmiði, en ekki hefir það verið til styrktar hans málstað, heldur þvert á móti styrkt mótmæli mín. Hann játar, að staðurinn sje óákveðinn, og veit því heldur ekki, hvað lóð undir húsið kemur til að kosta.

Eins og hv. 2. landsk. (IHB) tók rjettilega fram, þarf mikið landrými til slíkrar byggingar, og það getur því stórum aukið kostnaðinn, að kaupa lóð. Sýnir þetta, hve afskaplega illa málið er undirbúið. Nefnd sú, er sett var hjer til þess að athuga málið, komst að þeirri niðurstöðu, að óhugsandi væri að byggja á lóð mentaskólans. Ef fullnaðarteikning hefði fylgt, sem altaf hlýtur að fylgja fullnaðaráætlun, þá hefði hún verið miðuð við lóð þá, er byggja átti á.

En þetta sýnir, að ummæli hæstv. ráðh., að málið sje fullkomlega undirbúið, eru ósönn, því að það er ómögulegt að gera fullnaðarteikningu og fullnaðaráætlun án þess að vita, hvar húsið á að standa. Það var óhugsandi, enda datt það engum í hug, að gera uppdrátt að stúdentagarðinum fyr en menn vissu um, hvar lóðin var, og jafnvel þá sóttist mörgum það fullerfiðlega, þótt þeim væri kunnugt um stað lóðarinnar og alla aðstöðu. Hæstv. ráðh. (MG) sagði, að mál þetta hefði ekki verið borið undir rektor skólans í vetur og hann ekki hafður í ráðum, en á ummælum hæstv. ráðh. skildist mjer, að rektor hafi farið þessa á leit áður. Þetta er misskilningur, því að rektor sagði við nefndina, að hann hefði aðeins farið fram á húsaleigustyrk. Hitt er rjett, að rektor mun ekki hafa neitt á móti því, að bygt verði hús til heimavistar fyrir 200—300 þús. kr. En það er ljóst, að hann hefir ekki átt frumkvæðið að þessu máli og ekki einu sinni verið hafður með í ráðum, enda ekkert hugsað um þann stað, sem þyrfti til lóðar undir slíka byggingu. Það er óneitanlega merkilegt, að krafan hefir ekki komið frá skólanum sjálfum, sem er þó hin eðlilega leið.

Hæstv. ráðh. (MG) sagði, að mál þetta hefði tvisvar sinnum verið rætt

áður. Það er að vísu rjett, en það var undir alt öðrum kringumstæðum, eða þegar breyta átti kenslu skólans. En alt er þetta sprottið af þeim ugg, að skóli komi á Akureyri, er bætt geti úr þörf sveitamanna, án þess að þeir komi undir áhrif Reykjavíkur. Þessi krafa um að koma latínu í allan skólann magnaðist ekki fyr en því var hreyft, að Norður- og Austurland fái skóla. Þá þutu menn upp til handa og fóta með að fá innleidda latínu og latneskan stíl í alla bekki mentaskólans, því að með því yrði bandið slitið við Akureyrarskólann, og svo kom heimavistin eins og böggull þar við. Sem sagt: krafa þessi kom af pólitískum, en ekki mentamálalegum ástæðum. Ef hún hefði verið borin fram af þörf skólans, þá hefði kennarafundur og rektor skólans borið hana fram fyrir stjórnina, eins og kennarar Akureyrarskólans, sem óska að fá umbætur á þeim skóla.

Svo er þó ekki hjer, heldur eru það stjórnmálamenn, sem vilja vegna hagsmuna flokka sinna koma sínum skoðunum að. Frá rektor mentaskólans hefir aðeins komið fram ósk um húsaleigustyrk, og það væri auðveldara fyrir landið, að láta þann styrk í tje, en að byggja þessa stóru byggingu að óþörfu. Hæstv. ráðh. (MG) gat þess, að mjer þætti furðu sæta, að skólafrv. kæmi frá landsstjórninni. Það er að vísu satt, að frá stjórninni hafa komið fram tvö slík frv. í vetur, og er þetta annað þeirra. Bæði eru þau með því marki brend, að vera hlutdræg í vil vinum stjórnarinnar, því að sama máli er að gegna um samskólafrv., með því að hæstv. ráðh. (MG) og hans menn greiddu atkv. á móti því, að taka unglingaskóla utan Reykjavíkur inn í frv. og láta þá njóta sömu hlunninda. Þó hefir fólk víða lagt fje fram til slíkra unglingaskóla, svo sem til Flensborgarskólans. Stjórnin þýtur upp til handa og fóta að bera fram slíkt frv. fyrir Reykjavíkurskólana, en þegar bent er á, að margir skólar utan Reykjavíkur ættu fremur að hafa slík hlunnindi, þá varð stjórnin svo hrædd, er hún sá, að afleiðingarnar gátu orðið þær, að fólk úti á landi gæti notið jafnrjettis, að ekki hefir bólað á frv. síðan. Mun það vera að tilhlutun stjórnarinnar, sem mun hafa sest á þetta óskabarn sitt. (MG: Dæmalaust er þm. sannleikselskandi!). Frv. þetta ber ekki vott um neinn mentamálalegan áhuga eða umhyggju fyrir almenningi, heldur hlutdrægni á háu stigi.

Þá var hæstv. ráðh. (MG) tregur til að leyfa till. um heimavist við kennaraskólann að fara í gegnum þessa deild. Það stendur svo á þar, að skólastjóri ljet í ljós, að hann teldi mikla nauðsyn fyrir skólann að fá heimavist. Hæstv. ráðh. sinnir því engu, þótt skólastjóri þar biðji um heimavist, en aftur á móti ætlar hann að gefa öðrum skóla heimavist óumbeðið.

Það gegnir engri furðu, þótt ekki komi gagnlegar mentamálatill. frá stjórninni eða flokki hennar, því að mjer er ekki kunnugt, að í þeim flokki sjeu menn nje konur, sem hafa áhuga fyrir mentamálum yfirleitt. Það er því ekki nema eðlilegt, að fram komi slíkir vanskapningar, þegar stjórnin fer að skifta sjer af mentamálum.

Þá þótti hæstv. ráðh. (MG) það furðu gegna, að nefndin skyldi ekki hafa kynt sjer eldri skilríki þessa máls. Hæstv. ráðh. ætti að skiljast það, að þingnefnd

gat ekki átt von á að finna húsateikningar í Alþingistíðindunum, hvorki frá 1925 eða öðrum árum. Að minsta kosti er mjer ekki kunnugt um, að í þeim sjeu birtar myndir og teikningar. Hæstv. ráðh. sagði, að þar væri skilríkin að finna, en af þeim þarf fyrst og fremst að heimta teikningu. Ef það skyldi svo vera misminni hjá hæstv. ráðh., að teikningunni væri að finna í gömlum þingtíðindum, verður hann að játa, að undirbúningur málsins er mjög slæmur. Hv. 2. landsk. (IHB) leitaði eftir að fá frekari gögn, vegna nefndarinnar, en þau voru engin til. Við höfðum frjett, að sjest hefðu lausir frumdrættir að teikningu til hússins, en svo var það heldur ekki meira. Sannleikurinn er sá, að engin teikning er til, því að annars hefði stjórnin sýnt nefndinni hana. Mjer þætti gaman, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa það, hvort það er almennur siður á Alþingi, að koma fram með fjárbeiðnir hliðstæðar þessari, eða þegar bankarnir láta til húsabygginga, hvort þeir vilja þá ekki sjá teikningu að húsinu. — Annars leiðir þarna blindur blindan, því að hæstv. ráðh. veit ekkert, hvernig heimavistir eiga að vera, og húsameistari ekki heldur. Vil jeg í því tilefni minnast á það, að þá er landspítalinn, sem nú er í smíðum, var teiknaður, var það gert í samráði við forstöðunefnd spítalabyggingarinnar, en í henni áttu sæti meðal annars nokkrir helstu læknar landsins. Þótti rjett, sem vonlegt var, að láta þá aðila, sem að spítalanum standa og hafa vit á, hversu slíkri stofnun skuli fyrir komið og eiga væntanlega síðar að taka einhvern þátt í daglegri starfsemi þar, ráða tilhögun byggingarinnar, þótt húsameistari teiknaði. En hjer er farið öfugt að. Ef þegar eru gerðar ákveðnar till. um byggingu heimavistanna, þá er það utan við kennaralið skólans og af mönnum, sem engin kynni hafa af uppeldismálum og mundu ekki hafa neitt af heimavistunum að segja, er þær væru upp komnar.

Hæstv. ráðh. (MG) neitar þverlega, að þessar framkvæmdir sjeu fyrirhugaðar í því skyni að reyna að spilla fyrir, að upp komi mentaskóli á Norðurlandi, heldur segir hann leikinn gerðan til þess að skapa mentaskólanum jafnrjetti við Akureyrarskóla. Nú er það í sjálfu sjer dálítið kyndugt, að vera að tala um jafnrjetti við mentaskóla á Akureyri, meðan ekki er þar slíkur skóli. Það er því verið að „forgripa" sig á máli, sem hæstv. stjórn hefir beitt áhrifum sínum til að tefja og eyða, með því meðal annars að kúga einn flutningsmanna til að bregðast sínum málstað. Leikurinn er að því leyti svo ójafn, meðan skólarnir eru ekki hliðstæðir, að ekki getur verið um neitt jafnrjetti að ræða, af því að undirstöðuna vantar undir jafnrjetti. Hitt er engum vafa undirorpið, að það hefir vakað fyrir mönnum í sambandi við þessar heimavistir, að koma kenslu skólans í það horf, að ekki væri ástæða til að krefjast annars skóla og koma á þann hátt í veg fyrir, að Norðlendingar fái sinn gamla Hólaskóla endurreistan. Hæstv. ráðh. (MG) er sennilega alveg ókunnugt um það, að frændþjóð okkar, Norðmenn, hafa leyst sitt mentaskóla- og stúdentamál á sama hátt og vakir fyrir mjer og mörgum fleirum. Þeir hafa reist hvern skólann á fætur öðrum úti um sveitirnar, með styrk viðkomandi hjeraða, þar sem bændasynirnir og bændadæturnar, er vinna á heimilum sínum og byrja ekki nám sitt

fyr en fullorðin, geta átt kost á hentugri skólagöngu. Þar er kenslu hagað á annan veg en gerist í borgarskólunum og lagðar þyngri byrðar á herðar nemendum en ófermd börn geta borið. Þá má krefjast meira af nemendum, því að þeir eru fullorðnir menn og þroskaðir. Náminu er því líka lokið á skemri tíma heldur en í bæjaskólunum, er taka við nemendum sínum svo að segja á barnsaldri.

Hæstv. ráðh. (MG) áleit það fjarstæðu, að menn gætu lært á skemri tíma á Akureyri en hjer. Það er ekki miðað við það, að þangað komi gáfaðri menn, heldur er átt við það, að laga Akureyrarskóla að sama skapi að þörfum sveitapilta eins og mentaskólinn er miðaður við þarfir Reykjavíkurnemenda. Á Vors í Noregi er kent til stúdentsprófs 10 mánuði á ári í 4 ár. Nemendur eru flestir til muna þroskaðri en hjer, um og yfir tvítugt. Þessi námstími samsvarar því, að Akureyrarskóli gæti útskrifað stúdenta eftir 5 ára nám, með 8 mánaða kenslu árlega. Auðvitað er gert ráð fyrir nokkuð ströngum inntökuskilyrðum, en nemendurnir geta líka lagt meira á sig heldur en börn 12—13 ára gömul.

Jeg býst við, að hæstv. ráðh. geti ekki annað en viðurkent, að það er dálítið skrítinn fjörkippur, sem alt í einu er kominn í heimavistarmálið utan við mentaskólann og kennara hans og án óska eða kröfu utan af landi. Jeg vildi óska, að hæstv. ráðh. benti mjer á eina einustu þingmálafundargerð, þar sem greint sje frá kröfum um bygging slíks húss sem heimavistahúss við mentaskólann. Jeg held hún sje engin til. Og ástæðan til þess er sú, að fólk hefir ekki fundið til neinnar knýjandi þarfar á þessu sviði. Hinsvegar er mjög mikill áhugi fyrir því víða um land, að fá skólanum á Akureyri breytt í það horf, að vera hliðstæður mentaskólanum í Reykjavík. Undir þá ósk renna fleiri en ein stoð, og hefir því lýst verið oft og mörgum sinnum bæði í ræðu og riti. En nú mun jeg minnast á það eitt, að auk þess sem rjettmætur metnaður Norðlendinga krefst þess, að fá reistan fullkominn mentaskóla nyrðra, er önnur ástæða ekki veigaminni, þótt lítt hafi verið á loft haldið hingað til, en hún er sú, að menn eru víða um land alt annað en ánægðir með þann anda, sem ríkir og hefir um langan aldur ríkt í skólanum syðra. Þess er skamt að minnast, að námssveinar ljetu púður í ofn í einni skólastofunni, til þess að fara skyldi sem fara vildi. Um þetta leyti var svo mikill uppreisnarandi í skólanum, að einn hinn valdasti kennari og þektasti vísindamaður þessa lands var flæmdur frá skólanum. Og þótt ekki hafi á yfirborðinu að minsta kosti nú á seinni árum bólað á opinberri uppreisn, þá hefir þar vantað hið innilega heimilislíf og góða samvinnuanda milli kennara og nemenda, sem þarf að vera, til þess að skóli nái tilgangi sínum. Þessu er alt öðruvísi háttað í Akureyrarskóla. Alt frá stofnun þess skóla hefir þar ríkt sátt og samlyndi, og svo er enn. Þeir menn eru margir hjer á landi, sem er það mikið kappsmál vegna landsins sjálfs, að upp komi mentastofnun, þar sem meiri uppeldisbragur sje á skólastarfinu heldur en verið hefir í mentaskólanum, og lærða skólanum alla tíð frá dögum Sveinbjarnar Egilssonar rektors. Síðan skólinn fluttist frá Bessastöðum og til Reykjavíkur, og skólasveinar hrópuðu

hið fræga „pereat“ fyrir hinum ágæta manni, Sveinbirni Egilssyni, hefir aldrei gróið um heilt, þótt misjafnt hafi verið, ýmist beinn uppreisnarandi eða þá dauð þögn og þurrakuldi.

Jeg get reyndar búist við, að tilfinningalífi hæsv. ráðh. (MG), sem fengið hefir uppeldi sitt í þessari mentastofnun, sje svo háttað, að hann finni ekkert við það að athuga, þótt embættis- og vísindamannaefnum hinnar íslensku þjóðar sje nauðugur einn kostur að ganga gegnum þessar einu dyr. Jeg skal taka það fram, að jeg býst við, að kenslan í mentaskólanum sje að mörgu leyti góð, og altaf forsvaranleg að því er snertir þekkingaritroðning. En það er annað, sem vantar, og það er lífið og andann í skólann.

Það, sem vakir fyrir hæstv. mentmrh. (MG), er það, að láta mentaskólann halda áfram því „mónópóli“, sem hann hefir haft hingað til. Á því sviði er hann með „mónópóli“, þótt íhaldið vilji ekki „mónópól“ á steinolíu og tóbaki. Það er tvímælalaust, að sjerhver maður í þessu landi, sem hefir skilning á því, hvernig heilbrigt skólalíf á að vera, er sáróánægður með þann anda, sem ríkir í mentaskólanum, og óskar alls ekki eftir „mónópóli“ til handa þeim skóla, sem ekki hefir meira til unnið en hann. Fyrir svo sem 20 árum var jeg samtíða í Danmörku einum sæmdar- og merkispresti íslenskum. Talið barst einhverju sinni að mentaskólanum. Hann kvaðst óska þess, að sá skóli yrði fluttur upp í sveit og umskapaður frá rótum, svo að ekkert af einkennum hins gamla skóla fengi inngöngu í hinn nýja. Jafnvel bókasöfn skólans mætti helst ekki flytja á milli. Svo var dómur þessa klerks, sem var einn af mætustu mönnum þessa lands og hafði bæði sjálfur verið í þessum skóla á námsárum og átt þar tvo syni sína við nám.

Nú er ekki hugsað til, að þessar heimavistir standi á neinn hátt undir eftirliti skólastjóra, heldur á þetta að verða einskonar hermannaskáli, sem koma má fyrir, hvar sem vera skal. Það er ekkert sjeð fyrir því, að aðalmaður skólans geti haft þar nokkurt eftirlit, því síður áhrif.

Þá fanst hæstv. ráðh. (MG) undarlegt, að menn vildu hafa heimavistir við aðra skóla, t. d. kennaraskólann, en ekki við mentaskólann. Jeg mundi vera manna fúsastur til að leggja með heimavistum við mentaskólann, ef hann væri fluttur t. d. upp að Reykjum og væri eingöngu heimavistaskóli og minkaður til muna, skift um kenslufyrirkomulag og um fram alt rofin „tradition“ skólans. Jeg vil leysa vandamálið með því að skifta milli þeirra, sem byrja ungir nám sitt, og þeirra, sem byrja fullorðnir. Heimavistir fyrir stúdentaefni, sem ekki geta hafið skólagöngu ungir, eru til þegar á Akureyri, en heimavista þarf ekki með við skólann í Reykjavík, því hann er beinlínis fyrir Reykjavík eina. Með reglugerð er hann einskorðaður við þá nemendur eina, sem eiga heima í Reykjavík eða eiga þar einhverja vandamenn, svo að þeir byrja nám barnungir. Verði skóli stofnaður á Akureyri, mun aðalaðsókn verða þangað, því að sá skóli mundi lagast eftir landsþörfum. Að því hlýtur að reka, hvenær sem tekið verður á þessum málum með forsjá, að aðgangurinn að mentaskólanum verði gerður þrengri. Á skömmum tíma hefir nemendafjöldinn vaxið úr 100 upp í 270. Það verður að klippa neðan af ákveðna tölu af

þeim, sem ganga undir próf, og segja: fleirum tekur skólinn ekki við til náms. Mentaskólinn í Vors í Noregi er undirbúningsskóli undir stúdentspróf, aðallega fyrir bændaböm. Hann hefir 4 árganga með 60 nemendum í hverjum. Fleirum tekur skólinn ekki á móti. Skólastjórinn þar sagði mjer, að sjer þætti mjög leiðinlegt að verða að senda aftur menn, t. d. norðan af Hálogalandi, sem komnir eru þangað til þess að taka próf inn í skólann, en hafa flotið út af við prófið. En hjá því verður ekki komist. Þetta er nú einu sinni lífsins lögmál, að þeir hreppa hnossið, sem best ganga fram. En sem sagt: hæstv. landsstjórn hefir haft sjerhagsmuni Reykjavíkurbæjar eingöngu fyrir augum, látið skólann fletjast út í stærri og stærri köku — því að fólkið, sem ekki veit, hvað það á að gera við börnin sín, þarf endilega að láta þau „stúdera", jafnt þau gáfuðu sem ógáfuðu, þó ekki sje nema til þess að halda þeim frá götusollinum og láta þau hafa eitthvað fyrir stafni. Loks er svo komið, að skólahúsið er að springa utan af öllum þessum kynstrum og leigja verður kenslustofu úti í bæ. Jafnframt þessu leyfir hæstv. mentamálarh. (MG) sjer að leggja stein í götu þess, að taka megi jafnþungt stúdentspróf annarsstaðar. Slíkt er jafnrjettið, sem hann þykist vera að skapa.

Hæstv. ráðh. (MG) þótti furðu gegna, að minst skyldi vera á landspítalann í sambandi við þetta mál. Jeg veit ekki betur en eftir standi 1 milj. kr., sem þarf að greiðast á 2½—3 árum, til þess að spítalinn verði kominn upp 1930. Það getur verið, að hæstv. landsstjórn búist við, að hægt verði að jafna niður 400 þús kr. á hvort árið 1929 og 1930, en ekki hefi jeg trú á, að það verði auðvelt. En þegar landspítalinn er á döfinni og ekki hægt að standa í skilum við hann um fjárframlög, nema með harmkvælum, þ. e. erlendum ríkislántökum, þá álít jeg það hreint og beint ofdirfsku, að vera að fitja upp á stórbyggingum hjer í bæ, sem telja verður „óþarfa" fyrir Reykvíkinga. Hæstv. ráðh. (MG) sagði að vísu, að ljetta mundi á ríkissjóði, er bæði Kristneshælið og Kleppshælið væru fullgerð. Var helst að heyra á hæstv. ráðh. (MG), að endilega þyrfti að koma peningunum einhvern veginn fyrir, og því þá ekki í heimavistum eins og einhversstaðar annarsstaðar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. (JJ) hefir talað hjer langt mál til þess að andmæla þessu frv.; en jeg get verið stuttorður.

Hv. þm. fann að undirbúningi þessa máls. Kvað hann slæman. Teikningar vantaði o. s. frv. En fyrst er að ráða við sig, hvort húsið skuli byggjast eða ekki. Um lóð undir húsið er ekkert til fyrirstöðu, og hv. þm. veit, að það hefir verið ákveðið, að byggja á lóð skólans hús í þessum tilgangi. Það er ekki rjett, að þessi ráðagerð hafi ekki verið borin undir rektor skólans. Jeg hefi áður upplýst, að þá er breytingin á mentaskólanum kom til greina, var meðal annars þetta atriði, heimavistir, borið undir hann, og hann kvað mjög æskilegt og enda ómissandi, að kleift reyndist að reisa þær. (JJ: Þá var miðað við alt annað fyrirkomulag). Skólinn var skóli eftir sem áður, og þörfin er jafnbrýn nú, þótt breytingin hafi ekki komist á. Jeg vildi ekki móðga rektor með því, að fara að spyrja hann, hvort hann

hefði nokkuð skift um skoðun síðan. Þetta kom til tals hið fyrra sinn. En mjer er kunnugt um, að hann álítur þetta enn hið sama nauðsynjamál.

Háttv. 1. landsk. (JJ) segir kröfur í þessa átt ekki komna frá skólanum sjálfum. Jeg segi: þótt þær væru ekki þaðan, væru þær jafngóðar fyrir því, ef málið er á annað borð þarft og gott.

Samkvæmt sinni alkunnu rökfestu fór hv. 1. landsk. að tala um, að ástæðan fyrir þessum „fjörkipp í heimavistamálinu" væri ótti við Akureyrarskóla. En jeg fyrir mitt leyti þekki ekki þann ótta og veit ekki, hvað væri á móti því, að hjer í Reykjavík þyrfti líka heimavistir, þótt Akureyrarskóli fengi rjett til þess að útskrifa stúdenta. Það tvent getur meira en samrýmst.

Háttv. 1. landsk. (JJ) álítur rjett að bægja fátækum sveitapiltum frá því, að geta tekið próf við mentaskólann í Reykjavík og hrekja þá endilega til Akureyrar, þar sem svo kynni að vera plásslaust fyrir þá, enda ekki sanngjarnt að heimta af piltum, sem eiga heima á Suðurlandi, að fara norður til Akureyrar til þess að stunda sitt nám. Mentaskólakennararnir eru ekki ánægðir, fyr en skólinn fær gott heimavistahús fyrir fátæka sveitapilta.

Eins og vant er, fór hv. þm. (JJ) út fyrir efnið og fór að vitna í atkvgr. um unglingaskóla úti um land. Hann sagði nýlega í blaði sínu, að Íhaldsmenn hefðu grandað því máli, en gleymdi að geta þess, að fræðslumálastjóri, sem þó er ekki Íhaldsmaður kallaður, greiddi atkvæði á móti því. Svo var það vanhugsað, að alveg var með ólíkindum. Meðal annars skyldi leitað upplýsinga hjá stofnendum skólanna, sem vitanlega eru löngu dauðir margir hverjir.

Þá fór hv. þm. að tala um stjórnina; hún hefði lagst á sitt eigið frv., þótt vitanlegt sje, að það er í nefnd, sem hv. þm. á sjálfur sæti í og leggur sjálfur mesta áherslu á, að það komi ekki fram. Þetta er spegill af sannleiksást þessa hv. þm. (JJ), sem jeg get ekki stilt mig um að draga fram. Það sýnir sig og sannast af afskiftum þessa þings af mentamálum, að ekki er minni áhugi fyrir þeim málum innan Íhaldsflokksins heldur en í flokki hv. 1. landsk. (JJ). En það er rjett eins og hann telji sig einskonar mentamálaguð hjer á landi, af því að hann hefir slysast til þess að vera skólastjóri í nokkur ár yfir 20—30 nemendum og hefir skrifað kenslubækur fyrir barnaskóla. Jeg get ekki fundið, að þetta veiti honum neinn rjett til þess að skoða sjálfan sig sem neinn mentamálaguð hjer á landi, og jeg tek ekki á móti neinum ákúrum frá honum í þessu efni. Jeg man ekki til þess, að fyrir lægju neinar teikningar af viðbót Laugaskólans, eins og hv. þm. (JJ) hefir haldið fram. (JJ: Jú, og teikningarnar eru eftir Jóhann húsameistara Kristjánsson). Nei, nei. — Annars hefði ekki verið til neins að leggja teikningarnar fyrir hv. 1. landsk. (JJ), því hann hefir ekki hið minsta vit á slíku; það verður í því efni að fara til manna, sem vit hafa á því. Enda þótt teikningar hefðu legið fyrir hv. 1. landsk. (JJ), þá hefði hann verið engu nær. Háttv. þm. (JJ) sagði, að Akureyrarskóli væri ekki mentaskóli, hliðstæður mentaskólanum hjer. Hann er þá í því efni kominn á sömu skoðun og háskólaráðið, eftir að hann hefir hugsað sig um. En hjer liggur ekki fyrir að ræða um fyrirkomulag mentastofnana okkar, og skal jeg því ekki fara nánar út í það, sem hv. þm.

(JJ) sagði um skólafyrirkomulagið í Noregi. Út af því, sem hann sagði um aldurstakmarkið, skal jeg taka það fram, að það er reglugerðaratriði, sem altaf er hægt að breyta. Jeg hefi þegar bent hv. þm. (JJ) á þetta, svo að hann ætti að vita, að þetta er ekkert aðalatriði málsins. Honum fanst undarlegur fjörkippur í þessu heimavistamáli, þar sem engin þingmálafundargerð lægi fyrir um það. En hv. þm. (JJ) hefir oft komið fram með mál hjer á þingi, þó ekki lægi fyrir um þau þingmálafundagerðir. Annars er það um ýmsar þingmálafundasamþyktir, að þær eru þannig til komnar, að hv. 1. landsk. (JJ) býr þær til hjer, sendir þær fylgismönnum sínum úti um land og þar eru þær samþyktar með fáeinum atkvæðum, sendar þinginu og eiga að gilda hjer sem almennur þjóðarvilji.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að ekki ríkti góður andi í mentaskólanum milli nemenda og kennara, og nefndi hann því til sönnunar eitt margra ára gamalt dæmi. En þetta er ekki rjett hjá honum. Skólinn hefir látið margt gott af sjer leiða, aginn hefir verið góður og samkomulag milli kennara og nemenda ágætt. Þetta veit jeg betur en hv. þm. (JJ), þar eð jeg hefi verið nemandi í þessum skóla, en hann ekki. Ef hann hefði verið í skólanum, þá mundi hafa verið upprætt ýmislegt það úr fari hans, er sýnir svörtustu hliðar sálarlífs hans. Hann hefði lært þar meðal annars, að það er ekki rjett að gera meðbræðrum sínum upp illar hvatir. En það gerir hv. þm. (JJ) í hverju máli, sem andstæðingar hans bera fram, en hann er á móti. Honum hefði verið kend þar sú meginregla, að það er skylda mentaðs manns, að setja sig í spor þess manns, sem heldur fram öðru en hann sjálfur, og skoða hlutina frá hans sjónarmiði, en ekki gera honum upp hinar verstu hvatir.

Þó sagði hv. þm. (JJ), að kenslan í skólanum hefði verið ágæt, en það er talsvert mikið sagt, að segja að kensla skólans sje á g æ t. Sá skóli, sem hefir ágæta kenslu, er sannarlega á góðum vegi, og kenslan getur vissulega ekki verið ágæt, ef úlfúð ríkir milli kennara og nemenda. Þá kallaði hv. þm. (JJ) heimavistahúsið „hermannaskála“ og seinna í ræðu sinni „letigarð“, er rektor skólans gæti ekki haft umsjón með. Orðskrúðið hirði jeg ekki að átelja, en hitt vil jeg benda á, að jeg þekki margar heimavistir, þar sem skólastjóri getur ekki haft umsjón yfir, en þess gerist heldur ekki þörf, ef annar góður maður hefir hana á hendi. Jeg geri ekki heldur ráð fyrir, að rektor háskólans verði falið að hafa á hendi umsjón með stúdentagarðinum. Þá talaði hv. þm. (JJ) um það, að rjett væri að flytja mentaskólann að Reykjum í Mosfellssveit. En mjer virðist kenna í því undarlegrar mótsagnar hjá honum, þar sem hann vildi hafa kennaraskólann við Skólavörðuna, en mentaskólann vill hann hafa uppi í sveit. Ef æskilegt er, að mentaskólinn sje uppi í sveit, þá ætti engu síður að vera æskilegt, að kennaraskólinn væri þar. En þetta sýnir aðeins, að hv. þm. (JJ) hefir horn í síðu mentaskólans, en heldur kennaraskólanum fram. Held jeg, að þarna komi fram hjá hv. þm. (JJ) beiskjublandin eftirsjá yfir því, að hann skyldi ekki bera gæfu til þess, að njóta kenslu þessa skóla. Og jeg skil það vel. Jeg tel það skaða,

að svo skyldi ekki verða. En ástæðan til þess, að hann komst ekki í skólann, mun hafa verið fátækt hans. Hv. þm. (JJ) ætti því að stinga hendinni í barm sjálfs sín í þessu efni, þá mundi hann ekki berjast á móti því, að fátækum piltum sje gert kleift að stunda nám við þennan skóla, með því að láta þá njóta heimavistar. Hv. þm. (JJ) sagði, að það væri rangt, að láta skólann þenja sig út eins og hann gerði nú. Jeg skal fúslega viðurkenna það, að aðsóknin að skólanum er orðin hið mesta vandamál. En hjer í Reykjavík, þar sem enginn almennur unglingaskóli er til, verður með einhverju móti að sjá unglingunum fyrir framhaldsmentun, og til þess er frv. um samskóla Reykjavíkur borið fram, að með honum verði dregið úr aðsókninni að hinum almenna mentaskóla. En hv. þm. (JJ) hefir spornað á móti því, að ⅕ hluti þjóðarinnar fái meira en barnaskólamentun. Samt ætlast hann til þess, að því sje trúað, að hann einn hafi vit á mentamálum á landi hjer.

Þá mintist hv. þm. (JJ) á landsspítalann, og skal jeg í því efni láta mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um það mál. Þó álít jeg ekki úr vegi að minnast nokkrum orðum á afstöðu flokksmanna hans til þess máls. — Þegar í upphafi voru þeir þess mjög hvetjandi, að ráðist væri í að reisa spítalann, en nú, þegar byggingin er langt komin, þá heykjast þeir eins og blýdeigur hestskónagli og koma með till. um að fella niður alt fjárframlag til spítalans. Við Íhaldsmenn vildum ekki byrja bygginguna fyr en samningar væru komnir á milli kvenna og landsstjórnarinnar um það, að trygging væri fyrir, að verkið gæti haldið áfram, en Framsóknarmenn ætluðu að ráðstafa söfnunarfjenu án samþykkis hlutaðeigandi kvenna.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. 1. landsk. (JJ) eigi erfitt með að tala mál þetta í hel, því enda þótt komið sje nálægt þingslitum, þá er þó nægur tími til þess að koma málinu í gegn, jafnvel þó hv. 1. landsk. (JJ) haldi nú langa ræðu í þriðja sinn.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Enn hefir ekki verið hrakið það, sem jeg sagði í ræðu minni, og tek jeg það sem sönnun þess, að málstaður minn sje góður. Jeg ætla mjer ekki að vera langorð, en vildi aðeins leiðrjetta skekkju, sem kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl. (JJ).

Það var í byrjun áætlað, að landsspítalinn mundi kosta 1200 þús. kr. En það má vel vera, að hann reynist dýrari. En ef marka má nokkuð á því, þá hafa útboðin reynst ódýrari en áætlað var, og þar sem vinnukaup og byggingarefni hefir lækkað í verði, þá má búast við því, að kostnaðurinn fari ekki fram úr áætluninni, sem gerð var 1925.

Jeg get ekki sjeð sambandið milli landsspítalans og heimavista mentaskólans; því vænti jeg, að hv. 1. landsk. (JJ) geri landsspítalamálinu ekki ógagn með tilhæfulausum getgátum og með því að skapa kostnaðargrýlur í sambandi við það. Að húsameistari ríkisins hafi sagt þetta við hv. þm. (JJ), má vel vera, en það hefir þá aðeins verið ágiskun hans, og húsameistari hefir þá ekki reiknað með því, að heitt vatn úr Laugunum yrði leitt í spítalann, en gert ráð fyrir, að kol yrðu notuð til upphitunar. Hann taldi frv., eins og það

kom frá Nd., til bóta, að tekið er fram í því, að í heimavistahúsinu skuli vera íbúð handa kennara. Hv. 1. landsk. (JJ) má vera það kunnugt, ekki síður en mjer, að það er svo um heimavistahús, að það er langt frá því, að þau sjeu æfinlega reist í nánd við skólana. Í Englandi eru þau víða reist á góðu og björtu svæði, og jeg sagði, að svo þyrfti það að vera hjer, til þess að nemendurnir gætu með góðu móti iðkað þar allskonar íþróttir. Viðvíkjandi íbúðinni, þá er það sjálfsagt, að sá kennari, sem umsjón hefir með heimavistinni, hafi þar íbúð. Jeg álít ekki rjett af hv. þm. (JJ) að kalla þetta hermannaskála eða öðrum slíkum nöfnum. Hygg jeg, að það sje gert til þess eins, að spilla fyrir málinu. En það er ekki hægt að ónýta þetta mál, því það er gömul og nauðsynleg krafa, sem að vísu er hægt að tefja fyrir, en ekki drepa. Jeg fæ ekki sjeð, með hvaða rjetti hv. 1. landsk. (JJ) getur verið á móti heimavistum við mentaskólann, því að það væri í því efni ekki gert meira fyrir þann skóla en gert hefir verið fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, og fari svo, að Akureyrarskóli verði gerður að lærðum skóla, þá spái jeg því, að að því komi, að þar þurfi annaðhvort að reisa nýtt skólahús eða nýtt heimavistahús. Og þá verða stuðningsmenn þess skóla að fara sömu leið og nú er farin, að því er snertir mentaskólann í Reykjavík.

Þá var það ýmislegt fleira, sem hv. frsm. minni hl. (JJ) sagði, en hæstv. dómsmálaráðherra (MG) hefir svarað, svo að jeg hefi þar engu við að bæta. En það var þó eitt atriði í sambandi við samskólann, sem jeg vildi minnast á. Frv. um samskóla Reykjavíkur liggur nú hjá mentmn. þessarar deildar. Hv. 1. landsk. (JJ) hefir komið fram með þær getsakir í minn garð og hv. samnefndarmanns míns, að við ætlum að svæfa frv. þetta, en það er tilhæfulaust. Hv. þm. (JJ), sem sjálfur er í mentmn., er kunnugt um það, að við höfum verið svo störfum hlaðin hjer á þinginu, að við höfum ekki getað annað þessu máli enn. Mjer vitanlega hefir enginn í nefndinni reynt að tefja málið.

Þá kastaði hv. þm. (JJ) því fram, hvaða áhrif heimavistin mundi hafa á landsspítalabygginguna. Jeg er sannfærð um, að bygging heimavistahússins hefir ekki nje má hafa nokkur áhrif á framhald þessa mikla nauðsynjaverks, sem öll þjóðin bíður eftir. Menn þurfa ekki að vera miklir fjármálamenn til þess að sjá, hversu vanráðið það væri fjárhagslega, ef stjórnin hætti nú við hálfnaða byggingu landsspítalans, sem þegar hefir verið varið til rúmum 400 þúsund kr., jafnvel þótt byrja ætti á annari nauðsynlegri byggingu. Geri jeg ekki ráð fyrir, að nokkur stjórn geri slíkt aðeins til málamynda.

Í trausti þess, að landsspítalinn tapi engu, þótt samþyktar verði heimavistirnar, hefi jeg gerst frsm. og flm. málsins.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Ed., næsta dag, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 142, n. 546 og 565).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg hafði hugsað mjer að svara hæstv. mentmrh. (MG), en með því að nú er fult svo hentugt að lengja ekki umræður í dag, þá ætla jeg að geyma mjer svarræðuna til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.

nei: EÁ, EJ, GÓ, IP, JBald, JJ, MK.

Forseti lýsti frv. fallið.

2. Bann gegn næturvinnu.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um að banna næturvinnu við fermingu og affermingu skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði (þmfrv., A. 44).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það mun viðurkent af þeim, sem til þekkja, að hafnarvinna hjer í Reykjavík mun vera einhver hin örðugasta og versta vinna hjer, og sjerstaklega hefir þetta átt sjer stað eftir stríðsárin. En það er munur á hafnarvinnunni. Það má segja, að vinna við verslunarskip sje ekki mjög frábrugðin annari vinnu, en aftur á móti er öðru máli að gegna um togaravinnuna, bæði vegna þess, hve mikla áreynslu menn verða að leggja á sig, og hve mikið er ýtt á eftir mönnum við vinnuna. Verst er þó við þessa atvinnugrein, að við hana er mjög mikil næturvinna og helgidagavinna, en sjerstaklega næturvinnan er ill fyrir heilsu manna. Það ber ekki sjaldan til við hafnarvinnu hjer í Reykjavík, að menn verða að vinna 24—48 tíma í striklotu. Ástandið hjer er mjög svipað ástandinu á togurunum, áður en hvíldarlögin gengu í gildi, og afleiðingin er sú, að þeir, sem að miklu leyti stunda þessa vinnu, verða fyrir heilsubresti. Það er algengt meðal verkamanna að heyra, að þeir veikjast við næturvinnu, og það er skiljanlegt, að þeir veikjast fyr og slitna við slíka vinnu heldur en aðra. En fyrir menn á ljettasta skeiði getur þetta gengið slysalaust, nokkuð fram eftir, en eldri mennirnir þola hana alls ekki. Nú er það líka að verða svo, að aldraðir menn, sem hafa stundað hafnarvinnu, eru að ganga úr leik, og að eingöngu yngri menn geta stundað þessa vinnu. Þetta hefir líka þá þýðingu fyrir verkamenn, að vinnan skiftist ójafnara niður en ella mundi. Þeir, sem mestir vikingar eru, sækja vinnu fast, ganga að henni nætur og daga, en þeir, sem ekki sækja hana nema á daginn, verða út undan. Afleiðingin fyrir útgerðarmennina af þessari næturvinnu verður sú, að afköstin verða minni og vinnan dýrari heldur en vera mundi við reglubundna dagvinnu. Og það er ekki hægt að segja, að ekki sje hægt að komast hjá þessari næturvinnu, því að það hefir sýnt sig eina vertíð, að útgerðarmenn hafa algerlega slept þessari vinnu, af því að hún þótti þá of dýr. Þess vegna er það, að menn, sem stunda þessa atvinnu, óska þess, að hún sje afnúmin með lögum. Reynt hefir verið, með samningum við útgerðarmenn, að fá þá til að sleppa alveg þessari næturvinnu, og síðast, þegar samningar voru gerðir, var því ekki illa tekið, heldur aðeins sagt, að það þyrfti að vera til undanþáguheimild, en í móti yrði að koma kauplækkun í dagvinnu. Verkamenn líta hinsvegar svo á þetta, að það eigi að vera eins og einn liður í verndarlöggjöf þeirri, sem þing-

ið ákveði á móti misbeitingu á vinnuaflinu, en þeir þurfi ekki að kaupa sjer næturfrið með kauplækkun.

Frv. þetta fer fram á, að frá kl. 10 að kveldi til kl. 6 að morgni sje bönnuð þessi næturvinna; en að kvöldvinnan svokallaða er látin afskiftalaus. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu, þegar brýn nauðsyn þykir til. Maður getur hugsað sjer, að nauðsynlega þurfi að afgreiða skip, t. d. þegar á að senda skip til björgunar, en annars mundi ekki mikið gert að því, að veita slíkar undanþágur.

Jeg skal leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., að umr. lokinni. Vona jeg, að hv. deild taki því vel.

Jón Ólafsson: Frv. það, sem hjer liggur fyrir og flutt er af hv. 4. þm. Reykv. (HjV), er gamall kunningi minn frá samninganefndarfundum hjer í bænum undanfarin ár, en venjulega hefir það verið svo, þegar til þess hefir komið, að farið hefir verið fram á, að nokkuð kæmi í staðinn, þá hefir það venjulega hjaðnað niður, og engin áhersla lögð á að fá það í gegn. Mjer kemur það því dálítið undarlega fyrir, að hv. flm. (HjV) kemur með þetta inn á þing, þótt jeg á hinn bóginn kannist við, að þetta er í samræmi við fleira, sem flutt er inn í þingið frá vissum flokki. Það er, eins og kunnugt er, ekki verkamenn, sem lagt hafa neina áherslu á, að næturvinna væri lögð niður, meðal annars vegna þess, að þeir hafa fengið helmingi hærra kaup fyrir hana, og í öðru lagi vegna þess, að það er fyrst þegar kemur fram á útmánuði, að mest þarf að nota hana. Það er ekki rjett hjá hv. flm. (HjV), að verkamenn þurfi að vinna 24 tíma í lotu, því að það er engin skylda á neinum að gera það, nema því aðeins, að hann vilji fúslega leggja það á sig, vitandi það, að hann hefir meiri peninga upp úr sjer með því. Jeg held þess vegna, að það sje engin ástæða til að vera að breyta núverandi lögum, til að ráða bætur á þessu. Það leiðir af sjálfu sjer um þá, sem láta vinna þessa næturvinnu, að það er vitanlega eitthvað, sem knýr þá til þess, og það er, eins og fjölda hv. þdm. er kunnugt, ærnar ástæður til þess, að óskað er eftir þessari vinnu; það er, sem sje, þannig ástatt, að á Selvogsbanka er ekki fiskur verulega, nema að næturlagi, og því er það, að áhersla er lögð á, að sem fæstum nóttum sje eytt annarsstaðar en þar, því að það er svo, að þeir, sem hafa orðið, vegna bilunar, að dveljast hjer tvær nætur, hafa stundum orðið fyrir því óhappi að tapa þetta frá 60—100 skpd. af fiski á nóttu. Þetta er mjög óþægilegt, og því er öllum það mikið kappsmál, að geta komið afgreiðslunni svo fljótt af, að ekki þurfi að tapa mörgum nóttum. Það er oft svo, þegar þessi tími er kominn, að ekkert fiskast á daginn, að ekki er farið þaðan fyr en kl. 9—10 að morgni og komið hjer kl. 4—6 síðdegis, en það tekur venjulega 12—16 klt. að ferma og afferma skipin. Með því nú að vinna ekki að fermingu og affermingu yfir nóttina og byrja þannig ekki fyr en kl. 6 næsta morgun, geta skipin ekki farið hjeðan fyr en kl. 6—8 að kvöldi, og er þá augljóst, að þau tapa einni nóttu í hverri ferð, fram yfir það, sem þau gerðu áður, og jeg held, að það sje ekki gerandi leikur til þess, fyrir svona mikla smámuni, þar sem ekki er um að ræða, að ekki sje fult samkomulag milli þeirra, sem að

þessu máli standa. Mjer finst, að það hafi verið með fullu samkomulagi þeirra, sem hlut eiga að máli, að þessi vinna að næturlagi hefir verið framkvæmd, þegar á hefir þurft að halda. Annað atriði er það, að þetta komi ójafnt niður á verkamönnum, það getur vel átt sjer stað. En þeir, sem ekki treysta sjer til þess að taka þátt í slíkri vinnu, eru yfirleitt frjálsir að því, hvort þeir stunda hana eða ekki. Það getur vel verið, að þeir, sem ekki vinna þessa næturvinnu, verði eitthvað aftur úr, en jeg veit ekki, hvort þess vegna á að gera útgerðinni, landssjóði og landsmönnum það tjón, sem af því leiðir, að tefja skipin að óþörfu frá veiðum um besta aflatímabilið, því það er vitanlegt, að af þessum atvinnuvegi hefir ríkissjóður haft miklar tekjur, og sömuleiðis fjöldi manna lifað af honum, svo að þess vegna held jeg, að ekki sje rjett að leggja á hann sjerstakar lagakvaðir, sem miða að því, að gera stórhnekki öllum áhuga og framkvæmdasemi við aflabrögð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Mjer er þess von, að þeir, sem þekkja þetta samningastrit hjer í Reykjavík, eins og jeg þekki það, muni lítið upp úr því leggja, og undrar mig það ekki, þótt slíkt slúður berist inn á hið háa Alþingi úr þessari átt. En það er eftirtektarvert, og það virðist svo frá mínu sjónarmiði, að alt sje miðað við það, að draga úr áhuga manna fyrir sjálfsbjargarviðleitninni, draga úr því, að geta hagnýtt sjálfum sjer og öðrum krafta sína. Jeg held, að Alþingi ætti ekki að ganga á undan með að ljá hönd að slíku, og jeg álít rjett, að þessu máli verði vísað frá nefnd, því að jeg álít, að það eigi ekki að fara lengra, og tel skaðlegt að láta það verða að lögum.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Maður heyrir sama „sóninn“ hjerna, eins og þegar hvíldarlögin fyrir togarana voru á ferðinni. Þá var sagt, að það væri unnið með fullu samkomulagi á milli skipstjóra annarsvegar og hásetanna hinsvegar; en það sýndi sig samt hvað eftir annað, að það komu áskriftalistar frá togaramönnum um að fá hvíldarlög, sem bentu á, hversu mikil þörf væri til að samþykkja eitthvað í þessa átt.

Það, sem hjer er farið fram á, er í raun og veru ekki annað en það, að verkamönnum sje trygður reglulegur 8 tíma svefn við hafnarvinnu, en hægt sje að vinna í 16 tíma. Það eru aðeins fáar undantekningar, sem hægt er að gera um lengri vinnutíma. Það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) var að tala um, að þennan svefntíma ættu verkamenn að kaupa sjer fyrir lægra kaup aðra tíma, geta þeir ekki fallist á. Við jafnaðarmenn álítum aftur á móti, að verkamenn eigi að vera þannig varðir af löggjafarvaldinu, að þeir þurfi ekki að misbeita vinnukrafti sínum, en það sjá menn líklega, að löggjafarvaldið gerir ekki nú. Fátækir menn verða að sækjast eftir eftirvinnunni, fyrir hvaða kjör sem þeim bjóðast, meðan atvinnan bíður ekki eftir þeim, þó að heilsa þeirra sje í veði. Þess vegna er það ekki nema sjálfsagt, að þeir fari þá leið, að koma með frv. inn á Alþingi, til þess að reyna að laga vinnuaðstæðurnar. Jeg veit ekki, hvaðan hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hefir það, að reykvískir verkamenn leggi ekki neina áherslu á þetta atriði, þegar það

er kunnugt, að verkamannafjelagið „Dagsbrún", sem $^{9}/_{10}$ af hafnarverkamönnum eru í hjer í bænum, gerir hvað eftir annað samþyktir um þetta, og að minsta kosti við síðustu kaupsamninga hefir altaf verið minst á þetta mál. Hvað það snertir, sem háttv. þm. (JÓl) talaði um, að þetta fyrirkomulag mundi spilla fyrir veiðum skipanna, þá er það fyrst að athuga, að tíminn, sem þarf til þess að ferma og afferma, er ekki nærri því eins langur og hv. þm. (JÓl) segir, venjulega nú aðeins 8—10 tímar, og stundum jafnvel skemri. Það, sem orsakar þessa næturvinnu, er það sama sem orsakaði hinar miklu vökur á togurunum. Það er aðallega hugsunarleysi útgerðarmanna. Þeir átta sig hvorki á því, að kostnaðurinn við vinnuna verður meiri með því fyrirkomulagi, sem nú er, og að það er hægt að komast hjá þessum kostnaði, nje taka neitt tillit til heilsu verkamanna. Jeg ætla aðeins að benda hv. þingdeild á það, að verkamenn yfirleitt eru algerlega á andstæðri skoðun við hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) um þetta mál, og að það er ekki hægt fyrir þá að meta heilsu sína í fisk-skippundum.

Ólafur Thors: Jeg gat því miður ekki haft þá ánægju, að heyra framsöguræðu hv. flm. (HjV), en fjekk aftur á móti þá óblöndnu ánægju, að heyra svarræðu hans til hv. 3. þm. Reykv. ((JÓl). Ræðu þessa hv. þm. (JÓl) heyrði jeg að vísu ekki, en jeg þykist vita, að hann hafi fært þau rök fyrir máli sínu, sem hann stendur manna best að vígi til að flytja. En jeg verð að segja það, þegar hv. flm. (HjV) er að tala um þetta mál og sannanir sínar fyrir rjettmæti þess, þá kom mjer í hug, að nú syngi við annan tón í hv. þm. (HjV) en fyrir skemstu, er við áttum tal um málið. Samningaumleitanir um kaupgjald stóðu þá yfir milli útgerðarmanna og verkamfjel. „Dagsbrúnar". Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og hv. 5. landsk. (JBald) sögðu þá báðir, að það væru margir menn, sem sæktu sjerlega eftir þessari vinnu, vegna þess, að hún væri svo vel borguð, og með því að þetta er svo, þá þykir mjer það með öllu óviðeigandi, að löggjafarvaldið fari að grípa hjer inn í, þvert ofan í vilja hlutaðeigandi einstaklinga og þarfir þjóðfjelagsins. Þegar jeg sá þetta frv., varð mjer að orði: „höggur sá, er hlífa skyldi", og þótti mjer undarlegt, að hv. flm. (HjV) skyldi vera að ráðast á þá menn, sem hafa stutt hann til þingsetu. Ef hjer er svo mikið nauðsynjamál á ferðinni sem af er látið, þá finst mjer, að hv. þm. (HjV) geti gripið til þess ráðs, að láta það fjelag, sem hjer á hlut að máli, verkamannafjelagið „Dagsbrún", gera samþykt um að banna næturvinnu. Fjelagið hefir til þessa ekki vílað fyrir sjer að skamta verkamönnum kaup, án samþykkis atvinnurekenda, svo því er engan veginn ætlað að leggja út á nýja braut. Mjer segir nú svo hugur um, að hv. þm., sem er formaður „Dagsbrúnar", vilji hliðra sjer hjá að láta ræða málið í fjelaginu, af því hann veit, að skoðanirnar eru mjög skiftar, en mjer sýnist ástæðulaust, að löggjafarvaldið leysi vandræði hans. Jeg skora á hv. þm. að boða til fundar í „Dagsbrún", auglýsa vel umræðuefnið og leggja svo fyrir hv. deild fundarsamþykt, er sýni, að það sje óskiftur vilji fjelagsmanna, að næturvinna sje lögbönnuð. Geri hv. þm. (HjV) þetta, mun jeg reiðubúinn að athuga málið að nýju. — Þessi hv. þm.

(HjV) gat um áskriftalista til Alþingis, sem komið hafi, þegar „vökulögin“ voru á ferðinni. Jeg verð að segja, að það væri ráð að gera þetta líka núna, og þá sjerstaklega að afla áskrifta frá þeim mönnum, er sjálfir vinna næturvinnu. Jeg skal vera hv. þm. hjálplegur með upplýsingar um, hvaða menn það eru hjá því útgerðarfjelagi, er jeg starfa við. Ef hv. 4. þm. Reykv. (HjV) kæmi með þessa lista, mætti fara að athuga málið. En það er annars ákaflega spaugilegt með þessa áskriftarlista og áskoranir, sem eru að berast utan af landi. Þetta er alt búið til og samþykt í 40 manna „fulltrúaráði“ hjer í Reykjavík. Síðan fer Jón Baldvinsson, sem nú er 5. landsk., í símann, sendir út þessa áskorun til allra verkalýðsfjelaga á landinu, ásamt áskorun um að senda hana aftur. Svo kemur áskorun til Jóns Baldvinsson frá „Verkamannafjelaginu á Húsavík“, og nokkrir hestburðir af öðrum áskorunum. Jón Baldvinsson verður sennilega ekki mjög hissa, því að allar áskoranirnar sendir hann út um landið fám dögum áður.

Eftir þeim kafla af ræðu hv. þm. (HjV), sem jeg heyrði, sje jeg ekki ástæðu til að ræða við hann, bráðókunnugan manninn, um nauðsyn þess, að hafa stundum næturvinnu við affarming og ferming botnvörpunga í aprílmánuði.

Þessar athugasemdir vildi jeg aðeins gera hv. þm. (HjV) til athugunar; vil jeg bæta því við, að það er einkennilegt, að maður, sem leyfir sjer að flytja slíkt frv., sýnist bera miklu minna skyn á þessi málefni heldur en fjöldinn allur af kjósöndum hans.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg veit ekki, hversu margar „privat“-samræður hv. 2. þm. G-K. (ÓTh) ætlar sjer að draga hjer inn í umræður. Álítur hann það eflaust bæði þinglegt og drengilegt. Því að hv. þm. hefir ekki getað heyrt mig segja neitt þvílíkt, sem hann hafði eftir, í samninganefnd, sakir þess, að þar hefir hann aldrei verið, þegar jeg hefi verið í samninganefnd, en við höfum aðeins átt tal um þessi mál á heimili mínu. En hitt er vitanlegt, og þarf engan speking til að sjá, að meðan menn eru fátækir og næturvinna er betur borguð en dagvinna, hljóta margir menn að vilja heldur vinna hana, enda þótt heilsa þeirra kunni að spillast við það. Því fremur neyðast þeir til að gera það, sem oft er ekki aðra vinnu að fá.

Það er hárrjett, að „Dagsbrún“ gæti gert samþykt um að vinna ekki næturvinnu. En þótt það lægi að ýmsu leyti nærri, þá álítur fjelagið ekki rjett að stofna til deilu um það atriði, sem að rjettu er löggjafaratriði. Því síður vill fjelagið gera þetta nú, sem alveg nýlega er til lykta leidd kaupdeila.

Ef hv. þdm. óska eftir að fá áskriftalista frá verkamönnum, ættu ekki að verða vandræði að útvega þá, t. d. meðan málið væri í nefnd. Jeg efa ekki, að á fám dögum mætti fá mörg hundruð nöfn. Og þó að hægt sje að slá því fram, að þessir listar sjeu „pantaðir“, geri jeg ráð fyrir, að erfitt yrði að sanna, að nokkur hefði skrifað nauðugur undir.

Jeg vildi benda hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) á, að það er í fullri óþökk kjósenda hans, sem hann berst á móti þessu frv. Hafnfirskir verkamenn hafa einmitt ótvírætt látið í ljós vilja sinn til þess, að slík lög verði sett, og eru þar

alveg sammála reykvískum verkamönnum.

Ástæðurnar, sem bornar eru fram gegn frv., eru nauðalítils virði. Það sjest best, að hægt er að komast hjá næturvinnu í aprílmánuði útgerðarinnar vegna, á því, að sumar vertíðir hafa útgerðarmenn alls enga næturvinnu látið vinna. Í samninganefndum hafa þeir altaf haft góð orð um, að næturvinna yrði lítil á næstu vertíð, og engin vandkvæði talið á að láta hana hverfa, með örfáum undantekningum, ef kauplækkun kæmi á móti. En þegar til kemur, láta þeir skipstjórana hafa alla sína hentisemi um það. Hefir það stundum komið fyrir, eftir að unnið hefir verið alla nóttina, að skipstjórar hafa verið í landi allan daginn og ekki lagt út fyr en undir kvöld.

Loks vil jeg endurtaka þá ósk mína, að hv. deild hleypi frv. a. m. k. til 2. umr.

Jón Ólafsson: Það er hægt að taka undir það með hv. flm. (HjV), að vel má hætta þessari vinnu, og þar með gera alla sljetta og jafna, þannig að enginn skari fram úr öðrum. Það er í fullu samræmi við eina af hans aðalhugsjónum, að gera alla jafna, hvort sem þeir hafa unnið til þess eða ekki. Kemur það fram í þessu, að vilja banna mönnum að bjarga sjer með heiðarlegri vinnu. Þetta er svona álíka eins og samþykt væri í veiðistöðvum úti um land, að enginn mætti róa, nema allir gerðu það, eða bændur samþyktu, að enginn mætti þurka hey á sunnudögum, nema allir ynnu að því í einu. Það væri jöfnuður, og þá þyrfti enginn að öfunda annan, en svona er farið að því að drepa niður sjálfsbjargarviðleitni manna.

Þá vitnaði hv. flm. (HjV) í vökulögin svo nefndu, og sagði, að þau hefðu gert mikið gagn. Jeg var nú eiginlega aldrei á móti þeim, enda þótt jeg teldi þau óþörf. Þegar þau voru sett, var farið að tíðka fastan hvíldartíma á togurum; sjaldan var meira að gera en svo, að helmingur skipverja þyrfti að vera við vinnu, og gat hinn helmingurinn þá hvílst. En hvernig eru nú þessi lög framkvæmd? Ætli hv. flm. (HjV) viti það? Mjer er kunnugt um, að þau eru algerlega lögð á hilluna, þegar koma þarf miklum afla undan skemdum. Og það er gert með besta samkomulagi skipstjóra og skipverja. Þetta ber gleðilegt vitni um, að skynsemin fær að ráða meiru en æsingar „foringjanna". En svo má lengi sverfa á þessu, að af verði eitthvað sögulegra heldur en þessir lagabálkar. Það getur endað með því, að allir vilji skjóta sjer undan að gera það, sem þeim ber að gera.

Það er ekki rjett, að verkamenn vilji fá lögboðið, að þeir eigi að sofa frá kl. 10—6. Þvert á móti. Mjer ætti að vera eins kunnugt og hv. flm. (HjV) um vilja þeirra í þeim efnum, eftir að hafa látið vinna og unnið sjálfur við höfnina í 30 ár. En hv. flm. (HjV) hefir víst sjaldan sjest á hafnarbakkanum, nema í kaupdeilum og æsingum.

Það er hægt að lögbjóða ómenskuna, og er það í fullu samræmi við margt, sem hv. flm. (HjV) hefir áður haldið fram. En jeg vona, að hv. deild sýni framsýni sína með því, að fella frv. strax.

Ólafur Thors: Hv. flm. (HjV) var

að reyna að gefa mönnum í skyn, að jeg hefði farið með einkamál inn í umræðurnar, þegar jeg hafði það eftir honum, að margir í „Dagsbrún“ óskuðu heldur eftir næturvinnu en dagvinnu. Þetta er rangt hjá honum. Auðvitað hafa fallið einhver orð um þetta á heimilum okkar beggja, en bæði hv. flm. (HjV) og aðrir hafa þráfaldlega sagt þetta opinberlega, bæði í samninganefndum og annarsstaðar. Jeg tek þetta aðeins fram til að bera af mjer þær sakir, að jeg hafi sýnt slíkan ódrengskap sem þann, að blanda leynilegum einka-viðræðum inn í umræður á þingi.

Hv. flm. (HjV) hjelt, að hægt yrði að koma með samþyktir frá verkamannafjelögunum, um að þau væru móti næturvinnu. Mjer þykir nú takmörkuð sönnun í slíkum samþyktum, en þó þætti mjer nokkurs vert, ef hv. flm. (HjV) reyndi að fá slíkt samþykt á opinberum fundi og berðist þar eins og hetja fyrir sínu máli. En helst væri eitthvað hægt að sanna með því, ef hann kæmi með samþykt frá þeim mönnum, sem sjálfir vinna næturvinnu. Jeg hefi lofað að vera honum hjálplegur með að segja honum, hverjir það eru a. m. k. hjá „Kveldúlfi“.

Hv. flm. (HjV) sagði, að jeg talaði í óþökk kjósenda minna, því að þeir væru alveg samþykkir Reykvíkingum um þetta efni. Jeg skal fúslega vera samþykkur síðara atriðinu, að þeir sjeu Reykvíkingum sammála. En hvað vilja Reykvíkingar? Þeir vilja einmitt hafa næturvinnu, og Hafnfirðingar vilja það áreiðanlega líka. Af þessu leiðir vitanlega það, að fyrra atriðið er rangt hjá hv. þm. (HjV), og að jeg er einmitt í besta samræmi við kjósendur mína, án þess að jeg láti vilja þeirra nokkur áhrif hafa á sannfæring mína í málinu.

Þá sagði hv. flm. (HjV) eitt orð, sem jeg vil ekki, að sje ómótmælt. Var það áreiðanlega ekki sagt af því, að hv. þm. vissi ekki betur, eins og svo margt hjá honum, heldur var það mælt af illgirnislegum vanmætti. Hann sagði, að stundum, þegar unnið hafi verið við afferming togara alla nóttina, lægju skipin aðgerðalaus í marga daga aðeins af því, að skipstjóri þyrfti að hafa sína bentisemi í landi. Þessi ummæli eru bæði ómakleg og svívirðileg um skipstjórana. Vil jeg harðlega mótmæla þeim og veit, að hv. þdm. trúa mjer betur í þessu efni en hv. flm. (HjV).

Að endingu vil jeg benda á, að með þessu frv. er verið að reyna að þvinga tvo aðilja til samninga, sem báðum eru á móti skapi og báðum gera skaða. Margir vilja heldur vinna næturvinnu en dagvinnu, sakir hins háa kaupgjalds; þá á að svifta leyfi til vinnunnar. Útgerðin þarfnast þessarar vinnu. Hún biður um hana, af því að hennar er brýn þörf. Annars mundi hún ekki greiða fyrir hana tvöfalt kaupgjald.

Þeim bændum, sem hjer eiga sæti, vil jeg benda á að athuga, hvað þeim þætti um, ef þingið vildi banna þeim að þurka hey á sunnudögum. Og þó er sá mikli munur á þessari vinnu og sunnudagsvinnu bænda, að útgerðarmenn greiða tvöfalt kaup fyrir næturvinnu, en bændur borga ekkert fyrir sunnudagavinnuna. (**MT:** Svo!?).

Jeg skora á hv. deild að fella þetta frv. strax og láta það ekki fara til fleiri umræðna.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg ætla aðeins að benda hv. deild á, hví-

líkt orðbragð hæstv. forseti (BSv) hefir leyft hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Hann hefir notað hjer orð eins og „svívirðileg ummæli“ og „illgirnislegur vanmáttur“, án þess að átalið væri! Tel jeg því sjálfsagt, að bæði jeg og aðrir fáum óátalið að nota hliðstæð orð, er við þurfum á að halda og við óskum þess.

Sveitavinna er ósambærileg við fermingu og affermingu skipa í góðri höfn að næturlagi. Munu bændur ekki kannast við, að hey sje þurkað að næturlagi, nje reglulega unnið að slætti 20—30 tíma samfleytt.

Þeim ummælum hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að togaravökulögin sjeu stöðugt brotin, vil jeg mótmæla sem algerlega ósönnum, og þau fáu skifti, sem það er gert, ætti að hegna fyrir, en ekki hælast um það.

Ef það er eina vafamálið hjer, hvort verkamenn vilja framgang þessa máls, ætti ekkert að vera hægara en að rannsaka það, t. d. meðan málið væri fyrir allshn. En þetta er aðeins fyrirsláttur.

Um vilja Hafnfirðinga í þessu máli ætti mjer að vera sæmilega kunnugt, því að í gærkveldi var jeg þar á fundi, og var samþykt áskorun um að leggja niður næturvinnu. Þess er ekki heldur von, að framkvæmdastjóri „Kveldúlfs“ viti meira um vilja verkamanna en formaður „Dagsbrúnar“.

Ummæli mín um skipstjórana get jeg sannað.

Ólafur Thors: Jeg hefi átalið með hörðu orðalagi svívirðingar hv. þm. (HjV) um hina duglegustu stjett þjóðar vorrar. Er auðsjeð, að hæstv. forseti (BSv) er því samþykkur, því að ella hefði hann hringt á mig.

Jeg vil taka það fram, að af stöðum okkar, mín og hv. flm. (HjV), sannast lítið um, hvor okkar viti meira um vilja verkamanna. Þó er eins og mönnum finnist „Kveldúlfur“ koma ögn nær verkamönnum heldur en Tóbaksverslun Íslands, sem hv. flm. (HjV) er framkvæmdastjóri fyrir.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 14 : 7 atkv.

3. Lokunartími sölubúða.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 48).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er gamall kunningi, því að það hefir legið fyrir á þremur þingum, en ekki átt því láni að fagna, að komast svo áleiðis, að það yrði samþykt. Er þó lítt skiljanlegur sá mótþrói, sem frv. hefir mætt, því að það er mjög meinlaust.

Lögin frá 14. nóv. 1917 heimiluðu, að ákveða mætti með reglugerð lokunartíma sölubúða í kaupstöðum. Þau voru mjög umdeild á sínum tíma, en reynslan hefir nú sýnt, að meiri regla hefir komist á í kaupstöðunum en áður var, svo að lögin hafa náð tilgangi sínum. Áður var búðum haldið opnum alt fram til miðnættis, en það varð til þess, að menn komu seint til að kaupa. Nú þykir það sjálfsagt í hverjum bæ, er

reglu vill hafa hjá sjer, að lokunartími búða sje ákveðinn. En lögin frá 1917 þykja ekki nógu víðtæk, þar sem þau ná ekki til þeirra verslana, er versla með innlendar vörur, og ekki til ýmissa vinnustofna. Og það eru ekki þingmenn, sem eru að fitja upp á þessum hreyfingum, heldur hlutaðeigendur sjálfir. Rakarar hafa t. d. sótt það fast, að lögin næi til sín. Finst þeim nauðsyn að setja slíkar reglur og hafa fært sterk rök fyrir því, að það sje heilsuspillandi fyrir rakara að hafa eins langan vinnutíma og nú er. Á móti eru færðar fram þær ástæður, að það komi sjer vel fyrir menn að komast að á hvaða tíma dags sem er. Er það sama mótbáran og borin var fram 1917, gegn því, að samþykkja búðalokunarlögin, en reynslan hefir nú kveðið þá mótbáru niður.

Hjer ber þess að gæta, að í frv. sjálfu er engin takmörkun á vinnutíma. Það er ætlast til þess, að bæjarstjórnir geri samþyktir um það, hvenær þeim búðum og vinnustofum skuli lokað, er frv. tekur til.

Alþingi er því ekki, þótt frv. verði samþykt, ætlað að setja neinar fastar reglur um lokunartíma, heldur aðeins, að heimila hlutaðeigandi bæjarstjórnum að gera um þetta samþyktir, og slíkar samþyktir verður að bera undir stjórnarráðið til samþyktar, og það getur synjað staðfestingar á samþykt, ef því sýnist of nærri gengið. Málið sýnist því svo einfalt, að sjálfsagt sje að leggja þetta vald í hendur bæjarstjórna og ekki áhorfsmál að samþ. þetta frv. í framhaldi af því, sem áður hefir verið gert.

Það er óþarfi að tala mikið um málið, en jeg vænti þess, að hv. þdm. leyfi því að ganga áfram til nefndar og geri það að till. minni, að því verði vísað til hv. allshn., því að þar mun það eiga heima.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJós, JBald, JJ, MK, EÁ, GÓ.

nei: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ, HSteins.

4. Ölvaðir embættismenn, skipstjórar o. fl.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðurlög við ölvan embættismanna, skipstjóra o. fl. (þmfrv., A. 120).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Meðan bannlögin voru í gildi, hefði ekki komið til mála að flytja slíkt frv. sem þetta, því að um leið og þjóðin ákvað að gera áfengi útrækt úr landinu, náði engri átt að gera ráð fyrir því, að embættismenn hennar og trúnaðarmenn ljetu störf sín bíða skaða við áfengisnotkun. Nú eru bannlögin afnumin, hjer eru ekki bannlög lengur, heldur takmörkuð sala áfengis, og frá 1915 hafa verið fleiri möguleikar til þess að koma við áfengissölu en ætla mætti, því að úr sumum lyfjabúðum og frá sumum læknum hefir runnið sterkur áfengisstraumur. Menn gátu ekki búist við því, að lyfjabúðir eða læknar mundu selja áfengi til nautna. Heimild þingsins náði aðeins

yfir áfengi til meðala. Úr tveim áttum hefir verið sótt fram með áfengi. Annarsvegar hefir verið hið löglega áfengi, og á hinn bóginn hafa verið mikil brögð að því, að læknar og lyfjabúðir hafa aukið vinnautn í landinu. Þannig er áfengismálið nú komið inn á nýja braut. Áður en bannið var leitt í lög, var barist gegn áfengisnautninni af templurum og öðrum bannvinum, en þá var leyfilegt að selja allar tegundir vína. Nú er ekki leyfilegt að selja nema ljett vín, en sterk vín eru altaf seld meira og minna. Við þetta ástand hefir áfengismálið farið að horfa öðruvísi við en áður, þannig, að nú verðum við að glíma við óvininn í landinu sjálfu. Það er ekki hugsanlegt, að fyrst um sinn verði leyft að selja alt vín, nje heldur að alt áfengi verði útilokað eins og gert var 1909. Óvinurinn er í landinu sjálfu, og verður nú þess vegna að byrja á nýjum vörnum. Það er þegar vöknuð sterk hreyfing víðsvegar um landið til þess að auka bindindi. Jeg skal ekki um segja, hversu haldgóð sú hreyfing verður, en svo mikið er víst, að mörg ár hefir ekki verið eins mikill áhugi fyrir bindindi og nú er. Einnig hafa komið fram ákveðnar óskir um það, að fækka sölustöðum áfengra drykkja. Það liggur fyrir þál. um, að þingið kreppi að með sölu Spánarvína, og sú krafa er í samræmi við óskir manna. Þetta sýnir, að hjer er talsverður þjóðarvilji til að halda óvininum í skefjum.

Samhliða þessum almennu tilraunum verður því ekki neitað, að talsvert hefir bólað á ugg um það, að ýmsir starfsmenn landsins gæfu ekki sem best fordæmi í notkun áfengis. Að vísu eru liðnar hjer um bil tvær aldir síðan það bar við á þingi á Þingvöllum, að einn af þektustu mönnum landsins var leiddur dauðadrukkinn milli þingstaðar og búðar. Það hjelst lengi vel, að einmitt embættismennirnir, sem áttu þó að gefa fordæmið, voru fram úr hófi drykkfeldir. Svo var til dæmis um fjölda marga presta. Og það var ekki fátítt, að slys yrðu af völdum áfengisnautnar. Nú hefir þetta breyst þannig, að það er alment álitið, að prestastjettin sje í fremstu röð meðal stjetta landsins um bindindi.

Það, sem þetta frv. stefnir að, er að hjálpa almenningsálitinu, sem er að myndast, til þess að halda ofnautn áfengis í skefjum, ekki einungis meðal embættismanna, heldur einnig manna, sem gegna ýmsum trúnaðarstörfum, svo sem skipstjórn, stýrimensku o. fl. Hjer geta verið mörg mannslíf í húfi, og hugsa jeg, að ekki verði deilt um það, að þjóðfjelagið hafi rjett til þess að gera meiri kröfur til slíkra manna en annara. Menn munu máske halda því fram, að ekki þurfi að óttast það, að embættismenn eða sýslunarmenn standi ekki í stöðu sinni vegna áfengisnautnar. En jeg held einmitt, að ástæða sje til að óttast það, og jeg hygg, að enginn þingmaður neiti því í alvöru, að hann viti þess dæmi. Það er ekki liðið nema rúmt ár síðan maður nokkur fótbrotnaði og var fluttur sjóleiðis til næsta kauptúns, þar sem hjeraðslæknirinn sat. Hans var leitað fram eftir deginum. Hafði hann verið við vín, svo að svefninn yfirbugaði hann og hann svaf þann dag allan, en um fótbrotið var ekki hægt að binda fyr en 12 tímum eftir að komið var með manninn á staðinn. Sem betur fer eru slík dæmi sem þetta undantekningar, en þó er það talið hafa komið fyrir lækni, að hann

gat ekki hjálpað konu í barnsnauð, af því að hann fjell dauðadrukkinn niður á sængina hjá henni. Jeg hugsa, að allir geti verið mjer sammála um, að heiðarlegir embættismenn þurfi ekki að vera móðgaðir af þessu frv. Það er ekki þeirra vegna, sem það er fram komið.

Af því að íslenska þjóðin er mjög vínhneigð, eins og flestar norrænar þjóðir, held jeg, að þessi hv. deild muni vera það mikið í samræmi við þá áfengisvarnaröld, sem nú er uppi í landinu, að samþykkja þetta frv., bæði vegna hins beina og óbeina gagns, sem af því mun leiða. Eftir að löggjöfin er búin að segja skýrt og skorinort, að áfengisnautn sje hættuleg fyrir þjóðfjelagið, verður það án efa til þess að breyta almenningsálitinu í landinu.

Jeg get ímyndað mjer, að fram komi frá fleiri mönnum hjer í hv. deild, sem áhuga hafa á þessu máli, tillögur um að herða á frv. og láta það ná til fleiri manna. Hlutverk væntanlegrar nefndar er einmitt að athuga slíkar tillögur og samræma þær frv. Mjer er það ekkert kappsmál, að frv. mitt verði samþ. algerlega óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Jeg vil aðeins hafa lög um þetta efni sem fullkomnust og best.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. ætti að fara til allshn. að umr. lokinni.

Ingvar Pálmason: Þetta frv. þykir máske nýstárlegt, af því að lítið sje um slík ákvæði í lögum áður. En jeg vil minna á, að nú á seinni árum hefir brytt á samskonar stefnu, þar sem jeg man ekki betur en að svipuð ákvæði sjeu í lögum og snerta bifreiðastjóra. Það virðist því ekki vera alveg nýtt, að löggjafarvaldið finni ástæðu til að setja einhver slík lög. Jeg veit ekki betur en þessum ákvæðum um bifreiðastjóra hafi verið vel tekið, bæði af þeim sjálfum og eins hinum, sem hafa þurft að nota bifreiðarnar. Þetta virðist benda á, að slík löggjöf sje rjettlát.

Jeg ætla ekki að tilfæra nein dæmi um áfengisnautn embættismanna og annara sýslunarmanna. Jeg hygg, að hver og einn af hv. þdm. hafi orðið var við slíkt, svo að jeg tel það óþarft. Aðeins vil jeg mælast til, að hv. deild taki þessu frv. vel. Það er sjálfsagður hlutur, að í þessu máli er rjett að viðhafa alla varasemi og gætni. Annars sje jeg ekki ástæðu til, á þessu stigi málsins, að fara frekar út í það. Öðru máli er að gegna, ef frv. sætti andmælum. Þá mundi jeg telja mjer skylt að rökfæra ástæðurnar fyrir því, að það er fram komið.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer finst rjett að segja um þetta frv., að það gengur alt of langt í því, að gera borgarana misjafna fyrir lögunum. Allir eiga að vera jafnir fyrir þeim, en þegar gerður er mismunur eftir því einu, að maðurinn er í þjónustu hins opinbera, þá er of langt gengið til þess að gera menn misjafna fyrir lögunum í frjálsu landi. Þessi almenna skifting eftir því, hjá hvaða atvinnurekanda mennirnir starfa, hvort þeir starfa hjá einstökum atvinnurekanda eða eru í þjónustu hins opinbera, og þau sjerákvæði, sem hjer er farið fram á að setja, eru þess eðlis, að þau virðast frekar vera til þess gerð, að kasta skugga á þann fjölmenna hóp þjóðfjelagsins, sem hv. flm. (JJ) finst sjerstök ástæða til þess að tína hjer upp. En jeg get alls ekki kannast við, að opinberir starfsmenn og sýslunarmenn

eigi skilið, að löggjafarvaldið fari þannig að taka þá út úr.

Jón Baldvinsson: Það er náttúrlega ekki glæsilegt, að slikt frv. sem þetta skuli þurfa að koma fram, en jeg held nú samt, að það hafi oft og tíðum gerst þau atvik hjer á landi, sem sýna, að það mætti gjarnan liggja einhverjar refsingar við þeim atvikum, sem hjer er talað um; en það eiga ekki allir óskilið mál um þetta. Það er líklegt, að menn vilji helst vernda landið fyrir þeim mönnum, sem óreglusamir eru, og trúað er fyrir lífi og limum annara manna, t. d. er það talið óhjákvæmilegt, að bifreiðarstjórar mættu ekki vera druknir að starfi sínu, því að það getur riðið á lífi fjölda margra. Þessir menn verða að vera með fullu ráði og rænu, til þess að geta ráðið við þau tæki, sem þeim er ætlað að stjórna; það var ekki nóg að banna þeim að vera ölvuðum við þetta starf, heldur þótti sjálfsagt, að stjórnin gæfi út sjerstaka reglugerð, sem trygði þeim, að þeir fengju ákveðinn hvíldartíma í sólarhring, svo að ofþreyta gæti ekki valdið því, að þeir gætu ekki haft fulla stjórn á sínu starfi. Þetta sýnir, að það er talið óhjákvæmilegt, að löggjöfin grípi inn í ýmsum atvinnugreinum, svo að menn hagi sjer sómasamlega, en það skal játað, að það hefir mjög mismunandi þýðingu, hvort embættismenn eru druknir, eftir því, hvaða starfi þeir gegna. Það er t. d. um lækna, að það er hörmulegt, ef þeir eru þannig á sig komnir, þegar þeir eiga að hjálpa mönnum, sem eru milli heims og helju og þurfa þeirra hjálpar.

Hæstv. forsrh. (JÞ) þótti alt of langt gengið í því, að gera menn misjafna fyrir lögunum með þessu, og veit jeg ekki, við hvað hæstv. ráðh. (JÞ) hefir átt með því, kannske við það, eins og sagt hefir verið áður, að það geti verið mismunandi brýn ástæða til að setja skorður við því, að menn sjeu druknir að sínu starfi, en jeg vona, að frv. fái að ganga til nefndar og fái þá að taka þeim breytingum, sem ástæða kynni að þykja til, að þingið geri. Jeg mun greiða atkvæði með því til nefndar, því að jeg tel alveg rjett, að því verði vísað þangað.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg verð að segja, að það kom mjer mjög á óvart, að hæstv. forsrh. (JÞ) skyldi mæla í móti þessu frv., vegna þess, að bæði færði hann ekki nógu ljós rök fyrir þeirri niðurstöðu, sem hann komst að, og í öðru lagi virðist mjer hugur hæstv. ráðh. (JÞ) og hans flokksbræðra beinast meira og meira í þá átt, að vinna á móti bindindismálinu á þinginu. Jeg skal að vísu játa það, að ýmislegt hefir áður komið fram hjá nánustu mönnum hæstv. ráðh. (JÞ), sem ekki styrkir þetta, en jeg vil taka það fram, að á fundi, sem haldinn var í Búðardal í haust, talaði hæstv. ráðh. (JÞ) svo ákveðið með vörnum á móti áfengi, er hann mælti með tveimur frambjóðendum síns flokks, hv. 2. þm. Rang. (EJ) og hv. 6. landsk. (JKr), einmitt með það fyrir augum, að báðir þessir menn, eins og jeg þykist vita, að koma muni fram við atkvgr. í þessu máli, væru ákaflega einarðir fylgismenn bindindismálsins, eins og sá flokkur, sem hæstv. ráðh. (JÞ) stýrir. Það var, sem sagt, ein af aðalástæðunum fyrir því, að Íhaldsflokkurinn efldist á þingi, viðhorf áfengismálsins, og þegar hæstv. ráðh. (JÞ) athugar þetta nánar, þá mun hann sjá,

að nú er að því komið að sýna það í verkinu þeim mönnum, sem trúðu honum þar og annarsstaðar, að honum, sem formanni flokksins, sje það ákaflega mikið áhugamál að halda áfenginu í skefjum. Aðalrökfærsla hæstv. forsrh. (JÞ) var sú, að gera menn ekki misjafna fyrir lögunum, það mætti, sem sagt, ekki gera aðrar kröfur, segjum til forsætisráðherra Íslands, en til manns, sem flytti sorpið úr bænum út á ruslhaugana. Náttúrlega er gott að halda því fram yfirleitt, að menn sjeu jafnir fyrir lögunum, en það er samt mikill misskilningur í því fólginn, þar sem um er að ræða þann manninn, sem falið er að fara með æðstu völd í landinu; þar er honum fenginn bæði rjettur og skyldur, og það er eins með annan mann, að honum er fengið minna vald og þá um leið minni skyldur. Segjum t. d., að hæstv. forsrh. (JÞ) væri í stjórnmálaleiðangri, í þeirri ferð dettur hestur með hann, svo að ráðherra meiðist mikið, og segjum, að hann kæmi þá á stað, þar sem læknirinn lægi augafullur og svæfi í 12 tíma. Hvílík hætta væri það fyrir þjóðfjelagið að setja forsætisráðherra sinn í svo mikinn háska á lífi og limum, fyrir það, að maðurinn, sem settur hefir verið í þetta trúnaðarstarf, er þannig á sig kominn! Það eru vitanlega allir jafnir fyrir lögunum, því að lækninn á eins að binda um meiðsl fátækra manna eins og ráðherra, en þörfin á ábyrgðinni er ekki ávalt jafnmikil, og jeg tek þetta dæmi til þess að sýna fram á, að þjóðfjelagið verður að gera alveg sjerstakar kröfur til manna, sem þannig er trúað fyrir lífi borgaranna.

Það er mjög undarlegt, að hæstv. ráðh. (JÞ) skyldi ekki hafa veitt eftirtekt ræðu hv. 2. þm. S.-M. (IP), því ef hæstv. ráðh. (JÞ) hefði gert það, þá hefði hann aldrei haldið þá ræðu, sem hann hjelt, því að Alþingi hefir sýnt það fyrir skemstu, að meiri hluti þess telur ákaflega mikinn mun á því, hvort við tveir, sem einstaklingar, komum ölvaðir inn í bifreið, eða hvort bifreiðarstjórinn er drukkinn og við tveir ódruknir. Það er, sem sagt, búið að slá því föstu, að það komi þjóðfjelaginu miklu meira við, ef bifreiðarstjórinn er undir áhrifum áfengis, og þannig að miklu leyti hindraður frá að beita viti sínu og kröftum, heldur en einhver einstaklingur, sem situr í bifreið hans, og vil jeg nú spyrja hæstv. ráðh. (JÞ), hvort hann sje ekki búinn að slá því föstu lagalega, að þessi aðferð, sem hjer er talað um, sje rjett, nefnilega, að þjóðfjelagið geri að vissu leyti miklu meiri kröfur til manns í þessari stöðu, og að þetta hefir komið fram um bifreiðastjórana, þá er það vegna þess, að það er svo nauðsynlegt.

Þá sagði hæstv. ráðh. (JÞ), að hjer væri verið að sverta mikla stjett manna í landinu. Er þá verið að sverta alla bifreiðastjóra með þeim lögum, sem samþykt voru? Það er enginn vafi á því, að það eru til bifreiðarstjórar, sem ekki bragða vín, og jeg hefi oft verið í bifreið, þar sem ekki hefir sjest, að bifreiðarstjórinn væri ölvaður, en jeg get samt álitið, að ástæða væri til að útiloka slíka menn alveg. Það er nú verið að reyna að ala upp bifreiðarstjóra og embættismannastjett, að skilja úr svörtu sauðina, og það er þá ekki síst gagn að þessu frv., ef það nær fram að ganga, því að það gerir auðveldara fyrir þá, sem eiga hlut að máli, að losna við þá opinbera starfsmenn, sem eru

brotlegir. Jeg býst við, að menn í þessari hv. deild viti, að það hafa verið menn í trúnaðarstöðum, sem hafa verið meir og minna ófærir til vinnu sinnar í 20 ár, og hafa samt haldið stöðu sinni, og aðrir, sem hafa verið skemri tíma, og stjórnin hefir ekki sett þessa menn frá, og náttúrlega hefði verið hægt að gera það, en það mun hvergi vera beinlínis tekið fram, að ölvun geri það að verkum, að læknir standi nærri því, að missa sitt starfsleyfi. Það er í fyrsta sinn, að hjer eru settar skorður við því, sem leiðir af sjálfu sjer, að maður, sem ekki ræður við þessa ástríðu, skuli hverfa úr þeirri stöðu og vinna fyrir sjer á annan hátt, þar sem hann að vísu getur gert sjálfum sjer sama skaða, en ekki allri heildinni. Jeg hefi þess vegna sannað það, að rök hæstv. ráðh. (JÞ) eru að engu hafandi. Það er búið að slá því föstu, að þjóðfjelagið hafi rjett til þess að gera til manna í þessum stöður því harðari kröfur, því meiri ábyrgð sem þeir hafa gagnvart öðrum mönnum, sem þeir hafa á valdi sínu og í öðru lagi neitaði hæstv. ráðh. (JÞ) því ekki, að þingið í fyrra hefði gert lög, þar sem sjerstakar sektir voru lagðar við því, ef bifreiðarstjórar væru ölvaðir við vinnu sína. Jeg hefi fengið aðfinslur fyrir það, að fara ekki lengra í kröfum mínum, t. d. um þingmenn, sem væru ölvaðir, að það ætti að skylda þá til að segja af sjer. Jeg þykist vera viss um, að með þeirri ágætu stefnu, sem hæstv. forsrh. (JÞ) lýsti yfir í Dölunum í haust, og sem jeg vona, að hann fylgi ennþá, þá sjái hann við nánari athugun, að máske væri ástæða til að herða betur að þessu, þannig, að það kæmi aldrei fyrir, að druknir menn ættu sæti á þingi, ef þeir brytu svo í bág við alment velsæmi, að þeir ljetu sjá sig þar undir áhrifum víns. Jeg er ekki að halda þessu fram, en vildi aðeins skjóta því til hæstv. ráðh. (JÞ), hvort hann vildi ekki gera þá kröfu til sinna manna, að þeir brytu aldrei alment velsæmi á nokkurn hátt, og það væri gott, ef flokkarnir gættu þess, að bjóða aldrei fram til þings þá menn, sem löng reynsla er komin um, að þeir kunna ekki að fara með vín, ef þeim er boðið það, án þess að það verði til minkunnar fyrir þá og þeirra starf. Þetta er aðeins viðbót, til þess að fá vitneskju um það, hvort hæstv. ráðh. (JÞ) er ekki samdóma mjer um það, að sjálfsagt sje að gera alt, sem hægt er, til þess að enginn af opinberum trúnaðarmönnum þessa lands verði sjer til minkunnar fyrir ölvun, og ef hæstv. ráðh. (JÞ) finnur eitthvað að þessari leið, þá vænti jeg þess, að hann bendi á aðra leið, sem hann teldi betri, og að hann vildi nú, annaðhvort við þessa umr. eða síðari umr. málsins, láta það í ljós, hvort hann hefði snúist síðan í Dölunum í haust, eða hvort ekki hefir mátt taka hann trúanlegan um þann einhuga stuðning, sem hann og hans flokkur vildi veita í áfengismálinu, og hvort þær vonir, sem hann vakti þá hjá mönnum í þessu máli, hafa verið tálvonir.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það, sem hv. 1. landsk. (JJ) sagði um bifreiðastjórana, hnekkir ekki á nokkurn hátt því, sem jeg sagði um þetta frv., því að þau lagaákvæði gera engan greinarmun á því, hvort bifreiðarstjórinn er í þjónustu ríkisins eða einhvers annars, en í þessu frv. er hjer um bil

öll aðgreiningin gerð á því, í hvers þjónustu maðurinn er, og það er rangt. Hvað snertir að forðast misbrúkun áfengis, þá er alveg rjett að vera strangur í kröfum um það, en þeim siðferðiskröfum á að beina jafnt til allra borgara þjóðfjelagsins.

Flm. (Jónas Jónsson): Enn hefir hæstv. ráðh. (JÞ) flaskað á þessu máli. Fyrst og fremst lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. (JÞ) hafi ekki litið á frv. sjálft, því að þar er talað um skipstjóra meðal annars, og nú veit hæstv. ráðh. (JÞ), að af þeim eru ekki nema sárafáir í þjónustu ríkisins; það eru miklu fleiri í þjónustu einstakra manna, og ennfremur er tekið fram um lækna, sem eru í einkaþjónustu, að sama gildi um þá. Þess vegna er það auðsjeð, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefir ekki lesið frv. og veit ekki, hvað í því stendur, en rjettara væri, að hann kynti sjer efni þess, því að það er í sjálfu sjer önnur sönnun á móti því, sem hæstv. ráðh. (JÞ) hefir komið með. Ennfremur mun hæstv. ráðh. (JÞ) kannske vera kunnugt um það, að það er mikill munur á því, hvort maður er einkabílstjóri eða hvort hann stýrir bifreiðinni farþegabifreið, af því að í fyrra tilfellinu getur hann aðeins orðið sjálfum sjer að bana, án þess að saka aðra, og þar í liggur aðalmunurinn. Þetta er þess vegna algerlega rangt hjá hæstv. ráðh. (JÞ), og jeg verð að telja það mjög óheppilegt, ekki síst, þegar nú er um það að ræða, hvort hæstv. ráðh. (JÞ) sje nú sama sinnis eins og þegar hann var að útvega kjörfylgi hv. fylgismönnum Íhaldsflokksins, sem kosnir voru í haust, og þegar hann leitaðist við að sýna fram á, að áfengisvarnirnar væru ekki annarsstaðar betur framkvæmdar en hjá þeim flokki. En það er nú ekki nóg með það, að hæstv. ráðh. (JÞ) hafi gleymt bifreiðarstjóralögunum, heldur hefir hann líka gleymt lagafrv., sem hann tók sjálfur þátt í að búa út í vetur og nú liggur fyrir þessu þingi. Þar leyfir hæstv. ráðh. (JÞ) sjer að gera þann mun, að bankastjóri við Íslandsbanka, sem skipaður er af ríkisstjórninni, missi viss rjettindi, en bankastjóri, sem skipaður er af hluthöfum bankans, heldur þeim. Jeg býst við, að ýmsir geti mælt með slíkri aðferð, eins og hæstv. ráðh. (JÞ) tók fram, en þetta sýnir jafn-vel hvernig hæstv. ráðh. (JÞ) neyðist til að gera upp á milli manna, sem vinna sama verk. Annars sýnir þetta ekki annað en það, að hæstv. ráðh. (JÞ) er horfinn frá þeirri kenningu, sem hann setur hjer fram, og fremur einmitt mestu rangindin sjálfur, en aðalröksemdin, sem eyðileggur rök hæstv. ráðh. (JÞ) er einmitt sú, að frv. á þskj. 120 nær jafnt til starfsmanna ríkisins og þeirra, sem eru í einkaþjónustu, en það eru margir tugir manna og ef til vill hundruð manna, sem það nær til, sem ekki eru starfsmenn ríkisins. Jeg vildi þess vegna yfirleitt gefa hæstv. ráðh. (JÞ) það ráð, áður en han lætur ljós sitt skína, að hann vildi lesa frv., svo að hann væri viss um efni þess, áður en hann fer að tala um það.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg gæti alveg á sama hátt sagt um hv. flm. (JJ), að hann hefði ekki lesið frv., því að hann hefir alveg gengið fram hjá meginatriðum frv. Þegar hv. flm. (JJ) reynir að láta það líta svo út sem greinarmunur sje ekki fyrst og fremst gerður eftir því, hvort hlutaðeigandi borgari sje í þjónustu hins opinbera eða

ekki, þá lætur hv. flm. (JJ) svo sem hann hafi ekki lesið fyrri hluta 1. gr. í frv., sem innilykur mestan hluta þeirra manna, sem frv. tekur til, en það þýðir þá menn, sem starfa í þjónustu hins opinbera, menn, sem ekki eru lauslega ráðnir, heldur taka mánaðarkaup. Hv. flm. (JJ) staðfesti nú þessa lauslegu þekkingu sína á frv. seinna, með því að segja, að jeg hefði haft rangt eftir sjer, en jeg skrifaði þetta orðrjett eftir hv. þm. (JJ), að frv. nái jafnt til starfsmanna ríkisins og starfsmanna einkafyrirtækja. (**JJ:** Já, þessi liður, sem hjer er um að ræða). En um ákvæði bankalagafrv. ætla jeg að geyma að ræða, þar til það mál kemur á dagskrá.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg þarf ekki annað en að benda á það, að í öðrum málslið 1. gr. stendur:

„Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt ekki sje hann embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum ....“

Þetta hefir hæstv. ráðh. (JÞ) ekki lesið; ennfremur hefir hæstv. ráðh. (JÞ) ekki lesið 2. gr., þar sem segir:

„Sömu viðurlög liggja og við því, ef skipstjórar eða stýrimenn, bátaformenn eða vjelstjórar eru ölvaðir við störf sín á skipi því, sem þeir eiga að stjórna eða annast á vjelgæslu ....“

Þar kemur sem sje til heill hópur manna, sem nemur hundruðum á öllu landinu. Ennfremur hefir hæstv. ráðh. (JÞ) ekki lesið fyrirsögn frv., þar sem stendur:

„Frumvarp til laga um viðurlög við ölvan embættismanna, skipstjóra o. fl.“

Þar sem hæstv. ráðh. (JÞ) hlýtur að vera kunnugt um það, að skipstjórar landsins eru yfirleitt ráðnir hjá einkafyrirtækjum, en ekki hjá ríkinu, þá er það auðsjeð, að það er hvorki fyrirsögn frv. nje heldur 1. eða 2 gr., sem hæstv. ráðh. (JÞ) hefir lesið, og þá er það líklega ekki nema ein grein, 3. gr. frv., sem hæstv. ráðh. (JÞ) hefir lesið, þar sem sagt er, að með brot gegn lögum þessum skuli fara sem opinber lögreglumál.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IP, JBald, JJ, MK, BK, EÁ.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr., EJ, HSteins.

5. Útflutningsgjald.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um útflutningsgjald, nr. 70, frá 27. júní 1921, og lögum nr. 11, 29. maí 1925, um breyting á þeim lögum (þmfrv., A. 127).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Á þinginu í fyrra voru gerðar breytingar, allverulegar, til þess að ljetta gjöldum af sjávarútveginum. Þær breytingar eru mönnum hjer í þessari háttv. deild mjög vel kunnar, svo að jeg þarf ekki að fara út í þær; þær náðu bæði til þeirra útvegsmanna, sem veiða þorsk og síld, og voru mjög umfangsmiklar, svo að tjón ríkis-

sjóðs af því, sem gert var þessum atvinnurekendum í vil, mun nema að minsta kosti 400000 króna. En þá var ekki gerð nein svipuð leiðrjetting fyrir landbúnaðinn, og það verður maður að telja því undarlegra sem svo stóð á, að þetta mun hafa verið stjfrv., sem þannig ljetti af sjávarútveginum, og mætti þess vegna búast við, að ríkisstjórnin liti þannig á, að ef sjávarútvegurinn þyrfti ljettis við, þá væri sama máli að gegna um landbúnaðinn. En þetta er máske sprottið af vangá. En ef svo er, að hæstv. stjórn hefir gleymt þessu á þinginu í fyrra, þá vil jeg hjer með gefa henni tækifæri til þess að bæta úr þessari gleymsku. Jeg skal taka það fram, eins og sjá má líka á þskj. 127, að þetta frv. er breyting á öðrum lögum en þeim, sem breytt var í fyrra, þegar ljett var af sjávarútveginum skatti af olíu, kolum, salti og síldartunnum. Það er nú fyrir margra hluta sakir þörf á því, að sköttum sje ljett af landbúnaðinum, og skal jeg taka fram fáein atriði. Fyrsti munurinn á því, að láta landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir bera útflutningsgjald, liggur í því, að landbúnaðarafurðir, svo sem kjöt, smjör o. fl., fást ekki nema með undangenginni vinnu við ræktun landsins. Landbúnaðurinn byggist á því, að landið sje gert auðugra og bætt með aukinni ræktun. En sama verður ekki sagt um sjávarútveginn. Hann byggist á rányrkju; því meira rán sem framið er, því fátækari verða miðin á eftir. Sjávarútvegurinn þiggur, án þess að gefa nokkuð í staðinn, hliðstætt ræktuninni. Þótt útflutningstollur sje hafður á afurðum, sem fengnar eru fyrir rányrkju, þá nær það ekki til þess atvinnuvegar, sem byggist á því, að sökkva fje í jörðina og bæta hana. Við þennan almenna mun bætist það, að herfur með sölu landbúnaðarafurða eru nú mjög erfiðar. Bestur markaður fyrir kjötframleiðslu vora er í Noregi, en þar er hár innflutningstollur á þessari vöru. Hún verður því að glíma við tvöfaldan toll, útflutningsgjald heima fyrir og innflutningsgjald á hinum erlenda markaði. Þegar við þetta bætist, að markaðurinn er þröngur í Noregi og verðið fallandi, þá hljóta allir að viðurkenna, að útlitið er ekki gott í framtíðinni með því kaupgjaldi, sem nú er, og kostnaði við framleiðsluna. Vænti jeg því, að hv. deild líti svo á, að fella beri niður með öllu útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Það sjest af frv., að tvenn lög eru um útflutningsgjaldið. Með lögum nr. 70, 27. júní 1921, var útflutningsgjaldið ákveðið 1%. En þessu var breytt á þinginu 1925 með lögum nr. 11, 29. maí. Þá var gjaldið hækkað um stundarsakir upp í 1½%, og skyldi ½% fyrst um sinn renna til ræktunarsjóðsins, en eftir 1. jan. 1927 ¾ tekjuaukans renna til reksturskostnaðar strandgæsluskips, en ¼ áfram í ræktunarsjóðinn, uns framlag til sjóðsins samkv. þessum lögum er orðin 1 miljón króna. Þó það yrði að leggja á nýtt gjald í stað þessa ½% til ræktunarsjóðsins, meðan verið er að fylla miljónina, þá ætti að gera það á annan hátt en gert er samkvæmt lögunum frá 1925; því að eftir þeim lögum kemur gjaldið eingöngu á þau hjeruð, sem flytja út, með öðrum orðum: þau hjeruð, sem búa við lakari markaðskjör. Það ætti að koma því svo fyrir, að gjaldið kæmi hlutfallslega jafnt niður á alla þá menn, sem landbúnað stunda, en ekki eingöngu á þá, sem lakari hafa markaðinn. Eins og jeg gat um

áðan, gera lögin frá 1925 ráð fyrir því, að tryggja ríkissjóði með þessu gjaldi tekjur til reksturs varðskips. Það á ekki nema um stundarsakir að renna til ræktunarsjóðsins. Þetta ákvæði hygg jeg að allir geti verið sammála um að fella niður.

Jeg vil að lokum leyfa mjer að óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hjer á að skerða tekjur ríkissjóðs, og það ekki óverulega. Skattur sá, sem hjer er um að ræða, hefir verið 100—200 þús. kr. á ári eftir kringumstæðum, og ef þeirri upphæð er kipt burtu, þá er það ekki lítil skerðing á tekjum ríkissjóðs. Eftir því sem ástándið er nú, þá held jeg, að það sje hvorki rjett nje forsvaranlegt að rýra tekjur ríkissjóðs meira en orðið er. Jeg get ekki viðurkent þá ástæðu, sem hv. flm. (JJ) færði fyrir þessari skerðingu, sem sje þá, að skattaívilnun sú, sem samþykt var á síðasta þingi, hafi eingöngu verið sjávarútveginum til góðs, en landbúnaðurinn hafi orðið afskiftur. Það, að meiri hl. skattaívilnananna fjell í skaut sjávarútveginum, er eðlileg afleiðing af því, að sá atvinnuvegur bar og ber enn margfaldar byrðar á við landbúnaðinn. Þegar linað er á skatti, þá verður auðvitað að lina á þeim, sem skattinn eiga að greiða. En landbúnaðurinn fjekk að jeg hygg þá tilslökun, sem hann átti sanngirniskröfu á, eftir því, hve langt skattívilnunin náði.

Annars vil jeg geta þess, að frv. þetta er þannig úr garði gert, að það er óhugsandi að samþykkja það eins og það liggur hjer fyrir. Með þessum tveimur breytingum verða lögin óskapnaður, er brtt. eru lesnar inn í þau. En ef þetta frv. er tekið eins og hv. flm. hugsar það, þá er meiningin sú, að alt útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum falli niður. En eins og hv. flm. sjálfur tók fram, varð það að samkomulagi, þegar lög um ræktunarsjóðinn voru sett, að leggja viðbótargjald á þær, til þess að afla ræktunarsjóðnum tekna. Það verð jeg að skoða sem samning milli löggjafarvaldsins og ræktunarsjóðsins, sem jeg álít, að ekki sje hægt að hagga við, ræktunarsjóðnum til tjóns. Hitt gæti komið til mála, að þetta gjald yrði greitt í annari mynd en nú er, ef þess væri alment óskað, en fram á slíkt er ekki farið í þessu frv.

Jeg skal enga tillögu gera um það, hvort þessu máli verði vísað til nefndar eða 2. umr. Með atkvæði mínu mun jeg sýna afstöðu mína til þess. En jeg vil leggja áherslu á það, að hvorki vegna ræktunarsjóðs nje ríkissjóðs er forsvaranlegt að samþykkja þetta frv.

Flm. (Jónas Jónsson): „Öðruvísi mjer áður brá", mættu þeir segja, sem heyrðu ræðu hæstv. forsrh. (JÞ), er þeir minnast þess, þegar hann var að reyna að lauma þriggja ára reglunni inn í tekjuskattslögin, eða þegar hann í fyrra stóð fyrir því, að gefa eftir 400 þúsund krónur í skatti af olíu, kolum, salti og síldartunnum (**Forsrh. JÞ:** Kjöttunnum og kornvöru, svo að alt sje upp talið!) — Jeg verð að benda hæstv. ráðherra á, að það var ekki honum að þakka með kjöttunnurnar og kornvöruna. Það voru aðrir, sem áttu frumkvæðið að því. Hæstv. ráðherra fer líkt og hinum deyjandi syndara hjá Ibsen í Pjetri Gaut, sem ætlaði að fara að lesa Faðirvorið, en mundi ekki eftir öðru en: Gef oss í dag vort daglegt brauð! Hæstv.

ráðherra man ekki eftir nema vissum flokk manna, þegar hann er að veita ívilnanir eða vernda hagsmuni. Stundum eru það brotlegir og drykkfeldir embættismenn, sem hann vill halda hlífiskildi yfir, eins og kom í ljós í fyrra málinu á dagskránni í dag. En þetta mál liggur þannig fyrir, að ríkisstjórnin er búin að leggja til að skerða tekjur ríkissjóðsins. Hún hafði efni á því í fyrra að kasta í burtu nærri hálfri miljón af gjöldum frá sjávarútveginum, en þegar ljetta á að nokkru byrðar landbúnaðarins, þá kveður við annan tón. Út af þeirri röksemd hæstv. ráðh., að sjávarútvegurinn beri þyngri byrðar, þá er vert að athuga það, að stærsta útgerðarfirmað, sem hefir mest undir höndum af sjávarafurðum, fyrirfinst ekki á tekju- og skattaskrám undanfarin ár. Einn af forstjórum þessa fjelags, sem er þingmaður, hefir játað, að það sje gengishækkunin, sem valdi þessu. Með öðrum orðum, það er hæstv. ráðherra persónulega að kenna, að þeir, sem hann segir, að beri þyngstu byrðarnar, geta það ekki. Þeir fyrirfinnast ekki í þeim skrám, þar sem nöfn þeirra ættu að standa með gyltu letri, sem sterkustu stoðir þjóðfjelagsins. Þetta þyrfti hæstv. ráðh. að athuga nánar. Það þýðir ekki að gorta og glamra um það, að vissar stjettir beri þyngstu skattabyrðarnar, þegar þær staðreyndir koma á móti, að taka verður miljóna lán þeirra vegna og þing eftir þing eru á ferðinni uppgjafir til þeirra. Þetta er ekki hægt að sameina. En svo, þegar farið er fram á að ljetta undir með landbúnaðinum, þá verður hæstv. ráðherra dýldinn og gefur í skyn, að helst beri að fella slíka málaleitun við 1. umr. Þá fór hæstv. ráðherra ekki rjett með, er hann sagði, að þetta útflutningsgjald næmi 1—2 hundruð þúsund krónum. Það liggur ekki nærri því, að það sje 200 þús. kr., en mun vera lítið eitt yfir 100 þús. kr. Þá sagði hæstv. ráðh., að lögin mundu verða lítt skiljanleg, þegar búið væri að fella þær breytingar, sem í þessu frv. felast, inn í þau. Jeg get vel trúað því, að hann skilji það ekki, þegar þess er gætt, að hann skildi ekki frv. það, sem var til umr. áðan, en öllum öðrum mun vera þetta ofur skiljanlegt. Afstaða hæstv. ráðh. gagnvart þessu frv. mínu er samt ekki skiljanleg á annan hátt en að hann vilji níðast á landbúnaðinum, er hann lækkaði ótilkvaddur skattinn á sjávarútveginum í fyrra, en tekur illa tilsvarandi breytingum gagnvart landbúnaðinum. Ef hæstv. ráðh. kynnir sjer umræður um framlengingu laga um útflutningsgjald á þingi áður, þá getur hann sjeð, að tveir samherjar hans, hæstv. atvrh. (MG) og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) fylgdu framlengingunni með samviskunnar mótmælum. En síðan hefir ranglætið ekki minkað. Þá kom hæstv. ráðh. ekki nærri þeirri röksemd minni, að frekar bæri að hlífa þeirri atvinnugrein, sem byggist á ræktun landsins og hefir aukna ræktun landsins í för með sjer, heldur en þeirri, sem stundar rányrkju. Hæstv. ráðh. bætti við rangri skýringu um ræktunarsjóðinn. Hann sagði, að það væri samningsbundið við ræktunarsjóðinn, að þetta gjald gengi til hans, og því mætti ekki rifta. En samningurinn getur auðvitað ekki gilt lengur en meðan þingið breytir ekki um gjaldstofn. En auk þess fær ræktunarsjóðurinn hinn part gjaldsins, þó því verði ljett af landbúnaðarafurðunum. En annars hættir þetta gjald innan skamms

að renna til ræktunarsjóðsins, því að miljónin, sem lögin tiltaka, er bráðum komin. En það kann nú að vera meining hæstv. ráðh., að láta þetta ½% aukagjald haldast, eftir að það hættir að renna til ræktunarsjóðsins, skattleggja bændurna, til þess að hafa nógu hátt launaða menn á varðskipunum.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en aðeins geta þess, að ef hæstv. ráðh. greiðir atkvæði á móti þessu frv. og fær samherja sína til þess, þá sýnir það, hve gífurleg hlutdrægni í garð landbúnaðarins fyllir brjóst ráðherrans.

Jóhann Jósefsson: Jeg verð nú að segja það, að þó maður geti átt von á að sjá sitt af hverju frá háttv. 1. landsk. (JJ), þá varð jeg þó hissa, er jeg sá þetta frv. Jeg vissi ekki betur en hann væri sammála öðrum þm., er útflutningsgjaldið var hækkað um ½% á þinginu 1925, í því skyni að styrkja ræktunarsjóðinn um ákveðið tímabil og strandvarnirnar á eftir. Ræktunarsjóðurinn hefir nú þegar fengið allmikið fje eftir þeim lögum; árið 1925 fjekk hann hátt á þriðja hundrað þúsund kr., og þó það væri ekki jafnmikið á árinu 1926, þá er áætlað, að það muni ekki miklu. Það horfir því nokkuð einkennilega við, að þegar sá tími er nýgenginn í garð, sem hið hækkaða útflutningsgjald skiftist á milli ræktunarsjóðsins og strandgæslunnar, þá skuli sá hv. þm., sem telur sig forkólf bænda, leggja til, að þessu verði breytt og þar með rofið það samkomulag, sem svo að segja nýskeð var ákveðið. Jeg vildi því nota tækifærið til þess að mótmæla því, að það sje rjettmætt, sem hv. flm. (JJ) fer fram á með þessu frv. sínu, og þá um leið víkja að því, sem hann segir í greinargerð frv., að á síðastliðnu þingi hafi verið ljett af sjávarútveginum skatti af olíu, kolum, salti og síldartunnum.

Þetta mætti nú skilja svo, að enginn skattur hvíldi á vörum þessum, en allir, sem nokkuð þekkja til þessara mála, vita, að svo er ekki, heldur var tollur þessi lækkaður lítilsháttar með breytingu þeirri, er gerð var á síðasta þingi. Það viðurkendu víst allir, og gera enn, nema ef vera skyldi hv. flm. (JJ), að alt of þungur tollur hvíldi þá orðið á sjávarútveginum, einkum þó á kolum og salti.

Það er fjarri mjer að mæla á móti því, að landbúnaðurinn eigi örðugt uppdráttar. En það á sjávarútvegurinn engu síður. Á hitt ber líka að líta, að útflutningsgjaldið kemur ekki eins illa niður á landbúnaðinum eins og gjald það á sjávarútveginum, sem hækkað var í fyrra.

Jeg get ekki sjeð, að landbúnaðinum sje neinn greiði gerður með frv. þessu, sjerstaklega þó, er þess er gætt, að það stefnir að því, að rjúfa það samkomulag, sem orðið var milli þm. um það, hvernig verja skyldi útflutningsgjaldinu. Það má svo að orði kveða, að fulltrúar atvinnuveganna hjer á þingi hafi komið sjer saman um það með lögum frá 1925. Hv. 1. landsk. (JJ) kemur nú með frv. til þess að rjúfa þetta samkomulag, því að frv. hans ríður algerlega í bága við það, sem þá var samþykt.

Flm. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði ósæmilegt af mjer að leggja til að breyta útflutningsgjaldslögum frá 1925, af því að jeg hefði þá verið með að samþ. þau. En þetta er

hvorki nýtt nje einsdæmi, að aðstaða til mála breytist eftir breyttum kringumstæðum. Jeg get í þessu sambandi bent á hæstv. atvrh. (MG), sem er höfundur skattalaganna frá 1921, en varð þó fyrstur manna til að breyta þeim á þinginu 1924. Síðan hafa margir íhaldsmenn verið með því undanfarandi ár að leggja toll á kol, olíu, salt, tunnubönd o. fl., en koma svo með breytingu á þeim tollum í fyrra, svo að jeg get ekki betur sjeð en að hjer sje um loflegt fordæmi að ræða fyrir mig, sem þetta frv. flyt, og það sje bein afleiðing þess, sem gert var hjer í fyrra.

Annars má hv. þm. Vestm. (JJós) halda við þá barnatrú sína, að lögin frá 1925 hafi verið sá órjúfanlegi sáttmáli, sem ekki megi breyta, en eigi að standa um aldur og ævi. En hitt vil jeg segja, að bændur hafa nú þegar greitt óþarflega mikið fyrir strandvarnir, sem spurning er þó um, hversu hagkvæmlega eru reknar. Enda vil jeg benda honum á, ef hann ekki man það, að jeg hefi yfirleitt betri skilning á strandvörnum, og hefi litið með dálitið meiri sanngirni á þörf þeirra, heldur en hv. þm. Vestm. (JJós), þegar honum verður að einhverju leyti litið til landbúnaðarins. Og þessu til sönnunar skal jeg geta þess, að í fyrra sendi formaður Björgunarfjelags Vestmanneyinga mjer sjerstakt þakkarskeyti fyrir afskifti mín af strandvarnarmálum landsins.

Hv. forsrh. (JÞ) og hv. þm. Vestm. (JJós) hafa ekki getað hrakið, að breyta þurfi útflutningsgjaldinu landbúnaðarins vegna, og að þar sje óhæfilegur grundvöllur, sem bygt er á, meðan saltkjötsmarkaðurinn er eins og stendur, að ⅓ af allri framleiðslunni selst innanlands. Og þó ætlast sumir til, að kjöttollurinn verði varanlegur skattur, er gangi til þess að greiða kaup handa óþarfa yfirmönnum á strandvarnarskipunum.

Hv. þm. Vestm. (JJós) þótti í fyrra of hátt gjald af kolum og salti, vegna sjávarútvegarins, sem ekki gæti risið undir því. Nú líta bændur svo á, að of hátt sje á sjer, og að röðin sje komin að landbúnaðinum, að þar verði einnig ljett á gjöldunum, eins og bráðum mun koma á daginn við atkvgr.

Og jafnvel þó að frv. verði samþ., þá er fjarri, að kröfum bænda um að ljetta skattabyrðum af landbúnaðinum sje fullnægt, og þó að ræktunarsjóður yrði aukinn og margfaldaður.

Jeg vildi benda hv. þm. Vestm. (JJós) á það, að ef hann vildi kynna sjer afstöðu bankanna til atvinnuveganna, þá mundi honum verða ljóst, að hvergi er um jafngifurleg töp að ræða eins og hjá þeim atvinnuveginum, sem hann er fulltrúi fyrir. Þar hefir þúsundunum, tugum þúsunda og miljónum verið fleygt í sjóinn. Og nú er verið að tala um nýtt miljónalán, sem taka eigi til þess að fleygja í þessa botnlausu hít. En vegna þessara miljónatapa útgerðarinnar er svo landbúnaðurinn að sligast undan ósanngjörnum sköttum og alt of þungum vaxtakjörum.

Jóhann Jósefsson: Það er nú altaf dálitið einkennilegt að vera að ræða um frv. eða till., sem ekki er fram komin.

Frv. á þskj. 127 virðist fram borið til þess að ljetta af öllu útflutningsgjaldi af öðrum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, og um annað er ekki verið að ræða. Það kemur ekki heldur annað fram í ræðu hv. flm. (JJ) en að frv.

beri svo að skilja, að landbúnaðurinn sje undanskilinn útflutningsgjaldi.

Jeg hefi ekkert um það sagt, að landbúnaðurinn eigi eilíflega að bera þennan eða annan skatt. En hitt finst mjer undarlegt, að sami hv. þm., sem á þingi 1925 hafði framsögu í því, að ráðstafa þessum tolli, skuli nú flytja frv., sem fer í þveröfuga átt við það, sem þá var samþ. og hann viðurkendi þá, að væri rjett.

Jeg mintist ekkert á varðskipin; það mál er ekki til umr. nú, enda mun síðar gefast tækifæri að tala um þau. Jeg var heldur ekki með neinar aðdróttanir í hans garð um stuðning hans við strandvarnarmálið. En eitthvað ber það vott um lítið hlýjan hug til strandvarnarskipanna, þessi orð, sem frá honum fjellu um óþarft starfsmannahald á þeim, en um það veitist eflaust tækifæri að tala síðar.

Jeg sje enga ástæðu til að eyða fleiri orðum við hv. flm. (JJ). Jeg treysti svo rjettsýni hv. þdm., að þeir sjái, að frv. eins og þessu beri á engan hátt að sinna.

Flm. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Vestm. (JJós) segir, að hjer liggi ekki fyrir að ræða um, hvernig gjaldinu til ræktunarsjóðs verði komið fyrir á annan hátt en gert var með lögunum frá 1925. Jeg lít svo á, að þetta ½% gjald væri bráðabirgðarákvæði, og ætlaðist til, að það yrði nánar athugað í nefnd. Hinsvegar er það skýrt tekið fram í greinarg. frv., þó stutt sje, hvers vegna beri að ljetta af landbúnaði skatti þeim, sem á hann er lagður með lögum nr. 70, 1921.

Hv. þm. Vestm. (JJós) er altaf að bera mjer á brýn, að jeg hafi skift um skoðun frá því á þingi 1925. En jeg hefi sýnt honum fram á og sannað, að þetta hafi hans hv. skoðanabræður gert oft og mörgum sinnum, og það í stærri málum, t. d. eins og skattalöggjöfinni.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, MK, EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ.

nei: BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

6. Forkaupsrjettur kaupstaða á jörðum.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á jörð í nágrannahreppi (þmfrv., A. 96).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er eiginlega framhald af þeim lögum, sem sett hafa verið um forkaupsrjett sveitarfjelaga á jörðum. Í mörgum kauptúnum eru nú orðnir svo miklir erfiðleikar á því að fá nægilegt land, til þess að framleiða það, sem þarf, t. d. mjólk handa íbúum kaupstaða og kauptúna, og þótt jarðir sjeu í nánd, þá eru þær oft þannig setnar, að menn hafa ekki nægilegt fje til að leggja í þær, til þess að þær geti framleitt það, sem nauðsynlegt er. En í það land, sem kaupstaðir og kauptún hafa eignast í

nágrenni við sig, hafa þeir lagt meira til ræktar en annars er venja í sveitum, og þetta er líka mjög skiljanlegt, því að kaupstaðir og kauptún eiga eðlilega hægra með að leggja meira fje til ræktunar heldur en fátækir bændur.

Nú er það ekki þannig, að hjer verði neinn verulega greiður aðgangur að kaupum á jörðunum, því að á undan þessum kaupanda eiga leiguliðar og börn, kjörbörn og fósturbörn eiganda og síðan sveitarfjelag forkaupsrjett, og svo er hugsunin, að á eftir þeim komi kaupstaðir og kauptún. Nú er ekki svo að skilja, að þetta geti orðið til neinna vandræða fyrir hreppsfjelögin, sem hlut eiga að máli, því að með þessu fá kaupstaðirnir ekkert meiri völd í nágrannahreppunum en áður, þó að þeir eigi jarðir í hreppnum. Afleiðingin verður aðeins aukin ræktun í nágrenninu, sem ekki var áður til. Jeg veit, að einstöku menn óttast, að kaupstaðirnir og kauptúnin mundu nota þetta til þess að koma af sjer fátæklingum, sem þeir annars hefði þyngsli af, en jeg held, að það sje ástæðulaus ótti; það eru að vísu dæmi til þess í kaupstöðum, að það hefir verið gefið með fólki, til þess að það yrði sveitlægt annarsstaðar, en það eru aðeins undantekningar, sem ekki er hægt að taka til greina hjer. Menn sjá líka, að í kaupstöðum og kauptúnum er mikil nauðsyn á auknu jarðnæði í kringum þá; þeim er því brýn þörf á þeim jörðum, sem liggja að landi kaupstaðanna, þar sem smábýlismenn í kaupstöðunum geta varið tómstundum sínum til þess að rækta landið, sjer og bæjarfjelaginu til gagns. Jeg álít þess vegna, að þessi heimild eða rjettur sje óhjákvæmilegur handa kaupstöðum og kauptúnum, því að þótt rjettur sje til í lögunum, að taka megi eignarnámi til almenningsheilla, þá er slíkt eignarnám svo þröngt, og verður líka naumast notað í þeim tilgangi, sem hjer er um að ræða.

Jeg skal þá ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Jeg leyfi mjer að óska þess, að því verði vísað til nefndar; sennilega ætti það heima í landbn., og vildi jeg því mælast til, að því yrði vísað þangað.

Einar Árnason: Ef þetta frv. verður að lögum, þá gefur það kaupstöðum og kauptúnum rjett til þess að blanda sjer í kaup og sölu á jarðeignum í ýmsum hreppum á landinu. Hjer er sem sje verið að bæta við enn einum forkaupsrjettaraðilja við það, sem áður var; þeir eru þegar, eins og hv. flm. (JBald) tók fram, þrír fyrir, og hjer kemur sá fjórði til viðbótar. Jeg veit nú ekki, hve langt verður hægt að teygja þennan forkaupsrjett, en það getur gengið svo langt, að það verði töluvert mikið haft á athafnafrelsi manna og geti gengið fullnærri eignarrjettinum. Jeg sje nú í rauninni ekki, að það sje verulega brýn ástæða til þess að gefa kaupstöðum eða kauptúnum, sem eru sjerstakir hreppar, nein sjerstök vildarkjör í þessu efni, því að það er sá aðili, eins og reynslan hefir sýnt, sem hverjum einstakling er um megn að keppa við, þegar um jarðakaup er að ræða í nágrenni þeirra, af því að kaupstaðirnir hafa miklu meira bolmagn til að gefa hátt verð fyrir jarðir, vegna þess, að þeir hafa miklu betri tök á að leigja út land jarðanna til einstaklinga í kaupstaðnum fyrir svo hátt verð, að það er óhugsandi, að bændur, sem reka búskap á jörðunum, geti kept við þá.

Það er ekki annað hægt að sjá af þessu frv. en að kaupstaðirnir geti stungið sjer niður hvar sem er í nágrannahreppunum og keypt eina og eina jörð, þar sem þeim sýnist. Þar sem jeg þekki best, hagar svo til, að þrír hreppar liggja að kaupstaðnum, og þá eru það þrír allstórir hreppar, sem falla undir þessi ákvæði frv. Það er vitanlegt, að kaupstaðir hafa gert töluvert að því, að kaupa jarðir í nágrannahreppum sínum, og hygg jeg, að það hafi orðið sú reyndin á, að einstakir jarðabraskarar hafi grætt töluvert á þeirri verslun. Hinsvegar er það og víst, að sveitarfjelögin, sem jarðirnar liggja í, hafa ekki beðið annað en skaða af þessu. Það er alls engin trygging fyrir því, að kæjarfjelögin fari ekki hreint og beint að „spekúlera" í því, að fara að kaupa upp jarðir í nágrannahreppum. Auk þess er það ekki útilokað, að bæjarfjelög geti með þessum hætti látið ýmsa vandræðamenn verða sveitlæga í nágrannahreppum sínum. Jeg fullyrði ekki, að þetta hafi enn komið fyrir, en það liggur nærri að ætla, að af þessu geti stafað hætta fyrir viðkomandi hreppa, einkum síðan sveitfestistíminn var styttur. Að minsta kosti þyrfti að búa svo um hnútana, að þau sveitarfjelög, sem hlut eiga að máli, hefðu rjett til að krefjast þess, að þær jarðir, sem kaupstaðirnir þannig eignast, yrði að leggjast undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Jeg þekki þess dæmi, að kaupstaður eignaðist jörð í nágrannahreppi. Í landi þessarar jarðar reis svo upp allstórt þorp, og hlutaðeigandi hreppur hefir mjög eindregið óskað þess, að bærinn vildi taka þetta land undir sitt lögsagnarumdæmi, vegna þess, að hreppurinn hefir töluvert mikil þyngsli af þessu þorpi, en kaupstaðurinn hefir algerlega neitað því, og það mun vera ákveðið í lögum, að þetta er ekki hægt að gera, nema með samkomulagi milli hlutaðeigandi sveitar og bæjarfjelags. Sem sagt, mjer sýnist þetta frv. vera töluvert athugavert, og í þeirri mynd, sem það nú er, mun jeg ekki fylgja því.

Magnús Kristjánsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessu frv., en aðeins til þess að gera eina fyrirspurn til hv. flm. (JBald) um það, hvernig skilja beri eina setningu í frv., sem mjer finst dálítið óljóst orðuð; það er þessi setning:

„Nú hefir sveitarfjelag hafnað forkaupsrjetti á jörð í hreppi, er liggur að kaupstað." ....

Jeg vildi fá skýringu á því, hvort hjer er aðeins átt við jarðir, þar sem land jarðarinnar liggur að landi kauptúnsins. Spurningin er því, hvort það er land hreppsins eða land jarðarinnar, sem þarf að liggja að takmörkum kaupstaðarins eða kauptúnsins. Það er aðeins þetta, sem jeg vildi fá upplýst, því að þetta getur haft talsverða þýðingu. Það er alt annað, hvort land ákveðinnar jarðar liggur að landamærum kauptúns, eða hvort aðeins er átt við, að það sje landamæri hreppsins og landamæri kauptúnsins, sem komi saman. Það getur verið, að þessi fyrirspurn mín sje óþörf, en mjer finst alveg nauðsynlegt að fá skýringu á þessu atriði. Svo er annað, sem jeg get bætt við, úr því að jeg á annað borð stóð upp. Jeg get ekki annað en lýst ánægju minni yfir því, að þetta frv. er fram komið, hvað stefnuna sjálfa snertir, vegna þess, að mjer finst liggja mikil viðurkenning í því, um að sá vöxtur kauptúna, sem að

undanförnu hefir átt sjer stað, sje ekki allskostar heilbrigður, þar sem viðurkent er með þessu frv., að jarðrækt sje nauðsynlegt skilyrði fyrir þrifum þorpa, og þá um leið kauptúna yfirleitt. Það er eins og mönnum hafi stundum sjest yfir þetta mikilvæga aðalatriði, en jeg álít, að það sje hinn upprunalegi tilgangur og órjúfanlegt lögmál, að sem allra flestir þurfi að lifa á einhverjum jarðargróða, einhverri framleiðslu af jörðunni. Þá fyrst gæti þorpi eða kaupstað vegnað vel, því að það er óeðlilegt, að fjöldi fólks safnist saman á litlum bletti, án þess að lifa á nokkurri framleiðslu, heldur aðeins á nokkrum atvinnusnöpum. Mjer finst, að hv. flm. frv. (JBald) hafi með þessu lýst yfir því, að hann hafi nú fengið fullan skilning á því, að það beri að leitast við að hindra þetta mikla aðstreymi að sjávarsíðunni, sem nú á sjer stað, og þess vegna er það rjett, að frv. sje fullur gaumur gefinn.

Björn Kristjánsson: Eftir að hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hafði talað, hefði jeg vel getað fallið frá orðinu, en jeg vil þó segja aðeins fáein orð, fyrir þá sök, að mjer hafa borist mjög ákveðin mótmæli frá Seltjarnarneshreppi gegn þessu frv., og hefir mjer verið falið að bera þau fram. Þar eru færðar þær ástæður gegn frv., að vel geti komið fyrir, þegar á að selja einhverja jörð, að verðið sje svo hátt, að hreppsfjelagið geti alls ekki keypt jörðina, þótt það gjarnan vildi, til þess að hún lenti ekki í höndunum á Reykjavíkurbæ. Þeir segja, að það sje hart fyrir hreppinn, ef einhver ágætismaður býðst til að kaupa jörðina, að hreppurinn gæti þá ekki fengið að njóta þess manns.

Það hefir, svo sem menn vita, komið fyrir áður, að jarðir hafa verið seldar frá þessum hreppi og lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. En það hefir jafnan verið gert með fullkomnu samkomulagi milli Reykjavíkur og hreppsfjelagsins. Hefir meðal annars verið sjeð fyrir, að samningar tækjust um það, hvernig hátta skyldi fátækraframfæri á þessum jörðum. En yrði þetta frv. að lögum, flytu jarðirnar þegjandi undir bæinn, en hreppurinn yrði að sjá fyrir fátækraframfæri á þeim. Sjá menn, að það getur ekki staðist.

Vil jeg aðeins bæta þessu við það, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði, og biðja hv. nefnd að taka það til íhugunar áður en hún leggur til, að frv. verði samþykt. Fæ jeg ekki sjeð í fljótu bragði, að hægt sje að laga frv. svo, að til mála geti komið að samþykkja það.

Eina leiðin, sem kaupstaður getur farið, ef hann vill auka við sig landrými, er að semja um það við viðkomandi hrepp, og taka til athugunar öll þau atriði, sem þar koma til greina. Þetta er alveg eins og þegar einn hreppur skiftist í tvo, að þá er ekki nóg að segja, að t. d. Akraneshreppur skuli hjer eftir skiftast í Innri-Akraneshrepp og Ytri-Akraneshrepp, heldur verður jafnframt að sjá fyrir því, að ómegð hreppanna verði rjettilega skift á milli þeirra, og margt fleira kemur þar til athugunar.

Þessháttar leið verður hjer að fara; öðruvísi er ekki hægt að flytja jörð á milli hreppa.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það, sem helst hefir verið haft á móti þessu frv., er óttinn við það, að kauptún og kaup-

staðir verði algerlega ofjarlar hreppa þeirra, sem að þeim liggja. Þessi mótbára held jeg að sje algerlega ástæðulaus. Því að menn athugi það, að nú hafa kaupstaðir og kauptún miklu betri aðstöðu en aðrir til að kaupa þær jarðir, er þau vilja eignast, í hinni svonefndu „frjálsu samkepni". — Annars eru ástæðurnar gegn frv. hver á móti annari. Einn hv. þm. kallaði þetta skerðing á eignarrjettinum, en það eru svo ótal mörg önnur lög, sem í gildi eru, og engum dettur í hug að hafa neitt á móti. — Annar hv. þm. hjelt því fram, að yrði frv. að lögum, mundu jarðir hækka svo í verði, að ómögulegt yrði fyrir einstaka menn að sitja þær. En það verður varla kölluð „skerðing á eignarrjettinum", að láta jarðirnar hækka í verði.

Ótti manna við það, að enginn geti kept við kaupstaðina um jarðakaup, er algerlega ástæðulaus; því að eins og nú er ástatt, geta kaupstaðirnir kept við aðra og hækkað verðið, engu síður en þótt frv. nái fram að ganga.

En jeg fæ nú ekki betur sjeð en að kaupstaðirnir eigi nokkurn ihlutunarrjett um jarðirnar í nágrenni sínu. Því að fyrir hvað hækka þessar jarðir í verði? Einmitt fyrir það, að svo margir þyrpast þarna saman á tiltölulega lítið svæði, og því verða afurðir og landeignir í nágrenninu í hærra verði. Þess vegna eiga kaupstaðirnir fulla kröfu til að njóta þarna nokkurra hlunninda. Það eru ekki heldur nein ósköp, sem farið er fram á með frv., þó að jafnan eigi að gera bæjarstjórn við vart, ef jörð er seld í nágrannahreppi.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) vildi láta líta svo út sem komið gæti fyrir, að sveitarfjelögin biðu mikið tjón af jarðakaupum kaupstaða. En jeg held nú þvert á móti, að það sje undantekningarlítið, að í þær jarðir, sem kaupstaðirnir eignast, sje lagt miklu meira fje til ræktunar en flestar aðrar. Ef þær eru bútaðar niður í smábýli, verður útkoman líka hin sama. Því fylgir aukin ræktun og meiri framleiðsla en ella mundi. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) kom með dæmi um það, að kaupstaðirnir vildu ekki taka undir lögsagnarumdæmi sitt þær jarðir, er þeir hefðu eignast. En hv. 1. þm. G.-K. (BK) var hinsvegar hræddur um, að frv. yrði til þess, að alt hans kæra Seltjarnarnes yrði lagt undir Reykjavík. Sjá menn, hve þarna skýtur skökku við í andmælunum.

Það er alveg skökk skoðun hjá hv. 1. þm. G.-K. (BK), ef hann hyggur, að fátækrafrafnfærslan á jörðunum þurfi að breytast, þótt þær komist í eigu kaupstaða. Sveitarfjelögin hafa eftir sem áður rjett til að leggja útsvar á ábúendurna. (**BK:** En hverjir verða ábúendur á jörðunum?). Það fer vitanlega alveg eftir því, hvernig með hverja einstaka jörð er farið. Ef henni verður skift í mörg lönd, verða margir ábúendur, og má þá búast við meiri ræktun og meiri útsvörum.

Jeg mintist á Seltjarnarnes. Það er einmitt ágætt dæmi, máli mínu til sönnunar. Seltjarnarnes er nú einhver hinn best stæði hreppur á landinu. Af hverju? Halda menn, að það sje sakir stórkostlegra landkosta, fram yfir aðrar sveitir? Nei, það er sakir þess, að Seltjarnarnes liggur svo nærri Reykjavík. Íbúarnir geta stundað hjer atvinnu sína, án þess að leggja nokkuð af mörkum til bæjarins, og þeir njóta margra annara

hlunninda af nálægðinni við Reykjavík. Fyrir það er hreppurinn efnaður, og annað ekki.

Þessar ástæður gera það að verkum m. a., að sjálfsagt er að samþ. frv. mitt.

Þá á jeg aðeins eftir að svara hv. 4. landsk. þm. (MK) nokkrum orðum. Hann spurði, hvað þýddu orðin í 1. gr., hvort forkaupsrjettarákvæðin ættu aðeins við jarðir, er lægju að landi kaupstaðar, eða hvort þetta ætti við um allar jarðir í hreppi, er lægi að kaupstað eða kauptúni. Jeg veit nú ekki, hve vel það á við að ræða svona einstök atriði við 1. umr. máls, en vil þó segja, að það er minn skilningur á frv., að forkaupsrjettur eigi að ná til allra jarða í nágrannahreppi. — Hv. 4. landsk. (MK) sagði ennfremur, að í frv. lægi viðurkenning á því, að hinn mikli vöxtur kaupstaðanna hefði verið óheppilegur, og var ákaflega glaður út af þeirri „viðurkenningu". En jeg fyrir mitt leyti hefi aldrei heyrt nokkurn mann mótmæla því, að það væri óheppilegt, að kaupstaðirnir offyltust af fólki. Og jeg býst við, að allir vilji straumhvörf í þessum efnum. Þetta frv. er t. d. ofurlítið spor í þá átt. En jeg býst við, að ekkert einstakt frv. geti breytt þessum fólksstraum til kaupstaðanna, heldur þurfi þar margt að koma til. Því hljóta allir, sem álíta offylling kaupstaðanna óheppilega, að styðja að því, að þetta hættulega verði stigið.

Guðmundur Ólafsson: Nú eru þegar orðnar nægar umræður um ekki stærra frv., og skal jeg því ekki vera fjölorður.

Jeg verð að taka í svipaðan streng og ýmsir aðrir, sem hjer hafa áður talað, að jeg fæ ekki sjeð þörfina á þessu frv. Mjer er ekki ljóst gagnið, sem af þessu á að leiða, en mjer virðist næstum hlægilegt að fara nú enn á ný að bæta við forkaupsrjettarununa. Ef þessu heldur áfram, verður bráðum ómögulegt að selja jörð nema eftir eintómum forkaupsrjettum. Ábúendur hafa forkaupsrjett, börn þeirra, stjúpbörn, fósturbörn (**JBald:** Systkini, foreldrar). Ofan á þessa ættingja-halarófu og sveitarfjelag finst hv. flm. (JBald) nauðsynlegt að hnýta kaupstöðum og kauptúnum. Gerir hann mikið úr því, til hvílíkrar blessunar þetta verði hreppunum, sem verði þeirrar náðar aðnjótandi, að kaupstaður eignist jörð í þeim. Jeg er nú að vísu ekki kunnugur mörgum jörðum, sem kaupstaðir eiga, en jeg hefi ekki orðið þess var, að það skini svo sjerstaklega á þeim. Þar sem jeg þekki til, hefir sumstaðar mestalt hey verið flutt af þeim til kaupstaðanna, en ábúendurnir varla verið sjálfbjarga. Það má vera, að þessu sje nokkuð annan veg farið hjer í Reykjavík, en því er jeg ekki kunnugur. — Sje jeg því enga ástæðu til að lengja forkaupsrjettarstrolluna ennþá meira.

Mjer finst, að eins og nú er ástatt, standi kaupstaðirnir betur að vígi um að eignast þær jarðir, er þeir vilja, sakir þess, að þeir geta boðið fyrir þær hærra verð. Standa þeir þannig miklu betur að vígi en fátækir forkaupsrjettarhafar.

Ef ætti að fara að fjölga forkaupsrjettum, held jeg, að betra væri að bæta við einhverjum hreppsbúa, sem þyrfti á jörð að halda og tæki hana til ábúðar.

Hv. flm. (JBald), lagði til, að frv. yrði vísað til landbn. En jeg finn nú ekki landbúnaðarbragðið að þessu frv.,

og vil því leggja til, að málið fari til hv. allsherjarnefndar.

Magnús Kristjánsson: Mjer þótti hv. flm. (JBald) taka það heldur óstint upp, að jeg skyldi benda á, að orðalag á frv. hans væri heldur ónákvæmt. Sagði hann, að það ætti eigi við að tala um slíkt atriði við þessa umr. málsins, en jeg álít það vera þvert á móti. Það er einmitt bráðnauðsynlegt að benda á það við 1. umr., ef orðalag er ónákvæmt eða villandi, þannig, að hægt sje að skilja það á margan hátt, svo að sú nefnd, sem frv. fær til meðferðar, hafi tækifæri til að sjá við lekanum þegar í stað. En það getur verið nokkuð seint, að þurfa að fara að umturna öllu frv. við 3. umr. út af ónákvæmu orðalagi. Jeg verð að halda fast við það, að aðfinslur mínar við frv. hafi verið á fullum rökum bygðar. Skal jeg taka fram, að jeg get vel fylgt því, ef sá skilningur yrði ofan á, að forkaupsrjettur næði aðeins til jarða þeirra, sem að kaupstað eða kauptúni liggja. En eigi að taka hina skýringuna, að forkaupsrjetturinn nái til allra jarða í hreppnum, mundi jeg þurfa að hugsa mig um, áður en jeg ljeði frv. atkv. mitt.

Hitt verður ekki talið annað en gleðilegt, að hv. flm. (JBald) ljet það nú koma ótvírætt fram, að hann viðurkendi rjettmæti ummæla minna, að nú væri kominn tími til að fara að vinna að straumhvörfum um fólksflutninginn til sjávarins. Þó að hann gæfi nú þessa yfirlýsingu, hafa máske sumir álitið, að hans fyrri breytni hafi ekki gengið í þá átt. En með frv. sínu vill hann nú leggja grundvöll að því, að fólkinu, sem gint hefir verið frá sveitunum, gefist aftur kostur á að draga fram lífið á heilbrigðum atvinnurekstri. Jeg vil sem sagt ekki leggja neinn stein í götu þessa máls, en hlýt að krefjast þess, að það verði ljóst fram sett, hvað átt er við með frv.

Forseti (HSteins): Jeg hefi áformað að hafa fundarhlje bráðlega, vegna jarðarfarar Odds Hermannssonar skrifstofustjóra, og þætti mjer gott, að umræður yrði stuttar úr þessu, svo að þessari umr. mætti verða lokið fyrir hljeið.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) talaði í svipaða átt og aðrir, sem á móti frv. hafa mælt, nema hann bætti því við, að sjer þætti hlægilegt að hnýta kaupstöðunum aftan í forkaupsrjettalestina. En jeg sje nú ekki, hvað hlægilegt er við það, þótt kaupstaðir og kauptún eignist þann sama rjett, sem sveitarfjelögin hafa nú, þegar þess er gætt, að þeir hafa slík áhrif á hreppana kringum sig, að þar verður miklu lífvænlegra en áður, vegna auðveldari og betri sölu á landbúnaðarvörum.

Hv. þm. (GÓ) sagði, að bráðum yrði ómögulegt að selja jörð, ef þessi forkaupsrjettaruna ætti að haldast. Jeg verð nú að kalla það að selja jörð, ef einhver forkaupsrjettarhafi vill kaupa hana. **(GÓ:** Jeg sagði, að það yrði ómögulegt að selja öðrum manni jörð en forkaupsrjettarhafa.) Mjer virðist, að það megi nú koma nokkuð í einn stað niður fyrir þann, sem selja vill jörð sína, hvort það er sveitarfjelagið eða annar, sem kaupir, ef hann fær það verð fyrir, sem hann vill. Og kaupstaðirnir ættu ekki að vera neitt lakari kaupendur en hver annar. Ekki hafa

verið færðar neinar líkur að þeirri fullyrðingu hv. þm. A.-Húnv., að ræktun jarðanna yrði minni, ef kaupstaðirnir eignuðust þær. Hann er sá eini, sem slíku hefir haldið fram, er hann sagði, að þess væru dæmi, að alt hey væri flutt af jörðunum og í kaupstaðina, en þær látnar lenda í niðurníðslu sjálfar. Þess kann nú að vera eitthvert dæmi, að svo hafi farið, en það getur ekki verið alment. Því að reglan hlýtur að vera sú, að hey sje fremur flutt til kaupstaðanna lengra að. Hingað er t. d. flutt mikið hey bæði úr Borgarfirði og Ölfusi, en sáralítið úr næstu hreppum.

Það, sem hv. þm. (GÓ) talaði um, að frekar gæti komið til mála, að einhverjir hreppsbúa fengju forkaupsrjett, er vitanlega fjarstæða, og gerist ekki þörf að ræða þess háttar tillögur.

Jeg hefi nú athugað 1. gr. frv. betur, og sje jeg, að hún er alveg nægilega skýrt orðuð, og þarf ei um það að deila. En jeg skil ekki, af hverju hv. 4. landsk. (MK) er endilega að heimta, að við sjeum ekki sammála í þessu máli. Jeg hefi aldrei talið það heppilegt, að fólk flyktist til kaupstaðanna. En hitt hefi jeg sagt, að ómögulegt er að koma í veg fyrir það, nema fólkinu sje sköpuð lífvænlegri skilyrði annarsstaðar. Það er alls ekki rjett, að fólk hafi verið gint burt frá bjargvænlegum lífsskilyrðum til kaupstaðanna. Það er a l m e n t ekki hægt að ginna fólk þaðan, sem bjargvænlegt er og því líður vel. En líði því illa, reynir það að komast burt. Það eru þau óskrifuðu lög, sem ekki verður breytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 7 : 2 atkv.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 96, n. 183 og 213).

Frsm. meiri hl. (Jónas Kristjánsson): Nefndinni hefir ekki komið saman um þetta frv. Meiri hluta hennar sýnist frv. ekki mikils virði. Hann álítur, að það geri ekki mikið gagn, en geti í sumum tilfellum gert ógagn, og leggur því til, að frv. verði felt.

Það er svo um flest þessi forkaupsrjettarlög, að þau eru gallagripir að meira eða minni leyti. Þau gera ekki það gagn, sem þeim er ætlað, og fara jafnvel stundum í öfuga átt við það, sem þau eiga að gera. Þess vegna er rjettast að gera sem minst til þess að bæta við slík lög. Hitt er sjálfsagt, að þar sem um fasteignir er að ræða, ættu það að vera óskráð lög, að synir nytu verka feðra sinna. En okkur í meiri hluta nefndarinnar þótti þetta frv. óþarft, af því að kaupstöðum og kauptúnum er oft í lófa lagið að ná í jarðir í nágrannahreppi, ef þær á annað borð eru falar. En allri nefndinni kom saman um, að hverju kauptúni bæri nauðsyn til, að eignast land í nágrannahreppi til ræktunar og mjólkurframleiðslu. Athugavert gæti frv. orðið, ef það yrði til þess að eyðileggja ábúð á sveitajörðum, þannig, að kauptúnin sölsuðu undir sig meiri hluta jarðanna í einum hreppi. Eftir frv., eins og það var í fyrstu, áttu kauptúnin að geta fengið hvaða jörð sem var í sveitunum, en nú hefir verið gerð sú tillaga, að forkaupsrjetturinn nái aðeins til þeirra jarða, sem að kaupstaðnum liggja. Þetta getur komið ójafnt niður, þar sem keyptar hafa verið undir kauptúnin góðar jarðir, en ábúendum og gjaldendum í þeim hreppi

fækkar. Þarna getur orðið ójöfnuður, sem jeg hugsa ekki að flytjandi frv. hafi ætlast til að ætti sjer stað. Þetta getur orðið til þess, að jarðir nálægt kauptúnum hækki óeðlilega mikið í verði og landið komist í hærra verð en hægt er að gjalda rentu af. Þannig gætu þessi lög orðið völd að óeðlilegri og óheilbrigðri samkepni.

Jeg á heima í kauptúni, og þar vantar frekar land til ræktunar, en ekki mundi það koma að neinu liði þar, þó að þetta frv. gengi í gildi, af því að nágrannajarðirnar eru ekki falar. Jeg get sem sagt ekki sjeð neina kosti, sem mæla með, að frv. verði samþ., og vil jeg fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar leggja til, að það verði felt.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Eins og sjest á nál. á þskj. 213, hefi jeg ekki getað orðið meiri hl. landbn. samferða í þessu máli. Og mjer finst eiginlega mikil furða, ef skoðun hv. meiri hl. getur náð miklu fylgi. Mjer finst þar kenna svo mikilla mótsagna. Fyrst og fremst er það viðurkent af allri nefndinni, að kauptúnum sje nauðsynlegt að ná eignarhaldi á nálægum jörðum til ræktunar, slægna og beitar. En hv. meiri hl. virðist ekki hafa gert sjer ljóst, hvað forkaupsrjettur er. Forkaupsrjettur er fyrst og fremst trygging fyrir því, að viðkomandi eign verði ekki seld án vitundar forkaupsrjettarhafa og að ekki þarf að gera yfirboð. Að þessi ákvörðun geti leitt til óeðlilegrar samkepni, fæ jeg ekki sjeð. Þetta ákvæði var upphaflega einmitt sett til að fyrirbyggja óeðlilega samkepni. Ábúanda eða leiguliða er það til mikilla hagsbóta, að eiga forkaupsrjett. Hann er þá tryggður gegn því, að jörðin sje seld undan honum að honum óafvitandi.

Ekki fæ jeg heldur skilið, hvernig forkaupsrjettur á fasteign, húsi eða jörð getur hækkað verðið upp úr öllu valdi. Að minsta kosti er ætlunin sú, að fyrirbyggja slíka hækkun.

Meiri hl. nefndarinnar álítur, að frv. geti leitt til þess, að kauptúnin geti sölsað undir sig flestar jarðirnar í nærliggjandi hreppi. Þarna kemur mótsögnin. Mjer skilst það þá verða til hagsbóta fyrir kauptúnin.

Þá kem jeg að þeirri hættu, sem meiri hlutinn álítur að leiði af frv. út af því, að kauptúnin geti náð eignarhaldi á svo mörgum jörðum í nágrannahreppi, að það sje til baga fyrir hann. Jeg vil ekki bera á móti, að þetta geti komið fyrir. En eru nokkur gildandi lög, sem hamla þessu? Er hjer verið að upphefja nokkura tryggingu? Hættan er sú sama nú og kannske meiri.

Undanfarið hafa einstakir menn náð eignarhaldi á jörðunum fyrir lítið verð og eftir nokkur ár selt kauptúnunum þær margfalt dýrari. Jeg hefði getað skilið, ef meiri hl. hefði komið fram með brtt. til að tryggja það, að ef kauptúnin næðu eignarhaldi á einni eða fleiri jörðum, þá væru þau skyldug til þess að taka að sjer hlutfallslegar byrðar í viðkomandi hreppi. Það er líka það eina, sem gæti rjettlætt það, að vera á móti þessu frv. Jeg hugsa, að þetta væri óþarfi, en ef einhver hætta væri á því, hefði mátt setja ráðstafanir því til varnar inn í frv. Þetta mundi jeg fúslega hafa tekið til greina.

Það undarlegasta er, að öll nefndin er sammála um, að bæði heilsufarslega

og efnahagslega sjeð sje nauðsynlegt, að kauptúnin fái nágrannajarðir til afnota, en þó vill meiri hl. nefndarinnar ekkert til vinna, að svo geti orðið. Jeg skil ekki þá stefnu, að játa, að eitthvað sje nauðsynlegt, en vilja þó ekki vinna að því, að það komist í framkvæmd. Það, sem vakir fyrir flm. frv., er, að kaupstöðunum sje ekki að óþörfu gert erfitt fyrir að eignast þessar jarðir. Frv. er spor í áttina til þess að bæta aðstöðu kaupstaða og kauptúna að þessu leyti. Annars held jeg, að það sje ekki hin rjetta leið, til þess að vinna á móti hinum óheillavænlega fólksstraum til kaupstaðanna, að svelta þá. Þeir þurfa að ala upp hraust fólk engu síður en sveitirnar, en eins og kunnugt er, hefir það verið stærsti gallinn við þá, að fólk það, sem þeir hafa alið upp, hefir að jafnaði ekki verið eins hraust og sveitafólkið. En þetta tel jeg spor í áttina til að bæta úr því. Jeg held því, að hættulaust sje að samþykkja frumvarpið, því hin sama hætta, sem háttv. meiri hl. bendir á, að hreppum þeim, sem næst liggja kauptúnunum, sje búin af því, að kauptúnin sölsi undir sig jarðir þær, sem næst þeim liggja, er á engan hátt útilokuð, þó að frv. þetta verði ekki að lögum, því að íbúar kauptúnanna sjálfra geta altaf náð undir sig jörðunum, og það er ekkert betra.

Eins og frv. er orðað nú, tel jeg ekki rjett að það gangi fram, því eftir orðalaginu má einu gilda, hvar jörðin liggur í nágrannahrepp. Til þess því að ráða bót á þessu, flyt jeg brtt. á þskj. 213, sem jeg vænti, að verði samþykt.

En eins og jeg hefi tekið fram áður, þá mun jeg fylgja því, ef háttv. þdm. telja þörf á að setja öryggisráðstafanir fyrir nágrannahreppa kauptúnanna, til þess að jarðir hreppanna falli ekki undir kauptúnin, án þess að byrðar þær, er þessu fylgja, falli á þau líka.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að ræða meira um mál þetta að svo stöddu. Að vísu veit jeg ekki, hvort jeg er í fullu samræmi við flutningsmann frv., en þó hygg jeg, að þar beri ekki mikið á milli.

Björn Kristjánsson: Í athugasemdunum við frv. þetta á þskj. 96 sjest, að aðaltilgangur flutningsmanns er sá, að tryggja kaupstöðum og kauptúnum nægilegt land til ræktunar, þar sem skortur er á því í kauptúnunum sjálfum. Og í ræðu hv. 2. þm. S.-M. (IP) fanst mjer hið sama koma fram, að tryggja það, að næg mjólk væri fáanleg, svo íbúarnir þess vegna gætu haft góða heilsu. Tilgangurinn er því hinn sami hjá báðum, að tryggja kaupstöðum og kauptúnum land til yrkingar. En þegar litið er á frumvarpið, veitir það ekki þessa tryggingu. Til þess að slík trygging hefði fengist, hefði þurft að vera lögnámsrjettur, en það er ekki í frumvarpinu, heldur aðeins talað um forkaupsrjett, ef einhver vill selja. Jeg álít því frv. þetta gersamlega þýðingarlaust, því að það væri aðeins tilviljun, ef góð jörð væri seld hjá kaupstað, að hann gæti ekki fengið hana. Hitt atriðið, sem háttv. meiri hl. hefir bent á, að frv. þetta geti auðveldlega orðið til þess að hækka jarðir í verði fyrir kauptúnunum, því að ómögulegt er að sanna, að verð það, sem bæjunum er boðið, sje hið sanna verð; það má hreint og beint hafa strámenn til þess að bjóða á móti, án þess að hægt sje að sanna, að verðið sje falskt. Þetta er því alveg tilgangslaust, því að forkaupsrjett þennan má fara kringum á margan hátt.

Jeg verð því að vera meiri hl. landbn. sammála í því, að frv. þetta nái á engan hátt tilgangi sínum og því sje rjett að fella það.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefði tilhneigingu til að vera með frv., sem færi í líka átt og þetta, að gera kaupstöðum og kauptúnum hægara með að fá land til ræktunar. En á þessu frv. sje jeg þó þann agnúa, að svo framarlega sem jörðin heldur áfram að vera í hinum sama hreppi fyrir utan lögsagnarumæmi kaupstaðanna, þá geti hlutaðeigandi bæjarstjórnir notað jarðirnar til þess að halda þar við mönnum, sem liggja við borð að verða sveitarómagar, til þess að koma þeim af sjer á hrepp þann, er jarðirnar liggja í. (**GÓ:** Með öðrum orðum, notað jarðirnar sem afrjett fyrir sveitarómaga). Já, ef svo mætti að orði kveða. Þetta gerir mig líkandi að vera með frv. þessu. Alt öðru máli væri að gegna, ef jarðirnar ættu að leggjast undir kaupstaðina.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Háttv. 1. þm. G.-K. (BK) taldi aðalgallann á frv. þessu, að samkvæmt því væri ekki hægt að taka jarðirnar lögnámi. Þessu er því að svara, að í stjórnarskránni er ákvæði um þetta, og því óþarfi að setja það hjer. En hvað sem þessu líður, sje jeg ekki annað en stíga megi rjett spor í rjetta átt, þó aldrei nema að það sje ekki stigið til fulls. Þá vildi hann sýna fram á, að þessi forkaupsrjettur gæti orðið til þess, að hækka jarðirnar óeðlilega í verði. En þetta er alveg gagnslaus mótbára. Þessir strámenn hans geta alveg eins hækkað jarðirnar, þó forkaupsrjetturinn sje ekki. Þetta er því bara fjarstæða ein.

Þá vildi hann líka halda því fram, að forkaupsrjettur þessi væri alveg þýðingarlaus, en við það vil jeg ekki kannast. Og hræddur er jeg um, að flestir leiguliðar myndu telja sjer það rjettindamissi, ef forkaupsrjettur yrði numinn úr lögum, því að það eru hlunnindi, sem þeir vilja ekki missa.

Jeg get vel kannast við, að þau tilfelli, sem háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) var að tala um, geta komið fyrir. En hættan stafar ekki af þessu frv., þó að lögum verði. Hún er eins mikil eftir núgildandi lögum. Því hvað er því kannske til fyrirstöðu, ef jeg næ kaupum á einni jörð, að jeg noti hana þá fyrir afrjett? Jeg þekki það ekki. Annars vil jeg taka það skýrt fram, að komi til þess, að öryggisráðstafanir verði settar gegn þessari hættu, þá þurfi þær að vera sem víðtækastar og ná til sem flestra tilfella, t. d. að heimila hlutaðeigandi hreppsfjelagi og bæjarfjelagi að skifta byrðum á milli sín, ef þeim sýnist svo. Þetta getur gengið vel, að minsta kosti veit jeg dæmi þess. Kauptún eitt á Austurlandi keypti jörð í næstliggjandi hreppi, til beitar og slægna. Varð það svo samkomulag milli hlutaðeigandi hreppa, að jörðin skyldi lögð undir kauptúnið, og byrðum þeim, sem á jörðinni hvíldu, var skift á milli hreppanna. Um þetta þarf að setja fastar reglur, því að við eigum ekki nógu skýr lög, sem segja, að þetta skuli gert; þau heimila aðeins, að þetta megi gera.

Ef brtt. mín verður samþykt, þá nær þessi forkaupsrjettur aldrei nema til næstu jarða við kauptúnið. En eftir núgildandi lögum er t. d. ekkert því til fyrirstöðu, að Neshreppur í Norðfirði kaupi insta bæ í sveitinni, Fannadal,

og noti hann svo fyrir a f r j e t t handa sauðfje, en ekki fólki. Annars held jeg, að erfitt mundi að leggja hömlur á það, að hlutaðeigandi kaupstaðir nái eignarrjetti á jörðum í nágrannahreppi. Að þær verði svo notaðar til að setja þangað menn, sem eru um það að verða þurfamenn, hefi jeg enga trú á, því að jeg held, að öllum bæjar- og sveitastjórnum sje það fyllilega ljóst, að í jörðunum er fólgið meira verðmæti en að setja þangað menn, sem útlit er fyrir, að verði þurfamenn.

Mjer skaust yfir það í fyrri ræðu minni, að önnur ástæðan fyrir því, að nauðsyn ber til, að kauptún og kaupstaðir fái nágrannajarðir sínar keyptar, er sú, að með því er íbúunum sjeð fyrir meiri vinnu, meira starfi. Og eins og kunnugt er, gefur fátt meira menningargildi en holt og heilbrigt starf.

Einar Árnason: Jeg held, að það vægasta, sem sagt verður um frv. þetta, sje, að það sje gagnslaust.

Frv. er bygt utan um nýjan forkaupsrjett, sem mig minir að sje sá 5. eða 6. í röðinni. Það lítur því út fyrir, að höfundur þess hafi mikla trú á forkaupsrjettum. En jeg verð að taka undir með háttv. 1. þm. G.-K. (BK), að jeg hefi litla trú á þeim, og þá eðlilega minsta á þeim síðatsa.

Eins og tekið hefir verið fram, er aðaltilgangur frv. þessa sá, að gera kaupstöðum og kauptúnum auðveldara að ná landi til ræktunar. En jeg held, að sá tilgangur náist ekki með því. Þessu er svo háttað, að eigi ríkissjóður land það, sem næst liggur kauptúninu eða kaupstaðnum, þá ganga þeir altaf fyrir. En sje það einstakra manna eign, þá hefir ábúandinn forkaupsrjettinn. En sje jörðin í sjálfsábúð, og vilji eigandinn selja hana einhverjum ákveðnum manni, þá hefir hann nóg ráð til þess, hvað sem öllum forkaupsrjetti líður. Reyslan er margbúin að sýna það og sanna. Jeg held því, að frv. þetta veiti kaupstöðunum enga bót að þessu leyti.

Hinsvegar lít jeg svo á, að það geti verið mjög tvíeggjað sverð, að kaupstaðirnir nái tangarhaldi á jörðum þeim, sem næst þeim liggja, því að hætta sú, sem háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) benti á, er altaf fyrir hendi, og það jafnvel, hvort frv. þetta verður samþykt eða ekki. Mjer finst því nauðsyn bera til, að tryggja hreppa þá, sem næst kaupstöðunum liggja, fyrir því, að ekki sje hægt að setja þangað væntanlega þurfamenn kaupstaðanna. Til þess að fyrirbyggja þessa hættu, sje jeg ekki annað ráð en að færa hlutaðeigandi jörð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eða kauptúnsins.

Það hefir komið fram brtt. frá minni hl. landbn., um að þrengja sviðið meira en frv. gerir ráð fyrir. Brtt. þessa tel jeg til bóta. En þess ber þó að gæta, að þegar kaupstaðurinn kaupir jörð þá, sem næst honum liggur, víkkar hringur hans. Hann fær þá samkvæmt brtt. forkaupsrjett á þeirri næstu og svo koll af kolli. Vægast sagt er því frv. þetta tilgangslaust. Mun jeg þó greiða atkvæði með brtt., en því næst á móti frv.

Magnús Kristjánsson: Þó að jeg áliti, að þetta frv. megi vel fara frá háttv. deild, án þess að verið sje að orðlengja frekar um það, verð jeg þó að geta þess, að mjer þykir vikja nokkuð undarlega við um nokkrar þær röksemdir, sem komið hafa fram á móti því. Það

er ekki hægt að segja, að þetta sje neitt stórmál, og mig furðar nærri á því, að hv. flm. (JBald) skyldi ekki koma með róttækari tillögur í þessu máli, vegna þess að það er mjög vafasamt, hvort þessi forkaupsrjettur mundi verða að tilætluðum notum. Eins og jeg benti á við 1. umr., þurfti frv. breytinga við, og nú er fram komin brtt., sem gengur í þá átt, að fyrirbyggja það, að kaupstaðir geti eignast jarðir á víð og dreif í hreppunum. Þetta var sú hætta, sem hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) ljet í ljós, að hann óttaðist, og hún var líka til, ef frv. hefði verið samþykt án brtt., því að þá mætti búast við, að kaupstaðir eða kauptún færu að hola niður þurfamönnum sínum hingað og þangað, til þess að þeir með tíð og tíma geti orðið handbendi þeirra sveitarfjelaga, sem jarðirnar eru í. En eftir að þessi brtt. er fram komin, tel jeg, að þessi hætta sje algerlega horfin, vegna þess, að þar sem land kauptúns og jarðeign liggja saman, mundi ekki verða stofnað til nýbýla, heldur mundi nytjun jarðarinnar framkvæmd á þann hátt, að kaupstaðarbúar gætu notað sjer hana, án þess að þurfa að vera þar búsettir. Þess vegna álít jeg, að sú hætta sje alveg horfin, ef brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (IP) verður samþykt. Svo er nú hitt, að þetta væri í sjálfu sjer eina ráðið til þess að fá framgengt þeirri hugmynd, sem í frv. felst, að gera kaupstaðabúum hægra fyrir um land til ræktunar. Þar sem svo hefir staðið á, að jarðir hafa legið í námunda við kaupstaði og verið lagðar undir þá, hefir í flestum tilfellum farið svo, að ekki hafa liðið nema örfá ár, þangað til aðiljar hafa orðið ásáttir um það, að jarðirnar fjellu til þess lögsagnarumdæmis, sem jarðirnar átti, og jeg veit ekki betur en að hreppunum hafi tekist að koma ár sinni vel fyrir borð, á þann hátt, að þeir hafi losnað við margvíslegar byrðar og komið þeim yfir á kaupstaðina. Þetta hefir niðurstaðan orðið, og þess vegna álít jeg, að þessi hætta fyrir hreppana, sem svo mikil áhersla hefir verið lögð á, sje mjög lítil. En það er í raun og veru ekki hægt að segja, að þessi forkaupsrjettur sje í sjálfu sjer mikils virði, en það er þó spor í rjetta átt. Þetta skapar möguleika, þótt ekki sjeu fulltryggir, til þess að mönnum geti gefist kostur á að fá umráð yfir landi og bæta þar með hag sinn á margan hátt.

Jeg segi þess vegna, þó að jeg telji þetta mál ekki svo þýðingarmikið, að það sje þess vert að halda langar ræður eða deila mikið um það, að jeg tel þó frv. heldur til bóta, og fari svo, að brtt. á þskj. 213 verði samþykt, þá mun jeg greiða atkv. með frv. Það er spor í rjetta átt, og því rjett að samþykkja það. Jeg sje ekki, að það geti orðið neinum til meins, en mundi að öllum líkindum geta orðið einhverjum til nokkurra hagsbóta.

Guðmundur Ólafsson: Það er nú búið að tala æði mikið um þetta frv., og eru sum rökin með og móti því lítt skiljanleg. Þeir, sem hafa talað með frv., hafa haldið því fram, að ef þessi forkaupsrjettur handa kaupstöðunum verður samþyktur, þá gæti þeir fengið jarðirnar með sanngjörnu verði. Hv. 2 þm. S.-M. (IP) sagði, að þetta kæmi í veg fyrir mjög hátt verð, en aftur tók hv. 1. þm. G.-K. (BK) dæmi af því, að það mætti fá einhvern mann til að bjóða nógu hátt í jörðina, án þess að hann ætlaði nokkuð með hana að gera, aðeins

til þess að koma henni í uppsprengt verð. En jeg geri nú ráð fyrir, að jeg beri álíka mikið skyn á þessa forkaupsrjetti eins og aðrir hv. deildarmenn, og jeg get ekki sjeð, að þetta frv. hafi neitt að þýða. Jeg ljet þess getið, þegar frv. kom fyrst til umr., að mjer fyndist það alveg óþarft, það væri aðeins til þess að sýna frjósemi hv. flm. (JBald) hjer á þinginu, en að það væri alveg gagnslaust að vera að semja og samþykkja slík lög, því að hverjum dettur það í hug, að kaupstaðir geti ekki alveg jafnt keypt jarðir, þó að þessi lög komi ekki til? Enda hafa þær mismunandi ástæður, sem fram hafa komið hjá tveimur hv. þm., sem talað hafa um frv., sýnt það ljóslega, og að minsta kosti færði hv. 1. þm. G.-K. (BK) glögt dæmi um það, að það er ljett verk, að fá einhvern mann til þess að bjóða í hverja þá jörð, sem um er að ræða. Jeg stakk líka upp á því, ef hugsað væri til að gera þetta frv. að lögum, að þá væri rjettara að láta hreppsbúa, sem vantaði jörð og tæki hana sjálfur til ábúðar, sitja fyrir forkaupsrjettinum, en þá fjekk jeg það svar hjá hv. 5. landsk. (JBald), að það væri ekki hægt að koma þessháttar fyrir í lögum. Það er nú skýring, sem ekki gengur í mig, því að það er hægt, þó að það verði máske gagnslaust. (**JBald:** Forkaupsrjettirnir verða þá fleiri en fimm). Já, en lögin eru nú prentuð, svo að það er hægt að lesa þau og telja forkaupsrjettarrununa, og það dettur víst engum í hug, að jörð í næsta hreppi við kauptún sje seld svo, að kauptúnið viti ekki af því. Jeg geri ekki lítið úr þeirri hættu fyrir hreppa, ef kauptún ná í jarðir í þeim, að sveitarþyngsli kunni mjög að aukast í hreppunum við það. En hvað það snertir, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) stungu upp á, að jarðirnar skyldu falla undir lögsagnarumdæmi kaupstaðanna, þá vil jeg benda á, að það væri ekki skemtilegt fyrir hreppsfjelög, þar sem margar jarðir fjellu undir annað lögsagnarumdæmi, er lægju á við og dreif um allan hreppinn. Jeg held, að það væri best að losna við þetta frv., því að jeg held, að það sje nóg komið af forkaupsrjettindum á jarðirnar. Brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP) gerir náttúrlega nokkurn mun, að því leyti, að þá nær þessi forkaupsrjettur ekki nema að næstu jörð, en svo víkkar það út hringinn, því að þegar búið er að ná í fyrstu jörðina á þennan hátt, þá gæti sama komið til mála um einar 3—4 jarðir á eftir. (**MK:** Ekki nema með því, að fyrsta jörðin væri lögð undir lögsagnarumdæmi kauptúnsins). Jeg held, að það sje ekkert um það í frv., en hv. 4. landsk. (MK) á við það, að ef sú brtt., sem fram er komin, yrði samþykt, þá væri ekkert við það að athuga, en jeg er búinn að sýna fram á, að það yrði nokkuð svipað fyrir því. En svo var hv. þm. (MK) að tala um það, að hreppar hefðu stundum komið af sjer ómegð á kaupstaði. En til þess veit jeg ekki, og jeg held, að allir geti sjeð það, að ef kaupstaður og hreppur vilja keppa í slíkum málum, þá er það auðsjeð, hvor er betur settur, því ef einhverri bæjarstjórn er það mikið kappsmál að ná í ákveðna jörð, ætli kaupstaðurinn standi þá ekki betur að vígi? Jeg sje, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) brosir. Jeg þykist viss um, að hv. þm. (IP) skilur, að þetta eru ólíkir aðiljar, svo að kaupstaðurinn er nógu vel settur með að ná í það, sem

hann vill, þó að þetta frv. sje ekki samþykt, sem jeg reyndar er mest á móti af því að jeg álít, að það sje gagnslaust að öllu leyti.

Frsm. meiri hl. (Jónas Kristjánsson): Það er búið að ræða þetta frv. svo mikið, að ekki er við bætandi, en jeg vildi samt sem áður geta þess, að mjer finst, að hv. frsm. minni hl. (IP) hafi ekki bent á verulega gagnsemi þessa frv. Hv. þm. (IP) sagði, að forkaupsrjettur væri ekki annað en skylda til þess að láta vita um, að jörðin væri til sölu, en jeg býst þá við, að slíkt geti ekki farið fram hjá kaupstöðunum. En hinsvegar er það áreiðanlegt, að slíkur forkaupsrjettur mundi baka misrjetti og gæti frekar leitt af sjer ilt en gott, t. d. það, að börn gætu ekki fengið að njóta rjettar og verka foreldra sinna. Jeg veit líka mörg dæmi til þess, að forkaupsrjettur hefir orðið til baga fyrir fátækar fjölskyldur, sem hafa viljað setjast að í ákveðnum hreppi, og sem undir sæmilegum kringumstæðum hefðu átt að geta sjeð sjer þar farborða, en þá hefir hreppstjórnin verið svo hrædd við þá ómegð, sem hreppnum gæti stafað af því, að hann hefir verið látinn kaupa jörðina, til þess að bægja þessum fátæku fjölskyldum frá. En í þessu tilfelli gerir forkaupsrjetturinn lítið gagn; hann getur kannske hækkað verð þeirrar jarðar, sem um er að ræða, en naumast annað. En þetta frv. er líklega aðallega komið fram vegna þess, að margir kaupstaðir hafa sofið rótt á kodda andvaraleysisins, og ekki hirt um í tíma að útvega sjer þær jarðir, sem þeir þurftu á að halda til nauðsynlegrar ræktunar, og þess vegna er gripið í þetta hálmstrá eins og nokkurskonar bjargráð til þess að bæta úr þessu forsjáleysi. En umræðurnar hafa sannfært mig ennþá betur um það, að rjettast sje að fella frv. Þó skal jeg játa það, að brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP) er heldur til bóta.

Jón Baldvinsson: Það má ekki minna vera heldur en að jeg víki einhverju að hv. landbn., fyrir meðferðina á þessu frv. mínu, en það verður misskift. Jeg finn ástæðu til þess að þakka hv. 2. þm. S.-M. (IP) fyrir vilja hans til að sinna málinu, sem hann telur þess vert, að verði samþykt, þó að háttv. þm. (IP) sje ekki að öllu leyti samþykkur orðalagi frv.

Jeg vil þá, frá mínu sjónarmiði, færa fram góðar og gildar ástæður fyrir því, að þetta frv. gæti orðið að gagni, og fá lýst því, sem liggur í augum uppi, hvílík nauðsyn það er fyrir kauptún að eignast jarðir í kringum sig, til þess að geta látið íbúa sína fá land til ræktunar, ekki aðeins til þess að fá þá auknu framleiðslu á landbúnaðarvörum, sem þeim er nauðsynlegust, nefnilega mjólk, heldur líka til þess að geta látið menn fá þar atvinnu, þegar svo ber undir.

Aftur á móti get jeg ekki þakkað hv. meiri hl. nefndarinnar meðferð hans á málinu, því að hann vill sálga því með öllu. Nú hafa nær allir deildarmenn talað um þetta frv. mitt, og skifst í tvo flokka, sumir vilja styðja það, en sumir fella það, en ástæðurnar, sem fram hafa komið, hafa allar bent í þá átt, að hvort sem þetta frv. yrði samþykt eða ekki, þá væri nauðsyn á því, að kaupstaðir og kauptún eignuðust sem mest af nærliggjandi jörðum. En ótti andstæðinga frv. er bygður á því, að kauptúnin muni nota forkaupsrjett sinn til þess að eignast jarðir, sem þau ekki

hefðu annað við að gera en að koma þangað þeim mönnum, sem þau vildu losna við, með því að koma þeim yfir í annað sveitarfjelag. Jeg held nú, að slíkt sje ekki alment. Náttúrlega kann að hafa komið fyrir, að þetta hafi einhvern tíma verið gert. En ef athuguð er meðferð sveitarmálefna á síðari árum, þá held jeg, að hv. þdm. muni fljótlega sannfærast um það, að slík hrekkjabrögð um fátækraframfæri hafa ekki verið mest af hendi kaupstaðanna.

Hv. 1. þm. G.-K. (BK) og fleiri hafa talað um, að það hefði átt að felast hjer rjettur til þess að taka jarðir eignarnámi, en það er svo hæpið að samþykkja með almennum lögum slíkar heimildir, af því að ákvæði stjórnarskrárinnar eiga að ráða, og geta verið því til fyrirstöðu. (**BK:** Það var sagt, að þegar þetta ákvæði væri ekki í frv., þá væri það gagnslaust). En það veit hv. þm. (BK) vel, að þetta var ekki hægt að setja í frv. (**BK:** Já, og þess vegna er það gagnslaust). En hvers vegna eru þá hv. þm. á móti frv., þegar þeir vita, að kaupstaðirnir þurfa að eignast land, en vilja þó ekki láta þá fá rjett til að fylgjast með sölu á þeim jörðum, sem í nágrenni eru? Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (JKr) játaði, eins og jeg hefi bent á, að öll kauptún þurfi að ná í jarðir til ræktunar, en hann hefir ekki trú á þessari aðferð og vill hafa frjálsa verslun með þær. En það er nú svo, eins og bent hefir verið á í umræðunum, að með þessu móti eru jarðirnar kannske síður sprengdar upp, því að annars gæti vel farið svo, að kaupstaðirnir færu að sprengja jarðirnar upp. En með þessu móti fá þeir vitneskju um, hvenær þær eru til sölu, og þurfa ekki að gera yfirboð, og jeg álít, að hið opinbera eigi að hafa meiri rjett heldur en einstakir menn, og svo er það líka, að íbúarnir í nærliggjandi kaupstað eða kauptúni eiga vissan hluta af þeirri verðhækkun, sem verður á jörðum þar í grend, því að verðhækkunin verður fyrst og fremst vegna myndunar kaupstaðanna og kauptúnanna, og bændur í nágrenninu eiga þá hægra með að selja vörur sínar. En móti þessu væri það ekki nema sanngjarnt, að kaupstaðurinn fengi að standa heldur betur að vígi en óviðkomandi menn og fengi forkaupsrjett á eftir sveitarfjelögum og nokkrum fleirum, sem ákveðnir eru í lögum um forkaupsrjett (**JKr:** Það er ekkert gagn að þessu). Víst er gagn að því, ef kaupstaðurinn vildi nota sjer það, og jeg hygg, að enginn mundi ganga fram hjá því, að bjóða kaupstað jörð, ef þetta ákvæði væri í lögunum.

Brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP) breytir frv. að nokkru. En þó að jeg áliti, að mitt orðalag sje betra, get jeg þó til samkomulags fallist á hana. En eftir orðanna hljóðan, ef hún þá verður samþykt, þá skil jeg ekki, að forkaupsrjetturinn nái að þeim jörðum, sem liggja að þeirri jörð, því að orðin „er liggur að landi kaupstaðar", er skilgreining á því, að „land kaupstaðar" sje kaupstaðarlóðin, en jörðin verður þar fyrir utan, og er þar jafnt fyrir utan, þó að kaupstaðurinn eignist hana.

Þá hefir verið um það rætt af sumum hv. þm., að það væri yfirleitt æskilegt, að þær jarðir, sem kaupstaðir og kauptún eignuðust í nágrenni sínu, yrðu lagðar undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eða kauptúnsins. En ef það verður sett í lög, þá raskar það miklu af því, sem fyrir er í löggjöfinni, og

jeg hygg, að það þyki ekki rjett, nema með því að báðir aðiljar samþykki, að gera breytingar á lögsagnarumdæmunum, og það þarf þá alveg að breyta grundvallarhugmyndinni í löggjöfinni, ef því verður haldið fram, að jörð eigi að leggjast undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, ef kaupstaðurinn eignist jörðina. Það er líka svo margt, sem kemur til greina, þegar á að leggja jörð undir annað lögsagnarumdæmi. Hreppurinn vill tryggja sig fyrir því, að þurfa að bera byrðar vegna þeirra, sem alist hafa upp á þessari jörð, og seinna kynni að geta orðið hreppnum til byrði. En þetta er alt saman samningar milli sveitarfjelaga, sem jeg hygg, að ekki sje hægt að ráðstafa með lögum.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) skaut því fram, að nær væri, að forkaupsrjetturinn gengi handa jarðnæðislausu sveitafólki. En það er nokkuð óákveðið, og ómögulegt er að setja það í lög. Hv. þm. (GÓ) fullyrti, að þetta land kæmi ekki að neinu gagni. En jeg vil benda á það, að í jarðræktarlögunum, sem helstu forkólfar landbúnaðarins hafa samið, er einmitt gert ráð fyrir því, að kaupstaðir og kauptún gangi í það, að rækta bæjarlandið. Í 31. gr. jarðræktarlaganna er einmitt gefið tilefni til frv. þessa, er hjer liggur fyrir. Þar er ákvæði um það, að skifting jarða nái einnig til þjóðjarða og kirkjujarða, ef þær liggja að kaupstað eða kauptúni. Það er óhjákvæmilegt, að þau lönd verði einnig tekin til ræktunar, því að alment er kvartað yfir, að ekki sje til nægilegt land til að yrkja fyrir kaupstaða- og kauptúnabúa. Það kann að vera rjett, að frv. bæti ekki mikið úr þessu, en það styður að því. Er þá líka komið það gagn, sem jeg ætlaðist til, að það ynni. En hver svo sem örlög þess verða nú, þá býst jeg við, að síðar muni fitjað upp á þessu sama, til eflingar ræktuninni í kringum kaupstaðina og kauptúnin. En skilyrði fyrir allri ræktun er það, að gott jarðnæði sje fyrir hendi og nóg fólk til þess að yrkja jörðina. Og þessum skilyrðum fullnægja kaupstaðirnir og kauptúnin.

ATKVGR.

Brtt. 213 samþ. með 7 : 3 atkv.

1. gr., svo breytt, feld með 7 : 4 atkv.

Forseti lýsti frv. fallið.

7. Skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (þmfrv., A. 92).

Á 23. og 25. fundi í Nd., dagana 7. og 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Á undanförnum þingum hafa komið fram frv. um að Hafnarfjörður fengi sjerstakan þingmann. Frv. það, er hjer liggur fyrir, er að efni og orðalagi eins og frv. það, er flutt var í fyrra. Ástæðurnar til þess, að Hafnarfjörður fái

sjerstakan þingmann, hafa ekkert breyst síðan í fyrra. Mannfjöldinn þar er nú orðinn svo mikill, að Hafnarfjörður er annar stærsti kaupstaður landsins. Og sje tekið meðaltal af fólksfjölda í kjördæmunum yfirleitt, verður Hafnarfjörður töluvert ofan við meðallalið.

Allar sanngjarnar ástæður mæla með því, að Hafnarfjörður fái þingmann, eins og aðrir stærri kaupstaðir, enda hafa sjerstakan þingmann minni kaupstaðir en Hafnarfjörður, svo sem Vestmannaeyjar, Ísafjörður og Seyðisfjörður, og því skyldi þá ekki Hafnarfjörður hafa þingmann líka? Í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru nú um 7000 manns, í sýslunni eru um 4000 og 3000 manns í Hafnarfirði. Það kynni nú að vera hægt að segja, að ekki væri jafnt skift, að hafa sinn þingmanninn fyrir hvorn hluta, einn fyrir 4000 manns og annan fyrir 3000. En þá er fyrst á það að líta, að hingað til hefir, við kjördæmaskiftingu, verið farið meira eftir staðháttum, hvort atvinnuhættir hafi verið líkir, heldur en eftir því, að mannfjöldinn yrði hnífjafn í kjördæmunum, sem fram kæmu við skiftinguna. Þar sem nú lítur út fyrir, að tveir stærstu flokkar þingsins ætli að verða samtaka um að gera engar breytingar á stjórnarskránni, þær er bæti úr hinni ranglátu kjördæmaskiftingu, þá virðist ekki nema rjett að samþykkja þetta frumvarp, sem er á hinum gömlu leiðum, og bætir þó úr einum versta agnúanum á kjördæmaskipuninni. Í öðru lagi er munurinn á mannfjöldanum í Hafnarfirði og Gullbr.- og Kjósarsýslu ekki meiri en verið hefir í öðrum kjördæmum, sem skift hefir verið, og mundi Hafnarfjörður fá sinn þingmann, ef hlutfallskosning væri viðhöfð milli þessara hluta kjördæmisins. Ef tekin er kjósendatalan í kosningunum 1925, verða hlutföllin svipuð. Sje loks tekið tillit til stjórnmálaflokkanna í kjördæminu, þá sýnir það sig einnig á atkvæðagreiðslunni í síðustu kosningum 1925, að ef hlutfallskosningar hefðu verið viðhafðar um báða þingmennina, þá hefðu Íhaldsmenn fengið 1 þingmann og Jafnaðarmenn 1, því að Íhaldsflokkurinn, eða frambjóðandi hans, hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), fjekk 1318 atkv., en Alþýðuflokkurinn 958 atkv., samkvæmt skýrslum hagstofunnar. Hafnfirðingar hafa mjög eindregið æskt þess, að Hafnarfjörður verði gerður að sjerstöku kjördæmi. Á flestöllum þingmálafundum, sem haldnir hafa verið þar undanfarið, hafa ályktanir verið samþyktar í einu hljóði í þá átt, og bæjarstjórn kaupstaðarins hefir í einu hljóði gert áskorun til þingsins sama efnis.

Í fyrra var það haft á móti þessu frv., að aðrir hlutar kjördæmisins væru annars sinnis en Hafnfirðingar um þetta mál. Það er nú svo, að venjulega, þegar einn hluti kjördæmis vill skilja við annan, þá er það vegna þess, að sá hlutinn, sem vill skilja, telur sig bolmagni beittan af hinum, og mótmælir þá venjulega sá hlutinn, sem fyr hefir verið sterkari. En hinsvegar er venjan, að tekið sje meira tillit til óska og krafna þeirra, sem vilja fá sig lausa, en hinna, sem mótmæla því. Staðhættir eru einnig á þá leið, að Hafnarfjörður verði sjerstakt kjördæmi. Hafnarfjörður er stór bær, eftir íslenskum mælikvarða, en í Gullbr.- og Kjósarsýslu eru aðeins smá sjávarþorp og sveitir. Í Hafnarfirði er meiri hluti íbúanna verkamenn, en í Gullbr.- og Kjósar-

sýslu smá-atvinnurekendur. Hagsmunir rekast því á. Samkvæmt framansögðu mælir alt með því að Hafnarfjörður verði sjerstakt kjöræmi: staðhættir, óskir íbúanna, kjósendatala og almenn rjettlætistilfinning.

Jeg vona nú, að frv. þessu verði vel tekið, verði vísað til 2. umr. og allshn.

Að lokum vil jeg svo geta þess, að Hafnfirðingar hafa skorað á þingmenn G.-K. að flytja þetta mál, en þeir hafa skorast undan því, og hefi jeg því flutt frv. eftir tilmælum Hafnfirðinga.

Ólafur Thors: Jeg hefði ekki talið mjer skylt að tala við 1. umr. þessa máls, ef mjer hefði ekki borist brjefleg áskorun frá helstu stjórnmálaandstæðingum mínum innan kjördæmis míns um að fylgja málinu sem fastast fram, að viðlögðu vántrausti þeirra. Þykir mjer skylt að svara mönnum þessum nokkru, og með því að jeg er lítill brjefritari, en treysti því hinsvegar, að þau orð, er jeg tala á þessum vettvang, berist þeim til eyrna, kýs jeg að nota tækifærið til að láta þessa kjósendur í kjördæmi mínu vita, að jeg ætla að hafa hótanir þeirra að engu, og beita mjer þegar í stað gegn málinu.

Slíkar vantraustshótanir stjórnmálaandstæðinga eru broslegar. Hv. flm., hv. 4. þm. Reykv. (HjV), sem ef til vill kann að eiga einhvern þátt í þessu tiltæki Hafnfirðinganna, mun best skilja, hver áhrif slík skilaboð hafa á mig, ef hann hugsaði sjer, að hann sjálfur fengi áskoranir, að viðlögðu vantrausti, frá þeim kjósöndum í Reykjavík, sem eru meðlimir í stjórnmálafjelagi Íhaldsmanna í Reykjavík. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (HjV) mundi glotta. Slíkt hið sama geri jeg.

Frv. þetta er gamall kunningi hv. deildar, og lá síðast fyrir hennï í fyrra. Jeg sje því eigi ástæðu til að orðlengja um það að þessu sinni. Þó skal jeg drepa á örfá rök fyrir andstöðu minni gegn frv.

Í fyrra var jeg mótfallinn málinu, vegna þess að mjer sagði svo hugur um, að meiri hluti þeirra kjósenda, sem hlut eiga að máli, væru andvígir skiftingunni.

Að þessu sinni verður andstaða mín því harðari sem full vissa í þessum efnum leggur mjer á herðar þyngri skyldur en hugboðið. Jeg hefi nefnilega síðan í fyrra aflað mjer fullrar vitneskju um vilja þeirra, sem skifta á, og veit nú, að af þeim á 4. þúsund kjósendum, sem hlut eiga að máli, eru allra mest um 1000 fylgjandi skiftingunni, en hinir allir á móti henni, enda liggja fyrir skýlaus mótmæli sýslunefndar Gullbr.- og Kjósarsýslu um skiftinguna, og er það að vonum einnig vegna þess, að færi skiftingin fram og fái Gullbr.- og Kjósarsýsla aðeins einn þingmann, eru þær mjög afskiftar í samanburði við önnur einmenningskjördæmi.

Áskorunin um skiftinguna er komin frá jafnaðarmönnum í Hafnarfirði. Þeir búast við að geta með þessu móti unnið þingsæti, og kann að vera, að svo sje. En sje það rjett, er jafnaðarmönnum innan kjördæmisins — en þeir eru í hæsta lagi um 1000 — ætlað að ráða öðrum þingmanninum, en öllum öðrum kjósöndum kjördæmisins, sem eru á þriðja þúsund, skilin eftir ráðin yfir kosningu hins. Slík ákvörðun miðar ekki að því að bæta úr ranglæti. Hún s k a p a r ranglæti. Jeg hlýt því að beita mjer gegn málinu, eins og það liggur

fyrir, en skal hinsvegar fylgja Hafnfirðingum að málum um sjerstakan þingmann, ef Gullbr.- og Kjósarsýslu verða trygðir tveir þingmenn eftir sem áður.

Hv. flm. (HjV) sagði, að komið hefðu fram áskoranir á mörgum þingmálafundum í Hafnarfirði um skiftinguna. Þetta er ekki rjett. Áskoranirnar eru allar runnar frá jafnaðarmönnum í Hafnarfirði, og það er fullvíst að mörg hundruð kjósenda í Hafnarfirði eru andvígir skiftingunni.

Jeg vona, að hv. deild felli frv. þegar frá nefnd, meðfrem vegna þess, að það er óhagsýni af jafnaðarmönnum að leggja höfuðáherslu á einstakar breytingar í kjördæmaskipuninni. Slíkt er aðeins til að tefja framgang þeirrar endurskoðunar, sem bráðlega ætti fram að fara.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Ef hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) þætti svo mikið ranglæti eiga sjer stað í kjördæmaskipuninni sem hann lætur í veðri vaka, þá væri honum skylt að gera sitt til þess að bæta úr því, annaðhvort með því, að koma með brtt. við kosningalögin, eða þá við stjórnarskrárfrv. það, sem nú liggur fyrir þinginu. Það sjest ekki, að hann hafi gert neitt til þess, hvorki nú eða í fyrra, að reyna að bæta úr þessu ranglæti.

Hv. þm. (ÓTh) gat þess, að hann mundi sætta sig við frv., ef fram kæmi brtt. um að Gullbr.- og Kjósarsýslu yrðu trygðir tveir þingmenn. Þetta sýnir, hvernig hv. þm. hugsar sjer rjettláta kjördæmaskipun. Þá yrðu 850 kjósendur fyrir hvern þingmann í Gullbr.- og Kjósarsýslu, en 1300 fyrir einn þingmann í Hafnarfirði. Það er auðsjeð, að hjer er eingöngu hugsað um flokkshagsmuni hv. þm. (ÓTh), því að slík breyting væri miklu ranglátari heldur en að láta Hafnarfjörð hafa einn þingmann, en Gullbr.- og Kjósarsýslu annan. Hv. þm. (ÓTh) kýs það aukna ranglæti, heldur en að fylgja frv. þessu!

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að fleiri hundruð kjósendur í Hafnarfirði væru á móti skiftingunni, þá vil jeg geta þess, að ekkert orð hefir heyrst þar á móti skiftingunni. En skiftingin hefir verið samþykt á fjölmörgum fundum, og jeg man ekki betur en að á einum fundi, þar sem hv. þm. var viðstaddur, væri hún samþykt í einu hljóði, svo að ef margir kjósendur á þeim fundi hafa verið á móti henni, hefðu þeir átt að leyna vel sannfæringu sinni, líklega ganga af fundi, áður en til atkvgr. kom, og hvísla því í eyra hv. þm. (ÓTh), að þeir væru á móti skiftingu kjördæmisins, en láta engan annan mann um það vita. Hjer virðist það eitt ráða skoðun Íhaldsmanna á þingi, að þeir geti áfram eins og undanfarið haldið niðri $^2/_5$ hlutum kjósenda í kjördæminu í flokkshagsmuna skyni, þótt annar stærsti bærinn á landinu verði sem heild látinn gjalda þess.

Ólafur Thors: Hv. flm. taldi mjer skylt að bera fram hjer í hv. deild tillögu um breytingu á kjördæmaskipuninni. Það er nú auðvitað rangt, að sú skylda hvíli á mjer öðrum fremur, og mun jeg að svo stöddu eigi verða við ósk hans. Hinsvegar hefi jeg hugsað mjer að flýta frekar en tefja fyrir því, að sá flokkur, er jeg telst til, taki vel í slíka breytingu.

En af því jeg nú þannig í þessu sem

öðru skipa mjer þar í fylkingu, sem mjer sýnist rjettlætið vera fyrir, má hv. flm. vita, að jeg mun beita mjer gegn stjórnarskrárfrv. hans, sem byggist á rangsýni flokkshagsmunanna. Hans flokkur á fylgi sitt nær eingögu í bæjunum, en þeir kjósendur eiga hægast um sókn á kjörstað, aðeins örfárra mínútna gang, en til sveita þurfa margir að leggja á sig langa ferð til kjörstaðar, og er því oft svo, að aðeins nokkrum hluta kjósenda er mögulegt að komast á kjörstað á einum og sama degi. Nú vill hv. flm., að allir þingm. skuli kosnir með landkjöri, þ. e. a. s., að hvert atkvæði teljist jafnt til sveita og í bæjum. En þetta er auðsætt ranglæti, vegna aðstöðumunarins um sókn á kjörstað, ranglæti, sem fremja á í þágu flokkshagsmunanna. Þetta hefi jeg leyft mjer að draga inn í umræðurnar, vegna brigsla hv. flm. til mín, um að flokkshagsmunir einir rjeðu aðstöðu minni til þessarar skiftingar, sem hjer liggur fyrir.

Hv. flm. er trúr hugsjón sinni, öruggur bardagamaður undir fána flokkshagsmunanna. Í þeirra þágu flytur hann frv. þetta, með það eitt fyrir augum, að reyna á þennan hátt að vinna þingsæti fyrir flokk sinn. Vonin um hagsmuni til handa flokki sínum er honum nægjanleg rök í málinu, en atkv. hv. þdm. munu skera úr, hvort þessi rök ein eru einnig þeim nægjanleg. Úr því verður skorið við þessa eða síðari umræðu málsins í þessari hv. deild.

Það er rjett, sem hv. flm. sagði, að fái Gullbr.- og Kjósarsýsla 2 þingmenn, en Hafnarfjörður einn, verða ekki nema 850—900 kjósendur á hvorn þm. í sýslunum, en um 1300 í Hafnarfirði. En hitt er og rjett, að jafnaðarmenn eiga ekki fylgi ⅓ hluta kjósenda. Eru þeir flestir í Hafnarfirði og eiga því hægast um kjörsókn. Hitt eru fylgjendur Íhaldsflokksins. Með því nú að ræna þessa meir en ⅔ hluta kjósenda rjetti og gefa jafnaðarmönnum, er verið að fremja órjettlæti, sem jeg tel mjer skylt að berjast á móti. Háttv. flm. sagði, að ekki væru mörg hundruð kjósenda í Hafnarfirði á móti þessu frv. Hvernig veit hann þetta, þar sem engin yfirlýsing hefir komið fram í þessu máli, nema frá jafnaðarmönnum? Hann þykist vita þetta, en jeg verð að halda því fram, að jeg viti betur vilja manna þar syðra en hann. Jeg býst við, að háttv. flm. geti sjálfur reiknað þetta út. — Ef frv. verður til þess að tefla Hafnarfirði í hendur jafnaðarmanna, þá er ekki ólíklegt, að Íhaldsmenn sjeu á móti því, úr því rjettlætið heimilar þeim andstöðu gegn skiftingunni, svo sem jeg hefi fært rök fyrir.

Háttv. þm. (HjV) segir máli sínu til sönnunar, að hann hafi verið á mörgum fundum með mjer í Hafnarfirði, þar sem þetta mál hafi verið rætt. Jeg man nú ekki eftir, að hafa verið á nokkrum fundi í Gullbr.- og Kjósarsýslu með þessum háttv. þm. (HjV). Hefi jeg þó verið þar á flestum hinum almennu fundum frá því jeg var kosinn á þing, og hefir þar ekki komið fram nein ósk um þessa skiftingu, nema á einum einasta fundi, og aðeins frá einum einasta manni.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jafnaðarmenn hafa auðvitað samþykt á fundum sínum að fá kjördæminu skift. En hjer er ekki um það eitt að ræða, heldur almennan vilja hafnfirskra kjósenda. Jeg hefi ekki verið á neinum

almennum fundi í Hafnarfirði, þar sem komið hafi fram mótmæli gegn því, að Hafnarfjörður fengi sjerstakan þm., nema ef telja skyldi það, að háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem ekki býr í Hafnarfirði, talaði mjög á huldu um málið á framboðsfundi sínum 1925, án þess þó að tala gegn því. Er þetta einasta röddin, sem jeg hefi heyrt í Hafnarfirði í þá átt, og aldrei hefir neitt heyrst um það opinberlega í blöðum. En jeg geri ráð fyrir því, að flokksmenn hv. þm. (ÓTh) sæki ekki síður almenna þingmálafundi heldur en aðrir kjósendur. Þá má einnig geta um áskorun frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar um sjerstakan þm. fyrir bæinn. Var hún undirskrifuð af öllum fulltrúunum, þar á meðal af helstu máttarstoðum háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Það mun koma í ljós næst, þegar kosið verður, hvort jafnaðarmenn eru ⅓ hluti kjósenda í Gullbr.- og Kjósarsýslu eða meira. Það sýndi sig, þegar þessi háttv. þm. (ÓTh) var kosinn í fyrra, að hann fjekk þó ekki nema 1318 atkv. á móti 958, sem frambjóðandi jafnaðarmanna fjekk. Vona jeg, að hann kunni það mikið í reikningi, að hann geti sjeð, að jafnaðarmenn hafi þá fengið meira en ⅓ hluta greiddra atkvæða, og vissulega er fylgi jafnaðarmanna þar í kjördæminu vaxandi. Þá er ekki heldur ástæða til þess að ætla, að fylgjendur Íhaldsflokksins hafi setið heima, þegar tekið er tillit til þess, hve duglegur háttv. þm. (ÓTh) var að senda út bifreiðar sínar í allar áttir, til þess að sækja kjósendur á kjörstað. Það er ekki hægt að tala um Gullbr.- og Kjósarsýslu sem sveitasýslu, þar sem það sje erfiðleikum bundið að komast á kjörstað, því að þar mun yfirleitt auðvelt fyrir hvern kjósanda að fá sæti í bifreið á kjördegi, meðan hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) er þar í framboði, að minsta kosti, ef ekki er fyrirfram vitað, að listhafendur sæta í bifreiðum muni greiða atkv. á móti honum. Hitt atriðið mun verða síðar til umr., hvort miða skuli við flatarmál lands eða við mannfjöldann, þegar ákveða skal kjördæmaskiftingu. En jeg hefi nú þá skoðun, sem og almennust mun vera, að kosningarrjetturinn eigi að vera bundinn við mennina, vera mannrjettindi, og þeir skuli hafa hann almennan og jafnan, hvar sem þeir búa. En til er önnur skoðu í þessu máli, þar sem ekki er tekið tillit til mannrjettinda, heldur flokkshagsmuna þeirra stjórnmálaflokka, sem óttast, að almennur og jafn kosningarrjettur leggi þá að velli.

Ólafur Thors: Jeg þarf ekki að benda öðrum háttv. þm. en flm. (HjV) á það, að það er alt önnur og betri aðstaða fyrir Hafnfirðinga að sækja kjörfund en menn annarsstaðar í kjördæminu, t. d. uppi í Kjós, suður í Grindavík, Miðnesi og víðar. Það sýnir sóknin í fyrra, þegar jeg var kosinn á þing. Hjer um bil allir Hafnfirðingar gátu neytt kosningarrjettarins, og það er aðalstyrkur jafnaðarmanna. Fylgismenn þeirra gátu því svo til allir kosið, en flestir þeirra, sem heima sátu, voru kjósendur Íhaldsflokksins.

Jeg ætla ekki að orðlengja þetta meira, og ekki skal jeg heldur deila um það, hvort háttv. flm. kunni að reikna. Jeg geri ráð fyrir, að honum hafi farið fram á því sviði frá því við fyrst þektumst. En jeg er ekki eins viss um, að um nokkra framför í hugsun sje að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr., með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KIJ, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. með 16 : 1 atkv.

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 92, n. 174 og 181).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, hefir áður valdið deilum hjer á Alþingi, og jeg geri því ráð fyrir, að hv. þdm. hafi þegar tekið afstöðu til þessa frv.

Kröfurnar um þessa skiftingu eru orðnar gamlar, og þm. kjördæmisins hafa áður flutt frv. um þetta efni, en nú reyndist ómögulegt að fá þá til þess. Þvert á móti snjerist 2. þm. G.-K. (ÓTh) þegar við 1. umr. á móti þessu frv.

Meiri hl. allshn. leggur það til, að frv. verði samþ. nú þegar á þessu þingi. Almennar kosningar fara nú fram í sumar eða í haust, og finst meiri hl. vel til fallið, að Hafnarfjörður fengi þá þegar sinn sjerstaka fulltrúa. Það er nú enginn annar kaupstaður utan Reykjavíkur jafnfjölmennur og Hafnarfjörður, sem þó hefir engan sjerstakan fulltrúa á þingi. Ef Akureyri á rjett á því að hafa sjerstakan þm., þá á Hafnarfjörður það líka. Ef Hafnarfjörður er borinn saman við Akureyri, kemur það í ljós, að hvað atvinnuháttu snertir er ekki meiri ástæða til að Akureyri sje aðskilið kjördæmi frá Eyjafjarðarsýslu heldur en Hafnarfjörður frá Gullbr.- og Kjósarsýslu. Á Akureyri lifir mikill hluti íbúanna af landbúnaði jafnframt, og eru atvinnuhættir þar að þessu leyti líkir því, sem er í sýslunni. En í Hafnarfirði er enginn landbúnaður að ráði nje bátaútgerð, sem mikil er í sýslunni, heldur aftur á móti togaraútgerð, sem engin er annarsstaðar í sýslunni, að undantekinni Viðey. Hafnarfjörður er því enn sjerstæðari heldur en Akureyri að atvinnuháttum. Eins er heldur ekki mjög mikill munur á mannfjöldanum í Hafnarfirði annarsvegar og sýslunni hinsvegar, og ekki meiri en annarsstaðar, þar sem skifting hefir átt sjer stað.

Nú er það mín skoðun, að kjördæmaskipunin ætti að vera með öðru móti en nú er. En þar sem hinsvegar tæplega verður gert ráð fyrir, að stjórnarskrárbreyting sú, sem jeg hefi borið fram, nái fram að ganga á þessu þingi, þá get jeg fylgt því fram, að taka þeirri rjetting mála, sem í skiftingunni felast. Um vilja Hafnfirðinga í þessu efni þarf jeg ekki að efast. Hann hafir komið skýrt fram á opinberum fundum og í bæjarstjórn kaupstaðarins, og er eindregið með skiftingunni, en hinsvegar hafa engin opinber mótmæli komið fram frá Hafnfirðingum.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Hv. meiri hl. hefir borið fram þrjár ástæður fyrir rjettmæti þessarar skiftingar. Fyrstu ástæðuna telja þeir fólksfjöldann í hjeraðinu, í öðru lagi telja þeir atvinnuhætti kaupstaðarins aðra, og í þriðja lagi segja þeir, að á bak við liggi eindregin ósk Hafnfirðinga. Um fyrstu ástæðuna er það að segja, að þar sem

slík skifting hefir farið fram, hefir hún ekki verið bygð á mannfjölda, heldur á atvinnuháttum. Hv. frsm. meiri hl. (HjV) benti á Akureyri til samanburðar, og það er rjett, að á Akureyri stunda nú margir landbúnað jafnframt öðru, en svo var síður, þegar skifting fór fram. Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að því er aðra kaupstaði snertir, sem hefðu fengið sjerstakan þingmann, þá væri ekki meiri munur á atvinnuháttum þeirra og hjeraðanna heldur en hjer væri um að ræða. T. d. má benda hv. þm. á Seyðisfjörð. Þar eru atvinnuhætir að öllu leyti aðrir heldur en í sýslunni. Hv. þm. hjelt því fram, að Hafnfirðingar óskuðu eftir skiftingunni. Það getur verið, að meiri hluti Hafnfirðinga sje með þessu, en jeg hefi haldið því fram í nál. minni hl., að þessar óskir væri bundnar við sjerstakan stjórnmálaflokk, og held því fram enn. Hv. þm. (HjV) minti á ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Það er rjett, að fundargerðin er undirrituð af allri bæjarstjórninni, en í henni munu jafnaðarmenn hafa tvo þriðju atkvæða. Og á fundargerðinni er ekki hægt að sjá, hvernig atkvæði hafa skifst. Út af þeim samanburði, sem hv. þm. (HjV) gerði á Akureyri og Hafnarfirði, vil jeg segja það til viðbótar því, sem jeg sagði áðan, að jeg get ekki álitið framtíð Hafnarfjarðar eins vel trygða eins og framtíð Akureyrar. Framtíð Akureyrar er trygð á innlendum atvinnurekstri, en öll afkoma Hafnarfjarðar byggist á atvinnurekstri erlends manns, sem þaðan getur horfið, þegar minst varir.

Að endingu vil jeg segja nokkur orð út af þeim orðum hv. þm. (HjV), að þessi skifting ætti að fara fram nú strax, vegna þess, að kosningar væru fyrir dyrum. Í því sambandi vil jeg minna þm. á mál, sem jeg ber mjög fyrir brjósti, en þessi hv. þm. og flokksbræður hans hafa lagst á móti og safnað mótmælum gegn, jafnsjálfsagt og það þó er. Það er færsla kjördagsins. Hv. þm. vildi láta Hafnfirðinga njóta síns rjettar, en legst svo á móti kröfum annara um slíka rjettarbót. Í þessu sambandi vil jeg minna hv. þm. á enska spakmælið: „Charity begins at home", sem þýðir á íslensku eitthvað á þessa leið: góðfýsin byrjar heima fyrir.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg hjelt satt að segja, að skifting Gullbr.- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi væri hjer til umr., en ekki færsla kjördagsins. Og jeg get sagt hv. þm. (ÁJ) það, að það eru fleiri en jafnaðarmenn á móti þeirri breytingu, þar á meðal ekki fáir flokksmenn hans. Hv. þm. (ÁJ) sagði, að ekki bæri að taka tillit til fólksfjölda, en mjer finst, að það atriði hljóti altaf að valda mestu, enda mun altaf hafa verið nokkuð tillit tekið til þess, þegar um skifting hefir verið að ræða, og jeg hygg, að Hafnarfjörður sje töluvert mannfleiri en það kjördæmi, sem hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) er fulltrúi fyrir. Hann hefir viðurkent, að Hafnarfjörður sje ekki síður sjerstæður frá sýslunni umhverfis heldur en Akureyri. Jeg skal nú taka þann kaupstaðinn, sem Hafnarfirði er líkastur, sem sje Ísafjörð. Ef ástæða hefir verið til þess, að Ísafjörður væri skilinn frá N.-Ísafjs. og gerður að sjerstöku kjördæmi, þá er ekki síður ástæða til þessarar skiftingar, sem hjer er um að ræða, og jafnvel miklu meiri ástæða um Hafnarfjörð, þar sem bátaútgerð er mikil bæði á Ísafirði og í Norður-Ísa-

fjarðarsýslu, og því ekki ósvipaðir atvinnuhættir, en stórútgerðar gætir ekki eins mikið á Ísafirði eins og í Hafnarfirði. Hv. þm. (ÁJ) sagði, að það væri ekki hægt að sjá, hvort öll bæjarstjórn Hafnarfjarðar væri með skiftingunni, en það er víst, að aldrei hefir komið atkvæði á móti, hvorki í bæjarstjórninni nje á fundum. Þá kom þm. að því, sem er mergurinn málsins hjá minni hl., sem sje kosningunum, sem í hönd fara. Vitanlega óttast þm. það, að það mundi fara eitthvað öðruvísi en ella mundi við næstu kosningar, ef Hafnarfjörður yrði gerður að sjerstöku kjördæmi. Flokkaeigingirni hjá hv. þm. sýnir sig þarna berlega, er hann vill fótum troða rjettlátar kröfur fámenns kaupstaðar, vegna þess, að yfirgnæfandi meiri hluti hans er andstæður íhaldi. En þó vona jeg, að slík hugsun verði ekki ofan á. Íhaldsmenn á þingi játa það, að Hafnarfjörður ætti að vera sjerstakt kjördæmi.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. (HjV) undirstrikaði, að taka bæri tillit til fólksfjölda. Það er rjett, að fram hjá því má ekki ganga. En útkoman verður samt ekki honum í vil. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru 3000 kjósendur, en meðmæli með skiftingunni hafa komið frá 7—8 hundruð manns. Það er þá um ¼ kjósenda, sem hjer er um að ræða. Hinsvegar hafa komið skýlaus mótmæli gegn skiftingunni frá sýslunefnd, sem telja verður í þessu efni fulltrúa kjósenda kjördæmisins utan Hafnarfjarðar. Og auk þess munu Hafnfirðingar, að undanskildum þessum 7—800, andvígir skiftingunni. Því væri bersýnilega framið ranglæti, ef farið væri eftir kröfum ¼ kjósenda gegn vilja ¾ þeirra. — Hv. þm. (HjV) mintist á Ísafjörð. Jeg skal benda honum á, að þegar hann var gerður að sjerstöku kjördæmi, var honum bætt við. Hjer er um að ræða skifting kjördæmis, svo að þetta er tvent ólíkt. En jeg held, að hv. þm. (HjV) vilji ekki auka við tölu þingmanna.

Um afstöðu bæjarfulltrúanna í Hafnarfirði til þessarar skiftingar verður ekki annað sjeð af útdrætti gerðabókarinnar, sem fyrir liggur, en að hún hefir verið samþykt með einföldum meiri hluta. Hitt sjest ekki, hvort allir hafa greitt atkvæði. En jeg man ekki betur en að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hafi skýrt frá því í umræðunum, að sumir af bæjarfulltrúunum í Hafnarfirði væru móti skiftingunni.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er aðeins stutt athugasemd. Það liggur í augum uppi, að ef hlutfallskosning væri við höfð, fengi Hafnarfjörður sinn þingmann á móti sýslunni. En þingið hefir viðurkent þá kosningaraðferð með því að koma henni á hjer í Reykjavík.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) fer með rangar tölur. Það hefir ekki verið sýnt, að neinir væru á móti skiftingunni í Hafnarfirði, svo að það má telja 1300 annarsvegar en 1700 óbundin atkvæði hinsvegar.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg mótmæli því, að telja megi 1300 á móti 1700. Jeg hefi það eftir kunnugum manni, að þessir 5—6 hundruð kjósendur í Hafnarfirði, sem ekki hafa látið uppi álit sitt, sjeu yfirleitt á móti skift-

ingu. Það er því rjett, sem jeg sagði, að móti 7—8 hundruðum má telja 2200.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Mjer finst hv. þm. (ÁJ) vera farinn að tala svo mikið rugl, að jeg fer ekki langt út í að svara honum. En ef hann vill aðeins taka til greina kjósendatölu Alþýðuflokksins í Hafnarfirði, má hann heldur ekki miða við nema tölu Íhaldskjósenda í Gullbr.- og Kjósarsýslu, og síðustu kosningar þar hafa sýnt það, að Íhaldsflokkurinn er að vísu í meiri hluta í sýslunni, en þó á jafnaðarstefnan þar töluvert fylgi, og munu jafnaðarmenn allir þar óska skiftingar kjördæmisins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, BSv.

nei: ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ.

2.—3. gr. samþ. með 14 : 11 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 9 atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 92).

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja, áður en gengið er til atkv.

Þegar rætt er um flokkaskiftinguna hjer í þessu landi, þá er því haldið fram af einum sjerstökum stjórnmálaflokki, að aðalatriðið sje það, hvort efla skuli sveitamenninguna hjer eða draga úr henni. Nú stendur svo á, að þessi flokkur, næststærsti flokkur þingsins, Framsóknarflokkurinn, telur sig einkum vera málsvara bændanna í einu og öðru. Þegar rætt er við þessa menn um kjördæmaskiftinguna og þeim bent á, að kaupstaðirnir fái tiltölulega of lítið atkvæðamagn, þá hefir svarið verið, að það sje að vísu eigi rjettlátt, en þungamiðja þjóðlífsins liggi og eigi að liggja í sveitunum, og því verði svo búið að standa.

Frá sjónarmiði bænda er þetta rjett, og þess vegna lít jeg svo á, að það hljóti að vera hlutverk þessa flokks, sem telur sig vera bændaflokk, að halda í þá kjördæmaskipun, sem nú er, enda er þeim það hin mesta nauðsyn, ef þeir vilja halda áfram áhrifum sínum á löggjöf landsins, bændum í hag, eins og þeir a. m. k. á kjörfundum vilja vera láta. Í því frv., sem hjer liggur fyrir, er farið fram á það, að flytja þungamiðju þjóðlífsins úr sveit í kaupstað. — Hvað snertir vilja hjeraðsbúa sjálfra í þessum efnum, mun mega fullyrða, að það sje ekki helmingur kjósenda í hjeraðinu, sem óskar þessarar breytingar, heldur aðeins ca. 7–8 hundruð af ca. 3000 kjósendum kjördæmisins. — Jeg er ekki alveg viss um, að sumir hv. þm., sem greiddu atkv. með þessu frv. við síðustu umr., hafi gert sjer ljósa grein fyrir, hvað þeir voru að gera. Þar á jeg t. d. við hv. þm. Str. (TrÞ), sem jeg sje, að nú brosir.

Jeg álít þessa atkvgr., sem nú er að fara fram, mjög athugaverða, því eins og jeg benti á áðan, er hjer um það að ræða, hvort þungamiðja þjóðlífsins eigi

að flytjast úr sveitum landsins til kaupstaðanna.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Þessi ræða hv. frsm. (ÁJ) kemur mjer yfirleitt mjög undarlega fyrir sjónir. Hv. þm. (ÁJ) er sem sagt að lýsa stefnu Framsóknarflokksins, og er þó sjálfur Íhaldsmaður. Framsóknarflokkurinn hefir svo mörgum þm. á að skipa í þessari hv. deild, að þeir gætu sjálfir, ef þeir óskuðu, tekið til máls, til þess að ræða um stefnu flokks síns, og mundu síst fela það starf hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), enda má varla búast við því, að hann færi rjett með þau mál, Auk þessa eru ástæður þær, sem hann færði fram gegn skiftingunni, algerlega rangar. Í Gullbr.- og Kjósarsýslu er atvinnan bæði til landvers og skers, bæði um smáútgerð og landbúnað að ræða, venjulega í sameiningu, og því beggja hagsmuna að gæta. Og hvað snertir vilja hjeraðsbúa hjelt hv. þm. (ÁJ) því fram, að það væri ekki nema um 7—8 hundruð kjósenda, sem hefðu samþykt áskoranir um breytingar. Ef það er rjett hjá hv. þm., þá er jafnrjett að ályktа, að ekki sjeu á móti nema þessir 2 þm. sýslunnar, auk 4—5 manna í sýslunefnd, og verður þá samtals æði mikill atkvæðamunur.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði ekki gert ráð fyrir því, að þurfa að taka til máls um þetta frv. En hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) fann ástæðu til þess, að láta það koma í þingtíðindunum, að jeg hefði brosað, eins og annar hv. þm. gat þess um daginn út af öðru máli, að jeg hefði kinkað kolli. Jeg vil aðeins taka það fram, út af orðum hv. þm. (ÁJ), þeim, sem hann beindi til Framsóknarflokksins, sem bændaflokks, í sambandi við þessa skiftingu, að hjer er alls ekki um það að ræða, að fjölga þm. Þetta hjerað er að mestu leyti sjávarkjördæmi, en vitanlega mundu áhrif af skiftingunni fyrst og fremst verða þau, að bændur í kjördæminu mundu njóta sín miklu betur, ef Hafnarfjörður væri algerlega sniðinn frá. Þeir hafa nú ekki nema 15—20% af atkvæðamagni, en hefðu eftir skiftinguna yfir 30%. Það er af þessum ástæðum mjög skynsamlegt, einmitt frá sjónarmiði bænda, að fylgja skiftingunni.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Hv. sessunautur minn, 4. þm. Reykv., var að tala um það, að það sæti ekki á mjer að tala um stefnu Framsóknarflokksins. Skal það einnig fúslega játað, að honum stendur nær en mjer að gerast forsvarsmaður bandamanna sinna. En jeg var ekki að tala um þetta frá sjónarmiði flokksins, heldur vildi jeg benda á ósamræmið milli kenninga hans og breytni. Eftir ýmsu að dæma virðist lítið mega marka kenningar þessara manna, en skrifað stendur: „Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá.“

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að bændur mundu njóta sín betur, ef af skiftingunni yrði, og vil jeg þá benda á það, að sýslunefnd Gullbr.- og Kjósarsýslu, sem er skipuð bændum, hefir lagt ákveðið á móti þesari breytingu. Jeg er hræddur um það, að Framsóknarmenn verði í töluverðu ósamræmi við bændur þessa hjeraðs, ef þeir ætla nú enn að standa á sama grundvelli og þeir stóðu við síðustu umr. þessa máls. — Það hefir verið sagt, að þegar Framsókn og Alþýðuflokkurinn bræddu sig saman í haust, þá hafi það verið tilskilið í 13.

gr. samningsins, að Framsókn skyldi fylgja fram þessari skiftingu, og ef úr því verður, að hún gangi í gegn, á það víst að vera uppfylling þessarar 13. gr.

Tryggvi Þórhallsson: Viðvíkjandi þessari 13. gr., sem jeg aldrei hefi heyrt nefnda fyr, vil jeg segja það, að um þetta mál voru greidd atkvæði hjer á þinginu í fyrra, eins og hv. þm. (ÁJ) má muna, og höfum við þannig sýnt fylgi við þetta mál áður en þessi 13. gr. á að hafa orðið til.

Ef hv. þm. (ÁJ) hinsvegar vill gefa einhverjar sögulegar upplýsingar, vil jeg benda honum á, að hann ætti að setja þær undir innsigli og koma þeim fyrir uppi á landsbókasafni. Þar mundu þær verða vel geymdar.

ATKVGR.

Frv. felt með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, MT.

nei: PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, BSv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

8. Yfirsetukvennalög.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum nr. 14, 22. okt. 1912 (þmfrv., A. 52).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg hefi leyft mjer að taka upp og bera hjer fram frv. það, sem hv. þm. Snæf. (HSteins) flutti í hv. Ed. á síðasta þingi. Það var þá afgr. frá Ed., að vísu allmikið breytt, en náði ekki fram að ganga í þessari hv. deild. Það var þó játað af öllum, að brýn nauðsyn væri að bæta kjör yfirsetukvenna að einhverju leyti, en til bráðabirgða var það ráð tekið, að skora á ríkisstjórnina að greiða dýrtíðaruppbót að sínum hluta af launum þeirra, og á sýslunefndir og bæjarstjórnir að gera slíkt hið sama að sínum hluta. Auðvitað var þessi afgreiðsla málsins ófullnægjandi og gat ekki orðið nema bráðabirgðaráðstöfun. Og þess vegna vænti jeg, að hv. þdm. taki mjer það ekki illa upp, að jeg hefi nú tekið málið upp á ný. Og það því síður sem fullyrða má, að það hafi nú þegar komið í ljós, að þessi ráðstöfun hv. deildar á síðasta þingi hafi ekki náð tilgangi sínum, þar sem dýrtíðaruppbótin, sem ætlast var til, að yfirsetukonurnar fengi, mun alls ekki hafa verið greidd alstaðar af hálfu sýslunefndanna, og þannig er sýnt, að þessu verður að skipa með lögum. En að öðru leyti hefir þessi ráðstöfun líka reynst ófullnægjandi, því að engar horfur eru á því, að hún muni verða til þess að ráða bót á því böli, sem henni var ætlað, sem sje vöntuninni á yfirsetukonunum. Því að fullyrða má, að þeim hjeruðum fari fjölgandi, sem yfirsetukonur vantar í, og aðsóknin að yfirsetukvennaskólanum fer enn minkandi. Eru nú á honum 5 stúlkur, en talið að þurfi að vera 12 á ári, svo að þörfinni verði fullnægt. Og nú sverfur jafnvel svo að,

að því er einn prófessorinn í læknadeild háskólans skýrir frá, að stjórnin hefir neyðst til að skipa gersamlega ólærðar yfirsetukonur í sum hjeruðin. En með því fullyrði jeg, að við sjeum komnir á hættulega afturfararbraut. Þó að einhver kunni að segja, að betra sje að veifa röngu trje en öngu, þá hygg jeg samt, að menn mundu kippast við, ef þeir heyrðu, að farið væri að skipa ólærða skottulækna sem fullgilda hjeraðslækna. En á þessu tvennu er í raun og veru ekki verulegur munur.

Heilbrigðismálin eru vafalaust mikilsverðustu mál þjóðarinnar. Og Alþingi hefir líka lagt mikla rækt við þau. Því verður ekki neitað. En þessi grein þeirra hefir orðið útundan að nokkru leyti. Að vísu hafa kröfurnar, sem gerðar eru til kunnáttu ljósmæðra, verið auknar og þeim gert að skyldu að verja meiri tíma til náms. En þess hefir ekki verið gætt, að jafnframt væri óhjákvæmilegt að gera stöður þeirra eftirsóknarverðari, kjörin betri. Og afleiðingin verður sú, að engar ljósmæður fást, sem fullnægja kröfunum, og nota verður í þeirra stað algerlega ólærðar konur, eins og fyrir áratugum síðan. En ef við kjósum heldur að hörfa aftur um áratugi í þessu efni, heldur en að bera óhjákvæmilegan kostnað af þeim framförum, sem stofnað er til með aukinni ljósmæðramentun, þá verðum við líka að horfast í augu við afleiðingarnar af því, sem óhjákvæmilega verða þær, að við færumst nær því ástandi, sem var fyrir áratugum síðan, sem lýsti sjer í margfalt meiri ungbarnadauða og sængurkvennadauða en við höfum haft við að búa hin síðari árin. Það stoðar ekkert að berja höfðinu við steininn í þessu efni og segja, að ljósmæðurnar geti stundað aðra atvinnu að svo og svo miklu leyti, og þess vegna geti þær komist af með lægri laun.

Ljósmæður fást ekki fyrir þau laun, sem þeim eru nú ákveðin, og ljósmæðralausum hjeruðum fer fjölgandi ár frá ári, ef ekki verður úr þessu bætt — eða þá, að í þau verður að skipa ólærðar konur, sem ekki þekkja neitt til einföldustu varúðarráðstafana við barnsburð.

Og þó er sannleikurinn sá, að í stað þess að slaka til á kröfunum, ætti einmitt að herða á þeim. Það ætti að krefjast meiri mentunar af yfirsetukonunum en gert er, þótt það hefði í för með sjer enn hærri launakröfur. Og í stað þess að neyða þær með lágum launum til þess að binda sig sem mest við önnur störf, ætti einmitt að hvetja þær til þess með hærri launum að gefa sig að sem mestu leyti við ljósmóðurstörfunum, þannig, að þær t. d. gætu verið óhindrað nægilega lengi hjá hverri sængurkonu, eftir því sem á stendur.

Jeg hefi ekki gert það að umtalsefni, hverja sanngirniskröfu ljósmæðurnar eigi til hærri launa en þær fá nú. Í því efni nægir fullkomlega að vísa til greinargerðar, sem frv. fylgir, sem er kaflar úr brjefi frá „Ljósmæðrafjelagi Íslands“ til Alþingis, og jeg efast ekki um, að hv. þm. hafi lesið með athygli. Það er líka í raun og veru viðurkent af öllum, að kröfur ljósmæðranna sjeu á fullri sanngirni bygðar. Aðeins er um það deilt, hvað frekast sje unt að pína þær til að láta sjer lynda. Og það, að núverandi launakjör þeirra sjeu óhæfilega lág og ósanngjörn, er líka þegar ljóst af því, að ljósmæður fást ekki í hjeruðin, að stúlkur vilja ekki nema ljósmóðurfræði, eða leggja það starf

fyrir sig, af því að þær eiga jafnvel algerlega ólærðar kost á betri kjörum við hvaða önnur störf, sem vera skal. En það er nú einu sinni svona, að hvorki karlar nje konur fást alment til þess að vinna erfið og ábyrgðarmikil störf fyrir minni laun en unt er að fá fyrir önnur störf vandaminni, aðeins heiðursins vegna eða af eintómum mannkærleika. Launin verða að samsvara kröfunum.

Það hefir verið haft á móti þessu máli, að samþykt þess yrði skoðuð sem fordæmi, og þá yrði varla komist hjá því samstundis að taka upp alt launamálið, eða að minsta kosti bæta að einhverju leyti launakjör annara starfsmanna. Það kann nú að verða fullerfitt að skella algerlega skolleyrum við rjettmætum kröfum embættis- og starfsmanna landsins um bætt launakjör, hvernig svo sem fer um þetta mál. Þó er mjer það óskiljanlegt, að hv. þm. geti fundið nokkra fróun í því, að neita þessari stjett, ljósmæðrunum, um svo skýlausan rjett þeirra, sem þeir komast ekki hjá sjálfir að viðurkenna. Mjer getur jafnvel ekki betur skilist en að það sje öllu óþægilegra, að aðrir starfsmenn landsins geti bent á þetta augljósa dæmi um ósanngirni af þingsins hálfu í garð starfsmanna landsins, sem sönnun fyrir allsherjar ósanngirni, dæmi, sem sannar sig sjálft svo greinilega, með því að ljósmóðurstöðurnar verða æ fleiri og fleiri, sem eru óskipaðar. — Um hvaða stjett aðra er hægt að sýna fram á hið sama?

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til fjhn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta er eingöngu launamál, og jeg álít rjett, að gefa hjer þær upplýsingar, að samkvæmt því sem um var talað á síðasta þingi, hefir ljósmæðrum verið greidd dýrtíðaruppbót af þeim hluta launanna, sem ríkissjóður greiðir. Þetta er talsverð launabót. Mjer er ekki kunnugt um, hvort sýslunefndir hafa greitt dýrtíðaruppbót af sínum hluta, en jeg hygg þó, að það hafi verið gert, a. m. k. sumstaðar.

Jeg hefi ekki annað um þetta mál að segja en það, sem jeg sagði á síðasta þingi, nema það, að tíminn nú er enn síður til þess fallinn, að hækka laun. Kaup fer lækkandi að krónutali, og tekjur manna yfirleitt. Jeg get hugsað mjer, að þó ljósmæðralaun þyki lág nú, líði ekki mörg ár, þar til þau þykja viðunandi, í samanburði við það, sem aðrir starfsmenn landsins verða að sætta sig við.

Það er ekkert að því vikið í grg. frv., hverja útgjaldaukning þetta hefði í för með sjer. Jeg skýt því til nefndarinnar, sem fær frv. til meðferðar, að hún athugi þessa hlið málsins og geri sjer hana ljósa. Um ljósmæðraekkuna skal jeg ekkert segja, þar sem það heyrir ekki undir mitt ráðuneyti. En samkvæmt greiðslum, sem fram hafa farið til ljósmæðra, verður ekki sjeð, að á þeim hafi verið veruleg ekla, enda eru ekki kvartanir um það fram komnar frá landsmönnum sjálfum, heldur stjettarfjelagi ljósmæðra.

Flm. (Jakob Möller): Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að þetta mál væri eingöngu launamál. Jeg mótmæli því. Þetta er í fylsta máta heilbrigðismál, og verð jeg að segja, að mjer þykir óviðkunnanlegt, að heilbrigðismálaráðherrann (MG)

skuli ekki vera viðstaddur umræðurnar, ef hann er heilbrigður. Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að tíminn væri síst betur fallinn nú til að hækka laun heldur en í fyrra. Jeg man ekki, hve mikla áherslu hæstv. ráðh. lagði á það í fyrra, að tíminn væri óhentugur. En hjer er alls ekki farið fram á almenna launahækkun, heldur bætt kjör stjettar, sem algerlega hefir orðið útundan. Það hefir þegar verið upplýst, að ráðstöfunin, sem gerð var í fyrra, hefir ekki komið að fullu gagni. Hæstv. ráðh. (JÞ) gerði lítið úr ljósmæðraeklunni. Það var upplýst í fyrra, að ljósmæður vantaði í 30—40 hjeruð, en hjeruðin eru alls um 200, svo það er þó alt að ⅕ þeirra laus. Mjer finst þetta talsvert athugavert, og jeg býst við, að það þætti alvarlegt ástand, ef ⅕ læknahjeraðanna væri laus.

Það hefir verið upplýst, að gerðar hafa verið fyrirspurnir til sýslumanna um, hve mörg yfirsetukvennaumdæmi væru óskipuð. Aðeins 6 svör hafa borist, en hjá þeim eru samtals 14 umdæmi auð. Ef þetta er eitthvað viðlíka hjá hinum, er augljóst, að ljósmæðraekla er síst minni en í fyrra, og af aðsókninni að ljósmæðraskólanum er auðsjeð, hvert stefnir, nema ef stjórnin fer að iðka það, að skipa algerlega ólærðar yfirsetukonur í stöðurnar. En sjálfsögð afleiðing af slíkum ráðstöfunum væri aukinn ungbarna- og sængurkvennadauði.

Þá sagði hæstv. forsrh. (JÞ), að kröfurnar um bætt launakjör yfirsetukvenna væru ekki komnar frá þeim hjeruðum, sem vantar ljósmæður, heldur beinlínis frá ljósmæðrum sjálfum. Þetta má vel vera. En eru ekki allar framfarir í heilbrigðismálum læknunum að þakka? Jeg veit ekki betur en að svo sje. Kröfurnar um umbætur á þeim koma ekki frá almenningi. Þar sannast hið fornkveðna: „Svo lengi má illu venjast, að gott þyki um síðir.“ Fólkið fer ekki að bera fram tillögur um endurbætur á heilbrigðismálum. Þær koma beint frá læknunum. Þeir sjá, hvar skórinn kreppir. Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að tillögur um endurbætur á þessum málum komi frá yfirsetukonunum sjálfum.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar mikið, aðeins segja mína skoðun. Því hefir verið haldið fram, að það hafi ekki verið neinar verulegar launabætur fyrir ljósmæðrastjettina, sem þeim var greitt í fyrra. En jeg býst við, að það stafi meðal annars af því, að sýslunefndir hafi alment lítið svo á, að þeim bæri ekki skylda til að greiða dýrtíðaruppbót af þeim hluta launanna, sem greiddur er úr sýslusjóði. Vil jeg því skjóta því til nefndar þeirrar, sem fær málið til meðferðar, hvort ekki mundi rjett að gera sýslunefndum það að skyldu, að greiða dýrtíðaruppbót af sínum hluta, eins og ríkissjóði.

Það má vel vera, að ljósmæðrastjettinni sje vanborgað að einhverju leyti, en það er síst rjettur mælikvarði fyrir því, hve mörg yfirsetukvennaumdæmi eru óveitt nú, og má í því sambandi benda á, að allmörg læknishjeruð hafa lengi verið óveitt og eru óveitt enn, enda þótt launin verði að teljast há.

Jeg býst fastlega við, að háttv. flm. viti, að hin almenna óánægja, sem talað er um í greinargerð frv., er fram komin á þann hátt, að það er fram-

kvæmdanefnd hjer í Reykjavík, sem skrifar ljósmæðrum úti á landi og leitar álits þeirra, og brýnir jafnframt fyrir þeim að gera þessar kröfur. Jafnframt er farið fram á umboð til þess að segja stöðunum lausum, gangi Alþingi ekki að kröfunum. Það er því ekki málaleitun hinna óánægðu út á landi, sem hjer er um að ræða.

Það sem mjer þykir lakast í þessu máli er það, að ljósmæðranemendur verða að hafa töluverðan kostnað af dvöl sinni hjer. Það er nefnilega afturför frá því, sem áður var, því jeg man ekki betur en að áður væri námið þeim kostnaðarlaust. Til þess að bæta þeim þetta upp, mundi jeg fús að ljá mitt liðsinni.

Annars get jeg tekið undir með hæstv. forsrh. (JÞ), að það virðist lítið samræmi í því, að fara að taka þessi laun út úr og hækka þau, einmitt þegar öll önnur laun lækka, auk þess sem launalög þessarar stjettar eru sett fyrir aðeins fáum árum. Athugi maður þau ákvæði þessa frv., er við koma eftirlaunum, þá er bersýnilegt, að þau eru miklu betri, með tilliti til launaupphæðarinnar, en aðrir embættismenn mega eiga von á.

Annars held jeg, að það sje ekki rjett hjá hv. flm. (JakM), að það sje mikil óánægja út um land út af launum yfirsetukvenna. Því væri svo, hefðu áreiðanlega fleiri en 6 sýslumenn landsins svarað fyrirspurnunum. En það liggur beint við, að draga þá ályktun af því, að ekki vanti yfirsetukonur nema í þessar sex sýslur, og þó að litlu leyti.

Jeg mun svo á þessu stigi málsins ekki rísa frekar á móti því. Og tel jeg rjett, að það sje athugað í nefnd. Væri þá vel, að nefndin athugaði, hvort ekki væri hægt að kippa því í gamla horfið, að því leyti, að nemendur fengju kostnaðinn af dvöl sinni við námið endurgreiddan, eins og áður var. Ef svo yrði, hygg jeg, að leiða myndi til betra samkomulags.

Flm. (Jakob Möller): Jeg hefi ekki ástæðu til að svara hv. þm.-Barð. (HK) mörgum orðum; hann tók ekki svo illa í málið, að þess sje beinlínis þörf.

Háttv. þm. viðurkendi, að ráðstafanir þessarar deildar í fyrra hefðu ekki komið að tilætluðum notum, því að sýslufjelögin mundu yfirleitt ekki hafa talið sjer skylt að greiða dýrtíðaruppbót af sínum hluta launanna, og vildi bæta úr því á þann hátt, að fela nefnd þeirri, sem fær málið til meðferðar, að gera sýslufjelögunum skylt að greiða dýrtíðaruppbót að sínu leyti af laununum. En það er alls ekki hægt á þann hátt, því að hvorki stjórnin nje þessi hv. deild hafa vald til slíks; til þess þarf lög frá Alþingi.

Þá vildi hann ekki gera mikið úr ljósmæðraskortinum, og hjelt því fram, að hann myndi síst stafa af of lágum launum, og studdi mál sitt með því, að mörg læknishjeruð væru óveitt eða læknislaus, enda þótt launin væru góð. En þetta er bara út í loftið hjá háttv. þm. Laus læknishjeruð eru ekki nærri eins mörg og laus yfirsetukvennaumdæmi, og það stendur í beinu sambandi við launakjörin. Laun lækna eru líka fólgin í aukavinnu, því að þangað sem lítill „praxis“ er, fást læknar ógjarnan, enda þótt föstu launin sjeu sæmileg.

Þá skildist mjer hv. þm. (HK) vilja draga úr því, að hjer væri um mikla óánægju að ræða meðal ljósmæðra, og vildi gefa í skyn, að stjórn Ljósmæðra-

fjelagsins rjeri undir og fengi ljósmæðurnar úti á landi til þess að samþykkja launakröfurnar. En ætli þá, að það geti ekki verið, að Ljósmæðrafjelagið hafi í höndum þau gögn, sem ekki verður í móti mælt, að óveittum yfirsetukvennaumdæmum fjölgar, að námsmeyjum við ljósmæðraskólann fækkar og að farið er að skipa ólærðar ljósmæður í umdæmin. Hjer stefnir því beint til hins fyrra ástands: aukins dauða sængurkvenna og barna. — Þökk sje því Ljósmæðrafjelaginu fyrir að hreyfa þessu máli.

Hákon Kristófersson: Jeg hjelt satt að segja, að orðum mínum hefði verið svo í hóf stilt, að ekki hefði verið ástæða til, að þau kostuðu svona mikinn hávaða hjá háttv. 1. þm. Reykv. (JakM). Jeg held að það hafi ekki verið rjett hjá þessum hv. þm., að sveigja svo mjög að hinum gömlu, góðu, ólærðu ljósmæðrum, sem áður þjónuðu, því að jeg hygg, að þær hafi margar hverjar ekkert staðið ver í stöðu sinni en þær lærðu nú á dögum. (**JakM:** So-o-o?). Já, so-o-o! Jeg frábið allar aðdróttanir að hinum góðu gömlu konum. Annars veit jeg vel, að þungamiðja þessa uppvakknings er hjer í Reykjavík, eins og um allar launakröfur, þær byrja hjer, og eru svo blásnar út um alt land hjeðan.

Þá sagði þessi háttv. þm., að hin mörgu óskipuðu læknishjeruð sönnuðu ekkert annað en slæm launakjör. En mjer finst þau sanna annað meira, að landið hafi ekki efni á að borga læknum sínum og ýmsum öðrum starfsmönnum, eins og þeir geta unnið sjer inn í fjölmennum bæjum, ef duglegir eru. Annars má ekki gleyma því, að litlu og fámennu læknishjeruðin úti á landi eru betur launuð en hin stóru og fjölmennu.

Þá taldi hann ekki sambærilegt, að bera saman óveitt læknishjeruð og yfirsetukvenna, því aðeins væru örfá læknishjeruð óveitt, ef þá nokkur væru, en fjöldi yfirsetukvennaumdæma. Sje þetta þannig, þá hefir það breyst mjög alveg nú á síðustu tímum, því að þegar Reykhólahjerað var óveitt, átti jeg tal um þetta við landlækni, og taldi hann þá óveitt 5—6 hjeruð.

Háttv. flm. (JakM) hristir höfuðið. Hann má það, því að vel má vera, að það hristist svo til í því, að hann muni, hve mörg óveittu læknishjeruðin eru, því hann brast alveg minni til þess að skýra frá því áðan.

Eins og jeg tók fram áðan, ætla jeg ekki að sýna málinu neina sjerstaka óvild á þessu stigi; vil bara halda fast við, að það sje athugað í nefnd, hvort sýslusjóðirnir í raun og veru sjeu færir um efnalega að bæta þeim bagga við sig, að greiða dýrtíðaruppbót af sínum hluta launanna.

Að endingu vil jeg segja: lof sje Ljósmæðrafjelaginu fyrir að bera svo mjög fyrir brjósti hag kynsystra sinna út á landi, sem lýsir sjer í frv. þessu.!!

Flm. (Jakob Möller): Jeg ætla ekki að tala öllu meira við háttv. þm. Barð. (HK), því að þess gerist ekki þörf. Aðeins vil jeg mótmæla því, að jeg hafi verið að áfellast hinar gömlu góðu konur, sem áður gegndu ólærðar ljósmæðrastörfum (**HK:** Það lá í orðunum). Jeg viðurkenni, að þær hafi margar hverjar staðið vel í sinni stöðu, eftir þeim kröfum, sem þá voru gerðar. Það,

sem jeg sagði, var, að jeg teldi ilt að hverfa aftur til hins fyrra ástands, eins og það var yfirleitt áður en hinar lærðu ljósmæður komu til sögunnar.

Um það, hversu mörg læknishjeruð eru læknislaus hjer á landi, þá vil jeg taka það fram, að mjer er ekki kunnugt, að það sje eitt einasta, því að jeg tel ekki, þó að óskipað sje í eitt eða tvö hjeruð, sem umsækjendur eru um, og því aðeins nokkra daga um að ræða, þangað til í þau verður skipaður læknir. Jeg man vel, að það var lengi erfiðast að fá lækni í Reykhólahjerað, en hann er þó kominn þangað nú. Það getur þó ekki komið til mála neinn samanburður á óveittum læknishjeruðum og yfirsetukvennaumdæmum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 293 og 313).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg hefi í rauninni litlu við það að bæta, sem jeg sagði í framsögu við 1. umr., og það, sem fram er tekið í nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 293. Aðeins vil jeg geta þess, að meiri hl. getur ekki hallast að frv. óbreyttu, en leggur til, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem gerðar voru í hv. Ed. í fyrra, að því viðbættu, að laun ljósmæðra í sveitaumdæmum verði greidd að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og ⅓ úr sýslusjóði. Meiri hl. telur, að sýslusjóðirnir eigi erfitt með að jafna niður þeim gjöldum, sem þeir þarfnast, og telur eigi síður ástæðu til, að laun þessara starfsmanna sjeu greidd úr ríkissjóði en laun annara opinberra starfsmanna. Meiri hl. lítur svo á, að þetta sje svo mikilsvarðandi mál fyrir heilbrigðismálin í landinu, að ekki verði gengið á móti sanngirniskröfum í þessu efni. Nú er um það að ræða, hvort við eigum að hverfa aftur að hinu gamla skipulagi, að ástandið verði þannig, að þessi störf verði að mestu í höndum ólærðra kvenna. Nefndin hefir ekki fengið neinar nýjar upplýsingar um ástandið í þessu efni, en enginn vafi er á því, að lærðum yfirsetukonum fer fækkandi ár frá ári. Aðsóknin að ljósmæðraskólanum er nú svo lítil, að hvergi nærri getur fullnægt þörfinni. Það hefir jafnvel af þessum ástæðum ekki þótt verða hjá því komist, að skipa algerlega ólærðar yfirsetukonur. Hefir nefndin fengið upplýsingar um eitt slíkt tilfelli, og auðvitað verða meiri brögð að því, eftir því sem lengra líður. Úr þessu verður ekki bætt, nema með því að gera starfið aðgengilegra en það er nú, með því að bæta kjörin. Kjörin þurfa að vera eitthvað betri en hægt er að fá án nokkurrar undirbúningsmentunar. Eins og nú er, er stúlkum í lófa lagið að vinna sjer inn jafnmikið eins og ljósmæður hafa í laun, jafvel með einföldum vinnukonustörfum.

Því hefir verið hreyft til andmæla gegn hækkun þessara launa, að óhjákvæmilegt yrði þá að hækka laun annara starfsmanna, svo sem hreppstjóra. En allir hljóta að sjá, að hjer er tvennu ólíku jafnað saman. Þó að hreppstjórar hafi með höndum vandasöm og mikilsverð störf, þá þarf þó ekki sjerþekkingu til að geta int þau af hendi. Sama er að segja um önnur sveitarstjórnarstörf, sem er borgaraleg skylda hvers manns að taka að sjer. En það er ekki

hægt að neyða neinn til að búa sig undir ljósmóðurstarfið. Störf yfirsetukvenna eru alls ekki sambærileg við slík störf. Þau eru aðeins sambærileg við önnur embættisstörf, sem krefjast sjerstakrar þekkingar og mentunar. Og það er mín trú, að þó að við samþykkjum þessa hækkun nú, þá líði ekki á löngu áður en við verðum að fara hærra. Kröfurnar verða stöðugt meiri, sem gerðar verða til þekkingar þessara starfsmanna. Það er heldur ekki neinn vafi á því, að það borgar sig, að hafa vel mentaðar yfirsetukonur, eins og það borgar sig, að hafa vel mentaða læknastjett. Það borgar sig á þann hátt, að dauðsföllum fækkar og heilsufarið batnar.

Með þeirri byrjunarhækkun, sem hjer er farið fram á, mun aukningin á framlagi ríkissjóðsins varla fara yfir 40 þús. kr. Jeg hefi fengið hjá stjórnarráðinu skýrslu um, hve mikill hluti ríkissjóðs hafi orðið að undanförnu, og hefir hann numið um 25½ þús., og samkv. því álít jeg, að hækkunin verði þessi. Auðvitað hljóta gjöldin að vaxa, eftir því sem frá líður og ljósmæðrum fjölgar, en fyrst í stað eru það aðeins lágmarkslaun, sem greiða þarf.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta, nje svara nál. hv. minni hl. fyr en hv. frsm. hefir talað.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Jeg vildi gjarnan verða við þeim tilmælum, að vera stuttorður, og jeg get það því frekar, vegna þess að við höfum gert grein fyrir afstöðu okkar í nál. á þskj. 313, og hjá hv. frsm. meiri hl. kom ekkert nýtt fram. Okkur, minni hl. mönnum, sýnist þetta ekki svo aðkallandi í þetta sinn. Laun þessa starfsmannaflokks voru bætt í fyrra með því, að ljósmæðrum var ákveðin dýrtíðaruppbót af ríkissjóðshluta launanna, og einnig var skorað á aðra aðila, að þeir gerðu slíkt hið sama. Að hve miklu leyti það hefir orðið, er mjer ókunnugt. Mjer finst, að áður en ljósmæður koma fram á ný með óskir um launahækkun til þingsins, að þær ættu fyrst að ganga eftir því, að hinir aðrir aðilar intu af hendi skyldu sína í þessu efni. Auk þess er á það að líta, að það á að endurskoða launalögin í heild á næsta þingi. Það vill nú verða svo, að þegar einhverjir opinberir starfsmenn koma fram með kröfur um launahækkun, að það reynist auðvelt að finna ástæður fyrir því, að launin sjeu of lág. En jafnframt því, að launin þurfa að sniðast eftir þörf manna, verður líka að líta á gjaldþol almennings og ríkissjóðs.

Jeg skal ekki fara langt út í ástæður hv. meiri hl. Aðalástæða hans er yfirvofandi ljósmæðraskortur, en það vantar bara að sýna fram á og færa rök fyrir því, að það sjeu launakjörin ein saman, sem honum valdi. Í fyrra var talað um það, að ljósmæður mundu gera verkfall, ef þær fengju ekki sínum kröfum fullnægt, en nú er þessi höfuðástæða ekki færð fram, heldur ógnað með ljósmæðraskorti. Hvað því veldur, veit jeg ekki, en get ímyndað mjer, að þessi verksfallshótun í fyrra hafi ekki þótt reynast vel, og þess vegna sje gripið til þessarar ástæðu nú. — Annars má draga það í efa, hvort ljósmæðraskorturinn er eins mikill og af er látið, og ef svo er, hvort launakjörin eru þá eina ástæðan. Það er alkunna, að áhugi fyrir ýmsum störfum getur verið misjafn á ýmsum tímum og af ýmsum ástæðum. Og geta mætti þess til, að málfærsla sú, sem höfð hefir verið uppi

nú um hrið um þetta mál, ætti sinn drjúgan þátt í því, enda er fátt auðveldara en að gera menn óánægða með kjör sín. — Og enn má geta þess, að læknahjeruð hafa á stundum staðið óskipuð, og má þó segja, að ekki muni launakjör annara opinberra starfsmanna vera rífari — og enginn skortur á lærðum læknum — svo að þar til mun þá vera að leita annara orsaka en lágra launa. Það má segja, að þinginu sje vandi á höndum í þessum efnum og vansjeð, hvenær störf eru fulllaunuð. Sá hugsunarháttur er nú orðinn mjög ríkjandi, að alt fáist fyrir peninga, og ekkert nema fyrir peninga. Jeg held, að þjóðin sje þá illa komin, ef peningarnir eru mönnum alt, en áhuginn fyrir þeim störfum, sem þörf er á að vinna, ekkert. Hv. frsm. meiri hl. (JakM) var að bera saman kjör ljósmæðra og kjör vinnukvenna. En jeg lít svo á, að þau sjeu ekki sambærileg, vegna þess, að ljósmæðrastörf geta ekki talist fullkomin störf, a. m. k. í sveitum. Fæðingar eru svo fáar í flestum ljósmæðrahjeruðum, að þær geta sint miklum aukastörfum. Í fámennum hjeruðum, þar sem launin eru lægst, ca. 200—300 kr., eru fæðingar líka fáar og störfin lítil.

Jeg hefi búið til dálítið dæmi um þetta, hver launin eru á hverja fæðingu, eftir fólksfjölda hjeraðanna. Í hjeraði með 1000 íbúa má búast við að fæðingar sjeu árlega samkv. meðalviðkomunni, eins og hún er talin í hagskýrslum, 10–12. Í slíku hjeraði mundu, eftir þessu frv., frumlaunin með dýrtíðaruppbót verða 432 kr., en hámarkslaun með aldursuppbót og dýrtíðaruppbót 720 kr. Dæmið lítur þá þannig út, miðað við hjeruð, sem hafa frá 1000 og niður í 600 íbúa:

Laun:	lágm.	hám.
	432 kr.	720 kr.
Á hverja fæðingu af 12:	36 —	60 —
- — — - 10:	43 —	72 —
- — — - 8:	54 —	90 —
- — — - 6:	72 —	120 —

Við þetta má bæta þeirri aukaborgun, sem þær fá frá foreldrum, og mun óhætt að áætla hana fullar 20 kr.

Það sem maður tekur strax eftir við þennan samanburð er það, að launin standa mjög í öfugu hlutfalli við störfin, og því meir sem þau eru minni, ef fram ganga till. meiri hl. Jeg efast þess vegna um, að lengi yrði ánægja með þetta. Þó að við breytum þessu nú, myndu launakjörin fljótt valda óánægju og e. t. v. ekki dragast lengur en til næsta þings, að nýjar kröfur kæmu fram.

Við álítum, minni hl. menn, að naumast geti talist full ástæða til að breyta þessu nú. En jeg býst við, að við munum þó frekar geta hallast að brtt. hv. meiri hl. en að frv. sjálfu. En þó að brtt. meiri hl. verði samþ., munum við samt greiða atkv. á móti frv.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg tók það fram þegar í byrjun, að jeg mundi ekki koma fram með neitt nýtt í þessu máli, og jeg varð þess heldur ekki var, að hv. frsm. minni hl. kæmi fram með neinar nýjar ástæður gegn því. Mjer skildist, að höfuðmótbára hv. minni hl. væri sú, að þar sem ætti að endurskoða öll launalögin á næsta þingi, þá væri ekki ástæða til að taka þennan eina starfsmannaflokk út úr nú. En það er einmitt ástæða til þess. Það er ekki hægt að benda á neinn annan starfsmannaflokk, sem eins sje ástatt um og þennan. Ef þannig væri ástatt um aðra starfsmannaflokka, yrði einnig

að taka þá til athugunar. En svo er ekki. Ef t. d. væri óskipaður mikill fjöldi læknishjeraða og þeim færi stöðugt fjölgandi, held jeg, að engum mundi blandast hugur um, að vert væri að taka launakjör þeirra til athugunar út af fyrir sig. Ljósmæður eru í þessu efni vel sambærilegar læknum. Þær eiga að inna af hendi merkilega heilbrigðisstarfsemi. Þetta er það, sem meiri hl. legur aðaláhersluna á. Og þótt hv. frsm. minni hl. (HStef) gefi vonir um, að þetta verði tekið til athugunar á næsta þingi, þegar almenn launalög verða endurskoðuð, þá er það ekki nóg, fyrst ekki eru gefin ákveðin loforð um endurbætur á kjörunum. Hv. frsm. minni hl. (HStef) segir, að það vanti sannanir fyrir því, að það sjeu launakjörin, sem valdi ljósmæðraskorti. Hvað ætti það að vera annað? Hver veit þess dæmi, að ekki fáist menn í þau störf, sem eru sæmilega launuð? Hv. frsm. minni hl. (HStef) segir, að áraskifti sjeu að því, hve áhuginn sje mikill fyrir ýmsum störfum. Það held jeg að sje ekki rjett, nema ef til vill að litlu leyti, heldur eru áraskifti að því, hve vel borgar sig að sinna ýmsum störfum. Hv. frsm. harmaði það, hve allur starfsáhugi færi nú minkandi, og sagði, að menn heimtuðu peninga fyrir alla hluti. Svona er þetta á öllum sviðum. Jeg efa jafnvel, að hv. frsm. (HStef) fengist til að taka að sjer fyrirhafnarmikil störf af einskærum áhuga.

Þá kvað hann það rangt, að bera saman laun ljósmæðra og þau kjör, er vinnukonur eiga við að búa. Má vera, að svo sje. Hjer er verið að bera saman þau kjör, sem öllum konum standa til boða, án þess að hafa nokkuð lært, og laun ljósmæðra, sem gegna ábyrgðarmiklu starfi og hafa orðið að búa sig allmikið undir að taka það að sjer. Það er því ljóst, að sje þessi samanburður ekki allskostar rjettmætur, þá er það mjer í óhag, en ekki hv. frsm. minni hl. (HStef). Hann segir, að ljósmóðurstarfið verði aldrei aðalstarf í hinum smærri hjeruðum. Það fer nú alveg eftir atvikum. Ef ljósmóðirin er jafnframt húsmóðir, getur hún vitanlega að nokkru gegnt þeim störfum um leið. En nú er það athugandi, að það eru aðallega ungar stúlkur, sem taka við þessum störfum. Það er ljóst, að þær geta þá ekki ráðið sig til neins annars fasts starfs, því að ljósmóðurstörfunum er þannig háttað, að ómögulegt er að vita fyrirfram, hve mikill tími fer til þeirra eða hvenær þau helst ber að höndum. Þess vegna verða hinar ógiftu ljósmæður oftast að kaupa sjer bæði húsnæði og fæði. Aukatekjur þeirra verða mjög svo óvissar og á hlaupum. Þarna tók jeg til samanburðar stúlkur, sem ekkert hafa lært, vinnukonurnar. Þær hafa ekki minna kaup, auk fæðis og húsnæðis, sem vitanlega er mjög mikils virði. Jeg held, að það sje nokkurs virði að gera þennan samanburð, því að það er einmitt mjög oft þetta tvent, sem ungar stúlkur eiga um að velja að leggja fyrir sig. Og fylsta sönnunin fyrir því, að þessi samanburður verður ljósmæðrum ekki í hag, er sú, að ekki fást nógu margar stúlkur til að vera ljósmæður. — Alþingi verður að horfast í augu við afleiðingarnar af því, að greiða þessari stjett ekki nægilegt kaup: lærðum ljósmæðrum fækkar, og rekur lengra og lengra inn á þá braut, sem þegar er byrjað að ganga, að skipa ólærðar ljósmæður.

Fleiru held jeg að jeg þurfi ekki að

svara hjá hv. frsm. minni hl., en jeg vil beina því til hæstv. forseta, að láta atkvgr. ekki fara fram, nema deildin sje sæmilega skipuð.

Forseti (BSv): Eftir þingsköpum er deildin sæmilega skipuð, ef 15 þm. eru á fundi.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Það hefir í raun og veru litla þýðingu, þótt við hv. frsm. meiri hl. (JakM) ræðumst á fyrir auðum sætum, og altaf er örðugt að tala, þegar maður fær enga áheyrn fyrir hávaða og ys í deildinni. Þó verð jeg að segja örfá orð til andsvara ræðu hans. — Mjer skilst, að aðaláherslan sje lögð á, að nú þegar sje farið að verða vart við ljósmæðraskort, og að hann sje yfirvofandi í enn ríkara mæli. Jeg hefi nú bent á í nál., að engin sönnun er fyrir því færð, að þetta stafi af launakjörunum einum saman, og einnig sýndi jeg með ljósum rökum í fyrri ræðu minni, að þessi störf eru engan veginn svo mjög illa launuð. Það er ekki hægt að greiða full laun fyrir það, sem ekki er nema mikill minni hluti af því, sem maður getur leyst af hendi. Mjer finst jeg ekkert tilefni hafa gefið til þess samanburðar, sem hv. frsm. meiri hl. (JakM) gerði, þegar hann sagði, að hann efaðist um, að jeg væri svo mikill áhugamaður, að jeg vildi vinna störf mín af eintómum áhuga. Þetta er alls ekki rjettur samanburður við ljósmæðurnar, því að enginn ætlast til, að þær vinni störf sín af eintómum áhuga. Laun þeirra eru nú betri en nokkru sinni fyr, eftir þá launabót, sem Alþingi veitti þeim í fyrra. Annars er þetta mál ekki sjerlegt kappsmál fyrir mjer, en jeg get hugsað mjer að líta á það í sambandi við annað mál, sem einnig liggur fyrir háttv. deild, kröfur embættismanna um almennar launabætur nú, ári fyr en launalögin eiga að koma til endurskoðunar. Ef þetta frv. verður samþ., getur það rutt brautina fyrir hinum kröfunum. Og þótt 40 þús. kr. sje ekki mikil upphæð, er þó oft svo að heyra sem hv. þdm. þyki muna um minna, ekki síst þegar þessi greiðsla kemur sennilega til að ryðja brautina fyrir margfalt meiri útgjöldum.

Það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl. (JakM), að ekki væri óhagstætt fyrir minni hl. að bera saman laun yfirsetukvenna og kaup vinnukvenna, ef sá samanburður væri rjettur að öðru leyti. En jeg viðurkenni ekki, að ljósmóðurstörfin geti talist aðalstörf, og það er aðal ágreiningsatriði okkar hv. frsm. meiri hl. (JakM). Hann viðurkennir nú, að skoðun mín sje ekki fjarri sanni, þegar um húsmæður sje að ræða, en þegar aðrar konur annist störfin, geti þær mjög lítið annað gert. Jeg þykist nú vera sæmilega kunnugur úti um sveitir landsins, og jeg hefi aldrei þekt annað en að ljósmæður leystu jafnframt mörg önnur störf af hendi. Þegar það eru rosknar konur, ráða þær sig venjulega til innanhússtarfa, með þeim skilyrðum, sem staða þeirra krefur, en ungar stúlkur ráða sig til allra algengra sveitastarfa, þótt þær kunni að undanskilja sig sumum hinum erfiðustu. Fleira þykist jeg ekki þurfa að segja til andsvara.

Jeg get tekið undir það með hv. frsm. meiri hl. (JakM), að eðlilegast væri að fresta atkvgr. um frv., þar til bekkir eru fullskipaðir, þótt það brjóti ekki bág við þingsköp að afgreiða það nú.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Hv. frsm. minni hl. (HStef) segir enn, að engin sönnun sje fyrir því, að launakjörin valdi skorti á ljósmæðrum. Jeg verð að halda því fram, að það sje hans, að benda á einhverja skynsamlega ástæðu aðra, sem hjer geti verið um að ræða, því að það er almenn regla, þegar menn fást ekki til að gegna einhverju starfi, að þeim þykir það ekki nógu vel launað. Jeg þykist því hafa gert fulla grein fyrir ljósmæðraskortinum með því að benda á launakjörin.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri hægt að greiða fullkomin framfærslulaun fyrir það, sem ekki væru full störf. Eftir þessu frv. eiga byrjunarlaun ljósmæðra að vera 300 kr. og hækka upp í 500 kr. í hinum minstu hjeruðum. Hver framfærir sig fyrir þá upphæð? Hjer er alls ekki verið að fara fram á nein framfærslulaun handa ljósmæðrum, heldur aðeins lítilsháttar hækkun á þeirri þóknun, sem telja má viðurkent, að sje alt of lág og er svo lág, að ekki fást nógu margar hæfar konur til að gegna störfunum. Hv. frsm. minni hl. (HStef) sagði, að ljósmæður gætu ráðið sig til allrar algengrar vinnu, með ýmsum skilyrðum þó. En af þessum skilyrðum leiðir lægra kaup fyrir konurnar. Þá sagði hann, að þetta frv, mætti taka til athugunar í sambandi við þál.-till. um launabót handa starfsmönnum ríkisins. Þetta er misskilningur hjá honum. Á þessu er ekki hægt að ráða bót með slíkri bráðabirgðaráðstöfun. Hjer þarf að gera eitthvað, sem hægt er að reiða sig á til frambúðar; annars kemur það ekki að neinu gagni. Það er ekki hægt að búast við því, að menn velji sjer lífsstöðu, sem svo er óvíst um, hver kjör fylgja. Sama er að segja um „umbæturnar", sem gerðar voru á síðasta þingi, með því að heimila landsstjórninni að greiða dýrtíðaruppbót af sínum hluta af launum ljósmæðra og skora á sýslunefndir að gera hið sama. Auk þess sem þetta er mjög óverulegt, hvílir það alveg í lausu lofti, og er ómögulegt að reiða sig á það til frambúðar. Jeg sje enga ástæðu til að láta það fæla sig frá að afgreiða þetta mál sómasamlega, að það muni draga þann dilk á eftir sjer, að aðrir opinberir starfsmenn heimti launabætur. Kjör ljósmæðra eru ekki sambærileg kjörum neinna annara opnberra starfsmanna. Það sjest á því, sem jeg hefi áður nefnt, að ekki fást nógu margar stúlkur til að taka að sjer ljósmóðurstörf. Jafnvel þótt læknar, prestar, sýslumenn og fleiri kvarti undan ljelegum launakjörum, er víst erfitt að benda á það, að ekki fáist nógir menn í allar stöðurnar. Ef það t. d. kæmi fyrir, að læknishjeruð væru laus tímunum saman og þeim færi altaf fjölgandi, en slíku er hjer ekki til að dreifa, þá væri lítill vafi á því, að laun hjeraðslækna væru of lág, og væri jeg þá manna fúsastur til að styðja að hækkun þeirra.

Hákon Kristófersson: Þegar þetta frv. var hjer síðast til umr., var jeg því heldur andvígur, af ástæðum, sem jeg þá tók fram. Nú hefir hv. fjhn. haft frv. til meðferðar, og nú kemur það frá henni með þeim brtt., sem sjá má á þskj. 293.

Jeg skal viðurkenna, að stefnu hv. nefndar, hvað launagreiðslur snertir, gæti verið rjett að samþykkja, því að hún er sanngjörn og eðlileg að mínu áliti. En jeg tel hana þó hafa farið heldur langt um launahækkun, þegar hún

gerir ráð fyrir því, að dýrtíðaruppbót skuli greidd af laununum. Hvað þetta atriði snertir, tel jeg tillögum nefndarinnar ekki í hóf stilt. Mjer skilst það svo, að þegar yfirsetukonur komist upp í 500 kr. laun, sem margar komast fljótt upp í, þá muni þær fá þó dálitið í viðbót, en það verður þó ekki hærra en svo, að þær nái 700 kr.

Nú hefir því verið haldið fram, að það þurfi að hækka launin vegna skorts á ljósmæðrum. Þetta má vel vera satt, en það er samt ekki af því, að það læri of fáar konur, því að maður veit, að það eru ekki nein vandræði að fá ljósmæður í bæjunum, og þó er gert ráð fyrir mikilli launahækkun þar, en undanfarin ár sýna, að það hafa ekki verið nein vandræði við að fá þau umdæmi skipuð, en hitt má vera, að í fámennum hjeruðum og erfiðum eigi það nokkurn þátt í því, en þá kemur það til skoðunar, hvort þjóðfjelagið sje þannig efnum búið, að það geti borgað svo há laun, sem að sjálfsögðu þyrfti til þess að fá þau hjeruð skipuð, og þá sýnist mjer ekki ólíklegt, að betra væri að greiða þar einhverjar sjerstakar erfiðleika-upphæðir, en þó vil jeg taka fram, að það væri dálitið athugaverð leið, og því kannske tæplega rjett að fara inn á hana. En eins og jeg benti á við síðustu umr. þessa máls, þá er það svo, að ef ástæða væri til, að laun þessara kvenna væri hækkuð, eins og nú er farið fram á, þá er það af því, að þau hafa verið sett alt of lág seinast, þegar ákveðið var um þau, en þá var, mjer vitanlega, ekki nein óánægja út af þeim. Jeg skal síst hafa á móti því, að það væri að öllu æskilegast, að það væri hægt að setja þessi laun svo há, að þær, sem þeirra eiga að njóta, gætu verið sæmilega ánægðar með þau, en það er eins og hv. frsm. minni hl. (HStef) benti á, að það verður að vera í dálitlu samræmi við aðra starfsmenn ríkisins, og jeg er ekki í neinum vafa um það, að það gefi þeim mönnum, sem nú koma fram með kröfur um launabætur, eðlilega ástæðu til að halda þeim ennþá fastar fram, ef sá verður upp tekinn, að bæta laun þessa flokks starfsmanna, eins og hjer er farið fram á.

Hv. frsm. meiri hl. (JakM) sagði, að það væri þeirra að sanna, sem hjeldu því fram, að önnur ástæða en launakjörin væri þess valdandi, að ljósmæður fengjust ekki í hin ýmsu hjeruð. Það má vel vera, að þetta hafi einhvern rjett á sjer, en jeg sje ekki, að það sje sanngjarnara, að þeir, sem hafa þá skoðun, komi með fastar ástæður, aðrar en bygðar á sínum besta kunnugleika, frekar en hv. meiri hl., og þeir, sem líta svipað á, komi með ábyggilegar sannanir fyrir sínu máli. En mjer vitanlega hefir ekki tekist að leggja fram óhrekjandi rök því viðkomandi. En sem sagt: brtt. fela það sjálfar í sjer, að þetta er ekki aðalatriðið, launakjörin, þó að einmitt á þeim stöðum, þar sem best er launað, sje þessi starfi, ef til vill, heldur eftirsóttur. En þar sem hv. meiri hl. hefir nú snúið þessu máli í það horf, sem mjer þykir nokkru betur fara, þá mun jeg fylgja málinu til 3. umr., en alls ekki út úr deildinni, með þeim launaákvæðum, sem eru í hans áliti, og það er með tilliti til þessa starfa, að mjer virðist of langt gengið, enda þótt jeg geti gengið inn á það, að það væri eitthvað bætt við það sem nú er, þá sje jeg mjer ekki fært að fara svona langt, og jeg verð að taka það fram, eins og hv. frsm. minni hl. (HStef)

hefir bent á, að tæplega sje rjett að láta ganga til atkvæða um þetta mál að sinni. En ef hv. meiri hl. telur það rjettara, þá verður það líklega svo að vera, En þó að jeg fylgi þessu nú, við þessa umr., þá er það með þeim ákveðna hug, að koma með lækkunartill. við 3. umr. En það, sem dregur mig til samninga um þetta mál, er fyrirkomulagið á greiðslunni.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Jeg gæti fyrir mitt leyti látið falla niður umr. um þetta mál, en jeg held, að það sje þó rjettara, samkvæmt venjunni, að tala sig dauðan áður, og vil jeg þá leyfa mjer að víkja örlítið að því, sem hv. frsm. meiri hl. (JakM) sagði.

Hv. þm. (JakM) vill krefjast þess, að minni hl. sanni, að það sje ekki vegna launakjaranna, þessi skortur á ljósmæðrum. En þetta er ósanngjörn krafa, því að þar sem hv. meiri hl. byggir sínar ástæður á þessu atriði, þá er það einmitt hans skylda að sanna ástæður sínar með rökum. Við höfum leyft okkur að draga þetta atriði í efa, og fært til nokkrar líkur, svo sem málfærslu þá, sem hefir verið höfð uppi um þetta mál, og því vil jeg þá bæta við, að jeg veit ekki til þess, að hingað til hafi þinginu borist nokkrar kvartanir frá hjeruðunum sjálfum um vöntun á ljósmæðrum. Nei, kvartanirnar allar eru komnar frá ljósmæðrum hjer í Reykjavík, en ekki frá ljósmæðrum utan af landi; jeg held að það sje öllum vitanlegt.

Þá mintist hv. frsm. minni hl. á, að það væri ekki rjett hermt hjá okkur upp á hv. meiri hl., að launin ættu að vera full framfærslulaun, og viðurkennir nú, að frá þeirra hendi sjeu launin ekki hugsuð sem full framfærslulaun, og jeg get þá tekið þessa játningu gilda frá þeirra hendi. En frá ljósmæðranna hendi er það sótt þannig, því að í þeirri greinargerð, sem Ljósmæðrafjelagið hefir samið og lagt upp í hendurnar á flm. frv. og prentuð er sem ástæður fyrir frv., er sagt (með leyfi hæstv. forseta):

„Engin stúlka, sem stundar ljósmóðurstörf, þótt í fámennu umdæmi sje, getur ráðið sig í n e i n a a ð r a vinnu; þess vegna þarf hún að hafa föst laun, sem ekki sjeu minni en vinnukonulaun. ....“

Það er þá gott að hafa fengið það fram, að hv. meiri hl. vill ekki fallast á þessi rök Ljósmæðrafjelagsins.

Þá var hv. frsm. meiri hl. að minnast á dýrtíðaruppbótina frá hendi sýslusjóða. Það má vera kunnugt, þótt jeg viti það ekki, hvort t. d. Reykjavíkurbær hefir greitt þessa uppbót, en hvað sýslusjóði út um land snertir, þá hygg jeg, að sumir hafi greitt hana, en sumir ekki. En ef svo er, að þessi uppbót hafi aðeins verið greidd á stöku stöðum, þá sýnist mjer það vera full bending um það, að þörfin sje ekki eins brýn og haldið er fram, því að það eru þó hjeraðsbúar, sem sýslusjóðirnir eiga að hafa forsjá fyrir, sem ljósmæðraskorturinn bitnaði sárast á, og kröfur til umbóta mundu koma fyrst til sýslusjóðanna, sem mundu verða vel við þeim fyrir sitt leyti, ef þeir fyndu sjerstaklega sárt til þessa skorts.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (JakM), að launakjör ljósmæðra væru ekki sambærileg við nein önnur launakjör opinberra starfsmanna, en þetta vil jeg ekki viðurkenna. Jeg skal viðurkenna,

að störfin eru ekki sambærileg við störf annara lágt launaðra starfsmanna, en launakjörin, fyrir þau störf, sem int eru af hendi, held jeg að sjeu fullkomlega sambærileg, t. d. við laun pósta, hreppstjóra o. fl. En, sem sagt: jeg get vel látið umr. hjer niður falla, því að jeg býst ekki við því, að við getum orðið sammála, hv. frsm. meiri hl. (JakM) og jeg. Jeg er fús til, að svo vöxnu máli sem er, að leggja málið og ástæður okkar undir úrskurð hv. deildar, því að við verðum hvort sem er að hlíta, hvern úrskurð deildin gefur.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Mjer skildist, að hv. þm. Barð. (HK) legði mest upp úr því, hve mikla hækkun á launum ljósmæðra væri farið fram á í bæjunum. En jeg vildi vekja athygli á því, að það kemur ekki ríkissjóði að neinu leyti við. Hinsvegar vil jeg benda á, að þessu áliti meiri hl. fylgja þrír þingmenn fyrir kaupstaði, og fleiri kaupstaðarþingmenn eru ekki í nefndinni. En þar sem hv. þm. (HK) hefir líka talað um þetta sem svo gífurlega hækkun á lægstu ljósmæðralaunum, þá vil jeg vekja athygli hv. þm. (HK) á því, að lágmarkið er hækað úr 200 kr. upp í 300, en hámarkið úr 375 kr. upp í 500 kr. (**HK:** Hv. frsm. meiri hl. gleymir víst hinni árlegu hækkun). Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (HK) tali um þetta, af því að það þurfi að bæta kjörin eitthvað, en mjög mikill munur verður þó ekki á hans launaákvæðum, ef hann ætlar að hafa hækkunina nokkra, því að hækkunin er ekki nema þetta, sem jeg nú hefi sagt.

Þeir vilja báðir, hv. frsm. minni hl. (HStef) og hv. þm. Barð. (HK), koma því á okkur meirihlutamenn, að færa sönnur fyrir því, að það geti ekki verið neitt annað en launakjörin, sem valdi ljósmæðraskortinum. Jeg vísa aðeins til þess, sem algengast er í þessu efni. Hvað er það, sem veldur því, að hv. þm. Barð. (HK) getur ekki fengið kaupamann eða vinnumann? Það er aðeins það, að hv. þm. getur ekki borgað eins hátt kaup og menn geta fengið annarsstaðar, og hvers vegna ætti það að vera annað en þetta almenna lögmál, sem ræður hjer? Annars talaði hv. þm. (HK) um einhverjar ástæður, sem væru bygðar á hans besta kunnugleika. En hvers vegna skýrir hv. þm. (HK) þá ekki frá þessum ástæðum sínum, ef þær eru nokkrar?

Hv. frsm. minni hl. (HStef) sagði, að minni hl. hefði bent á aðrar ástæður. En hverjar eru þær? Ef það er sú málfærsla, sem höfð hefir verið í þessu máli, sem hv. þm. (HStef) á við, þá vil jeg benda á, hver hún er. Hún er það, að launakjörin sjeu of lág. Og hver ástæða er þá önnur? Hún er engin, því að þá hefði málfærslan verið eitthvað öðruvísi. En mjer er ekki kúnnugt um, að það hafi verið reynt að sýna fram á annað í þessu máli en að launkjörin væru of lág.

Þá sagði hv. frsm. minni hl. (HStef), að kvartanirnar um skort á ljósmæðrum væru ekki komnar frá hjeruðunum. Þetta má vel vera. En jeg vil benda á, að umbætur í þessu efni eru ekki komnar fyrir kröfur frá hjeruðunum. Þær eru fyrst og fremst komnar fyrir kröfur frá læknum, sem manna best vita, hvað slíkir hlutir sem þessir hafa að þýða fyrir heilbrigði manna. Það er alls ekki von, að slíkt komi frá almenningi, sem ekki hefir búið við betra áður. Það eðlilega er, að kröfurnar komi frá

læknastjettinni, og það er líka þaðan, sem þær komu upphaflega, og alveg eins er nú. Þar sem sú verður raunin á, að ljósmæðraskorturinn fer vaxandi, þá koma kvartanirnar frá þeim, sem börðust fyrir umbótum á þessu sviði. Og það getur hver og einn fullvissað sig um, að þeir, sem berjast fyrir þessu máli, sjá best hvar hættan er.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 52, n. 293 og 313).

ATKVGR.

Brtt. 293,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 : 7 atkv.

Brtt. 293,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 : 5 atkv.

Brtt. 293,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 15 : 9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, felt frá 3. umr. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JörB, MJ, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BL, HK, HjV, JakM, BSv.

nei: JK, JS, KlJ, MG, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, HStef, IngB, JAJ.

Einn þm. (JG) fjarstaddur.

9. Kosningar til Alþingis.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 32).

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg þarf ekki að láta langan formála fylgja þessu litla frv. um breytingu á kosningalögunum, sem við þm. N.-M. berum fram á þskj. 32. Sama till. hefir komið fram á tveim þingum nýverið, og saga málsins mun þm. í fersku minni. Jeg skal því aðeins drepa stuttlega á almennar ástæður, sem telja verður, að mæli með þessu frv.

Með hinum almenna kosningarrjetti er talið, að þjóðunum sje gefið stjórnskipulegt frelsi og rjettur yfir málum sínum, og þar með ábyrgð á stjórnarfarinu. Þessa valds neyta þær með þátttöku í vali fulltrúa til þjóðþinganna. Það liggur í hlutarins eðli, að ekki má vefja kosningarjettinn í þær umbúðir, sem hefta notkun hans. Það má ekki skipa svo til, að ósjálfráð atvik megi hindra það, að menn fái neytt þessa rjettar. Ef ekki er fyrir því sjeð, er tekið með annari hendi, það sem gefið er með hinni. Það má segja, að þetta sje gert í kosningalögunum, með því að setja kjördaginn fyrsta vetrardag. Náttúrufar landsins er þannig, að það setur oft sífeldar hindranir á alla umferð að haustinu, torfær vötn, snjó, illviðri, svo að fjöldi manna fær ekki neytt kosningarrjettar síns, þótt vildu. Fyrir þessu fjekst reynsla næstliðið haust, sumstaðar á landinu. Er mönnum það í fersku minni, og þarf ekki um það að fjölyrða. Af þessari reynslu í haust hafa enn risið upp háværar kröfur um færslu kjördagsins, eins og sjá má í mörgum þingmálafundargerðum. Og þessar kröfur eru ekki aðeins bornar fram af þeim, sem harðast urðu úti í haust, heldur

er það orðið alment álit, sprottið af rjettarmeðvitund og rjettlætistilfinningu, að ófært sje að setja kjördaginn á þeim tíma, sem ytri ástæður geta hamlað kjörsókn. Ekkert annað en eiginn vilji, eða viljaleysi, ætti að þurfa að ráða um það, hvort menn neyta kosningarrjettarins eða ekki. Við það er ekki hægt að una, að menn vilji nota kosningarrjett sinn, en fái ekki komið því við, vegna ytri hindrana. Eins og til hagar hjer, er ekki auðvelt að komast hjá þessum ytri hömlum að öllu, en það verður að setja kjördag á þeim árstíma, sem minstar líkur eru til, að veðrátta og aðrar ósjálfráðar ástæður hamli kjörsókn. Og það verður tæplega öðruvísi betur gert en með því, að setja hann á þeim tíma, þegar dagar eru sem lengstir og veðrátta best.

Við höfum gjarnan viljað bera fram fleiri till. um breytingar á kosningalögunum, en þótti ráðlegra að gera það ekki að þessu sinni, ef það kynni að verða því til hindrunar, að þessi breyting, sem við teljum mestu varða, næði fram að ganga. En ef nefnd eða aðrir þingmenn vilja bera fram breytingar, sem samrýmanlegar eru aðaltilgangi þessa frv., munum við taka þeim vel.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg sje ekki ástæðu til, að þetta frv. nái fram að ganga fremur nú en áður. Það er sagt, að bændur yfirleitt eigi hægra með að sækja kjörfund 1. júlí heldur en 1. vetrardag. En landskjörin síðustu sýna, að bændur hafa kosið eins vel 1. vetrardag og 1. júlí. Það virðist benda á, að þeim sje ekki miklu hagfeldari kjörsókn að vorinu.

Hv. deild er kunnugt, að áður, þegar slík frv. sem þetta hafa komið hjer fram, hafa mótmæli borist víðsvegar að, sjerstaklega frá sjómönnum og verkamönnum. Það er kunnugt, að sjómenn og verkamenn eru margir fjarri heimilum sínum í júlíbyrjun og eiga því óhægt um kjörsókn. Ef hv. deild sýnist að samþ. þetta frv., þá nær ekki nokkurri átt að hafa aðeins einn kjördag eins og hjer er ráð fyrir gert. Með því væri aðeins flutt óhagræði af bændum, ef nokkurt er, yfir á verkalýðinn. En jeg get ekki sjeð neina sanngirni í því, að varna verkamönnum og sjómönnum að nota kosningarrjett sinn.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ástæður þær, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) nefndi gegn frv., hafa áður komið fram og áður verið hrundið. Aðalástæðan er sú, að þótt breytt sje kjördegi sveitamönnum í hag, komi óþægindin niður á öðrum kjósendum. Þessar mótbárur hafa við engin rök að styðjast. Þótt sjómenn sjeu fjarstaddir heimili sínu kosningardaginn, eiga þeir auðvelt með að neyta rjettar síns. Ef þeir fara ekki að heiman fyr en framboðsfrestur er útrunninn, geta þeir kosið áður en þeir fara. Og þótt þeir hafi ekki gert það, og sjeu þó fjarverandi, geta þeir kosið á þeim kjörstað, sem næstur er, ef þeir eru staddir innan síns kjördæmis. En sjeu þeir utan síns kjördæmis, á skipum úti, eða hvar sem er á landi, geta þeir kosið skriflega og sent atkvæðin heim. Það væri kannske ástæða til að lengja eitthvað talningarfrestinn, til frekari tryggingar því, að skrifleg atkvæði geti verið komin á kjörstað í tíma. Aðalhersluna verður að leggja

á það, að ytri, ósjálfráðar ástæður varni mönnum ekki að neyta kosningarrjettar síns. Ef menn hinsvegar hafa ekki nægan áhuga til þess að kjósa, er ekkert við því að segja, og jeg tel rjett, að menn fengju að vera sem hlutlausastir um það, hvort þeir neyta atkvæðisrjettar síns eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv., og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 32, n. 315).

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil óska þess, að mál þetta verði tekið út af dagskrá, vegna þess að jeg á eftir að koma fram með minni hluta álit og brtt. við frv.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil benda á það, að mál þetta hefir legið fyrir þinginu síðan 18. febr. Ef menn eru ekki enn búnir að semja brtt. við það, þá skil jeg varla, að þeir geri það á þessu þingi. Þetta er nú ekki nema 2. umr., og er hægt, ef vill, að koma fram með brtt. til 3. umr.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg hygg, að það sje venja, að forseti geri minni hl. nefnda aðvart, áður en mál koma fyrir til umr. Þetta hefir ekki verið gert við mig.

Forseti (BSv): Hv. frsm. minni hl. (HjV) hefir haft nægan tíma til þess að koma fram með nál. og brtt., og satt að segja hefir það dregist of lengi. En það mætti ef til vill hliðra þannig til í þetta skifti, að taka málið út af dagskrá nú, og taka það svo á dagskrá á morgun, ef hv. þm. (HjV) treystist til að koma með nál. sitt og brtt. fyrir næsta fund.

Halldór Stefánsson: Sem annar flm. þessa máls mótmæli jeg því, að því sje frestað, og óska þess eindregið, að það komi nú til umr. og atkvgr.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil geta þess, að þetta mál hefir ekki verið lengi dregið af mjer, því að það er stutt síðan að meiri hl. nefndarinnar ákvað, hvaða aðferð hann ætlaði að hafa til þess að koma málinu fram.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú komið á þriðju viku síðan meiri hl. skilaði áliti sínu. Jeg legg á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Magnús Torfason: Jeg vil benda á það, að hv. frsm. meiri hl. (ÁJ) er ekki í deildinni, og að ekkert nál. hefir enn komið fram frá minni hl. Mjer er kunnugt um það, að á heimili hv. frsm. minni hl. (HjV) hafa verið sífeld veikindi síðan nál. meiri hl. kom út. En það er venja, að minni hl. nefndar skili ekki áliti sínu fyr en meiri hl. hefir skilað sínu áliti. Frá öllum sjónarmiðum er það því sjálfsagt, að málið sje tekið út af dagskrá, og það því fremur sem menn vita það um þennan mann (HjV), að hann er mjög efnilegur maður og liggur síst manna á liði sínu í þinginu.

Jörundur Brynjólfsson: Út af því, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði um það, að

frsm. meiri hl. sje fjarverandi, þá skal jeg lýsa yfir því, að það verður sjeð um framsögu í málinu alt að einu. Hv. frsm. (ÁJ) er veikur, og er ekki gott að segja, hvenær hann kemur, svo að það er ekki eftir honum að bíða. En það, sem hv. þm. (MT) sagði um veikindi hjá hv. frsm. minni hl. (HjV), þá veit jeg, að því miður hefir verið svo ástatt. En þótt þau forföll hans sjeu leiðinleg, þá mega þau ekki verða til þess, að mál lognist útaf í þinginu. Viðvíkjandi því atriði, að ekki sje venja að taka mál á dagskrá, á meðan báðir nefndarhlutar hafa ekki skilað áliti sínu, skal jeg benda á það, að fyrir fáum dögum kom það fyrir, að mál var tekið fyrir og afgreitt, án þess að minni hl. nefndar, sem um það fjallaði, hefði skilað áliti.

Hjeðinn Valdimarsson: Viðvíkjandi síðustu aths. hv. 2. þm. Árn. (JörB) skal jeg geta þess, að í því máli hafði minni hl. ekki óskað að koma fram með sjerstakt nál.

Forseti (BSv): Jeg álít óþarft að hafa langar umr. um þetta, hvort málið skuli tekið út af dagskrá eða ekki. Jeg býst við, að ef hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefði viljað, hefði hann getað skilað áliti fyrir þennan tíma. En þar sem hv. þm. óskar að koma fram með brtt., þá skal jeg nú, til þess að gera báðum til hæfis, taka þetta mál út af dagskrá nú, en tek það sem fyrsta mál á dagskrá á morgun. Getur málið þá komið jafnsnemma til umr. eftir sumardaginn fyrsta, eins og ef það hefði verið tekið fyrir í dag.

Með þessu þykist jeg hafa gert báðum aðilum jafnhátt undir höfði.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 32, n. 315 og 385).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. 385. Afbr. leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Þetta mál er orðið svo kunnugt, að ekki er ástæða til að fara um það mörgum orðum. Þetta er þriðja þingið, sem hefir það til meðferðar. Fyrst var það flutt 1924 af okkur þm. N.-M. Þá var lagt til, að kosningar færu fram í 10. viku sumars, nefnilega frá 23.—29. júní, en allshn. breytti því þannig, að þær skyldu fara fram í 11. viku sumars, nefnilega frá 30. júní til 6. júlí. Það var samþ. með 16 : 11 atkv. og afgreitt til Ed. Þegar þangað kom, voru undirtektirnar í fyrstu góðar, en brátt fór að bera á mótmælum, sem áttu sinn þátt í því, að deildin treysti sjer ekki til að afgreiða frv., heldur vísaði því frá með rökstuddri dagskrá. Síðan var það borið hjer fram að nýju 1925, og þá var farið jafnframt fram á þá breytingu, að skifta mætti hreppi í kjördeildir. Það varð að samkomulagi í nefnd, að aðeins sú breyting skyldi ná fram að ganga, og hún var samþ. og varð að lögum. Nú hefir frv. enn verið borið fram. Allshn. hefir haft það til meðferðar, en klofnað. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. leggur á móti því. Meiri hl. hefir gert tvær brtt. við frv. Í frv. stendur, að ef 1. júlí beri upp á sunnudag, skuli kosið næsta virkan dag á undan, en meiri hl. vill hafa næsta virkan dag á eftir. Vegna kjörskránna er sú breyting óhjákvæmileg.

Hin brtt. er um það, að talning atkvæða skuli frestað, þar til 5 vikur sjeu liðnar frá kjördegi. Jeg þarf ekki að fjölyrða um ástæðurnar fyrir þeirri tillögu. Mönnum eru þær kunnar.

Færsla kjördagsins er fullkomlega rjettmæt krafa frá sveitabúum. Á haustin er allra veðra von, eins og greinilega kom í ljós síðastliðið haust. Margir dagar geta farið í ferðalagið, og t. d. á kvenfólk alls ekki heimangengt. En aftur að sumri til, þá er færðin venjulega hin besta, og um það leyti, sem hjer er farið fram á, litlar annir, svo að það er hægt að segja, að það sje einna heppilegastur tími, sem hægt er að finna, þessi góði tími, sem kallaður er „milli heys og grasa".

En það er nú svo, að þrátt fyrir það, þó að fylsta sanngirni mæli með þessu, þá hafa nokkrir kjósendur talið sig verða útundan, ef þetta yrði samþykt. Hafa sjerstaklega komið mótmæli frá verkamönnum, og því borið við, að margir þeirra sjeu frá heimilum sínum um þessar mundir, og eigi því óhægt með að mæta á kjörstað. Þetta er auðvitað rjett, að margir kjósendur eru ekki staddir í nánd við sinn kjörstað á kjördegi, en jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að í lögunum frá 1914, um atkvæðagreiðslu þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, felist nægileg heimild fyrir þá til að neyta kosningarrjettar síns, svo að þeir menn geti vel við unað. En til þess að gera öllum til hæfis, þá vill meiri hl. nefndarinnar ekki daufheyrast við kröfum þessara manna, og hefir þess vegna borið fram það frv., sem hjer er næst á dagskránni, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar, þar sem svo er ákveðið, að hver maður geti kosið þar sem hann er staddur, án þess að hafa þau gögn í höndum, sem nú eru lögboðin.

Eins og nú er, þá er alls ekki farið fram á það að gera neinum hægt fyrir á kostnað annara. Það er aðeins farið fram á það, að gefa fjölda kjósenda kost á að neyta sinna rjettinda, án þess að skerður sje rjettur nokkurs annars aðila með því. Jeg geri mjer þess vegna fylstu vonir um, að þetta frv. nái samþykki hv. deildar.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Þegar ákveðið er, hvenær kjördagur skuli vera, þá er auðvitað rjett, að það sje sá dagur, þegar sem flestir kjósendur geta kosið, og á þeim tíma ársins, að sem flestir kjósendur geti sint stjórnmálum og kynt sjer það, sem kosið er um.

Það hefir þótt svo um langan tíma, að heppilegasti tíminn væri að haustinu. Aðrir kjördagar hafa verið reyndir, en það hefir altaf farið svo, að best hefir þótt að láta kjördaginn vera fyrsta vetrardag. Nú er komin fram tillaga um að breya þessu á ný og færa kjördaginn til 1. júlí. En jafnan, þegar slíkar óskir hafa komið fram, hafa borist mótmæli víðsvegar af landinu, og það er auðsjeð, að óskir manna um að fá kjördaginn fluttan, eru ekkert svipaðar því, sem óskir manna um að fá að halda þeim kjördegi, sem nú er. Að minsta kosti er það svo, að frá sjávarsíðunni virðist það vera eindregin ósk manna, að halda kjördeginum, 1. vetrardegi, og það er ekki nema úr einstökum sveitum, að komið hafa fram óskir um að flytja kjördaginn. Það mun vera tekið fram í 10 þingmálafundargerð-

um, með fáum atkvæðum, og að því er sjeð verður, virðist það ekki vera almennur vilji, sem knýr málið fram, heldur eru það einstakir þingmenn sem vilja fá kjördaginn fluttan.

Sú andúð, sem er gegn færslu kjördagsins, stafar af því, að kjósendur vita, að væri kjördagur 1. júlí, væru þeir tilknúðir að greiða atkvæði um mál, sem þeir á þessum mesta annatíma Íslendinga hefðu ekki getað gefið sjer nægan tíma til að hugsa um, nje sækja þingmálafundi þá. En það er þó raunar skylda hvers kjósanda, til þess að ákveða stefnu sína og hverjum hann eigi með atkvæði sínu að fela það, að fara með umboð sitt á Alþingi. Gildir þetta jafnt um sjávarmenn sem sveitamenn, þótt kjósendur við sjávarsíðuna eigi enn verri aðstöðu, og þá aðallega verkalýðurinn, sem verður að sækja vinnuna landshornanna á milli og flyst eftir atvinnunni, sjerstaklega vertíðunum, hringinn í kringum landið. Þess vegna er það mjög fátt af verkafólki, sem er á kjörstað sínum, þegar kosning fer fram.

Nú hefir hv. frsm. meiri hl. (ÁJ) getið þess, að hjer væri annað frv. á ferðinni um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósanda við alþingiskosningar, og rætt það nokkuð. En jeg vil geta þess, að enda þótt það frv. yrði samþykt, og færsla kjördagsins um leið, þá kæmi þetta viðbótarfrv. að litlu gagni, því að menn væru þrátt fyrir það jafnuppteknir af störfum sínum og gætu jafnlítið kynt sjer málin, sem þeir þurfa að taka afstöðu til, þótt þeir hefðu leyfi til að greiða atkvæði á dvalarkjörstað sínum. Það er svo, eins og öllum mun vera kunnugt, að þegar menn eru utan síns heimilis, þá kjósa þeir miklu síður, heldur en þegar þeir eru heima. Mjer er það líka kunnugt, enda þótt hv. flm. frv. (ÁJ) telji sig vera forvígismann bænda í þessu máli, að mikill fjöldi bænda telur haustið heppilegri tíma til kosninga heldur en sumarið, og óskar þess vegna ekki, að kjördagurinn verði fluttur. Gagnið af færslu kjördagsins mundu þeir einir hafa, sem hafa hag af sem mestum doða yfir stjórnmálunum. Þeir óska þess, að sem stystur tími líði á milli þess, að þingi er slitið og þangað til kosningar fara fram, svo að kjósendur hafi sem stystan tíma til þess að kynna sjer málstað þingflokkanna.

Því hefir verið borið við, að óveður geti hindrað bændur í að sækja kjörstað 1. vetrardag, en þetta er ekki rjett. Fyrst og fremst er í kosningalögunum heimild til að fresta kjördegi, ef sýnt þykir, að óveður muni hamla kjörsókn. Kjörstjórn lætur þá út ganga þingboð um frestun kjörfundar. Í öðru lagi er lagaheimild fyrir því, að hafa megi fleiri en einn kjörstað í hverjum hreppi. Þessarar lagaheimildar munu hreppar enn ekki hafa neytt, svo að ekki er hægt að segja, að hún komi ekki að notum. Hefði þetta ráð verið upp tekið í haust í hinum frægu stórhríðum, sem „Tíminn“ hefir mest talað um, mundi kjörsókn hafa verið ólíkt betri, og má því með miklu meiri rjetti kenna forsjáleysi um ljelega kosningasókn í norðursveitunum heldur en stórhríðum. Loks er auðvelt að gera bændum enn ljettara um kjörsókn heldur en lög standa nú til, og hefi jeg flutt brtt. þess efnis, sömu sem hv. þm. Dal., Bjarni Jónsson frá Vogi, flutti á þinginu 1924, að kjördagar í sveitum skuli vera þrír dagar í röð. Verði brtt. þessi samþ. til viðbótar, má búast við því, að það geti varla kom-

ið til mála, að menn geti ekki sótt kjörfund vegna óveðurs, þrjá daga í röð, með kjördeildum í hæfilegri fjarlægð og heimild til að fresta kjörfundi. Og enn er hjer með mikil rjettarbót fyrir kvenfólkið, því að það gæti venjulega sótt kjörfund, ef hann stæði þrjá daga í röð, en nú verður það oft að sitja heima, er karlmennirnir fara burt af bænum til kosninga.

Með þessari breytingu álít jeg, að málinu sje miklu betur fyrir komið, heldur en með því að flytja kjördaginn til 1. júlí. Menn geta betur sint stjórnmálum og haft lengri tíma til að sækja kjörfund.

Þá má líka geta þess, að jafnvel þó að slíkt óveður kæmi sem átti sjer stað síðastliðinn kjördag, þá virðist það eingöngu hafa hamlað kjörsókn í Þingeyjarsýslunum báðum, en annarsstaðar á landinu var þá kjörsókn meiri heldur en á kjördaginn s. l. sumar, og sannar þetta það, að atvinnuvegurinn að sumrinu dregur meira úr kjörsókn heldur en verstu óveður.

Loks mun hvorki það veður nje hríðarveður það, sem síðar kann að koma á kjördegi, vera slíkt gerningaveður, að það hamli frekar sókn eins stjórnmálaflokks heldur en annars, og mundi því í kjördæmakosningum úrslitin verða hin sömu sem í blíðviðri, þó að atkvæðafjöldinn yrði annar. Nokkru öðru máli kann að vera að gegna um landskjörið, en það fer lögum samkvæmt nú fram 1. júlí, og er ekki ætlast til þess, að því verði breytt.

Jeg vil svo leyfa mjer að benda hv. deild aftur á það, hvaða rjettlæti er í því, að draga ennþá meira úr kosningarrjetti þeirra, sem búa við sjávarsíðuna, eins og gert er með þessu frv., þegar þeir, eftir öllum rjettlætiskröfum, eiga að hafa margfalda þátttöku á löggjafarþingi þjóðarinnar á við það, sem nú er. Er það sjerstaklega með tilliti til verkalýðsins, sem jeg minnist þessa, þó að sama gildi raunar um alla bæjarmenn. Þegar kjördæmaskipun er svo hróplega ranglát, að verkalýðurinn og flokkur hans, Alþýðuflokkurinn, hefir aðeins tvo fulltrúa á þingi, en ætti að hafa fjórða hluta þingmanna, þá finst mjer rangsleitnin keyra úr hófi, er reynt er að koma á sjerstakri löggjöf til þess að draga úr möguleikum jafnaðarmanna að ná þeirri þátttöku í stjórn landsins og þingáhrifum, sem hann getur náð með núverandi úreltu kjördæmaskipun.

Jón Kjartansson:* Jeg kveð mjer hljóðs vegna þess að jeg hefi ekki undirskrifað neitt nál., hvorki hv. meiri nje minni hl., en vil gera grein fyrir atkvæði mínu. Að vísu hefði jeg getað skrifað undir nál. hv. meiri hl., en vegna þess að mig skilur svo mikið á við hann í málinu, sem kemur hjer næst á eftir á dagskránni (frv. um atkvgr. utan kjörstaðar kjósanda), vildi jeg ekki gera það. En afstaða mín til málsins er sú, að jeg er með því, að flytja kjördaginn fram á vorið, en er ekki ánægður með 1. júlí, heldur daginn, sem við völdum á þinginu 1924, þó að mjer finnist ekki ástæða til að flytja brtt. í þá átt. Þá get jeg ómögulega aðhylst 2. brtt. hv. meiri hl. við 46. gr. kosningalaganna, um að fresta talningu atkvæða um 5 vikur. Þetta er vitaskuld, eins og hv. frsm. meiri hl. (ÁJ) tók

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm

fram, í beinu samræmi við það mál, sem kemur næst á eftir á dagskránni, en jeg vil ekki fara að ræða það nú, enda þótt kannske væri ástæða til þess. En jeg treysti því, að hv. deild felli þessa brtt., því að hún er alveg óþörf.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að hið háa Alþingi fari nokkurntíma að samþykkja það frv., sem hjer kemur á eftir. Jeg mun fylgja þessu frv. með fyrri brtt. hv. meiri hl., en vera á móti hinni.

Jón Ólafsson: Jeg hefi verið að velta því fyrir mjer, hvort það væri nokkrum til hagsbóta, að færa kjördaginn, og jeg hefi talað við ýmsa menn um þetta, bæði nær og fjær, og það er svo, að flestir á Suðurlandi, sem jeg hefi talað við, eru á móti færslu kjördagsins.

Jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að færsla kjördagsins sje gerð fyrir nokkrar sýslur á Norðurlandi, sem hafa fyrir augum síðustu útkomu á kosningum til Alþingis. Mjer er kunnugt um það, að hjer á Suðurlandsundirlendinu er mjög mikill meiri hluti á móti þessu; það kunna að vera nokkrir bændur, sem vilja frekar hafa kjördaginn að vorinu. En að því er snertir Árnessýslu sjerstaklega, þá eru þar tvö allstór sjávarþorp, og leitar fólk þaðan mjög mikið atvinnu út úr þeim, t. d. til Norðurlands, en það er svo með alla smáþorpsmenn á landinu, að þeir leita meira og minna atvinnu út úr sínu plássi, og þekki jeg það af eigin reynslu, að þeir, sem annars eru komnir út af sínu eigin heimili, hafa í raun og veru ekki mikinn áhuga fyrir því, að nota sinn kosningarrjett. Það má náttúrlega segja, að það sje þeim sjálfum að kenna, þegar þeim er gefinn greiður aðgangur að því, en það er nú svo samt, að þar sem menn eru ókunnugir, þar munu þeir frekar hika við að nota kosningarrjett sinn.

Það þekkja allir, sem verið hafa hjer á Suðurlandi, að mesti annatíminn er í byrjun júlí. Það eru bæði fráfærur, aðdrættir allir, flutningur ullar í kaupstað og margt fleira; jeg hefi t. d. talað við marga Rangæinga um þetta, og þeir segjast miklu frekar kjósa 1. vetrardag, því að þá hafa bændur lokið af haustferðum sínum og sláturtíð, og þykjast þá frekar geta látið það eftir sjer, að sækja kjörfund. Mjer er kunnugt um það, að þeir láta að minsta kosti ekki húsmóður, dóttur eða son sækja kjörfund að vorlagi, þó að húsbóndinn fari, en ef annir eru búnar, þá geta þeir látið það eftir sjer.

Jeg geri ekki svo mikið úr þeirri rjettarbót, sem á að vera fólgin í frv. á þskj. 266. En jeg verð að segja það, að þegar hv. meiri hl. allshn. ákveður þessa breytingu, þá verður hann að leggja það til grundvallar, hve mörgum landsmanna er gert rangt til með þessu, og hve margir það eru, sem í raun og veru vilja það. En mjer er vel kunnugt um, að mikill hluti bænda á Suðurlandi vill miklu síður hafa kjördaginn 1. júlí heldur en 1. vetrardag. Jeg er í raun og veru hálf hissa á hv. 2. þm. Árn. (JörB), að hann skuli gera kjósendum sínum þann ógreiða, að ljá þessu frv. fylgi sitt, því að margir af kjósendum þessa hv. þm. (JörB) verða að sækja atvinnu í aðra landsfjórðunga, og jeg veit líka, að það væri tap fyrir þann flokk, sem jeg heyri til, að hafa kjördaginn 1. júlí. Jeg vil heldur ekki vera að gera öðrum rangt til, sem teldu sjer skaða í því, ef kjördagurinn yrði fluttur, og jeg sje heldur enga ástæðu til þess, og jeg trúi

því ekki fyr en jeg tek á, að hv. deild samþykki þessa ráðstöfun á kjördeginum.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætla ekki að fara að blanda mjer inn í verkefni hv. frsm. meiri hl. (ÁJ), því að hann er fullfær um að svara fyrir hönd okkar meirihlutamanna. En það er vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að jeg tek til máls.

Hv. þm. (JÓl) kveðst hafa átt tal við mjög marga menn á Suðurlandi um þetta, og sagði, að þeir láti sjer í ljettu rúmi liggja færslu kjördagsins, og ef til vill, að nokkrir teldu sjer það óhagræði. Jeg hygg nú, að við Sunnlendingar sjeum svo settir í þessu efni, að það komi einna sjaldnast fyrir hjer, að við getum ekki sótt kjörfund; en það hefir þó komið fyrir, og vil jeg þar minna á kjördaginn 1919. Þá var hríðarbylur fram eftir öllum degi, og í uppsveitum Árnesýslu sóttu ekki nema nokkrir menn kjörfund, og sumstaðar var veðrið svo vont, að menn fóru einmitt þann dag að gá að sauðfje, í stað þess að sækja kjörfund. Nú s. l. haust var svo kalt veður, að það fóru aðeins karlmenn lengra að, en alls ekki konur nema af allra næstu bæjum, og var þó miklu betra veður hjá okkur á Suðurlandi heldur en í hinum hlutum landsins. En þó að svo hefði verið ástatt, að aðeins við á suðurkjálka landsins hefðum getað sótt kjörfund þennan dag, en stórir hlutar landsins hefðu ekki getað það, þá hefði jeg alls ekki horft í það, að breyta til um kjördaginn, og jeg veit, að kjósendur mínir eru þannig skapi farnir, að þó að við með því að færa kjördaginn gerðum okkur sjálfum nokkurt óhagræði, þá munum við ekki telja það eftir okkur, til þess að geta gert öðrum það mögulegt, að neyta kosningarrjettar sins. Og fyrir þá sök er jeg fyrst og fremst ákveðinn í því, að greiða þessu frv. um færslu kjördagsins atkvæði mitt. En jeg get líka bætt því við, að þar sem svo er ástatt, að þrátt fyrir góða veðráttu er það okkur hagræði, að flytja kjördaginn, þá er ennþá meiri ástæða fyrir mig til að fylgja þessu frv., og með þeirri breytingu, sem hjer er á ferðinni um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda, þá er mönnum gert jafnhátt undir höfði að neyta kosningarrjettar sins, hvar sem er á landinu, ef það frv. verður samþykt, sem jeg geri ráð fyrir, og vil jeg þá um leið geta þess, að fylgi mitt við færslu kjördagsins er bundið því skilyrði, að hitt frv. nái fram að ganga. Þá geta menn kosið, hvar sem þeir eru staddir á landinu. Og þó að þetta sje annatími, það skal jeg játa, þá er hann það nokkuð jafnt hjá öllum.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. minni hl. (HjV) sagði, þó að jeg viti, að hv. frsm. meiri hl. (ÁJ) muni svara því, vildi jeg aðeins drepa á eitt atriði. Hv. þm. (HjV) sagði, að um þetta leyti árs, 1. júlí, væru menn svo uppteknir af annríki, að þeir gætu ekki gefið sjer tíma til að hugsa um stjórnmál svo sem þyrfti, og þess vegna væri tíminn mjög óhentugur, sjerstaklega fyrir verkafólk; en jeg vil nú lýsa yfir því, að það eru alveg eins annir til sveita á þessum tíma, svo að það stendur þeim jafnt í vegi, eða vill nú þessi hv. þm. (HjV) kanske nefna mjer einhvern þann tíma ársins, þegar sveitamenn hafa ekki anna að gæta. Jeg veit annars ekki betur en að þannig sje orðið ástatt í mörgum sveitum þessa lands, að það sje orð-

inn óslitinn annatími árið um kring. 1. vetrardag getur oft verið svo ástatt, að stórhættulegt sje, að karlmenn fari heiman, því að þá þarf oft að bjarga skepnum undan illviðri. Þess vegna getur viljað til, að mönnum sje ómögulegt að gegna störfum kjörstjórna, ef þeir eiga að vera 3 daga að heiman, eins og gert er ráð fyrir í brtt. háttv. frsm. minni hl. (HjV). Jeg býst helst við, að hann hafi borið fram þessa brtt. sökum ókunnugleika á háttum sveitamanna. Ella hefði hún ekki fram komið. En eins og drepið var á við 1. umr. þessa máls, þá á að hafa kjördag þannig, að sem flestir kjósendur, hvað sem þeir gera og hvar sem þeir eru, geti neytt þessa rjettar síns. Meiri hl. nefndarinnar hefir nú gert tilraunir til þess, að bæta úr þessu.

Jeg held að það sje nokkuð orðum aukið, sem menn færa til andmæla fræslu kjördags eða frv. um kosningu fjarstaddra manna. Það er víst, að sje mönnum ant um, að allir geti notað kosningarrjettinn og telji það eins miklu varða og þeir háttv. þm., er talað hafa á móti málinu, láta í veðri vaka, þá eiga þeir ekki að hyllast til, að láta kjördag vera á þeim tíma, sem mörgum mönnum er ómögulegt að neyta þessa rjettar. Það skiftir litlu máli, þó að þetta hafi ekki áhrif beinlínis á úrslit kosninga. En mörgum mönnum er áhugamál að nota þennan rjett. Á því löggjafarvaldið að fara þá braut, að gera öllum þetta sem hægast.

Jeg mun nú, þrátt fyrir spár og yfirlýsingar manna, greiða frv. þessu atkv. mitt, og þekki jeg illa skap kjósenda minna, ef þeir vilja ekki sýna mönnum í öðrum landshlutum rjettlæti á við sjálfa sig. Þeim væri þá illa í ætt skotið, þar sem þeir eru afkomendur Haukdæla og Oddaverja. (**Trþ:** Þeir eru nú víðar!).

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er nú svo um afkomendur Haukdæla og Oddaverja, að frá þeim hafa einmitt komið mótmæli gegn færslu kjördags og framkomu hátt. þm. (JörB). Það komu mótmæli bæði frá Eyrarbakka og Stokkseyri, en aftur á móti ekki samskonar áskoranir um færslu. (**KlJ:** Það var alt pantað!) Ekkert hefir stoðað að panta áskoranir.

Jeg hefi nú ekki heyrt forvígismenn þessa frv. tala um það, af hvaða ástæðum bændur hefðu ekki sótt landskjörið í sumar betur en raun varð á. Það sýndi sig, að þeir kusu ver í sumar en í haust. Það er ekki veðráttan 1. vetrardag, sem hamlar þá sókn bænda, heldur einmitt annríkið 1. júlí.

Jeg veit, að háttv. 2. þm. Árn. (JörB) er vel kunnugt um það, að bændur eru oft lengri tíma að heiman en þegar þeir fara á kjörfund, t. d. bændaþm., sem sitja langan tíma á þingi, eða þegar kaupstaðaferðir standa yfir, eða þeir eru við niðurjöfnun útsvara. Er þetta því ekki gild mótbára hjá honum. Kosningarnar undanfarandi ár hafa ekki sýnt, að þátttaka bænda mundi batna, þó að kosið yrði 1. júlí.

Aðrar ástæður hafa ekki komið fram gegn máli mínu, og get jeg því hætt.

ATKVGR.

Brtt. 385,1 feld með 19 : 3 atkv.

— 315,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 :9 atkv.

Brtt. 385,2—4 teknar aftur.

— 315,2 feld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JG, JörB, KlJ, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, BSv.
nei: JK, JÓl, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, BL, HjV, JakM.
Einn þm. (HK) fjarstaddur.
2. gr. samþ. með 16 : 11 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 11 atkv.

Á 58. og 59. fundi í Nd., dagana 23. og 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. u m r. (A. 395, 409).

Jón Kjartansson: Það er aðeins út af brtt. á þskj. 409, að jeg kveð mjer hljóðs.

Eins og hv. þdm. muna, var hjer feld brtt. við 2. umr. þessa máls, á þskj. 315, sem fór í líka átt og þessi brtt., nema hvað hún var aðgengilegri, ef maður á annað borð vildi ganga inn á að samþykkja það frv., sem hjer kemur næst á dagskránni. En þessi brtt. á þskj. 409 er að mínu áliti mjög óaðgengileg. Þar er sagt, að talning atkvæða megi ekki fara fram fyr en líklegt sje, að komin sjeu til yfirkjörstjórnar öll atkvæði, sem greidd hafa verið utan kjördæmisins á kjördegi. En svo er sagt, að aldrei megi skemmra líða en 4 vikur frá því, er kosning fer fram, og til þess, er atkvæði eru talin.

Jeg skil ekki, hvers vegna hv. flm. (JG) hefir sett fyrri hluta brtt., því að mjer finst, að síðari hlutinn setji nægar skorður, þar sem sagt er, að ekki megi telja atkvæðin fyr en 4 vikur eru liðnar frá kosningu. Því að það getur varla komið fyrir, að allir fjarverandi menn hafi neytt atkvæðisrjettar síns, og af því leiðir, að þetta „ætla má", getur ekki komið á undan ákvæðinu um 4 vikur. En ef hv. þm. (JG) ætlast til, að mat eigi sjer stað, eftir þessar 4 vikur, um það, hvort öll atkvæði sjeu fram komin, þá álít jeg, að það sje með öllu óforsvaranlegt. Það gæti ekki komið til mála, að þau atkvæði, sem kæmu til yfirkjörstjórnar eftir að þessar 4 vikur væru liðnar og talning væri lokið, yrðu tekin til greina. Jeg sje þess vegna ekki, að hægt sje að samþykkja þessa brtt. Jeg býst ekki við, að frv. það, sem er á dagskránni hjer næst á eftir, verði samþykt, og álít jeg því, að það eigi að fella þessa brtt. Jeg vona því, að þessi brtt. verði feld, og frv. svo samþykt óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Jón Guðnason:* Jeg get ekki skilið í því, hvers vegna hv. þm. V.-Sk. (JK) finst þessi brtt., sem hjer liggur fyrir, svo óaðgengileg. Þetta ákvæði í fyrri hluta brtt., um að talning atkvæða megi ekki fara fram fyr en ætla megi, að komin sjeu til yfirkjörstjórnar öll þau atkvæði kjósenda í kjördæminu, er greidd hafi verið utan kjördæmisins á kjördegi. Þetta ákvæði er mjög svipað því ákvæði, sem nú er í gildandi kosningalögum, en vegna þess frv., sem hjer er á ferðinni, og er samferða þessu frv., þá hefi jeg komið með þessa till., þar sem fyrst er tekið fram alment, að ekki megi telja atkvæðin fyr en ætla megi, að öll atkvæði sjeu komin, en sett svo lágmark tímans, ekki minna en 4 vikur. Það er nefnilega augljóst, að ef þau nýmæli komast á, sem farið er fram á í frv. hjer næst á eftir, þá getur það aldrei átt sjer stað, að taln-

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

ing fari fram fyr en 4 vikur eru liðnar frá því, að kosning fór fram. En hinsvegar verður reynslan að sýna, hve langan tíma muni þurfa þar fram yfir.

Eins og við vitum, þá er það samkvæmt núgildandi kosningalögum svo, að yfirkjörstjórn tiltekur tímann, þegar talning fer fram, eftir því sem hún álítur, að trygt sje, að atkvæðakassar úr öllum hreppum sjeu komnir á sama stað, og það er eins og menn vita, mjög misjafnt í ýmsum stöðum, af því að kassarnir eru svo misjafnlega lengi á leiðinni; í sumum kjördæmum er talið eftir 1—2 daga, en í sumum geta liðið nokkrar vikur. Jeg lít svo á, að ef frv. hjer á eftir verður samþykt, þá sje ekki rjett að fastákveða tímann, þegar talning eigi að fara fram, eins og gert var í till., sem lá hjer fyrir við síðustu umr., og af því að jeg hafði ástæðu til að ætla, að sú till. yrði feld, þá kom jeg fram með þessa brtt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi aðeins spyrjast fyrir um það hjá hv. flm. þessarar brtt. á þskj. 409 (JG), hvort hann gæti ekki fallist á það, að koma með slíka brtt. við það frv., sem hjer kemur næst á eftir á dagskránni, um atkvgr. utan kjörstaðar kjósanda, því að mjer skilst, að þessi brtt. sje alls ekki afleiðing af færslu kjördagsins, svo að mjer finst háttv. þm. (JG) geti tekið brtt. sína aftur við þetta mál og flutt hana í því máli, sem er hjer næst á eftir, því að ef það mál nær ekki fram að ganga, þá er brtt. aðeins til hins verra hjer.

(JG: Jeg geri ráð fyrir, að atkvæðin skiftist eins um þessa till., eins og það frv., sem hjer fer á eftir). Það þarf ekki að vera; bæði frv. fjalla um kosningar til Alþingis, og þá er sjálfsagt að setja ákvæðið inn í þau lögin, þar sem það á við. Jeg vildi aðeins mælast til þess, að það yrði ekki til að spilla fyrir því máli, sem hjer er um að ræða, því að þessi brtt. er í raun og veru alveg óskyld færslu kjördagsins.

ATKVGR.

Brtt. 409 feld með 14 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HStef, IngB, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSv.

nei: BL, HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PÓ, SigurjJ, ÞórJ.

Frv. felt með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÁJ, BSt, HStef, IngB, JAJ, JG, JK, JS, MG, BSv.

nei: PO, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁÁ, BL, HK, HjV, JakM, JÓl, JörB, KlJ, MJ, MT, ÓTh.

10. Bæjarstjórn á Norðfirði.

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði (þmfrv., A. 29).

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. það, er hjer liggur fyrir á þskj. 29, er að mestu samhljóða frv. því, er jeg flutti á síðasta þingi. Að vísu eru feldar úr því nokkrar greinar, er höfðu inni að

halda ákvæði um útsvarsskyldu og álagningar og kosningar í málefnum bæjarins, en þar sem þessum málum var með sjerstökum lögum ráðið til lykta á síðasta þingi, urðu þær greinar óþarfar. Að öðru leyti er frv. óbreytt.

Það er sjálfsagt, að frv. þetta þarf að einhverju leyti athugunar við; má vera, að á því sjeu einhverjir smíðagallar, en slíkt vona jeg, að nefnd sú, er um málið fjallar, lagi, og mun jeg fúslega ganga að þeim breytingum, sem til bóta eru, og vona jeg að fá að verða í samvinnu við nefndina, er til kæmi.

Í greinargerð þeirri, er fylgdi frv. á síðasta þingi, og sömuleiðis í framsöguræðu við 1. umr., var allítarlega gerð grein fyrir ástæðum þeim, sem eru þess valdandi, að frv. kom fram. Kröfurnar um bæjarrjettindi á Norðfirði eru á rökum bygðar, og ekki ástæða til að endurtaka þær, því að skamt er um liðið, og auk þess hafa hv. þm. aðgang að þessum plöggum frá síðasta Alþingi. Samt tel jeg rjett að láta nokkur orð fylgja frv. úr garði, til áherslu og uppfyllingar því, sem um það var skráð á síðasta Alþingi.

Eftir að málið var hjer til meðferðar í hv. Ed. á síðasta Alþingi, var enn á ný leitað til sýslunefndar Suður-Múlasýslu um meðmæli með því, að Norðfjörður fengi bæjarrjettindi. Eftir vonum fór svo, að sýslunefnd synjaði þess með 9 : 4 atkv. Oddviti greiddi ekki atkvæði, en einn sýslunefndarmaður var fjarverandi. Nú horfði málið dálítið öðruvísi við en hið fyrra skiftið, því að þá vjek sýslunefndin málinu frá sjer, án þess að færa aðrar ástæður fyrir því en þær, að það væri illa undirbúið. Nú færði sýslunefndin nokkur rök fyrir synjuninni, en af því að þau rök fela í sjer sönnun fyrir því, að þessi krafa sje rjettmæt, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa þau upp. Sýslunefndin segir svo:

„1) Það væri tilfinnanlegt fjárhagstap fyrir sýslusjóð, að Neshreppur gengi úr sýslufjelaginu, þar sem alt að ¼ af tekjum sýslusjóðs eru þaðan.

2) Breyting þessi mundi hafa í för með sjer, einkum þegar fram í sækir, mikil aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en engar auknar tekjur kæmu á móti; einnig má gera ráð fyrir, að brátt mundi koma krafa um sjerstakan þingmann fyrir þetta bæjarfjelag.

3) Framtíð þessara sjávarþorpa hjer austanlands, sem ekki hafa við neitt annað að styðjast en sjávarútveginn, er á svo ótryggum grundvelli bygð, að það eitt út af fyrir sig væri nægileg ástæða til þess að fara varlega. Færi svo, að aftur kæmi, þó ekki væri nema nokkur fiskileysis- eða hafísár, eða að fiskkaup af útlendingum hættu, þá mundi um leið skipakomum að Nesi stórlega fækka, atvinnan þverra og fólk, af þeirri ástæðu, flytjast í burt þaðan.

4) Á síðari árum hefir þing og stjórn, eftir margítrekaðar áskoranir þjóðarinnar, reynt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, ásamt stofnun nýrra embætta, en hjer væri stefnt í þá átt."

Og svo segir í ástæðunum ennfremur:

„En aðalástæðan fyrir kröfu Nesþorps, um bæjarrjettindi, er sú, að þeir geti ekki haft nægilegt lögreglueftirlit, með núverandi fyrirkomulagi, og getur nefndin fallist á, að það sje rjett."

Þetta eru ástæðurnar, sem nefndin færir fyrir neitun sinni, en í síðustu málsgreininni nefnir hún þó eina ástæðu, sem hún viðurkennir alveg rjetta. Jeg

gat þess áðan, að ástæður sýslunefndar fælu einmitt í sjer sönnun fyrir því, að krafan sje rjettmæt. Ein af ástæðum sýslunefndar, og einmitt aðalástæðan, er það, að sýslufjelaginu væri tilfinnanlegt fjárhagstap að því, ef Neshreppur yrði sjerstakt bæjarfjelag; með því staðfestir sýslunefndin það, sem jeg hjelt fram hjer í deildinni í fyrra, að ¼ hluti af tekjum sýslunnar væru úr Neshreppi. En ef þessi ályktun er rjett, sem jeg ekki efa, og engir, sem til þekkja, þá er það líka rökrjett ályktun, að þetta samband er fjárhagslegt tjón fyrir Neshrepp. En jeg skal koma inn á þetta atriði síðar. Sýslusjóðsgjald úr Neshreppi hefir verið 7—8000 krónur, auk þess sýsluvegasjóðsgjald, sem mun nema nálægt 700 krónum. Fyrir þetta fær Neshreppur úr sýslusjóði, fyrst og fremst laun yfirsetukonu, sem mun vera nálægt 200 krónum, líklega þó tæplega svo mikið nú, vegna þess, að nú er ungur kvenmaður í þeirri stöðu, og svo er þess að gæta, að hún þjónar í tveimur hreppum, Neshreppi, sem er tæplega 2 km. enda á milli, og Norðfjarðarhreppi, sem er mjög erfiður yfirferðar, svo að ekki er rjett að telja nema helminginn til Neshrepps.

Af kostnaði, sem sýslusjóður hefir af Neshreppi, er framlag til sjúklinga samkvæmt berklavarnalögunum; hve mikið það er, get jeg ekki sagt um með fullri vissu, en jeg hygg, bæði af þeim kunnugleik, sem jeg hefi af þeim málum, og þeirri upphæð, sem sýslusjóður greiðir alls, og fólksfjölda í sýslunni, að það sje ekki mikið yfir 2000 kr.

Það er sýnt af því, sem sýslunefnd heldur fram, að það er fjárhagslegt tap fyrir sýsluna, ef Neshreppur verður leystur úr sambandi við hana. En hitt er líka rjett, að það er fjárhagslegt tjón fyrir Neshrepp að vera í sambandi við sýsluna. Það er og rjett að geta þess um leið, að jeg lít svo á, að sýslunefnd Suður-Múlasýslu hafi ekki sýnt neinn óvilja í þessu efni, heldur lítur hún á málið frá sinni hlið og ann okkur sannmælis um, að kröfur okkar sjeu rjettmætar og á rökum bygðar. Til sannindamerkis um það, að sýslunefnd hefir undanfarið verið velviljuð Neshreppi, má benda á það, að svo lengi sem lög leyfðu það, að sýsluvegasjóðsgjaldi mætti verja til vegagerðar í Neshrepp, var það gert, og við þurftum ekki að greiða neitt sýsluvegagjald. En með breytingu þeirri, er gerð var á vegalögunum 1924, var sú heimild afnumin, og hefir því Neshreppur orðið að greiða alt sýsluvegasjóðsgjaldið síðan. Það er skipulagið, sem misrjettinu veldur, og þess vegna þarf að breyta því.

Um hinar aðrar ástæður sýslunefndar fyrir að synja um þessa beiðni, svo sem að þessi breyting hefði í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og að brátt mundi koma fram krafa um sjerstakan þingmann, er það að segja, að jeg geri lítið úr þeim, því að ef hjer er um rjettmæta kröfu að ræða, þá er það skylda löggjafarvaldsins að verða við því, sem um er beðið, þótt það aldrei nema kunni að leiða af sjer nokkur útgjöld. Og hvað snertir bendingu þá til Alþingis, er felst í síðustu ástæðu sýslunefndar, að þetta stefni í öfuga átt, miði til þess að fjölga embættum, en ekki til þess að fækka þeim, þá geri jeg lítið úr henni, vegna þess að jeg álít, að það standi eins á um það, eins og jeg gat um við 2. lið hjer. — Nei, aðalatriðið er það, hvort krafan um sjerstök bæjarrjettindi er á rökum bygð, og

það hefir sýslunefnd fyllilega viðurkent, og þá finst mjer, að þeir, sem hlut eiga að máli, verði að taka afleiðingunum af því, þótt aldrei nema það kynni að hafa í för með sjer nokkur aukin útgjöld.

Á einum stað segir nefndin, sem innan sýslunefndar fjallaði um þetta mál:

„Framtíð þessara sjávarþorpa hjer austanlands, sem ekki hafa við neitt annað að styðjast en sjávarútveginn, er é svo ótryggum grundvelli bygð, að það eitt út af fyrir sig væri nægileg ástæða til þess að fara varlega. Færi svo, að aftur kæmi, þó ekki væri nema nokkur fiskileysis- eða hafísár, eða að fiskkaup af útlendingum hættu, þá mundi um leið skipakomum að Nesi stórlega fækka, atvinna þverra og fólk, af þeirri ástæðu, flytjast burtu þaðan."

Í þessu er töluverður sannleikur fólginn; jeg dreg ekki neina fjöður yfir það. Það getur átt sjer stað, ef ísár koma eða fiskileysisár, þá hlýtur að draga úr þeim atvinnuvegum, sem íbúarnir stunda, en að nokkuð lakara ástand mundi verða í Neshreppi en annarsstaðar, það get jeg ekki fallist á, enda gefur nefndin það heldur ekki í skyn, og jeg verð líka að telja Neshrepp töluvert vel staddan, hvað það snertir, er talað er um það, að íbúarnir hafi á eitthvað annað að byggja en sjóinn, ef hann kynni að bregðast, og til sannindamerkis um það skal jeg geta þess, að í kauptúninu eru nú 80 mjólkurkýr, 6—700 fjár, og auk þess nokkuð af geitfje, en því fer þó heldur fækkandi, vegna þess að það er talið heldur óheppilegt að hafa það í sjávarþorpum. Auk þess er túnrækt í mjög mikilli framför, og fjöldi manna hefir nú farið þess á leit, að fá bletti til ræktunar, og að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefir getað, hefir þessum beiðnum verið fullnægt. En svo stendur á þarna, eins og sumum hv. þdm. mun vera kunnugt, að landrými er heldur af skornum skamti, svo að það er nú á þrotum. En þar er þó engin hætta á ferðum, því að í dal þeim, sem liggur inn af Norðfirði, má segja næstum óþrjótandi land til útgræðslu, og gegnum þorpið hefir verið lagður bílfær vegur og framhald af honum mun koma inn eftir sveitinni áður en langt um líður. Þessi dalur, sem jeg nefndi áðan, er mjög vel fallinn til ræktunar, en það, sem á stendur, er það, að hreppsfjelagið geti fengið umráð yfir landinu, sem liggur í hinum hreppnum, en það fer að verða óhjákvæmilegt, og þar kemur enn ein ástæðan fyrir þessu frv.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, eru flestar aðalástæður fyrir þessu frv. teknar fram í greinargerð þeirri, er fylgdi því á síðasta þingi, og í framsöguræðu minni þá; skal jeg ekki þreyta hv. deild á að endurtaka þær ástæður. Þeim litlu mótbárum, sem fram komu gegn frv. í fyrra, var svarað þá, og skyldi þær koma fram aftur, finst mjer nógur tími til að svara þeim þá.

Vil jeg svo óska, að frv. þetta, að þessari umr. lokinni, fái að ganga til allshn., og vænti jeg þess, að hv. deild taki því með vinsemd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 464).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þeim hv. þdm., sem áttu sæti á síðasta þingi, er mál þetta sæmilega kunnugt, því að það var þá felt alveg samhlj. frv. hjer í hv. deild.

Nú hefir þetta mál verið góðan tíma hjá allshn.; hún hefir nú athugað það aftur og komist að sömu niðurstöðu og í fyrra, að ekki væri vert að láta þetta mál ganga fram. Ástæður nefndarinnar eru teknar greinilega fram á þskj. 464, og jeg sje því eiginlega ekki ástæðu til að bæta neinu þar við að svo stöddu. Og þótt jeg búist jafnvel við, að allshn. fái fremur vanþakklæti fyrir þessa niðurstöðu sína hjá hv. flm., sem leggur svo mikið kapp á þetta mál, að hann ber það nú fram þing eftir þing, þá geri jeg ráð fyrir að svara honum fremur litlu, þótt hann vilji segja eitthvað, sem ekki væri einskært hrós um nefndina.

Ingvar Pálmason: Mál þetta var flutt nokkuð snemma á þessu þingi. Það var tekið til 1. umr. 19. febr., og er búið að dvelja hjá nefndinni frá 19. febr. til 30. apríl, eða 70 daga.

Maður gæti nú búist við, að hjer væri ekki að neinu flanað, en alt vel athugað. En hvorki af nál. nje framsöguræðunni er hægt að marka slíkt. Mjer er ekki grunlaust um, að nefndin hafi ætlað sjer að leggjast á málið. Jeg hefi eiginlega fulla ástæðu til að álíta, að það hefi verið fyrir ítrekaða áskorun mína, að málið kom fram.

Þessi meðferð nefndarinnar virðist mjer benda í þá átt, að hún hafi haft það á meðvitund sinni, að ekki væri rjett að farið með þetta mál — að í málinu fælist meiri sanngirni en nefndin vill kannast við. Það er auðvitað, að ef um fjarðstæðu hefði verið að ræða, þá tók það ekki langan tíma fyrir sömu mennina, sem höfðu málið til meðferðar á síðasta þingi, að komast að niðurstöðu. Þess vegna þori jeg að draga út frá þessu þá ályktun, að nefndinni þyki ekki ugglaust um, að hún fari rjett að í þessu máli.

Það væri nú hugsanlegt, að önnur ástæða lægi til grundvallar fyrir drætti á málinu, sem sje sú, að nefndin hefði verið að afla sjer frekari upplýsinga heldur en hún átti kost á í fyrra. Að vísu þykist jeg hafa gefið ítarlegar upplýsingar um þetta mál og fært fram sæmileg rök fyrir því — sem ekki hafa enn verið hrakin — að hjer væri um sanngirniskröfu að ræða. — En það væri sem sagt afsakanlegt hjá nefndinni, úr því að hún var heldur treg til þess að ganga með málinu, þótt hún vildi afla sjer frekari upplýsinga og staðfestinga á umsögn um málið. Og til þess gat auðvitað þurft að nota talsverðan tíma. En jeg held mjer sje óhætt að staðhæfa, að nefndin hafi ekki leitað minstu upplýsinga um málið; það kom enda fram í þeim fáu orðum, sem hv. frsm. (GÓ) ljet fylgja frv. nú. Jeg veit það fyrir víst, að hjer í Reykjavík var innan handar að leita til manna, sem mjög vel höfðu vit á þessu máli. Þar vil jeg fyrst benda á landlækni, sem nú á síðasta sumri var í embættisferð um Austurland og dvaldi nokkra daga á Norðfirði. Jeg veit fyrir víst, að hann leit svo á, að það væri mjög varhugavert fyrir Alþingi, að standa móti þessari kröfu Norðfirðinga, sökum þess, að

af því gæti stafað töluvert tjón fyrir kauptúnið frá heilbrigðislegu sjónarmiði. Það hefði mátt vænta þess, að nefndin hefði leitað umsagnar þessa manns. Það var bein skylda hennar, eins og jeg benti á í fyrra við umræður um þetta mál. Ein ástæðan fyrir því, að krafa þessi er fram komin, er sú vanhirða, sem þetta kauptún, sem mörg fleiri, hefir orðið fyrir í uppvextinum. Jeg sýndi fram á það, að það væri töluvert alvarlegt mál fyrir löggjafarvaldið, að ráða bót á þeirri vanhirðu, sem uppvaxandi sjóþorp á þessu landi hafa orðið fyrir undanfarið. Það mætti máske segja, að þetta væri afsakanlegt fyrir löggjafarvaldið, vegna þess að fremur stutt er síðan þessi sjóþorp og kauptún fóru að vaxa. En þegar reynslan er búin að benda löggjafarvaldinu á, að um hættu er að ræða, og þegar kröfur eru fram komnar um, að úr sje bætt að einhverju leyti, þá virðist það vera næstum að segja ófyrirgefanlegt athugaleysi af löggjafarvaldinu, því að jeg vil ekki álíta það annað en athugaleysi, að þverskallast við þessum kröfum, án þess að ganga úr skugga um, að kröfurnar sjeu ekki á rökum bygðar.

Það, sem jeg átel hv. allshn. mest fyrir, er það, að hún notaði ekki þennan langa tíma, sem hún hefir haft málið til athugunar, til þess að kynna sjer það ítarlega. Allir allshn.mennirnir eru ókunnugir á þessum stað, að undanteknum einum, sem hefir haft nokkur kynni af Norðfirði fyrir nokkuru, þegar kaupstaðurinn var að byrja að vaxa. Og jeg hygg, að sá maður, sem er hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), hafi í sinni embættistíð fengið töluverða reynslu fyrir því, að kauptúni á stærð við Norðfjörð hefir orðið það heilladrjúg hjálp að geta fengið sjálfstjórn í sínum málum nægilega snemma. Mjer er óhætt að fullyrða, að ef Seyðisfjörður hefði ekki fengið sín bæjarrjettindi á þeim tíma, sem hann fjekk þau, þá væri hagur hans allur annar nú.

Jeg vil ennfremur benda á, að um fleiri menn var að ræða hjer í Reykjavík, sem ekki var nema sjálfsagt að allshn. leitaði álits til. Vil jeg þar nefna skipulagsnefndina, sem starfar í þessum málum og gerir skipulagsuppdrætti fyrir kauptún og bæi. Þessi skipulagsnefnd var einmitt s.l. sumar á ferð á Austurlandi, og fyrir tilverknað hreppsnefndarinnar í Neshreppi var hún fengin þangað, til þess, ef hægt væri, að fá hrundið í framkvæmd mælingum til undirbúnings skipulagsuppdrætti fyrir Neskauptún. Annars hafði skipulagsnefndin ekki hugsað sjer, að mæling á Neskauptúni yrði framkvæmd á næstunni. En hreppsnefndin sætti lagi og sendi menn og hesta eftir nefndinni til Eskifjarðar á sunnudegi, því að aðra daga gátu þeir ekki mist vegna sinna föstu áætlana. En hvað skeður? Þegar skipulagsnefndin kemur til Norðfjarðar, sannfærist hún strax af eigin sjón, að engan tíma má missa og símar þegar eftir mælingamanni til þess að gera mælingar og uppdrætti af Neskaupstað. Og það hefi jeg eftir Guðmundi prófessor Hannessyni, að hann sagði, að hvert ár, sem liði án þess hafist væri handa í þessum skipulagsmálum, kostaði ekki aðeins kauptúnið heldur landið líka tugi þúsunda.

Ef háttv. allshn. hefði notað 1 dag af þeim 70, sem málið lá hjá henni, til þess að kalla Guðmund Hannesson á fund sinn, hefði hann getað veitt henni upplýsingar til staðfestingar á því, er

jeg nú hefi haldið fram. Einasta ástæðan, sem fram er færð gegn kröfu Neskauptúns um bæjarrjettindi, er sú, að meiri hl. sýslunefndar er henni mótfallinn. Það er rjett, og mjer dettur ekki í hug að neita því. En síðar mun jeg koma að því, af hvaða rót sú andspyrna er runnin. En ef háttv. allshn. hefði ómakað sig til þess að leita upplýsinga hjá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, sem hefir manna best, þeirra, er í sýslunefnd sitja, þekkingu á þessu máli og aðstöðu til þess að vera að sjálfsögðu tekinn til greina, þá mundi hún hafa komist að raun um, að hann leggur með því, að kauptúnið fái bæjarrjettindi. Háttv. allshn. datt ekki í hug að hafa svo mikið fyrir. Hún hefir legið á málinu og ekki gert neina tilraun til þess að afla sjer fróðleiks um það. Það er ámælisvert. Jeg verð að líta svo á, að málið sje, eins og það kemur nú frá hendi háttv. allshn., með öllu óupplýst af nefndarinnar hálfu. Þær einu upplýsingar, sem liggja fyrir, eru þær, sem jeg gaf við framsögu þessa máls á þingi í fyrra, og stendur það alt óhrakið enn, er jeg sagði þá. Jeg get því fyllilega vænst þess, að háttv. deild taki þær upplýsingar gildar.

Skal jeg svo víkja örfáum orðum að nál. Það er það helsta, sem fyrir liggur frá nefndinni, því að á framsöguræðunni var ekki mikið að græða. Í nál. kemur í ljós, að háttv. allshn. þykir kynlegt, að sami maður skuli flytja þetta frv. aftur nú. Það getur vel verið, að henni þyki það kynlegt. En jeg get fullvissað hana um það, að hjeðan af verður það flutt á hverju þingi, þar til það nær fram að ganga. Hverjir svo sem verða þingmenn Sunn-Mýlinga, og hvaða flokki sem þeir fylgja, þá verða þeir allir á sínum tíma að flytja það. Það kemst enginn að sem þingmaður, nema hann heiti þessu máli fylgi. (**Jóh-Jóh:** Þá skal mig ekki furða, þótt hv. þm. (IP) fylgi því fast eftir). Þetta bendir aðeins á, að hlutaðeigendum, hverjum stjórnmálaflokki sem þeir fylgja, er uppfylling þessarar kröfu slíkt áhuga- og nauðsynjamál, að þeir geta með engu móti sætt sig við annað en að fá því framgengt.

Í nál. stendur, að nefndin hafi ekki skift um skoðun síðan í fyrra. Það er sjálfsagt mikið rjett, en ekki sjerlega hrósvert, nema ef hún hefði reynt að leggja meiri drög til andmæla en hún hefir gert. En það skortir mjög, að henni hafi tekist að finna nokkur rök fyrir mótstöðu sinni, þrátt fyrir tveggja þinga leit. Að vísu notar hún þessa einu röksemd, að sýslunefndin sje á móti og Suður-Múlasýsla bíði fjárhagslegt tap, ef Neskauptún hlýtur bæjarrjettindi. Jeg get ekki neitað því, að sýslusjóður Suður-Múlasýslu tapar ¼ af tekjum sínum, ef þessi krafa nær fram að ganga. En á hitt verður maður að líta, hvílíkt fjárhagslegt tjón það er kauptúninu, sem alt á eftir ógert, vantar vatnsveitu, raflýsingu, heilbrigðisráðstafanir o. s. frv., að vera ekki fjár síns ráðandi. Er nokkur sanngirni í því, að þetta kauptún greiði 8—9 þús. kr. á ári í sýslusjóð og fái ekki neitt í staðinn? Það er ábyrgðarhluti fyrir löggjafarvaldið, ef það verður vart við slíkar misfellur sem þessar, að þverskallast þá við að leiðrjetta og færa í betra horf.

Lítum nú á afstöðu sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu. Á fundi í s. l. apríl var þetta mál enn borið upp til atkvæða. Reyndust 9 sýslunefndarmenn vera á móti því, að Neshreppur fengi

kaupstaðarrjettindi, en 6 með, og þar á meðal var sýslumaður. Svo langt er þá komið, að sýslumaðurinn kannast við, að hjer sje um misrjetti að ræða, og hann vill sýna fulla sanngirni, þótt sýslusjóður verði fyrir tekjumissi. Auk þess ber sýslufundargerðin frá 1926 það með sjer, að sýslunefndin hefir öll í einu hljóði viðurkent rjettmæti þessarar kröfu, en ekki viljað sleppa hinum góðu tekjum. Nei, það er tvíeggjað sverð hjá háttv. allshn., að nota gjöld Neshrepps í sýslusjóð sem ástæðu á móti þessu frv. Það er einmitt aðalástæðan, sem mælir með því. Þau hlunnindi, sem Neskauptún hefir frá sýslunni, eru ekki önnur en hluti Neshrepps af berklavarnakostnaði, hálf laun yfirsetukonu og 12—14 hundaskamtar. Ekki einn eyrir til vega, ekki einn eyrir til hreinlætis- og heilbrigðisathafna í kauptúninu. Þetta er alt og sumt, sem Neshreppur fær úr sýslusjóði fyrir sitt 8—9 þús. kr. tillag. Ef þetta er ekki ástæða með málinu, þá get jeg ekki skilið, hvernig hægt er að nota það sem ástæðu móti því.

Háttv. allshn. víkur að því í niðurlagi nál. síns, að af þessu frv. leiði fjölgun embættismanna, og það er hlutur, sem helst ekki má nefna. En þessi ástæða er haldlaus, því að hvar sem þörf krefur, þýðir ekkert að hamla á móti, að nauðsynlegir embættismenn bætist við. Þjóðin gerir sjálf kröfu í þá átt. Ef það er rjettmætt, að Neskauptún fái kaupstaðarrjettindi, verður þjóðfjelagið að taka á sig aukinn kostnað, sem af því leiðir. En annars er vansjeð, hvort aukin útgjöld ríkissjóðs af þessari breytingu gætu ekki unnist upp á öðrum sviðum. Jeg skal benda á eitt dæmi: Nú er launalitlum og ábyrgðarlitlum hreppstjóra falið að annast innheimtu tolla og skipagjalda í Norðfirði. Þótt hann ræki starf sitt sem best hann getur, má búast við, að eithvað geti farið utanhjá, t. d. skipagjöld. Skipakomur á Norðfjörð eru mjög tíðar, og sjerstaklega er ilt að hafa hendur í hári hinna útlendu skipa, en þeirra fjöldi er mikill. Er erfitt fyrir launalága hreppstjóra að ganga úr skugga um að ekkert skip sleppi, þegar á sumum tímum árs að skip eru að koma og fara nær allan sólarhringinn. Þar liggja kannske í einu 40—50 skip, og væri talið nóg starf einum manni annarsstaðar að annast eftirlit með þeim. En það er ekki sanngjarnt, að ætlast til slíks af hreppstjóra, sem hefir aðeins nokkur hundruð krónur í laun á ári. Það er óþarfi að taka það fram, að jeg er ekki með þessu að gefa í skyn vanrækslu á þessu sviði, þótt jeg telji ekki ugglaust um, að eitthvað kunni að sleppa af skipum, án þess að greiða lögboðin gjöld. Hjer er aðeins um galla á skipulagi að ræða.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast á það, sem sett er í niðurlag nál., þar sem talað er um stofnun nýs embættis og bætt við þessari klausu: „sem af kunnugustu mönnum er mjög um deilt, hvort þörf sje á“. Væri gaman að vita hvaðan háttv. nefnd eru komnar þessar upplýsingar. Þetta eru líklega þær einu upplýsingar, sem hún hefir aflað sjer á þessum 70 dögum. Hverjir eru svo þessir kunnugu menn? Ekki er það jeg, og ekki er það sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu. Nei, jeg held, að hjer hafi skolast upp hjá nefndinni veikleikinn sá, að hún var sjálf alt of ókunnug.

Þá er líka bent á í niðurlagi nál., að með þessari kröfu sje ýtt undir kaup-

tún, sem hafa líka aðstöðu, að koma fram með samskonar kröfur sjer til handa. Jeg álít, að hvert það kauptún, sem hefir sömu aðstöðu og Nes, eigi að fá kaupstaðarrjettindi, hafi til þess fulla sanngirniskröfu. En jeg vil benda mönnum á, ef þeim er það ókunnugt, að ekki er eins ástatt um eitt einasta kauptún annað á landinu. Væri fróðlegt að grenslast eftir, hvort háttv. allshn. hefir kynt sjer skipakomur þangað eða innflutning og útflutning af Norðfirði síðastliðið ár. Mjer leikur sterkur grunur á, að hún hafi alls ekki kynt sjer þessa höfuðþætti í lífi kauptúnsins. Var þó ekki mikil fyrirhöfn að fletta upp í Hagtíðindunum. Í framsöguræðu minni gaf jeg háttv. nefnd kost á að kalla mig á fund til þess að veita henni þær upplýsingar, er jeg mætti, áður en hún ákvæði sig um málið. En hún hefir ekki sjeð ástæðu til þess. Hún hefir sjálfsagt haft kunnugri menn að leita til. Hitt viðurkenni jeg, að háttv. nefnd gerði mann á minn fund með þau skilaboð, hvort jeg vildi ekki heldur að málið yrði svæft í nefndinni en drepið í deildinni. Jeg neitaði því, og því er málið nú hjer til umræðu og atkvæða. Mjer er ekki grunlaust, að háttv. nefnd hafi leitað lags, hvort ekki væri mögulegt að vísa málinu til hæstv. stjórnar. Þannig ber öll meðferð háttv. nefndar þess vott, að hún vill helst komast hjá að eiga nokkuð við þetta mál. Það er rjett eins og hún hafi á tilfinningunni, að ekki sje það sem rjettast, sem hún leggur til. Ef þetta mál væri einhver fjarstæða, þyrfti ekki að fara í neina launkofa með það, heldur ætti að vera óhætt að leggja það fram í dagsins ljós. En meðferð háttv. allshn. á því sýnir glögglega, að hún vill hliðra sjer hjá því, af því að undir niðri sjer hún rjettmæti þess og veit, að það hlýtur að ganga fram fyr eða síðar.

Jeg vil benda háttv. deild enn einu sinni á, að það er spurning, hvort það er ekki fjárhagslegt tjón fyrir ríkissjóð að þverskallast við þessari kröfu. Jeg hygg það kosti ríkissjóð nokkra upphæð árlega, að málið verður borið fram hjer á Alþingi á hverju ári þar til það verður samþykt.

Jeg held óhætt sje að láta hjer við sitja. Jeg þykist hafa sýnt fram á, að meðferð málsins í háttv. allshn, gefi síst ástæðu fyrir háttv. deild að verða á móti frv. Og jeg þykist líka hafa sýnt fram á, að þau rök, er jeg færði máli mínu til stuðnings á síðasta þingi, og hefi að nokkru endurekið aftur nú, standi enn óhrakin; og með því að þau voru all-ítarleg, sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka þau frekar. Jeg er þess fullviss, ef háttv. deild athugar þau rök nægilega, mun hún ekki sjá sjer fært að verða við till. háttv. allshn á annan veg en þann, að samþykkja frv.

Jeg treysti því, að háttv. þingmenn hafi sjálfir kynt sjer þetta mál og skapað sjer á því skynsamlega skoðun, og byggi jeg meira á henni en því, sem fram er komið fyrir tilverknað allshn.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það fór líkt og jeg bjóst við og gat um í framsöguræðu minni, að von væri á einhverju frá hv. flm. (IP), og jeg yrði að standa upp aftur. En jeg bjóst ekki við, að hv. flm. (IP) þætti nál. ómerkilegt, því að sjeð hefi jeg nafn hv. 2. þm. S.-M. (IP) undir ekki merkilegra nál. en þessu, og framsöguræður hefir maður heyrt úr þeirri átt litlu veigameiri en mína.

Það er auðheyrt, að háttv. flm. (IP) álítur, að varla sje um önnur mál að ræða á þingi en þetta, hvort bæjarstjórn skuli vera á Norðfirði ellegar ekki. Hann virðist halda, að þessa 70 daga, sem hann segir málið hafa legið fyrir allshn., hafi nefndin annaðhvort altaf verið að athuga þetta mál og leita sjer upplýsinga um það, ellegar ekkert gert. Að sjálfsögðu hefir nefndin haft mörg mál til meðferðar, og ekki nema eðlilegt, að hún eyddi ekki miklum tíma í það, sem hún hafði athugað til hlítar í fyrra. Var málið ítarlega rætt þá, og hefði lítt prýtt framsöguræðu mína, þótt jeg hefði tekið upp í hana alt, sem þá kom fram, enda mun mörgum tamara en mjer að tyggja upp sömu ummælin þing eftir þing. Þótt málið hafi lengi legið hjá allshn., nær engri átt að drótta að henni iðjuleysi fyrir því, enda hygg jeg, að frá engri nefnd í háttv. deild hafi verið afgreidd jafnmörg mál nú á þinginu. Nefndin hefir sömu skoðun á málinu nú og í fyrra, og hafði gert grein fyrir skoðun sinni þá. Og nefndin spurðist fyrir um það hjá háttv. flm. (IP), hvort endilega væri nauðsynlegt, að það kæmi fyrir sem allra fyrst, til þess að verða felt. Jeg sje ekki betur en að eins sje hægt að bera það upp á næsta þingi, þótt það verði ekki felt fyr en í dag.

Háttv. flm. (IP) var að furða sig á því, að allshn. skyldi ekki hafa leitað til landlæknis. Jeg hefi ekki heyrt, að landlæknir væri neitt sjerstakt „autoritet“ í þeim efnum, hvar ætti að setja bæjarstjórnir og hvar ekki. Ef landlæknir er ágætur ráðunautur á því sviði, gæti kannske komið til mála að leita til annara lækna hjer í bænum alveg eins. (IP: Jeg hugsa, að það væri óhætt líka). Jeg vona að háttv. deild misvirði það ekki við allshn., að hún hefir ekki farið með þetta mál beint til landlæknis eða lagt það undir umsögn læknastjettarinnar.

Það getur meir en satt verið hjá hv. flm. (IP), að kauptúnið sje í sjerstakri vanhirðu, þótt ekki hafi nefndin heyrt þess getið. En það er óvíst, að sú vanhirða hverfi, þótt þar komi bæjarstjórn. Kauptúnið er hreppur út af fyrir sig og eins ástatt um það eins og mörg kauptún önnur, sem hafa litlu og sum engu færri íbúa en þetta, og ekki kvartað um vanhirðu fyrir þær sakir. Hv. flm. (IP) tók til dæmis Seyðisfjörð, og kvað þann bæ mundu vera æði mikið ver staddan, ef hann hefði ekki fengið kaupstaðarrjettindi á sínum tíma. Seyðisfjörður var kauptún í miklum uppgangi, en er hann fjekk sín bæjarrjettindi, skeði það merkilega, að hann hætti að eflast. Hvort það var fyrir vanhirðu sakir eða ekki, veit jeg ekki. Um það veit háttv. flm. (IP) miklu betur en jeg. En hitt veit jeg, að þetta getur vel komið fyrir með þessi sjávarþorp. Meðan alt leikur í lyndi hvað aflabrögð snertir og útgerðin er í lagi, fjölgar fólkinu, og þá finst því þegar brýn þörf að fá bæjarrjettindi. En er sjórinn bregst, fækkar fólkinu og þörfin minkar fyrir bæjarstjórn, ef hún nokkurntíma hefir verið fyrir hendi, eða hverfur alveg.

Þótt háttv. flm. geri lítið úr þeirri skoðun, sem allshn. lætur í ljós í sambandi við þetta frv., að hún telji varhugaverða fjölgun embættismanna, nema brýn þörf sje á, þá ætla jeg ekki að gera neitt „númer“ úr því. En jeg man ekki betur en háttv. 2. þm. S.-M. (IP) sje fyllilega með á nótunum, þegar rætt er um fækkun embættismanna

yfir höfuð. Því verður ekki neitað, að mörg kauptún hafa svipaða aðstöðu og Nes í Norðfirði og mundu koma á eftir með samskonar kröfur.

Þá vitnaði háttv. flm. kröftulega í skipulagsnefndina. Hún hafði komið þar og unnið að skipulagsuppdrætti, og Guðmundur prófessor Hannesson á að hafa talið skaðlegt, að framkvæmdir drægjust nokkuð. Jeg hefi líka talað við prófessorinn. Hann álítur, að þessu skipulagsverki þurfi að flýta í öllum kauptúnum. Þörfin er víðar brýn, þótt bíða verði. Nes í Norðfirði er ekkert sjerstakt að því leyti, og eins má byggja eftir skipulagi í kauptúni og kaupstað. Hv. flm. lagði lítið upp úr því, þó að meiri hluti sýslunefndarinnar væri á móti málinu, en tók hinsvegar fram, að sýslumaðurinn hefið mjög gott vit á þessum hlutum. En honum láðist alveg að færa einhver rök fyrir því, að sýslumaðurinn hefði meira vit á þessu heldur en sýslunefndin.

Þá áleit hv. flm. það lítið þrósunarefni fyrir nefndina, að hún væri sömu skoðunar nú og í fyrra. Jeg get a. m. k. ekki álitið það ámælisvert, og það bendir þó í þá átt, að eitthvert vit hafi verið í áliti hennar í fyrra, fyrst hún hefir ekki þurft að skifta um skoðun. Hv. flm. bætti því við, að nefndin væri enn sömu skoðunar eftir tveggja ára starf. Hann heldur víst, að nefndin hafi setið yfir þessu máli milli þinga. Jeg verð nú að segja fyrir mig, að jeg lagði það á hilluna milli þinga, eins og fleiri feld mál. Mjer fanst annars hv. flm. undarlega æstur í þessu máli og einhliða, en ef til vill hefir hann verið það vegna tilhugsunarinnar um að þurfa að láta þennan bagga fylgja sjer á hvert þing. Því að væntanlega býst hann við að eiga eftir að sitja á mörgum þingum enn. Jeg held, að jeg kysi fremur í hans sporum að leggja niður þingmensku, heldur en verða að burðast með þennan sama böggul ár eftir ár. Þá lýsti flm. því yfir, að margt væri ógert í þorpinu, það vantaði vatnsveitu, raflýsingu o. s. frv. En jeg held, að þetta hljóti að vera þorpsbúum sjálfum að kenna, fyrst efnahagur er góður og engin vissa fyrir, að því yrði fremur kipt í lag, þó kauptúnið fengi kaupstaðarrjettindi. Þá var hann að tala um þessar miklu skipakomur til Norðfjarðar. Hann sagði, að skipin væru þar að koma og fara allan sólarhringinn og stundum lægju þar 50 skip samtímis. Jeg fer að halda, að það sje meira um skipakomur þarna en hjer í Reykjavík. En þetta lítur náttúrlega dálítið öðruvísi út, ef þetta er svona aðeins litinn tíma úr árinu. Annars hefir mjer nú heyrst af því, sem rætt hefir verið hjer í þinginu um strandferðirnar, að ónógar ferðir væru til Norðfjarðar heldur en hitt. Hv. flm. mintist lítið á nál. Honum þótti það þó ofsagt, að kunnugustu menn deildu um þörf þessarar breytingar. Sýslunefndin gerir samt ekki mikið úr þessari þörf. Hún segir, að breytingunni mundu fylgja nokkur þægindi fyrir Neskauptún, en úr nauðsyn hennar gerir hún ekki mikið. Það mun nú líka hafa reynst svo, að þesum nýju kaupstöðum hefir þótt bæjarstjórnarfyrirkomulagið nokkuð dýrt. Á það má líka líta, að ef Norðfjörður fengi þessi rjettindi, mundu ýms kauptún vilja fara sömu leið. En það gæti orðið alltilfinnanleg aukning á gjöldum ríkissjóðs, ef hann þyrfti að kosta dýra embættismenn í öllum kauptúnum, jafnfjölmennum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að karpa

meira um þetta, enda býst jeg við, að hv. flm. fari nú að uppgefast, þar sem hann hefir engin ný rök fram að bera.

Jón Baldvinsson: Mjer skilst, að aðallega sje karpað um það nú, hvort ný rök hafi komið fram í málinu. En það er alls ekki höfuðatriðið, því að hjer er ekki þörf á neinum nýjum rökum. Það eru alveg sömu ástæður fyrir hendi hjer og verið hafa, þegar núverandi kaupstaðir hafa fengið sín kaupstaðarrjettindi. Að vísu hefir altaf verið nokkur reipdráttur um þetta, því að jafnan reynist erfitt að breyta gömlu skipulagi, þó að óyggjandi sje, að hið nýja gefist betur, og þó að vitanlegt sje, að ekki verði staðið á móti breytingunni til lengdar. Það er altaf nokkur hluti manna, sem er ófús á allar breytingar. Yfirleitt hefir það dregist of lengi hjer á landi, að kauptún fengju að ráða málum sínum og nota gjaldþol íbúanna til þarflegra framkvæmda í þágu kauptúnanna, svo sem til að koma á vatnsveitu, skolpræsum og öðru, sem miðar að því, að gera kauptúnin vistleg og byggileg. En á þesskonar framkvæmdum er venjulega ekki byrjað fyr en kauptúnin hafa fengið að ráða málum sínum sjálf. Nú stendur svo á, að mikill vöxtur hefir hlaupið í kauptúnið Nes í Norðfirði, og því meir sem það stækkar, því brýnni er nauðsyn þess, að það fái að ráða málum sínum sjálft. Hjer þarf engin ný rök fram að færa. Jeg álít það rjett gert af hv. flm., að bera málið fram ár eftir ár. Það er algengt um nauðsynjamál, að þau ná ekki fram að ganga fyr en búið er að velta þeim fyrir þinginu í mörg ár. Mótstaða hreppanna í kring er svo sem auðskilin. Sumpart er hún sprottin af venjulegri íhaldssemi, og sumpart af því, að þeir óttast að missa tekjur við breytinguna. Hv. flm. hefir gert grein fyrir því, að þetta kauptún er í örum vexti, en hinsvegar ef til vill um vanrækslu að ræða í heilbrigðisráðstöfunum, erfiðleika á tollinnheimtu o. fl., sem orðið gæti landinu dýrari heldur en samþykki kaupstaðarrjettindanna. Mjer fanst hv. frsm. (GÓ) taka málið í hálfgerðu gamni og vilja koma sjer hjá rökræðum með kímilegum útúrsnúningi. Það er auðvitað hægt að vekja bros með slíkum málaflutningi, en ljett eru venjulega þau rök og lítils virði, sem þannig eru fram borin, þegar þau eru krufin til mergjar. Jeg vil stuðla að því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Ingvar Pálmason: Jeg býst við, að hv. frsm. (GÓ) þykist nú hafa gert hreint fyrir dyrum nefndarinnar. Jeg held, að hann hafi nú samt í upphafi tekið rjetta stefnu með því að segja sem fæst. Hann sagði, að jeg hefði borið nefndinni á brýn hroðvirkni, eins og jeg vissi ekki, að hún hefði haft nein önnur mál til meðferðar. En hv. frsm. verður að gá að því, að nefndin fjekk þetta mál með þeim fyrstu, en setti það samt algerlega á hakann. En af hverju? Jú, hv. frsm. sagði, að nógur tími væri í dag til að fella frv. Það lítur samt út fyrir, að nefndinni hafi þótt rjettara að hafa vaðið fyrir neðan sig og koma svo seint með álit sitt, að litlar líkur væru til þess, að frv. næði fram að ganga, þó að það kynni að verða samþ. í þessari deild. Háttv. frsm. sagði, mjög brosleitur, að hann vissi ekki til, að landlæknir væri neitt „autoritet“ í þessu máli. Jeg hjelt,

að hann hefði þó töluvert með heilbrigðismálin að gera, og þau koma þessu máli ekki svo lítið við. Annars fór hv. frsm. á svig við allar röksemdir. Hann sagði, að ekkert nýtt hefði komið fram í málinu. En þess var engin þörf, því að hann hefir ekki hrakið neitt af þeim rökum, sem fram komu í fyrra. Háttv. frsm. vildi snúa við dæminu, sem jeg nefndi um Seyðisfjörð, og sagði, að aðstreymi til bæjarins hefði minkað, þegar hann fekk kaupstaðarrjettindi. Þetta er rjett. En þó aðstreymið hyrfi, hefir hann samt getað haldið sjer svo í samkepninni við nærliggjandi kauptún, að hann þrífst vel. Á það má líka benda, að Seyðfirðingar hafa kosið sjerstakan bæjarstjóra, af því að þeir álitu, að bæjarmálin eigi helst að vera í höndum slíks manns. Af þessu sjest, hve mikils þeir meta rjettindi sín. Háttv. frsm. fórst heldur óhöndulega, þegar hann fór að tala um skipakomurnar til Norðfjarðar. Honum fanst frásögn mín koma kynduglega fyrir, af því að við hefðum kvartað um strandferðaskipsleysi. En ætli honum fyndist það bæta mikið úr strandferðaleysinu á Blönduósi t. d., þó að þangað kæmu 2—3 hundruð færeysk fiskiskip eða enskir togarar eða franskar fiskiskútur. Jeg held, að þessi hnittni komi hv. frsm. að litlu haldi. Þá sagðist hann ekki geta sjeð, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hefði meira vit á þessu máli en aðrir sýslunefndarmenn. Enginn mun nú samt kunnugri þessum málum en hann. Enginn mun kunnugri skipakomum, tollgjöldum og slíku, svo að ekki er ólíklegt, að hann geti um þetta mál dæmt öðrum fremur. Þá þótti hv. frsm. það ærið óskemtilegt fyrir mig, að rogast með þennan bagga á þing ár eftir ár. Jeg get sagt honum það, að mjer er aldrei nauðugt að fylgja þeim málum, sem jeg veit að eru góð.

Það sjá allir, hversu mikil blóðtaka það er fyrir Neshrepp, að þurfa að greiða 8—9 þús. kr. árlega í sýslusjóðsgjald, og fá lítið eða ekkert aftur í staðinn. Það væri ekki svo lítið, sem mætti gera í þorpinu sjálfu fyrir þá upphæð, ef það fengi að njóta hennar.

Jeg býst nú við, að hv. frsm. (GÓ) svari mjer því, að þörfin fyrir sjerstakan bæjarfógeta á Norðfirði sje vafasöm, þar sem kunnuga menn deili á um það, eins og sveigt er að í nál. Jeg býst við, að þessir kunnugu menn sjeu sýslunefndarmennirnir í Suður-Múlasýslu. En jeg verð nú að segja, með allri virðingu fyrir sýslunefndinni, þá tel jeg hana á engan hátt kunnugri þessu máli en mig. En það er aldrei nema satt, að hún er kunnugri en háttv. frsm., sem þó þykist tala hjer eins og kunnugur maður.

Jeg held jeg finni svo ekki ástæðu til að svara háttv. frsm. öllu meira, með því líka, að jeg tel tilgangslaust að færa fram ný rök í málinu, þar sem nefndin hefir látið undir höfuð leggjast að hnekkja þeim rökum, sem fram hafa verið borin með máli þessu, enda þótt hún leggi á móti því, að það verði samþykt.

Það hefir altaf verið svo hjer á Alþingi, að þingið hefir haft tilhneigingu til þess að standa á móti slíkum kröfum sem þessum; hafa því þau bæjarfjelög, sem bæjarrjettindi hafa fengið, orðið að toga alllengi í, þar til þau hafa fengið rjettindin, og eins mun fara hjer. Norðfjarðarkauptún fær bæjarrjettindi, þó að seinna verði. Hjer er því aðeins um tímaspursmál að ræða; það ætti hv.

deild að athuga. Jeg tel ekkert vit vera í því, að eyða tíma þingsins ár eftir ár til þess að hamla á móti þessu sjálfsagða máli, sem hlýtur að ganga fram, og það áður en langt líður. Það kostar peninga fyrir landið, og þá ekki svo litla, auk þess sem það gerir kauptúninu mikið tjón.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. 5. landsk. (JBald) hafði vikið einhverju að mjer, sem jeg því miður ekki heyrði. Hann hafði slegið því föstu, að nefndin hefði ekki komið fram með nein ný rök í málinu. Það er aldrei nema satt, en rökin frá í fyrra duga, enda taldi hv. flm. (IP) heldur enga þörf á nýjum rökum. En eins og jeg tók fram, heyrði jeg ekki ræðu hv. 5. landsk. (JBald), en jeg býst við, að hún hafi verið lík öðrum ræðum hans, sem hann er að gera sjálfum sjer til skemtunar að flytja.

Háttv. flm. var meðal annars að tala um, að nefndin fengi ekki þakklæti hjá honum fyrir afgreiðslu þessa máls. Jeg held, að það hafi verið óþarfi af háttv. flm., að taka þetta fram, því satt sagt vissi nefndin það fyrirfram, að hún mundi ekkert þakklæti fá hjá honum fyrir afgreiðslu málsins. Flm. mála eru nefnilega ekki vanir að þakka nefndum fyrir, þegar þær ráða til að fella mál þeirra. Frv. þetta var borið fram fyrir ári síðan, og þá felt hjer í deildinni; er því ekki að búast við, að það verði samþ. nú, af nær alveg sömu mönnum og feldu það þá. Annars býst jeg við, að kauptúnið setti ekki mjög mikið ofan, þó að frv. þetta yrði t. d. ekki að lögum bráðlega, úr því líka að það hefir blómgast svo mjög sem af er látið undir þessu gamla sveitarstjórnarfyrirkomulagi.

Þá var hv. flm. að tala um, að þetta væru ekki barnabrek, þar sem það væri borið fram hvað eftir annað af sömu mönnum. En jeg veit ekki, hvað lýsir betur barnabrekum en það, að vera altaf að klifa á því sama, sem búið er að neita um. Þegar hv. flm. fór að tala um skipakomurnar á Norðfjörð, hætti jeg að fylgjast með. Nú sagði hann, að þangað kæmi dálítið á fjórða hundrað skipa á ári, en í fyrri ræðu sinni sagði hann, að skip væru að koma þangað og fara allan sólarhringinn, og meira að segja væru 50 skip stundum inni í einu. Jeg veit satt að segja ekki, hvernig á að vera hægt að koma þessu saman. Mjer er því næst að halda, að hv. flm. hafi verið að reyna að blekkja deildina með þessum ummælum um skipagöngurnar.

Ingvar Pálmason: Það er dálítið snúningasamt, að elta hv. frsm. (GÓ), þegar hann hefir ekki önnur ráð til þess að verja nefndina en að snúa út úr orðum mínum. Hann benti á ósamræmi í skýrslu minni, þar sem jeg sagði, að skip væru að koma og fara allan daginn frá og til Norðfjarðar. Jeg held, að hv. frsm. hafi ekki gert þetta af því, að hann hafi ekki skilið, hvað jeg meinti, heldur af því, að hann hafi ekki viljað skilja það. Það er það sama sem vantar hjer, sem vantar í alla framkomu hv. allshn. í þessu máli, það er skilningur og rjettsýni.

Þá sagði hv. frsm. áður, að úr því að við á Norðfirði gætum borgað 8—9 þús. kr. árlega í sýslusjóð, þá gætum við líka komið upp hjá okkur vatnsveitu o. fl. En jeg hjelt, satt sagt, að hv. frsm., sem er góður bóndi, mundi skilja það, að ef hann þarf t. d. að borga $^3/_4$

af tekjum bús síns í ýms opinber gjöld, þá dregur það úr framkvæmdum yfirleitt.

Að endingu vil jeg láta það koma skýrt fram, að hv. allshn. vill ekki skilja þetta mál og farir engin rök fram gegn því, heldur reynir hún að snúa því í villu og bjarga sjálfri sjer á þann hátt.

Jón Baldvinsson: Háttv. frsm. (GÓ) hefði ekki átt að fara að svara þessum fáu orðum, sem jeg sagði, úr því að hann heyrði þau ekki. Enda hafði hann skakt eftir mjer, þar sem hann sagði, að jeg hefði sagt, að engin ný rök hefðu komið fram í málinu frá því í fyrra. Þetta voru ekki mín orð. Jeg sagði, að engin ný rök þyrftu að koma fram í því, þar sem það hefði verið svo vel rökstutt þá, að því hefði ekki verið með rökum á móti mælt. Annars er það býsna undarlegt, að menn skuli ekki vilja leyfa þessu kauptúni að búa að sínu, aðeins fyrir trygð við hið gamla skipulag. Hjer ræður því hið gamla íhald, sem engar breytingar þolir. Hv. frsm. gerði enga tilraun til þess, að afsaka það, sem jeg sagði, að hann hefði flutt skemtilega útúrsnúningaræðu, til þess að koma sjer hjá að tala með rökum um málið.

Þá sagði hv. frsm., að jeg hefði haldið fyrri ræðu mína sjálfum mjer til skemtunar. Jeg er satt að segja hissa á þessum hv. þm., sem annars er fyndinn, að vera að koma með þetta í stað raka, því að það er engin fyndni í því heldur. Það sýnir því meðal annars, að málstaður hans er ekki góður, þar sem hann reynir allar mögulegar leiðir til þess að forðast að tala um málið sjálft. Enda hefi jeg ekki heyrt nein rök hjá honum gegn því, að þetta væri nauðsynlegt mál. Það má kannske segja, að hann hafi tæpt á einni; það er embættafjölgunin. En þar sem ekki er talað hjer um meira en 3000 kr. laun, þá tel jeg ekki, að það spursmál, út af fyrir sig, gefi ástæðu til þess, að þingið setji sig á móti þessu. Enda hefir háttv. frsm. ekki haft á móti því, að ríkissjóður gæti hagnast af því, að hafa þarna sjerstakan lögreglustjóra, því að eins og kunnugt er, og hv. flm. hefir skýrt frá, er mikil sigling til Norðfjarðar á sumrin, og ef innheimta á samviskusamlega öll gjöld, sem falla þar til, þá er það sannarlega nægilegt starf fyrir einn mann.

Annars finst mjer allar þær ástæður, sem fram hafa verið færðar með frv. þessu, svo mikilvægar, að ekki verði hjá því komist að framfylgja því. Jeg segi þetta ekki aðeins af umhyggju fyrir Norðfirðingum, til þess að þeir geti betur búið að sínu, heldur líka fyrir þá sök, að jeg tel hag ríkissjóðs betur borgið, ef frv. verður samþykt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. 5. landsk. (JBald) byrjaði á því, að segja, að engin rök hefðu komið fram frá nefndinni. Það lítur helst út fyrir, að hann hafi ekki haft tíma til þess að lesa nál., því að þar eru færð fram rök fyrir því, hvers vegna nefndin leggur á móti frv. Þar að auki má vitna til þeirra ástæðna, sem færðar voru fram gegn þessu máli hjer í þinginu í fyrra. Svo byrjaði hv. þm. (JBald) á að tala um, hvað það væri bráðnauðsynlegt fyrir kauptúnið, að fá sjerstaka bæjarstjórn og losna við hið úrelta og möljetna sveitarstjórnarfyrirkomulag, sem þar væri nú. Mjer finst nú satt að segja, að sveitarstjórnarfyrirkomulag ætti að

vera líkt þar og annarsstaðar, hvorki úreltara nje möljetnara. En jeg hygg, að hv. flm. (IP) hafi komið þessum möl í hv. þm. (JBald), þegar hann var að lýsa þrifnaðarástandinu í þorpinu.

Hv. þm. sagði, að það væri almannarómur, að málið væri gott. Nefndin er nú svo sanngjörn, að hún getur fallist á það, að það gætu orðið þægindi að því, í bili að minsta kosti, fyrir Norðfjörð, að fá bæjarstjórn, en hitt er miklu fleira, sem mælir í móti því, t. d. það, að um leið þyrfti að stofna nýtt, dýrt embætti á ríkissjóðs kostnað; auk þess mundu mikið hækka gjöld þorpsbúa til stjórnar sveitarmálefna sinna, og svo yrði það sýslufjelaginu til stórtjóns, að missa efnaðasta og stærsta hreppinn út úr sýslufjelaginu.

ATKVGR.

1. gr. feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JJ, MK, EÁ, HSteins.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, GÓ.

Einn þm. (EJ) fjarstaddur.

Forseti lýsti frv. fallið.

11. Mat á heyi.

Á 20. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um mat á heyi (þmfrv., A. 90).

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg skal hafa stutta framsögu í þessu máli, því að sannast að segja bjóst jeg alls ekki við, að við kæmumst að því í dag. Í greinargerðinni eru færðar ástæður fyrir því, að þetta frv. er borið fram, og skal jeg ekki endurtaka það. Aðeins segja það, að hvort svo sem þessar hömlur á heyflutningi standa lengur eða skemur, þá er jafnsjálfsagt að stuðla að því, að gera innlent hey sem aðgengilegasta vöru fyrir notendur. Og það er trúa mín, að því aðeins verði hægt að vinna þann innlenda markað fyrir okkar hey, að það sje gert eitthvað verulegt til þess að tryggja það, að kaupendur sjeu ekki sviknir á vörunni. Það mun hafa átt sjer víða stað, að menn hafi beðið um svo og svo gott hey, bestu tegund og þess háttar, en fengið stórskemda vöru í staðinn. Á þessu verður ekki ráðin bót, nema til sjeu löggiltir menn, sem hægt sje að snúa sjer til um mat á heyinu. Þeirra mundi að sjálfsögðu ekki verða þörf nema á tiltölulega fáum stöðum á landinu.

Þá er sumstaðar vöknuð hreyfing í heyskaparsveitum, þar sem ekki er mikið landrými, en hinsvegar heyafli góður, í þá átt, að mynda fjelag til þess að greiða fyrir sölunni. Á þann hátt gætu menn snúið sjer til slíks fjelags og verið öruggir um að fá mátulega mikið af hverri heytegund. Þetta eru auðvitað mikil þægindi, að geta fengið þannig á einum stað, í stað þess að verða að leita til margra. Af þessu tvennu hefi jeg viljað hreyfa þessu máli, en þetta frv. er fyrst og fremst sniðið eftir staðháttum, þar sem jeg þekki best til. En jeg væri þakklátur væntanlegri nefnd fyrir að færa það í þann búning, sem gæti verið haganlegastur fyrir sem flesta.

Þá ætla jeg ekki að hafa þessi um-

mæli fleiri, en vil óska þess, að málinu verði vísað til landbn., að umr. loknum.

Pjetur Ottesen: Jeg er hv. flm. sammála um, að það geti verið allmikil trygging í því fólgin, að koma á mati á heyi, eins og á aðrar framleiðsluvörur. En jeg býst við, að það verði ef til vill meiri erfiðleikum bundið að koma við mati á heyi en mörgum öðrum vörum. Það gerir hinn mikli munur á heygæðum.

Það, sem jeg vildi benda á, er einkum það, að landbn. taki til athugunar, að framkvæmdir á heymati eru miðaðar við sjerstakar ástæður, sem sje þær, að heyið sje metið á þeim stað, sem það er flutt frá. En nú hagar þannig til, t. d. hjer í kringum Reykjavík, þar sem mest er heysalan, að matið verður að fara fram á sölustaðnum, það er, Reykjavík. Það er svo hjer í kring, að heyið er tekið af teignum og látið í báta og verður oft að vinda bráðan bug að því, þar sem sæta verður góðu sjóveðri o. s. frv. Undir slíkum kringumstæðum er óhugsandi að koma við mati á þeim stað, sem heyið er flutt frá, enda svo ráð fyrir gert í frv., að mat fari því aðeins fram, að kaupandinn krefjist þess, en um það er ekkert hægt að vita, fyr en heyið er komið á sölustaðinn. Matið verður að fara fram á sölustaðnum, en til þess að það geti orðið, þarf líklega að breyta orðalagi 2. gr. þannig, að miðað sje við þessa staðhætti. Þetta vona jeg, að hv. nefnd athugi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 96, n. 388).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Álit landbn. um frv. þetta liggur fyrir á þskj. 388. Hefir nefndin fallist á að afgreiða það til deildarinnar með þeim forsendum, sem þar segir.

Í raun og veru fanst nefndinni ekki brýn ástæða fyrir frv. þessu, eins og nú stendur, en gat þó fallist á það, með það fyrir augum, að bráðlega geti orðið þörf á slíkum lögum, vegna vaxandi innanlandsviðskifta með hey. En þar sem viðskiftaaðstaðan getur verið mjög margvísleg, og varan svo breytileg eftir tegund, kyngæðum heysins o. fl., þá er ekki hægt að taka fram í lögum nægilega ítarleg ákvæði þar um, þess vegna fanst nefndinni rjett, ef frv. verður að lögum, að heimila stjórninni að gefa út reglugerð á grundvelli laganna og setja þar í reglur og ákvæði, sem reynslan bendir til að þörf sje á.

Þá fanst nefndinni óþarft að gera ráð fyrir yfirmatsmanni, enda er lítið verksvið hans eftir frv., og nægur tími þá að skipa hann, ef reynslan krefðist þess. Þess vegna leggur nefndin til, að feld sjeu niður úr frv. þau ákvæði, sem þar að lúta.

Þá sýndist nefndinni, að oft gæti viljað til, að eitt mat dygði ekki, ef ekki er metið á sölustað. Í frv. er gert ráð fyrir, að matið verði í mörgum tilfellum framkvæmt, þegar varan er afhent til flutnings. En hey er þannig vara, að það getur skemst bæði við geymslu og flutning eða við útskipun. Það þolir

ekki vatn, þá skemmist það og rýrnar. Sýnist því þörf á að gera ráð fyrir endurmati, að minsta kosti í sumum tilfellum. Hinsvegar væri hætt við, að rjettur seljandi væri ekki nógu vel trygður í slíkum tilfellum, ef aðeins væri metið, þegar varan er afhent. Brtt. nefndarinnar lúta að þessu, en að öðru leyti eru þær orðabreytingar, sem lúta einnig að þessum atriðum.

Jón Sigurðsson: Jeg vil aðeins geta þess, að jeg get fallist á brtt. þær, sem nefndin hefir gert við frv. þetta, og tel breytingarnar um endurmatið til bóta. Mun jeg því greiða þeim atkvæði mitt.

ATKVGR.

Brtt. 388, I. a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 388, I. b samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 : 3 atkv að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PÞ, SvÓ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, HjV, JAJ, JG, JS, JörB, KlJ, BSv.

nei: BL, JK, MJ.

Tíu þm. (MT, PO, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, IngB, JakM, JÓl, MG) fjarstaddir.

Brtt. 388, II (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 388, III. a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 388, III. b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 388, III. c samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 388, IV samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 3 atkv.
Brtt. 388, V samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 1 atkv.
Brtt. 388, VI samþ. með 16 shlj. atkv.
— 388, VII samþ. án atkvgr.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 14 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 4 atkv.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 431).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 431).

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 3 atkv. og til landbn. með 9 : 1 atkv.

Á 70. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 431, n, 518).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er komið frá Nd., og var flutt þar af hv. 2. þm. Skagf. (JS). Nú hefir landbn. þessarar deildar haft málið til meðferðar, og leggur meiri hl. hennar til, að það sje samþ, en einn nefndarmaður er því mótfallinn og hefir skrifað undir nál. með fyrirvara.

Aðalástæðan til þess, að frv. er fram komið, mun vera sú, að nú er með lögum bannaður innflutningur á heyi, a. m. k. frá Noregi og Danmörku. Það liggur í augum uppi, að slíkt innflutningsbann á heyi hlýtur að valda nokkrum breytingum á markaði fyrir innlent hey, þar sem á síðustu árum hafa verið fluttir inn tugir smálesta af útlendu heyi; hlýtur því markaður fyrir innlent hey stórum að aukast, vegna innflutningsbannsins. Það er nokkuð síðan, að fyrst kom fram á Alþingi frv. um að banna innflutning á útlendu heyi. Það mætti þá strax mótspyrnu og náði ekki fram að ganga, og síðar fór á sömu leið. En vegna ráðstafana, sem nauðsynlegt þótti að gera til þess að gin- og klaufaveiki bærist ekki til landsins, var stjórninni gefin heimild til þess að banna innflutning á heyi, og þá heimild hefir hún nú notað. Menn virðast hafa sætt sig við þessa ráðstöfun, af því að hún var gerð af knýjandi nauðsyn. En þó þessu hafi verið vel tekið, verður að gæta þess, að þetta innflutningsbann er töluvert áhrifaríkt, þar sem vitanlegt er, að fjöldi gripa í kaupstöðum og kauptúnum hefir verið fóðraður á útlendu heyi. Innflutningsbannið ætti að hafa tvennskonar afleiðingar: aukna jarðrækt í nánd við kaupstaði og kauptún og meiri notkun innlends heys í stað hins útlenda. Jeg geri ekki ráð fyrir, að framfarir í jarðrækt verði svo hraðstígar, að hjá því verði komist, að kaupstaðirnir verði að kaupa töluvert af heyi; má því gera ráð fyrir, að sala á heyi innanlands verði meiri nú fyrst um sinn en hún hefir verið að undanförnu. Sala þessi fer fram á þann hátt, að þeir, sem heyið kaupa, fá það oft langt að, geta þeir því ekki sjeð það, og verða þar af leiðandi að fara eftir sögusögn annara. Þess vegna er það, að flm. frv. þessa o. fl. hafa komist að þeirri niðurstöðu, að óumflýjanlegt verði að láta fara fram mat á þessari vöru, til þess fyrst og fremst að tryggja kaupandanum það, að hann fái góða vöru, og í öðru lagi til þess að tryggja seljandann fyrir því, að fundið verði að vöru hans að ástæðulausu. Menn mega því alls ekki líta svo á, að hjer sje um einskisvert mál að ræða, og það því síður sem innflutningsbannið á erlenda heyinu hlýtur að hafa það í för með sjer, að hjer komi upp ekki svo lítil tekjugrein af verslun með innlent hey. Þess vegna lítur meiri hl. landbn. svo á, að frv. þetta eigi fram að ganga.

Eitt af því, sem okkur Íslendingum hefir einna mest farið fram í nú á síðustu árum, er vöruvöndun. Má því fullyrða, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af því opinbera í þá átt, hafi orðið til blessunar fyrir þjóðina í heild sinni. Varan, sem út hefir verið flutt, hefir stórum hækkað í verði og áliti. Og þó hjer sje ekki um að ræða nema innanlands sölu, þá er engu síður þörf, að varan sje vönduð.

Hvað snertir kostnaðinn af þessu heymati, skal jeg taka það fram, að hann hlýtur að verða lítill, og yfirleitt held jeg, að það verði mjög vandræðalítið að framkvæma þessi lög, því að í hverri sveit eru margir menn, sem mat þetta geta leyst af hendi, því að mikið vantar á, að það verði eins margbrotið eins og t. d. fiskimatið, og yfir höfuð að tala finn jeg ekki margar ástæður, sem með sanngirni er hægt að færa á móti því. Að vísu hefi jeg heyrt því haldið fram, að það væri með öllu óþarft, en því verður ekki haldið fram með rökum,

enda hefi jeg áður bent á hið gagnstæða.

Einar Jónsson:* Þó að hjer sje ekki um stórmál að ræða, þá fór það samt svo, að landbn., sem altaf hefir staðið saman í vetur, varð í fyrsta skifti ósammála, þegar kom að afgreiðslu þess. Jeg gat ekki sjeð, að frv. þetta væri nauðsynlegt, og meðnefndarmenn mínir gátu ekki sannfært mig um nauðsyn þess. Jeg tel það óþarft, og legg til, að það verði ekki samþykt.

Mjer sýnist ekki betur en aðalefni þess sje að skapa milliliði milli kaupanda og seljanda, sem ekki verða til annars en hækka verð heysins, án þess þó að seljandi fái meira fyrir það, því að jeg er þeirrar skoðunar, að þessir matsmenn geti á engan hátt trygt kaupanda fullkomin gæði vörunnar. Þeir geta aðeins athugað það, að heyið sje vel þurt og grænt, en um fóðurgildi þess geta þeir ekkert sagt. Til þess að fá fulla vitneskju um það, þyrfti að setja á stofn efnarannsóknarstofu, en það held jeg að væri ofvaxið í þessu tilfelli.

Annars finst mjer vera líkt með þetta heymat eins og var um fjeð áður, sem keypt var eftir vigt. Það var gefið sama verð fyrir pundið í því, hvort sem það var af góðu haglendi, feitt og holdmikið, eða þó að það væri af hinu rýrasta haglendi og því ekkert nema gorið og gallið.

Þá taldi háttv. frsm., að kostnaðurinn af framkvæmd þessara laga mundi ekki verða mikill, og sömuleiðis, að ekki mundu mikil vandkvæði á að framkvæma lög þessi yfirleitt. En þar er jeg ekki á sama máli. Jeg get þvert á móti búist við, að töluverðan kostnað leiði af framkvæmd þeirra. Sömuleiðis er jeg ekki viss um, að svo auðvelt verði að framkvæma þau. Að minsta kosti skal jeg taka það fram fyrir mitt leyti, að ekki treysti jeg mjer til að meta hey nema á minni jörð; er jeg þó alinn upp í sveit og hefi dvalið þar alla mína tíð, og þekki því vel heyþurk og heyverkun. Er því fjarri sanni, að jeg treysti mjer til að gera öðrum til hæfis í þessum efnum, þar sem jeg þekki ekki heygæði, jarðlag o. fl.

Annars er það ekki ætlun mín að gera þetta að miklu þrætuatriði. Jeg hefi lýst þeirri skoðun minni, að jeg tel málið óþarft, og legg því til, að það verði ekki samþykt.

Einar Árnason: Jeg held, að það þýði lítið að taka til máls, því að mjer virðist svo, eftir því sem er að sjá yfir deildina, að menn hafi litinn áhuga fyrir þessu máli, þar sem flestir eru á brott hlaupnir, svo að varla sjest maður eftir. Og satt að segja undrar mig það ekki, því að jeg sje ekki, að frv. þetta eigi mikið erindi. Jeg sje enga knýjandi þörf að setja lög um þetta efni, og hvað frv. sjálft snertir, þá sje jeg ekki, að það nái tilgangi sínum, enda mun erfitt að búa svo um þessi mál, að það verði ekki öðrum til ógagns, sem einum má að gagni verða.

Fyrir 10 árum komu fram sterkar raddir um það, að leiða í lög mat á kjarnfóðri innanlands. Þetta var, að mig minnir, á þinginu 1917, en þá þótti ekki fært að setja lög um það, nema athuga málið fyrst milli þinga, og var Búnaðarfjelagi Íslands falinn undirbúningurinn. Lá svo málið niðri,

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

þar til fyrir 6 árum, að það kom aftur til tals í þinginu, og voru þá afgreidd lög, sem áttu að grípa inn á þetta svið, því ekki þótti fært að setja lög um mat á þessum vörum, og heita lögin því „lög um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður". Hafa lög þessi aldrei verið notuð, heldur legið eins og hvert annað dautt pappírsgagn, og fari svo, að frv. þetta verði að lögum, þá býst jeg við, að það verði annað pappírsgagnið til.

Það er talað hjer um heymatsmenn, en ómögulegt er að sjá, hve margir þeir eiga að vera á landinu. En eigi þeir að vera til að tryggja heysöluna, þá þurfa þeir að vera afarmargir, að minsta kosti einn í hverjum hreppi, og jeg efa stórlega að það dugi, því að heysalan fer oft fram á sama tíma á mörgum stöðum í sama hreppnum; getur því einn maður ekki verið á öllum stöðunum til að meta. Því síður geta þeir fullnægt 5. gr. frv., þar sem segir, að þeim sje skylt að vinna að heybindingu eða öðrum umbúningi heysins. Þá er ekki gert ráð fyrir, að menn þessir sjeu launaðir af því opinbera, heldur eiga seljendur heysins að greiða þeim kaupið. Finst mjer þetta því geta orðið til þess, að þarna komi nýir milliliðir, sem stingi í sinn vasa nokkru af heyverðinu. Mun því fara svo, að annaðhvort fá seljendur minna fyrir vöru sína, eða kaupendur verða að greiða meira fyrir hana en ella.

Jeg held, að það gæti orðið erfitt og dýrt að meta alt, sem gengur kaupum og sölum innanlands. Það mundi ekki skapa fáa milliliði. Hjer á landi ganga manneldisvörur kaupum og sölum ómetnar. Maður skyldi þó ætla, að ekki væri síður nauðsynlegt að meta hollustu þeirra og gæði en fóður handa búpeningi.

Þá talaði hv. frsm. (IP) um, að þeir menn sem keyptu hey úr fjarlægum stöðum, hefðu enga tryggingu fyrir því, að það væri gott. Þetta er rjett. Þeir geta enga tryggingu haft, hvað það snertir, nema því aðeins, að þeir hafi trúnaðarmenn á staðnum, til þess að líta eftir hvernig varan er, og á þann hátt held jeg að kaupendur trygðu sig best. Enda verður ekki sjeð eftir frv., að þessir heymatsmenn verði skipaðir alstaðar á landinu, því að í frv. stendur aðeins, að lögreglustjóri skipi þá eftir óskum heysölumanna eða formanns heysölufjelaga. En sjeu þessar óskir ekki fyrir hendi, þá er óvíst, og meira að segja engar líkur til þess, að lögreglustjóri geri það. Ef þessir heymatsmenn eiga að vinna að því, að ekkert hey sje selt, án þess að það sje metið, þá yrði starfið erfitt og kostnaðarsamt fyrir þá, sem lítið hey selja, t. d. 2—300 pund, því að svo lítið er oft selt manna á milli. Annars veit jeg ekki um það, að til sjeu heysölufjelög, sem selja hey í stórum stíl.

Læt jeg svo útrætt um þetta mál að sinni. Mjer er það ekkert kappsmál, hvort það verður samþykt eða ekki. Jeg tel það hjegóma, og get því ekki greitt því atkvæði mitt.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þeir tveir háttv. ræðumenn, sem síðast töluðu, eiga fleira sammerkt en nafnið. Báðir telja þeir frv. þetta hjegóma, en báðir telja þeir mat á vörum, sem fluttar eru út, nauðsynlegt. (**EÁ:** Við höfum aldrei sagt það). Jú, víst sögðu háttv. þm. það, en vilji þeir ekki kannast við það, þá þætti mjer vænt um, ef þeir vildu

færa rök að því, að alt mat væri óþarfi. Og sjerstaklega þætti mjer gaman að heyra formann Kaupfjelags Eyfirðinga (EÁ) færa sönnur á, að t. d. kjötmatið væri óþarft.

Hátv. 2. þm. Rang. (EJ) hjelt því fram, að heymatið mundi draga úr verði vörunnar. Um það skal jeg ekkert fullyrða, en jeg vil skirskota til reynslunnar um mat á öðrum vörum, hvort hún sýni það, að matið hafi yfirleitt orðið til þess, að lækka verðið. Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að heysalan verði ekki umfangsmeiri en fisksala og matið ekki margbrotnara. Nú er t. d. ekki í neinum stað, nema Reykjavík, fleiri en tveir fiskimatsmenn.

Það sem hv. þm. sagði um efnarannsókn á heyi, þá er það ekki annað en skraf út í hött. Það fer engin efnarannsókn fram á öðrum vörum, þótt metnar sjeu. Enda þarf þess ekki með um hey. En þar sem hv. þm. (EJ) mintist á mýrarvömb og haglendisvömb, þá sýnir það, að hann veit hjer meira en hann vill vera láta, að hann veit vel, hver aðgreining á að vera á heyi, enda liggur það í augum uppi, að ekki er sama, hvort heyið er úr mýrum eða valllendi, hvort það er kúahey, kindahey eða hestahey. Flestir bændur eru færir um að dæma þar í milli, og þeim er líka trúandi til að dæma um, hvort heyið hefir verið þurkað á tveim dögum eða hefir hrakist í viku, hálfan mánuð eða lengur. Til þess að sjá þetta, þarf ekki neina efnarannsókn. Ástæðurnar, sem hv. þm. eru að reyna að bera fram gegn frv., eru í raun og veru engar ástæður. Þeir eru að leita að ástæðum, en finna þær ekki og geta ekki fundið. Þeir hafa báðir mjög gott vit á heyi, og þeir vita líka, að þetta er ofur einfalt mál. Þeir segja, að frv. sje óþarft, en þó urðu þeir að viðurkenna, að heykaup væru ekki trygg eins og nú er. Þessi trygging, sem nú á að útvega heykaupendum, er mjög auðveld og ekki tilkostnaðarmikil. Jeg hygg það væri hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), sem sagði það, að annaðtveggja yrði heyið kaupöndum dýrara, eða þá að seljendur fengju það minna fyrir það, sem matskostnaði næmi. En það er engin hætta á, að matskostnaður geti haft þau áhrif á heyverðið, að neinu nemi.

Þá komst hv. 1. þm. Eyf. inn á það, að reyna að sanna, að málið væri óþarft, og byrjaði á því, að hann mintist á mál, sem hafði verið fyrir þinginu fyrir nokkrum árum, og hann nefndi kjarnfóðursmál. Vildi hann sýna og sanna með meðferð þess máls, að hjer þyrfti meiri undirbúning. Það er nú að vísu satt, að málið hefir ekki fengið annan undirbúning en meðferðina nú í þinginu. En ef það er hjegómamál, eins og hv. þm. halda fram, þá er undarlegt, að þeir skuli álíta, að það þurfi að rannsaka það gaumgæfilega milli þinga. Þetta sýnir, að þeir álíta málið meira virði en þeir vilja láta í ljós. En þótt þetta sje gott mál og þarft, þá er það ekki svo umfangsmikið, að þingið þurfi að vísa því til Búnaðarfjelagsins til álits og umsagnar. Þó get jeg skilið afstöðu hv. þm. um það, ef þeir álíta málið mjög mikils virði, en það kemur óneitanlega í mótsögn við það, sem þeir reyna að halda fram.

Jeg hefi áður svarað því, er hv. þm. sögðu um það, að matsmenn þyrftu að vera á fleirum stað en einum í senn. Það er óþarfi að gera ráð fyrir því, að heymatsmenn þurfi að vera gæddir

yfirnáttúrlegum hæfileikum eða ófreskisgáfu. Hver meðalgreindur maður, sem þekkir nokkuð til heyskapar, getur leyst starfið af hendi.

Þá kom hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) að því, að ekki væri meiri þörf á því að meta hey heldur en innlendar manneldisvörur. Já, það er alveg rjett. Jeg er viss um, að margir læknar mundu ekki telja það neitt óráð, þótt fyrirskipað væri mat á innlendum matvælum. Jeg veit ekki betur en að hverjum kindarskrokk, sem út úr landinu fer, þurfi að fylgja matsvottorð, því að útlendingar eru svo krófuharðir, að þeir vilja ekki láta bjóða sjer pestarkjöt eða horkjöt. En við erum kærulausari með þær vörur, sem seldar eru innanlands, heldur en hinar, sem seldar eru til útlanda, því að við erum blátt áfram til þess knúðir, að meta þær, sem til útlanda eru seldar; annars væru þær ekki seljanlegar. Það getur þó ekki reiknast sem galli á þessu frv., að við höfum vanrækt eftirlit með öðrum vörum.

Þá gat hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) þess, að svo gæti farið, að í ýmsum sveitum, sem seldu mikið hey, yrði ekki skipaður matsmaður. Jeg skal ekkert um það segja, en jeg býst við því, eftir framkomu þessara tveggja hv. þm, að hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) mundi ekki líklegur að hvetja til þess, að skipaðir yrðu matsmenn í Eyjafirði, nje hv. 2. þm. Rang. (EJ) í Rangárvallasýslu. En ef frv. verður að lögum, verður þess áreiðanlega ekki langt að bíða, að það verði að setja matsmenn alstaðar þar sem hey er selt, því að ella vill enginn kaupa hey frá þeim stöðum. Þetta sannar það, að frv. er nauðsynlegt og þarft. Þegar lögin eru komin í gildi, mun það jafnan verða fyrsta spurning kaupanda, hvort matsvottorð fylgi heyinu. „Já“, segir seljandi, „og það er taða af túni í góðri rækt, þurkað á 3 dögum“ „Jeg kaupi hana undir eins“, segir kaupandi. En svo er annar seljandi, sem líka hefir töðu á boðstólum, en samkvæmt matsvottorði er hún af túni í slæmri rækt og hefir legið 3 vikur. Við henni vill enginn líta, á meðan kostur er annars. Þetta er nú allur galdurinn. Hann liggur í því, að menn fái að vita, hvað þeir eru að kaupa, því að þeim er það ekki nóg, að heyið heiti taða, heldur þurfa þeir líka að fá að vita, hvernig taða það er. Og þó þykjast þeir hv. þm., sem hafa verið við heyskap í 30 ár, ekki geta skilið þetta, og halda, að það þurfi að setja upp efnafræðisstofnun til þess að hægt sje að meta heyið. Það er ekki annað en barnaskapur eða annað verra. Jeg er að vísu ekki vanur heyskap, en þó treysti jeg mjer til að leysa þetta mat af hendi, og án þess að það kostaði mikið. Þetta ryk, sem hv. þm. hafa þyrlað hjer upp, hefir komið þeim sjálfum í koll og blindað þá svo, að þeir sjá ekki hvað þetta er einfalt og brotalitið.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að heysala hjer á landi væri aðeins í smáum stil, og það er rjett, að svo hefir verið. En jeg vona, að það hafi ekki farið fram hjá honum, er jeg sagði í framsöguræðu minni, að hjer hlýtur að verða stór breyting á, þegar innflutningur á heyi frá útlöndum hefir verið stöðvaður. Þá verður innlenda heysalan að aukast, ekki smávægilega, heldur um marga tugi smálesta á ári, til þess að fylla það skarð, sem verður, þegar útlenda heyið fæst ekki lengur. En ef heysalan innanlands fyllir ekki það skarð, þá kemur þegar fram krafa frá þeim, sem á heyi

þurfa að halda, um að innflutningur á heyi sje aftur leyfður. Þetta verður að fyrirbyggja, og það er innan handar að gera það, með því að verða við sanngjörnum kröfum kaupenda. Það er hægt að framleiða nóg hey hjer í landi handa öllum þeim skepnum, sem hjer eru, og þótt margfalt fleiri væru. En til þess að kaupendur geti orðið ánægðir, þarf að tryggja rjett þeirra, svo að þeir viti, hvað þeir eru að kaupa. Og það er einmitt gert með mati á heyi, og þess vegna fæ jeg ekki skilið, að neinum geti verið það kappsmál, að hindra að það komist á. Frv. getur sjálfsagt verið ábótavant að einhverju leyti, en það er nú eins og gerist og gengur um öll lög önnur, að gallarnir koma best í ljós, þegar lögin koma til framkvæmda, og er þá altaf hægt að bæta úr því með breytingum, ef aðalkjarninn er rjettmætur.

Einar Árnason:* Jeg held, að það sje þýðingarlítið, að deila mikið lengur um þetta mál. Það vilja fáir á okkur hlusta, og þess vegna er ekki við því að búast, að við getum sannfært marga.

Hv. frsm. meiri hl. (IP) talaði mikið um efnafræðislega rannsókn á heyi. Á hana hafði jeg ekki minst, og jeg hefi eigi heldur haldið því fram, að ekki sje völ á hæfum mönnum til þess að meta hey. Það var því óþarfi fyrir hv. þm. að beina ásökunum um það til mín. Hitt er annað mál, hvort frv. veiti nokkra þá trygingu, sem ætlast er til. Fyrst og fremst er á því sá galli, sem jeg hefi áður bent á og hv. frsm. gat ekki mótmælt að væri á frv., að það er engin trygging fyrir því, að matsmenn verði skipaðir neinsstaðar. En það er þó fyrsta skilyrðið fyrir því, að lögin geti náð tilgangi sínum.

Hv. frsm. bar saman mat á fiski og heyi. En það er ekki sambærilegt. Það er miklu ljettara að meta fisk heldur en hey, eða hyggur hv. frsm., að fáir matsmenn gæti metið fiskinn, ef hann væri upp um allar sveitir? Nei, fiskurinn er metinn á fáum stöðum, en í hreppum er selt hey á fjölda mörgum bæjum samtímis, eða eftir því, hvernig þurkun hagar. Sama máli er að gegna á veturna, að þá er hey selt og flutt víða, þegar góð er færð og veður. Annars er ekki hægt að flytja það. Um fiskinn er alt öðru máli að gegna.

Þá lagði hv. frsm. enn mikið upp úr því, hve mikil trygging það væri fyrir kaupendur, ef mat kæmist á. En hann gleymir aðalatriðinu í málinu, því, sem öllu ræður um kaup og sölu á heyi, en það er framboð og eftirspurn. Ef þurð er á heyi og harðindi ganga, þá þýðir ekki að tala um mat. Menn verða að kaupa það hey, sem þeir geta fengið, án tillits til þess, hvort það er gott eða ljelegt. Enginn matsmaður getur hjálpað, þegar svo stendur á, en þá þyrfti þó helst á hjálp þeirra að halda. Þegar næg eru hey, vilja fáir kaupa, og þá er ekki þörf matsmanna, því að kaupendur geta altaf haft mann fyrir sig til að velja heyið, ef þeir eru ekki sjálfir viðstaddir. Það er að öllu leyti betra, og samkomulag um verslunina verður líka betra með því móti.

Hv. frsm. sagði, að það væri engin hætta á, að hey hækkaði í verði við matið. Þessu slær hann fram alveg órökstuddu. Jeg skil ekki annað en að það komi niður á heyverðinu, öðrum hvorum, seljanda eða kaupanda, til tjóns, að þarna kemur nýr milliliður, sem

* Ræðuhandr óyfirlesið af þm.

stingur í sinn vasa nokkru af heyverðinu.

Jeg held að það sje óhætt að láta heysölumálið afskiftalaust af hálfu löggjafarvaldsins, enda þótt aðflutningsbann komi á erlent hey, því að jeg fæ ekki sjeð, að það breyti neinu í þessu efni. Heyið, sem selt er innanlands, er jafngott eða jafnilt fyrir því.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er ekki margt í síðustu ræðu hv. 1. þm. Eyf., sem jeg þarf að svara, en þó vil jeg drepa á nokkur atriði. Hann sagði, að það væri engin trygging fyrir því, að neinir heymatsmenn yrðu skipaðir, þó frv. yrði að lögum. Jeg er ekki hræddur um það. Undir eins og lögin ganga í gildi, verður þess krafist af báðum málsaðilum, að skipaðir verði heymatsmenn. Það er ekki nema vindhögg, að telja það galla á frv., þótt ekki verði skipaðir matsmenn í öllum hreppum, En jeg veit ekki hvað hv. andmælendur frv. óttast, ef svo skyldi fara sem þeir segja, að enginn matsmaður verði skipaður, því þá verður kostnaðurinn enginn. Nei, þeir vita það, að ef lögin verða sett, þá koma matsmenn í hverjum stað, þar sem hey er selt.

Hv. þm. sagði það væri ólíku saman að jafna, mati á heyi og fiski. Það er alveg rjett, en hann fór aðeins öfuga leið til að rökstyðja það. Hann sagði, að það væri miklu ljettara og auðveldara verk að meta fisk. Já, margt má nú heimskum segja. Jeg þekki vel til fiskimats, og ef hv. þm. (EÁ) ætlast til þess, að hver baggi af heyi sje jafnvandlega metinn og hvert skippund af Labradorfiski, þá entist varla mannsæfin til þess. Jeg skýrði það í fáum dráttum áðan, hvernig ætlast væri til, að matið væri framkvæmt. Það er enginn vandi að segja, hvað er úthey og hvað er taða, hvort það er taða af túni í góðri rækt eða ljelegri, hvort heyið hefir verið þurkað á 3 dögum eða 3 vikum, hvort úthey er kúahey, kindahey eða hestahey, og hvernig það er verkað. Þetta er nú aðalvandinn. Allir, sem vilja sýna nokkra sanngiri, hljóta að sjá, að þetta er mjög auvelt og fljótlegt verk, og fyrir kaupendur er það mikils um vert, að fá vottorð trúverðugra manna um heygæðin. Kaupendum er það engin trygging, þótt seljandinn segi, að heyið sje taða, því að hún getur reynst marghrakin og illa verkuð. Það hefir margsinnis komið fyrir, að Reykvíkingar hafa þannig keypt köttinn í sekknum. En þetta gæti ekki komið fyrir, ef heyið væri metið.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það, sem rjeði um heyverslunina, væri framboð og eftirspurn. Jeg fæ ekki skilið, að það ráði öðru en verðinu á heyinu. Það getur ekki ráðið gæðunum. Þegar lítið er um hey, hækkar það í verði, og er það ekki nema eðlilegt. En hjer er alls ekki verið að ræða um heyverð, heldur heygæði. Og kaupendum er ekki síður þörf á því, að fá gott hey, þegar það er dýrt, eða hafa tryggingu fyrir, að þeir verði ekki sviknir á því. Það kom líka fram hjá hv. þm. (EÁ), að í harðindum og heyleysi yrðu menn að kaupa hvað sem völ væri á. Þótt stundum sje lítið um hey sumstaðar, þá er nóg af því á öðrum stöðum, sem betur fer, og ekki alstaðar slæmt.

Þá sagði hv. þm., að betra væri að láta alt sitja við það sama, því að samkomulagið yrði þá betra, ef enginn

milliliður væri. En jeg á bágt með að trúa, að það geti valdið neinum misskilningi eða misklíð, að heyinu fylgi vottorð um, að það sje af góðu túni og vel þurt o. s. frv. Jeg sje ekki betur en að hvernig sem málinu er velt fyrir sjer, þá sje matið altaf trygging. Það er viðurkend regla um allan heim, og það þýðir ekki að koma hjer fram með staðhæfingar til að kollvarpa þeirri reglu. En hitt gæti jeg miklu betur skilið, ef einhverjir kæmu fram sem talsmenn þeirra, sem selja hey, og teldu sig, ef mati væri komið á, ekki geta komið út ljelegu heyi sem góðri vöru. Það er einmitt það, sem matið á að fyrirbyggja, að menn geti selt slæma vöru fyrir góða. Eins og bent hefir verið á, er hjer fyrir hendi möguleiki til þess fyrir landbúnaðinn, að auka afurðir sínar, og það er mjög mikilsvert atriði fyrir seljendur heysins, að ekki sje vefengt, að heyið sje gott og trygging fyrir því, að kaupin geti farið fram, þó að kaupandi sje fjarstaddur.

Annars get jeg tekið undir það með hv. 1. þm. Eyf., að ástæðulaust sje að deila um þetta mál hjer. Málið er mjög ljóst og horfir þannig við, að ef það gengur ekki fram, þá álít jeg, að mjög sje teflt í tvísýnu öryggi þeirra, sem hey þurfa að kaupa, og auk þess gert miklu erfiðara að banna innflutning á útlendu heyi. Það er töluvert atriði í þessu máli, að með því að fella þetta frv. er aftur opnuð leið kröfunum um það, að leyft verði að flytja inn hey.

Jeg lít svo á, að við eigum að keppa að því, að vera sjálfum okkur nógir, og við getum það í þessu efni, ef það er ekki eyðilagt með þarflausum hjegóma. Og jeg tel það þarflausan hjegóma, að leggja á móti þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. feld með 8 : 4 atkv.

2 gr. feld með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJós, JKr, MK.

nei: BK, EÁ, EJ, GÓ, IHB, JÞ, JJ, HSteins.

Tveir þm. (JóhJóh, JBald) fjarstaddir.

Forseti lýsti frv. fallið.

12. Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (þmfrv., A. 136).

Á 27., 29., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 11., 14., 15., 16., 17., 18. og 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Nú eru rúm 5 ár síðan hvíldarlögin fyrir sjómenn á togurum gengu í gildi. Um þau hafði staðið hörð barátta; sjómenn höfðu krafist þeirra látlaust, en útgerðarmenn og fulltrúar þeirra á þingi staðið sem veggur í gegn. Þessi 5 ár síðan hafa íslenskir togarahásetar haft lögtrygt 6 tíma vinnuhlje á hverjum sólarhring, og má segja, að við það hafi breyst stórkostlega til batnaðar lífið á togurunum, svo að skoðast má nú sem mönnum sje líft á þeim skipum. En

þó er það svo, að á þessum hvíldarlögum hafa mest grætt útgerðarmennirnir sjálfir. Allir skipstjórar munu sammála um það, að afköst sjómanna hafi aukist, en ekki minkað við það, að sjómönnum var trygt vinnuhlje. Er það og í samræmi við útlenda og innlenda reynslu í þessu efni, að oflangur, óslitinn vinnutími þreyti menn svo mikið, að afköstin verði minni af honum samanlögðum, heldur en ef hann væri styttri, auk þess sem slíkur langur vinnutími smámsaman vinnur tjón heilsu verkamannsins og slítur honum út fyrir tímann. Mættu þess vegna útgerðarfjelögin nú vel kannast við, að barátta sjómanna fyrir lögtrygðu vinnuhljei á sjónum var ekki aðeins rjettmæt frá heilbrigðis- og mannúðarsjónarmiði, heldur líka gróðavænleg fyrir útgerðarfjelögin, og sjómennirnir hafi því með baráttu sinni fyrir lögunum aukið möguleika útgerðarmanna til að græða fje á útgerð.

En krafa sjómanna var þegar í fyrstu sú, að þeim yrði trygð 8 tíma hvíld. Með lögunum var aðeins hvíldin lögboðin 6 tímar, og sættu sjómenn sig við þetta í bili, sem byrjun, fyrsta stig málsins, er myndi hafa í för með sjer reynslu og betri sannanir fyrir kröfum þeirra. Eftir að lögin höfðu sýnt sig nokkur ár og gagnið af þeim hafði fyllilega í ljós komið, þótti sjómönnum því tími til kominn að fá lögunum breytt, eins og þeir höfðu gert kröfur um í fyrstu, svo að vinnuhljeið yrði 8 tímar. Síðastliðið ár samþykti því Sjómannafjelag Reykjavíkur að leita undirskrifta á togurunum frá Reykjavík um áskoranir á Alþingi, að samþykkja slíka lagabreytingu, og hafa áskoranir frá 406 hásetum, svo að segja hverjum einasta háseta á reykvísku togurunum, nú verið lagðar fyrir þingið. Á öðrum togurum hefir ekki verið leitað undirskrifta, en hugur sjómanna er þar hinn sami. Sjómannafjelagið fól okkur, Alþýðuflokksfulltrúunum á þingi, að fylgja málinu fram, og hefi jeg orðið við því og lagt þetta lagafrv. fyrir hv. Nd.

Í Reykjavík eru nú	22	togarar.
- Hafnarfirði, með Hellyers-		
togurunum, alls	14	—
Á Vestfjörðum	3	—
	Alls 39	togarar,

með að meðaltali 26 manna skipshöfn, eða um 1000 manns, og eru þar af vinnandi, samkvæmt lögum þessum, á þilfari að meðaltali 18 menn á togara hverjum, eða um 700 sjómenn. Þetta mál varðar því mikinn fjölda manna, og óskir þeirra eru mjög ákveðnar.

Reynslan hefir sem sje sýnt það, að þetta 6 tíma vinnuhlje, sem nú er lögtrygt, er mjög fjarri því, að vera nægilegt til þess að menn geti haldið vinnuorku sinni og heilsu óskertri til lengdar. Nú er sólarhringnum skift í 4 vökur á togurunum, og er það reglan, þegar fiskur er og engin frátök verða, að hásetar vinni samfleytt á þilfari 3 vökur, eða 18 tíma, en hafi aðeins 6 tíma hlje. Þar sem þetta gengur oft 10—14 daga samfleytt í misjöfnu veðri og við erfiða vinnu, kulda og vosbúð, þá er auðsjeð, að slíkt er ekki heiglum hent, og ofþreyta og svefnleysi sækir menn, þegar það gengur dag eftir dag. En þegar þetta vinnulag gengur mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, þó hlje verði á milli, þá er auðsætt, að heilsa sjómanna bilar. Að vísu er ástandið betra en áður var, þegar engin takmörk voru fyrir vinnutímanum og oft var haldið

áfram, uns hásetarnir fjellu bókstaflega í valinn. En þó ofþreytan og svefnleysið sje ekki eins áberandi nú, þá er þetta þó seigdrepandi fyrir hvern mann, hversu hraustur sem hann er að upplagi. En þess ber að gæta, að 6 tíma vinnuhlje er að jafnaði ekki meira en 4—5 tíma svefn, því að í vinnuhljeinu þurfa menn venjulega að matast og þvo sjer og af hlífarfötunum, og gengur ávalt tími til þess. Enda sýnir það sig, að togarahásetar geta ekki verið aðrir en hraustir menn á ljettasta skeiði, 20—35 ára gamlir, og hreinasta tilviljun er, ef þar finst maður fimtugur. Jafnótt og sjómenn slitna, fara skipstjórar að ganga fram hjá þeim, og þeir þola ekki lengur vinnuna, verða að leita sjer annarar vinnu í landi. Elsti sjómannalæknirinn hjer í bænum segir það sína skoðun, að starfsár manna, sem stundað hafa sjómensku lengri tíma, geti ekki talist nú lengur en 20–25 ár; þá sjeu þeir útslitnir, og þar sem menn byrja nú venjulega að fara á sjóinn 18—20 ára, ættu þeir að vera mikið til útslitnir menn hálffimtugir. Þó nokkur brögð eru líka að sjerstökum veikindum hjá sjómönnum, svo sem í höndum og taugagigt, sem stafar af vosbúð, kulda og þreytu. Vinnan á togurunum er þannig enn þann dag í dag, að sjómenn sækjast yfirleitt aðeins eftir henni vegna þess, að önnur föst vinna er ekki í boði, og segjast ekki mundu líta við togaravinnunni eins og hún er nú, ef neyðin ræki þá ekki á sjóinn, því að þeir vita, að þeir slitna á þessari vinnu fyrir aldur fram.

Nú ber þess einnig að gæta, að í ár hafa togarafjelögin fækkað hjá sjer hásetum. Þar hafa undanfarið verið að jafnaði á saltfiskveiðum 30 menn á skipi (25—38), en nú eru þar 26—27 menn (23–32). Þar sem nú er óvenjulega mikill fiskur, þá er auðsætt, að þeir 18 menn, sem að jafnaði vinna á þilfari, verða að leggja miklu meira að sjer til að afkasta þessu á sama tíma sem 21—22 menn hafa undanfarið gert, og er því meiri ástæða til, að þeim verði lögtrygð minsta hvíld 8 tímar, sem yrði í reynd 6—7 tíma svefn á sólarhring. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á, að sólarhringnum verði skift í 3 vökur, og myndu þá altaf á saltfiskveiðum 12 vera vinnandi af þessum 18 mönnum, en 6 eiga hvíld, í stað þess að nú vinna 13—14 en 4—5 hvílast. Á ísfiskveiðum, sem venjulega standa frá september til febrúar, eru nokkru færri menn á skipunum, nú venjulega aðeins 19—20 manna skipshöfn, en þar af vinna á þilfari 12 menn. Með þrískifta vöku mundu 8 menn vinna, en 4 hvílast, þar sem nú vinna 9 menn, en 3 hvílast. Með þessari breytingu á vökuskiftunum, sem yki hvíldartímann um 2 tíma fyrir háseta, yrði þannig ekki mikil röskun á vinnunni, munaði 1—2 mönnum á hverjum tíma á saltfiskveiðum, en 1 manni að jafnaði á ísfiskveiðum, eða helmingi minna en mannfækkun þeirri nemur, sem útgerðarfjelögin hafa nú látið fram fara á skipunum. Það er mjög óvíst, hvort nokkuð þyrfti að jafnaði að auka við skipshafnir. Á enskum og þýskum togurum vinna t. d. aðeins 8 menn á þilfari á ísfiskveiðum. Og ætla má, að með auknum hvíldartíma ykjust afköst hásetanna nú sem fyr. En jafnvel þótt einhversstaðar þyrfti að bæta manni við, þá væri það ekki álitamál, borið saman við það gagn, sem sjó-

menn hefðu af því, að lífi og heilsu þeirra væri betur borgið.

Stytting vinnutímans á sjónum er eitt af þeim málum, sem nú er hvarvetna verið að gefa út lög um. Úti í Norðurálfunni hafa ýms ríkin komið á hjá sjer 8 tíma vinnu á verslunarflotanum, og aðeins tímaspursmál er, þangað til það er alstaðar lögleitt. En hjer á landi er farið fram á 8 tíma lögboðna hvíld á fiskiflotanum, þar sem mest er unnið og vinnan er verst. Íslenska sjómannastjettin hefir fengið lof alstaðar, þar sem hún er þekt, og íslensku fiskimennirnir eru viðurkendir að vera hraustustu og harðgerðustu mennirnir, sem við togaraútgerð eiga. En hversu lengi stendur það, ef farið er með þessa vösku menn eins og vjelar, án þess að þeir fái þann minsta hvíldartíma, sem hægt er að búast við að komi að nokkru haldi til að halda við orku þeirra og heilsu?

Er ekki stórhætta á því, að næsta kynslóðin verði rýrari og geti ekki stundað þessa hörðu og hættulegu vinnu, þjóðin úrkynjist? Dýrmætasta eign þjóðarinnar eru mannslífin. Með því að skapa löggjöf, er varðveitir og lengir líf sjómanna, stuðlar Alþingi að því, að hjer vaxi upp heilbrigður og þróttmikill kynstofn. Það er skylda Alþingis að koma í veg fyrir alla misbeitingu á vinnuafli þjóðarinnar. Jeg vænti því, að hv. deild taki máli þessu vel, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Jón Ólafsson: Jeg gæti nú ef til vill sparað mjer að taka til máls að þessu sinni, því að jeg hefi látið í ljós skoðun mína á þessu máli í sambandi við annað mál. Jeg hefi altaf talið þessi hvíldartímalög óþörf. Þau hafa ekki gert neitt gott að verkum, sem ekki var búið að gera áður. Þetta segi jeg af því að jeg veit það og þekki það af reynslunni, en hv. flm. (HjV) hefir ekkert fyrir sjer í þessu annað en það, sem hann frjettir á skotspónum. Mjer hefir altaf verið illa við þessi lög, því að þau eru einn liðurinn í því, að smeygja sjer inn á þá braut, að heimta mikið kaup fyrir litla vinnu. En jeg álít, að Alþingi eigi ekki að ljá slíkri stefnu lið. Jeg álít, að við megum ekki stuðla að því, að gera menn að aktaskrifurum í þjóðfjelaginu. Jeg þarf ekki að fara um þetta mörgum orðum. Hv. þm. þekkja eflaust allir marga menn, sem lent hafa í harðri baráttu í atvinnuvegunum og orðið að leggja á sig mikla áreynslu og erfiði til þess að brjóta sjer braut, og það er vitanlegt, að það eru ekki aktaskrifararnir, sem skara fram úr í þessari baráttu. Fiskiveiðarnar hafa verið og eru engum atvinnuvegi líkir, nema sjálfum sjer. Ef ekki er gengið með ástundun og kappi að veiðunum, þá daga, sem fiskurinn gefst, þá verður hann ekki hirtur, eftir að hann er farinn. Fiskurinn bíður ekki, meðan landsmenn sofa. Það er svo með alla útgerð, að þeir, sem stunda hana, verða að leggja mikið á sig tíma og tíma, þegar mikið er um fiskinn, en hafa það svo hægara á milli. En það er eitt, sem þessir svokölluðu forkólfar hafa ekki athugað í sambandi við þessi lög. Vegna þeirra hefir orðið að fjölga mönnum á skipunum, til þess að hægt sje að komast yfir að hirða fiskinn, þegar hann er sem mestur. En við það minkar kaup þeirra, sem á skipunum vinna, því að þeir taka æði mikið af kaupi sínu í óvissum tekjum. Lífrarhluturinn getur

stundum orðið meiri en mánaðarkaupið. Þetta hafa forkólfarnir ekki tekið með í reikninginn, er þeir báru fram lögin. En jeg veit, að hásetar margir eru óánægðir með þetta, og jeg veit til þess, að á tveimur skipum hafa hásetarnir farið fram á, að mönnum yrði fækkað á skipunum, til þess að hluturinn minkaði ekki. Ennfremur er þess að gæta, að öll aukin útgjöld, sem lögð eru á útgerðina með þessu, verður að taka með sparnaði á öðrum sviðum, ef sjórinn ekki bætir það upp sjálfur. Ef heimtuð er fjölgun fólks á skipin, þá verður að lækka útgjöldin á þessum lið útgerðarinnar, til þess að hún beri sig. Jeg hefi ekki orðið var við, að það sje almenn ósk háseta á þeim skipum, sem jeg þekki til, að fá þessi lög, heldur þvert á móti. En það er skiljanlegt, að þeir geri það fyrir þessa svokölluðu leiðtoga, að krota upp á þessa lappa, sem þeir senda um borð í skipin.

Annars eru í grg. þessa frv. margar hæpnar fullyrðingar, svo sem það, að skipverjar sjeu neyddir til þess að standa á þilfari í 18 tíma, hvort sem þess gerist þörf eða ekki. Jeg hefi spurst fyrir um þetta hjá þremur skipstjórum, og þeir hafa sagt mjer, að þetta sje hin mesta fjarstæða Þetta er ekki gert, nema þegar sem mest er að gera. Hitt getur komið fyrir enn, eins og það hefir komið fyrir áður, að skip fylla sig af ísfiski á 4 dögum. Þegar svo er, leggja menn mikið á sig, til þess að koma aflanum fyrir. Þegar svo lagt er á stað með hann, er mannskapnum skift í 3 vaktir; fær þá hver maður 16 tíma hvíld á sólarhring, og „túrinn" til Englands getur oft tekið 12 daga. Er því um alt annað en þrældóm að ræða, meðan skipin eru við ísfiskveiðar. Enda veit jeg ekki til, að mönnum hafi liðið betur við aðra atvinnu. Alt tal háttv. flm. um að heilsu þeirra væri búið tjón af vosbúð og svefnleysi, er því fjarstæða ein. Hvað mætti þá segja um línubátana, sem liggja úti. Jeg veit dæmi þess, að þeir hafa fengið fult skip á viku, og hásetarnir þá aðeins fengið 4 tíma hvíld á sólarhring. Að vísu áttu þeir hlut í aflanum, en þeir heyrðust ekki kvarta. Á eftir fengu þeir 3 daga hvíld. Hjer er þó síst um nýmæli að ræða, þetta er hin gamla sjómannasaga, alt frá því, að fyrst var farið að stunda fiskiveiðar við Ísland. Ef ekkert á að mega leggja á sig fyrir aflabrögðin, er óhætt að leggja árar í bát og hætta öllu.

Þá var háttv. flm. (HjV) að slá um sig og vitna til hvíldartíma hjá útlendum siglingafjelögum og bifreiðakonginum Ford. En jeg verð að segja, að hjer sje tvennu ólíku saman að jafna. Íslenskir atvinnuvegir geta aldrei orðið líkir stærstu fyrirtækjum, sem selja vörur sínar um allan heim, eins og bifreiðakonungurinn Ford gerir. Aftur er það ofur eðlilegt, að siglingafjelögin hafi vissan hvíldartíma á skipum sínum; en hvernig hann er notaður, er öðru máli að gegna. Til þess að kynna sjer það, hefði háttv. flm. þessa frv., 4. þm. Reykv. (HjV), gott af að líta í aukavinnuskýrslur Eimskipafjelags Íslands. Þar má sjá, hversu mikil eftirvinna er unnin á skipunum, og er hún þó síst meiri en hásetar óska.

Þá sagði háttv. flm., að svefnleysið væri seigdrepandi. Það getur satt verið, jeg þekki það ekki. En hitt er mjer kunnugt um, að þeir menn, sem sofa mikið og reglulega, eru á engan hátt hraustari en hinir, sem hafa misjafnan svefn. Jeg býst nú við, að næsta krafa

jafnaðarmanna verði sú, að enginn megi róa fyr en annar, með allri sjávarsíðunni.

Að endingu vil jeg taka það fram, að mjer finst frv. þessu gerð best skil á þann hátt, að senda það aftur heim til föðurhúsanna.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), þykist ekki hafa komið auga á það, að meira hafi verið afkastað á togurunum, síðan hvíldartíminn var lögleiddur. En vitnisburður skipstjóranna, sem stjórnað hafa togurunum á þessu tímabili, er meira verður en hv. þm., sem í landi hefir setið. Þá sagði þessi háttv. þm., að öll þekking mín á þessum málum væri mjög á skotspónum. Það má vel vera, að svo sje að einhverju leyti, því að jeg hefi aldrei verið sjómaður, en fer hjer eftir samhljóða frásögn togaramanna og stjórnar Sjómannafjelagsins. En hans þekking á þessum málum er þá engu síður á skotspónum, því að hann hefir ekki svo mikið sem spurt þá, sem um vissu, hvernig vökulögin hafa reynst. Því eins og allir vita, hefir hann aldrei reynt þau sjálfur.

Þá sagði hann, að kröfurnar um 8 tíma hvíld væru einn angi af því, að heimta mikið kaup fyrir litla vinnu. En jeg tel 16 tíma samfleytta vinnu á sólarhring ekki litla vinnu, að minsta kosti vinna útgerðarstjórarnir ekki þann tíma í hinum þægilegu skrifstofum sínum, hve mikið sem er að gera. Þar vantar mikið á.

Það var með öllu rangt hjá hv. þm. (JÓl), að sjómennirnir sjálfir ljetu sjer ekki ant um þetta mál, því að það er einmitt flutt fyrir tilmæli þeirra, og frumkvæðið um þessa löggjöf er með öllu frá sjómönnunum sjálfum, eins og skiljanlegt er.

Þá þótti honum ekki mikið, þó að 406 hásetar hefðu undirskrifað áskorun um að flytja þetta frv. En ekki er hægt að ætlast til meira frá hásetum á Reykjavíkurtogurunum einum en að þeir undirskrifi allir, eins og þeir hafa hjer gert. Undirskrifta hefir alls ekki verið leitað á hinum togurunum, en vafalaust mundu allir hásetar á þeim undirskrifa slíkar áskoranir. Mjer finst alls ekki hægt að bera vinnu á togurunum saman við vinnu í sveit. Sextán tíma vinna í sveit þekkist aðeins í einstöku tilfelli, en þess ber að gæta, að hún er á alt annan veg. Hún er miklu hægari og henni fylgir ekki önnur eins vosbúð og sjóvinnunni. Auk þess sem það aðeins kemur fyrir dag og dag. Vinnuhörku eins og á sjer stað á togurum mundu húsbændur í sveit aldrei leyfa sjer, enda mundu þeir ekki fá fólk til þess. Þá geri jeg ekki ráð fyrir því, að margir fallist á það, að það sje sama, hvernig menn sofi, aðeins ef þeir sofa einhverntíma nóg. Eftir því á að vera sama, þó að menn vaki í einu aðra vikuna og sofi svo hina, eða vaki annað misserið og sofi hitt.

Loks gat hv. þm. þess, að bráðum yrði farið að banna mönnum að róa, nema öllum á sama tíma. Þetta býst jeg ekki við, að hann hefði sagt, ef honum hefði verið kunnugt um, að til eru sumstaðar fiskiveiðasamþyktir, t. d. í Vestmannaeyjum, um róðrartíma bátanna, sem að sjálfsögðu er farið eftir og reynist nauðsynlegt.

Að endingu vil jeg undirstrika það, að með þeirri styttingu á vinnutíman-

um, sem hjer er farið fram á, er alls ekki ætlast til, að minna verði afkastað, heldur þvert á móti. Er hjer því ekki um væntanlegt tap fyrir útgerðarfjelögin að ræða. Það er aðeins hin alkunna skammsýni reykvíkskra útgerðarmanna, sem veldur þessari mótstöðu gegn svo sjálfsögðum lögum til að vernda heilsu sjómannanna.

Jón Ólafsson: Jeg hefi litlu að svara hv. 4. þm. Reykv. (HjV), því eins og vænta má, hefir hann enga þekkingu á þessum málum, og ekki heldur aðgang að þeim bestu heimildum, sem hægt er að fá og hann þyrfti að hafa, ef hann vill tala um málið af viti.

Það var satt., jeg sagði það, og jeg stend við það enn, að krafa um þessa lengingu hvíldartímans er ekki komin frá hásetunum, heldur er hún komin frá forsprökkum verkalýðsfjelaganna. En eins og kunnugt er, er sá fjelagsskapur ungur, og forstöðumenn hans þá líka með litilli reynslu og þekkingu, enda hefir það sýnt sig, að þeir eru ekki svo heppilegir ráðgjafar sem skyldi. Það sýna best ýmsar tillögur, sem komið hafa úr þeirri átt.

Þá vitnaði hv. 4. þm. Reykv. (HjV) í róðrasamþykt Vestmannaeyinga. Það er rjett; hún er til, og var mjer það kunnugt áður. En þess ber að gæta, að hún var ekki sett til þess að draga úr sjósókn manna, heldur til þess að menn rjeru alment ekki fyr en sundabjart væri orðið, sem kallað er. Því eins og gefur að skilja, getur oft stafað hætta af því, þegar fjöldi báta rær um sama leyti í svarta myrkri. Og jafnframt var hún gerð til þess, að menn sæju betur til veiðarfæra sinna, þegar þeir kæmu út á miðin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HjV, JG, JörB, MJ, MT, BSv.

nei: ÞórJ, ÁJ, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, PO, ÓTh.

Átta þm. (SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, BL, HK, IngB, JakM, KlJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. og 71. fundi í Nd., dagana 9. og 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 136, n. 127 og 520).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Afgreiðsla máls þessa hefir nokkuð dregist hjá sjútvn., og hefir nefndin klofnað um það. Meiri hl. hefir orðið ásáttur um að mæla með því, að frv. verði samþ., tveir þó með fyrirvara. Minni hl. er mótfallinn frv., eins og sjest af nál. Sú breyting, sem frv. fer fram á, er að lögskipa minstan hvíldartíma háseta 8 stundir í sólarhring í stað 6 stunda, eins og nú er, samkvæmt gildandi lögum. Er þessi breyting borin fram samkvæmt ósk togarahásetanna sjálfra.

Það hefir eigi all-lítið verið talað hjer á þingi um hina íslensku bændamenningu og hversu mikils virði hún sje fyrir þjóðina. Með miklu meiri rjetti má segja, að viðgangur þjóðarinnar sje útgerðinni að þakka, og hafi verið það á undanförnum öldum, eins og sagan sýnir. Jafnvel einokunarkaupmennirn-

ir vildu ekki taka að sjer landbúnaðarhafnirnar til verslunar, nema fiskihafnir fylgdu, og í eldgosum og harðindum flykktist fólkið úr sveitunum til hins mikla nægtabrunns, sjávarins, sem fleytti fram lífi þess, og þjóðin útvegaði sjer lífsþæginda erlendis frá með sölu skreiðar. En þeir, sem bera útgerðina uppi, eru sjómennirnir, og þeir, sem erfiðasta vinnuna hafa haft, eru hásetarnir á togurunum. Á þeim hefir því mest hvílt þunginn af framförum þjóðarinnar. Löggjafinn hefir fundið það, að hvíldartími háseta á togurunum var of lítill, og þess vegna urðu til lögin frá 1921, um 6 stunda hvíldartíma háseta. En enda þótt þessi lög hafi komið að talsverðu gagni, bæði fyrir sjómennina og útgerðarmenn, þá eru þau samt sem áður ónóg. Þess vegna hafa nú komið fram óskir frá hásetum um nýja löggjöf um þetta, er ákveði 8 stunda hvíldartíma í sólarhring minstan.

Menn skyldu halda, að málaleitun sem þessi mætti ekki andúð manna, en svo er það þó. Bæði hjer á Alþingi og utan þess er flokkur manna, sem berst á móti þessari sjálfsögðu bót á kjörum stjettar, sem erfiðasta vinnu hefir allra stjetta landsins, sjómannasjettarinnar. En andstaðan virðist helst koma frá útgerðarmönnum, sem þó hafa mestan hag af vinnu hásetanna. Það er víst, að það er ekkert frv., sem komið hefir fram hjer á þingi, sem sjómenn hafa eins mikinn og almennan áhuga fyrir, enda getur þessi aukning hvíldarinnar munað þá miklu. Nú, eins og hvíldartíminn er, endast menn stutt á skipunum, en ef hvíldartíminn er hæfilega langur, þá er enginn vafi á því, að menn geta haldið lengur áfram við atvinnu sína á skipunum, og það án þess að slíta sjer út. — Þó að mikil eftirspurn sje eftir skiprúmi, þá er það eingöngu vegna þess, að tímarnir eru svo örðugir, að ilt er, eða jafnvel ómögulegt, að fá fasta vinnu í landi. Og jeg veit það frá sjómönnunum sjálfum, að flestir þeirra mundu ganga af togurunum, ef þeir ættu nokkurn kost fastrar vinnu í landi.

Jeg er viss um það, að engin þjóð í heimi á stjett manna, er leggur fram eins mikla vinnu og sjómannastjettin íslenska, og væri því ekki nema sjálfsagt, að útgerðarmenn ynnu henni þessarar hæfilegu og n a u ð s y n l e g u hvíldar daglega.

Hv. minni hl. hefir komið með þá mótbáru gegn frv., að útgerðin standi nú svo höllum fæti, að hún þoli ekki þann byrðarauka, sem þessi aukning hvíldartímans mundi verða. En ef dæma má eftir reynslunni frá 1921, þá jukust afköst sjómanna við þá hvíld, sem þeir fengu þá, og því má búast við því, að þau mundi aukast enn meir nú, ef 8 stunda hvíldin yrði lögleidd. Eru allar líkur til þess, að útgerðin mundi græða á þessari breytingu. En þó svo færi, að menn legðu ekki fram meiri vinnu en nú, þrátt fyrir þessa auknu hvíld, þá væri hægt að sjá með því að athuga tölu hásetanna á hverju skipi, hve mörgum mönnum það þyrfti að bæta við sig. Mundi það verða ýmist 1 eða 2 menn á skip. Er það ekki mikið fyrir útgerð, sem veltir hálfri miljón króna minst á ári. Hver útgerðarmaður ætti með gleði að ganga inn á þetta.

Þá telur hv. minni hl., að vegna þess, hve höllum fæti útgerðin stendur, þá mundi þetta verða til þess, að kaupgjaldið hlyti að lækka. Um það á Al-

þingi ekki að fjalla. Það verður altaf samkomulagsatriði milli útgerðarmanna og sjómanna, og ber því ekki að taka tillit til þessarar mótbáru hjer.

Þá hefir og hv. minni hl. haldið því fram, að sjómennirnir þörfnuðust ekki þessarar aukningar hvíldartímans. En jeg veit ekki, hvað betur ætti að sýna þörfina, en einmitt óskir sjómannanna sjálfra og umsögn lækna um togaravinnu hásetanna, jafnvel eftir 1921. Þeim kemur öllum saman um það, að hún sje hættulegri og erfiðari en önnur vinna og sjerstaklega hætt við að hún orsaki ýmsa illkynjaða og þráláta sjúkdóma, svo sem taugagigt o. fl.

Það má vel vera, að hv. minni hl. finnist það, sem jeg nú hefi sagt, fullyrðingar einar, en hann getur þó ekki ætlast til þess, að við, sem viljum framgang þessa máls, komum með heilan hóp útslitinna sjómanna hjer inn í hv. deild og sýnum þá.

Hv. minni hl. heldur því fram, að erfiðasta vinnan á togurunum sje aðeins 3 mánaða tíma, meðan þeir sjeu á saltfiskveiðum. En sá tími er venjulega 5 mánuðir, og það hefir komið fyrir, að þeir hafa stundað þá veiði alt árið. Svo var þetta 1924. En hvað sem þessu líður, þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að á ísfiskveiðunum eru lika miklar vökur og það nauðsynlegt, að tryggja sjómönnum einnig svefn þá.

Þá talar hv. minni hl. um það, að hásetar fái töluverða hvíld, þar sem þeir eigi frí meðan skipin sigli út og í höfn og meðan verið sje að afferma þau, og eins ef óveður sje. En þessu er því til að svara, að togararnir halda áfram að toga svo lengi sem ekki eru aftök. Og þó ætla mætti, að hásetarnir hefðu hvíld á meðan siglt er úr höfn og í, þá er það oftast svo, að ýmislegt þarf að gera, svo sem að gera að fiskinum eða dytta að netunum, sem oft fer töluverður tími í. Svefn er mjög lítill á þessum veiðitímum, og þegar þess er gætt, að af þessum 6 stundum, sem hásetum eru ætlaðar til hvíldar, þá fara 1—2 til þess að matast og til þvottar o. s. frv. Þá eru það í rauninni ekki nema 4 tímar, sem hásetarnir hafa til svefns. Munu flestir sammála um það, að þessi tími sje of stuttur fyrir menn, sem venjulega landvinnu stunda, hvað þá heldur þessa menn.

Þá heldur hv. minni hl. því fram, að veiðiferðirnar sjeu oft mjög stuttar á saltfiskveiðum. En það er ekki nema á aflabestu tímum, að togarar geti fylt sig á 5–6 dögum; venjulega tekur það minst 10–12 daga. En þá vinna hásetarnir jafnvel ekki skemur en 18 tíma. Sama er um ísfiskveiðarnar. Hv. minni hl. talar um, að togararnir geti fylt sig á 6 dögum, en venjulega tekur það 10—14 daga, og á þeim tíma verða hásetarnir að vinna jafnt og þjett 18 tíma í sólarhring.

Hv. minni hl. getur þess, að íslenskir sjómenn sjeu ekki þjakaðir að sjá; en þetta er ekki satt. Það er hægt að sjá hjer í hópum útslitna sjómenn, og venjan er sú, að þegar þessir menn eru orðnir útslitnir, þá eru þeir látnir víkja fyrir öðrum yngri og óslitnum mönnum og sendir á eyrina í Reykjavík.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta, en vona, að hv. deild taki frv. þessu vel og samþ. það, því sjómannastjettin íslenska á þessa bót kjara sinna margfaldlega skilið.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hafði í fyrstu hugsað mjer að láta mjer

nægja að vísa til nál. minni hl. um afstöðu hans til frv. þess, sem hjer liggur fyrir. En eftir ræðu hv. frsm. meiri hl. (HjV) vildi jeg þó leyfa mjer að segja örfá orð.

Hv. frsm. (HjV) hóf mál sitt með því að benda á það, að framfarir siðustu áratuga á landi hjer væru aðallega togaraútgerðinni að þakka. Jeg tek algerlega undir með hv. þm. (HjV) um þetta, en jeg vil um leið leggja áherslu á það, að *því varlegar ber oss að fara með þetta fjöregg þjóðarinnar*. En eins og nú standa sakir, þá stendur útgerðin svo höllum fæti, að það er varhugavert að leggja á hana þær kvaðir, sem frv. þetta felur í sjer. Það væri því aðeins forsvaranlegt að samþykkja frv. þetta, að verulegar líkur væru fyrir því, að hásetarnir afköstuðu meira á sama tíma en þeir nú gera við þessa aukningu hvíldartímans — en hv. frsm. (HjV) hefir ekki reynt að leiða nein rök að því — eða þá hinsvegar, að sjómenn greiði hvíldaraukann með lækkun kaupsins, en það veit jeg að þeir munu ófáanlegir til.

Það hafa ekki verið færðar sönnur á það, að aukning hvíldartímans sje nauðsynleg. Þó að komið hafi fram óskir frá sjómönnum um aukningu hvíldartímans, þá er jeg of kunnugur slíkum óskum til að jeg taki þær sem nokkra sönnun, því það er sitt hvað, að hásetar neiti ekki að skrifa undir áskorun, sem formaður Sjómannafjelagsins hefir samið og rjett þeim til undirskriftar, og svo hitt, hvort slíkar áskoranir eru hásetum brennandi áhuga- eða nauðsynjamál.

Hv. frsm. (HjV) spurði, hvort við minni hl. ætluðumst til, að hann kæmi hingað í hv. deild með hóp útslitinna sjómanna og sýndi þá hjer. Jeg þekki sjómenn eins vel og hv. þm. (HjV), og jeg hefi ekki sjeð þessa veikluðu og útslitnu menn, sem hann talar um.

Þá sagði hann, að menn væru reknir af skipunum, þegar þeir væru orðnir veiklaðir. Þetta er ósatt. Jeg er viðriðinn fjelag, sem gert hefir út frá því fyrst að togaraveiðar hófust hjer á landi, og jeg veit ekki til þess, að nokkur maður hafi verið rekinn af skipum þess fjelags nje neins annars fjelags, þegar hann var tekinn að lýjast. En hinsvegar veit jeg til þess, að nokkrir menn, sem voru á togurum fjelagsins í byrjun, eru þar enn þá, og eru eins færir til allrar vinnu á skipunum og yngri mennirnir.

Það er rjett hjá hv. frsm., að reynslan hefir kveðið upp þann dóm um 6 stunda hvíldina, að hún hefir reynst mjög vel, en það er engin sönnun fyrir nauðsyn 8 stunda hvíldarinnar.

Það er mesti misskilningur hjá hv. frsm. (HjV), ef hann heldur, að sjómenn þurfi 2 tíma til þess að þvo sjer og eta. Heldur hann máske, að sjómennirnir raki sig og þvoi sjer vandlega og fari í sparifötin áður en þeir matast? Nei, þeir þvo sjer í einum hvelli, eta í skyndi og henda sjer svo út af og sofna. Það er auðheyrt, að hv. þm. (HjV) skortir kunnugleik á þessu máli og að hann hefir allar upplýsingar frá öðrum, enda hefir farið fyrir honum eins og altaf vill verða, er svo stendur á, að hann fer rangt með margt.

Það er rjett hjá hv. frsm. (HjV) að yrði þessi hvíldarauki að lögum, þá mundi þurfa að bæta 2 mönnum við á hvern togara, en það mundi með nú-

verandi kaupgjaldi nema 5—6 þús. kr. í árlegan kostnaðarauka fyrir útgerðina á skip hvert, auk þess sem hlutur háseta mundi skiftast í fleiri staði.

Hv. frsm. (HjV) gat þess, að það mætti undarlegt heita, að andstaðan gegn þessum aukna hvíldartíma kæmi frá útgerðarmönnum. Mjer þykir eðlilegt, að andstaðan komi frá þeim, sem best þekkja til. En það er ekki af því, að útgerðarmenn geti ekki unt okkar ágætu sjómönnum hvíldar, að þeir eru á móti þessu. Jeg hefi engan heyrt efast um, að sjómennirnir okkar sjeu fyrirmynd að dugnaði og atorku, en þeir taka líka meiri laun en aðrar vinnandi stjettir í landinu. Þegar um það er að ræða, að löggjafarvaldið leggi frekari byrðar á útgerðina, má ekki gleyma hinni afarörðugu aðstöðu þessa atvinnuvegar. Það er öllum vitanlegt, að verð á besta fiski er nú í kring um 100 krónur, en var fyrir stríð liðugar 90 krónur. Þá var kaupgjald sjómanna 70—75 krónur, en nú er það lægst 210 krónur. Þá var verð á kolum og salti 20 krónur, en nú 50 krónur. (**Trþ:** Gengið! Gengið!). Þegar útgerðin stendur jafnhöllum fæti og hún gerir nú, ber sjerstaklega að gæta varúðar í því, að leggja á hana nýja bagga. Þetta er ekki af neinum illvilja gagnvart sjómönnunum, heldur er það vörn þeirra, sem best þekkja til, fyrir útgerðina í heild sinni.

Jeg ætla ekki að fara að hrekja hverja smávillu, sem fram kom í ræðu hv. frsm. (HjV). Aðeins vil jeg benda á, að hann viðurkennir, að það komi fyrir á vertíðinni, að skip sje fylt á 5—6 dögum. Jafnframt segir hann, að venjan sje sú, að það taki 10—12 daga að fylla skipið, en heldur því þó fram, að allan þann tíma sjeu mennirnir látnir vinna, eins og lög standa mest til. En þar sem hv. frsm. viðurkennir, að hægt sje að inna verkið af hendi á 5—6 dögum, án þess að skerða 6 tíma hvíldina, er hitt bert, að hann fer rangt með, er hann fullyrðir, að sjómenn sjeu altaf önnum kafnir þessa 10—12 daga, sem venjulega ganga til þess að vinna þetta sama verk.

Það er enn nýr vottur um litla þekkingu hv. frsm. (HjV) á hugarfari sjómannanna, þegar hann heldur því fram, að þeir mundu allir vilja ganga af skipunum og fá sjer aðra vinnu, ef það væri mögulegt. Þetta er dæmalaus fjarstæða. Jeg er sannfærður um, að sjómennirnir una yfirleitt betur hag sínum en aðrar vinnandi stjettir, þó að þeir þurfi oft að vinna meira.

Sveinn Ólafsson:* Jeg hefi skrifað undir nál. á þskj. 427 með fyrirvara. Einnig hefir hv. meðnefndarmaður minn, 2. þm. Eyf. (BSt) skrifað undir það með fyrirvara, en hann er ekki við, og verður því ekki gerð grein fyrir hans afstöðu. Hinsvegar tel jeg sjálfsagt, að jeg geri þess grein, af hverju jeg fylgdi ekki frv. óskorað.

Jeg verð að kannast við það með hv. flm. (HjV), að lögákvæðin um hvíldartíma sjómanna eru í allra lægsta lagi, þegar annir eru miklar, einkum þó þar sem hann hlýtur að skerðast eitthvað við það, að mennirnir geta ekki hlaupið frá verki sínu beint í rúmið. Jeg finn því mikið rjettlæti í þessari kröfu. Hinsvegar lít jeg svo á, að um leið og ákveðin er 6 stunda hvíld með

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

lögunum frá 1921, þá sje og ákveðinn 18 stunda vinnutími. Við þann 18 stunda vinnutíma er svo miðað það kaup, sem síðan hefir verið goldið. Ef nú á að auka hvíldartímann um 2 stundir, þá er um leið fallist á að stytta vinnutímann um 2 stundir. Um leið ætti þá kaupið að falla að sama skapi. Með þeim skilningi á frv., að kaupið lækki hlutfallslega, eftir því sem vinnutíminn styttist, get jeg fylgt því. Eftir því sem núverandi ástand bendir til, er þörfin á auknum hvíldartíma harla mikil, og ástæður útgerðarinnar eru þær, að kauplækkun þarf að koma til greina, ef ekki samhliða slíkum fyrirmælum sem þessum, þá áður en langt líður. Jeg get þá fylgt frv. með þessum skilningi, að ef það verður að lögum, þá leiði það til nýrra samninga um niðurfærslu kaupgjalds, sem nemi ⅙ hluta, en það er í samræmi við styttingu vinnutímans úr 18 stundum niður í 16 stundir.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg veit ekki, hvernig hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hugsar sjer að láta ákveða kaupgjaldið með lögum. Það er vitanlega ekki hægt að neyða eina stjett manna, sem vinnur hjá einstökum atvinnurekendum, til að láta þingið skamta sjer kaupið úr hnefa, og illa mundu bændur taka því, ef löggjöfin ákvæði hámark tekna þeirra, eins og þjóðskipulagið er.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) talaði á víð og dreif um frv., og ljet eins og hann hefði mikla þekkingu á lífskjörum sjómanna. Jeg held nú samt, að fæstir hv. þm. hafi minni þekkingu á lífsskilyrðum sjómanna en einmitt hv. 2. þm. G.-K. Það er ekki nóg að eiga hluti í skipum, nje heldur að stjórna útgerðarfyrirtæki af skrifstofunni, til þess að þekkja hugarfar skipverja, aðbúð þeirra við vinnu og kjör. Þó að hv. þm. hafi stöku sinnum komið um borð í togara, þá er honum a l v e g ókunnugt um starfstilhögun þar. Um það atriðið hefir hann enga aðra vitneskju en þá, sem hann fær frá skipstjórunum, því að sjálfsagt er, að hann hefir ekki leitað um það álits sjómanna sjálfra. En mín vitneskja er beina leið frá sjómönnunum sjálfum. Jeg þekki mikinn fjölda þeirra, og þeir hafa skýrt mjer nákvæmlega frá starfi sínu og kjörum. Til dæmis heldur hv. þm., að hann geti talið okkur trú um, að undir eins og mennirnir komi af vakt, gleypi þeir í sig matinn, hendist í rúmið og sofni, og þetta taki engan tíma. Jeg veit, að ef hv. þm. spyrði sjómenn að þessu, fengi hann alt annað svar.

Háttv. þm. (ÓTh) sagðist viðurkenna ágæti sjómannastjettarinnar, en hinsvegar tækju þeir meiri laun en aðrar vinnandi stjettir í landinu. Það hygg jeg að sje rangt, því að ekki geta það talist sæmileg laun, auk heldur há, að fá 2500 kr. fyrir slíka vinnu. Jeg veit ekki, hvar í landinu er hægt að finna menn, sem ⅔ hluta vinnutímans vinna 18 tíma á sólarhring. Svo mikið er víst, að ekki vinna útgerðarmenn 18 tíma á skrifstofu sinni.

Það er rjett hjá háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að þetta ætti að vera sameiginlegt hagsmunamál allra þeirra, er að útgerðinni vinna. En það er þvert á móti. Eða vill hv. þm. taka það að sjer, að telja mönnum trú um, að sjómennirnir vilji heldur 6 tíma hvíld en 8 tíma hvíld? Þó að það væri kostnaðarsamara fyrir útgerðarmennina, sem ósann-

að er, þá ættu þeir, fyrst þetta er svona hagsmunamál beggja stjetta, að vilja vinna það til, þar sem sjómennirnir mundu þá vinna enn betur og vera ánægðari með kjör sín. En þegar vökulögin voru hjer til meðferðar 1921, komu fram þessar sömu ástæður á móti þeim sem nú. Útgerðin mundi ekki bera sig, o. s. frv. Hinsvegar játa jeg, að það var stærra spor í áttina til hins rjetta, að lögskipa 6 tíma hvíld, en nú, að færa hana upp í 8 tíma. Jeg veit, að þeir hv. þm., sem eru úr sveit, vita, að ekki eru þar algeng slík vinnubrögð, sem hjer er um að ræða, svo að ekki virðist ósanngjarnt að setja lög til varnar þessari áníðslu á sjómannastjettinni.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að segja fáein orð, þótt jeg hafi reyndar gert grein fyrir minni skoðun við 1. umr. Þá sýndi jeg fram á, á hverju okkar fiskiveiðar væru bygðar og allir okkar bjargræðisvegir til þessa, sem sje á ósjerhlífni og dugnaði einstaklingsins, og jeg sje ekki ástæðu til að breyta þar um. Þegar farið er að skerða þá sjálfsögðu skyldu hvers borgara með lögum í einni grein, þá er annari grein hætt. Jeg skil ekki þann eltingaleik, sem fram fer á Alþingi ár eftir ár, eftir þeirri löggjöf, sem fyrirskipar, að í stað ósjerhlífni og dugnaðar komi ómenska og sjerhlífni, að tilhlutun þeirra manna, sem ekkert þekkja til og ekki vita hvað þeir eru að segja. Hjer er aðeins ein grein, sem verið er að taka út úr samhengi dugnaðarins gamla. Að vísu er sá fjelagsskapur, sem berst fyrir þessu, ungur, svo að í kenningum hans felst töluverður barnaskapur. Sjerstaklega er það eftirtektarvert, að þessi fjelagsskapur er upphaflega til orðinn fyrir tilstilli þeirra manna, sem aldrei hafa drepið hendi sinni í kalt vatn. Forsvarsmenn hans eru menn eins og hv. 4. þm. Reykv. (HjV), sem ekkert þekkir til vinnubragða, hvorki á sjó nje landi. Forkólfarnir eru auk þess ýmsir þeir, sem ekki þóttu flytjandi sem hásetar á sjó í minni tíð. Á einhverju þurfa þeir nú að lifa, og því koma þeir ár eftir ár með eitthvað, sem þeir geta rjett að sjómönnum og sagt: „Sko, hvað jeg hefi verið duglegur!“ Svo verða þeir að fá sínar 6—7 þúsund krónur fyrir. Fyrst smeygja þeir inn lagagreinum um að menn þurfi ekki að vinna, en líta ekki á það, sem mestu varðar fyrir hásetana sjálfa, og þá, sem þeir vinna fyrir, sem er dugnaður og ósjerhlífni. Hvernig færi t. d. í Vestmannaeyjum, ef þar væri bannað að róa fyr en kl. 6 að morgni? Jeg verð að segja, að í þau 20 ár, sem jeg stundaði sjómensku, voru kjör sjómanna miklu verri en nú. Þeir fengu ekki almennilegt að jeta og vinnubrögðin voru þó miklu strangari en þau eru nú. Samt eru þeir menn ennþá fullfrískir og vel vinnandi. Þetta er nú reynsla af hinum úttauguðu sjómönnum. Það er ekki hægt að bera því við, að sjómennirnir endist ekki fyllilega á við aðra menn. Það er verið að telja fólki trú um, að skrifstofumenn og þeir, sem vinna andlega vinnu, sjeu miklu betur settir en aðrir. Þetta er einmitt argasti misskilningur. Það er hreinasta skilningsleysi að halda, að líkamleg vinna, þó að ströng sje á köflum, sje óholl og ill vinna. Óhollasta og erfiðasta vinnan er sú, að sitja á skrifstofum og vinnustofum mestan hluta dagsins, allan ársins hring.

Jeg er því algerlega á móti lögum um þetta efni. Lögin frá 1921 voru sett

af þessum sömu ástæðum. Þessir menn, sem eru þarna á vakki sýknt og heilagt utan í sjómannastjettinni, þurfa á slíkum lögum að halda til þess að halda stöðu sinni sem forstöðumenn stjettarinnar. Hv. frsm. (HjV) hefir tekist að útvega sjer undirskriftaskjal frá sjómönnum, fengið fyrir dugnað iðjuleysingjanna. Jeg vil ekki safna slíkum skrifum til að styrkja minn málstað, þó að jeg efist ekki um, að það tækist. Jeg veit að minsta kosti um ein 10 skip, sem alls ekki óska eftir þessu. Að vísu eiga iðjuleysingjarnir skilið að rölta eitthvað fyrir þetta kaup sitt, enda gera þeir það dyggilega.

Jeg er ekki sammála hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um það, að gera eigi tilsvarandi lækkun á kaupgjaldi sjómannanna. Það er ekki rjett, nema þegar mest fiskast, að nota vökulögin; allir verða að leggja fram það, sem þeir geta. Við hitt fá þeir miklu meira, þegar lítið er um, og mjög mikið meiri hvíldartíma heldur en vinnutíma, þegar lítið er að gera. En það skiftir ekki svo miklu máli, þótt þessi skilningur, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir bent á, verði lagður í lögin. Það mætti nota þessa aðferð. En jeg verð alveg að mótmæla því, að það sje nokkur þörf á því, að setja með lögum meiri hvíldartíma, þar sem það er vitanlegt, að sjómenn fá þann tíma, sem til felst. Það getur hist svo á stundum, að matmálstími sje í þessu. En til þess að geta dæmt um þetta, verða menn að þekkja til á skipunum.

Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, að vera að eltast við þessa einu atvinnugrein, því að það er þá heldur ekki hægt að komast hjá því, að setja lög um ýmsa aðra atvinnu.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er hvorttveggja, að hv. frsm meiri hl. (HjV) hefir ekki fært sterk rök fyrir sínu máli, og að háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl), sem er mjög kunnugur því, sem hjer er um að ræða, hefir gefið skýrar og ítarlegar upplýsingar, enda sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Hv. frsm. meiri hl. (HjV) gat þess, eins og hann nú orðaði það, að sjer væri „næst skapi“ að halda, að jeg væri þekkingarsnauðari um hugi og hagi sjómanna heldur en nokkur annar þm. í þessari hv. deild. Jeg efast ekki um, að hv. þm. (HjV) sje „næst skapi“ að halda þetta, en jeg hygg það sje ekki margir þm. í deildinni, sem festa trúnað á þetta. Jeg væri ákaflega óbilgjarn, ef jeg hjeldi því fram, að jeg hefði meiri þekkingu á tóbaksverslun heldur en þessi hv. þm. (HjV), þó að hann hafi ekki unnið að tóbakssölu nema í 1—2 ár, en af þessu geta allir sjeð, hversu mikil óbilgirni það er, þegar hv. þm. (HjV) heldur því fram, að hann þekki betur til útgerðarmála en jeg, sem hefi unnið að þeim í 14 ár og er uppalinn við útgerð. En hjer þarf ekki að dæma eftir líkum, heldur eftir rökum. Hv. þm. (HjV) hafði varla slept orðinu, þegar hann hnaut aftur og aftur um þekkingarleysi sitt, hjelt t. d. að sjómenn bæru úr býtum 2—3000 krónur á ári. Þetta er rangt, því að þeir hafa miklu meira, nær 4 þúsund króna á ári, auk fæðis. Hásetar hafa nefnilega auk mánaðarkaupsins miklar aukatekjur. Nefni jeg einkum lifrarhlutinn, en það er aukaþóknun, er hásetar fá og miðast við ákveðna krónutölu fyrir hvert fat lifrar, er á land er flutt úr skipinu. Þessari upphæð er svo skift á milli skipstjóra, stýrimanns og háseta. Þetta hjelt

jeg, að margir Reykvíkingar vissu, en jeg sje, að hv. þm. (HjV) er ekki kunnugt um þetta.

Þá gat hv. þm. (HjV) þess, að 18 tíma vinna fyrir sjómennina gilti fyrir ⅔ hluta ársins. Jeg veit ekki, hvort það er þörf á því vegna annara hv. deildarmanna að rekja það, hvernig þessum atvinnurekstri er háttað, en jeg tel ekki eftir mjer að gera það, ef jeg mætti með því gefa hv. fulltrúa Alþýðuflokksins hjer nauðsynlegar upplýsingar. Jeg vil þá fyrst benda á það, að vertíðin er ekki 5 mánuði ársins, heldur venjulega 3—4 mánuði af árinu; byrjar löngum seint í febrúar og hættir fyrstu dagana í júní. Árið 1924 var alger undantekning, vegna þess, að þá fundust ný fiskimið, og þá var verðlag hátt á fiski, einkum ódýrari tegundum, eins og ufsa, en ufsi veiddist þá mikið. Á vertíð er venjan sú, að skipin eru fylt á 10—12 dögum, en þessu verki er hægt að afkasta á 5—6 dögum, eins og hjer hefir verið upplýst, en þó njóta sjómennirnir minst 6 tíma hvíldar á dag. En úr því nú hægt er að vinna verkið á 5 til 6 dögum, án þess að skerða 6 tíma daglega hvíld sjómannanna, þá er hitt líka bert, að þegar sama verk er unnið á 10—12 dögum, hljóta sjómennirnir að njóta miklu meiri hvíldar að jafnaði en 6 tíma á sólarhring.

Að lokinni vertíð er skipið hreinsað, og fara til þess minst 1—2 mánuðir. Þá hefst síldveiðin, og þykir það þá gott, ef 6000 tunnur veiðast á skip, og jeg hygg, að jeg fari ekki rangt með, þó jeg segi, að sjómenn anni vel þeirri vinnu, sem er við að veiða 6000 tunnur, á 10 dögum, en til þess fara venjulega 1½—2 mánuðir. Af þessu er það líka bert, að sjómenn njóta miklu meiri hvíldar við síldveiðina heldur en 6 tíma á sólarhring að jafnaði.

Þegar síldveiðinni lýkur, taka við ísfiskveiðar. Það er upplýst, að þá er hægt að fylla skipið á 4 dögum, en það er líka upplýst, að þetta tekur venjulega 10—14 daga, og þegar þess er minst, að sjómenn njóta altaf minst 6 tíma hvíldar, þá er það líka ljóst, að þeir njóta að jafnaði miklu meiri hvíldar við þessa vinnu. Þá sigla skipin með afla sinn til erlendra hafna; sú ferð tekur venjulega 12—14 daga, og alla þá ferð njóta hásetar miklu lengri hvíldartíma. Það er miklu nær sanni, að þeir vinni þá 6 tíma, en hvílist hinn hluta sólarhringsins.

Nú vona jeg, að það sje öllum hv. þdm. ljóst, að það er dæmalaus fjarstæða, að leyfa sjer að segja það í votta viðurvist hjer á Alþingi, að ⅔ hluta ársins vinni þessir menn 18 tíma í sólarhring.

Hv. þm. (HjV) gat um það, að á þinginu 1921 hefðu verið færð nákvæmlega sömu rök gegn því, að lögfesta svefntímann, eins og nú gegn því, að lögfesta þennan svefnauka, því að þá hafi verið haldið fram, að útgerðin gæti ekki borið sig, ef þetta yrði samþykt. Jeg átti þá ekki sæti á Alþingi og var ekki hjer á landi, þegar þetta var til umr. Mjer er því ekki kunnugt um, hver rök hafa verið færð gegn lögfestingu hvíldartímans. En hafi þau rök verið borin fram þá, að útgerðin gæti ekki borið sig með þeim hvíldartíma, þá eru önnur rök borin fram nú, því að mjer hefir aldrei komið til hugar að halda því fram, að útgerðin gæti ekki borið sig fyrir því. Jeg veit ekkert um það. Það getur vel verið, að á næstu árum verðum við svo heppnir, að verðið á vörum

okkar fari hækkandi, og þá getur útgerðin borið sig. Jeg hefi hinsvegar sagt, að á meðan útgerðin stendur svo höllum fæti sem nú er, og á meðan ekki er sannað, að sjómenn okkar þurfi þessarar hvíldar, þá vil jeg, að löggjafinn fari varlega í þessu efni, og jeg hefi ennfremur sagt, að jeg sje sannfærður um það, að ef hjer er um virkilega þörf að ræða, þá mundi reynslan og hyggindin færa okkur þá bestu meinabót í málinu, alveg eins og áður. Því að það er alkunnugt, að árið 1920 hafði einn hygnasti og besti aflamaðurinn tekið upp þá venju, að láta hásetana á skipi sínu fá 6 tíma hvíld í sólarhring, án þess að löggjafinn kæmi þar nærri. En einmitt þá, þegar reynslan var að sanna, að 6 tíma hvíldin var til hagsbóta, urðu forgöngumenn sjómanna hræddir um, að ef þetta yrði almennt, án þeirra tilverknaðar, mundi það verða skoðað sem vottur skilnings á þörfum sjómanna af hendi útgerðarmanna, og þá mundi vegur útgerðarmanna hjá sjómönnum vaxa meira en góðu hófi gegndi. Og það er nú einu sinni svo, ef útgerðarmenn vilja eitthvað vel til sjómanna mæla, þá er eins og rýtingur sje rekinn í hjarta forgöngumanna sjómannanna. Jeg efast ekki um, að þessir menn vilji berjast fyrir hagsmunum sjómanna. En það vill nú samt svo undarlega til, að ef útgerðarmaður vill þetta eða hitt sjómönnunum til góðs, þá rísa forgöngumennirnir óðara upp og slá á útrjetta hendina.

Jeg hygg jeg fari rjett með, er jeg tel, að einmitt ótti forgöngumannanna við að 6 tíma hvíldin næði festu án íhlutunar þeirra, hafi valdið afskiftum þeirra af málinu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) gat um það, að hann hefði reynt að kynna sjer vilja sjómanna í þessu efni, og efast jeg ekki um, að þær upplýsingar, sem hv. þm. (JÓl) færði hv. deild, hafi í einu og öllu verið sannar og rjettar. Sjálfur hefi jeg ekki reynt að kynna mjer vilja sjómanna um þennan hvíldaraukа, þó að jeg hinsvegar vilji segja hv. 4. þm. Reykv. (HjV) það, að mína þekkingu um hag og huga sjómanna yfirleitt hefi jeg ekki fengið með því einu, að sitja á skrifstofustól mínum, heldur með samtali við skipstjóra, stýrimenn og háseta, og jeg efast um, hvor okkar á fleiri persónulega kunningja innan sjómannastjettarinnar. En þó jeg nú viti ekki til fulls vilja háseta í þessu máli, er jeg viss um, að ef þeir væru spurðir að því, hvort þeir vildu vinna það til 8 tíma hvíldar, að borga fyrir hvíldaraukann á þann hátt, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) benti á, mundu þeir kveða einróma nei við því.

Að lokum vil jeg benda þeim háttv. þm., sem kynnu að hafa ætlað sjer að greiða atkvæði með hvíldaraukanum, með þeim forsendum, er hv. 1. þm. S.-M.- (SvÓ) gat um, á það, að þeir hljóta nú, eins og málið liggur fyrir, að greiða atkvæði á móti frv., nema því aðeins, að fram komi brtt., er tryggi það, að jöfnum höndum verði kaup sjómanna fært niður um ⅓ hluta, en slík lög eru gagnslaus, því jeg fullyrði hiklaust, að sjómenn muni vera með öllu ófáanlegir til þess.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) vildi láta líta svo út, að þegar útgerðarmenn vildu vel mæla til sjómanna, þá væri eins og rýtingur væri rekinn í hjarta

þeirra manna, sem stæðu fyrir fjelagsskap sjómanna. Það eru líklega þessi vinsamlegu ummæli, sem háttv. þm. (ÓTh) og háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hafa haft nú, sem m. a. er átt við. Það er líklegt, að þeir búist við því, að vinir sjómanna álíti, að þeir hafi verið að tala máli þeirra hjer í deildinni, þegar þeir hafa haldið því fram, að sjómenn óski einkis frekar en þess, að hinn óheyrilegi vinnutími þeirra verði ekki styttur um 2 tíma. En það var það, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hjelt fram í ræðu sinni.

Hv. þm. (ÓTh) gat þess þá, að það mundi segja sig sjálft, hvor okkar hefði meira vit á þessu máli, hann, útgerðarmaðurinn, eða jeg, sem hefði fengist við tóbaksverslun. En mjer er ekki kunnugt um, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hafi nokkurntíma verið sjómaður. Mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi nokkurntíma á sjó komið, nema til þess að skemta sjer, og jafnvel aðeins í eitt eða tvö sinn á togara, utan hafnar, og skemt sjer þar með skipstjóranum. Þess vegna getur sú þekking, sem hv. þm. (ÓTh) hefir um allan aðbúnað á togurum, ekki verið nema af mjög skornum skamti, af reikningshaldi skipanna. En það er heldur ekki svo, að fyrir aukavinnu þar sje sjerstaklega greitt, svo að hv. þm. getur ekkert vitað um hana af reikningum skipanna, og því síður nokkuð um það, hvort hásetar eru þreyttir eða óþreyttir, þegar þeir hafa aflokið störfum sínum. Hv. þm. (ÓTh) veit þess vegna ekkert um þetta, nema eftir annara sögusögn, og sýnir þetta greinilega stjettaskiftinguna í útgerðinni, að útgerðarmaður skuli vera svo nauða ókunnugur högum sjómanna eins og raun ber vitni um, en þó jafneindregginn gegn endurbótum á kjörum þeirra.

Þá fór hv. þm. (ÓTh) að tala um, að kaupið mundi vera meira en 2—3 þús. krónur. Eftir samningum er kaupgjaldið einar 200 krónur á mánuði auk lifrarpeninga. En það er líklegt, að í góðu ári, þegar flotinn gengur altaf, að það verði nokkuð meira, með lifrarpeningum. En hve mörg árin er það? Jeg hygg, að flest árin sje það svo, að menn, sem vilja stunda þessa atvinnu, fái ekki meira kaup yfir árið en kanske rúmlega 2000 krónur með lifrarpeningum. Og þegar margir mánuðir ganga úr, hvað tekur þá við? Þeir verða að bíða eftir skipunum, vita ekki hvenær þau fara út og geta þess vegna ekki aðhafst neitt annað. Þess vegna er það, að árstekjur þessara manna verða lágar, og er það hrein blekking, að vilja telja mönnum trú um, að árslaun þeirra sjeu eins og flotinn gangi alt árið.

Þá var það heldur ekki rjett, sem hv. þm. (ÓTh) hafði eftir mjer. Jeg sagði ekki, að mennirnir ynnu ⅔ hluta af árinu, jeg talaði um ⅔ af vinnutímanum, og það hygg jeg að komi út, jafnvel þó að teknar væru tölur úr nál. hv. minni hl.

Þá sagði hv. þm. (ÓTh), að þegar hægt væri að fylla skipið á 5—6 dögum, og svo færu 10—12 dagar í það, þá væri það auðsætt, að hásetarnir myndu ekki hafa mikla vinnu. Jeg hygg nú, að hv. þm. (ÓTh) viti, að það berst mismunandi mikið að af fiski, og eins skiftir miklu um veður fyrir veiðina, en það er svo í reyndinni, að mennirnir eru látnir standa jafnt og þjett, hvernig sem veður er, meðan veitt er, svo að hvíldin verður ekki meiri en þessir lögákveðnu 6 tímar, og svefninn þá eftir því 4—5

tímar. En það segir sig sjálft, að það er ekki ljett verk fyrir sjómenn að vinna á þilfari í vondu veðri, þó að ekki sjeu uppgrip af fiski.

Jeg ætla ekki að fara út í það, sem hv. þm. (ÓTh) sagði um síldveiðarnar, því að vökulögin ná ekki til þeirra, nje heldur frv. þetta. En jeg vil, út af því, sem hv. þm. (ÓTh) talaði um ísfiskveiðarnar, benda á það, að þótt hægt sje að fylla skipið á 4—5 dögum, þegar mokfiski er, þá gengur það þó sjaldnast svo, heldur verða menn að standa þar, sýknt og heilagt, nema sinn hvíldartíma, 6 tíma á sólarhring, í 12—14 daga. En mannslíkamanum er svo háttað, að hvíldartíminn verður að koma nokkurnveginn jafnt, að minsta kosti er það svo, að menn geta ekki unnið mjög langan tíma í einu án þess að fá næga hvíld, svo að millilandasiglingarnar koma ekki að haldi þar, þó að þá fái hásetar nægan svefn.

Jeg ætla ekki að fara í neinar deilur um það, hvort útgerðin muni bera sig eða ekki. Aðalástæðan í nál. hv. minni hl. er, að útgerðin standi svo höllum fæti, að hún gæti ekki staðist aukna hvíld háseta, nema á móti kæmi kauplækkun hjá þeim, svo að þarna stendur þetta svart á hvítu, og þarf ekki um það að þrátta. Það er líka víst, bæði af reynslu, og eins sannað með rannsóknum í öðrum löndum, að það er hægt að láta atvinnuveg bera sig vel peningalega í bili, með því að slíta út á stuttum tíma mannsaflinu, ef hann getur altaf fengið nýja starfskrafta. Þetta hefir líka óspart verið gert hjer, því að þegar hásetarnir hafa varið sínum bestu árum á togurunum og eru farnir að slitna, þá eru þeir látnir fara og nýir menn teknir í þeirra stað. Þýðir ekki á móti því að bera, því næg sönnun þess eru skipshafnaskrárnar, sem sýna, að yfirgnæfandi þorri háseta eru ungir menn, undir 30 ára aldri, og varla sjest þar maður yfir 45 ára aldur. En þar sem nú eru um 20 ár síðan íslenskar togaraveiðar hófust, sjest það, að eldri hásetarnir eru horfnir í land, vegna þess að þeir hafa slitið sjer út fyrir útgerðarmennina.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) talaði svo um þetta frv., að ef það yrði samþykt, þá ætti að koma ódugnaður og sjerplægni í staðinn fyrir það, að nú ríkti dugnaður og ósjerplægni. Það er, með öðrum orðum, að ef ætti að heimila mönnum að fá 8 tíma hvíld í sólarhring, eða um 6 tíma svefn, þá væri það sama sem að í hásætið stigi leti og ómenska. Jeg ætla ekki að fara að mótmæla þessu, því að þess þarf ekki. Það mótmælir sjer sjálft. En jeg ætla að lýsa það rótarlegan uppspuna frá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að jeg fái nokkra peninga fyrir að bera þetta frv. fram, eða hafi nokkurntíma þegið einn einasta eyri af verklýðsfjelögunum fyrir störf mín í þeirra þágu, enda aldrei vænst þess. En það gaf hv. þm. (JÓl) í skyn, þegar hann sagði frá í þessu sambandi, að fávísir menn hefðu gert sjer það að atvinnuvegi, að vera forgöngumenn sjómanna og fengið 6—7 þúsund krónur fyrir á ári. Og eins er það tilhæfulaus rógburður, að Sjómannafjelag Reykjavíkur hafi verið stofnað af mönnum, sem ekki voru hæfir til að vera á sjó sökum ódugnaðar, og hafi þess vegna gerst æsingamenn í landi. Það er til stofnskrá, sem sýnir, að stofnendur fjelagsins voru úrvalsmennirnir á fiskiflota okkar á þeim tíma.

En þessi orð háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sýna það, hvernig hv. þm. launar sjómönnum langa vinnu þeirra fyrir hann, sem hann hefir auðgast á.

Háttv. þm. (JÓl) gat þess, að það væri aðeins unnið fyrir þessa stjett manna, en ekkert fyrir verkamennina á eyrinni. En jeg veit ekki betur en að hjer hafi verið borið fram nokkuð svipað frv. fyrir eyrarmennina, gert til þess að takmarka þá nætur- og helgidagavinnu, sem tíðkast hefir við höfnina hjer í Reykjavík og í Hafnarfirði, en hv. þm. (JÓl) barðist á móti því með oddi og egg.

Hitt er ekki nema eðlilegt, að við, sem erum jafnaðarmenn og viljum rjetta hluta þeirra, sem verst eru settir í þjóðfjelaginu, notum hvert tækifæri, hvort heldur það er í bæjarstjórn eða á Alþingi, til þess að bera fram frumvörp, sem miða til hagsbóta fyrir þessar stjettir manna.

Háttv. þm. (JÓl) vildi halda því fram, að löggjafarvaldið ætti ekki að blanda sjer inn í þessi mál. En það er hinn mesti misskilningur. Og til þess að sýna það, nægir að benda til annara þjóða. Þær hafa margar sett lög um lágmark hvíldar- og svefntíma, fyrst fyrir börn og kvenfólk, og síðan fyrir fullorðna karlmenn. Að skipverjar af 10 skipum úr fiskiflota okkar hafi verið á móti því, að fá þessar breytingar á vökulögunum, lýsi jeg tilhæfulaus ósannindi og heimta, að hv. þm. (JÓl) komi með sannanir fyrir því (**ÁJ:** Er nú hv. 4. þm. Reykv. (HjV) farinn að heimta sannanir?) — þar sem nöfn nærfelt allra háseta eru á áskorun til þingsins um 8 tíma hvíld, og annaðhvort hlytu þeir þá að hafa undirritað nöfn sín á móti sannfæringu sinni, eða þau að vera fölsuð. Þá sagði hann ennfremur, að ennþá væri unnið í sveitum, án þess að vinnutíminn væri takmarkaður, og væri vinna þar oft síst betri en á togurunum. Um sveitavinnu yfirleitt skal jeg ekkert fjölyrða. Það mun flestum kunnugt, að 18 tíma vinna samfleytt, svo vikum skiftir, þekkist ekki þar, og hefi jeg því enga ástæðu til að bera samskonar frv. fram um löghelgaða 8 tíma hvíld við sveitavinnu. En væru vinnubrögðin eins í sveitum, mundi jeg auðvitað bera fram samskonar frv., til að vernda heilsu þeirra manna, sem þar vinna.

Að síðustu vil jeg benda hv. þdm. á, að ástæður þær, sem þessir tveir hv. þm., hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) notuðu gegn máli þessu, voru undantekningarlaust tilhæfulaus ósannindi og blekkingar, og sýnir það best, hvernig málstaður þeirra er.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg kvaddi mjer ekki hljóðs vegna þess, að neitt það kæmi fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. (HjV), sem mjer þætti snerta málið sjálft, svo að svara þyrfti, heldur vegna hins, að hann vjek sjer að hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) með fúkyrðum, stóryrðum og fullyrðingum, sem við engin rök höfðu að styðjast, en slíkt er oft hlutskifti þeirra, sem komast í algert röksemdaþrot. Annars var það ekkert undarlegt, þó að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) fari svona illa út úr viðureign um þessi mál við hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), þar sem hjá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) fer saman þekking og reynsla

á málinu, en hv. 4. þm. Reykv. (HjV) er málinu ókunnugur, en sækir það þó með kappi. Er honum því nokkur vorkunn, og vildi jeg, að háttv. þdm. dæmdu hann ekki of hart, en hefði hitt hugfast, að þótt fúkyrðin að vísu altaf lýti þann einn, er þau viðhefur, og ættu ekki að þolast á svo virðulegum stað sem þeim, er nú stöndum vjer á, þá fer þó þungi sakarinnar nokkuð eftir atvikum. Þekkingarsnauðan áhuga hv. 4. þm. Reykv. (HjV) sviður undan árekstrinum á kalda kunnáttu háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Þetta er í mínum augum hv. 4. þm. Reykv. (HjV) til afsökunar. Jeg leyfi mjer að vona, að háttv. þdm. líti eins á málið.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg skoða það ekki sem nein rök í málinu, að reynt sje að rægja flm. með því, að hann beri málið fram fyrir peninga. Hefi jeg síst ofmælt um þessa tvo hv. þm., því að slíkar aðdróttanir sýna best, hversu óhæfir þeir eru til þingsetu og hvernig þeirra eiginn hugsanaferill er.

ATKVGR.

1. gr. feld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, Þþ, SvÓ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HjV, JG, JörB, KlJ, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS.

Þrír þm. (IngB, JakM, BSt) fjarstaddir.

Forseti lýsti frv. fallið.

13. Hvalveiðar.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um hvalveiðar (þmfrv., A. 102).

Á 23. og 25. fundi í Nd., dagana 7. og 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., mánudaginn 11. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg og fleiri þm. bárum þetta sama frv. fram á þinginu 1925. Ber jeg það nú aftur fram, eftir tilmælum úr Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ástæðurnar fyrir frv. eru þær, að hvalveiðalögin, eins og þau nú eru, ná ekki tilgangi sínum. Tilgangur þeirra var sá, að auka hvalastofninn. Menn keptu að því af þeim ástæðum, að talið var, að hvalirnir hefðu áhrif á síldar- og fiskigöngur. Nú er skoðun manna á þessu breytt. Má nú telja vísindalega sannað, að hvalirnir hafi engin bætandi áhrif á síldargöngur. Menn rugla hjer saman orsök og afleiðingu. Það eru ekki hvalirnir, sem reka síldina að landi, heldur eru bæði að leita að hinu sama æti. Fuglinn, sem sækir að átu, ræður ekki göngu síldar; þannig ræður og hvalurinn ekki fiskigöngunni. Áta síldar og hvala fer eftir hita og straumi, og er hún fyrsta orsök síldargöngu og hvalagöngu. Þetta er vísindalega sannað. Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur hefir jafnan haldið þessu fram. Erlendir fiskifræðingar eru á sama máli um þetta. Nágrannaþjóðirnar hafa yfirleitt horfið frá friðun hvala, og í Noregi hefir friðunarlög-

unum verið breytt í heimildarlöggjöf. En þar sem nágrannaþjóðirnar leyfa hvalaveiðar, þá þýðir ekkert fyrir okkur að ætla að vernda þá eða friða. Við mundum þá aðeins friða þá handa öðrum til að drepa þá, því að ekki munu hvalir vera það staðbundnir við land vort. Hitt væri skynsamlegra, að leyfa hjer takmarkaðar hvalveiðar með sjerleyfi. Sjerleyfið kemur í veg fyrir samkepni um hvaladráp og takmarkar skutlabátafjöldann. Kostirnir, sem fylgja þessu, eru þeir, að atvinnan mundi aukast og að völ væri hjer á ódýrum og góðum matvælum, því að hvalkjötið hefir mikið næringargildi og er ljúffengt. Þá mundi þetta og afla ríkissjóði tekna. Hjer á eru því margir kostir, en engir gallar.

En hvað hvalstöðvunum viðvíkur, þá er hjer um arðvænleg fyrirtæki að ræða, enda hefir það sýnt sig með hvalstöðvar Norðmanna, t. d. í Færeyjum, að þær gefa góðan arð, og stundum jafnvel ágætan. Eins og hvalalögin eru nú, má gera ráð fyrir, að þau hafi rýrt bæði tekjur ríkissjóðs og einstaklinga, án þess að nokkrir gagnsmunir fylgi.

Að svo mæltu legg jeg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 1 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 274).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Þetta frv. er svo kunnugt hjer í hv. deild, að ekki er þörf á að fara um það mörgum orðum. Það eru nú tvö ár síðan frv. þessa efnis var afgreitt hjer út úr hv. deild, og það frv. var samhljóða þessu. Sjútvn. hefir ekki getað orðið alveg samferða í tillögum sínum um afgreiðslu málsins. Þrír menn vilja samþykkja frv. óbreytt, en tveir hafa áskilið sjer óbundin atkvæði. Þeir munu gera grein fyrir afstöðu sinni, en sjerstaða annars þeirra er ekki þess eðlis, að hann sje á móti þessu máli.

Hjer er um að ræða að gera landsmönnum mögulegt að stunda hvalveiðar, því að svo framarlega sem einhverjir landsmenn eru því vaxnir, álítur sjútvn. ekki rjett að meina þeim það með lögum. Það hefir nú rutt sjer til rúms sú skoðun, að hvalveiðar sjeu ekki til meins fyrir síldar- eða fiskigöngur, og mönnum hefir komið saman um, að sú gamla skoðun á því atriði sje hin mesta hindurvitni. Hitt er alkunna, að hvalurinn lifir á sömu fæðu og t. d. síldin, og leitar því sömu átu, og sjest þar af leiðandi oft í fylgd með henni. Það mætti því fremur segja, að hvalurinn væri keppinautur ýmissa fisktegunda um fæðu.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að frv. verði samþykt.

Sveinn Ólafsson: Jeg gæti að vísu látið mjer lynda það, sem hv. frsm. (SigurjJ) nefndi um sjerstöðu mína í þessu máli. Jeg hefi ekki einu sinni ritað undir nál. með fyrirvara, heldur aðeins áskilið mjer óbundið atkvæði. En það er ekki vegna þess, að jeg leggi nokkurn trúnað á þá hjátrú, sem hefir bólað á í ýmsum veiðistöðvum landsins, að hvalveiðar verði til þess að spilla

fyrir fiskiveiðum og trufli síldargöngur, heldur stafar mín sjerstaða af því, að jeg veit, að þessar veiðar verða því aðeins teknar upp, að útlendir menn komi til sögunnar og leggi fram veiðitæki og kunnáttu. Engir innlendir menn kunna að þessum veiðum, og veiðitæki eru hjer engin til, en þau eru dýrari en svo, að fært sje að leggja fje í þau fyrir skammvinna veiði. Afleiðingarnar af þessari undanþágu frá hvalafriðun mundu því verða þær, að útlendir menn fengju hjer bólfestu og stunduðu veiðarnar. Fyrirtækin yrðu með öðrum orðum rekin með leppum, en á þeim hefi jeg litlar mætur.

Hinsvegar get jeg vel fallist á það, að ef innlendir menn hefðu föng á að stunda hvalveiðar, gætu þær verið arðvænlegar um stuttan tíma. Jeg mun því ekki beinlínis leggja á móti þessu frv., en sje hinsvegar ekki ástæðu til að veita því neinn frekari stuðning og legg ekkert kapp á að það gangi fram.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg get um mína afstöðu til þessa máls að mestu skírskotað til þess, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði. Auk þess vil jeg geta þess, að jeg álít heppilegra, að slíkur atvinnuvegur sem þessi væri rekinn af því opinbera, heldur en að veita einstökum mönnum sjerleyfi til þess, og þá ef til vill leppum útlendinga. Nokkur atriði í frv. eru óviðkunnanleg, t. d. það, að sjerleyfið skuli bundið við ákveðinn fjölda skipa, í stað þess, að taka ætti fram, hvað mikill fjöldi veiðiskipa yrði mestur. Ef á annað borð ætti að stunda hvalveiðar fyrir alvöru, má gera ráð fyrir, að ef ekki er takmarkaður skipafjöldinn með lögum, mundi bráðlega reka að því, að sjerleyfi væri gefið ofan á sjerleyfi, uns allur hvalur við Íslandsstrendur væri horfinn.

Þá má geta þess, að hagnaður ríkissjóðs er hverfandi, 1500 krónur á skip. Þetta yrði atvinnurekstur, sem litla þýðingu hefði, nema í mesta lagi fá ár, svo að ekki yrði þetta til mikilla bóta frá því, sem nú er.

Hákon Kristófersson: Jeg kann háttv. 1. þm. S.-M. þakkir fyrir afstöðu hans í þessu máli. Jeg get ekki komið auga á, hvað vakir fyrir mönnum með flutningi þessa frv.. Það er alkunna, að þá atvinnuvegi, sem fyrir eru, vantar fje til framkvæmda. En þetta frv. hlýtur að leiða af sjer fjárframlög, nema því aðeins, að vinna eigi að hvalveiðunum með útlendu fjármagni, og þar af leiðandi hyrfi allur arðurinn út úr landinu.

Því hefir verið haldið fram áður, að hvalir væru drepnir hvort sem væri, og því væri ótilhlýðilegt af okkur að banna hvalveiðar. En jeg get ekki betur sjeð en að þetta frv. verði að eins til þess að gera aðstöðu útlendinga hægari, því að jeg býst ekki við því, að Íslendingar yrðu einir um þetta sjerleyfi, heldur mundi hið raunverulega sjerleyfi lenda í höndum útlendinga.

Að hið opinbera fari að reka slíka starfsemi, eins og vilji hv. 4. þm. Reykv. (HjV) virðist vera, liggur lengra frá, og verður víst ekki fyr en þjóðnýtingartímabilið mikla hefst. Sem sagt get jeg ekki fallist á þetta frv., þar sem jeg get ekki með mínum besta vilja sjeð, að það komi að öðru gagni en því, að við fengjum hval til neyslu í 3—4 ár.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Jeg þarf aðeins að segja örfá orð út af þeim

ummælum hv. þm. Barð., að ómögulegt muni reynast að fá fje til þessa fyrirtækis, þar sem svo erfitt sje að fá rekstrarfje til atvinnuveganna yfirleitt.

Jeg get fallist á, að erfitt sje oft að útvega fje, en jeg vil benda á, að það getur verið auðvelt að afla fjár til eins fyrirtækis, þó að erfitt sje að afla þess til annars. Hvalveiðar þykja mjög arðvænlegar, og vel getur verið, að hægt sje að fá fje til þeirra. Ástandið er ekki efnilegt með ýmsan okkar rekstur til sjávarins, t. d. hinn stærri bátaútveg, sem hefir valdið landsmönnum miklum töpum. Jeg álít það mjög öfuga stefnu hjá hv. Alþ., ef það vill ekki gefa þeim mönnum, sem hafa vilja og dugnað til þess, tækifæri til að breyta til. Jeg get upplýst, að þessi atvinnugrein er í miklu áliti hjá Norðmönnum. Þeir hafa um 120 skip í suðurhöfum, og gert er ráð fyrir afurðum fyrir 90 miljónir kr. Þess utan hafa þeir rekið hvalveiðar talsvert hjer í norðurhöfum.

Jeg vil benda þeim hv. þm., sem halda, að hjer sje á ferðinni einhver „hókuspókus", að í 2. gr. frv. er tekið fram, við hvað sjerleyfið sje bundið. Það er bundið við íslenska ríkisborgara og ákveðinn fjölda veiðiskipa. Það er engin ástæða til að vera myrkfælinn við þetta.

Jeg vil ekki gera jafnlítið úr því, að hafa hval til neyslu, eins og hv. þm. Barð. (HK). Hvalur var áður etinn um þvert og endilangt Ísland og þótti hin hollasta og ódýrast fæða. Nú flytjum við hval inn frá Færeyjum, og hann er rándýr. Jeg vildi mjög gjarnan stuðla að því, að landsmenn ættu aftur kost á að afla sjer þessarar ódýru en ágætu fæðu.

Ásgeir Ásgeirsson: Andmæli, sem komið hafa fram gegn þessu frv., eru ekki veigamikil. Aðalmótmælin virðast vera hættan á því, að sjerleyfið falli í hendur útlendinga. Þetta orð, „útlendingar", hljómar afar illa. Ef nokkur líkindi eru til þess að útlendingar geti haft hag af einhverju fyrirtæki, þykir um leið sannað, að verið sje að gera einhverja stórkostlega vitleysu. En jeg veit nú ekki til, að okkar íslenska löggjöf geti gert öllu meira til þess að tryggja aðstöðu landsmanna en gert er í 2. gr. þessa frv. Hitt skal jeg fúslega játa, að til hvalveiðanna mundum við þurfa hjálpar útlendinga, Norðmanna, sem eru þaulvanir þessari atvinnugrein. Hvenær sem við tökum upp einhvern atvinnuveg, þurfum við til þess aðstoð erlendra sjerfræðinga. Nú stendur svo sjerstaklega á, að til eru íslenskir hvalveiðamenn í Suðurafríku og víðar, en jeg get ekki að svo stöddu sagt um, hversu margir þeirra mundu vilja flytja heim, eða hversu marga norska sjerfræðinga við þyrftum að fá okkur til aðstoðar. En ef við fáum útlenda sjerfræðinga, er það til að hjálpa okkur sjálfum.

Mjer skildist á hv. þm. Barð., að hann teldi, að af þessu frv. gæti ekki leitt annað gagn en það, að við fengjum hval að jeta í 3—4 ár. En eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, er alls ekki svo lítið úr því gerandi. Það er samt ekki aðalatriðið, heldur hitt, að skapa atvinnuveg, sem annarsstaðar hefir reynst mjög arðvænlegur. Og það er alveg sjerstök ástæða til þess, þegar allir okkar atvinnuvegir standa höllum fæti, að taka upp atvinnuveg, sem reynst hefir öruggur og arðvænlegur. Hann mundi veita mönnum atvinnu og leggja af

mörkum til ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Jeg get frætt hv. þm. Barð. á því, að í ýmsum fjörðum nálægt honum hafa menn mjög fastlega óskað eftir, að hvalveiðar kæmust á. Þetta frv. er einmitt borið fram vegna áskorana frá þing- og hjeraðsmálafundi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Það er óhætt að segja, að meðal annars vegna þess, hvað atvinnuvegum okkar gengur illa, er ástæða til að líta í kringum sig, ef einhversstaðar kynnu að vera ónotuð bjargráð. Þetta er það helsta, sem íbúar Vestur-Ísafjarðarsýslu hafa óskað eftir, og er fullhart að neita þeim um það af þeirri ástæðu, að þeir mundu þurfa útlenda sjerfræðinga sjer til hjálpar. Jeg man ekki betur en að til stjórnarráðsins eða þingsins kæmi áþekk ósk þessari úr kjördæmi hv. þm. Barð (HK), þar sem einn hreppur gerði kröfu til þess, að Norðmaður fengi að „stationera“ á Patreksfirði. En hjer er um að ræða íslenska ríkisborgara eina.

Það er vitanlegt, að hvalveiðar eru stundaðar hjer við land frá erlendum höfnum, af erlendum mönnum, á erlendum skipum, svo að segja má með sanni, að þeir, sem eru á móti þessu frv., sjeu að friða hvalinn handa útlendingum.

Af því, sem fundið hefir verið að frv., get jeg ekki sjeð, að neitt hafi við rök að styðjast, nema ef til vill það, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) benti á, að frv. ætti að taka fram veiðiskipafjöldann. Ef skynsamleg tillaga kæmi fram í þá átt, mundi jeg geta fallist á hana, þó að jeg telji þetta ekki brýna nauðsyn.

Hákon Kristófersson: Jeg hjelt að jeg hefði stilt svo í hóf mínum ummælum, að þau hefðu ekki þurft að móðga neinn. En skoðun mín á þessu máli er alveg óbreytt frá því sem var.

Hv. flm. (ÁÁ) beindi þeim orðum til mín, að mjer væri ákaflega illa við útlendinga, og ef þeir kæmu hjer nokkursstaðar nálægt, væri það eins og rauð dula á mig og aðra. Jeg er ekki hræddur við útlendinga, svo að jeg get fullyrt, að þessi ummæli hv. flm. hafa ekki við neitt að styðjast (**KlJ:** Alveg rjett!). Jeg hefi aldrei sagt, að hvalur væri lítils virði til neyslu. Þvert á móti þykir mjer hvalur mjög góður. En hitt sagði jeg, að þó að þetta frv. kæmist í framkvæmd, þá stæði það ekki nema í nokkur ár, sem við hefðum not af þessum ráðgerðu friðindum, sem líkleg eru talin, ef frv. verður að lögum. Það eru ekki margir áratugir síðan hætt var að veiða hjer hval, af því að það þótti borga sig svo illa, þar sem mjög lítið veiddist. (**ÁÁ:** Sjerleyfið á að vera takmarkað.) Já, jeg efast ekki um, að hv. flm. gangi það allra besta til með frv. sínu, og flytji það vegna áskorana úr kjördæmi sínu. En jeg hefi enga trú á því, að þetta frv. verði til þess að bjarga við hinum aðþrengdu atvinnuvegum þar vestur frá, því að þessari hugsun bólaði á löngu áður en kreppan kom á atvinnuvegi okkar, bæði þar og annarsstaðar á landi hjer.

Hv. þm. sagði, að óskað hefði verið úr mínu kjördæmi eftir heimild handa útlendingi til að „stationera“ á Patreksfirði. Jeg hefi aldrei heyrt um það fyr, og verð jeg að biðja hv. flm. velvirðingar á því, að jeg skuli vera svona ófróður. Þó að jeg sje á móti frv. þessu, er það ekki meining mín, að gera mitt til að friða hvalina handa útlendingum. Þvert á móti. Jeg hefi bara ekki

tilhneigingu til að fylgja því, af því að jeg býst við, að enda þótt það verði samþ., þá leiki mjög á tveim tungum, hvern hag Íslendingar hafi af því. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje hræddur við, þó að nokkrir Norðmenn flytjist inn í landið. Annars legg jeg ekki svo mikið upp úr þessu máli, að jeg vilji fara að lenda í þrasi út úr því. Jeg hefi lýst minni skoðun, og hún er sú, að jeg býst við, að enda þótt við fáum átuna af 40—50 hvölum, þá bjargi það þjóðinni ekki yfir eitt eða tvö vandræðatímabil.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer hefir aldrei dottið í hug að fullyrða, að tilgangur þessa frv. væri að seðja alla svanga munna og ljetta öllum áhyggjum af öllum til eilífðar. En verði það samþ., og komi það til framkvæmda, mun það hjálpa nokkrum mönnum og gera afkomu þeirra betri. Annað og meira er ekki um að ræða. Spurningin er því sú, hvort það sjeu nokkur útlát, að veita þessum mönnum það sjerleyfi, sem hagsmunir þeirra heimta. Jeg hefi ekki heyrt bent á eitt einasta atriði, sem bendi til þess, að það geti orðið til tjóns. Jeg ætla ekki að rifja upp þá gömlu deilu, hvort hvalurinn sje nokkurskonar smalahundur fyrir síldina, enda hefir slíkri kenningu ekki verið haldið fram hjer. Háttv. deildarmenn hafa verið svo skynsamir, að fara ekki inn á þær brautir nú.

Fiskifjelagið hefir gefið þá yfirlýsingu, að samþykt þessa frv. hefði á engan hátt skaðleg áhrif á neinn þann atvinnuveg, sem fyrir er í landinu. Og þegar svo er, þá eigum við að taka upp sjerleyfisstefnuna, eins og Norðmenn. Annars er það engin þjóð, sem hefir friðað sína hvali, og við erum umkringdir af hvalveiðastöðvum; þannig eru t. d. margar í Færeyjum og flotstöð var við Grænland.

Hvað frv. þetta snertir, þá er enginn vafi á, að það á að samþykkja það, því að hvalirnir flakka svo víða, að engin líkindi eru til, að friðun í einu landi komi að gagni. Og hjer er ekki gert ráð fyrir hvalveiðum í stærri stíl en það, að þær geti orðið sæmilegur atvinnuvegur fyrir nokkra menn, að notfæra sjer þetta veiðidýr, sem hvort sem er yrði þó drepið annarsstaðar, en draga það ekki um of, svo að þetta geti verið nokkurnveginn öruggur atvinnuvegur fyrir þá fáu menn, sem hann stunda, og til þess, að ekki fari eins og síðast, er alt of mikil samkepni hljóp í þessa hluti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3. atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 102).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 102).

Á 49. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., fimtudaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 466).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Svo sem kunnugt er, var þetta frv. um hvalveiðar flutt í hv. Nd. árið 1925 og samþykt þar með miklum atkvæðamun, en þessi hv. deild vísaði því þá til stjórnarinnar. Nú hefir það verið flutt á ný í hv. Nd. og samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta.

Afstaða sjútvn. þessarar deildar er svipuð nú og hún var 1925; meiri hl. hennar sjer ekki ástæðu til að vera á móti frv. Alveg sömu rök liggja til afstöðu nefndarinnar nú og 1925 og nægir því raunar að vísa til þess, sem þá var sagt og skrifað af hennar hálfu. Minni hl. nefndarinnar er nú aftur á móti frv., og leggur til, að það sje felt.

Jeg fæ ekki sjeð, að síðan 1925 hafi komið neitt það fram, sem frekar mæli með að fella frv. nú en þá. Hinsvegar er ástandið í landinu nú þannig, að ekki sýnist ástæða til að leggja á móti fyrirtækjum, sem gætu orðið ríkissjóði til hagnaðar og mættu veita almenningi nokkra atvinnu. Að vísu má segja sem svo, að það yrði ekki atvinna fyrir marga, þótt ein hvalveiðistöð eða svo yrði reist hjer á landi, en þó var það ekki lítil atvinna, sem menn höfðu af hvalveiðum áður fyr, meðan þær voru stundaðar frá Íslandi. Alveg sömu ástæður og áður liggja nú til, að veita íslenskum ríkisborgurum leyfi til hvalveiða. Það er af kunnugum mönnum talið víst, að útlendingar veiði hval hjer uppi undir landssteinum, þótt þeir megi ekki flytja hann hjer að landi. Sje þetta rjett, sem ekki er ástæða til að efast um, sýnist lítil ástæða til, að Íslendingar megi ekki nota sjer þessa veiði, verði að horfa á hana, án þess að hafast að. Á þessa ástæðu var drepið fyrir tveim árum, en mjer virðist rjett að minna á hana á ný, þar sem hún má teljast ein aðalástæðan til fylgis meiri hl. sjútvn. við frv. Friðun hvals, sem hjer mun hafa verið hugsjónin, næst aldrei, meðan útlendingar mega veiða hann hjer og flytja burtu. Það hefir heyrst, að alþjóðasamtök sjeu komin á stað um hvalfriðun. Ekki er ólíklegt, að svo sje, eins og t. d. talað er um alþjóðasamtök til að friða vissa flóa og firði fyrir botnvörpuveiðum. Þótt svona samtök sjeu í sjálfu sjer mjög æskileg, og sjálfsagt fyrir Íslendinga að taka þátt í þeim á sínum tíma, þá eru þau altaf mjög lengi að komast á. Og ekki sýnist ástæða til að banna Íslendingum hvaladráp, meðan útlendingar stunda það umhverfis landið.

Jeg held, að langar umræður um málið sjeu þýðingarlausar að þessu sinni, þar sem svo stutt er síðan það var hjer síðast á ferð. Jeg geri líka ráð fyrir, að allir hv. þdm. hafi þegar ráðið við sig, hvernig þeir eiga að greiða atkv. Því mun jeg ekki hafa þessi orð fleiri.

Jón Baldvinsson: Friðun hvala hefir löngum verið mikið deilumál hjer á landi. Þegar Alþingi samþykti að friða hvali, mun það hafa verið mikið fyrir þá sök, að menn hugðu, að hvaladráp spilti síldargöngum. Jeg geri ráð fyrir,

að mikill hluti manna líti nú öðruvísi á það mál. Þó hafa margir sjómenn enn þetta álit, svo sem sjá má af umræðum um hvalaveiðafrv. í neðri deild 1925. Einkum er þetta álit margra um hrefnu. Menn hjeldu, að í þröngum fjörðum hrekti hún síldina upp að landi og í net. Jeg skal engan dóm á þetta leggja, en jeg veit, að margir síldarútvegsmenn leggja ekki litla áherslu á það.

En það er ekki af þesum ástæðum, sem jeg er á móti frv. Jeg býst við, að búið sje að slá því föstu, að áhrif hvala á síldargöngur sjeu ekki svo mikil sem menn hugðu áður. Aðrar orsakir liggja til andstöðu minnar gegn frv. Það er einkum tvent, sem hv. stuðningsmenn þess segja, að eigi að vinnast við að setja hjer upp hvalveiðastöðvar: tekjur ríkissjóðs eiga að aukast, og jafnframt að verða meiri atvinna í landinu. Hið fyrra er ekki veigamikið. Flm. frv. 1925 ætluðust til, að veitt yrði tvö sjerleyfi, annað fyrir Vestfirði og hitt fyrir Austfirði. Átti hvor stöð að hafa tvo báta, og ef svo verða borgaðar 500 kr. af hverjum bát, sem líklegt er, því að það er lágmarkið, þá verða þetta alls 2 þús. kr. Jeg vona, að menn sjái, að ríkissjóður er jafnt á hausnum, hvort sem hann fær þær eða ekki. Hitt atriðið, um atvinnuna, krefst nokkru nánari athugunar. Jeg skal játa, að hún geti orðið nokkur, en þó er þetta atriði mjög varhugavert, vegna þess að hvalveiðarnar hafa verið á svo miklu flökti að undanförnu. Það verða e. t. v. ekki nema fá ár, sem veiðarnar verða stundaðar, því að þá getur hvalurinn verið nær þrotinn. Sú var líka reynslan áður, að veiðarnar voru á flökti og stopular. Þegar þær voru hættar að borga sig á Vestfjörðum, tóku veiðimennirnir sig upp og fluttu stöðvarnar til Austfjarða. Enda er það alstaðar svo, að Norðmenn, sem mest stunda þessar veiðar, eru altaf á ferð og flugi með stöðvar sínar fram og aftur um hnöttinn. Ef þessi yrði reynslan hjer, þá er ver farið en heima setið, einkum þegar menn sjá þetta fyrir. Þá hefir fólkið verið teygt til hvalveiðastöðvanna í von um atvinnu, en stendur svo allslaust uppi, þegar stöðvarnar eru lagðar niður. Þá verður ávinningurinn eigi svo mikill sem menn nú vænta: atvinnan farin og ríkissjóður sviftur tekjunum. Jeg neita því ekki, sem sumir hafa haldið fram, að fá megi nokkuð af ódýrum mat handa landsmönnum, ef hvalveiðastöðvar verða settar hjer á fót. En jeg legg ekki svo mikið upp úr því, að jeg vilji fyrir þá sök fara að breyta löggjöf, sem nýlega er búið að framlengja um 10 ár.

Þá kem jeg að annari aðalástæðu til að vera á móti frv. Jeg býst nefnilega við, að íslenskir ríkisborgarar mundu í raun og veru ekki fá sjerleyfi til veiðanna, heldur yrðu leppar fyrir Norðmenn. Auðvitað ættu Norðmenn hægast með að koma á fót stöðvunum. Þeir eiga öll nauðsynleg áhöld, hvalveiðaskip, veiðarfæri o. s. frv. Þeir mundu svo mynda hlutafjelög um að koma hjer á fót þessum atvinnurekstri, leggja til áhöldin og peningana, en fá einhverja innlenda menn til að vera í stjórn og látast eiga hlutafje. Jeg skal ekki segja, að út af fyrir sig væri neitt á móti slíkri undanþágu, en hún á þá að vera alveg hrein. Það dugir alls ekki að segja í lögunum, að íslenskir ríkisborg-

arar einir geti fengið svona sjerleyfi, ef lögin eru sett í þeirri ætlun, að veita útlendum mönnum leyfið.

Það er alveg rjett hjá hv. frsm. að við bætum okkur lítið á löngum umræðum um þetta mál. Þó verð jeg að minnast á örfá einstök atriði. Um það hefir verið mikið deilt, hvort hrefnur eigi að vera friðaðar hjer við land eða ekki. Til þess að þóknast öllum, hefir verið farin sú leið í frv., að ófriða hrefnu, en leyfa sýslunefndum að friða hana í landhelgi út af sinni sýslu. Af þessu getur leitt hinar undarlegustu niðurstöður, þegar tvær sýslur liggja að sama firði eða flóa, eins og t. d. við Eyjafjörð. Þar gæti farið svo, að hrefna yrði rjettdræp öðrumegin fjarðarins, en friðuð hinsvegar. Menn segja náttúrlega, að ekki sje vandi fyrir hrefnuna að hegða sjer á slíkum stöðum; hún eigi vitanlega að halda sig upp að því landinu, þar sem hún er friðuð.

Að lokum vil jeg bæta því við, að það er skoðun margra, að þetta mikla, risavaxna lagardýr, hvalinn, eigi að alfriða, og sú skoðun virðist vera að ryðja sjer til rúms í heiminum, að það sje illa farið, ef þessari skepnu verður útrýmt. En alt virðist benda til þess, að að því stefni, með hinni miklu græðgi, sem er í veiði þessara dýra. Þess vegna hefir komið til tals hjá alþjóðabandalaginu, að það gangist fyrir allsherjarsamþykt um friðun hvala. Nú stendur svo á hjá okkur, að komið hefir til tals að færa út landhelgina, til hagsmuna fyrir smábátaútveg landsmanna. Mjer finst því, að hvalafriðunin geti verið dálítið innlegg fyrir okkur, með rýmkun landhelginnar, ef hún kæmi til þjóðabandalagsins. Það sýndi töluverða óeigingirni hjá okkur, að hafa hvalina friðaða, enda þótt við ættum von á 3 þús. kr. tekjum í ríkissjóð og góðum, súrum hval til átu, ef við hefðum þá ófriðaða. Aftur á móti mætti nota það sem vopn á móti okkur, ef við fyrir þessa litlu hagsmuni ljetum hvalina vera ófriðaða. Það mætti segja, að við ættum ekki skilið að fá landhelgina rýmkaða, úr því að við ekki einu sinni vildum friða þessa fáu hvali.

Ingvar Pálmason: Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta sjeu sjerleyfislög, og mjer finst frágangurinn á þeim ekki eins tryggur og hann þyrfti að vera á sjerleyfislögum. Jeg vil því ráða háttv. deild frá að samþykkja frv. þetta. Mjer finst ekki ástæða til að deila hjer um friðun eða ófriðun, heldur beri að líta á sjerleyfishliðina. En þar sem hún er ekki svo trygg sem skyldi, þá legg jeg til, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Háttv. 2. þm. S.-M. taldi frv. þetta ekki nægilega trygt sem sjerleyfislögjöf, en jeg sje ekki, í hverju það liggur. Enda benti hann ekki á neitt atriði, sem vantaði til þess, sem ekki var heldur von, því að í frv. eru ákvæði um, að kveða megi á um fjölda veiðiskipa o. fl. Ennfremur stendur í 3. gr. frv., að ráðherra geti sett frekari skilyrði, eftir því sem ástæða þykir til. Ráðherra hefir því alveg frjálsar hendur um það, að setja þau skilyrði í sjerleyfið, sem hann telur þurfa. Er því ekki ástæða til að vera á móti frv. fyrir þá sök, að ekki sje tryggilega frá því gengið, hvað sjerleyfið snertir.

Háttv. 5. landsk. (JBald) mintist á ýmislegt, og þar á meðal þetta gamla, með fiski- og síldargöngur í sambandi

við hvalafriðunina, sem svo mjög var um rætt, þegar mál þetta var til umræðu á þinginu 1925. Mótmælaalda reis gegn því, sem bygð var á þessu. Annars veit jeg ekki, hvort svo beri að líta á, að þeir, sem að þeim mótmælum stóðu þá, hafi skift um skoðun, því að engin andmæli hafa komið frá þeim nú gegn þessu frv. Annars deilir menn á um þetta; þannig telja margir, sem við fiskirannsóknir fást, að hvalirnir hafi engin áhrif á fiskigöngurnar; samt er ekki hægt að halda því fram, að sú skoðun sje ríkjandi hjá sjómönnum.

Þá benti háttv. 5. landsk. á tekjur ríkissjóðs samkvæmt frv. þessu, og gerði frekar lítið úr þeim. En jeg get fullvissað háttv. þm. um, að tekjurnar verða mun meiri en hann gerði ráð fyrir. Það er ekki gert ráð fyrir, að þeir, sem fá sjerleyfið, verði lausir við opinber gjöld. Auk þess verður gjald af útfluttum afurðum ekki svo lítið. Þá finst mjer ekki eins lítið gerandi úr því, að fá góðan og ódýran mat, eins og mjer virðist háttv. 5. landsk. vilja gera. Jeg tel það atriði svo mikilsvert, að það sje fullkomlega þess vert, að breyta löggjöfinni fyrir það eitt. Því að það er ekki svo lítils virði, ef hægt er að fá góðan og ódýran mat fyrir nærliggjandi hjeruð stöðvunum. Annars er það ekki þetta, sem vakir fyrir þessum háttv. þm., heldur hitt, að hann er hræddur um, að útlendingar fái þetta sjerleyfi. Það má vel vera, að fá þurfi erlent fje til þess að koma þessu á stað, að minsta kosti að einhverju leyti. En er ekki allur atvinnurekstur til framleiðslu tekjur fyrir ríkissjóð? Jeg veit ekki betur; þess vegna finst mjer síst vera ástæða til fyrir þennan háttv. þm. að vera á móti þessu, hann, sem ber hag alþýðunnar svo mjög fyrir brjósti. Jeg fyrir mitt leyti fylgi þessu, af því að jeg tel það muni verða til góðs fyrir þjóðina. Jeg held, að það sje engin ástæða til, hvorki fyrir háttv. 5. landsk. eða mig, að fara að leggja alþjóðabandalaginu orð í munn. Jeg verð að telja það heldur langt til seilst.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg sje engan sjerstakan manndóm í því, að láta útlendinga drepa hvalina umhverfis landið, án þess að landsmenn hafi nokkurn hag af því sjálfir. Jeg held því, að stjórnin ætti að nota þetta tækifæri, ef frv. verður að lögum, og gefa út tryggilegt sjerleyfi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þessu máli var vísað til stjórnarinnar á þingi 1925. Þó að það heyri undir atvrh. skal jeg skýra frá því, að það var ekki af gleymsku, að stjórnin lagði það ekki fyrir þingið nú, heldur af því, að okkur ráðherrunum kom saman um, eftir öllum atvikum, að leggja ekki fyrir þingið stjfrv. um þetta efni. Jeg held því tæpast, að nú sje ástæða til að vísa málinu til stjórnarinnar að nýju, þó að það væru að vísu engin afglöp að gera það. Jeg skal í fám orðum gera grein fyrir, af hverju mjer sýnist athugavert að gera svona frv. að lögum.

Eftir öllu því, sem menn vita um aðdraganda þessa máls, eru tæplega líkur til, að þó að sjerleyfið verði veitt, verði stofnað til þessa atvinnurekstrar af íslenskum mönnum á íslenskum skipum með íslensku fje. Við hinu má frekar búast, að hingað komi skip, sem til þessa hafa verið erlend eign og mundu að vissu leyti halda áfram að vera erlend eign, ef stofnfje þess fjelags, sem sjerleyfið hefði, væri útlent að miklu leyti.

En ef slíkur skipastóll kemur hingað til þess að hafast við hjer við land, gæti jeg búist við, að minsta kosti ef ekki væri því varlegar um búið í sjerleyfinu, að það kynni að vekja grun um, að á ferðinni væri einhver sú notkun á skipum annara þjóða, sem ekki væri vel samrýmanleg við þá grundvallarreglu löggjafar okkar um fiskiveiðar, sem nú er verið að reyna að festa í framkvæmdinni á grundvelli fiskiveiðalaganna frá 1922. Það er ástæða til að fara varlega, af því að sú löggjöf gengur lengra í að vernda rjett landsmanna en áður hefir verið gert. En okkur hefir ekki tekist í byrjun að fá flekklausa framkvæmd á þeirri löggjöf. Þarf í því sambandi ekki annað en minna á togaraútgerðina í Hafnarfirði, sem leyfð var eftir sjerstökum lögum, og einnig má minna á hið tímabundna leyfi, sem nokkrir útlendingar hafa til að reka síldverkunarstöðvar á Norðurlandi. Við erum sem sagt ekki búnir að ná fullri festu á þessu sviði. Þó að hjer sje um hvalveiðar að ræða og segja megi, að þar gegni nokkuð öðru máli en um fiskiveiðar, eru þau mál samt svo skyld, að ef hingað koma veiðiskip, sem ekki að öllu leyti fullnægja grundvallarhugsun fiskiveiðalaganna, þá býst jeg við, að slíkt geti aukið á erfiðleikana með að framfylgja þeirri löggjöf. Jeg skal að vísu játa, að eins og lagafrv. er úr garði gert, gæti sjerhver stjórn sett öll skilyrði, sem við þarf, en jeg er ekki sannfærður um, að hvaða stjórn sem er sje til þess treystandi, að gæta alls, sem þarf.

Nú standa svo sakir, að jeg álít þýðingarlaust að samþ. þessa löggjöf nú, ef ætlast er til, að stranglega sje eftir því gengið, að bæði fje og starfræksla sje íslenskt, því að eftir því sem getu bankanna og fjárhag almennings er háttað, eru engar vonir um, að laust sje íslenskt fje til þessa fyrirtækis. Jeg held, að það sje að minsta kosti skaðlaust, þó að svona löggjöf bíði, þangað til upplýst er, að innlent fjármagn sje fyrir hendi. Auk þess held jeg, að ekki sje hægt að ganga fram hjá því, sem hv. 5. landsk. bar fram, að ekki sje trygging fyrir því, að svo mikið sje af hvölum hjer við land, að fyrirtækið geti orðið nógu langlift.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg get ekki sjeð, að þó að þetta frv. yrði að lögum, þyrfti það á nokkurn hátt að raska þeirri stefnu, sem tekin var upp með fiskiveiðalöggjöfinni 1922. Hjer stendur öðruvísi á. Jeg legg ekki til, að frv. verði samþ. í því skyni að slaka á fiskiveiðalöggjöfinni, en hitt er öllum ljóst, að ekki er útlit fyrir, að í bili sje fáanlegt annað fje til þessa fyrirtækis en útlent. Ef endilega á að bíða eftir framkvæmdum í þessa átt, þangað til innlendar peningastofnanir eru reiðubúnar að leggja fram það fje, sem þarf, þá býst jeg við, að við megum lengi bíða. Röksemdir hæstv. ráðh (JÞ) og hv. 5. landsk. afsanna engan veginn það ástand, sem er á þessu sviði, þar sem vitanlegt er, að útlendingar veiða hvalinn hjer við land og fara með hann í önnur lönd til vinslu. Önnur lönd hafa tekjur af honum, og annað fólk hefir atvinnu við hann, en íslenskum þegnum er meinað með lögum að njóta nokkurs góðs af. Það er í sjálfu sjer ekki veruleg ástæða á móti frv., þó að benda megi á, að þessi atvinnuvegur sje stopull. Það er hann vitanlega, eins og allir aðrir atvinnuvegir, sem að

sjónum lúta. En eftir því sem reynslan hefir sýnt undanfarin ár, er ekki hægt að gera ráð fyrir, að það þyrfti að vera mönnum til skaða, þó að hvalveiðastöðvarnar gætu ekki starfað um ótakmarkaðan tíma. Mjer þykir líklegt, að þær legðust niður, en jeg fæ ekki sjeð, að þeir, sem atvinnu nytu við þær, væru ver settir eftir en áður. Meðan hvalveiðar voru stundaðar hjer, flutti fólk sig ekki búferlum á stöðvarnar, heldur var það þar vissan tíma árs, eins og nú gerist um síldarvinnu.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. (JÞ) um, að það sje til einskis, að vísa þessu máli til stjórnarinnar, eftir undirtektum hennar að dæma. Í fyrra gerði hún ekkert í því, sem ekki var von, eftir afstöðu hennar. En eftir árferði og öðru ástandi í landinu álít jeg ekki rjett að fella frv.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 102, n. 466).

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til stjórnarinnar, frá 2. þm. S.-M. (IP), feld með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, IP, JBald, JKr, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JJ, BK.

JÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MK) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 7 : 6 atkv.

2. gr. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, JJós, JóhJóh, JJ, BK, EÁ, EJ.

nei: IHB, IP, JBald, JÞ, JKr, HSteins.

Einn þm. (MK) fjarstaddur.

3.—5. gr. samþ. með 7 : 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 5 atkv.

Á 73. og 74. fundi í Ed., dagana 13. og 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 102, 548, 567, 589).

Jón Baldvinsson: Jeg hefi borið fram nokkrar brtt. í því skyni að bæta úr verstu göllum þessa frv. Sú fyrsta er á þá leið, að orðin „nema hrefnur“ í 1. línu 1. gr. falli niður. Þessi breyting þýðir það, að allir skíðishvalir skuli friðaðir í landhelgi. Í 1. gr. er sýslunefndum heimilað að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, en eins og menn þekkja, gefast slíkar sýslusamþyktir misjafnlega, og í þessu tilfelli gæti árangurinn orðið æði broslegur. Samkvæmt þessari heimild gæti vel farið svo, að tvær reglur giltu þar sem tvær sýslur liggja að sama firði. Tökum t. d. Eyjafjörð. Að honum liggur Þingeyjarsýsla öðrumegin, og kunnugir vita, að Þingeyingar mundu samþ. hjá sjer friðun. Hinsvegar er talið, að Eyfirðingar, sem búa hinumegin fjarðarins, vilji hafa hrefnuna ófriðaða. Sýslunefndarsamþyktir mundu því verka þarna ærið skringilega.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að hafa megi flotstöðvar í landhelgi. Jeg tel ekki rjett, að leyfa flotstöðvar, þó sjerleyfi sje veitt, og vil, að þetta sje felt niður. Svo gæti farið, að hvalveiðin þætti ekki borga sig nema 1—2 sumur, og yrði þá flotstöð frekar flutt burt heldur en föst stöð í landi. Í samræmi við þetta eru

brtt. minar við 2. gr. á þskj. 567, a. og b. liður. Það er beinlínis tekið fram í brtt., að ekki megi veita sjerleyfi til að nota flotstöðvar, er geri sama gagn og stöðvar í landi. Í sömu átt fer brtt. við 3. gr. a-liður, að orðin „í landi“ falli niður.

Þá þykir mjer það broslega lítið, sem gert er ráð fyrir, að greitt skuli af hverju hvalveiðaskipi. Þetta er stór atvinnuvegur hjá Norðmönnum, svo að það lítur nokkuð einkennilega út, að taka aðeins 500 kr. af skipi. Jeg ber því fram brtt. um, að í stað 500 komi 1000. Þá þykir mjer rjett, ef þetta kemur til framkvæmda, að svo sje fyrir mælt, að hvalveiðastöðvar og hvalveiðaskip noti innlenda menn, bæði á skipunum og í landi, meðan menn fást, sem kunna starfið. Síðasti liður brtt. við 3. gr., c. 2, er á þá leið, að ríkissjóði skuli heimilt, hvenær sem er á sjerleyfistímanum, að kaupa hvalveiðastöðvar og hvalveiðaskip fyrir verð, er dómkvaddir menn meta, ef samkomulag um kaupin næst ekki á annan hátt. Jeg álít, að þessi brtt. sje nauðsynleg fyrir ríkið, af því að útlendingar eiga í hlut, sem farið gætu burtu með skip og önnur áhöld fyrirvaralaust, ef þeir álitu frekar fengs von annarsstaðar, t. d. í suðurhöfum. Starfsfólk gæti þannig skyndilega mist atvinnu og orðið illa statt. Jeg geri þessa brtt. að svo miklu kappsmáli, að jeg mun ekki undir neinum kringumstæðum geta greitt frv. atkv., ef hún verður feld, og raunar vafasamt, að jeg geti það, þó að hún verði samþ.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Meiri hl. sjútv. flytur till. þess efnis, að það skuli tekið fram í sjerleyfinu, að leyfishafa sje skylt að selja innanlands, ef þess er óskað, kjarnfóður og áburðarmjöl við ekki hærra verði en markaðsverði þessara vörutegunda á útlendum markaði, að frádregnum flutningskostnaði til útlanda. Þessi till. er til mikilla bóta, því að ef úr rekstri verður, leiðir af henni það, að sveitabændur geta fengið þessar vörur þeim mun ódýrari, sem flutningsgjaldinu frá útlöndum nemur, en það er tiltölulega hár liður á þessum vörum. Býst jeg við, að hv. deild geti samþ. þessa till.

Hv. 5. landsk. (JBald) hefir borið fram ýmsar brtt., en lýst því jafnframt yfir, að vafasamt væri, hvort hann gæti fylgt frv., þó að sú tillagan, sem hann leggur mest upp úr, væri samþ. Meiri hl. sjútvn. hefir athugað þessar till., og getur hún fallist á sumar þeirra, en sumar ekki. Hún getur ekki fallist á að friða hrefnuna, eins og hv. 5. landsk. vill. Meiri hl. nefndarinnar álítur þessa hrefnuveiði svo ábatasama fyrir þá, sem njóta hennar, að hann vill ekki spilla atvinnuvegi þeirra, enda kæmi það illa niður á mönnum, sem búnir eru að afla sjer dýrra tækja til að stunda þessa veiði. Síst af öllu vill meiri hl. á þessum örðugu tímum skerða rjett manna til að leita sjer bjargar, en það væri gert með því að samþ. þessa brtt.. Hrefnukjöt er talið af þeim, sem til þekkja, góð og ódýr fæða, og getur orðið mörgum til töluverðrar bjargar. Hv. þm. (JBald) mintist á, að fiskiveiðasamþyktir sýslunefnda hefðu gefist misjafnlega, en jeg sje ekki ástæðu til að breyta þessu ákvæði þess vegna. Brtt., sem fara í þá átt, að koma í veg fyrir, að flotstöðvar sjeu settar upp í landhelgi, getur meiri hl. aðhylst, því að honum er ljóst, að stöðvar á landi eru fólkinu miklu líklegri til nytja, bæði að

því er snertir atvinnu o. fl. Hann vill því fúslega samþ. þessa brtt. Skipagjaldið vill meiri hl. ekki gera að deiluefni. Hann er þó þeirrar skoðunar, að ríkissjóður eigi aðallega að fá tekjur sínar af þessum fyrirtækjum óbeint, bæði í útflutnings- og innflutningsgjöldum. Hann hefir óbundin atkvæði um þetta atriði. Meiri hl. er ekki mótfallinn því, að haft sje í lögunum, að innlendir menn skuli sitja fyrir vinnu við þessi fyrirtæki, en hann gengur út frá því, að stjórnin hafi vakandi auga á þessum efnum og tryggi innlendum mönnum atvinnu við þetta, eftir því sem hægt er. Yfirleitt er ómögulegt að tína upp í lögin öll atriði, sem fram þarf að taka, og verður að treysta stjórninni til að búa svo um hnútana sem þarf, þegar sjerleyfi er veitt.

Þá er síðasti liður 3. brtt., um heimild handa ríkissjóði til að kaupa skip og stöðvar eftir mati. Þó að alment sje álitið, að þessi atvinnurekstur borgi sig vel nú hjá Norðmönnum, vill meiri hl. nefndarinnar ekki hvetja til þess, að ríkissjóður fari að reka hvalveiðar. Hann mundi standa æði miklu ver að vígi en þrautreyndir „fag"-menn, og ekki líklegt, að mikill gróði yrði að. Við teljum ekki heldur rjett að setja ákvæði um, að ríkið yfirtaki þessar stöðvar. Hv. þm. (JBald) sagði, að þetta væri nauðsynlegt, af því að hvalveiðamennirnir gætu flutt burtu, ef þeim sýndist. En þeir mundu ekki flytja burtu af öðru en því, að atvinnureksturinn borgaði sig ekki, og þá væri lítið bjargræði í því fyrir ríkissjóð, að kaupa skipin og stöðvarnar, til þess að láta það liggja ónotað eða reka það sjer í skaða. Meiri hl. nefndarinnar er því eindregið á móti þessari brtt. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, enda höfum við þegar rætt þessar till. í nefndinni og borið okkur saman um þær.

ATKVGR.

Brtt. 567, 1. a. feld með 6 : 6 atkv.
— 567, 1. b. feld með 6 : 4 atkv.
— 567, 2. a—b. samþ. með 10 : 1 atkv.
— 548 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 567, 3. a. samþ. án atkvgr.
— 567, 3. b. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 567, 3. c. 1. samþ. með 9 : 1 atkv.
— 589 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 567, 3. c. 2. feld með 7 : 4 atkv.

Frv., svo breytt, felt með 6 : 6 atkv.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Útrýming fjárkláða.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um útrýming fjárkláða (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í fjarveru hæstv. atvrh. (MG) legg jeg til, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 219).

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg óska, að hæstv. forseti verði við þeim tilmælum mínum, að taka þetta mál út af dagskrá nú, en á dagskrá á undan hinu frv. (um sauðfjárbaðanir), þegar þau koma til umr. næst.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Jeg leyfi mjer að mótmæla þessum tilmælum. Þau eru ekki á neinum rökum reist. Það er ekkert að setja út á þá niðurröðun, sem nú er á dagskránni, og því rjett, að frv. okkar gangi fram á undan hinu. Þó að einhverjir úr bændahjeruðunum styðji stjfrv., sannar það ekki rjettmæti þess og er ekki minni heimska fyrir því.

Tryggvi Þórhallsson: Hjer er um tvennskonar lausn að ræða á sama máli, þar sem þessi tvö frv. eru. Þau eru nú bæði til 2. umr. En það er sanngjörn krafa, að þetta frv. sje tekið á undan hinu á dagskrána, með því að það er fyr fram komið, og í öðru lagi er það stjfrv., og því kurteisisskylda að afgreiða það svo.

Ennfremur vil jeg bæta því við, að samkunda bænda, sem sat á rökstólum í vetur, fyrir ekki all-löngu, hefir eindregið lagt til, að málið yrði leyst á þeim grundvelli, sem lagður er í stjfrv.

Út frá þessu þætti mjer rjett, að hæstv. forseti yrði við tilmælunum og ljeti þetta frv. bera fyr að.

Jón Sigurðsson: Jeg flyt þau skilaboð frá hæstv. atvrh. (MG), sem er bundinn sem stendur við umræður í Ed., að hann óski eftir, að málið verði tekið af dagskrá og fái þá meðferð, sem hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) stakk upp á. Það er ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda, er framfylgt er, er stjórn á í hlut, og jeg vænti þess, að hæstv. forseti taki til greina þessi skilaboð.

Pjetur Þórðarson: Þegar jeg kvaddi mjer hljóðs, ætlaði jeg mjer að taka fram hjer um bil það sama og hv. þm. Str. sagði.

Jeg vona, að þessi mál sjeu svo vaxin, að þau þoli að standa jafnfætis við 2. umr. Þó að lagt sje kapp á að koma stjfrv. fram fyrir hitt, álít jeg það ætti ekki að sæta mótspyrnu, í trausti þess að hjer verði, er til úrslita kemur, svo margir menn viðstaddir í þessari hv. deild, að þeir geti fylgt því fram, er heilbrigðara er fyrir þjóðina. Jeg fyrir mitt leyti ætla að minsta kosti ekki hv. þm. þá dul, að þeir samþ. frv. fyrir það eitt, að það kemur á undan öðru hagkvæmara máli um sama efni til úrslita. Jeg ætla þeim meiri sanngirni og dómgreind en svo, að þeir hiklaust fari að samþykkja þetta frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 11, n. 219).

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Þegar mál þetta var hjer til 1. umr. fyrir nokkru síðan, varð það að samkomulagi, að lofa því að ganga umræðulust til 2. umr. og nefndar. Þess vegna verður að ræða um frv. nú, og vil jeg þá með nokkrum orðum víkja að því, sem farið er fram á með frv.

Hjer er verið að kveða niður gamlan draug, sem magnaðri hefir verið en allir Mórar og allar Skottur til samans, sem í hálfa aðra öld hefir valdið meiri skaða á búpeningi okkar en dæmi eru til um flestar aðrar plágur, sem dunið hafa yfir landið.

Ef meta ætti það tjón, sem landsmenn hafa orðið fyrir af völdum fjárkláðans, mundi það ekki talið í tugum eða hundruðum þúsunda króna, heldur í miljónum eða tugum miljóna.

Fjárkláðinn barst hingað til lands í kringum 1760, og þá með spönskum hrút. Þá mátti segja að góð ráð væru dýr, því að þá þektust engin þau lyf, sem á síðari árum hafa verið notuð til lækninga. Var því ekki um annað að gera en að skera niður fjeð, ef losna ætti við þennan óboðna gest. Með almennum niðurskurði tókst þó að útrýma kláðanum á næstu 20 árum.

Eftir það verður hans ekki vart fyr en árið 1855, og er þá talið, að hann hafi hingað borist með enskum hrút. Hann varð þá í byrjun afarskæður og fór eins og logi yfir akur. Þá var bæði skorið niður og reyndar ýmsar lækningaaðferðir, en þrátt fyrir það varð kláðanum ekki útrýmt, og hefir hann síðan verið landlægur hjer, þó að ára-

skifti sjeu að því, hve mikið hann lætur á sjer bæra.

Um aldamótin var mikið hugsað um að útrýma kláðanum, og varð fyrsti árangur þess fjárveiting sú, er Alþingi lagði til höfuðs þessum vágesti 1903. Þá höfðu Norðmenn um langt skeið glímt við þennan faraldur og tekist að útrýma honum með öllu. Var því leitað til Noregs og fenginn þaðan maður, Myklestad að nafni, sem mikið hafði unnið að útrýmingu kláðans í Noregi, og átti nú að vera framkvæmdarstjóri Íslendinga í samskonar starfi.

Hvað sem sagt kann að verða um Myklestad nú, þá er víst, að þann tíma, sem hann dvaldi hjer á landi, gegndi hann leiðbeiningarstarfi sínu með sjerstökum dugnaði og samviskusemi. Hitt getur orkað tvímælis, hvort hann hefir gengið nógu vel fram í því, að tvíbaða alt grunað fje. En eins og menn vita, eru á hverri kláðakind bæði maurar og maura-egg. Maurarnir drepast í einu góðu baði, en eggin lifa; þess vegna er nauðsynlegt að baða aftur að nokkrum dögum liðnum og drepa þann maur, sem úr eggjunum hefir skriðið á milli baðanna, en það er talið hæfilegt, að 12 dagar líði á milli baða. Að hjer er farið fram á að baðað sje þrisvar, eftir þessu frv., er ekki vegna þess, að alment þurfi til þess að grípa, heldur er þetta frekara öryggi, svo að skipa megi fyrir um 3. baðið, til þess að ganga algerlega úr skugga um, að allrar varúðar sje gætt.

Fyrstu árin eftir Myklestads-böðunina lá kláðinn niðri að mestu leyti, og verður hans mjög lítið vart, þangað til 1913, að hann fer að útbreiðast. Þá voru sett lög á Alþingi um sauðfjárbaðanir, sem gilt hafa þangað til í fyrra, að þau voru feld úr gildi samkvæmt till. meiri hl. landbn. Og nú bera sömu menn fram frv. um að endurreisa þessi sömu lög og þeir feldu í fyrra, en þó í dálítið breyttri mynd. Það hefir nú sýnt sig, að þrátt fyrir þessi lög og allar lögskipaðar sauðfjárbaðanir hefir kláðinn breiðst út, og er nú kominn í eins mörg hjeruð og var, er Myklestad kom til sögunnar. En þó er kláðinn orðinn miklu vægari en fyrrum, þegar hann gekk um landið eins og plága. Nú getur hann leynst með fjenu fleiri mánuði, ef vel er fóðrað, og verður því helst vart við hann á vorin í þeim kindum, sem illa ganga undan. Að hann er vægari nú en áður, mun meðfram stafa af því, að fje er farið að venjast honum betur, en þó mun miklu ráða, að nú er farið miklu betur með fje en áður tíðkaðist. Auk þess hefir veðrátta verið mun betri og mildari en fyrir 30—40 árum, eftir því sem rosknir menn muna.

Nú er það álit ekki fárra manna, að ef veðráttufar breytist til hins verra, að kláðinn mundi þá blossa upp og verða þá að plágu, sem geisaði um alt land. Því er það, að þessir menn telja einmitt tækifærið nú að byrja á því að útrýma honum, og telja miklar líkur, að ganga megi milli bols og höfuðs honum, af því að hann sje yfirleitt vægari nú en áður.

Um frv. það, sem liggur hjer fyrir, er það að segja, að það er að mestu samhljóða því frv., sem landbn. bar fram í fyrra og afgr. var hjeðan til hv. Ed. Þó er hjer nýmæli upp tekið, að fresta megi böðun eftir tilmælum Búnaðarfjelags Íslands, ef fyrirsjáanlegt er, að fóðurskortur muni verða í landinu. Má því segja, að frv. sje að mestu leyti með sama sniði og það fór til hv. Ed.

En um málið fór svo í fyrra, að hv. Ed. vísaði því til hæstv. stjórnar með þeim formála, að leitað væri álits sýslunefnda um málið og látin fara fram rannsókn, sem leiddi í ljós alt sem vitað yrði um útbreiðslu kláðans. En þá var það álitið, að flestir sýslufundir væru um garð gengnir og ekki hægt að fá umsögn sýslunefnda fyrir næsta þing. Fór stjórnin því þá leið, að hún sneri sjer beint til sýslumanna, en þeir aftur til hreppstjóranna um þetta mál, og þaðan hafa nú borist skýrslur um útbreiðslu kláðans úr öllum sýslum landsins, að tveimur undanteknum.

Jeg ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr skýrslum þessum, það sem nánast verður vitað um útbreiðslu kláðans í hinum ýmsu sýslum, og lítur sú skýrsla þannig út:

	Hreppar	Bæir	Kindur
Gullbr.- og Kjósars.	1	4	4
Mýra- og Borgarf.s.	11	36	?
Snæfellsnessýsla ..	10	35(?)	198(?)
Barðastrandarsýsla	?	2	5(?)
Ísafjarðarsýsla ...	4	12	24
Strandasýsla	6	12	125(?)
Húnavatnssýsla ..	13	95	140(?)
Skagafjarðarsýsla .	9	73	262(?)
Eyjafjarðarsýsla ..	6	67	93
Norður-Múlasýsla .	?	2	2
Suður-Múlasýsla ..	4	5	11
Rangárvallasýsla .	7	27	85

Dalasýsla: Þar er kláðinn talinn í öllum hreppum, en tala kláðabæja og kláðakinda legið, og tekið fram, að kláðinn sje vaxandi, mestur 1926, og kent um ónýtu baðlyfi.

Þingeyjarsýslur: Þar er kláði í 4 hreppum, og sjerstaklega útbreiddur í tveimur þeirra; annars vantar skýrslur þaðan, og vildi jeg því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG), hvort komið hafi nokkrar viðbótarskýrslur úr Norðursýslunni. — Og loks er

Árnessýsla með kláða í 11 hreppum á 97 bæjum eða fleiri, en tala kláðakinda 633, og er það langsamlega hæsta talan, sem upp er gefin. — Þá eru aðeins ótaldar

Skaftafellssýslur, sem sýslumaður telur, að sjeu kláðalausar, og

Vestmannaeyjar, en þar er fátt um sauðfje og auðveldara að verjast kláða þar en annarsstaðar.

Af þessu yfirliti sjest þá það, að kláðinn er nú eins útbreiddur og hann var áður en Myklestads-baðanirnar fóru fram, og jafnvel útbreiddari, því að þá var þó talið, að Rangárvallasýsla væri laus við hann. En eins og áður er tekið fram, er hann vægari, en getur eflaust blossað upp, hvenær sem er. Því er það skoðun margra manna, að nú sje tækifærið að hefjast handa um að útrýma honum með öllu.

Ástæðurnar, sem fram voru bornar á síðasta þingi gegn því, að fyrirskipa þá með lögum algert útrýmingarbað, voru aðallega þrjár:

Í fyrsta lagi var kvartað um, að ábyggilegar skýrslur vantaði um útbreiðslu kláðans, og dregið í efa, að hann mundi það útbreiddur, sem sumir fullyrða.

Í öðru lagi var það kostnaðarhlið málsins, sem ægði mörgum, ekki aðeins hinn beini kostnaður, sem leiddi af útrýmingarböðun, heldur aukinn kostnaður einstaklinganna, vegna innigjafar fjárins.

Og í þriðja lagi töldu margir, að óvíst væri, að kláðanum mundi útrýmt, þó að lagt væri út í þennan mikla kostnað.

Þegar við athugum nú fystu ástæð-

una, þá er henni að fullu svarað með skýrslum sýslumannanna, sem jeg las upp. Þær bera það með sjer, að útbreiðsla kláðans sje síst minni en haldið var fram í fyrra, og jafnvel meiri en um 1903.

Um annað atriðið, kostnaðarhliðina, er það að segja, að þar verða menn að gera upp við sjálfa sig, hvort betra muni vera fyrir ríkið að leggja út 100 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, í staðinn fyrir að verja um 20 þús. kr. árlega, eins og verið hefir venja að undanförnu, en kláðinn jafnútbreiddur eftir sem áður. Menn verða að gera sjer ljóst, hvort betur muni borga sig fyrir einstaklingana, að leggja á sig kostnað í bili og óþægindi, til þess að losna við þennan faraldur, eða hitt, að eyða tugum þúsunda árlega til þess eins, að halda kláðanum í skefjum, og eiga svo von á, að hann geti blossað upp og gert þann skaða, sem aldrei verður hægt að meta til neinna peninga.

Og þá er það þriðja mótbáran, að kláðanum verði ekki útrýmt. Um það atriði vísast aðeins til Myklestadsbaðananna. Við vitum, að með þeim var kláðanum því sem næst útrýmt. En sú böðun var bygð á þeim misskilningi, að ekki þyrfti að baða grunsamt fje nema einu sinni, svo að 1905 vantaði ekki nema herslumun til þess að ganga milli bols og höfuðs á þessum erkifjanda landbúnðarins. Nú er það upplýst, að það þarf að baða alt fje tvisvar, og sumt þrisvar, til frekara öryggis. Og verði að því ráði horfið, er jeg þess fullviss, að með góðum vilja og árvekni landsmanna megi takast að útrýma þessari skæðu pest.

Þá er ótalin fjórða ástæðan til þess, að útrýma beri kláðanum, og það er að mínum dómi langalvarlegasta og veigamesta ástæðan. Og það er sú hlið málsins, sem veit að kjötmarkaði okkar, en undir honum er komin afkoma allra bænda landsins. Á þetta atriði var lítilsháttar drepið í umr. í fyrra, en ekki lögð nein sjerstök áhersla á mikilvægi hennar þá, enda hefir ástandið breyst stórum til hins verra frá í fyrra.

Nú hefir orðið að flytja aftur inn kjöt okkar frá Noregi, af því það var óseljanlegt þar, og verðið er orðið svo lágt, að það er farið að nálgast það, sem var fyrir stríð, en framleiðslukostnaðurinn margfalt hærri, svo að allir hljóta að sjá, hvílíkt tap þetta er fyrir bændur.

Nú hafa menn bygt vonir sínar á framtíðarkjötmarkaði í Englandi, og með það fyrir augum höfum við látið byggja skip með vönduðum kæliútbúnaði, sem á að flytja Englendingum nýtt kjöt til neyslu. Það má því svo að orði kveða, að bændur verði að byggja afkomu sína í framtíðinni á viðskiftunum við England. Þó er nú svo komið, að á þessum enska markaði er um meiri samkepni að ræða en víða annarsstaðar. Þar eru aðallega tvö auðfjelög, sem berast á banaspjót, og ómögulegt að sjá fyrir, hvernig þeirri viðureign muni lykta. En þar sem slík barátta kostar oft mörg ár, þá er ekki að vita, að við þurfum svo mjög að treysta enska markaðinum í bráð. Þess má að vísu geta, að frá Argentínu eru flutt inn ógrynnin öll af kjöti og það selt í Englandi því verði, að flutningskostnaðurinn fáist upp úr því. Allir sjá, hversu erfitt það verður fyrir okkur að keppa við vestankjötið, með þeim kostn-

aði, sem við höfum af því að koma kældu kjöti á markaðinn. Og haldi þessu áfram, getum við búist við, að þessi markaður á Englandi, sem átti að verða okkar þrautalending, fari alveg út um þúfur.

Og hvar erum við þá staddir? Þessi markaður stóð okkur opinn frá því árið 1860 og fram til aldamóta, og var þá okkar besti markaður. En eftir aldamótin breyttist þetta, því að þá opnaðist markaður á Norðurlöndum fyrir saltkjöt, og eftir það fór sauðaeign bænda að minka smátt og smátt, og sjerstaklega þó meðan á stríðinu stóð, enda lagðist þá algerlega niður útflutningur lifandi sauðfjár. En um 1920 fer aftur að lifna yfir útflutningi lifandi fjár. Árið 1923 var fluttur farmur af fje til Belgíu, og 1924 tveir farmar til Englands. Jeg skal nú ekki fara út í það, hvernig tilraunin um að opna aftur markað fyrir lifandi fje í Englandi 1924 var undirbúin, en hún bar ekki þann árangur, sem hún hefði getað borið, ef rjett hefði verið að farið. Í Englandi gilda þau lög, að fjeð verður að hafa í sóttkví og slátra því innan 10 daga. En þegar þess er gætt, að við erum einu mennirnir, sem njótum þar þessara hlunninda, þá er það ekki svo lítið. En betra væri þó, að innflutningurinn væri ekki neinum skilyrðum háður, og að fjeð mætti geyma svo lengi í Englandi, að það gæti fitnað og náð sjer algerlega eftir sjóferðina. Er þá komið að þeirri einni fyrirstöðu, sem á þessu er, en það er kláðinn. Í okkar fje eru engir sjúkdómar, sem ekki eru í ensku fje, nema kláðinn. En með því fyrirkomulagi, sem nú er á hjá okkur, þessu káki við fjárkláðann, er hv. meðnefndarmenn mínir vilja halda áfram, þá ber til beggja vona um það, hvort við höldum þeim hlunnindum um innflutning lifandi sauðfjár í Englandi, sem við höfum haft fram að þessu. Þarna er þó vafalaust okkar besti markaður, því að með þessu móti getum við tekið þátt í samkeppninni um framleiðslu hins nýja kjöts í Englandi, og fengið hæsta fáanlegt markaðsverð. Þetta tel jeg svo mikilsvert, að Alþingi megi ekki samþ. neinar þær ráðstafanir, er geta útilokað okkur frá að halda þessum markaði.

Á þinginu í fyrra var hrundið öllum þeim ástæðum, sem færðar voru fram gegn útrýmingu fjárkláðans. En það er öllum vitanlegt, að fjárkláðinn er mikill í landinu og að honum verður aldrei útrýmt með því káki, sem verið hefir og hv. meiri hl. vill, að haldið sje áfram.

Atkvgr. um þetta mál sýnir það, hvort við viljum gera það, sem við getum, til þess að halda þeim vildarkjörum, sem við höfum nú fram yfir aðra í Englandi, og þeim möguleika, að efla framtíð kjötmarkaðs okkar þar.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Jeg sje ekki ástæðu til að tala hjer langt mál. Afstaða meiri hl. landbn. er eins og frv. hans ber með sjer, en það, sem hv. frsm. minni hl. var að tala um, er ekki hjer til umræðu, svo að jeg sje ekki ástæðu til þess að svara honum.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer virðist, að það eigi að láta atkvgr. fara fljótt fram um þetta mál, og þykist hafa hlerað, að meiri hl. hv. landbn. vilji, að frv. sje

felt. Jeg vil því grípa tækifærið til þess að lýsa yfir því, að jeg álít, að hv. landbn. hafi ekki gert skyldu sína í þessu máli, nje sýnt málinu þann sóma, sem vera bar, því að með máli þessu er verið að reyna að losa landbúnaðinn við þann svartasta blett, sem á honum er, en það er fjárkláðinn. Það er okkur eigi aðeins metnaðarmál að losna við hann, heldur einnig stórkostlegt fjárhagsatriði. En það er jeg sannfærður um, að ef frv. hv. meiri hl. landbn. verður samþ., þá verður það til áframhaldandi káks í þessu stórmáli.

Jeg vil láta þetta koma fram, að það eru fleiri en hv. frsm. minni hl., sem standa fast á því, að við verðum a. m. k. að gera mjög alvarlega tilraun til að losa okkur við þann smánarblett, sem fjárkláðinn er.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi ekki annað að segja að sinni en að það er ómaklegt hjá hv. þm. Str. að bera það á landbn., að hún hafi ekki gert skyldu sína, því að þskj. 196 sýnir það, að hún hefir sýnt þessu máli alúð.

Það vill nú svo til, að meiri hluti bænda er sammála meiri hl. landbn., og það eru einmitt þeir, bændurnir, sem hv. þm. Str. vísar oft til. En nú rís hann upp á móti þeim. Og jeg skal segja hv. þm. Str., að jeg hefi ekki einungis fult eins mikið vit á þessu máli og hann, heldur miklu betra. Það sjest best á þskj. 196, að við bændurnir höfum þá þekkingu, sem hv. þm. Str. vantar algerlega.

Jón Sigurðsson: Hv. þm. Barð. (HK) talaði með myndugleika um vanþekkingu þeirra manna, sem vilja útrýma fjárkláðanum, og beindi því sjerstaklega til hv. þm. Str., að hann hefði engan kunnleika á þessu máli. Jeg vil því, að hljóð komi úr horni í aðra átt, og jeg sem bóndi þykist hafa eins mikið vit á þesu máli eins og hv. þm. Barð. Jeg fylgi frv., og mjer hefir ekki snúist hugur síðan í fyrra.

Kláðaböðunin hefir ekki verið annað en kák undanfarin 20 ár, og þó hefir hún ekki kostað neitt lítilræði. Jeg efast um, að þeir góðu menn, sem eru í meiri hl. háttv. landbn. hafi gert sjer þetta ljóst, þegar þeir ákváðu, að hverfa frá tillögum landbn. í fyrra og halla sjer að kláðaböðunarkákinu, sem verið hefir. Jeg hefi litið yfir landsreikningana síðustu 5 árin og sje á þeim, að ríkissjóður hefir greitt að meðaltali 20 þús. kr. á ári fyrir þetta böðunarkák. Þar við bætist svo sá kostnaður, sem bændur hafa haft; er þar fyrst að telja kláðaskoðun á 600 þús. fjár á hverju ári. Það mun láta nærri, að einn maður með unglingi komist ekki yfir að skoða meira en 400 fjár á dag, vegna þess, hve langt er á milli bæja, Skoðunin ein nemur þá 3000 dagsverkum á öllu landinu, og ef hvert dagsverk er reiknað 5 kr., þá nemur þetta 15 þús. kr. á ári. En með þessu er þó ekki allur kostnaður talinn, því að þar við bætist vanhöld á skepnum, rýrnun á afurðum, vinna við kláðabaðanir, þar sem kláði kemur upp o. m. fl. Þessi kostnaður skitfir þúsundum á öllu landinu, og loks er ótalinn sá fóðurkostnaður, er stafar af árlegum kláðaböðunum víðsvegar á landinu, og geri jeg hann jafnan árlegum kostnaði ríkissjóðs, eða um 20 þús. kr. Mjer telst því til, að árlegur kláðaútrýmingarkostnaður bænda og ríkissjóðs á undanförnum árum hafi verið

um 60 þús. kr. — En er þá von til að kláðanum verði útrýmt á þennan hátt?

Hvað segir nú 20 ára reynsla okkar um útrýmingarkákið og árangur þess? Hún sýnir það, að kláðinn er nú kominn víðar en árið 1901. Hann er orðinn útbreiddur í tveim stórum sýslum, Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, þar sem hann þektist ekki 1901. Þetta er árangurinn af kláðaböðunarkákinu, en samt vill hv. meiri hl. landbn. halda því áfram!

Ef litið er á skýrslu dýralæknis í fyrra, þá kostar baðlyf til algerðrar útrýmingar ríkissjóð um 100 þús. kr., og eftirlitið með böðun áætla jeg um 25 þús. kr. Annan kostnað, svo sem vinnu og fóðureyðslu, vil jeg leggja að jöfnu kostnaði ríkissjóðs, eða um 125 þús.; allur útrýmingarkostnaður yrði þá um 250 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, en með núverandi útrýmingarkáki er kostnaður árlega um 60 þús. kr. Það eru vextir af 1 milj. kr.. Á þessu sjest það best, að það er fyrirtæki, sem borgar sig, að útrýma fjárkláðanum.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Hv. meiri hl. hefir slegið fram því gaspri, að það væri vilji bænda, að færa böðunarmálið í sama horf og fyr hefir verið. Jeg held, að það væri rjett, að fá skýrt fram, á hverju hv. meiri hl. byggir þessa fullyrðingu. Og þegar hv. frsm. meiri hl. (HK) hefir gert grein fyrir því, skal jeg sýna fram á, að hann hefir rangt fyrir sjer.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að meiri hl. hefði lagt rækt við þetta mál. En jeg staðhæfi, að vissir menn úr sama hv. meiri hl. hafa lagt órækt við það, sem þeir hjeldu fram um þetta sama mál í fyrra.

Tryggvi Þórhallsson: Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um það, að meiri hl. landbn. hefði meiri þekkingu á þessu máli heldur en jeg, þá vil jeg spyrja hann að því, af hverju menn eigi að marka þessa þekkingu. Á að marka hana af því, sem þessi meiri hl. ber fram nú, eða því, sem hann bar fram í fyrra?

Jeg verð að játa, að jeg ber minni virðingu fyrir þeirri þekkingu hv. meiri hl. landbn., sem fram hefir komið í þessu máli nú en í fyrra.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að meiri hluti bænda væri með því frv., sem meiri hl. landbn. hefir borið fram. Það er nú í sjálfu sjer ekkert aðalatriði, heldur hitt, hvað bændum er fyrir bestu. En bændur eru ekki fylgjandi hv. meiri hl. landbn. í þessu máli. Sjest það best á því, að fulltrúar bænda, sem saman komu nú fyrir skemstu á búnaðarþingi, voru í aðalatriðum fylgjandi stefnu þessa frv., sem hjer liggur fyrir.

Um efni málsins skal jeg ekki fjölyrða. En jeg hefi þann metnað fyrir bænda hönd, að jeg vil ekki, að það komi oftar fyrir, að lesnar sjeu hjer upp á Alþingi aðrar eins skýrslur eins og nú, að kláðinn sje altaf að útbreiðast.

Magnús Torfason: Jeg hefi altaf litið svo á, að það sje ekki mikill menningarvottur, nje beri mikinn vott um framsókn bænda, að þeir skuli ekki vilja útrýma fjárkláðanum, einkum þegar þess er gætt, að þrifabaðanir eru hreinn og beinn gróðahnykkur fyrir bændur. Jeg mælti með þrifaböðunum og síðan með kláðaböðunum við bændur í Rangárvallasýslu, meðan jeg var þar sýslumaður, og eins við Ísfirðinga,

ekki þó af því, að jeg álíti, að hægt sje með einu áhlaupi að drepa seinasta kláðamaurinn á Íslandi, heldur hefi jeg viljað, að það kæmist inn í meðvitund þjóðarinnar, að nauðsynlegt sje að kosta alls kapps um að útrýma fjárkláðanum.

Þegar jeg var í Ísafjarðarsýslu, var þar mjög lítið um fjárkláða. Hann var þar aðeins á einum eða tveimur bæjum inni í Djúpinu, og aðfenginn. En smátt og smátt hefir hann verið að stinga sjer niður, en þó hefir borið minna á útbreiðslu hans síðan bændur fóru að sjá, að þrifabaðanir borga sig.

Þegar jeg kom í Árnessýslu, mátti hún heita útsteypt í kláða, og stjórnin gerði sjerstakar ráðstafanir til þess að kveða niður þennan vágest. Árnesingar hlýddu og gerðu sjer far um að drepa kláðann, og það hefir tekist svo vel, að nú finst varla kláðakind í sýslunni. Þetta geta allar sýslur gert, ef þær hafa vilja á. En hinsvegar lít jeg svo á, að útrýmingarböðun sje ekki tímabær fyr en þeirri hugsun hefir verið komið inn hjá bændum, að þrifabaðanir eigi að fara fram og sjeu til bóta. Jeg er viss um, að færi útrýmingarböðun fram nú, eins og ástatt er, mundi skjótt að henni lokinni sækja í sama horfið, að bændur mundu slá slöku við áframhaldið, nema þar sem böðunarviljinn er orðinn almennur. Því álít jeg ekki rjett að fara að valdbjóða nú, eins og sakir standa, útrýmingarböðun um land alt, heldur eigi aldan að koma neðan að, frá bændunum sjálfum. En það ætti að sjálfsögðu að vera verkefni Búnaðarfjelags Íslands að stuðla að því, að böðunarhugsunarhátturinn komist inn hjá bændum landsins. Þá fyrst, er það er orðið, er kominn tími til að fyrirskipun kæmi frá hærri stöðum.

Hinsvegar sje jeg ekkert á móti, að stjórnin fengi vald til að fyrirskipa herhlaup gegn kláðanum, þar sem hann er sjerstaklega magnaður, t. d. í vissum sýslum. Væri slíkt áhlaup gert og bæri árangur, mundi það sannfæra bændur annarsstaðar um, hvert gagn þeir gæti haft og hve langt mætti komast með því að sinna þessu máli rækilega og fylgja því fast eftir.

Eitt er það, sem þarf að undirbúa áður en allsherjar útrýmingarböðun verði valdboðin, og það eru sundlaugar, þannig fyrirkomið, að hver bær á landinu geti átt auðveldan aðgang að. Annars er líka margs fleira að gæta. T. d. hefði ekki verið neitt vit í að leggja út í útrýmingarböðun í vetur með þeim hrakningsheyjum, er nú eru um land alt. Stjórninni verður að vera í vald sett, hvenær hún lætur slíka böðun fram fara, ef ætlast er til, að hún sæti færi, er nóg hey eru og góð fyrir hendi, því að fjeð þarf betri aðhlynning þá en ella. Það er hinsvegar víst, að fjenaður mundi ekki vera vel undan genginn í vor af heyjunum frá síðastliðnu sumri, ef ekki hefði verið svo góður vetur sem raun er á orðin, það sem af er.

Málið er að mínu áliti enn á því stigi, að það getur ekki talist nægilega undirbúið til þess að farið sje að kosta mörgum tugum þúsunda til böðunar. Þótt kostnaðurinn lendi mikið á ríkissjóði, verður hann þó ekki síður tilfinnanlegur fyrir bændur. Og menn verða að gæta að ástandinu í landinu og hag bænda. Hann er ekki svo glæsilegur, að ástæða sje til að leggja á þá þann skatt, sem útrýmingarböðunin mundi verða.

Jörundur Brynjólfsson: Það er út af ummælum háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) að jeg stend upp. Jeg hefi enn ekki eytt neinum orðum að þessu frv., hvorki fyr nje síðar. En háttv. þm. nefndi nafn mitt, og það með talsverðum þjósti, í sambandi við þetta mál. Sje honum mjög kært að fá mig til að taka þátt í umræðunum, þá má vera, að kostur gefist á því, og þá fyrst, er hann hefir fagnað sigri af þeirri hólmgöngu, getur hann látið drýgindalega.

Að svo vöxnu máli ætla jeg ekki að grípa inn í umræðurnar, en mjer þætti vænt um að heyra, hvers vegna háttv. þm. hafi fundið sig knúðan til að nefna mitt nafn. Jeg hjelt í fyrstu, að honum hefði orðið mismæli og að hann hefði átt við annan þingmann, með því að honum var allskapþungt. En úr því hann hefir ekki leiðrjett þetta, eftir að hann komst meir til jafnvægis, verð jeg að álíta, að hann hafi gert það af ásettu ráði.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð að segja það, að jeg átti von á, að nefndin tæki öðruvísi í þetta mál en hún hefir gert. Það var ekki hægt að búast við, að sama nefndin, sem flutti á síðasta þingi frv. um útrýming fjárkláða, mundi nú snúast á móti samskonar máli, þótt það kæmi frá öðrum aðila nú, að nafninu til, sem sje stjórninni. En sú hefir þó orðið raunin á um háttv. meiri hl. landbn. Stjórnin taldi sjer beinlínis skylt að flytja þetta frv. nú, þar eð málið var í fyrra afgreitt frá Nd. til Ed., og þaðan til stjórnarinnar, til frekari athugunar. Rannsókn fór fram, eins og skýrt hefir verið frá af háttv. minni hl. (ÁJ), og niðurstaða þeirrar rannsóknar er sú, að kláðinn sje allmjög útbreiddur í landinu. Allar skýrslur voru að vísu ekki komnar, er frv. var samið, en stjórnin leit svo á, að nægar upplýsingar væru þegar fyrir hendi til þess að sýna fram á, að þörf væri á að hefjast handa til herferðar gegn þessum ófögnuði. Reynslan hefir sýnt, að ókomnar skýrslur hafa staðfest illan grun, er þær loks bárust stjórninni í hendur.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að mjer finst margt mæla með því, að bændur ráði sjálfir, hvort þeir vilja útrýmnigarböðun eða ekki. En fyrst er nú það, að ekki er kunnugt, að sætt hafi andmælum af hálfu bænda meðferð þessa máls á síðasta þingi. En verst er að skilja þá háttv. þm., sem voru með málinu í fyrra, en eru nú ekki aðeins horfnir frá því, heldur leggjast eindregið á móti því, og hafa þó ekki gert grein fyrir, hví þeir hafi skift um skoðun.

Það er ekki rjett hjá háttv. þm. Str., að það sjeu frekar fulltrúar bænda, sem sitja búnaðarþing heldur en Alþingi. Það er fullkomlega rjettmætt, að tala um sendimenn eða fulltrúa bænda hjer á Alþingi, eins og í þessari „samkundu bænda", er hann nefnir svo. En það, sem undarlegast er, er það, að þessir fulltrúar bænda, er valdir voru í landbn. í fyrra og aftur núna, hafa breytt um skoðun, án þess að hafa gert nokkra grein þess, á hvaða forsendum þau skoðanaskifti sjeu bygð.

Jeg hefi ekki getað verið við allar umræður um þetta mál, en þó sumar. Heyrði jeg alla ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT), og fanst talsvert við hana athugavert. Hann kvað Árnesingum hafa orð-

ið mikið ágengt og tekist því nær að útrýma kláðanum. (**MT:** Já, með hjálp stjórnarinnar). Já, jeg skal ekki neita því. En þó hefir ekki tekist betur en svo, að enn eru þar kláðakindur á strjálingi. Og hve mörg ár líða þar til Árnessýsla verður útsteypt í kláða á ný? Það veit enginn. En það getur orðið áður en varir. Það er nú sannað, að eitt þrifabað á ári heftir ekki smitun fjárkláða. Það hindrar öra útbreiðslu hans, en drepur hann ekki. Það er vísindalega sannað, að ein böðun getur ekki útrýmt kláðanum. Það er árangurslaust, að búast við því. Auðvitað eru þrifaböð til bóta á annan hátt, en þau miða bara alls ekki í þessa átt. Við getum aldrei gert okkur vonir um að uppræta kláðann, nema með því að fyrirskipa slíka allsherjar útrýmingarböðun. Þá höfum við góða von, en þó ekki vissu.

Hjer er í rauninni aðeins um það að ræða, hvort eigi að lofa kláðanum óhindrað að magnast meir en orðið er, eða hvort eigi nú þegar að grípa í taumana og segja: hingað, og ekki lengra. Væri að vísu rjettmætt að láta bændur sjálfa um það, hvorn kostinn þeir veldu. En þeir mega ómögulega telja hvorki sjálfum sjer nje öðrum trú um, að ein böðun sje nægileg til þess að útrýma kláðanum.

Hvað það snertir, að gera herhlaup í bili gegn kláðanum í einstökum, vissum sýslum, þá má það að vísu takast. En hversu lengi verða svo þær sömu sýslur að smitast á ný úr næstu sýslum?

Það liggur ekki fyrir til álita, hvort slík útrýmingarböðun hefði getað farið fram í vetur eða ekki. En jeg verð að segja, að þá er ekki oft um að ræða möguleika fyrir hentugum tíma og ástæðum, ef það hefði ekki getað blessast í vetur, eftir því tíðarfari, sem verið hefir, það sem af er. (**MT:** Það vissi maður nú ekki fyrirfram).

Jeg get vitanlega látið mjer í ljettu rúmi liggja, þótt frv. verði felt. En þá get jeg ekki annað sagt en það, að litið er á vilja Alþingis að byggja, ef hann er svo breytilegur sem kenjótts krakka, er heimtar sitt á hvað. Ef jeg á að segja eins og er um hið nýja frv. hv. landbn., þá er það einskis virði, í engu tilliti betra en þau lög, er nú gilda. Þar er ætlast til, að halda áfram því sama káki, sem verið hefir.

Það sýnist vera svo, að þær sýslur, er við kláðann eiga að búa, vilji útrýma honum. En komi tímabil, er hann rjenar heldur, þá kemur annað hljóð í strokkinn. Ætti mönnum þó að skiljast, að þar kemur, að honum verði gerð full skil, og því fyr, því betra. Því að talsverðum skaða veldur hann árlega, þótt ekki sje hann magnaðri en nú sem stendur, hvað þá ef hann yrði meiri.

Jón Kjartansson: Jeg þarf ekki að blanda mjer inn í þessar umræður til þess að gera grein fyrir neinum skoðanaskiftum í þessu máli, því að jeg er sömu skoðunar og jeg var á síðasta þingi. Jeg hefi ekki skift neitt um skoðun við nánari athugun eða af viðtali við menn í hjeraði síðan í fyrra. En það voru ummæli hv. þm. Str., sem komu mjer til þess að standa upp. Hann gat þess, að samkunda bænda, mjer skildist búnaðarþingið, hefði eindregið lagt með því, að þetta frv. yrði að lögum. Þetta vildi jeg leiðrjetta, því að það er rangt. Jeg hefi hjer fyrir framan mig nál. búfjárræktarnefndar, sem hafði frv. til meðferðar í búnaðarþinginu. Vil

jeg leyfa mjer að lesa upp úr því nokkra kafla, með leyfi hæstv. forseta. Nefndin segir svo:

„Nefndin játar það, að það verði að teljast metnaðar- og nauðsynjamál, að losna alveg við kláðann. En eins og nú er háttað fjárhag almennings, virðist ekki rjett að leggja mikinn aukakostnað á menn umfram það, sem nauðsyn krefur. Að vísu er sanngjarnlega skift beinum kostnaði milli fjáreigenda og ríkissjóðs samkv. frv., en samt munu fjáreigendur bera þar sinn bróðurpart beint, auk hins óbeina kostnaðar, sem verður nú meðal annars vikið að."

Og nefndin kemur inn á þann óbeina kostnað, svo sem mikla fóðureyðslu, er stafar af þrem böðunum, sem fara fram með millibilum hver eftir aðra, krankleika í fjenu og þar af leiðandi vandari meðferð á því en ella. Síðan segir nefndin svo:

„Að öllu athuguðu vill nefndin e k k i leggja til, að nú sjeu samþ. á Alþingi lög um útrýming fjárkláða, þar sem böðunarár sje fastsett. Hitt virðist nefndinni frekar geta komið til greina, að samþ. verði heimildarlög fyrir ríkisstjórnina, þar sem henni veitist heimild til að fyrirskipa slíka útrýmingarböðun í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, þegar hentugur tími teldist til þess."

Eftir að hafa rökstutt þessa skoðun sína, leggur nefndin till. fyrir búnaðarþingið. Jeg ætla að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Búnaðarþingið telur rjett, að Alþingi samþykkki heimildarlög, þar sem ríkisstjórninni sje heimilað að fyrirskipa kláðaböðun á sauðfje um land alt, þegar hún, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, telur hentugan tíma til þess."

En hjer er ekki um nein heimildarlög að ræða, heldur beina fyrirskipun um útrýmingarböðun, sem fram á að fara í árslok 1928 og ársbyrjun 1929. Þó má fresta böðuninni, ef Búnaðarfjelag Íslands telur nauðsynlegt, vegna fyrirsjáanlegs fóðurskorts. Er hjer nokkuð annað uppi á teningnum heldur en í till. búfjárræktarnefndar búnaðarþingsins. (**Rödd af þingbekkjum:** Talsvert er það nú svipað.) Nei, það er alt annað, gjörólíkt.

Úr því jeg stóð upp, ætla jeg að lesa upp enn einn kafla úr þessu nál. búfjárræktarnefndar. Hann fjallar um árangur útrýmingarböðunar, ef af verður. Búfjárræktarnefnd virðist ekki svo ýkja sannfærð um fullan árangur af útrýmingarböðun, þrátt fyrir hinn gífurlega kostnað, sem henni er samfara. Álit búfjárræktarnefndar er mjög á annan veg en álit háttv. minni hl. landbn. og þeirra, er frv. fylgja. Í nál. búfjárræktarnefndar segir svo:

„Frv. gerir ráð fyrir þremur kláðaböðum með vissu millibili, hverju eftir annað, og skal baðað í árslok 1928 og ársbyrjun 1929. Er þriðja böðunin eflaust nokkurskonar öryggisböðun. En þá er samt spurningin: verður ekki erfitt að ná í seinasta maurinn? Má í því sambandi benda á erfiðleikana með sótthreinsun fjárhúsa að vetrarlagi. Telur nefndin hæpið, að hún verði svo framkvæmd, að talist geti trygg útrýming, þar sem maur getur lifað alt að þrem mánuðum undir ullarlögðum eða kláðaskorpum ósljettra veggja."

Þetta segir nú samkunda sjerfræðinga bænda, er háttv. þm. Str. vitnar í.

Hefir hann annað tveggja ekki athugað, hvað búnaðarþingið lagði til málanna, eða þá ekki skilið það. (**HK:** Það er ekki óliklegt.) Jeg held, að öllu athuguðu, þá sje ekki farandi sú leið, er stjfrv. gerir ráð fyrir, eins og nú er ástatt um alla fjárhagsafkomu bænda. Það er dálitið varhugavert að íþyngja almenningi með þeim gífurlega kostnaði, er þessi ráðstöfun hlýtur að hafa í för með sjer, enda tekur búfjárræktarnefnd það mikið rjettilega fram í nál. sínu, að henni virðist ekki rjett að ráðast nú þegar í útrýmingarböðun. (**ÁJ:** Uss!). Uss, segir háttv. 2. þm. N.-M. En þetta er nú álit samkundu bænda, sem háttv. þm. Str. er að vitna í og leggur svo mikið upp úr.

Jeg treysti því, að þetta frv., er nú liggur fyrir, verði ekki að lögum, en hitt læt jeg mig minna skifta, þótt samþ. verði heimildarlög eins og búnaðarþingið fór fram á.

Jón Auðunn Jónsson: Eins og fleiri háttv. þm. er jeg dálitið hissa á afstöðu háttv. meiri hl. landbn. til þessa svokallaða kláðamáls. Jeg held það verði erfitt að útrýma kláðanum, ef menn ætla að skiftast að skoðunum á því efni eftir útbreiðslu kláðans í þeirra eigin hjeraði. En sönnun þess, að svo sje, er ræða háttv. þm. V.-Sk. (JK). Hans sýsla hefir þá sjerstöðu, að hún er og hefir jafnan verið laus við kláða. Enda er hann á móti útrýming þessa vogests, og svo hefir jafnan verið um þingmenn þess kjördæmis.

Jeg er sannfærður um það af reynslunni, að ekki er hægt að útrýma kláða með þrifaböðunum, hversu vel og rækilega sem þær eru framkvæmdar. Í fjölda mörg ár var mjer kunnugt um, að ekki fanst færilús í 4 hreppum í N.-Ísafjarðarsýslu. Það sýndi, að þrifaböðanir væru ósleitilega ræktar. En kláðinn magnaðist þrátt fyrir það. Í ýmsum hjeruðum hefir kláðin magnast mikið á síðustu árum, annarsstaðar þverrað eitthvað lítilsháttar. Þannig gengur það upp og niður, og enginn veit, hvenær landið alt kann að verða undirlagt. Jeg hefi átt tal við einn merkasta bónda í Vestur-Húnavatnssýslu, sem hefir þar eftirlit með böðunum á fje. Telur hann kláðann magnaðri nú en undanfarið. Sama er að segja um fleiri sýslur.

Það, sem gerir menn andstæða útrýmingarböðun, er fyrst og fremst kostnaðurinn, sem af henni leiðir, og í öðru lagi vantrú á fullan árangur, svo og hræðsla um, að það hafi of mikil áhrif á fjeð, að hafa 3 baðanir í einu. Það er satt, að skepnur þurfa mjög mikið fóður til þess að haldast við, ef þær eru baðaðar þrisvar í röð, og það væri því athugavert, hvort rjett væri að framkvæma útrýmingarböðun með 2 böðunum á ári tvö ár í röð. Jeg skal ekkert segja um, hvort það mundi duga eins vel, en vil skjóta því fram til athugunar við síðari umr. Hv. meiri hl. nefndarinnar telur meiri hluta bænda vera andstæða útrýmingarböðun. Má vera, að svo sje. En við megum ekki fara eftir því. Við verðum að gera það, sem okkur er skylt að gera, til þess að forða íslenskum landbúnaði frá því tjóni, sem honum er búið af kláðanum, og þeim álitshnekki, sem við höfum af því með öðrum þjóðum, að ala slíkan vágest. (**HStef:** Hvers vegna ala Skotar hann?) Á Skotlandi er mjög lítið um fjárkláða. Það getur ekki talist mikið, þótt finnist svo sem 15—16 kindur með kláða í tugum miljóna fjár.

Og þessum kindum er þá jafnharðan slátrað og því fje, sem þær hafa haft samgang við.

Jeg er alveg sannfærður um það, að það er rjett, sem haldið hefir verið fram, að það verður miklu dýrara, þegar til lengdar lætur, að fella niður útrýmingarböðunina.

Pjetur Þórðarson: Það hefir nú farið svo, að hv. frsm. minni hl. hefir fengið ósk sína uppfylta, um að fá töluverðar umr. um þetta mál. Sennilega hefir hann óskað þess í þeirri von, að atkvgr. mundi fara á annan veg, ef um málið væri talað, en ella. Önnur orsök gat það ekki verið en ótti við atkvgr. þegar í stað.

Mig furðar á því, hvað hæstv. atvrh. hefir viljað gera mikið úr því og lagt áherslu á það, að landbn. hefir tekið aðra ályktun í þessu máli nú en í fyrra, og hið sama hefir hv. þm. Str. gert. En þeir hafa ekki litið á það, að nefndin er nú öðruvísi skipuð en hún var í fyrra. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að áfellast nefndina fyrir þetta, þar sem vitanlegt er, að hún er nú öðruvísi skipuð og að öðru leyti fullgildar ástæður fyrir því, að afgreiða málið öðruvísi nú en í fyrra. Annars býst jeg við, að þeir einstakir nefndarmenn, sem mest ámæli hafa hlotið fyrir að þeir hafi snúist í málinu, muni svara fyrir sig. En jeg vil svara fyrir mitt leyti, að jeg hefi alls ekki skift um skoðun í málinu frá í fyrra. Hinsvegar tel jeg það, yfirleitt, að skifta um skoðun, alls ekki ámælisvert, ef maður hefir komist að rjettari niðurstöðu við síðari athugun á málinu. Jeg skal taka það fram, að mig undrar það, hvað mikið hv. þm. Str. vill leggja upp úr áliti síðasta búnaðarþings í þessu máli. Hv. þm. V.-Sk. tók af mjer ómakið að svara því atriði, og skal jeg sleppa því hjer, með því að hv. þm. Str. er ekki nærstaddur.

Jeg hygg, að ef þeim hv. 2. þm. N.-M. og hæstv. atvrh. kynni, með öllu því kappi, sem þeir leggja á þetta mál, að takast að koma því í gegn á þessu þingi, að vera megi, að þeim verði það minnisstætt síðar.

Fyrst hv. þm. Str. er ekki mjög fjarri, vil jeg benda honum á það, að það kveður við dálítið annan tón hjá búfjárræktarnefnd síðasta búnaðarþings en hann vildi vera láta. Eftir því sem hv. þm. V.-Sk. las upp áðan, leggur nefndin til, að útrýmingarböðun verði e k k i ákveðin með lögum á þessu þingi. Álit þessarar nefndar e r í ö l l u m g r e i n u m rökstuðningur á móti útrýmingarböðunum, með þeim hætti, sem í þessu frv. er til ætlast, og enda þótt niðurstöðu-ályktun nefndarinnar sje sú, að rjett sje með lögum að heimila ríkisstjórninni að fyrirskipa allsherjar útrýmingarböðun, þá er síður en svo, að hún ætlist til að það sje gert nú þegar. Vegna þm. sjálfs (TrÞ) og þeirra málefna landbúnaðarins, sem hann er líklegur til að styðja í framtíðinni, vil jeg benda honum á, að hann er ekki búinn að sjá afleiðingarnar af því, ef málinu væri nú ráðið til lykta þvert ofan í vilja bænda alment út um landið. Það er enda ekki nema eðlilegt, að bændur sjeu á móti þessu nú, vegna þess, að langsamlega og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra hefir lært svo mikið af reynslunni í þessum efnum, að þeir geta haft og hafa fult vald á að halda kláðanum í skefjum, og öllu heldur að halda honum algerlega frá sjer. Það stendur öðruvísi á nú en fyrir 40—50

árum síðan, þegar svo að segja öll málefni voru háð föðurlegri umsjá yfirvaldanna í Reykjavík. Jeg hugsa, að hv. þm. Str., og aðrir hv. þm., búsettir hjer, hafi ekki athugað nógu vel, hver orsökin er. Ástæðan er sú meðal annars, að bændur eru nú alment að komast til þekkingar á því, á hvern hátt þessum vágesti verði best haldið í skefjum og hvað litlar líkur eru til þess, að hægt verði að ganga á milli bols og höfuðs á honum, eins og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) komst að orði. Þeir, sem þekkja gang þessa máls, vita vel, að engin trygging er fengin fyrir því, að útrýming hepnist með þessu mjög dýra skipulagi, sem frv. þetta fer fram á. Nei, jeg vil ráða öllum góðum mönnum til þess, að fara ekki mjög geist í það, að ganga á móti því, sem meiri hl. landbn. leggur til í þessu máli.

Sveinn Ólafsson: Hv. meiri hl. landbn. hefir hlotið ámæli fyrir það, að leggja á móti þessu frv., og fyrir að hafa horfið frá fyrri stefnu í málinu. Jeg fyrir mitt leyti vil færa meiri hl. nefndarinnar bestu þakkir fyrir að hafa tekið upp þessa stefnu í málinu; jeg veit, að hann hefir gert það eftir ítarlega athugun og nákvæma rannsókn. Jeg skal taka það fram sem mína skoðun, að jeg hefi enga trú á því, að betur mundi takast nú en síðast, þegar reynd var útrýmingarböðun, og jeg get lýst því yfir, að jeg get í flestum, ef ekki öllum atriðum undirskrifað það, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði um málið. Það þarf enginn að halda, að með svonefndri útrýmingarböðun verði síðasti kláðamaurinn drepinn, og meðan það tekst ekki, getur kláðinn altaf komið upp aftur.

Það hefir af sumum hv. stuðningsmönnum frv. verið talað um b ö ð u n a r k á k, sem enga þýðingu ætti að hafa. En þrifaböðunin, sem þeir nefna kák, hefir haft mjög mikla þýðingu, þegar óhlutdrægt er á litið. Jeg er í engum efa um það, að hún hefir hamlað mjög útbreiðslu og eflingu kláðans, jafnvel víða eytt honum, og mundi þó hafa gert það betur, ef hún hefði hvarvetna verið rækt með meiri nákvæmni. Jeg hygg, að í þessu efni sjeum við neyddir til að fara eftir reynslu annara fjárræktarþjóða, sem hafa átt við þennan sama húsdýrasjúkdóm að stríða, t. d. nágranna okkar, Skota. Skotum hefir aldrei tekist að útrýma kláðanum hjá sjer, en með þrifaböðum er honum þar haldið svo í skefjum, að hann gerir nú ekkert tjón. Þrifaböðunin orkar þessu í Skotlandi, og jeg tel það einnig sannað hjer af reynslunni, að með vandvirkni í þrifaböðun megi halda kláðanum niðri eða jafnvel eyða honum, en jafnframt eru þá almenn þrif fjárins fengin.

Það þýðir ekkert fyrir minni hl. að vera að gera lítið úr þrifaböðunum og kalla þær kák; þær eru búnar að vinna hylli. En útrýmingarböðun hefir líka reynst kák og hið sama mundi koma í ljós, ef reynt væri nú af nýju.

Það er vissulega rjett, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um það, að glæða áhuga manna á þrifaböðum, þar sem kláði enn er lítill. Þegar þrifabaðanir eru alment ræktar af vandvirkni, má vænta þess, að reynslan verði sama og hjá Skotum.

Um kostnaðinn við útrýmingarböðunina ætla jeg ekki að tala. Hann er að vísu mikill, og miklu meiri en áætlanirnar sýna. En stærsta atriðið í því máli er þó sú hætta fyrir fjenaðinn, sem end-

urtekinni böðun fylgir, einkum ef hittist á kuldatíð og hrakviðri. Sú áhætta verður ekki fyrirfram metin til peninga, og aldrei verður útrýmingin ugglaus.

Þetta vildi jeg sagt hafa til stuðnings áliti hv. meiri hl. landbn. og jeg mun, með fylstu sannfæringu, greiða atkv. á móti frv. á þskj. 11, en styðja frv. meiri hl.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Jeg finn ástæðu til að þakka hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fyrir þau orð, sem hann ljet falla í garð meiri hl. landbn. Það kvað við nokkuð annan tón en hjá sumum hv. þdm. Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir nú ekki einu sinni getað munað rjett, þegar hann er að vitna í álit búnaðarþingsins. (**TrÞ**: Þetta er alveg rangt.) Alveg rangt, segir þm. Hefir þá hv. þm. V.-Sk. (JK) lesið rangt eða logið upp nál., sem hann las hjer í deildinni? (**TrÞ**: Það verður gerð grein fyrir því.) Já, jeg vona, að sú greinargerð verði á þá leið, að hv. þm. (TrÞ) snúist nú á sömu sveif og meiri hl. landbn.

Hv. þm. Str. gaf frv. okkar nafn, og kallaði það kláðafriðunarfrv. Slíkt er vitanlega ekki annað en rangsnúningur, og alveg hliðstætt, ef jeg t. d. kalla þm. Jón, en hann hjeti nú eigi að síður Tryggvi. Hinsvegar ber þetta vott um, að þm. hefir ekki lesið frv. með þeirri góðgirni, sem ætti að mega vænta bæði af honum og öðrum hv. þm. Ef þm. vill leggja á sig að lesa 7. og 8. gr. frv., hlýtur hann að sjá þar alt annað en að þar sje verið að friða kláðann.

Þá spurði hv. þm. (TrÞ), hvort fara ætti eftir meiri hl. landbn. nú eða áliti nefndarinnar í fyrra. Þetta tal um það, að meiri hl. landbn. hafi snúist frá því í fyrra, fellur um sjálft sig, ef þetta er skoðað í ljósi sannleikans. (**TrÞ**: Þetta frv. er frv. landbn. í fyrra.) Já, að vísu. En það minkar ekki gildi frv. þessa. Ýmislegt, sem fram hefir komið í málinu frá í fyrra, gerir það að verkum, að afstaða nokkurra manna í nefndinni hlaut að breytast. Framkomnar skýrslur sýna líka, að þörfin er ekki eins knýjandi og hún virtist í fyrra. Þá er og mikill meiri hluti bænda mótfallinn útrýmingarböðun með 3 böðum. Jeg held það væri miklu meiri ástæða til að þakka mönnum fyrir það, að vera ekki svo einstrengingslegir í skoðunum, að þeir þoka ekki frá fyrri skoðun, að fengnum betri upplýsingum. Í þessu sambandi vil jeg benda á rannsókn hv. þm. Mýr. (PÞ), sem hefir dregið saman í eina heild útdrátt úr öllum skýrslum, sem nefndinni hafa borist víðsvegar af landinu, og vænti jeg, að hvorki hv. þm. Str. nje aðrir hv. þm. leyfi sjer að telja hann svo óvandaðan mann, að hann hafi ekki gert þann útdrátt samviskusamlega.

Þá skal jeg víkja að skýrslunni um kláðann, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hjer upp nokkur atriði úr henni.

„Í Reykjavík enginn kláði. Í Borgarfjarðarsýslu mjög óvíða, helst þó við. Í Mýrasýslu hraðminkandi. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum viðvarandi, ekki mikill. Í Dalasýslu allútbreiddur, vaxandi (Laxárdalur mest kláðasveit á landinu). Í Barðastrandarsýslu mjög lítill í austursýslunni, í vesturhluta þeirrar sýslu hefir hans aldei orðið vart. Í Vestur-Ísafjarðarsýslu sama sem enginn. Í Norður-Ísafjarðarsýslu 1915—1920 víða. Nú enginn. Í Strandasýslu hjer og þar, ekki mikill, viðvarandi, en minkandi. Í Húnavatnssýslu mjög víða,

og vaxandi í vesturhluta sýslunnar. Minni í austursýslunni. Í Skagafjarðarsýslu víða, en lítill. Enginn í einum hreppi. Í Eyjafjarðarsýslu lítill, en viðvarandi í útsýslunni. Enginn í þrem instu hreppum og Ólafsfirði. Í Þingeyjarsýslum síðastliðin 20 ár aðeins vart. Síðustu ár enginn. Í Norður-Múlasýslu grunur um 3 tilfelli. 3 síðustu árin enginn. Í Suður-Múlasýslu 3 tilfelli. Engin 2—3 síðustu árin. Í Skaftafellssýslum enginn. Grunur um tilfelli fyrir 20 árum og annað fyrir 6 árum. Rangárvallasýslu fá tilfelli í stöku hreppi. Varnað útbreiðslu. Í Vestmannaeyjum enginn. Í Árnessýslu, mikill fyrst, hraðminkandi. Enginn í hálfri sýslunni. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu tvö tilfelli. Enginn í 10 hreppum."

Hvað sýnir nú þessi skýrsla? Hún sýnir það, að kláðinn er vel viðráðanlegur, og að hann er ekki nú þegar orðinn miklu minni, kemur vafaluast af vanrækslu á böðun. Líka getur komið fyrir, að fje náist ekki til böðunar, en fyrir það yrði heldur ekki girt, þó að útrýmingarböðun væri fyrirskipuð. Jeg leyfi mjer ekki að gera ráð fyrir, að annað en hið allra besta vaki fyrir þeim, sem samþ. vilja frv. á þskj. 11. En þeir hafa heldur ekki rjett til að ætla, að fyrir okkur vaki annað en það, sem við álítum rjettast og best, það er að segja, að sá sje upp tekinn, sem við leggjum til. Útrýmingarböðun getur ekki farið fram, svo að í lagi sje, nema með miklum undirbúningi. Jeg skal að eins benda á, að sundþrær yrðu að vera sem víðast. Hæstv. atvrh. (MG) furðaði á, að nefnd, sem flutti frv. líks efnis í fyrra, skyldi nú snúast á móti þessu stjfrv. En við höfum aðeins skift um leiðir. Við viljum, að reynt sje, hvort sú leið, sem við nú bendum á, getur ekki komið að fullu gagni. Við teljum víst, að kláðinn muni fara minkandi, ef okkar tillögum verður fylgt. Reynslan hefir sannað það að nokkru leyti, t. d. í Mýrasýslu, þar sem kláðinn var magnaður, en hefir farið minkandi, ef ekki alveg útrýmst. Við teljum ekki rjett, að farið sje að fyrirskipa þrjár baðanir á vetri, nema hægt sje að færa full rök fyrir því, að slíkt sje óhjákvæmilegt. Bændur vita, að þó ekki sje nema um eina böðun að ræða, þá hefir hún töluverð áhrif á fjeð; það verður þolminna til útigangs, ef ill er tíð. Það er auðvitað eðlilegt, að hæstv. atvrh. (MG) haldi með þessu stjfrv., þó að í raun og veru sje það ekki hans mál, heldur flutt samkvæmt vilja, sem fram kom í fyrra. En nú slær hæstv. ráðh. því föstu, að frv. nefndarinnar sje kák. (**Atvrh. MG:** Já!) — Já, segir hæstv. ráðh. En það svar er ekki í samræmi við hið góða traust, sem jeg ber til hans og gætni hans í hvívetna, bæði í orðum og verkum, því að þessu fylgja engin rök. Jeg gæti með engu minni rökum haldið því fram, að útrýmingarböðun yrði á sumum stöðum aðeins kák, þó hún væri fyrirskipuð. Ef menn vilja halda því fram, að frv. okkar, sem dregið hefir verið inn í þessar umræður, sje einskis virði, hlýtur það að vera sakir traustsleysis á trúverðugleik manna þeirra, sem eiga að sjá um framkvæmd baðananna. En samanburð á þessu frv. við lögin frá 1913 er ekki hægt að gera í alvöru. Í þau lög vantar heimild fyrir því, að ef menn sýni óhlýðni, megi taka fje þeirra og baða. Sú hugsun er nú annars í uppsiglingu, eins og bent hefir verið á, að menn leggi meira en áður upp úr vandaðri

þrifaböðun, af því að þeim skilst, að óvandvirkni í þessum efnum kemur þeim sjálfum í koll.

Tveir hv. þm. hafa komið hjer með útreikninga um, hvað allsherjar útrýmingarböðun mundi kosta, og nefndi annar 100 þús. en hinn 125 þús. kr. Mig brestur öll gögn til að slá nokkru föstu um þennan kostnað, en jeg tel víst, að kostnaður ríkissjóðs yrði miklu meiri en þetta, því að þessar áætlanir taka ekki með alla kostnaðarliði, sem framkvæmd málsins hefir í för með sjer.

Hv. frsm. minni hl. benti á, að nú væri tækifæri til að slá niður allan kláða í landinu, áður en hann magnaðist meira. Þetta eru rjettmæt ummæli, eins og við var að búast. En við viljum líka útrýma kláðanum. Með því fyrirkomulagi, sem við stingum upp á, væntum við, að takast megi að útrýma honum, og ef reynslan sýnir hið gagnstæða, er nógur tími að taka í taumana. Hv. þm. (ÁJ) sagði líka, að hrundið hefði verið öllum mótbárum í fyrra gegn útrýmingarböðum. Jeg held mig við það, sem nú er efst á baugi. Meiri hl. landbn. er kunnugt, að fjöldi manna víðsvegar um land er á móti útrýmingarböðun. Auðvitað eru aðrir til, sem halda, að hún sje hið eina rjetta í þessu máli, og þeir hafa auðvitað fullan rjett á að halda fram sinni skoðun. En jeg fullyrði, að þeir menn eru miklu færri en hinir, sem gagnstæða skoðun hafa í þessu máli.

Þá mintist sami hv. þm. á útflutning lifandi fjár. Það má vel vera, að það sje þýðingarmikið atriði. En yfirleitt get jeg ekki gert mikið úr því. Jeg held, að kláðahræðslan sje yfirborðsástæða hjá Englendingum, þar sem kláði er í þeirra eigin fje. Jeg held líka, að þó að við teldum kláða útrýmt hjer, að erfitt yrði fyrir okkur að leggja sannanir fyrir því á borðið. Útflutningur lifandi sauðfjár getur heldur ekki komist á hjá okkur að neinu ráði, nema búskaparhættir breytist allmikið.

Þá sagði hv. þm. (ÁJ), að enginn árangur hefði orðið af lögunum 1913. Þetta er ekki rjett, a. m. k. er ómögulegt að sanna það. Þó að kláði sje viðloðandi í landinu, er ómögulegt að sanna, að engin not hafi orðið af þrifaböðunum, og á jeg þar ekki við hin óbeinu not, að fjeð þrífist betur. Hv. þm. mintist á böðun Myklestads, og tók rjettilega fram, að sú böðun hefði tekist vel, þó að kláðanum yrði ekki útrýmt. En hvaða sögur bárust þá af því, að bændur kæmu sumu af fje sínu undan? Að sú undankoma hafi staðið í sambandi við annað en böðunina, leyfi jeg mjer ekki að bera fram hjer, en það hefir víst áreiðanlega ekki náðst í allar kindur, sem til voru. Hv. þm. sagði, að við yrðum að gera það upp við okkur, hvort við vildum verja 100 þús. kr. til þess að losna við þennan vágest, eða bjástra árlega við einhverja kákböðun. Jeg hefi margbent á, að kostnaðurinn hlýtur að verða miklu meiri en 100 þús. kr. Jafnframt held jeg því fram, að verði sú leið farin, er við leggjum til, að þá muni kláðanum haldið í skefjum eða helst niður slegið með öllu. Jeg legg til í þessu máli það, sem jeg er sannfærður um, að sje hið besta, og jeg vænti þess, að hv. þm. (ÁJ) taki mjer ekki illa upp mína skoðun, fremur en jeg hans. Jeg get talað um þetta mál í mesta bróðerni, og þó að orð mín kunni að vera svo óheppilega valin, að

hv. þm. geti leyft sjer að kalla þau gaspur, ónýtir það á engan hátt undirstöðuatriði málsins.

Þetta mál getur þá að sinni verið útrætt af minni hálfu. Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í það frekar, og býst ekki við, að ræður hv. þm. breyti skoðun minni í neinu. Jeg get vel tekið undir með hv. þm. Borgf., að jeg öfunda ekki þá menn, sem koma hjer fram á öðrum grundvelli en meiri hl. nefndarinnar leggur til.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins stutt athugasemd út af því, að mjer er tjáð — jeg var ekki viðstaddur — að hv. þm. V.-Sk. hafi vefengt það, sem jeg sagði um afstöðu búnaðarþingsins til þessa máls, og sama fann jeg, að kom fram hjá hv. þm. Barð. Mjer er vissulega kunnara en hv. þm. V.-Sk., hvað gerðist á búnaðarþinginu, þar sem jeg sat þar og fylgdist með því, sem gerðist, en það gerði þessi hv. þm. (JK) ekki. Jeg get upplýst, að þar, eins og hjer, skiftust menn í 3 flokka. Fyrst má nefna þá, sem í spaugi hafa verið kallaðir kláðafriðunarmenn, þ. e. a. s. þeir, sem hallast að þrifaböðun einni, eins og meiri hl. landbn. gerir nú. Í öðrum flokki má telja þá, sem vilja koma á útrýmingarböðun, hvernig sem á stendur. Á þessum grundvelli stóð í fyrra meiri hl. þáverandi landbn. Í þriðja flokki má telja menn, sem vilja útrýmingarböðun, en vilja ekki binda hana við neinn fastákveðinn tíma, heldur láta ákveða hana, þegar vel stendur á fyrir landbúnaðinum. Það, sem taka átti afstöðu til, var stjfrv. Sá maður, sem mest var móti útrýmingarböðun, bar fram till. um að vísa málinu frá, á þeim grundvelli, að takast mætti að halda kláðanum niðri með þrifaböðun. Sú till. var feld, að viðhöfðu nafnakalli, með 9 : 2 atkv. 2 fulltrúar af 12 voru því sammála meiri hl. landbn. Til þess að láta afstöðu búnaðarþings koma skýrt fram, bar jeg fram till. um, að búnaðarþingið lýsti yfir því, að það gæti ekki samþ. lögskipaða kláðaböðun á fyrirfram ákveðnum tíma. Sú till. var samþ, með 7 : 3 atkv. Flestir vildu fara millileiðina; því var samþ. sú till., sem hv. þm. V.-Sk. las upp, að þetta skyldu vera heimildarlög fyrir ríkisstjórnina. Búnaðarþingið leit svo á, að ríkisstjórnin mundi fara að ráðum Búnaðarfjelagsins í þessu efni, og ef það álítur böðun óforsvaranlega, vegna fóðurskorts, þá verði henni frestað. Atkvgr. á búnaðarþinginu sýnir ljóslega þessa afstöðu þess til málsins. — Hv. form. landbn. (PÞ) beindi nokkrum orðum til mín og annara, sem eru með þessu frv., og bað okkur að gæta þess, sem við værum að gera í þessu máli. Þetta er vitanlega af heilu mælt. En jeg vil aðeins segja honum það, að með tilliti til framtíðarinnar og dóms síðari kynslóða er jeg algerlega rólegur, þar sem jeg er að leggja til, að gerð sje tilraun til að losa landbúnaðinn við smán, sem hvílt hefir á honum um langan tíma.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 11, n. 219).

Þórarinn Jónsson: Jeg vil alls ekki verða til þess að lengja umræðurnar, þótt jeg taki til máls, enda hygg jeg, að miklar umræður hafi fremur litla þýðingu. Jeg vil nú samt ekki byrja með

því að taka það sama fram og sumir þeirra hv. þm., sem talað hafa í þessu máli, að jeg hafi fundið hjá mjer sjerstaka hvöt til þess að tala, af því að jeg hafi betur vit á málinu en allir aðrir hv. þm.

Þetta mál er þannig vaxið, að jeg hygg, að enginn bóndi geti annað en fylgst með í því og skapað sjer skoðun um það, enda þótt hann dæmi ekki um það. hvort eitthvað sje rjettara hjá þessum eða hinum.

Það hefir komið fram hjá ýmsum hv. þm., að þeim þykir undarlegur þessi snúningur hv. landbn., sem í fyrra lagði til, að frv. um útrýmingu fjárkláðans væri samþykt, en er á móti því nú og flytur annað frv. um þrifaböðun á sauðfje. Það þarf nú ekki lengi að leita að ástæðu nefndarinnar fyrir þessu. Hún er tekin fram í nál. meiri hl., þar sem segir, að álit bænda sje það, að með þrifaböðunum megi takast að útrýma fjárkláðanum. Þetta er þá álit nefndarinnar, og það er ekkert út á það að setja, þótt hún hafi þessa skoðun og komi fram með frv. í samræmi við hana. Aðalatriðið er hitt, hvort þessi skoðun er rjettari en hin, sem minni hl. heldur fram.

Það fyrsta, sem styður það, að það sje ólíklegt að þessi skoðun sje rjettari, er reynsla sú, sem fjekst, þegar Myklestadsböðunin fór fram hjer áður fyrri. Þá var ekki hægt að útrýma kláðanum með þrifaböðun, og jeg þekki ekki annað en að allir sjerfræðingar hafi verið þeirrar skoðunar, að slíkt væri ekki með nokkru móti mögulegt. Að vísu hefir nefndin drepið á einn sjerfræðing, er væri þeirrar skoðunar, að það væri mögulegt, en vita vildi jeg nafn þess manns, því að jeg þekki hann ekki. Síðan þessi böðun fór fram, hafa verið framkvæmdar þrifabaðanir undir eftirliti sveitastjórnanna og með eins mikilli nákvæmni og framast hefir verið unt. En eftir alt þetta hefir reynslan verið sú, að kláðinn hefir breiðst út jafnt og þjett. Alt bendir þetta á það, að ekki sje þrifaböðunin trygg, og að ekki sje hægt að ná takmarkinu með henni. Og nefndin sjálf getur ekki haldið því fram, þegar málið er krufið til mergjar. Hv. frsm. meiri hl. (HK) hefir bent á ákvæði 1. gr. frv., sem tryggja ætti, að þetta gæti orðið trygt með þrifaböðun. En þetta ákvæði, er hann vitnar til, er einmitt tvíböðunar ákvæði. Þegar kláði kemur upp í sauðfjenu, verður að fyrirskipa böðun. Þarna hefir nefndin staðfest rjettmæti útrýmingarböðunarinnar, því að ef þrifaböðunin væri einhlít, ætti auðvitað að viðhafa eina þrifaböðun.

Þá hefir verið talað um það, að meiri hl. bænda sje fylgjandi þessari þrifaböðun einni. Jeg get nú ekki sagt neitt um það, því að jeg hefi ekki haft tækifæri til að kynna mjer það, sem fyrir nefndinni hefir legið. Hinsvegar veit jeg ekki, hvernig nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, hvort hún hefir fengið hana úr skýrslum þeim, sem sýslumenn hafa sent; en jeg neita því ákveðið, að það sje mögulegt. Jeg hefi heldur ekki rannsakað þingmálafundargerðirnar til hlítar, hvort í þeim sjeu samþyktir gegn útrýmingarböðun, sem byggja megi á. En það er víst, að þær eru mjög óvíða. Þar sem nú þetta mál var til umr. hjer í þinginu í fyrra og samþykt var hjer í deildinni frv. um útrýmingu, eins og þetta frv, þá hefði það átt að gefa tilefni til áskorana frá bændum um að sinna ekki þessu máli,

ef þeir hefðu alment verið á móti því. En jeg hefi ekki rekið mig á það, að ummæli nefndarinnar geti átt sjer nokkurn stað: Það, sem sýnir best, hvort skýrslur þær, sem fyrir liggja, sjeu þannig á sig komnar, að bygt verði á þeim fast álit, er það, að bæði meiri- og minni hl. nefndarinnar styðst við þær og hefir úr þeim um útbreiðslu kláðans og hvernig málið horfir við, hvor frá sínu sjónarmiði, eins og þeir hafa nú lýst. Minni hl. tilgreinir sýktu fjártöluna síðastliðin 5 ár, en meiri hl. gefur óákveðna yfirlýsingu um málið úr hverju hjeraði, sem ekkert ákveðið er úr að hafa.

Jeg skal nú fara nánar inn á þessar skýrslur til þess að sýna, hve ónákvæmar þær geta verið. Mjer er kunnugt um það, að sýslumenn hafa beðið hreppstjóra að gefa skýrslur um útbreiðslu fjárkláðans síðustu 5 árin. Til mín kom þetta sem vottorðsbeiðni. Jeg veit ekki til, að hreppstjórar haldi neinar skýrslur um kláðann, enda ekki gefnar þær af eftirlitsmönnum, sem skipaðir eru í hverju hjeraði og beinn aðgangur var því að. Jeg sagðist því ekki geta svarað þessari beiðni, nema eftir því sem jeg gat fljótlega kynt mjer, en beindi því til sýslumanns, að leita álits eftirlitsmannsins. Þetta dæmi nefni jeg til þess að sýna, hvernig þessar skýrslur eru tilkomnar, líklega víðasthvar. Og þá bæta kláðaskoðunarskýrslurnar ekki úr, sem jeg kem að síðar.

Þá er að líta á hina hliðina, hvort ekki megi útrýma kláðanum með fleiri en einni böðun, t. d. með því að tví- eða þríbaða. Það eru allar líkur til þess, en hitt kann að þykja nokkuð djarft, að telja það ugglaust. En þegar þetta er framkvæmt undir nákvæmu, opinberu eftirliti og allrar varúðar gætt, þá eru ekki m e i r i líkur til, að kláðanum verði útrýmt á annan hátt. Reynslan er sú, að kláðinn læknast, þegar tvíbaðað er. En hitt er ekki undarlegt, þótt hann kunni að koma aftur, þar sem með þrifaböðun er ekki hægt að komast fyrir rætur hans. Samgöngur fjenaðarins eru miklar, og þar sem nefndin leggur til, að þrifaböðunin fari fram á 3 mánuðum, þá verður ómögulegt að koma því svo fyrir, að ekki verði meiri eða minni samgangur milli óbaðaðs og baðaðs fjár. Og þótt ákvæði sje um það í frv. nefndarinnar, að taka megi og baða fje hjá þeim, sem óhlýðnast fyrirskipununum um böðunina, þá er þó altaf lengi verið að koma því í kring, og vitneskja oft ekki fengin strax. Þetta verður ekki lagað nema með opinberu eftirliti. Þá má líta á þetta mál frá þeirri hlið, að við gætum hugsað okkur, eftir þeim rökum, sem fram hafa verið færð með hvorutveggja, að við hefðum jafna trú á hvorritveggja aðferðinni. Hvernig verður þá kostnaðarhlið málsins, bæði frá ríkisins hálfu og þjóðarinnar? Eftir till. nefndarinnar vex kostnaðurinn við eftirlitið með þrifaböðuninni, sem gera má ráð fyrir, að yrði minsta kosti 10—15 þús. kr. árlega, en lendir þó ekki á ríkissjóði. En ef við leggjum við þetta þann kostnað, er ríkisjóður hefir áður greitt, um 20 þús. kr. árlega, þá sjáum við, að við höfum eytt eins miklu eða meira á 3 árum í þrifaböð eins og við eyðum í eina útrýmingarböðun, en stöndum þó alveg í sömu sporum. Það má líka segja, að þessi kostnaður úr ríkissjóði geti farið langt fram úr 20 þús. kr., ef kláðinn breiðist meira út.

Tökum þá hina hlið málsins, útrýmingarböðunina. Hún kostar þetta sama.

Og þótt sú böðun leiði ekki til þess, að hinn síðasti maur verði drepinn, þá liggur kláðinn niðri miklu lengur en þeim tíma nemur, sem við værum að fá aftur inn það fje, sem til hans væri kostað, þar sem ríkissjóður væri frí við útgjöld um margra ára skeið. Jeg hefi líka þá trú, að endirinn yrði sá, að við gætum á þennan hátt útrýmt fjárkláðanum með einu átaki.

Þannig verður það ljóst, að þetta á ekki að verða fjárhagslegur skaði fyrir ríkissjóðinn. Og það á að vera metnaður og sómi bænda, að gera aðra tilraun, bygða á þeirri reynslu, sem fengin er, tilraun, sem áreiðanlega gerir engan skaða, en getur mikið gagn gert og líklegast alveg fult gagn.

Hjer hefir verið tekið fram stórt atriði í þessu máli, sem er útflutningur lifandi fjár til Bretlands. Eftir útlitinu að dæma eru markaðshorfurnar óskyggilegar og því brýn þörf, að fá nýja markaði, þar sem kostur er. Mjer þykir nú líklegt, að útrýmingarböðunin geti leitt til úrlausnar á því vandamáli, þar sem fjárkláðinn er vitaskuld aðalhindrunin fyrir útflutningi lifandi fjár til Bretlands. Því má vel minnast á þessa leið í sambandi við þetta mál, og er það sterk ástæða til þess að hefjast nú handa og gera það, sem bæði snýr til sóma og hagsmuna.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í ýms atriði frv. Vil þó minnast á eitt atriði, sem ekki hefir verið komið inn á áður, að það þarf rækilegan undirbúning undir útrýmingarböðunina. Og hann tekur sinn tíma. Og þar sem þetta frv. liggur nú í sama farinu og í fyrra og við höfum þannig mist eitt ár, þá efast jeg um, að hægt verði að framkvæma undirbúninginn á því tímabili, sem frv. ákveður. Við þurfum að hafa góða og vel æfða eftirlitsmenn, og í öðru lagi að ákveða út frá þeirri bestu þekkingu og reynslu, sem við höfum, hvaða baðlyfjategund henti okkur best. Auðvitað eru þetta í sumum atriðum ekki annað en heimildarlög, því það er komið undir áliti Búnaðarfjelags Íslands, hvort tiltækilegt sje á þeim tiltekna tíma að ráðast í útrýmingarböðun. En þessi íhlutun Búnaðarfjelagsins er ákveðin með tilliti til fóðurmagns bænda eða heyforða. Það má því altaf breyta til um tímann, sem útrýmingarböðunin á að fara fram á. Það getur verið nauðsynlegt, til þess að allur undirbúningur geti verið sem bestur.

Þegar verið er að ræða um útbreiðslu kláðans, þá halda margir því fram, að kláðaskoðun sje einhlít til þess að komast fyrir þetta. En þetta er aldrei ábyggilegt á neinn hátt, og síst, þegar skoðað er á þeim tíma, er kláðinn kemur síst í ljós. Annars hefi jeg oft framkvæmt kláðaskoðun, en aldrei talið hana ábyggilega, og því yfirleitt ljelegt verk, sem litlu ætti til að kosta. Vil jeg tilfæra hjer eitt dæmi þessu til sönnunar.

Eftirlitsmaðurinn í Austur-Húnavatnssýslu, mjög glöggur maður, framkvæmdi kláðaskoðun á sínu heimili og víðar, rjett fyrir böðun. Nokkrum tíma eftir böðunina kom upp kláði í fje hans. Hjer má staðhæfa tvent. Kláðinn er til, þegar skoðað er, og baðlyfið líklega ónýtt. Þetta sýnir ljóslega, að kláðaskoðun er ómögulegt að framkvæma, svo að örugt sje.

Mjer finst jeg ekki hafa með þessum orðum gefið tilefni til að lengja umr., en vildi aðeins láta skoðun mína í ljós á þessu máli, út frá reynslu minni.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Um þá hv. þm., sem mælt hafa á móti þessu frv., er það að segja, að þeir hafa forðast eins og heitan eld að koma að kjarna málsins. Það, sem þeir hafa sagt, hafa verið allskonar hugleiðingar í útskefjum málsins, og eru raunar ekki svara verðar. Jeg skal þó drepa á það helsta, sem þeir hafa fært fram gegn frv.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) var að tala um þrifabaðanir og fjölyrti mikið um það, hvílíkur búhnykkur þær væru fyrir bændur. Jeg veit nú ekki betur en það sje viðurkendur búhnykkur af þeirra hálfu, eins og það er viðurkendur búhnykkur, að fóðra fjeð vel. Og í því trausti gerði þingið í fyrra ráðstafanir til þess að nema úr gildi lögin um einkasölu á baðlyfjum.

Þá sagði sami hv. þm. (MT), að útrýmingarböðun væri ekki til bóta, fyr en menn væru orðnir vanir sauðfjárböðunum. Jeg veit nú ekki, hve lengi menn þurfa að venjast þrifaböðunum, þangað til menn fara að telja þau til bóta, nema þá að svo sje, að svo lengi megi illu venjast, að gott þyki. Við höfum nú vanist þeim í 12 ár.

Þá sagði þessi hv. þm., að hagur bænda væri ekki svo góður, að ástæða væri til þess að fara að skattleggja þá með þessari útrýmingarböðun. Þetta getur ef til vill talist skattur í bili, en hændur fá hann óreiðanlega endurborgaðan. En hjer er um svo mikið atriði að ræða fyrir bændur, eins og markaðshorfum þeirra er nú farið, að af þeirri ástæðu út af fyrir sig er alveg sjálfsagt að vera með þessu frv.

Þá hafði hv. 2. þm. Árn. (JörB) eitthvað út á það að setja, að jeg hefði nefnt nafn hans í ræðu minni. Mjer hafði fundist hann vera að fetta fingur út í það, sem jeg sagði. En þar sem hann hefir lýst yfir því, að svo hafi ekki verið, þá get jeg vel beðið hann afsökunar á því, að jeg dró nafn hans inn í umr. En þetta má hann ekki skilja sem yfirlýsingu frá minni hálfu um velþóknun mína á honum í þessu máli.

Hv. þm. V.-Sk. talaði á móti frv. eins og í fyrra. Jeg verð nú að segja, að þeim er vorkunn, þingmönnum Skaftafellssýslna, þótt þeir sjeu á þessari skoðun, þar sem upplýst er, að kláða hefir aldrei orðið vart í þeim sýslum, svo að útrýmingarböðunin kæmi þar nokkuð hart niður. En það, sem hv. þm. sagði, var ekki á fullum rökum reist. Hann vildi segja, að búnaðarþing hefði lagst á móti þessu máli og lagt annað fyrir. En eins og tekið hefir verið fram, bæði af hv. þm. Str. og hæstv. atvrh., er það ekki rjett. Þetta frv. fer í sömu átt og tillögur búnaðarþings.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) tók það rjettilega fram, að áhuginn fyrir útrýmingu væri mestur, þar sem kláðinn er mestur. Það er vitanlegt, að í þeim sýslum, sem kláðinn er mestur, er áhugi manna fyrir útrýmingu mestur, en í þeim sýslum, sem minst er um kláðann, þar er áhuginn minstur. Þetta fylgist að jafnaði að, eins og jeg þegar hefi bent á. En þegar þetta er athugað, og ef nú verður frestað útrýmingarböðuninni, þá er í raun og veru verið að bíða eftir því, að kláðinn verði svo útbreiddur um sveitir landsins, að meiri hluti landsmanna verði útrýmingarböðuninni fylgjandi. Þetta er ljóst, því að aðalmótbára þeirra hv. þm., sem talað hafa gegn útrýmingarböðunum, er sú, að bændur sjeu alment mótfallnir þeim, vegna þess að kláðinn sje ekki kominn til þeirra. Verður þetta ekki skilið á

annan hátt en að þess vegna eigi nú að bíða með útrýmingarböðin, þangað til kláðinn sje orðinn svo útbreiddur, að hann sje kominn á meiri hluta bændabýla landsins. En þegar svo er komið, þá hygg jeg, að erfitt verði að skera kláðann niður.

Hv. samþingismaður minn (HStef) skaut því til hv. þm. N.-Ísf., hvers vegna kláðinn væri hjá Skotum, og var engu líkara en að hv. þm. (HStef) áliti, að Skotar ælu maurinn, og þess vegna ættum vjer einnig að gera það. En hv. þm. er fljótsvarað. Skotar eru ákaflega seinir til, og þó að ákveðin hafi verið útrýmingarböð hjá þeim, þá hafa þeir reynt að skjóta sjer undan böðuninni. Borið saman við okkar ástæður, þá er það engin sjerstök hvöt fyrir Skota, að útrýma kláðanum af því að markaður þeirra sje í veði. En öðru máli gegnir með oss. Jeg vil minna hv. þm. á það, að hann skildi þetta atriði í fyrra, og vil jeg leyfa mjer að benda honum á að lesa þá ágætu og rökföstu ræðu, er hann þá hjelt um þetta mál í fyrra.

Hv. þm. Mýr. (PÞ) þarf jeg engu að svara. Hann hjelt varnarræðu fyrir landbn., og er ekkert við það að athuga, þar sem hann er formaður þeirrar nefndar. Sama er um ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Í henni var fátt, sem þörf er á að svara. Hv. þm. (SvÓ) telur þetta alt kák eitt, hvort sem um útrýmingar- eða þrifaböð er að ræða. Hann segir, að útrýmingarböðin hafi hingað til verið og muni verða kák eitt, og að þessi till. landbn. sje líka kák, og því muni hann hallast að því kákinu, sem sje ódýrara í bili.

Hv. frsm. meiri hl. (HK) hjelt langa ræðu, en það verður því miður ekki sagt, að innihaldið hafi svarað til lengdarinnar. Hefi jeg þegar drepið á margt í ræðu hans í sambandi við ræður annara hv. þm. Það var lesin hjer upp í gær skýrsla um kláðann í landinu, og sagði hv. þm., að af þeirri skýrslu sæist, að kláðinn væri svo lítill, að ekki væri ástæða til að gera þessar sjerstöku ráðstafanir. En jeg hefi nú lesið þessa skýrslu, og af henni má sjá, að kláðinn er í öllum sýslum landsins nema tveim. Hvað þarf nú framar vitnanna við?

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) kom inn á þetta atriði viðvíkjandi skýrslunni, og gat þess, að þó að kláðinn væri lítill á tímabili, þá gæti hann altaf magnast. Þessu til sönnunar gat hann þess, að í umr. um kláðamálið á þingi 1903 hefði þess verið getið, að á einum bæ í austur hluta V.-Húnv. hefði farið fram skoðun, með þeim árangri, að enginn kláði hefði fundist þar, en að 5 dögum liðnum fór skoðun aftur fram, og reyndist þá svo, að 26 kindur höfðu smitast í millitíðinni.

Hv. þm. Barð. sagði í öðru orðinu, að kláðinn væri vel viðráðanlegur, en í hinu orðinu, að ómögulegt væri að útrýma honum. En á þesari ótrú hans, að ómögulegt sje að útrýma kláðanum, er öll barátta hans gegn útrýmingarböðunum reist.

Þá talaði hv. þm. (HK) um það, að allsherjar útrýming væri óframkvæmanleg, nema með margra ára undirbúningi. Þessi undirbúningur hefir nú þegar farið fram í 12—13 ár, eins og best sjest á frv., sem hv. þm. og samherjar hans bera fram. En auk þessa er tími til stefnu, þangað til ætlast er til, að útrýmingarböðunin fari fram, sem sje hátt á annað ár. Þá talaði hv. þm. um þann mikla kostnað, sem út-

rýmingarböðin hefðu í för með sjer, og taldi hann mjög tilfinnanlegan fyrir bændur. Eftir skýrslu þeirri er Magnús Einarsson gaf í fyrra, er áætlað, að kostnaður af útrýmingarböðunum mundi nema 150 þús. kr. Þar af á ríkissjóður að greiða 100 þús., en bændur sjálfir 50 þús. kr., sem jafnast á alla bændur landsins. Auk þess bættist auðvitað við kostnaður af innigjöf og rýrnun. Verður því að mínu áliti ekki með sanni sagt, að kostnaðurinn verði bændum mjög tilfinnanlegur.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að enginn árangur hefði orðið af þrifaböðunum undanfarin ár. Jeg vildi leyfa mjer að leiðrjetta þau ummæli mín, því jeg tel sanni nær að segja, að árangurinn hafi orðið verri en enginn, því að síðan hefir kláðinn stöðugt útbreiðst.

Jeg hefi stuttlega svarað þeim hv. þm., sem talað hafa á móti útrýmingarböðun, en þeir hafa lítið komið inn á kjarna málsins. Mjer virðist, að afstaða manna til þessa verði að markast af ástandi því, sem nú er á kjötmarkaði vorum. Við höfum aðeins í tvö hús að venda með kjöt okkar, til Noregs með saltkjötið, og til Englands með fryst og kælt kjöt. Um Noregsmarkaðinn er það að segja, að verðið er þar lækkað niður í nálega það sem það var fyrir ófriðinn mikla, og um enska markaðinn er það að segja, að þar er meiri samkepni heldur en þekst hefir um langan aldur. Hefir þess nýlega verið getið í blöðum hjer, að tvö amerísk auðfjelög berðust um yfirráðin á markaðinum og seldu kjötið jafnvel aðeins fyrir flutningskostnaðinum. Þegar þannig er litið á ástandið á kjötmarkaðinum, og jafnframt á það, að framleiðslukostnaðurinn hjer á landi er margfaldur við það, sem áður var, mætti búast við því, að menn vöknuðu af því dauðamóki framtaksleysisins, sem þyrmt hefir yfir þá.

Nú byggja menn vonir sínar um bætt kjötverð á hinu nýja kæliskipi, sem bygt hefir verið með styrk úr ríkissjóði. Jeg vona, að þær vonir rætist. En menn verða að gæta þess, að meginið af því kjöti, sem kemur á markaðinn með þessu skipi, verður f r y s t en ekki k æ l t, en þar af leiðir, að það lendir í hinni miklu samkepni, sem jeg gat áðan um, við fryst kjöt frá þeim löndum, þar sem framleiðslan kostar nálega ekkert. Eina ráðið til þess að koma kjöti okkar á góðan markað, er að hefja aftur útflutning lifandi fjár til Englands. Við höfum reynslu fyrir því, að Englendingum geðjast vel að íslensku sauðakjöti, og á þann hátt einan komumst við í samkepni, sem er okkur í vil, vegna þess að framleiðslukostnaðurinn á Bretlandi er hærri en hjer.

Nú er það svo, að innflutningur lifandi fjár til Englands er bannaður með öllu frá öllum löndum nema Íslandi. Það er þó svo, að innflutningur hjeðan er ekki framar alfrjáls. Þær kvaðir eru á, að fjeð verður að vera í strangri sóttkví og vera slátrað innan 10 daga. Að vísu er ekkert því til fyrirstöðu, að útflutningur hefjist, þó að skilyrðin sjeu ekki rýmri en þetta. Hitt er einsætt, að ef útflutningur yrði nokkuð í líkingu við það, sem var langt fyrir aldamótin, þá yrðu þessi skilyrði of þröng. Nú verður að vinna að því jafnframt því sem sauðaeigninni verður komið upp hjer, að fá Englendinga til þess að slaka á innflutningshöftunum.

Ef Alþingi gerir nokkrar þær ráðstafanir, sem ætla mætti að yrðu til þess,

að kláðinn útbreiddist, þá er ekkert líklegra en að við mistum þeirra hlunninda, sem við höfum nú um innflutning til Bretlands fram yfir aðrar þjóðir. En ef Alþingi hinsvegar lögleiddi útrýmingarböðun, og við gætum sýnt Englendingum fram á, að kvilli þessi væri kveðinn niður, þá má telja það mjög sennilegt, að Englendingar mundu afnema öll innflutningshöft á íslensku sauðfje. Ef svo yrði, stæðum við miklu betur að vígi. Fjeð tæki bata eftir sjóvolkið, og auk þess væri hægt að hafa betri gát á markaðsskilyrðum. Ekkert má gera til að veikja aðstöðu okkar. Jafnframt því sem unnið er að útrýming kláðans, þá verður að róa að því öllum árum, að við vinnum aftur þá aðstöðu, sem við höfðum áður á besta kjötmarkaði heimsins. Nú sem stendur eru markaðsskilyrðin of þröng til þess að útflutningur geti tekist í líkum mæli og hann var mestur áður, um 50—60 þús. fjár á ári.

Jeg hefi gert fyrirspurn til Englands um verð á enskum markaði og fjekk svar í gærkveldi. Eru þær upplýsingar mjög eftirtektarverðar og sýna átakanlega mismuninn á markaðnum fyrir nýtt kjöt og frosið kjöt. Samkvæmt upplýsingum þessum er hlutfallið þannig milli verðs á nýju og frosnu kjöti: Í október í fyrra var verðið á nýju sauðakjöti 12 pence enskt pund, og á frosnu sauðakjöti 4½ penny. En nú er verðið á nýju kjöti 13—14 pence, en á frosnu sama og í haust, 4½ penny. Í íslenskum peningum svarar þetta verð til ca. 90 aur. kg. í haust er leið á frosnu sauðakjöti og ca. kr. 2,40 kg. á nýju sauðakjöti. Nú sem stendur er verðið á nýju sauðakjöti 25 til 50 aurum hærra á kíló en í fyrrahaust, en verðið á frosna kjötinu óbreytt. Menn hlýtur að reka í rogastans yfir þessum geysiverðmun. Og menn hljóta að spyrja: hvers vegna kaupa Englendingar nýtt kjöt á kr. 2,50 eða kr. 2,60 kg., ef þeir geta fengið frosið kjöt á 90 aura kg.? Því er til að svara, að á Englandi er tiltölulega fleira af mönnum, sem hafa efni á að spyrja fyrst og fremst um g æ ð i vö:unnar en ekki v e r ð. Þeir eru vanir því besta og hafa efni á að neita sjer ekki um það. Fjöldinn er aftur á móti svo efnum búinn, að hann verður að sætta sig við lakari vöruna, af því að hún er ódýrari.

Á það hefir verið minst, að útflutningur lifandi sauðfjár mundi eiga langt í land. En þetta er ekki svo. Sauðum verður komið upp á 2—3 árum. Heppilegasti aldur útflutningsfjár er, þegar ijeð er 2—3 vetra. Veturgamalt fje er að vísu hægt að flytja út, en það þótti illa svara kostnaði fyrrum, vegna þess að það stóðst sjóferðina miklu ver en eldra fjeð.

Út af verðsamanburðinum vil jeg biðja menn að gæta þess vel, að verðið á nýja kjötinu er miðað við bestu tegund innlendrar framleiðslu, en verð á frosna kjötinu hið almenna markaðsverð. Þetta má því ekki skilja á þá leið, að jeg búist einmitt við þessum verðhlutföllum á því kjöti, sem hjeðan flyttist á breskan markað. Verðið á nýja sauðakjötinu yrði sennilega eitthvað lægra, en verðið á lambakjötinu, sem flutt yrði út frosið, yrði vonandi eitthvað ofan við almenna markaðsverðið á frosnu kjöti. En hvað sem þessu líður, þá má ekki loka augunum fyrir því, að verðið á þeim sauðum, sem

fluttir yrðu út lifandi, mundi ákvarðast af hinu háa innlenda kjötverði í Bretlandi, en verðið á frosna kjötinu jafnan miðast við alment verð á þeim markaði. Jeg geri ráð fyrir, að kostnaðurinn yrði líkur á hvert kg., svo að verðmunurinn yrði ávalt geysimikill.

Til þess að ná bættum markaði, þarf auðvitað að breyta búnaðarháttum. En það er tiltölulega ljett verk, ef unnið er að því með fullum skilningi og áhuga. Bændur breyttu hinu gamla búskaparlagi fyrir liðugum 20 árum, í það horf, sem nú er, vegna þess að markaðsskilyrðin heimtuðu það. Þá var kjötverð fremur lágt í Englandi, en hinsvegar lögleiddar hömlur þær á innflutningi, sem ennþá gilda þar. Aftur á móti var útlit fyrir, að opnast mundi góður og öruggur markaður fyrir ljettsaltað lambakjöt í Danmörku. Eins og þá horfði við, gerðu bændur áreiðanlega það, sem líklegast var til endurbóta, er þeir hættu við sauðaeignina og tóku dilkaeignina. Bændur verða eins og aðrir framleiðendur ávalt að vera við því búnir að breyta framleiðslunni eftir því sem eftirspurnin krefur. Nú horfir málið svo við, að líklegasta úrlausnin er sú, að taka upp aftur sauðaeignina, og þá tjáir ekki að spyna á móti broddunum.

Þegar vitnað er í það, að bændur sjeu andvígir útrýmingarböðun, verður að gæta þess, á hvaða forsendum sá dómur þeirra er reistur. Jeg fullyrði, að ef leitað væri álits íslenskra bænda eftir að þeir hafa fengið tækifæri til að kynnast ástandinu á kjötmarkaðnum, eins og það er, og þeim möguleikum til umbóta, sem framundan eru, ef rjett er að farið, mundu þeir ekki færast undan að leggja á sig þann lítilfjörlega kostnað, sem af útrýmingarböðun leiddi. Þessir fulltrúar bænda, sem telja það hlutverk sitt hjer í hv. deild, að berja lóminn fyrir hönd umbjóðenda sinna, gera bændum herfilega rangt til. Bændur eru víðsýnni, framkvæmdasamari og betri þegnar en búast mætti við, ef dæmt væri eftir framkomu ýmsra fulltrúa þeirra.

Jeg las í vetur æskuminningar Eiríks Briems. Þar segir hann frá því, að þegar fjárkláðinn geisaði um Húnavatnssýslu fyrir 60—70 árum, var leitað stuðnings bænda í Eyjafjarðarsýslu til þess að gera stjettarbræðrum þeirra í Húnavatnssýslu kleift að skera niður fje sitt og hefta þannig útbreiðslu faraldursins. Ljetu eyfirskir bændur þá 12. hverja kind sína til þeirra, og segir E. B., að hann muni ekki til þess, að nokkur maður möglaði við þessu. Slíkur var þegnskapur íslenskra bænda fyrir 2 mannsöldrum. Nú lifum vjer á tímum fjelagsskaparins og fjelagsþroskans, og samt á að fara að kenna okkur, að íslenskir bændur vilji ekki leggja á sig lítilfjörlegan kostnað til þess að útrýma með öllu þessum gamla og skæða fjanda landbúnaðarins, kláðanum. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að þegnskap bænda hafi hrakað svo hörmulega sem hjer er látið í veðri vaka.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer þykir það ekki nema eðlilegt, að menn ræði þetta mál nokkuð, þar sem það tekur til hagsmuna allra búandi manna í landinu. Jeg vildi, áður en jeg vík að aðalkjarna málsins, fara nokkrum orðum um gang þess á síðasta þingi.

Dýralæknirinn hjer í Reykjavík kom með tilmæli um það til landbn. í fyrra, að hún flytti frv. um útrýming fjár-

kláða. Hann undirbjó svo frv. og flutti nefndin það lítið breytt, og var það samþ. hjer í þessari hv. deild og afgreitt til hv. Ed. En þar var því þá vísað frá með rökstuddri dagskrá, vegna þess að undirbúningurinn væri ekki nógur.

Reynslan hefir nú sýnt, að oss hefir ekki lánast að útrýma kláðanum. Því hefir hingað til verið haldið fram, að aðalorsökin væri sú, að eigi hafi verið tvíbaðað. Og dýralæknirinn í Reykjavík hefir fullkomlega haft þessa trú, að ef tvíbaðað væri, þá mætti takast að útrýma fjárkláðanum. En nú þykir ekki fullkomlega sýnilegt, að það nægi að baða tvisvar sinnum, heldur að rjettara muni og tryggara að baða þrisvar. Á þessum grundvelli var frv. landbn. í fyrra reist. Nú heyri jeg sagt, eftir einum dýralækni, sem hefir kynt sjer málið, Sigurði Hlíðar, að það væri hvergi nærri fulltrygt, að útrýming tækist, þó baðað væri þrisvar, ekki hvað síst vegna þess, hvernig fjárhús vor eru. Segir hann, að maurinn lifi lengur en þann tíma, sem það taki, að baða fjeð, þó tvíbaðað sje, sem sje, að hann geti lifað í þrjá mánuði, en innan þess tíma er fjeð orðið fyrir löngu þurt, því ekki tekur nema rúman mánuð að baða fjeð, þó þríbaðað sje, og getur því maurinn komist á fjenaðinn aftur. Með þessu álít jeg fallnar aðalstoðirnar undan útrýmingarböðuninni, og þó að baðanirnar væru þrjár, þá er samt með þessu kipt fótunum undan frv. frá síðasta þingi. Hv. Ed., sem fjekk frv. til meðferðar í fyrra, afgreiddi málið til stjórnarinnar með þeim ummælum, að stjórnarráðið leitaði álits manna út um land um mál þetta. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp hina rökstuddu dagskrá, sem hv. Ed. samþykti.

„Með því að þau rök vantar, er nægi til þess, að þingið eigi nú þegar að lögskipa baðanir til útrýmingar fjárkláða, þá vill deildin fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún leiti umsagnar allra sýslunefnda í landinu áður en lengra er gengið í þessu máli, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi dagskrá var afgreidd til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi. Hv. Ed. þótti viðurhlutamikið að lögskipa útrýmingarbaðanir með ekki meiri fyrirvara, án þess að leita álits manna út um land. Hún vildi gefa mönnum kost á því, að segja til þess, hvernig þeir væru við því búnir að framkvæma útrýmingarbaðanir. Jeg vil, til frekari glöggvunar, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp örfá orð úr ræðu eins hv. þm., sem átti sæti í landbn. Ed. í fyrra. Þau hljóða svo:

„Landbn. fanst sjálfsagt, að máli þessu verði ekki ráðið til lykta án þess, að það verði borið undir sýslunefndirnar. Hún telur alveg óviðeigandi og rangt að ganga alveg framhjá rjettum aðiljum þessa máls. Málið hefir ekki ennþá verið lagt undir dóm þjóðarinnar, en það verður að fá vitneskju um það, hvort menn alment óska eftir allsherjar útrýmingarböðun eða ekki. Það er kurteisisskylda gagnvart svo stórri stjett í landinu sem bændastjettin er, að hún fái að láta álit sitt í ljós um þetta, áður en það verður lögboðið. Jeg fæ ekki skilið, að neitt tjón geti af því hlotist, þó máli þessu verði frestað um eitt ár, aðeins til þess að fjölmennasta stjettin í landinu geti fengið tóm til þess að athuga það og láta upp sinn dóm og tillögur um það."

Mjer virðast þessi ummæli hins látna merka þm. í Ed. fullkomlega á rökum bygð. Jeg bjóst ekki við því, að þetta mál yrði fyrir tekið hjer, án þess að álits bænda út um land yrði leitað, svo sem ráð var fyrir gert í fyrra. Jeg vil þó ekki beint álasa hæstv. stjórn fyrir það, að hún hefir borið þetta frv. fram aftur núna, þar sem þessi hv. deild var málinu fylgjandi í fyrra, en jeg neita því ekki, að mjer hefði þótt æskilegra, að leitað hefði verið álits bænda, eða þá að minsta kosti sýslunefndanna, því að þá hefði fremur fengist vitneskja um álit og óskir bændanna, en fram hjá þeim má ekki ganga í slíkum málum sem þessum. Nú hefir verið safnað skýrslum um útbreiðslu kláðans víðsvegar um landið. En jeg geri nú ráð fyrir því, að þótt sýslunefndirnar hefðu annast það, þá hefði útkoman orðið áþekk. En hitt, að bændum og sýslunefndum hefir ekki verið gerður kostur á því, að láta í ljós álit sitt, það álít jeg skort á undirbúningi þessa máls. Jeg orðaði það á fundi, sem jeg var á, áður en jeg fór til þings, að það gæti ekki komið til mála, að þessu máli yrði hreyft á þessu þingi, og bygði jeg það á því, að jeg vissi, að álit sýslunefndanna gat ekki verið komið til hæstv. stjórnar. En nú hefir málið verið tekið fyrir hjer aftur, og lasta jeg það ekki í sjálfu sjer, eins og jeg sagði áðan. En það gefur mjer ástæðu til þess að vilja fara varlegar nú en áður.

Þá skal jeg snúa mjer að málinu sjálfu. Jeg efast um það að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) sje meira áhugamál að losna við fjárkláðann úr landinu heldur en mjer eða öðrum, sem standa á öndverðum meiði við hann í þessu máli, enda finst mjer hann gera of mikið úr því, sem á milli ber. Meiri hl. landbn. hefir ekki sagt, að hann vilji ekki á sínum tíma hverfa að allsherjar útrýmingarböðun, heldur þykir honum málið ekki nægilega undirbúið, til þess að ákveða nú, hvenær það skuli gert. Jeg skal nú stuttlega víkja að því, hvers vegna okkur finst málið ekki nægilega undirbúið, til þess að hægt sje að ganga að frv. stjórnarinnar. Í fyrsta lagi er það hvergi nærri upplýst, að unt sje að útrýma kláðanum með þessari útrýmingarböðun. Það mun að vísu vera hægt að hreinsa fjeð sjálft með tveimur böðum, en það er ekki hægt að ganga tryggilega frá húsunum. Það nægir í þessu efni að skirskota til reynslu Englendinga. Þeir hafa í nokkrar aldir átt í höggi við kláðann, en þeim hefir ekki fram til síðasta árs tekist að losna við hann. Þó er mikill munur á því, hvað þeir eiga hægara aðstöðu en við. Þeirra fje er alt í pössun, og geta þeir því náð í það, hvenær sem þeir vilja. Jeg veit að vísu ekki, hvernig fjárhúsum þeirra er háttað, en mikið mun það ganga sjálfala, og jeg býst við, að auðveldara muni vera að hreinsa húsin hjá þeim en allflest fjárhús hjá okkur. En það er vitanlegt, að hjer gengur fje sumsstaðar sjálfala á vetrum og kemur stundum ekki fram fyr en næsta haust. Það er engin sönnun fyrir því, að kláðinn geti ekki leynst með þessu fje og það sýkt frá sjer, þegar það kemur fram. Þó geri jeg ekki svo mikið úr þessu. Aðalvandræðin verða með sótthreinsun fjárhúsanna. Þá er og engin vissa fyrir því, að baðlyf þau, sem nota má, sjeu nógu góð. En slíkt verður vel að rannsakast, áður en ákveðið er, hvenær útrýmingarböðun fari fram. En þessi frestur, sem í frv. er settur, er alt of

stuttur til þess, að veruleg rannsókn á baðlyfjum geti farið fram. Þá mundu bændur í sumum hjeruðum landsins líka verða að afla sjer meiri heyja; bændur munu jafnvel verða að farga fje sínu vegna heyskorts, ef útrýmingarböðun væri ákveðin. Þingið verður að undirbúa þetta mál svo vel að öllu leyti, að bændur megi treysta því, að þessi útrýmingarböðun komi að fullum notum.

Þá er annað atriði, sem jeg vjek dálítið að áður, að það er mjög varhugavert að samþykkja þetta frv. án þess að leita fyrst álits bænda um málið. Hv. 2. þm. N.-M. bjóst við því, að það mundi reynast auðsótt að fá bændur til fylgis við þetta mál. Það má vel vera, að svo sje, en það þarf tíma til þess. En það er höfuðskilyrði fyrir framkvæmd þessa máls, að bændur ljái því fylgi sitt. Það má ekki hefjast handa með útrýmingarböðun meðan bændur eru ekki við henni búnir eða vantar skilning á málinu. Það ætti að vera ærin ástæða til þess, að ákveða ekki útrýmingarbaðanir, nema með miklum fresti, að nota þann frest til undirbúnings í þessu sem öðru. Mjer er það fullljóst, að minsti tími til undirbúnings þessu máli eru 5 ár.

Hv. 2. þm. N.-M. vjek að því, að sökum breyttrar aðstöðu með kjötmarkað okkar, þá væri okkur nauðsynlegt að losna við fjárkláðann. Jeg er honum sammála um það, að mikið væri unnið við það, að geta flutt út lifandi fje til Englands. Okkur hefir nú staðið opið að flytja fje til Englands, með því að slátra því skömmum tíma eftir að það kemur þar á land. En með þeim takmörkunum fáum við ekki besta markað fyrir kjötið. En þó frv. verði samþ. og útrýmingarböðun fari fram, þá hygg jeg, að hv. þm. líti of björtum augum á það, að Englendingar taki það trúanlegt, að við sjeum orðnir lausir við fjárkláðann. Þeim mundi ekki nægja eitt til tvö ár til þess að sannfærast um það. Það yrði að líða lengri tími til þeirrar reynslu. Það er sjálfsagt, að ganga að því með alvöru og alúð, að útrýma þessum vágesti sem fyrst. En það er óheppilegt, að hverfa að því ráði, að lögbjóða útrýmingarböðun fyr en fylsti undirbúningur er fenginn. Jeg veit ekki, hvort jeg skildi hv. 2. þm. N.-M. rjett, en jeg skildi hann á þann veg, að hann væri ekki með öllu sannfærður um að útrýmingarböðunin leiddi til fullkomins árangurs. Hvar erum við þá staddir? Vissulega stöndum við þá í sömu sporum með kjötmarkaðinn í Englandi. En jeg vil benda hv. þm. á það, að ef þessi tilraun mistekst nú, þá líða áratugir áður en slík tilraun verður gerð aftur. Hún er of kostnaðarsöm til þess, að að henni verði horfið aftur, nema þá að full vissa sje fyrir því, að hún hepnist. Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um ræðu hv. 2. þm. N.-M. Það er ekki svo mikið, sem okkur ber á milli. Okkur greinir meir á um aðferð en í skoðun.

Þá vil jeg víkja fám orðum að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Hann talaði mjög sanngjarnlega og rólega um málið. Hann býst eins vel við því, að útrýmingarböðun lánist ekki. En hann vill gera tilraun með hana. Sömu skoðunar var hæstv. atvrh. Hann bjóst heldur ekki við, að þessi útrýmingarböðun hepnaðist. En þar sem hann segir, að afstaða meiri hl. landbn. sje sú, að við höfum trú á því, að hægt sje að útrýma kláðanum með aðferð þeirri, sem við

stingum upp á, með einni böðun, þá virðast þau ummæli bygð á misskilningi á greinargerð frv. þess, sem við berum fram. En við segjum í grg., að það megi varna útbreiðslu kláðans, án þess að horfið sje að útrýmingarböðun. Síðar í grg. gerum við ráð fyrir því, að horfið verði að útrýmingarböðun, ef það tekst ekki að halda kláðanum í skefjum eða jafnvel losna við hann með okkar aðferð, og undirbúningur þessa máls er nægilegur orðinn. Ummæli hv. þm. eru því á nokkrum misskilningi bygð. Hv. þm. V.-Húnv. vildi gera mikið úr því, eins og líka hv. þm. N.-M., að við hefðum nú um stund reynt þrifabaðanir og þær ekki lánast, og því væri ekki til neins að halda þeim áfram. En það er nú ekki nema stuttur tími síðan sú tillögun var upp tekin, sem höfð hefir verið á undanförnum árum, og síðan er kláðinn mjög í rjenun, og þó eru almennar kvartanir um það, að baðlyf þau, sem notuð hafa verið tvö síðustu árin hafi gefist mjög illa. Hv. þm. vildi telja útrýmingarböðunina heppilegri. Jeg vildi óska, að svo væri, því að ef ekki tekst að útrýma eða halda kláðanum í skefjum með aðferð þeirri, sem við leggjum til að höfð verði, þá geri jeg ráð fyrir því, að fyr eða síðar verði horfið að allsherjar útrýmingarböðun. En til þess þarf undirbúningurinn að vera betri en hann er hjer nú. Að hjer er um vandkvæði að ræða, sjest best á reynslu Breta og Norðmanna í þessum efnum. Mjer er sagt, að Norðmenn sjeu nú lausir við fjárkláðann, en það var ekki fyr en eftir margra ára eða áratuga baðanir, og þó er þeirra aðstaða áreiðanlega miklu betri en okkar. Menn mega því ekki vera of bjartsýnir á það, að þessi tilraun hepnist hjer. Þá mintist þessi hv. þm. á það, að kostnaðurinn við þrifabaðanir væri mikill, 3—4 ára kostnaður af þeim jafnaðist á við kostnað einnar útrýmingarböðunar. Kostnaðarhliðin er nú aukaatriði í þessu máli, ef full vissa er fyrir því, að hægt sje að útrýma kláðanum. En kostnaðurinn er þó svo mikið atriði, að ekki er vert að gera sjer leik að því, að koma hjer af stað útrýmingarböðun, ef hún svo mishepnast. Það er of mikið, að gera alt landið að einni tilraunastöð. Það væri betra að gera tilraun á minna svæði fyrst, og sjá, hvernig hún lánast.

Þá var hv. þm. Str. hjer í gær að bera fyrir sig álit búnaðarþingsins í þessu máli, og taldi það hlynt því, að útrýmingarböðun færi fram. En þar er ekki nema hálfsögð sagan. Búnaðarþinginu fanst það einmitt mjög varhugavert, að ráðast í útrýmingarböðun nú þegar. Samþyktin, sem það gerði um þetta, var því skilyrði bundin, að ekki yrði horfið að því ráði fyrst um sinn. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp nokkur atriði úr nál. búfjárræktarnefndar á búnaðarþingi um þetta mál:

„— — Telur nefndin hæpið, að hún (þ. e. sótthreinsun fjárhúsa) verði svo framkvæmd, að talist geti trygg útrýming, þar sem maur getur lifað alt að þrem mánuðum undir ullarlögðum eða kláðaskorpum ósljettra veggja. — —.“ — Og á öðrum stað segir:

„— — Að öllu athuguðu vill nefndin ekki leggja til, að nú sje samþ. á Alþingi lög um útrýming fjárkláða, þar sem böðunarár sje fastsett. Hitt virðist nefndinni f r e k a r g e t a k o m i ð t i l g r e i n a, að samþ. verði h e i m i l d a r l ö g fyrir ríkisstjórnina, þar sem henni veitist heimild til að fyrirskipa

slíka útrýmingarböðun í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, þegar hentugur tími teldist til þess — —."

Þetta er það mesta sem nefndin segir, að þessi leið geti heldur k o m i ð t i l m á l a. En hún telur sjálfsagt að halda áfram undirbúningi málsins. Það er því lítill stuðningur fyrir málstað hv. þm. Str. (TrÞ) og skoðanabræðra hans, að vitna í álit búnaðarþingsins.

Magnús Torfason: Hæstv. atvrh. (MG) sagði í svarræðu sinni til mín, að hann hefði ýmislegt að athuga við það, sem jeg sagði. Þó varð í meðförunum heldur lítið úr því, svo sem von var til, því að við erum alveg sammála um kjarnaatriðið: að kláðanum beri að útrýma, fyr eða síðar, með almennri útrýmingarböðun. Deiluefnið er aðeins það, hvort málið sje nú svo vel undir búið, að útrýmingarböðunin megi fara fram þegar í stað. Því hefi jeg neitað. Jeg held, að þeim, sem vilja láta til skarar skríða, sje ómögulegt að sanna okkur hinum, að útrýmingarböðun muni hepnast. Hæstv. ráðh. sagði, að það væru kák eitt, þótt fyrirskipaðar væru kláðaskoðanir á vissum svæðum, því að kláðinn gæti altaf komið aftur. Hann orðaði þetta nú þannig, að hann spurði, hvenær Árnessýsla mundi loga aftur í kláða. Jeg held nú, að það verði mjög langt þangað til. Undirbúningur undir kláðaböðunina þar var mjög öflugur og góður. Á öllum mannfundum var rætt um nauðsynina til að hefjast handa, og hvernig farið skyldi að. Allir bestu menn sýslunnar voru fengnir til að vera eftirlitsmenn með böðununum og gangast fyrir þeim. Síðan var nákvæmlega skoðað alt fje, bæði í rjettum og heima á bæjum. Á þennan hátt kom kapp í fólkið með útrýminguna. Og hvenær sem kláðakind sjest í Árnessýslu, er óðara sagt til um það, og reynt að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans. Þetta er sá undirbúningur, sem með þarf. Þetta er sá hugsunarháttur, sem þarf að vekja hjá fólkinu. Það þarf að gera öllum almenningi það að metnaðarmáli, að losna við kláðann. Þessi undirbúningur er kominn vel á veg í mínu kjördæmi. Þar þykir það skömm fyrir bónda, að færilús sjáist á fjenaði hans, hvað þá fellilús. Hún er þar nú alls ekki til, nema á aðkomufje. Það þarf að innræta mönnum, að það sje alveg eins skammarlegt að hafa kláða á fje sínu, eins og að hafa hann á heimilisfólkinu, og fyrst þegar reynist hægt að halda niðri kláðanum, má hugsa til útrýmingarböðunar. En til þess þarf hver einasti bóndi að vera nokkurskonar kláðafræðingur. Það er t. d. ekki nóg, að geta drepið kláðann í fjenu og í húsunum. Það þarf líka að drepa hann í högunum. Þar getur hann lifað tímunum saman undir ullarlögðum o.þ.h. T.d. þarf ekki annað en hugsa sjer barð, sem kláðakind hefir nuddað sjer upp við. Þaðan gæti kláðinn hæglega breiðst út. Það er ákaflega margt, sem athuga þarf, og miklu fleira en menn gera sjer alment í hugarlund. Þar koma m. a. baðlyfin til greina. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, get jeg ekki sagt um það, hvort baðlyfið okkar er gott. En hitt er víst, að alþýða manna hefir heldur lítla trú á því og kann ekki með það að fara. Einn aðalgallinn á lyfinu er sá, að það sest ekki jafnt, svo að það efni, sem drepur maurinn, er ekki jafnt í öllu lyfinu. Þetta þarf að kenna fólki að forðast, áður en hrapað er að útrýmingarböðun.

Annars vil jeg líka taka það fram, að jeg hefi enga trú á útrýmingarböðun, sem framkvæmd er aðeins eitt ár. Hún þarf að fara fram hvert árið eftir annað, og það væri áreiðanlega ekki of miklu til kostað, ef það hepnaðist, að útrýma kláðanum.

Að lokum vil jeg draga það í efa, að kláðinn sje að aukast í landinu. Jeg held, að þær skýrslur, sem borist hafa, sanni frekar hið gagnstæða. Það, sem nú á að gera, er að gefa út kláðapjesa, sem skrifaður sje af sjerfræðingi, og að kenna fólki að fara með kláðann að öllu leyti. En meðan kláðanum verður ekki haldið niðri í stórum sveitum, er víst, að lítið þýðir að fást við útrýmingarböðun.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. þm. Árn. (JörB) tók það fram, að stjórnin hefði ekki farið algerlega eftir þeirri ályktun, sem hv. Ed gerði í fyrra, um undirbúning þessa máls. Þetta er rjett. Í hv. Ed. var samþ., að fela stjórninni að leita umsagnar sýslunefnda, áður en lengra væri farið. Þetta hefir ekki verið gert, heldur hefir stjórnin falið sýslumönnum og bæjarfógetum að útvega upplýsingar um útbreiðslu kláðans, hjá öllum hreppstjórum, sbr. grg. frv. Það liggur í augum uppi, að hreppstjórarnir eiga miklu hægara með að útvega þessar skýrslur heima í sveitum heldur en sýslunefndarmenn, þegar þeir eru komnir á sýslufund. Auk þess var önnur ástæða fyrir því, að þessi leið var farin. Í frv. var ákveðið, að útrýmingarböðun skyldi fram fara haustið 1928. En hefði átt að bíða eftir umsögn allra sýslunefnda, hefði ekki verið hægt að leggja frv. fyrir að nýju fyr en á þingi það ár. Og jeg veit, að hv. 2. þm. Árn. viðurkennir, að eitt sumar hafi verið of naumur undirbúningstími, þegar hann telur ekki minna en 5 ár nægja. Þessa hv. deild skildi jeg svo í fyrra, að hún óskaði eftir a. m. k. árs undirbúningi undir kláðaböðunina, og því taldi jeg mig fylgja vilja hennar, er jeg sá svo til, að hægt væri að leggja málið aftur fyrir þetta þing.

Jeg skal viðurkenna, að það er ekki alveg víst, að hægt sje að útrýma kláðanum með þessari böðun. En það má teljast nokkurnveginn víst, eftir reynslunni um Myklestads-böðunina, að við verðum nokkurnveginn lausir við kláða í næstu 10 ár. Á þeim tíma sparast miklu meira fje í þrifaböðunum en því nemur, sem útrýmingarböðunin kostar, og auk þess er vonin um að geta útrýmt kláðanum með öllu. Og fyrir hana er þó altaf nokkuð gefandi. Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) skýrði það vel og greinilega, hvert gagn við gætum haft af því fjárhagslega skoðað, að útrýmingarböðun færi fram, og þarf jeg engu þar við að bæta. Jeg er þess fullviss, að okkur verður ekki meinaður innflutningur lifandi fjár til Englands, ef við framkvæmum þessa böðun og skoðum síðan alt fje nákvæmlega, áður en það fer á skipsfjöl. Þó verð jeg að viðurkenna af reynslunni frá minni fjármenskutíð, að ekki er altaf hægt að sjá, hvort kind hefir kláða eða ekki, þótt hún sje skoðuð allnákvæmlega.

Báðir hv. þm. Árn. segja, að málið þurfi betri undirbúning. Hvaða undirbúningur er það, sem vantar? Jeg sje ekki, að það geti verið annað en það, að fleira fje sýkist. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje neitt betra að bíða með útrýmingu þar til ⅔ af öllu sauðfje lands-

manna eru sýktir, heldur en að reyna hana meðan aðeins ⅛ eða $\frac{1}{10}$ er sýktur. Hv. þm. nefndu, að það væri ekki áreiðanlegt baðlyf, sem við höfum. En jeg vil aðeins minna á, að á þingi í fyrra var mönnum leyft að nota hvaða lyf, sem þeir sjálfir vilja. Jeg vildi óska, að það væri rjett, sem háttv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að kláðinn breiddist seint út í Árnessýslu. En Árnesingar geta ekki að öllu ráðið við það sjálfir. Það þarf ekki annað en einn utansveitarmaður komi með kláðafje. Þá getur kláðinn breiðst út um alla sýsluna á skömmum tíma. Það er ekki nóg að skoða fjeð einu sinni á ári. Það þarf að gera það miklu oftar og láta kláðaböðun fara fram í þeim sveitum, þar sem kláða verður vart. (**MT**: Það er einmitt þetta, sem Árnesingar gera!). En þetta kostar ekki lítið fje. Og er ekki eins gott að láta kláðaböðun fara fram um land alt í einu, eins og að framkvæma hana 3. og 4. hvert ár í flestum sýslum, án þess að verulegt gagn verði að. — Jeg skal ekki gera það að kappsmáli, hvort útrýmingarböðun fer fram einu ári fyr eða síðar. En það þýðir ekkert að bíða í þeirri von, að geta losnað við útrýmingarböðun. Upp úr því verður ekki annað að hafa en að kláðinn heldur áfram að breiðast út.

Pjetur Þórðarson: Jeg býst ekki við, að þessar löngu umræður hafi mikil áhrif á úrslit málsins; hinsvegar hugsa jeg, að svo miklu kappi verði beitt við að knýja málið fram, að jeg efast um, að maður fái síðar tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós um það, svo að nú mun best að gera grein fyrir sinni afstöðu.

Hv. frsm. minni hl. (ÁJ) hefir altaf haldið því fram, að andstæðingar hans fari kringum aðalatriði málsins og töluðu sífelt um aukaatriði. Mig hefir mikið langað til að fræðast um, hvert þetta aðalatriði væri frá hans sjónarmiði, og eftir þriðju stórræðuna hjá hv. þm. (ÁJ) komst jeg að þeirri niðurstöðu, að kjarni málsins, aðalatriðið, hlyti að vera hin mikla markaðshugsjón fyrir lifandi sauðfje. Saga málsins, sem sami hv. þm. hefir farið mörgum orðum um, er allri hv. þd. kunn, svo að ekki er þörf að orðlengja um hana. Jeg mun því gera hv. þm. það til geðs að segja nokkur orð um þessar nýju markaðshorfur. Um þær vill hann áreiðanlega láta tala, og þótt ræða hans væri öll þrungin af visku og lærdómi, tókst honum þó fyrst upp, þegar hann fór að ræða um markaðinn.

Við skulum nú vera bjartsýnir og gera ráð fyrir, að það tækist, að útrýma kláðanum, og snúa okkur þá aðallega að glæsivonunum um markaðinn.

Hv. frsm. minni hl. ljet það ótvírætt í ljós, að á þessum markaðsmálum hefði hann miklu meiri þekkingu en nokkur annar þm. Jeg skal nú fylgja þessum hugsanagangi hans og gera ráð fyrir, að þrefalt meira verð, eins og hann kemst að orði, fengist fyrir kjötið, með því móti, sem hann hugsar sjer, heldur en með þeim aðferðum, sem nú eru tíðkaðar, að flytja kjötið út saltað eða frosið. Hv. þm. hugsar sjer bersýnilega, að fjeð sje flutt út lifandi til Englands í mjög stórum stíl og fái þar að taka bata eftir volkið á leiðinni, eða meira en það. Þetta hlýtur vitanlega að kosta mikið fje, en jeg tók ekki eftir að hann tæki það neitt til greina í reikningum

sínum. Hann hefir sem sje slept alveg kostnaðarhlið málsins, og það gerir ekki svo lítið strik í hagsmunareikninginn í þessu máli. Þess vegna er jeg hræddur um, að það fari fyrir fleirum eins og mjer, að þeir geti ekki tekið mikið mark á þessum markaðshugleiðingum hv. frsm. minni hl., og svo mundi fara fyrir mörgum bændum, að þeir geti ekki tekið fult mark á þessu, enda er því varpað fram að lítið athuguðu máli, að mjer virðist. Að minsta kosti býst jeg ekki við, að af þessu verði sá óvenjulegi árangur, sem hv. þm. gerir sjer vonir um.

Nú vil jeg, eftir að jeg hefi ekki getað sannfærst um, að þessi hlið málsins sje á nægilega traustum rökum reist, leyfa mjer að skýra frá, hvernig þessu máli horfir við frá mínu sjónarmiði. En þar hefir hv. 2. þm. Árn. (JörB) tekið af mjer ómakið og teflt fram þeim rökum, er jeg hafði ætlað mjer að koma með, svo að jeg get þá farið fljótt yfir sögu. En þó er það eitt atriði þessa máls, sem mjer virðist ekki hafa verið tekið nógu mikið tillit til, og eiginlega ekki verið minst á, og það er hinn mikli ágreiningur í ræðum og ritum um áhrif og notkun baðlyfja á seinni árum og reyndar alla tíð, síðan farið var að löggilda sjerstök baðlyf hjer á landi og setja ákveðin lög um, hvernig öllu skyldi haga, til þess að halda kláðanum að minsta kosti í skefjum. Það hafa einmitt á seinni árum komið fram mjög miklar umkvartanir í ræðum og riti yfir því, að sum þessi löggiltu baðlyf væru ýmist tæplega nothæf eða jafnvel ónýt, svo að ómögulegt væri að hafa nein hemil á kláðanum eða varna því, að hann breiðist út, ef baðlyfin væru blönduð eins og skipað var fyrir um. Allar þessar umkvartanir hafa gerst það háværar, að þingið í fyrra sá sjer ekki annað fært en að láta undan og gefa landsmönnum laust og frjálst að nota hvaða baðlyf, sem þeir vildu. Yfir þessari lausn málsins urðu margir glaðir og hugðu, að þarna mundi stigið spor í rjetta átt til útrýmingar kláðanum. Enda vil jeg segja, að frá mínu sjónarmiði sjeð var þetta alveg rjett gert af þinginu, svo að menn gætu lifað sig sjálfir inn í málið og tekið þeim tökum á þessum kláðafaraldri, sem ætla mætti að kæmi að einhverjum notum, þegar áhugi og trú einstaklinganna á því væri vakin, að hægt mundi, ef ekki að útrýma kláðanum með öllu, þá að minsta kosti að halda honum í skefjum, svo að hans gætti sem minst.

Þegar athugað er, að þingið hafði einmitt leyst þetta mál á rjettan hátt í fyrra, með því að fela landsmönnum sjálfum fullkomið val baðlyfja og framkvæmdir þessa máls, þá virðist í mótsögn við þá samþ. að fara nú að lögskipa útrýmingarböðun um land alt, áður en almenningi gefst kostur á að reyna hið frjálsa val baðlyfja, og áður en nokkur árangur sjest af þeirri tilraunastarfsemi. Það er eins og hæstv. atvrh. hafi enn ekki skilið, að þegar hv. Ed. og fleiri vildu ekki í fyrra fylgja honum í því, að lögskipa þá útrýmingarböðun, að deildin benti um leið á ákveðið markmið, sem sje það, að fá upplýsingar sýslunefnda um útbreiðslu kláðans og till. þeirra um, hvað gera ætti til stöðvunar honum eða útrýmingar. En í staðinn fyrir það, að starfa áfram á þeim grundvelli, sem lagður var í fyrra, heldur hæstv. ráðh. (MG) áfram að þrátta um málið og tekur upp á sitt eindæmi að hafna tilmælum

hv. Ed. og ber nú fram frv., sem á að fyrirbyggja það, að landsmenn geti sjálfir reynt að vinna þessu máli alt það gagn, sem gera má ráð fyrir að þeim takist, þegar þeir eru sjálfráðir og hafa bæði vilja og áhuga til að gera alt, sem í þeirra valdi stendur.

Jeg vona, að þessi hv. deild beri enn gæfu til þess, að koma máli þessu áfram og til hv. Ed. En þá vil jeg minna hastv. atvrh. á það, út af þeim orðum, sem hann ljet falla í garð tveggja manna í landbn. þessarar hv. deildar, sem væru nú á annari skoðun en í fyrra, og færði þeim það heldur til ámælis, að hann muni þá varla taka sjer nærri, þó að hv. Ed. hjeldi sjer við sömu skoðun og í fyrra og fjellist ekki á frv. hans um útrýmingarböðun.

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) talaði mjög skynsamlega um málið, enda gat jeg ekki betur skilið en að hann með sínum varlega ferli í gegnum stjfrv. kæmist að sömu niðurstöðu og við í frv. því, sem enn er ekki komið til umr., en er hjer næsta mál á dagskránni.

Í framhaldi af því, sem jeg sagði um notkun baðlyfja, þá er álit mitt, að hin frjálsa notkun baðlyfja, sem þingið gerði ráð fyrir í fyrra, fái að reyna sig um nokkur ár, og er jeg þá sannfærður um, að árangur þeirrar reynslu mundi verða betri og hagkvæmari en bjartsýnustu fylgjendur þessa frv. hafa hugsað sjer eða gert sjer vonir um, sem árangur af því.

Það er rjett, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að þetta væri trúmál. Hjer er trú á móti trú, og staðhæfing á móti staðhæfing. Það er altaf svo, að skoðanir manna styðjast meira og minna við trú á góðum árangri hvaða máls sem er, og á líkum og vonum um, að vel fari. Hv. frsm. minni hl. byggir sína trú á hræðslu við núverandi markaðsherfur og hinsvegar á glæsilegum markaði, ef okkur tekst að útrýma kláðanum í einu snöggu átaki og að því búnu fá ótakmarkað leyfi Breta til að flytja út lifandi sauðfje til þeirra. En þetta finst mjer svo hátt uppi í skýjum hugsjónanna, að mjer virðist ekki tímabært að ræða um það í þessu sambandi.

Það, sem jeg vildi þá segja í framhaldi af þessum almennu athugasemdum, er það, að kláðinn er nú sem stendur minni en hann var fyrir 4—5 árum. Það eru því staðlausir stafir, sem þeir menn byggja á, sem halda því fram, að kláðinn sje útbreiddari nú en þá; því þó að benda megi á, að hann sje kannske í fleiri sýslum, og jafnvel hreppum, en stundum áður, þá er hann þrátt fyrir það á færri bæjum og í margfalt færra sauðfje en áður, eða á þeim tíma, sem aðallega er vitnað í.

Til þess svo að halda áfram þeirri reynslu með frjálsa notkun baðlyfja, þá þarf að auka eftirlitið, eins og hv. þm. V.-Húnv. tók fram. Það er einmitt það, sem við meirihlutamenn í nefndinni gerum ráð fyrir í okkar frv., að skerpa eftirlitið til muna. Það var í sambandi við þessa væntanlegu reynslu, sem jeg álít rangt hjá sama hv. þm., að sveitarstjórnir mundu fara sínu fram í þessu máli, eins og hver um sig áliti, að ætti að vera, en reynast mundi mismunandi kák, og þetta miðaði hann við reynslu undanfarandi ára. En þettta er ekki rjett ályktað, vegna þess að sveitarstjórnir hafa verið bundnar við baðlyf, sem þær höfðu enga trú á og töldu ónothæf með öllu, svo að sú reynsla, sem þá fjekst, má að engu leyti leggjast til grundvallar fyrir því, sem verða

mun, þegar um frjálst val á baðlyfjum er að ræða.

Hæstv. atvrh. hefir margtekið fram, að eitt bað dygði ekki til þess að útrýma kláðanum. En þarna er sagan ekki nema hálfsögð, því þegar menn nota það bað, sem þeir hafa trú á, og blanda það eftir sinni eigin reynslu, þá eru mikil líkindi til, að ein böðun gefi góðan árangur. Jeg þekki mörg dæmi þess, að magnaður kláði hefir læknast með einni böðun. Ein böðun á ári getur því alveg eins útrýmt kláðanum eins og margt annað. Reynslan hefir sýnt, að í heilum sveitum, og jafnvel sýslum, má halda kláðanum frá sjer með einni böðun á ári. Þetta er búið að sýna og sanna og svo af að segja, að 4—6 árum eftir að útrýmingarböðun hafði farið fram, var hann alveg horfinn ogeinsliklegtaðhans verði ekki aftur vart, úr því menn hafa einu sinni lært að verjast honum. Það eru því ekkert annað en hrakspár, sem bygðar eru á vantrú manna, þegar því er haldið fram, að með einni böðun á ári muni sækja í sama farið aftur og að kláðinn breiðist út á sama hátt og fyr eftir 5—10 ár.

Hv. þm. V.-Húnv. var að minnast á, að mikinn undirbúning þyrfti um þetta mál og til hans að vanda á allan hátt, cg er hann okkur meirihlutamönnum sammála að mestu leyti um þetta atriði. En svo benti hann á eitt í því sambandi, sem okkur hafði ekki dottið í hug, og það var það, að full þörf mundi á að undirbúa vel nokkra menn, sem hefðu svo á hendi efitirlit með útrýmingu kláðans. Jeg get vel fallist á þetta, og mundi því best að fá þessa menn úr þeim sýslum, þar sem verst gengur að halda kláðanum í skefjum, eins og t. d. í Húnavatnssýslu og Dalasýslu. Jeg get ekki búist við, að heppilegt mundi að fá slíka menn t. d. úr Mýrasýslu, þar sem menn hafa varist kláðanum jafnlengi og búið er.

Með þessu vona jeg að hafa svo komist að rjettri niðurstöðu hv. frsm. minni hl. um kjarna málsins. Og held jeg því, að jeg geti látið lokið máli mínu að sinni, enda sje jeg litla ástæðu til að endurtaka það, sem aðrir hv. ræðumenn hafa sagt á undan mjer.

Jón Kjartansson: Það er í rauninni óþarft fyrir mig að standa upp aftur, því að jeg er fullviss um, að allir hv. þdm., sem lesið hafa nál. búfjárræktarnefndarinnar, eru sammála mjer um það, að hv. þm. Str. fór ekki rjett með, þegar hann reyndi að gefa upplýsingar um það, að þetta frv. væri í samræmi við vilja búnaðarþings. Jeg upplýsti, að það væri alveg öfugt, og hafði til sönnunar mínum málstað álit búfjárræktarnefndar búnaðarþings.

Jeg vil einmitt vekja athygli á því, að hv. þm. Str. staðfesti þetta með því að skýra frá, hvernig málið var afgreitt á búnaðarþingi. Hann skýrði frá því, hvernig búnaðarþingsfulltrúar hafi skifst í þrjá flokka. Í fyrsta lagi hafi verið einn flokkur, sem vildi enga útrýmingu hafa, eða vildi útrýma fjárkláðanum með þrifaböðum og hafa þau fullkomnari en nú. Hv. þm. sagði, að till. í þessa átt hafi verið feld á búnaðarþingi.

Þá var annar flokkur, sem vildi hafa útrýmingarböð með því að fastákveða tímann, hvenær baða skyldi. Hv. þm. upplýsti, að till. í þessa átt hefði einnig verið feld í búnaðarþinginu, hefðu ekki verið nema 3 búnaðarþingsfulltrúar henni fylgjandi.

Loks er þriðji flokkurinn, þeir, sem vildu hafa útrýmingarböð, en ekki fastsetja tímann, hvenær baða skyldi. Hv. þm. upplýsti, að slík till. hefði verið samþ. á búnaðarþinginu.

Nú er spurningin: Hverjum þessara flokka er stungið upp á með stjfrv. því, sem hjer liggur fyrir? Það vill nú svo til, að það þarf ekki langt að fara út í þetta frv. til þess að sannfærast um, hvaða leið er stungið upp á í þessu frv. Það er þegar í 1. gr. fastákveðið, að útrýmingarböðun s k u l i fram fara í árslok 1928 og í ársbyrjun 1929. Það er alveg tvímælalaust samkv. vilja annars flokksins, er jeg nefndi, sem hæstv. stjórn hefir viljað fara í þessu máli, en ekki samkv. vilja þriðja flokksins, svo sem samþ. var á búnaðarþingi.

Það höfðu heyrst raddir hjer við þessa umr., að þetta frv. væri í raun og veru heimildarlög. Jeg get ekki skilið, hvernig mönnum kemur til hugar að halda því fram, að það sjeu heimildarlög, sem hjer er stungið upp á. Menn hafa bent á niðurlag 1. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fresta böðuninni, ef Búnaðarfjelag Íslands telur, að áhætta sje að láta hana fara fram vegna fóðurskorts."

Hjer er einungis heimild fyrir atvrh. að fresta böðunum frá þeim tíma, sem er fastákveðinn í upphafi greinarinnar, ef Búnaðarfjelag Íslands álítur varasamt að láta þær fram fara vegna fóðurskorts. Það er engin s k y l d a fyrir atvrh. að sinna bón stjórnar Búnaðarfjelagsins í þessu efni; og ekki er heldur nein vissa fyrir, að Búnaðarfjelagsstjórnin vilji á neinn hátt leggja hömlur á að baða á hinum tiltekna tíma. Það er hinn mesti misskilningur, að um heimildarlög sje hjer að ræða, þar sem beinlínis er fastákveðið, að útrýmingarbaðanir skuli fara fram í árslok 1928 og í ársbyrjun 1929.

Hv. þm. Str. skýrði rjettilega frá því, að búfjárræktarnefndin hefði haft stjfrv. til meðferðar, þegar hún gaf út álit sitt á búnaðarþinginu. Þetta er það sama, sem jeg sagði í gær. En hann dró bara skakka ályktun af gerðum þessarar nefndar. Hann vildi halda því fram, að nefndin hefði lagt með þessu frv. En jeg hefi sannað með skýrslu minni í gær, og nokkrir hv. þdm. hafa tekið undir það síðan, að hún lagði einmitt á móti þessu frv., en hafði ekki á móti því fyrir sitt leyti, að samþ. yrðu heimildarlög um útrýmingarböðun á einhverjum ótilteknum tíma.

Það var ekki annað í ræðu hv. þm. Str., sem jeg þarf að svara. Jeg er þess fullviss, að allir hv. þdm., sem hafa lesið nál. búfjárræktarnefndar, eru sammála því, sem jeg sagði í gær, að þetta frv. er ekki í samræmi við vilja búnaðarþings.

Þá vildi jeg gera ofurlitlar athugasemdir við ræður tveggja hv. þm., úr því að jeg er staðinn upp.

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) mintist á, hver mundi vera almennur vilji bænda í þessu máli. Mjer skildist hann vilja gefa í skyn, að bændur mundu yfirleitt fylgja þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Og mjer skildist ennfremur hann draga þessa ályktun af því, að ekki hefðu heyrst nein mótmæli frá bændum á þingmálafundum í haust. Ekki get jeg verið hv. þm. sammála um þetta. Fyrst og fremst er spurningin: Höfðu bændur nokkra ástæðu til þess, að mótmæla þessu frv. á þingmálafundum? Jeg held alls ekki. Og af hverju? Vegna þess, að

á þingi í fyrra var þetta mál afgreitt þannig í hv. Ed., að því skyldi vísað til umsagnar sýslunefnda um alt land. En einmitt vegna þessa gátu bændur gengið út frá því sem gefnu, að þeir gætu sagt sitt álit í þessu máli, þegar kæmi til kasta sýslunefnda. Það er alveg eðlilegt, að bændur tryðu því, að farið yrði að vilja þingsins í fyrra, og mundu þess vegna rólegir bíða eftir, að sýslunefndir kæmu saman. Ef nokkra ályktun er hægt að draga um vilja bænda alment, þá er það alveg öfugt við þá ályktun, sem hv. þm. V.-Húnv. virðist vilja draga. Ef það er vilji bænda alment að fá útrýmingarböðun 1928 og í ársbyrjun 1929, þá hefðu þeir heimtað, að það frv. kæmi fyrir í ár, sem var vísað frá í fyrra. Slíkt hefi jeg sjeð í örfáum þingmálafundargerðum af Norðurlandi, þar sem kláðinn er nokkuð útbreiddur, en annarsstaðar ekki.

Það er alveg rjett, sem hv. þm. V.-Húnv. tók fram, að undirbúningur þessa máls er slæmur. Undirbúningurinn er eiginlega alls enginn. Það tel jeg nægilegt til þess, að alveg er óforsvaranlegt að afgreiða þetta frv., eins og það liggur fyrir. Og það var einmitt þetta, hvað undirbúningurinn var slæmur, sem búnaðarþingið lagði mikla áherslu á í seinni afgreiðslu málsins.

Þá er það hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem jeg hefi ekki mörgu að svara, en vil aðeins minnast á nokkur atriði úr hans ræðu. Hann sagði, að kostnaður kæmi alls ekki til greina í þessu máli. Jeg veit ekki, hvort margir mundu vilja undirskrifa þessi orð. Ef það væri upplýst, að hægt yrði að útrýma fjárkláðanum fyrir það fje, sem almenn útrýmingarböðun kostar, þá mundi jeg að vísu geta sagt: kostnaður í þessu máli kemur ekki til greina. En þegar alt er í óvissu um það, hvort það yfir höfuð takist, að útrýma kláðanum með slíkum útrýmingarböðunum, þá verð jeg að segja, að kostnaðarhlið málsins komi til greina. Jafnvel sjerfræðingar hafa mjög skiftar skoðanir um þetta höfuðatriði.

Svo er annað. Ástandið er nú þannig hjá almenningi, bæði til sjávar og sveita, og ekki síður til sveita, að jeg tel það alveg óforsvaranlegt að segja, að kostnaðarhlið þessa máls komi ekki til greina.

Þá er það erlendi markaðurinn. Mjer dettur ekki í hug að gera lítið úr honum í þessu sambandi. En jeg get ekki gert mikið úr þeim gögnum, sem hv. 2. þm. N.-M. dró fram í því máli í dag. Hann las hjer upp símskeyti, sem hann hafði fengið frá Englandi í gærkveldi. Þar er samanburður á verði á frosnu kjöti nú í Englandi og nýju kjöti. Jeg heyrði hann ekki geta þess, hverskonar kjöt var um að ræða. (ÁJ: Sauðakjöt). Í báðum tilfellum? (ÁJ: Já). Jeg geri ráð fyrir, að frosna kjötið sje flutt frá nýlendunum og Argentínu. Ennfremur geri jeg ráð fyrir, að nýja kjötið sje af sauðfje, sem alið hefir verið í Englandi í vetur, einmitt til þess að slátra á þeim tíma, sem hægt er að fá mest verð fyrir það. Og það er einmitt sá tími nú, að hægt er að fá gífurlega hátt verð fyrir nýslátrað kindakjöt á Englandi. Mig furðar þess vegna ekkert á þessum geysimikla verðmun á frosnu og nýslátruðu kjöti, sem hv. þm. mintist á. En til þess að þessi verðmunur geti orðið sambærilegur, verðum við að taka verðið á þeim tíma, sem við getum haft gagn af því, en það er seinni part sumars og að haustinu. Þeg-

ar búið er að sanna mönnum þann mikla verðmun á þeim tíma, þá er fyrst hægt að taka þetta um enskan markað á nýju kjöti sem innlegg í þetta mál. Annars verð jeg að segja það, að ef menn ætla að fara að halda því fram, að frosna kjötið sje ekki framtíðarvara á enskum markaði, þá hlýtur því að fylgja, að þingið hafi verið leitt á villigötur í fyrra, þegar það samþykti að veita mikla fjárfúlgu til þess að kaupa kæliskip. Jeg vil vænta þess, að þær vonir manna, sem bundnar eru við það kaup, rætist fyllilega, og ekki verði sagt eftir fá ár, að okkur hafi mistekist að hitta á framtíðarleiðina í þessu efni. Hitt er vitaskuld, að við eigum líka að vinna að því, svo sem mögulegt er fyrir okkur, að flytja lifandi fje til Englands. Og við getum það, eins og nú er ástatt. Jeg hefi enga trú á, að Bretinn muni loka fyrir okkur þessum markaði, ef hann frjetti, að hjer sje kláði. Jeg er viss um, að hann veit það þegar. Og þó að það takist, að útrýma kláðanum, þá er jeg sannfærður um, að hann muni engu að síður heimta það, að við lútum þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem við nú gerum. Hann veit sannarlega, hvað hann syngur, Bretinn, í þeim málum sem öðrum. Enda er það vitanlegt, að kláði er á Englandi og hefir lengi verið, svo það er ástæðulaust h a n s vegna að setja okkar fje í sóttkví.

Jeg hefi ekki við þessar umræður farið á neinn hátt inn á þá sjerstöðu, sem mitt kjördæmi hefir í þessu máli, og einnig kjördæmi hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Þetta var nokkuð dregið fram í umræðunum í fyrra, og get jeg látið nægja að vísa til þeirra. Einungis vil jeg benda á, að það hefir reynst rjett vera, sem við hjeldum þá fram, að kláði hefði aldrei fundist í þessum sýslum. Skýrslur, sem nú liggja fyrir, sanna, að þetta er rjett. Jeg verð að segja eins og í fyrra ásamt hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að það er nokkuð hart að gengið við þessi hjeruð, að láta þau taka þátt í almennum útrýmingarböðunum á sauðfje, þar sem aldrei hefir fundist kláði; og sjerstaklega með tilliti til þess, að þeim er þannig í sveit komið, að samganga fjár við önnur hjeruð eru engar eða sama sem engar.

Ef svo skyldi fara, að mál þetta færi til 3. umr., þá verð jeg að flytja brtt., fyrst og fremst að því er snertir almenna hlið málsins, svo sem það, hvenær baðanir eiga fram að fara. Janúarmánuð tel jeg óheppilegan tíma. Einnig mun jeg flytja brtt. um það, að þau hjeruð, sem vitanlegt er um, að aldrei hefir orðið kláða vart í, fái að verða ljettara úti en önnur.

Að öðru leyti tel jeg algerlega óþarft að ræða mikið um þetta mál; því að þótt frv. fari í gegnum þessa deild, þá þarf ekki að hugsa til þess, að það verði að lögum á þessu þingi, eftir þeim undirtektum að dæma, sem það fjekk í fyrra. Jeg get ekki hugsað mjer, að hv. Ed. fari að ganga frá sinni skoðun á málinu í fyrra, sem sje, að það eigi að vísa því til rjettra hlutaðeigenda, sýslunefnda og bænda.

Pjetur Ottesen: Jeg býst við, að það megi nokkurnveginn ganga að því sem vísum og sjálfsögðum hlut, eftir því, sem fram er komið, að umræður um þessi tvö frv., frv. um útrýming fjárkláða og frv. um sauðfjárbaðanir, muni renna nokkuð saman í eitt. Enda hefir verið svo að mestu leyti það sem af er þessari umræðu. Þetta er líka sjálfsagt

og eðlilegt, því að hjer er verið að deila um tvær mismunandi aðferðir, sem báðar eiga að leiða að sama marki. Þess vegna er það, að þótt umræðurnar verði nú máske nokkuð lengri fyrir það, að rætt er jafnframt um frv. um sauðfjárbaðanir, sem hjer er síðar á dagskránni, jafnframt því sem rætt er um frv. það, sem hjer liggur fyrir, þá ættu umræður um síðara málið, þegar að því kemur, að geta orðið miklu minni og ef til vill engar. Það er af þessum ástæðum, að jeg hefi nú kvatt mjer hljóðs, og mun tala nokkuð jöfnum höndum um þessi bæði mál.

Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, stjfrv. á þskj. 11, er kallað frv. um útrýming fjárkláða. Það hefir þegar komið fram hjá þeim, sem að frv. þessu standa og halda því fram, að um það eru allmjög skiftar skoðanir, hvort því takmarki verði náð með þeim ákvæðum, sem frv. inniheldur, að hægt verði að útrýma fjárkláðanum. Og mjer skilst svo, eftir því sem lengra hefir liðið á þessar umræður, að það sjeu fleiri og fleiri af aðstandendum þessa máls, sem hafa látið uppi þá skoðun, að þeir geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að útrýma fjárkláðanum samkv. ákvæðum þessa frv. Aðrir taka aftur munninn fyllri, og tala um málið á þeim grundvelli, að á þennan hátt verði kláðanum útrýmt

Hæstv. atvrh. komst svo að orði, að hann byggist við, að kláðanum mundi allmikið hnekt með þessari útrýmingarböðun, og að hann mundi að mestu leyti liggja niðri um 10 ára skeið, eins og eftir Myklestadsböðunina. Hæstv. atvrh. gerir sjer ekki hærri vonir en þetta. Jeg býst við, að þetta sje nærri sanni og af sanngirni mælt. Alveg hið sama kom fram hjá hv. þm. V.-Húnv. En þetta er mikilsverð játning á því, sem haldið hefir verið fram, að alger útrýming fjárkláðans sje svo erfitt verk, að ekki sje hægt að gera sjer vonir um, að takast megi, næstum til hvaða ráða sem gripið er, að útrýma kláðanum algerlega. Með því að athuga þetta mál með ró og stillingu, kemur það skýrt í ljós, að það er ekki aðalatriði í málinu, hvort baðað er einu sinni, tvisvar eða þrisvar, heldur, að baðlyfið, sem notað er, sje gott, að vandað sje til böðunarinnar á allan hátt, að alt fje komi til böðunar, og að fjárhúsin sjeu vandlega sótthreinsuð. Þá má benda á það, að með Myklestadsaðferðinni, einni böðun, var kláðanum útrýmt í Noregi. Sú varð og reynslan af Myklestadsböðununum hjer á landi, að í sumum hjeruðum var kláðanum algerlega útrýmt. En þessi böðun orkaði ekki að útrýma kláðanum alstaðar, því að hann lifði í sumum hjeruðum eftir böðunina, og þaðan hefir hann svo breiðst út til hinna hjeraðanna. Og þá er að athuga, hvaða orsakir liggja til grundvallar fyrir því, að kláðanum varð ekki útrýmt hjer alstaðar með Myklestadsböðuninni. Mjer finst, að líklegast sje, að þetta eigi að einhverju leyti rót sína að rekja til þess, að eitthvað hafi skort á um gott eftirlit með böðuninni og að eigi hafi verið farið eftir settum reglum um tilreiðslu baðlyfjanna. En jeg hygg þó, að aðalorsakanna sje að leita í því, að ekki hafi alt fje komið til böðunarinnar og að sótthreinsun fjárhúsanna hafi verið ábótavant. Þegar nú verið er að ræða um útrýmingarböðun, þá eru fyrir hendi, eins og áður þessar sömu ástæður, þessir sömu erfiðleikar, og má þá sjerstaklega nefna, hversu

hæpið er, að alt fje komi til böðunar, og hve miklum erfiðleikum það er undirorpið, að sótthreinsa fjárhúsin, svo örugt sje, að það er næstum óhugsandi, að það sje vinnandi verk að útrýma kláðanum algerlega, að hægt sje að drepa síðasta maurinn. Það, sem þá kemur til álita, er það, hvor af þeim leiðum, sem hjer er um að ræða, sje líklegri til að halda kláðanum í skefjum. Og svo verður vitanlega jafnframt að líta á kostnaðarhlið málsins. Því hefir verið haldið fram af mönnum, sem annars látast vera hörundssárir fyrir hönd bændanna, þegar um er að ræða að leggja gjöld á þá, og á jeg þar sjerstaklega við ummæli háttv. þm. Str., að kostnaðurinn sje ekkert atriði í þessu máli.

Jeg ætla ekki að svara þessu sjerstaklega, en aðeins benda á það, að þetta skiftir miklu meira heldur en ýms önnur fjárspursmál, sem þessi hv. þm. álítur, að máli skifti fyrir bændur. Það þarf ekki að draga það í efa, að útrýmingarböðunin verður margfalt kostnaðarmeiri fyrir bændur en þær baðanir, sem gert er ráð fyrir, að fram fari samkv. tillögum landbn. Það þarf engum blöðum um það að fletta.

Þá er árangurinn. Jeg geng út frá því, ef ráðist verður í útrýmingarböðun, þá verði eingöngu notuð sjerstök baðlyfjategund, og jeg geng út frá því, að áður fari fram rannsókn á því, hvað megi telja örugt baðlyf. Það ætti náttúrlega að vera innifalið í þessu sjerstakt öryggi, en það verður þó ekki hjá því komist, að athuga, hvernig tókst til við hliðstæða rannsókn fyrir nokkrum árum. Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum hafist handa með að reyna að finna örugga baðlyfjategund. Það hafði komið fram við rannsókn á sumum af þeim erlendu baðlyfjategundum, sem notaðar voru, að þær svöruðu ekki til þess styrkleika, sem gefinn var upp, og auk þess var efnasamsetningin ekki altaf jafn örugg, þó um sömu tegund væri að ræða. Þess vegna var þess freistað, að búa til hjer á landi baðlyfjategund, og var ekkert að því flanað. Það var falið þeim sjerfræðingum í landinu, sem líklegastir þóttu til þess að geta leyst þessa þraut, en það voru þeir Magnús Einarsson dýralæknir og Gísli Guðmundsson gerlafræðingur. Eftir mikinn undirbúning og mikla rannsókn var svo búin til baðlyfjategund innanlands, sem átti að uppfylla öll hin settu skilyrði, og jafnframt ákveðið, að þetta baðlyf eitt skyldi notað. Þetta stóð þannig í tvö ár, að menn máttu enga aðra baðlyfjategund nota. Þegar farið var að mæla þetta baðlyf, kom það í ljós, að í sumum tilfellum reyndist þetta baðlyf mjög ljelegt og stundum ónýtt. Og við nánari rannsókn kom í ljós, að það hafði þann ókost, sem gerir það að heita má næstum ónothæft, enda þótt efnasamsetningin sje rjett og baðið örugt eins og frá því er gengið í verksmiðjunni, og sá ókostur er í því fólginn, að þegar það er geymt í kulda, breytist efnasamsetningin og baðið sest til, ef það er ekki hrist því betur upp og helst yljað; þá hefir árangurinn af böðuninni enginn orðið. Það hafa margir flaskað á þessu, og einkum voru mikil brögð að þessu meðan baðið var flutt á tunnum. Þá var ekki hægt að koma því við, að hrista það upp, en þetta er frekar hægt, þegar baðið er á smærri ílátum. Auk

þess lita ýmsir svo á að baðlyfið skemmist verulega ef það frýs. Svona tókst nú til með tilbúning þessa svokallaða Hreinsbaðlyfs, og var þó einskis látið ófreistað og ekkert til sparað með rannsóknir og undirbúning við þessa baðlyfjagerð. Það er því ekki ástæðulaust, þó ótti sje í mönnum um það, að útaf geti borið, þó fitjað yrði upp á þessu á nýjan leik af sömu mönnum; öðrum mun tæpast til að dreifa. Og hvernig færi þá?

Eftir frv. minni hl. landbn. er aftur á móti ekkert einskorðað með það, að nota eina ákveðna baðlyfjategund, heldur skuli nota þau baðlyf, sem álitin eru samkvæmt reynslunni að vera þau öruggustu og bestu. Þetta er að vísu ef til vill ekki fullörugt, en samt er ekki í því fólgin eins mikil áhætta og ef ein baðlyfjategund væri lögskipuð fyrir land alt, sem svo reyndist að hafa þann ágalla, að hún væri lítt eða ekki nothæf.

Jeg vil skjóta því hjer inn í, að þegar menn eru að tala um útbreiðslu fjárkláðans, nú síðustu árin, þá ímynda jeg mjer, að útbreiðsla kláðans eigi að e i n h v e r j u l e y t i rót sína að rekja til þess, hvernig tekist hefir með hið lögskipaða baðlyf. Jeg tek ekki dýpra í árinni en að segja: a ð e i n h v e r j u l e y t i. Það er alment viðurkent, að þetta baðlyf hefir ekki veitt fult öryggi í baráttunni gegn óþrifum á sauðfje.

Þá er hitt atriðið í málinu, sem kemur til álita, þegar menn gera upp með sjer, hvor leiðin af þeim, sem hjer er um að velja, sje öruggari, og það er eftirlitið. Því er haldið fram, að eftirlitið verði öruggara samkvæmt frv. um útrýmingu fjárkláða en frv. meiri hl. landbn. En jeg held, að þeir, sem þessu halda fram, hafi komist að þessari niðurstöðu með því að bera frv. um útrýmingu saman við lögin um sauðfjárbaðanir frá 1914, en alls ekki frv. meiri hl. landbn. Meðhaldsmenn frv. um útrýmingarböðun telja því mest til gildis, að þar sje að ræða um opinbert eftirlit. En nú eru einmitt baðanirnar samkvæmt frv. meiri hl. landbn. líka settar undir opinbert eftirlit. Þarna er sá stóri munur fólginn á þessu frv. meiri hl. landbn. og lögunum frá 1914.

Háttv. þm. V.-Húnv. lagði mikið upp úr því, að baðanir væru framkvæmdar undir opinberu eftirliti, en þetta opinbera eftirlit er að minsta kosti jafn trygt eða eins vel um þá hnúta búið í frv. meiri hl. landbn., eins og frv. um útrýmingu. Eftir ákvæðum frv. um útrýmingarböðun er gert ráð fyrir þessu opinbera eftirliti einungis í þetta eina sinn, þegar hin svo kallaða útrýming fer fram. En samkv. hinu frv. eiga allar sauðfjárbaðanir hjeðan í frá að vera undir opinberu eftirliti. Jeg man ekki til, að meiri hl. nefndarinnar hafi bent á þetta atriði sjerstaklega. Þess vegna vil jeg vekja athygli á því, að 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálaráðuneytið hefir yfirumsjón og úrskurðarvald um framkvæmd sauðfjárbaðana. Það gefur út reglur og leiðbeiningar, hvernig þeim skuli haga.“

Svo eiga hreppstjórar að taka við sem opinberir starfsmenn. Og þótt því verði vitalega ekki við komið, að þeir standi yfir öllum böðunum, þá eiga þeir í þeim tilfellum að kveðja sjer eftirlitsmenn til aðstoðar, alveg eins og yfir-eftirlitsmenn þeir, sem atvinnumálaráðuneytið

skipar samkvæmt útrýmingarfrv., verða að gera. Svo framarlega sem öruggara er að hafa baðanirnar undir opinberu eftirliti, og það tel jeg tvímælalaust betra, þá er að minsta kosti eins vel sjeð fyrir þessu í frv. meiri hl. landbn. og í hinu frv. Þetta er svo mikilvægt atriði í samanburðinum á þessum tveimur frv., að þegar kveða á upp úrskurð um, hvor leiðin skuli farin, verða menn fyllilega að gefa því gaum. Því að hvað snertir þessi tvö atriði, öryggi baðlyfjanna og eftirlitið með böðununum, þá eru þau síst lakar trygð í frv. meiri hl. landbn. en í frv. um útrýmingarböðun.

Þá er eftir það atriði, sem miklu máli skiftir, og það er, að alt fje komi til böðunar, og það þarf ekki að efa, að hvor leiðin sem farin yrði, þá skiftir þetta engu máli, út af fyrir sig. Hættan, að eitthvað sleppi undan af fje og að ekki verði hreinsaðar allar holur í fjárhúsunum er jafnt til staðar í báðum tilfellunum. Hjer er því enginn munur á, hvor leiðin sem farin verður, hvað þetta snertir. Auðvitað geta verið einhver atriði í frv. landbn., sem þarf að lagfæra, og þá sjerstaklega frá formsins hlið, en það er þá auðveldlega hægt að gera.

Jeg vænti nú þess, að háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem sagði, að þeir, sem töluðu gegn þessu svokallaða útrýmingarfrv., forðuðust að koma nærri því og væru allir í ystu skerjum, viðurkenni, að jeg hefi ekki forðast að koma að kjarna málsins. Jeg held, að allar ástæður mæli með því, að draga megi þá ályktun, að álíka mikill árangur fengist, hvor leiðin sem farin væri í þessu máli. Og jeg dreg enga dul á það, að hvor leiðin sem farin væri, þá verði því miður ekki hægt að ná því takmarki, að útrýma fjárkláðanum með öllu.

Þetta, sem jeg sagði um það, hvað hinu lögskipaða baðlyfi hefði verið ábótavant, var undirstrikað og viðurkent af hv. þm. V.-Húnv., þar sem hann gekk út frá því sem sjálfsögðum hlut í þessu böðunarmáli, að undirbúningur allur væri sem öruggastur. Og það fyrsta, sem snertir þann undirbúning, væri að ganga úr skugga um, hvaða baðlyf helst eigi að nota. Þetta var viðurkenning á því, að hið lögskipaða baðlyf, sem notað hefir verið nú um hríð, hafi engan veginn verið örugt.

Þá hefir verið talað um, að þetta frv. um útrýmingarböðun ætti aðeins að verða heimildarlög. Hv. þm. Str., sem stendur þarna úti á svölunum, vildi halda því fram, að búnaðarþingið hefði litið svo á. Það hefir nú ekki verið sparað að draga ályktanir búnaðarþingsins inn í þessar umræður, og því hefir verið haldið fram af hv. þm. Str., að búnaðarþingið hafi lagt eindregið með útrýmingarböðun á þessum grundvelli.

Þegar um raunveruleg heimildarlög er að ræða, þá hafa þau það fasta form, að byrja vanalega með því, að stjórninni sje heimilt að gera þetta eða hitt. En nú stendur í 1. gr. þessa útrýmingarfrv., að stjórnin s k u l i framkvæma það, sem þar er ákveðið. Hjer er fast kveðið að orði. Svo er bætt við seinast í 1. gr., að atvinnumálaráðherra sje heimilt að fresta útrýmingarböðuninni, ef Búnaðarfjelagið telur, að áhætta sje að láta hana fara fram, vegna fóðurskorts. Menn sjá nú, að þetta frv. er alt annars eðlis en venjuleg heimildarlög, þar

sem verið er að blanda áhrifum „privat"-stofnunar inn í framkvæmd málsins.

Þá er rjett að minnast á þetta einróma álit búnaðarþingsins, sem hv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um. Það liggur ekki við, að búnaðarþingið hafi verið sammála um þessa útrýmingarböðun. Það sjest ljóslega af plöggum búnaðarþingsins, sem jeg hefi hjer í höndum, að þar eru mjög skiftar skoðanir um hana. Það hafa komið fram tillögur og brtt. og aftur brtt. í málinu. Og m. a. hefir hv. þm. Str. borið þar fram brtt., svohljóðandi: „Búnaðarþingið er því mótfallið, að lögskipuð verði kláðaböðun á sauðfje á fastákveðnum tíma." Svo hefir komið fram till. um að láta kláðaböðun fara fram á árunum 1928—1932. Svo kemur fram till. um, að þar sem upplýst sje, að dýralækna greini á um öryggi útrýmingarbaðananna, þá leggi einn fulltrúinn á móti þeim með öllu. Svo verður niðurstaðan af öllum þessum andstæðu skoðunum, að meiri hl. samþykt fæst fyrir því, að leggja til, að Alþingi samþykki heimildarlög um þetta efni, samkvæmt því sem áður er lýst.

Jeg hefi ekki farið að minnast á þetta vegna þess, út af fyrir sig, þó það hafi verið skiftar skoðanir um þetta á búnaðarþinginu, heldur vegna hins, að hv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um þetta einróma álit búnaðarþingsins og að samþyktin á búnaðarþinginu væri hið eina, sem lægi fyrir frá bændum í þessu máli. Jeg skrifaði þetta orðrjett eftir þm. Við þetta er þá fyrst það að athuga, að það eru eingöngu bændur, sem standa að flutningi frv. frá meiri hl. landbn. Auk þess hafa legið hjer frammi tillögur samþyktar af bændum víðsvegar um landið, sumpart með og sumpart móti útrýmingarböðun, en þó miklu fleiri móti. Eftir þessum ummælum þm. Str. er ekki hægt að ályktа öðru vísi en svo, að hann líti þannig á, að alt, sem bændur hafa lagt og leggja til þessara mála sje einskis virði, nema það, sem fram hafi komið í búnaðarþinginu.

Þá hefir verið talað um þessa útrýmingarböðun — sem aðstandendur þessa frv. eru farnir að viðurkenna, að ekki sje útrýming, heldur leið til þess að halda kláðanum niðri — í sambandi við útflutning lifandi fjár til Englands. Það hefir meira að segja verið talið í tölum, hvers virði það sje fyrir okkur, eins og saltkjötsmarkaði okkar er nú háttað, að geta flutt út lifandi fje. Jeg er nú sammála hv. 2. þm. N.-M. um það, að þetta, um útflutning lifandi fjár til Englands, er mikilsvert atriði fyrir okkur, og jeg get lýst yfir því, að jeg er honum þakklátur fyrir, að hann hefir opinberlega skrifað um þann möguleika og töluvert skýrt það mál. En hvað sem við gerum í þessu máli, sem hjer liggur fyrir, hvort sem við samþ. frv. um útrýmingarböðun eða frv. meiri hl. landbn., þá kem jeg ekki auga á, að það geti haft nokkur áhrif á útflutning lifandi fjár til Englands. Jeg hefi fært rök fyrir því, og þau rök hafa þegar fengið beina og óbeina viðurkenningu sumra af stuðningsmönnum þessa frv. um útrýmingarböðun, að það mun í rauninni verða áhöld um árangurinn, hvor leiðin sem farin verður. Því er þetta ekki verulegt atriði í þessu máli. Hv. þm. N.-M. sagði, að hverri sending lifandi fjár yrði að fylgja heilbrigðisvottorð. Jeg efa ekki, að svo sje. En þess er að gæta, að hömlur þær, sem

Bretar hafa lagt á innflutning lifandi fjár hjeðan og gripa frá öðrum löndum, eru til komnar fyrst og fremst sem verndartollur fyrir enska framleiðendur. Þetta er, að nafninu til, bygt á sjúkdómsástæðum, en er í rauninni ekki annað en verndartollur, að minsta kosti að því er snertir útflutning lifandi fjár hjeðan. Í fje hjeðan er ekki um annan kvilla að ræða en ef vera kynni fjárkláðavott, en það getur ekki verið stórt atriði fyrir Englendingum, sem hafa samskonar kvilla í sínum eigin búpeningi, og hefir ekki þann dag í dag tekist, svo kunnugt sje, að útrýma honum.

Það er nú ýmislegt fleira í þessu sambandi, sem ástæða hefði verið að minnast á, en jeg sleppi því og læt mjer nægja að drepa á þessi höfuðatriði málsins. Jeg þykist hafa fært gildar ástæður fyrir því, að jeg tek þann kostinn frekar, að vera með frv. meiri hl. landbn., sem jeg tel nauðsynlegt að nái fram að ganga, heldur en frv. um útrýmingarböðun.

Þorleifur Jónsson: Það er nú langt síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, svo það hefir margt verið tekið fram af því, sem jeg ætlaði að segja, og þarf jeg því ekki að vera langorður. Því síður þarf jeg að tala langt mál, þar sem skoðun sú, sem jeg hjelt fram í fyrra, að ekki væri rjett að ana undirbúningslaust út í útrýmingarböðun, hefir nú fengið fleiri áhangendur en í fyrra. Það er ekki að furða, þó að meiri hl. landbn. hafi snúist hugur frá því í fyrra, því að á þeim tíma hafa komið fram mikilsverðar upplýsingar. Á síðasta búnaðarþingi sat maður, sem hefir mjög gott vit á þessu máli, Sig. Hlíðar dýralæknir á Akureyri, og hann áleit, að erfitt væri at útrýma fjárkláðanum, þótt baðað væri 2—3 sinnum. Þetta álit hans hugsa jeg að hafi gert sitt til þess að snúa mönnum frá útrýmingarböðun. Sig. Hlíðar heldur því fram, að það þurfi að sótthreinsa fjárhúsin nákvæmlega, til þess að menn geti verið öruggir. En það mun sennilega erfitt að koma því við, eins og peningshúsum er háttað hjer á landi. Því er von, að fleiri hallist á þá sveifina, að efast um, hvort rjett sje að leggja í mikinn kostnað við útrýmingarböðun. Ef það er rjett, að maurarnir geti lifað í 3 mánuði utan kindarinnar, þá er erfitt að útrýma fjárkláðanum með böðum.

Það hefir nú lítið verið minst á frv. stjórnarinnar hjer í umræðunum. Jeg vil því leyfa mjer að benda á ýmislegt í því, sem mun verða varhugavert í framkvæmdinni.

Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að í árslok 1928 og ársbyrjun 1929 skuli fram fara útrýmingarböðun um land alt. Það er auðsjeð, að þetta ákvæði er sett af mönnum, sem ekki eru kunnugir ástandinu til sveita. Það á að hefja böðin í versta skammdeginu, þegar dagar eru svo stuttir, að böðunin verður að mestu að fara fram við ljós, ef nokkuð á að verða úr verki. Svo er hitt, að í góðum beitarsveitum, þá er fjenu oft beitt fram að miðjum vetri; því verður það fjáreigendum stór byrði, að verða að taka fjeð tveim mánuðum fyr en vant er í hús og á hey, því að ekki má sleppa fjenu aftur og hrekja það eftir þrjár baðanir. Það eru áreiðanlega til útigangsjarðir, sem ekki þola baðanir á þessum tíma, og þá er ekki annað fyrir hendi en lóga fjenu haustið áður en böðunin fer fram. Það eru til þær jarðir, þar sem treyst er svo á sjávar-

beit og landbeit, að ekki er hey til nema fyrir viku innistöðu. En alt þetta bendir til þess, að þeir menn, sem hafa samið þetta frv., muni ekki vera kunnugir sveitahögum hjer á landi. Í 1. gr. stendur líka, að böðunin skuli háð eftirliti dýralæknisins í Reykjavík. Það getur nú verið gott og blessað, en það er slæmt, þegar dýralæknana greinir á. Hvorum á þá að trúa, dýralækninum í Reykjavík, eða dýralækninum á Akureyri? Í 3. gr. er talað um það, að næg baðker skuli vera fyrir hendi. En nú er ekki tiltök að baða fje þrjár baðanir, nema sundþrær sjeu til og góður sigpallur. En slíkt mun ekki alment, enn sem komið er, og verður því að koma sundþróm upp áður en þessi stórböðun byrjar. Í 4. gr. frv. segir, að þar til lög þessi koma til framkvæmda, skuli atvinnumálaráðuneytið láta fram fara ítarlega rannsókn á tilbúningi og notkun baðlyfja til útrýmingarböðunarinnar. En það er nú svo, að þegar þetta frv. verður að lögum, ef það verður að lögum, þá er sumar, en þá á að láta fara fram ítarlega rannsókn á notkun baðlyfjanna á þeim tíma, sem engin kind er böðuð. Jeg held, að það sje ekki hægt að sannprófa baðlyfin á kláðafje eftir því sem frv. mælir fyrir. En jeg held, að það veitti annars ekki af því, að rannsaka baðlyf þau, sem notuð hafa verið í seinni tíð. Að minsta kosti er sagt í skýrslunni úr Dalasýslu, að tala kláðakinda sje þar legió, og því kent um, að vond baðlyf hafi verið notuð.

Það hefir mikið verið með því flaggað, að útbreiðsla kláðans hafi farið í vöxt á síðari árum. Jeg get nú ekki vel áttað mig á þessari skýrslu, sem hjer liggur fyrir, en mjer skilst, að hún nái yfir 5 ára tímabil. Eftir þessari skýrslu eru í sumum sýslum örfáar kláðakindur, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp skýrslu úr nokkrum sýslum:

Í Gullbr.- og Kjósarsýslu	4	kindur
- Barðastrandarsýslu ...	5	—
- Ísafjarðarsýslu	24	—
- Rangárvallasýslu	85	—
- Suður-Múlasýslu	11	—
- Norður-Múlasýslu	2	—

Í þessum 6 sýslum hefir orðið vart 130 kláðakinda á þessum 5 árum. En hver getur staðhæft, að þær sjeu nú með kláða? Þegar þar við bætist, að 3 sýslur eru kláðalausar, þá eru hjer komnar 9 sýslur, og er þar með sýnt, að kláði er sama og enginn í helmingi sýslna landsins. Er því sú ályktun hæpin, að kláðinn sje í mikilli útbreiðslu. Nú vil jeg spyrja hæstv. atvrh. að því, hvað stjórnarvöldin hafi gert lögum samkvæmt til þess að halda kláðanum í skefjum eða kefja hann. Hafa verið fyrirskipaðar tvíbaðanir, þar sem mikill kláði er? Hafa verið skipaðir duglegir eftirlitsmenn? Hvaða baðlyf hafa verið notuð? Ef kláðinn hefir mikið breiðst út, þá er sennilega að einhverju leyti um að kenna slælegu eftirliti. En þá kemur spurningin: Verður þetta betra eftir útrýmingarböðunina? Jeg tel ekki gróða að útrýmingarböðuninni, ef hún dugir ekki lengur en í 9 ár, eins og mjer skildist á hæstv. atvrh. Það er ekki skemtilegt, að eiga að leggja í þennan kostnað á 10 ára fresti.

Mjer skilst, að nú í seinni tíð sjeu það sterkustu rök hv. frsm. minni hl. fyrir útrýmingarböðuninni, að með því væri okkur opin leið að selja fje á fæti til Englands. Ef þetta væri víst, þá mundi jeg ekki setja mig á móti útrým-

ingarböðun. En eins og hv. þm. Borgf. (PO) hefir tekið fram, eru það alt aðrar ástæður, sem valda því, að þessi leið er ekki opin fyrir okkur. Undanþágan, sem við höfum til þess að flytja lifandi fje til Englands, ef það er haft 10 daga í sóttkví eftir að það er komið í land þar, er ekki notuð. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að 2 farmar hefðu verið sendir til Englands 1924, en hann viðurkendi, að það hefði ekki borið góðan árangur. En svo er líka á það að líta, að það er ekki í einu vetfangi búið að breyta búnaðarháttum okkar þannig, að við komum okkur upp sauðum. Það hlýtur altaf að taka nokkuð langan tíma. Jeg held því, að það sje alveg óhætt að vera á móti þessari útrýmingarböðun, vegna sölunnar til Englands. En ef rannsókn leiddi hið gagnstæða í ljós, þá mundi jeg ekki vera á móti þessu máli. En slíkt þarf betri rannsóknar við en hjer hefir farið fram.

Af þeim hv. þm., sem mæltu með útrýmingarböðun, talaði hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sanngjarnlegast. Hann viðurkendi, að mál þetta þyrfti rækilegan undirbúning og rannsókn baðlyfja, og ennfremur, að skipaðir yrðu góðir eftirlitsmenn. En eftir þessu frv. er ekki langur undirbúningur til þessa.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að það væri ætíð svo, að þeir, sem ekki hefðu kláða, settu sig ætíð á móti útrýmingu, og tilnefndi Skaftfellinga. Já, Skaftfellingar eru á móti svona böðun hjá sjer, vegna þess að hjá þeim hefir aldrei orðið kláða vart, og er þó ekki hægt að neita því, að fje getur gengið saman við fje úr Suður-Múlasýslu. En bæði er það, að Skaftfellingar rækja þrifabaðanir mjög vel, og svo hefir ekki orðið kláða vart sunnan til í Suður-Múlasýslu mjög mörg ár a. m. k., svo að hættan hefir verið lítil þaðan. Mjer virðist, að bent sje á rjetta leið í þessu máli í frv. meiri hl. landbn. Samkvæmt því er ekki loku fyrir það skotið, að hafa megi útrýmingarbaðanir, ef nauðsyn bendir til þess, og ekki sje hægt að halda kláðanum í skefjum á annan hátt. Mjer finst miklu álitlegri sú leiðin, sem þar er farin, en hin, sem stjfrv. gerir ráð fyrir. Jeg kýs þá leið miklu fremur og get því eigi fylgt stjfrv. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, enda hefir þetta mál nú þegar verið rætt allmikið.

Halldór Stefánsson: Það hefir ræst í þessu máli, að sá hefir brek, er beiðir. Í byrjun umr. um þetta mál kom það í ljós, að sumir fylgjendur þessa frv. vildu ekki sætta sig við annað en að málið yrði ítarlega rætt. Síðan munu nú hafa verið haldnar um 30 ræður, svo að það lítur út fyrir, að þessum mönnum ætli að verða að ósk sinni.

Það hefir verið veist mjög að meiri hl. landbn. og hann sakaður um það, að hafa skift um skoðun í þessu máli frá því í fyrra, og menn hafa ekki látið sjer nægja að áfellast nefndina sem heild, heldur hefir verið veist að einstökum nefndarmönnum fyrir þetta. Það hefir nú þegar verið gerð nokkur grein fyrir þesari breyttu afstöðu nefndarinnar, og hefir rjettilega verið bent á það, að síðan í fyrra hafa fengist fyllri upplýsingar um ýmislegt, þessu viðvíkjandi, en þá voru fáanlegar. Jeg vil nú fyrir mitt leyti seðja forvitni, eða hvað það nú er, þeirra manna, sem ekki geta sætt sig við annað en að við landbúnaðarnefndarmenn gerum grein fyrir hinni breyttu afstöðu okkar.

Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, og

jeg hygg fleiri nefndarmanna, að fylgi okkar við málið í fyrra var eingöngu bygt á fullyrðingu dýralæknisins hjer, um að hægt væri að útrýma kláðanum, ef farið væri eftir hans ráðum og tillögum. Við hjeldum því fram þá, sumir nefndarmenn, að eftir því sem kent væri, væru 3 baðanir óþarfar, en dýralæknir leit svo á, að þó svo væri, þá væri útrýmingin ekki trygg, nema með því að baða þrisvar. Þriðju böðunina vildi hann hafa til fullkomins öryggis. Það var þannig eingöngu með það fyrir augum, að sjerfræðingar teldu það trygt, að takast mundi að útrýma kláðanum, að við fylgdum frv. í fyrra. Og til þess að hægt væri að koma fram síðferðilegri ábyrgð á hendur sjerfræðingunum, var það nauðsynlegt að fara eftir till. þeirra. Það var ekki hægt hvorttveggja, að ætla þeim að hafa veg og vanda af málinu og neita að fara eftir tillögum þeirra.

Nú stendur svo á, að ekki hefir verið hægt að leita álits dýralæknisins hjer í Reykjavík á ný, vegna heilsu hans, en hinsvegar hafa menn átt þess kost, að heyra álit annars sjerfræðings. Og það einkennilega skeður, að álit hans er alveg þvert á móti áliti hins sjerfræðingsins. Hann telur sem sje alls ekki trygt, að það takist, að útrýma kláðanum með þeim ráðstöfunum,sem í stjfrv.er ætlast til að gerðar verði. Með þessu er í raun og veru kipt burtu þeirri ástæðu, sem jeg hafði til að fylgja frv. í fyrra. Menn getur vitanlega greint á um það, hvort álitið sje rjettara. Um það get jeg, sem leikmaður, ekkert sagt, en hjer er álit móti áliti, og það mun nú vera svo, að sá sjerfræðingur, sem bygt var á í fyrra, geti ekki haft eftirlit með framkvæmd böðunarinnar og haft veg og vanda af henni, ef hún verður ákveðin nú. Fresturinn til undirbúnings er nú líka orðinn mun styttri en hann var þá, og þarf þó vitanlega margt að undirbúa. Það hefir verið bent á ýmislegt, t. d. það, að óvíst er, hvort nógar fullgóðar böðunarþrær eru til á landinu. Ennfremur hefir verið bent á það, að þó að okkur takist að drepa kláðann í hverri einstakri kind, þá er það mjög óvíst, að það takist að drepa hann í húsunum, eins og þau eru hjá okkur. Til þess að framkvæma slíka böðun þarf mikil og góð húsakynni, og óvíst, að þau sjeu til svo nægi. Því hvað á að gera við fjeð, meðan verið er að sótthreinsa húsin, ef svo stendur nú á, að böðunin verður að fara fram í blindhríð eða hörkufrosti? Þá er heldur ekki fullrannsakað, hvaða baðlyf mundi best, og loks er það, að menn óttast um heilsu fjárins, að það þoli eigi 3 baðanir. Það er alkunnugt að ein böðun háir fje mjög mikið, hvað þá 3 baðanir.

Þá líst mjer heldur á hugmynd hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að gera þetta á 2 árum með 2 böðunum á ári. Enda hygg jeg, að það mundi reynast tryggara. Fyrra árið mundi þá e. t. v. takast að drepa kláðann á fjenu og síðara árið mundi svo yfir ljúka.

Það hefir verið allmikill ágreiningur manna á milli um útbreiðslu kláðans á síðari árum. Sumir halda því fram, að hann hafi aukist, en aðrir, að hann hafi minkað. Þetta má hvorttveggja til sanns vegar færa, ef miðað er við einstök hjeruð. Í sumum þeirra hefir hann aukist, í öðrum hefir hann tvímælalaust rjenað. Mitt álit er það, að ástæðan til þess, að kláðinn hefir aukist eða ekki rjenað meir en raun er á, sje baðlyfjaeinokunin, sem sett var í lög árið

1924, er lögleitt var eitt innlent baðlyf. Það er viðurkent, að þetta baðlyf hefir þá ókosti, sem gera það óhæfilegt. Það þolir ekki að standa, eða vera í kulda, þá sest það og dofnar. Er það mjög stór ókostur, því það er einmitt flutt út um landið á haustin og fyrri hluta vetrar, þegar veðrátta er tekin að kólna. Auk þess er þess að geta, að það hefir verið flutt út um landið í stórum ílátum og helt þar í önnur minni, og fer þá oft svo, að þeir, sem fá ofan af, fá ónýtt baðlyf, en hinir, sem fá dreggjarnar, geta þá fengið gott baðlyf. Af þessu verður mjög skiljanleg hin misjafna reynsla manna á þessu baðefni. Þessi baðlyfjaeinokun var sett í lög eftir ráði þess sama sjerfræðings, sem undirbjó þetta frv., sem hjer liggur fyrir, og hefir hún ekki reynst betur en þetta, og það er ekki til þess fallið, að auka traust á fullyrðingum hans um útrýmingu kláðans.

Tillögur okkar meiri hl. landbn. eru bygðar á því áliti, að með rækilegum þrifaböðunum og góðu baðlyfi megi bæla kláðann svo niður, að honum verði, ef ekki alveg, þá samt sama sem útrýmt á nokkurum árum, svo að hann geri ekkert tjón. Þessu áliti til sönnunar má minna á reynslu ýmsra einstakra hjeraða, sem bendir á, að þetta sje einmitt rjetta aðferðin. Jeg skal nefna þrjú hjeruð. Í Mýrasýslu var kláði allútbreiddur og magnaður, en hefir nú verið svo útrýmt, að hann gerir nú ekkert tjón, og hjeraðsbúar eru ekkert hræddir um, að hann aukist, þó haldið sje við það skipulag, sem nú er. Um Árnessýslu má segja það sama. Þá get jeg vísað til Norður-Múlasýslu. Þar var kláði nokkuð útbreiddur fyrir nokkrum árum í einum hreppi, en nú er aðeins grunur um tvö tilfelli í sýslunni.

Það hefir komið fram alment hjá fylgjendum stjfrv. allmikill misskilningur á afstöðu meiri hl. landbn. og till. hans í þessu máli, og því hefir jafnvel verið haldið fram, að við vildum ekki útrýma kláðanum. Þetta hefir verið bygt á grg. fyrir frv. okkar, og til þess að sýna, að þetta er rangt, ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer upp nokkur orð úr henni. Þar segir meðal annars:

„— — Samkvæmt skýrslum þessum virðist mega ætla, að kláðinn sje ekki svo magnaður yfirleitt, að ókleift megi teljast að útrýma honum, eða a. m. k. að varna útbreiðslu hans, án þess að horfið sje að því ráði, að fyrirskipa allsherjar útrýmingarböðun um land alt — —."

Þetta sýnir ekki, að við viljum ekki vinna að útrýmingu kláðans, heldur hitt, að við viljum fara öðruvísi að því en í stjfrv. er ætlast til.

Ennfremur segir hjer á öðrum stað:

„— — Glögg vitneskja er og fengin nú um það, að bændur eru yfirleitt mjög andvígir því, að nú þegar sje tekin ákvörðun um allsherjar útrýmingarböðun — —."

Þar með er ekki sagt, að við sjeum mótfallnir því, að útrýmingarböðun fari fram, ef ástandið breytist svo, mót von okkar, að það verður óhjákvæmilegt.

Þá vil jeg minna á misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), að við teldum þetta öruggari leið til að útrýma kláðanum heldur en útrýmingarböðun, eins og í stjfrv. er gert ráð fyrir. Þetta höfum við ekki sagt, en

hitt höfum við sagt, að það væri álit margra, að það sje unt með þessu móti að útrýma kláðanum, það er að segja, með rækilegum þrifaböðum og aukaböðum, þegar og þar sem sjerstaklega er þörf.

Jeg skal þá gera nokkurn samanburð á því, hvort frv. er líklegra til þess að ná takmarkinu, stjfrv. eða frv. okkar meiri hl. landbn. Þó að stjfrv. sje ekki að forminu til heimildarlög, þá eru þó ákvæði í því, sem geta gert það að heimildarlögum. Stjórnin getur sem sje frestað framkvæmd laganna eftir till. annars aðila, ef fóðurbirgðir þykja ekki nægar, og það er meira að segja mjög líklegt, að hún mundi gera það; annað væri óvit. Stjórnin getur látið útrýmingarböðun fara fram, en hún þarf ekki að gera það. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það getur orðið langt þess að bíða, að nóg fóður verði til alstaðar á landinu á einu og sama ári. Veðráttu er þannig háttað hjer á landi, að sjaldan fer saman góðæri á Norður- og Suðurlandi, eða Norðausturlandi og Suðvesturlandi. Tíðarfar er venjulega gagnstætt í þessum landshlutum, og eftir tíðarfarinu fer grassprettan og það, hvernig gengur með fóðuröflun og fóðurbirgðir. Ef framkvæmd kynni nú að dragast lengi af þessum ástæðum, þá verðum við að búa við þau lög, sem nú eru í gildi. Út á þau ætla jeg ekki að fara að setja, en jeg vil benda á, að þau eru ekki eins ítarleg og ströng eins og till. meiri hl. landbn. Fyrir okkur vakir önnur leið. Við viljum ekki hrapa að þessu strax, en gerum okkur von um, að það megi takast að bæla kláðann svo niður, að hans verði lítt eða ekki vart, ef sett verði í lög strangari ákvæði um þrifaböð og strangari og skýlausari ákvæði um það, hvað gera skuli, þar sem kláði kemur upp. Ef gengið er að okkar till., þá ganga þær í gildi strax, og fæst þá þegar tryggara aðhald og eftirlit með kláðanum. En ef vonir manna bregðast um það, að unt sje að útrýma kláðanum á þennan hátt, þá er hitt ráðið altaf í bakhöndinni, að gera eina allsherjarráðstöfun. Ef hverfa ætti að allsherjarútrýmingu, þá held jeg fyrir mitt leyti, að það væri tryggasta leiðin, að bæla kláðann fyrst niður með rækilegum þrifaböðum, svo að hans verði eigi vart, og þegar svo væri komið, mætti hverfa að allsherjar ráðstöfunum til útrýmingar.

Jeg ætla ekki nema að mjög litlu leyti að minnast á ummæli einstakra hv. þm., enda væri það seinlegt. Jeg greip fram í ræðu hv. samþm. míns, þegar hann sagði, að lögin frá 1914 hefðu verið afnumin í fyrra. Það er ekki rjett. Breytingin, sem var gerð í fyrra, var ekki önnur en sú, að afnumin var baðlyfjaeinokunin, sem staðið hefir um nokkur ár.

Þá greip jeg fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (JAJ), þegar hann var að bregða íslenskri bændastjett um ómensku, fyrir að hafa ekki gengið milli bols og höfuðs á kláðanum, og fullyrti hann, að við værum einir um að ala þennan sjúkdóm. Jeg spurði þá: Hvers vegna ala Skotar hann? Hv. frsm. minni hl. (ÁJ) vildi verja Skota og hjelt því fram, að þeir hefðu enga sjerstaka ástæðu til að útrýma kláðanum, t. d. markaðsástæður, eins og við. Jeg veit ekki, hvort það eru þessar markaðsástæður, sem þm. hafði í huga, þegar hann var að bregða mönnum um það, að þeir hefðu sneitt hjá að tala um aðalefni málsins, og skal þá víkja að því.

Jeg hefi ekki á móti því, að athugað sje í sambandi við þetta mál, hvað hægt er að gera til að bæta markaðinn fyrir sauðfje og kjötframleiðslu okkar. En jeg dreg mjög í efa, að þær vonir rætist, að við fáum að flytja lifandi fje til Englands og hafa það þar í eldi, eins og í gamla daga, þótt við gætum útrýmt kláðanum. Og ástæðan er m. a. sú, að hjer er um einskonar verndartoll að ræða, þó að Englendingar þykist vera fríverslunarþjóð og vilji ekki í orði kveðnu viðurkenna verndartolla. Að þetta innflutningsbann er í raun og veru verndartollur og kláðaviðbáran aðeins fyrirsláttur, má sjá af því, að í sauðfje Englendinga sjálfra er kláði, og því ástæðulaust að banna innflutning fjár, sem hafa kynni sama sjúkdóm. Nei, þetta eru bara yfirskinsástæður og orsökin alt önnur en sú, sem látin er uppi. Og það má geta nærri, að ekki yrðu nein vandræði úr að finna aðrar yfirskinsástæður, þó að þessari væri hrundið. Og þó að við fullyrtum, að kláða væri útrýmt hjer að fullu, er ekki víst, að Englendingar vildu leggja trúnað á það. Því miður eru litlar líkur til að við náum nokkurntíma þeim markaði í Englandi, sem okkur væri hagfeldastur.

Þá sagði hv. þm. (ÁJ), að jeg hefði haldið vel rökstudda ræðu um þetta efni í fyrra, sem hefði farið í gagnstæða átt við till. mínar nú. Mjer þykir auðvitað vænt um lofið. En jeg hefi þegar gert grein fyrir ástæðum mínum. Í fyrra bygði jeg á þeirri fullyrðingu sjerfræðings, að útrýmingarböðun væri örugg til að losna við kláðann fyrir fult og alt. Því gekk jeg að tillögum hans, eins og þær lágu fyrir. Nú er þetta dregið í efa af öðrum sjerfræðingi, og verður víst altaf hæpið að fullyrða nokkuð um það, hvor hafi rjettara.

Jeg hefi nú reynt að slá svolítið á þá áköfu forvitni formælenda þessa frv., sem fram kom í byrjun, og hirði jeg ekki að fara frekar út í þetta. Munurinn á afstöðu okkar er sá, að þeir álíta sín ráð örugg til þess að útrýma kláðanum að fullu. Við erum ekki vissir um, að svo sje. Þeir byggja á trú, og það má segja, að við gerum það líka. En okkar ástæður eru eins rjettmætar og þeirra. Ýmsir af fylgjendum frv. hafa komist svo að orði, að þeir vildu gera þessa t i l r a u n til útrýmingar kláðanum. Jeg verð að segja það, að ef líta skal á þessa fyrirhuguðu útrýmingarböðun aðeins sem tilraun og ekki má telja örugga vissu fyrir því, að hún komi að tilætluðu gagni, þá tel jeg óforsvaranlegt að leggja út í hana.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., næsta dag, var e n n f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 11, n. 219).

Jón Sigurðsson: Það voru víst 5 eða 6 hv. þm., sem næstir töluðu á undan mjer, er allir lögðust á eina sveif og töldu sig mótfallna frv. því, sem hjer er til umræðu. Það hafa staðið óvenju langar umræður um þetta mál, og eins og oft vill verða, þegar umræður verða langdregnar, hafa orðið nokkurar endurtekningar og umr. snúist um aukaatriði. Þannig hefir t. d. töluvert verið deilt um það, hver hafi verið stefna búnaðarþings í þessu máli. Báðir flokkarnir hafa reynt að taka umsögn þess sjer til inntekta, með og móti. Aðrir hafa vitnað í þingmálafundargerðir, og

sumir í almennan bændavilja, sem enginn veit þó hver er. Það hefir sem sje verið togast á um þetta, eins og hrátt skinn. En jeg ætla ekki að fara að blanda mjer í þann skinnaleik, en skal hinsvegar, til glöggvunar eftir alt þetta moldviðri, draga fram þau atriði, sem færð hafa verið fram með og móti þessu máli. Þó vil jeg fyrst drepa á eitt atriði í sögu málsins.

Háttv. 2. þm. Árn. (JörB) vildi láta það skína í gegn, að frv. hefði í fyrra verið borið fram eftir beiðni Magnúsar Einarssonar dýralæknis, og vildi með því skjóta sjer undan króganum. En þessu m ó t m æ l i j e g a l g e r l e g a. Dýralæknir mintist að vísu á þetta mál, í sambandi við annað mál. En nefndin kaus þá háttv. 2. þm. Árn. (JörB) og háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) til þess að semja frv. í þessa átt, í samráði við dýralækni. Þetta gerðu þeir, eins og gerðabókin ber með sjer. Þeir eru því fyrst og fremst feður þessa frv., og háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) lagði svo blessun sína yfir krógann, með mjög hjartnæmri ræðu hjer í deildinni.

Jeg skal svo ekki hafa þennan formála lengri, og snúa mjer að þeim andmælum, sem borin hafa verið fram gegn frv., og er þá sjerstaklega ræða hv. þm. Borgf., sem gefur tilefni til andsvara, því að þar voru dregin fram öll þau rök, sem hægt er að tylla á móti frv. þessu. Fyrsta mótbáran var sú, að baðlyfið yrði ónýtt, sem notað yrði til útrýmingar. Þessu er því að svara, að það hefir ávalt verið tilætlunin, og það var skýrt tekið fram í fyrra, að rækilegar tilraunir yrðu látnar fara fram, með verkanir ýmsra baðlyfja á kláðamaur í lifandi kindum, áður en byrjað væri á útrýmingu. Þessi ótti hv. þm. Borgf. er því með öllu ástæðulaus. Út frá þessum hrakspám komst hann svo út í að tala um baðlyf alment, og komst að þeirri niðurstöðu, að kláðinn hefði fyrst farið vaxandi, eftir að lögskipaða kreolínið kom til sögunnar. Út í þetta ætla jeg ekki að fara, en jeg vil aðeins spyrja háttv. þm., hvernig stóð þá á kláðafaraldrinum mikla í Árnessýslu 1922, þegar ríkisstjórnin varð að grípa inn í með sjerstökum ráðstöfunum. Ekki hefir ónýtt baðlyf verið notað þá, þar sem ekki eru nú í sýslunni nema 3—4 kláðakindur, eftir upplýsingum þingmannanna.

Þá er önnur ástæðan, sem þm. Borgf. bar fram, að fjeð næðist ekki alt; það væri á fjalli og víðar. Úr þessari ástæðu hafa flestir gert lítið, enda er hún lítils virði, því að það er margreynt, að fje, sem liggur úti langt fram á vetur eða vetrarlangt, smitar ekki úti og tæplega inni, fyr en þá eftir langan tíma, því að lífsskilyrði fyrir maurinn eru þá svo slæm. Til öryggis væri þó sjálfsagt, að hver kind væri merkt tryggu merki um leið og hún væri böðuð; þyrfti merkið helst að sjást árlangt. Hver kind, sem svo kæmi fyrir ómerkt, yrði að afhendast umsjónarmanni til böðunar. Ákvæði viðkomandi þessu eiga ekki að standa í lögum, heldur á að setja þau í reglugerð, sem stjórnin hlýtur að verða að gefa út í samráði við dýralækna o. fl.

Þá er þriðja ástæðan, að húsin verði ekki hreinsuð. Þessi mótbára styðst við það, sem einn dýralæknir hefir slegið fram. En hvað segir reynslan okkur, eftir útrýmingarböðunina 1902—3? Hún sýnir, að hægt var að útrýma kláðanum úr mörgum sýslum, án þess að húsin væru hreinsuð, og sannar því,

að þau eru ekki eins mikill þrándur í götu fyrir útrýmingunni, eins og sumir hv. þm. vilja vera láta. Sama sýnir reynsla Norðmanna, og eru fjárhús þeirra síst betur fallin til sótthreinsunar en okkar fjárhús. Tókst þeim eigi að síður að útrýma kláðanum, eins og kunnugt er.

Þá vil jeg víkja máli mínu til háttv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann taldi að undirbúningstíminn væri of stuttur, og það út af fyrir sig væri nóg ástæða til þess að vera á móti frv. En því ekki að lengja frestinn? Jeg sje ekki annað en þeir, sem álíta, að mikils undirbúnigs sje þörf, ættu fremur öllum öðrum að stuðla að því, að frv. verði samþykt með þessum breytingum, svo hægt sje að byrja á þessum undirbúningi. Hv. þm. V.-Sk. taldi málið óundirbúið. Jeg get ekki skilið, hvernig hann ætlast til þess, að stjórnin færi að kosta miklu fje til undirbúnings, meðan hún vissi ekki, hvort málið gengi fram eða ekki. Jeg býst satt að segja ekki við, að hún hefði fengið miklar þakkir fyrir slíkt, hvorki hjá honum nje öðrum. Háttv. 1. þm. N.-M. talaði um, að þrjár baðanir gerðu mikinn skaða, og meðal annars væri ekki gerlegt að hverfa að útrýmingarböðun fyrir það, hversu mjög baðanirnar spiltu heilsu fjárins. Því skal ekki neitað um þrjár baðanir, og hefi jeg ekki gert það upp með mjer, hvort betra muni, að hafa þrjár baðanir í einu, eða tvær útrýmingarbaðanir tvö haust í röð. Í þessu sambandi verður að gæta þess, að útrýmingarböðuninni er ætlað að fara fram að haustinu eða fyrri part vetrar, þann tímann sem fje er venjulega best fyrir kallað. Nú er það langtíðast, að kláða verði vart seinnipart vetrar, og verður þá að baða fjeð oft á stórum svæðum um sumarmál, þegar ær eru komnar að burði; sennilega geta flestir gert sjer í hugarlund, hvernig þessum skepnum muni líða, og þó veit jeg ekki til, að tjón hafi hlotist af þessu. En þess væri þó miklu fremur að vænta en af þrem böðunum, þegar fjeð er best fyrir kallað, sem er fyrri hluta vetrar.

Þá er 6. og síðasta ástæðan, sem tínd hefir verið fram gegn frv., og mætti kalla hana „smávandræði“. Hún kom mest fram í ræðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Hann talaði um eintóm smávandræði, t. d. að dagarnir væru of stuttir, til þess að hægt væri að framkvæma útrýmingarböðun. En jeg hjelt sannast að segja, að þeir yrðu jafnlangir, hvort baðað væri þrifabaði eða útrýmingarbaði. Annars hefir stundum verið reynt að bregða upp ljósi, til þess að nota kvöldin og morgnana, þegar þess hefir verið þörf.

Þetta eru þá ástæðurnar, sem færðar hafa verið fram gegn frv. þessu, og jeg verð að telja þær harla ljettvægar.

Þá kem jeg að rökum okkar fylgismanna frv. fyrir nauðsyn þessa máls og líkunum fyrir, að útrýming geti tekist. Er þá fyrst og fremst að benda til þess, að Norðmönnum tókst að útrýma kláðanum hjá sjer, sem var þó allmagnaður, en þar eru lík skilyrði og hjer, fjeð rekið til fjalla og fjárhús svipuð, síst betri. Og yfir höfuð kem jeg ekki auga á neitt stórvægilegt atriði, sem er öðruvísi en hjer. Í öðru lagi má benda á, að við komumst svo langt 1902—3, að okkur tókst að útrýma kláðanum úr mörgum sýslum, aðeins með einni böðun á heilbrigðu fje, og tveimur á sýktu. Og nú hefir allur almenningur fengið meiri reynslu

og þekkingu á þessum efnum en hann hafði þá. Auk þess eru öll tæki betri, og bændur viðurkenna nú almennt, að kláðafje verði ekki læknað með einu baði.

Vegna sparnaðar reyndi Myklestad eina böðun á fje, sem var talið ósýkt, en tvær á sýktu. En eins og að líkindum lætur, geta kláðaskoðunarmenn aldrei verið öruggir fyrir því, að þeim skjótist yfir eina og eina kind; getur kláðinn því altaf leynst, og er því eina ráðið að baða alt fje, sýkt og ósýkt, fullkominni kláðaböðun. Þær kindur, sem baðaðar væru t. d. einu baði, gætu orðið uppspretta að nýrri kláðaútbreiðslu, og af því höfum við nú fengið að súpa seyðið. Nú er meiningin að tefla ekki á tvær hættur með þetta, meiningin er að spara ekkert í þessu efni, til þess að hægt sje að drepa seinasta maurinn. Þegar maður ber saman aðstöðu okkar nú við aðstöðuna árin 1902—3, þá sje jeg ekki betur en að líkurnar sjeu yfirgnæfandi fyrir því, að okkur takist að útrýma kláðanum. En þá er ekki nema eðlilegt, að menn spyrji, til hvers sje að vinna, og vil jeg þá fyrst sjerstaklega drepa á eitt atriði, sem hv. frsm. minni hl., er nú mun vera dauður, eða því sem næst, lagði sjerstaka áherslu á. Það er að nota breska markaðinn fyrir lifandi fje. Það voru stórkostlegar breytingar fyrir okkur, þegar Englendingar bönnuðu innflutning á lifandi fje um 1896, vegna kláðans. Kláði er að vísu til í Englandi, en eðlilega óska enskir bændur ekki að fá nýja kláðaveitu yfir sig; þeir óska vitanlega ekki eftir, að þær heilbrigðu hjarðir, sem þar eru, sýkist, og jeg hygg, að hver einasti bóndi geti þar litið í sinn eigin barm til að skilja ástæður þeirra.

Fyrir nokkrum árum var leitast fyrir um það, hvort ekki væri hægt að fá bannið upphafið, en svörin voru á þá leið, að meðan þessi húsdýrasjúkdómur geisaði hjer, þýddi ekki að tala um þetta mál við ensku stjórnina.

En er þá nokkuð unnið við þetta? Hv. þm. Mýr. taldi í ræðu sinni höfuðástæðuna á móti útflutningi hjeðan, að kostnaðurinn mundi verða svo mikill. Það vill nú svo vel til, að við höfum dálitla reynslu í þessu efni, og það hefir sýnt sig, að kostnaðurinn er síst fráfælandi, ef við aðeins getum notið þess verðlags, sem hægt er að fá fyrir fje, sem slátrað er á hentugum tíma. En þegar verður að slátra eftir 10 daga, hvernig sem á stendur, er ekki von, að við getum notið þess verðlags, því að fjeð er mjög hrakið og þarf nokkurn tíma til þess að jafna sig eftir rekstrinn hjer heima og sjóferðavolkið. Fjeð er þá í hraðri aflagningu, sem hefir sín áhrif á gæði kjötsins. Leiðin til að fá miklum mun hærra verð fyrir fjeð á enskum markaði er að fá þessar sóttvarnarráðstafanir afnumdar, að því er okkur snertir, en þær fást ekki afnumdar fyr en við höfum útrýmt kláðanum. Í mínum augum er þetta allmikilsvert atriði fyrir landbúnaðinn, og það er af því, að jeg lít svo á, að þó að við höfum fengið frystiskip, og hefi jeg oft fengið tækifæri til að láta það álit mitt í ljós, hver hjálp það getur orðið fyrir okkur, þá blandast mjer samt ekki hugur um, að það er aðeins byrjunarspor að stærra marki, ef svo má að orði komast. Frystiaðferðin er öruggust, og því áhættuminst. Þess vegna er hún valin fyrst, enda þótt verð á frosnu kjöti sje tiltölulega lágt og samkepnin hörð, en að sjálfsögðu á jafnframt að nota tímann

til að þreifa sig áfram með útflutning á kældu kjöti. Markmið okkar á að vera að flytja út vörur okkar þannig, að við fáum sem hæst verð fyrir þær sem fyrsta flokks vöru, en það er, hvað kjötið snertir, að koma því í sem líkustu ástandi á markaðinn og það er við slátrun hjer heima. Þetta er það, sem við eigum að keppa að. En leiðin er ekki aðeins sú eina, að flytja út kælt kjöt, heldur líka með því að flytja út lifandi fje. Þá kemur íslenska kjötið í hendur Englendinga eins fullkomið og hægt er, með öðrum orðum, þeir fá tækifæri til að slátra fjenu sjálfir. Jeg veit, að eldri mennirnir muna þann gullstraum til landsins, þegar Coghill gamli var hjer á ferðinni. Jeg hygg, að aldrei hafi annar eins gullstraumur runnið yfir íslenskan landbúnað eins og þá, og Englendigar sýndu það, að þeir kunnu fullkomlega að meta íslenska kjötið, og svo mundi verða enn, ef hömlunum væri ljett af.

Þá vil jeg aðeins minna á tvær aðrar ástæður, sem jeg færði hjer fram fyrir nokkru og ekki hefir verið borið við að mótmæla, og það er fyrst og fremst árlegur kostnaður ríkissjóðs og einstaklinga af þessu kláðafargani, eða þessari viðleitni að reyna að halda kláðanum í skefjum, sem kallað er. Ríkissjóð hefir í undanfarin fimm ár kostað þetta að meðaltali 20 þús. kr. á ári, og svo er þó allur annar kostnaður ótalinn, sem tæpast verður minni en kringum 40 þús. eða samtals um 60 þús. kr. á ári. En á hinn bógin hefir verið lögð hjer fram skýrsla um kostnaðinn í fyrra, sem ekki hefir verið vefengd, vegna þess að hún var bygð á markaðsverði og sýndi, að baðlyfið, sem ríkissjóður átti að borga, kostaði ekki nema um 100 þús. kr. Kostnaðurinn endurgreiðist því, eins og þegar hefir verið sýnt, á 4—5 árum, samanborið við það, ef þessu gamla káki væri haldið áfram. Það er þess vegna, að útrýming er í mínum augum hreint og beint gróðafyrirtæki fyrir okkur bændur og þjóðina í heild sinni.

En hvað er okkur svo boðið í staðinn fyrir útrýmingu? Og það er sjerstaklega ástæða til að minna á þetta, af því að hv. þm. Borgf. og sumir aðrir hv. þm. hafa ekki einasta gert þetta frv. að umtalsefni, heldur líka hitt frv., sem er næsta mál á dagskránni. Okkur er þar boðið upp á böðunarkák, og við eigum samkv. því að halda áfram með eina böðun á fje, sem allir viðurkenna að sje gagnslaust til útrýmingar, því að það vita allir eins víst og að 2 og 2 eru 4, að það eru ekki til baðmeðul, sem drepa bæði kláðamaurinn og eggin með einni böðun.

Þá var það einn hv. þm., sem lagði aðaláhersluna á eftirlitið. Það var sá hyrningarsteinn, sem alt átti að hvíla á. Það var að hans áliti nægilegt að baða einu sinni, ef hreppstjórinn stóð yfir og passaði blöndunina og sá um að kindunum væri haldið hæfilega lengi niðri í baðinu, enda þótt allir menn viti, að maurin skríður úr egginu eftir vissan tíma. Eftirlitið er gagnslaust á svona grundvelli.

Það má í þessu efni benda til reynslu síðustu 20 ára, og hver er hún? Reynslan er sú, að kláðinn hefir útbreiðst jafnt og þjett síðan útrýmingarböðun var framkvæmd, og það er komið svo, að kláðinn er kominn í þær sýslur, er enginn kláði var í 1903, þrátt fyrir öll þessi árlegu þrifaböð, sem meiri hl. landbn. hygst að útrýma með kláðanum.

Frv. meiri hl. landbn. gerir ráð fyrir, að haldið sje áfram þessari sömu vonlausu baráttu við fjárkláðann og verið hefir. En vonlaus er hún, af því að hún byggist á aðferðum, sem ganga þvert á móti viðurkendum vísindalegum sannindum og 20 ára reynslu hjer á landi. Í þetta vill meiri hl. kasta árlega fje, er nemur mörgum tugum þúsunda kr. Alla þessa vonlausu baráttu og kostnað vilja „kláðafriðunarmenn" leggja á landbúnaðinn og ríkissjóðinn, heldur en reyna að vinda þessu oki af okkur með einu knöppu átaki. Jeg fæ ekki skilið slíkan hugsunarhátt.

Sveinn Ólafsson: Þess er ekki að vænta, að hjeðan af komi mikið nýtt fram í slíku máli sem þessu, þegar búið er að þrídægra umræðurnar. Og þar sem málið er hvorki sjerstaklega flókið nje umfangsmikið.

Jeg vildi helst ekki þurfa að endurtaka mikið af því, sem hjer hefir komið fram, og skal að mestu leyti sneiða hjá því. Mjer finst þó, að jeg verði að víkja fám orðum að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem hefir tekið að sjer að berjast fyrir útrýmingarböðun á næsta ári. Um leið og jeg vík að nokkrum orðum hjá hv. þm. (ÁJ), þykist jeg hafa svarað öðrum, sem fylgja honum að máli og í líkan streng hafa tekið.

Hv. þm. kvað svo að orði um þá, sem á móti hafa mælt útrýmingarböðuninni, þ. e. a. s. frv. á þskj. 11, að þeir í athugasemdum sínum hefðu ekki komið nærri efninu, en dvalið við óskyldar eða fjarskyldar hugleiðingar. Aðrar álíka staðgóðar fullyrðingar um okkur meðmælendur frv. meiri hl. landbn. ljet hann óspart fylgja, og vil jeg ekki tefja tímann með því að mótmæla þessu sjerstaklega. En það verð jeg að segja, að slík málsvörn hv. þm. sannar ekki neitt, nje heldur getur hún verið sannfærandi fyrir nokkurn mann. Hv. þm. (ÁJ), eins og fleiri, vildi vefengja það, að bændur úti um sveitir væru mótfallnir þessari útrýmingarböðun nú á næstu tímum, en jeg held, að óþarft sje að deila um þetta, því að bæði er það, að hjer í þessari hv. deild hafa þeir bændur mótmælt stjfrv., sem reynslu hafa mesta í þessum efnum, og í öðru lagi hefir mótmælum gegn því verið hreyft úr ýmsum stöðum á landinu. Jeg hefi t. d. nýlega fengið tvö brjef austan af landi, þar sem mikil áhersla er lögð á það, að þessi útrýmingarböðun verði ekki lögfest að sinni. Það er því engum vafa bundið, að mikill fjöldi manna viðsvegar um land er mótfallinn frv. um. útrýmingarböðun, og hræðist það, og það geta allir sagt sjer sjálfir, að ef þessi böðun verður lögfest í trássi við svo almennan vilja fjáreigenda, að þá er ekki að vænta þess, að árangurinn verði glæsilegur eða góður, svo tvísýnn sem hann þó er að öðru leyti.

Bæði hv. frsm. minni hl. og margir aðrir hv. þm. hafa lagt áherslu á það, að kláðinn væri að útbreiðast og magnast í landinu. Að vísu hefir þessu verið mótmælt af öðrum, en mjer finst samt það vera svo tiltölulega margir, sem halda, að þetta sje rjett og satt, að rjett er að koma að því aftur. En það sanna í þessu máli mun vera, að kláði hefir aukist á einstöku stöðum, en áreiðanlega rjenað á öðrum. Jeg hygg það rjett, að hann hafi útbreiðst í Húnavatnssýslu og ef til vill í Skagafjarðarsýslu, en jeg hygg það líka óyggjandi, að hann hafi rjenað á Austurlandi, í

báðum Múlasýslum, og það til stórra muna. Jeg er heldur ekki í vafa um það, að orsökin til þess, að hann er nær útdauður á þessum stöðum, er það, að vandleg og almenn þrifaböðun hefir verið framkvæmd, og mjer finst, að ekki þurfi að grafa djúpt eftir orsökunum til þess, að hann hefir útbreiðst annarsstaðar, t. d. í Húnavatnssýslu. Þar hygg jeg, að ónýtt eða skemt baðefni eða misheppnaðar baðanir hafi stutt að útbreiðslu hans.

Jeg ætla, að það væri 1922 eða 1923, að deilt var hjer á þingi um nothæfi baðlyfja, einkum þess innlenda, að einn hv. þm. — og það mun hafa verið hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) — lýsti því lögskipaða baðlyfi svo, að það hefði reynst kjarnmesta færilúsafóður, og hefði hún magnast við böðunina síðustu. Má nærri geta, að kláði hafi eigi rjenað, meðan slíkt baðefni var notað, enda hefir reynslan víðar sýnt, að innlenda baðlyfið, og sumar tegundir þess útlenda, hafa við geymslu botnfallið svo, að þau hafa að litlu sem engu verið nýt. Ummæli fleiri manna á sama þingi gengu í svipaða átt. Sumir töldu baðlyfið gagnslaust, en aðrir skaðlegt fjenu. Með þessu vildi jeg benda á það, að það er í sjálfu sjer ekki neitt undarlegt, þó að sumstaðar hafi virst svo sem kláðinn útbreiddist, en annarsstaðar rjeni, því að þetta hefir áreiðanlega farið eftir því, hve vandlega hefir verið unnið að þrifaböðun á hverjum stað, og hve gott baðefnið hefir verið. Jeg skal líka geta þess, að þegar innlenda baðlyfið var tekið upp, þá voru á Austfjörðum víða, þar sem jeg þekki til, notaðar leifar af útlendu baðlyfi, Coopersbaðlyfi eða öðrum þektum tegundum, sem reynst höfðu ágætlega.

Hv. 2. þm. N.-M. virðist leggja sjerstaka áherslu á það, að með því að fresta útrýmingarböðun muni hætta mikil á því vera, að markaður sá spillist, sem annars kynni að opnast fyrir útflutning lifandi fjár. Út af þessu vil jeg aðeins benda á það, að útflutningur lifandi fjár getur ekki orðið nema að haustinu, en á haustin er venjulega ekki auðvelt að finna kláða, nema magnaður sje; þess vegna eigi líklegt að hann spilli þá markaði. Í öðru lagi má telja nokkurnveginn víst, að ef hafinn yrði af nýju útflutningur á lifandi fje, þá yrði það gert undir ströngu eftirliti og fje skoðað vendilega áður en það væri sent úr landi. Jeg held þess vegna, að það sje ástæðulaus ótti við kláðasýkingu á útfluttu lifandi fje, sem fyrir hv. þm. (ÁJ) vakir, enda held jeg, að það geti dregist nokkuð ennþá, að þessi útflutningur lifandi fjár verði upp tekinn aftur.

Yfirleitt fanst mjer hv. 2. þm. N.-M. í flestum atriðum byggja meira á trú sinni eða hugboði, heldur en á reynslu, og það er eðlilegt og vonlegt, því að jeg veit, að hv. þm. hefir um þessa hluti ekki mikla reynslu; jeg veit, að í þessum efnum verður hann sumpart að byggja á sögusögn annara, en sumpart á lestri misjafnlega áreiðanlegra bóka; reynslu í þessum efnum getur hann ekki haft neina.

Hv. þm. er einn af þeim hamingjusömu mönnum, sem að meira leyti lifa í trú en í skoðun, þegar um slíkt mál og þetta ræðir, og það er sjálfsagt ekki rjett að áfella hann fyrir það. Hans mikla afsökun liggur í því, að hann trúir á ágæti kenningar sinnar, svo fráleit sem hún er. Jeg efast ekki um það, að

hv. þm. gangi gott eitt til og að hann trúi því, að hann sjálfur beri skyn á þetta fremur öðrum, sem hjer eru. Hann trúir því, að kláðanum verði útrýmt með einu áhlaupi og án skaða fyrir fjáreigendur, trúir á glæsilegan árangur af vanhugsuðum viðbúnaði. Jeg verð samt að lýsa yfir því sem skoðun minni, að ef lögfest verður slík ráðstöfun sem þessi, er felst í frv. á þskj. 11, þá skil jeg ekki annað en að hún verði feld úr gildi á næsta þingi, eftir næstu kosningar, og færi svo, þá væri nú ófyrirsynju eytt dýrmætum tíma þingsins frá öðrum störfum í langvinnar deilur um þetta mál.

Jeg ætla ekki að fara út í frv. hv. meiri hl. landbn. að þessu sinni; það er næsta mál á dagskrá, og þarf ekki að víkja að því fyr en þar að kemur. En þessi orð vildi jeg sagt hafa, áður en gengið verður til atkvæða um þetta hrapallega frv. á þskj. 11.

Klemens Jónsson: Það vill verða svo að þessu sinni, eins og altaf áður, þegar fjárkláðamálið kemur til umræðu hjer á þingi, að það verða bæði miklar og langar umr. um það. Menn þurfa ekki annað en líta í Alþingistíðindin frá 1859; þá leynir það sjer ekki, að þau eru lengri en nokkur önnur fyrir þann tíma, og það var einmitt fjárkláðamálið og umræðurnar um hann, sem voru lengdinni valdandi, og þau geta enda staðið á sporði öllum ráðgefandi þingum fram að 1875, og voru þó mörg hitamál til umræðu á því tímabili, t. d. stjórnarskrármálið og fjárhagsmálið. Fjárkláðamálið hefir altaf verið hitamál mikið, og þó að það hafi farið fram heldur rólegar umræður að þessu sinni á yfirborðinu, þá er þó talsverður hiti undir niðri. Mörgum kann að finnast þær ræður, sem hjer eru haldnar, of langar, og má vel vera, að það sje rjett. En það er ekki hægt að neita því, að það hefir græðst ekki svo lítið á þessum umræðum; það hafa komið fram margar skoðanir, og álit margra hv. þm. fer mjög í bága við álit annara, og margt upplýsist, svo að ekki verður sagt annað en að talsvert græðist þó við allar þessar umræður.

Vegna þess að mitt kjördæmi er eingöngu landbúnaðarkjördæmi, finst mjer það skylda mín, að gera hjer nokkra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. En jeg skal lofa því, að verða ekki mjög langorður, enda býst jeg ekki við, að mikið græðist á mínum orðum.

Jeg hefi altaf verið hlyntur útrýmingarböðun, sjerstaklega síðan jeg sá, hvað Myklestad varð mikið ágengt. Hann byrjaði í Eyjafjarðarsýslu 1903, og jeg var viðstaddur fyrstu baðanirnar og sá, hve árangur þeirra kom fljótt í ljós. Þá munu það hafa verið fáar sveitir, þar sem kláði var jafnmikill og í Kaupangssveit, og víðar var hann frammi í firðinum. En nú sýna opinberar skýrslur það, ef þær er nokkuð að marka, að í Eyjafjarðarsýslu, framan við Akureyri, er enginn kláði. Þetta tel jeg góðan árangur af útrýmingarböðun Myklestads, að þar, nú eftir 24 ár, finst enginn kláði, þar sem alt var útsteypt áður. Og þetta sýnir, að hægt er að útrýma kláðanum, ef rjett er farið að. En víða, þar sem böðunin fór fram undir eftirliti annara en Myklestads sjálfs, var hún ekki annað en kák, og kláðinn kom upp jafnharðan aftur. Myklestad kendi þetta ódugnaði þeirra, sem áttu að sjá um böðunina, og hirðuleysi og óhlýðni bænda.

Að fengnum upplýsingum get jeg nú fullyrt, að enginn kláði er í Rangárvallasýslu. Þau grunsömu tilfelli, sem fyrir hafa komið, hefir hv. samþm. minn (EJ) fullvissað mig um, að ekki sje kláði, heldur aðeins óþrif í fje, og að þau stafi af vosbúð. Þess vegna er von, að bændum í kláðalausu hjeraði klöskri að leggja út í þann feikna kostnað, sem útrýmingarböðun er samfara og þeir telja óþarfan. Og jeg hefi fengið bæði munnlegar og skriflegar áskoranir um það, að vera á móti útrýmingarböðun, eins og nú stendur. Fyrir mig er ærin ástæða til þess að vera á móti frv. á þskj. 11, þrátt fyrir þá skoðun, sem jeg kann að hafa haft áður á útrýmingarböðunum. Eftir þeim umr., sem hjer hafa farið fram um málið, hefi jeg talsvert bifast í þeirri trú, að kláðanum verði útrýmt, að minsta kosti með þessu móti, því að það er sýnt og sannað, að kláðinn getur lifað í þrjá mánuði í húsum og út um haga. En kunnugur maður hefir fullyrt við mig, að ekki sje hægt að smala öllu því fje, sem á Þórsmörk gengur, og er þá auðsætt, að þær kindur geta haldið áfram að smita, þrátt fyrir böðun, þegar hið baðaða fje kemur saman við þær. Og víðar mun hið sama eiga sjer stað.

Jeg hygg því, að rjett sje að láta mál þetta bíða fyrst um sinn og undirbúa það betur, og að fá að minsta kosti álit og tillögur sýslunefnda áður en nokkuð er afráðið um, hvað gera skuli. Og mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að honum væri ekkert sjerlega umhugað um það, hvort úr framkvæmdum yrði einu ári fyr eða síðar. Í sýslunefndum eiga bændur sæti, þeir mennirnir, sem mest eiga undir því, hvernig þessu máli er ráðið og hvort leggja á í þennan gífurlega kostnað. Og það má ekki ráðast í framkvæmdir í þessu efni fyr en einmitt bændur hafa sagt til, hvað þeir vilja. Það er líka upplýst, að lítið er um kláða í landinu og að hann er í rjenun. Þetta mál getur því vel þolað bið í eitt ár eða svo.

Pjetur Ottesen: Því hefir verið haldið fram af þeim, sem trúaðir eru á mikinn og góðan árangur af útrýmingarböðun samkvæmt. frv. hæstv. stjórnar, að trygging sje mikil í því, að kláðanum verði algerlega útrýmt, með því að nú eigi að fara fram þrjár baðanir. Þó eru aftur aðrir, eins og jeg hefi áður bent á, farnir að draga í land, og líta svo á, að ekki muni takast að útrýma kláðanum með þessu móti, og hæstu vonir, er þeir gera sjer, eru þær, að takast muni að halda kláðanum nokkuð niðri.

Jeg benti á það í gær, að frá mínu sjónarmiði væri það ekkert aðalatriði, hvort einu sinni, tvisvar sinnum eða þrisvar sinnum væri baðað, heldur hitt, að eftirlit með böðununum væri trygt, baðlyfið gott, alt fje kæmi til böðunar og kláðamaurnum útrýmt úr fjárhúsunum.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir með langri ræðu reynt að sýna fram á, að þetta væri ekki aðalatriði í málinu, heldur hitt, að fram færu 2—3 baðanir. Það er nú gengið út frá því í frv., að baðanir skuli vera þrjár, og það talið nauðsynlegt, en hjer hefir hv. þm. farið líkt og öðrum, að hann er farinn að draga í land og gerir nú ráð fyrir því, gagnstætt því, sem hann hefir áður haldið fram, að tvær baðanir muni nægja.

Jeg hygg, að kláðinn hafi aukist mikið síðan bændur voru einskorðaðið við að nota aðeins eina baðlyfjategund. Hv. þm. reyndi að hrekja þetta með því, að fyrir þrem árum, eða áður en þessi baðlyfstegund var lögleidd, þá hafi kláðinn logað í Árnesýslu. En ástæðurnar til þess hygg jeg að hafi verið þær: 1. að bændur höfðu verið svo óheppnir að fá í það skifti slæmt baðlyf; 2. að eftirlit með böðun var ónóg; 3. að ekki var alt fje baðað.

Það er náttúrlega ekki gott að meta það, hver af þessum ástæðum hefir átt mestan þátt í því, hvernig fór í þetta skifti í Árnesssýlu. En að því leyti sem það hefir átt rót sína að rekja til þess, að baðið var ljelegt, þá er það fullkomin bending um, hver mundi verða árangur útrýmingarböðunarinnar, ef það baðlyf, sem þá yrði notað eingöngu, reyndist ljelegt, eins og áður hefir komið fram um hið lögskipaða baðlyf.

Þá reyndi hv. þm. að hnekkja þeirri ástæðu, að hættulegt væri, að ekki næðist í alt sauðfje til böðunar, og sagði, að það væri engin hætta á því, að kláði kæmi upp í útigangsfje. Jeg vil hjer minna hann á það, sem sagt hefir verið hjer áður í deildinni í sambandi við útflutning lifandi sauðfjár til Englands, þar sem menn gerðu ráð fyrir því, að eftir að sauðfje hefði verið í frjálsræði alt sumarið, mundi það vera svo útsteypt í kláða, að markaði fyrir það í Englandi yrði lokað. Sje nú þetta svona, sem vitanlega getur komið fyrir, að kláða verði vart í kindum að haustlagi, þá er það víst, að útiveran ein er ekki þess megnug, að kláðinn geti ekki haldist við, og því síður að vetrarlagi, því það er margreynt, að eftir því sem sauðkindin lifir við þrengri kost, þá hefir hún minna mótstöðuafl gegn kláðanum, og undir slíkum skilyrðum magnast kláðinn.

En nú er það alkunnugt, að víða á landi hjer hagar svo til, að engin trygging er fyrir því, að hægt sje að ná öllu fje til böðunar. Þannig hagar til t. d. á efstu bæjum á Rangárvöllum, að þar næst ekki í alt fje fyr en komið er langt fram á vetur. Sama máli er að gegna um Þórsmörk, Selvog, Krísuvík, og á Mývatnsöræfum kemur fyrir, að fje litir af allan veturinn. Þetta er nægilegt til að sýna það, að við getum aldrei verið öruggir um að útrýma kláðanum, þegar af þeirri ástæðu einni.

Sami hv. þm. talaði líka um það, að eftirlitið væri út af fyrir sig lítils virði. Jeg þarf nú ekki langt mál til að gera grein fyrir því, að eftirlitið er mjög mikilsverður þáttur í því, að fá góðan árangur af böðunum. Það er eigi aðeins um það að ræða, að þess sje gætt, að baðlyf sje gott, heldur einnig, að það sje rjett blandað, kindum haldið hæfilega lengi niðri í því og að hvergi verði á þeim þur blettur o. s. frv. Þetta á eftirlitið að tryggja.

Þá talaði hv. þm. um fjárhúsin og sýkingarhættuna í þeim. Gerði hann lítið úr því, að kláðamaurar gætu lifað í húsunum. En að það tókst með Myklestaðsböðuninni að útrýma kláðanum í vissum hjeruðum, sýnir, að þar hefir og verið höfð meiri vandvirkni en annarsstaðar, hvað þetta snertir. Að vísu er vitanlegt, að kláðin var misjafnlega útbreiddur áður, og að mest hætta stafaði af húsunum, þar sem mest var um hann, enda er sjón sögu ríkari um það, að fje hafi hvað eftir annað fengið á sig lifandi kláðamaur úr sumum húsunum. En er hv. þm. fór að minnast á

árangurinn af böðun Myklestads og tók undir það, að heil hjeruð hefðu verið hreinsuð af kláða, þá viðurkennir hann þar með, að sú aðferð, sem hann notaði, getur verið örugg, ef öll önnur skilyrði eru fyrir hendi. Og reynsla Norðmanna hefir sýnt, að það er hægt að útrýma fjárkláðanum, en til þess þarf ekki þrjár baðanir. Hjer hefir nú farið svo, að þeir, sem standa að frv., fordæma sumir aðferð Myklestads, en aðrir hrósa henni, eins og hv. 2. þm. Skagf.

Jeg kem þá aftur að því, sem hv. þm. (JS) sagði um baðanirnar, að þær þyrftu ekki að vera þrjár; það gæti eins komið til mála, að hafa tvær baðanir í ár og tvær að ári. Í stað þess að ætla sjer að útrýma kláðanum á einu ári með þrem böðunum, þá dettur hv. þm. í hug, að ná mætti sama árangri með því að viðhafa tvær baðanir tvö ár í röð. Þarna er hann fyrst og fremst algerlega horfinn frá því, að þessi þriðja böðun sje nauðsynleg. Bið jeg svo hv. þdm. að athuga þetta vel, og eins hitt, er hv. þm. sagði, að þetta fyrirkomulag yrði ekki dýrara fyrir ríkissjóð en þrjár baðanir á sama ári. Jeg skil ekki, hvernig hann hefir komist að þeirri niðurstöðu. Það er vitanlegt, að ef menn ætla sjer að útrýma fjárkláðanum á þennan hátt, þá verða baðanir bæði þessi ár að vera að öllu leyti með þessu svokallaða útrýmingarböðunarsniði, og liggur því í augum uppi, að allur kostnaður þess opinbera við eftirlitið verður tvöfaldur, og annar kostnaður einnig að öðru leyti meiri á þennan hátt.

Svo er eitt enn að athuga við þessa fyrirhuguðu útrýmingarböðun með 3 böðunum í röð, að það er alkunnugt, að fjeð er misjafnlega hraust, að oft og á ýmsum tímum vetrarins koma fram kvillar í fjenu, t. d. lungnapest, skitupest o. fl. kvillar, og að taka það og baða það þrem sinnum með stuttu millibili er ekkert annað en stofna heilsu þess í voða. Svo er það og engu síður vitanlegt, að að minsta kosti stöðug mánaðar innigjöf — en hjá því yrði ekki komist samkvæmt ákvæðum þessa útrýmingarfrv. — mundi koma hart niður á mönnum í þeim bygðarlögum, þar sem fje lifir mikið á útigangi. Venjulegt vetrarfóður mundi sumstaðar gera lítið betur en hrökkva til þessarar innigjafar.

Þá kom hv. þm. (JS) að því, að undirstaða þess, sem jeg hjelt fram í gær, væri ekki örugg að því leyti sem jeg hefði haldið því fram, að með einni böðun mætti ná þeim árangri, sem frekast væri hægt að vænta, til þess að halda kláðanum í skefjum. Og til að færa sönnur á þetta, fór hv. þm. inn á svið vísindanna, og sagði, að þótt maurinn væri drepinn með einni böðun, þá lifði þó eggið. En hann viðurkendi þó jafnframt, að Myklestad hefði fullkomlega útrýmt kláða á stórum svæðum á landinu, og hljóta þá bæði maurarnir og eggin að hafa dáið. Þetta er full sönnun þess, hvað hægt er að komast með einni böðun, ef alt er að öðru leyti í góðu lagi. Hv. 2. þm. Skagf. hefir því viðurkent, eða rjettara sagt tekið það aftur, sem hann sagði um undirstöðu þessarar ályktunar hjá mjer, að nokkuð verulegt væri við hana að athuga.

Jeg þarf ekki að fara mikið út í útflutninginn á lifandi fje, sem sett hefir verið inn í sambandi við þetta mál, en ætla þó með fáeinum orðum að gera aftur nokkurn samanburð á hinu svokallaða útrýmingarfrv. og till. meiri hl.

landbn. Jeg tel þó ekki skyldu mína að tala fyrir meiri hl. nefndarinnar, að því er til frv. hennar kemur, en jeg hefi lýst yfir fylgi mínu við það frv. og hefi gert grein fyrir því, hvers vegna jeg fylgi því. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að með frv. nefndarinnar ætti að halda áfram sama kákinu og verið hefði, því að í því væru engar endurbætur frá því, sem er í gildandi lögum frá 1914. (JS: Engar grundvallarendurbætur.) Já, engar grundvallarendurbætur, segir hv. þm. Við skulum nú taka það til athugunar.

Það er viðurkent af öllum, enda þótt hv. þm. reyndi að gera lítið úr því, að einhver stærsti þátturinn í baráttunni gegn fjárkláðanum er það, að eftirlitið við baðanirnar sje nægilegt trygt. Baðanir koma ekki að notum, nema alt eftirlit með böðunum, frá því fyrsta til þess síðasta, sje örugt og gott. Þetta er raunar margtekið fram. En nú fer svo fyrir sumum í þessu máli, og þar á meðal þessum hv. þm. (JS), að þeir neita því í öðru orðinu, sem þeir játa í hinu, og því verður ekki komist hjá þessum endurtekningum.

Í frv. um útrýmingarböðun er vitanlega lögð höfuðáherslan á það, að tryggja eftirlitið með böðunum. Í frv. meiri hl. landbn. er vitanlega lögð höfuðáhersla á þennan þátt hinna árlegu sauðfjárbaðana, og jeg hefi áður fært rök að því, að ef ekki er betur gengið frá þessu í frv. meiri hl. landbn., þá er þar síst ver um þetta búið. Atvinnumálaráðuneytinu er falin yfirsumsjón þessa verks. Það gefur út leiðbeiningar, setur reglugerðir og annað, sem nauðsynlegt er. Hreppstjórarnir eiga að vera yfirumsjónarmenn, hver í sínum hreppi, og að því leyti sem þeir geta ekki sjálfir beinlínis sjeð um framkvæmd baðananna, skipa þeir trúnaðarmenn sjer til aðstoðar. Og þetta á að vera árlegt eftirlit hjeðan í frá. Eftir frv. um útrýmingarböðun verða hinir opinberu eftirlitsmenn miklu færri, kanske ekki nema einn í sýslu, og hlýtur því öll yfirstjórn að verða ófullkomnari samkv. þessu frv.

Það er bjargföst sannfæring mín, að með frv. meiri hl. landbn. eða þeim ákvæðum, sem í því felast, verður komist eins langt og hægt er til þess að halda kláðanum í skefjum. Jeg vil benda á, að hæstv. atvrh., hv. þm. V.-Húnv. o. fl., sem hafa talað með frv. um útrýmingarböðun, hafa lýst yfir því, að þeir gerðu sjer nú ekki hærri vonir en þetta. (ÁJ: Þetta er ekki rjett.) Jú, þetta er alveg rjett, þó að hv. 2. þm. N.-M. líki ef til vill illa, að þeir skuli hafa gert þessa játningu.

Jeg held nú, að af þessum samanburði sje það ljóst, að hvað eftirlitið með böðununum snertir, þá er frv. meiri hl. landbn. að minsta kosti jafntryggilegt hinu frv. Og með því að gefa yfirlit um það, hversu eftirlitinu er háttað í þessu frv., þá verður öllum, sem kunnugt er um ákvæði núgildandi laga um þrifabaðanir, það ljóst, að hjer er um verulega grundvallarbreytingu að ræða. Og svo er þetta einnig í fleiri atriðum.

Þá talaði hv. 2. þm. Skagf. um kostnaðinn, sem leiða mundi af útrýmingarböðun, og bar hann saman við það, sem hann mundi verða eftirleiðis, ef gengið væri inn á þá braut, sem meiri hl. landbn. leggur til. Grundvöllurinn undir þessum samanburði er rangur, í fyrsta lagi af því, að annarsvegar er miðað við það ástand, sem nú er og

verið hefir um framkvæmd hinna almennu þrifabaðana, þar sem menn hafa meðal annars verið einskorðaðir við að nota ljelegt baðlyf og baðanirnar framkvæmdar undir ófullkomnu eftirliti, og hinsvegar miðað við ófullkomnar áætlanir um kostnaðinn við þrifabaðanirnar.

Hann sagði, að kostnaður ríkissjóðs við útrýminguna, hvað baðlyfin sertir, hefði verið áætlaður í fyrra um 100 þús. kr. Jeg man, að aðrir gerðu ráð fyrir 120 þús. kr. Þetta er vitanlega aðeins lausleg áætlun, og eftir reynslu um áætlanir yfirleitt, þá mun óhætt að bæta allmiklu við þessa upphæð. Hjer við bætist svo eftirlitið, sem ríkissjóður á að hafa að sínu leyti. Það verður því ekki hjá því komist, að hjer er um geysimikinn kostnað að ræða.

Jeg hefi lýst yfir því hjer áður og fært rök að því, að jeg tel frv. meiri hl. landbn. fult eins örugt til þess að halda kláðanum í skefjum og frv. um útrýmingarböðun. Kostnaðurinn við útrýmingarböðunina er því með öllu óþarfur, og jafnframt má hiklaust gera ráð fyrir því, að sá kostnaður, sem ríkissjóður hefir haft undanfarið við kláðabaðanir, muni hverfa úr sögunni, ef frv. meiri hl. landbn. verður samþ.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði mikið um vonlausa baráttu í þessu sambandi. Jeg býst því miður við því, að sú barátta sje vonlaus, að okkur takist að útrýma fjárkláðanum algerlega, hvort frv. sem verður samþ. Aftur á móti eru líkur til þess, að okkur heppnist að halda kláðanum í skefjum. Jeg vænti þess, að hv. þdm. sjeu mjer sammála um það, sem augljóst er, að takmarki þessu verði hægt að ná á grundvelli þess frv., sem meiri hl. landbn. ber fram, og það á miklu kostnaðarminni hátt, og þá sje það heppilegasta og rjettasta afgreiðsla þessa máls að samþ. það frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JakM, JAJ, JG, JS, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BSv.

nei: HK, JK, JÓl, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, BL, HStef.

Einn þm. (HjV) fjarstaddur.

2.—5. gr. samþ. með 14 : 10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 10 atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 11, n. 219, 379, 380).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 379 og 380. Afbr. leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Jeg skal aðeins gera grein fyrir brtt., sem jeg flyt hjer, ásamt hv. þm. Str.. og þm. V.-Húnv. Fyrst er þá brtt. við 1. gr., sem breytir frv. í heimild, með það fyrir augum, að stjórnin hafi óbundnar hendur og geti hagað sjer eftir ástæðum bænda og fjárhag ríkissjóðs. Þá er í öðru lagi tímatakmarkið fært fram til ársins 1930, en í stjfrv. er gert ráð fyrir, að útrýmingin fari fram í árslok 1928 og ársbyrjun 1929.

Það, sem kom okkur til þess að leggja þetta til, er það, að við teljum undir-

búninginn tæplega nægan, ef tímatakmarkið er ekki fært fram. En hjer þarf sjerlega vandaðan undirbúning, ef menn eiga að vænta eða gera sjer vonir um, að útrýmingin heppnist. — Þá er ennfremur gert ráð fyrir rækilegri kláðaskoðun áður en baðað er. Það er nú svo, að í sjálfu sjer er aldrei hægt að fullyrða, hvort kláðinn finst eða ekki, jafnvel þó að nákvæmlega sje skoðað. En það er hægt með vissri rannsókn að vita, hvort útbrot sjeu á fjenu, og hvort hætta sje á smitun. Það er mikils virði, að geta fengið ábyggilega vissu fyrir því, hvort útbrota verði vart, því að þá er hægt að taka til sjerstakra aðgerða, svo sem víðtækrar hreinsunar á húsum og hafa meiri athygli á meðferð fjárins. Þess vegna höfum við lagt til, að sjerstök skoðun fari fram til frekara öryggis.

Þá viljum við heimila stjórninni að veita einstökum sýslum eða sveitum, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í mörg ár, eða þar sem hann er horfinn, undanþágu, þannig, að þar þurfi ekki að baða nema tvisvar sinnum. Það er litið svo á, að með tveim böðum sje hægt að útrýma kláðanum, fyrri böðunin drepi kláðamaurinn, en hin síðari eggin. Dýralæknir álítur þó, að best sje að baða þrisvar, en þriðja böðunin hefir sjerstaklega gildi, þar sem kláði er fyrir. En þar sem aðeins leynist örlítill vottur af kláða, hygg jeg, að tvö böð sjeu fullnægjandi. Það er síður en svo, að við viljum með þessu slá nokkuð af eða minka möguleikana, sem á því eru, að útrýming sú heppnist, sem gert er ráð fyrir í frv. Við gerum okkur von um að ná sama marki, þrátt fyrir þetta. Það er aðeins tillátssemi við sýslur þær og sveitir, sem aldrei hafa haft kláða eða ugglaust er, að sjeu lausar við hann.

Loks er ein brtt., sem felur í sjer ítarlegri ákvæði um einn liðinn í undirbúningi málsins, sem er tilraunir með baðlyfin. Og er það líklega stærsta atriðið. Stjórnin á að láta gera ítarlega rannsókn í þessu efni áður en útrýmingarböðunin fer fram, til þess að fullvíst sje, að við höfum baðlyf, sem treysta megi. Menn verða að gæta þess, að þetta hefir sína miklu þýðingu, engu að síður, þó að ekki komi til útrýmingar eða þó að útrýmingin heppnist, því að það þarf engu að síður að baða þrifabaðanir. Er því þessi tilraun eða rannsókn til mikils gagns. Norðmenn hafa t. d. gert slíka tilraun með baðlyfin, en landbúnaðarfjelög þeirra eru enn ekki á því hreina með, hvaða tegund sje hentugust til þrifabaðana.

Til þess að gera engan leik að því, að umræður hefjist aftur um málið, ætla jeg ekki að segja fleiri orð um það. Það var rætt nógu mikið við 2. umr. og átti jeg þá mörgu ósvarað. Jeg ætla að sleppa að svara því nú, en mun þó nota mjer rjett minn, ef almennar umræður hefjast um málið.

Jón Kjartansson: Jeg ætla ekki að tyggja upp aftur hjer ræðurnar frá 2. umr. þessa máls, en vildi aðeins leyfa mjer að fara nokkrum orðum um viðaukatillögu þá, sem jeg ber fram á þskj. 380 við brtt. á þskj. 379. Jeg hefi leyft mjer að fara fram á það, að atvinnumálaráðherra sje heimilt að láta útrýmingarböðun falla alveg niður í Vestmannaeyjasýslu, og í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu, enda sje áður með nákvæmri skoðun gengið úr skugga um það, að enginn

kláði sje til í þessum sýslum. Þessa tillögu flyt jeg vegna þess að það er fullkomlega sannað, að kláði hefir aldrei fundist í þessum sýslum. Í kláðaskýrslu frá 1903, þegar útrýmingarböðun fór fram, er talið, að þessar sýslur sjeu kláðalausar, og er þá Rangárvallasýsla talin með. En nú leikur grunur á því, að kláði sje þar upp kominn, og hefi jeg því ekki þorað að taka hana með. En síðan 1903 hefir enginn kláði fundist í þessum sýslum. Þar við bætist, að þær eru frá náttúrunnar hendi þannig í sveit settar, að telja má, að samgöngur fjár eigi sjer sama og ekki stað. Það getur að vísu hugsast, að fje hittist á fjöllunum, en slíkt er mjög sjaldgæft. Þar sem þetta er aðeins heimild til handa atvinnumálaráðherra, þá er það ljóst, að hann getur látið fara fram þá böðun, sem um er talað í 2. brtt. á þskj. 379, í einhverjum hlutum sýslnanna, til frekara öryggis, ef þurfa þykir. En það er hart fyrir þessa sýslu að þurfa að taka á sig þann kostnað, sem af útrýmingarböðun leiðir, þar sem það er sannað, að þær hafa aldrei haft kláða. Jeg vænti því, að hv. deild samþykki þessa viðaukatillögu mína. Jeg var í vafa um, hvort jeg ætti ekki heldur að koma fram með till. um það, að útrýmingarbaðanir í þessum sýslum væru að öllu leyti kostaðar af ríkissjóði, en hvarf frá því, því að það er óþarfi að baka ríkissjóði slíkan kostnað að nauðsynjalausu.

Klemens Jónsson: Þegar jeg sá viðaukatill. hv. þm. V.-Sk., var jeg einráðinn í því, að vera henni fylgjandi, en jeg saknaði þess, að hann skyldi ekki taka Rangárvallasýslu inn í till. Ef jeg hefði haft hugmynd um, að hann ætlaði að koma fram með þessa brtt., þá hefði jeg orðið meðflm. að henni og bætt Rangárvallasýslu við. En jeg er nú búinn að senda uppí í prentsmiðju brtt., sem bætir Rangárvallasýslu við, og vænti þess, að hún verði komin ofan á fund í tæka tíð, ella mun jeg afhenda hæstv. forseta hána skriflega.

Eins og tekið hefir verið fram við 2. umr. þessa máls, þá hefir Rangárvallasýsla lengi verið kláðalaus; nákunnugir menn fullyrða, að enginn kláði hafi fundist þar langa lengi. Jeg verð að taka undir það með hv. þm. V.-Sk., að það er hart fyrir heilar sýslur, sem eru algerlega lausar við kláðann, að þurfa að leggja á sig þann gífurlega kostnað, sem útrýmingarbaðanir hafa í för með sjer. Vænti jeg því, að hv. þm. líti með sanngirni á þessar undanþágur og samþykki viðaukatill. hv. þm. V.-Sk. með brtt. minni.

Fram kom skrifleg brtt. (verður þskj. 392) frá 2. þm. Rang. (KlJ). Afbr. leyfð og samþ. með 15 : 2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Jeg ætlaði að láta þetta mál afskiftalaust að þessu sinni, en þegar jeg sje þær brtt., sem nú eru fram komnar, þá fæ jeg ekki orða bundist. Fyrst skal þá fræga telja viðaukatillöguna á þskj. 380 frá hv. þm. V.-Sk. Þau undur og stórmerki hafa gerst, að hv. 1. þm. Rang. hefir lagt henni liðsyrði sitt, og hann hefir meira að segja gerst svo framur, að koma fram með brtt. um það, að undanþiggja Rangárvallasýslu líka, og ætlar að drífa hana í gegn með afbrigðum frá þingsköpum. Jeg hefði

aldrei búist við því, að slík firn sem þessi gerðust hjer á Alþingi, og síst, að þessi gamli og margmæti heiðursþingmaður (KlJ) vildi eiga hjer nokkurn hlut að máli. Þá þykir mjer skörin fara að færast upp í bekkinn, ef það á að fara að samþykkja hjer á Alþingi að undanþiggja sjerstaka landshluta frá böðunum að ástæðulausu. Það er alkunna af skýrslum, að aldrei hefir kláði komið í Vestur-Barðastrandarsýslu og kemur sennilega aldrei, en þó hefir mjer ekki dottið í hug að fara fram á það, að fá undanþágu frá böðunum fyrir þennan hluta sýslunnar. Jeg efast ekki um það, að brtt. hv. þm. V.-Sk. er í góðu skyni ger og að hann er með henni að gefa kjósendum sínum hýrt auga. En hún er illur fleygur í þessu máli og á ekki að samþykkjast. En þó er brtt. hv. 1. þm. Rang. miklu verri, svo sem vænta mátti, því að miklu meiri líkur eru fyrir því, að fje úr Rangárvallasýslu hafi samgöngur við fje úr öðrum sýslum, heldur en t. d. fje úr Vestmannaeyjum. En þær hefir nú hv. þm. V.-Sk. látið flakka með, þótt hugur hans stefni auðvitað að hans eigin kjördæmi. Báðar þessar tillögur á svo að afgreiða með afbrigðum frá þingsköpum. Báðar eru þær óhæfilegar og ómögulegar og íslensk tunga, þótt orðmörg sje, á ekki til nógu sterk orð til þess að kveða þær niður. En jeg vona, að hv. þm. vísi þeim til föðurhúsanna, og vil jeg hvorki óvirða mig nje þingið með því að eyða frekar orðum að þeim.

Þá sný jeg mjer að brtt. á þskj. 379. Það þarf nú ekki að fara í miklar grafgötur um meiningu þeirra, þegar maður sjer faðernið. Jeg sje ekki betur en þær sjeu nokkurskonar fölsk gríma á stjfrv., ef maður á þá að kalla það stjfrv. Jeg hygg, að hæstv. stjórn hafi frekar borið það fram af kurteisi en að hún hafi sjeð nauðsyn á því. Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að þeim tilgangi, sem 2. brtt. á þskj. 379, og reyndar líka 1. brtt., sje fullkomlega náð, ef samþykt verður frv. á þskj. 196. Í 8. gr. þess frv. stendur, að ef atvinnumálaráðuneytinu þykir ástæða til, þá geti það fyrirskipað svo víðtækar ráðstafanir til kláðaútrýmingar sem því sýnist. Það er ekki svo, að jeg sje á móti útrýmingarböðun, ef það kæmi í ljós, að hún væri nauðsynleg. Að því leyti stefnum við allir að sama marki, og það er ekki svo ýkja mikið, sem á milli ber. Þessa brtt. á þskj. 379 hafa ekki legið fyrir nefndinni, og get jeg því ekki talað fyrir munn hennar, heldur verður það, sem jeg segi um þær, að skrifast á minn eiginn reikning. Í 1. brtt. er útrýmingarböðuninni slegið á frest til 1930. Hjer er aðeins um dálítinn frest á henni að ræða, og leiðir því af sjálfu sjer, að jeg er á móti þessari brtt. Sannfæring mín er þar óhögguð. Alt, sem jeg tel fullnægjandi, fæst, ef frv. á þskj. 196 er samþ., sbr. 8. gr. Í 2. brtt. við 3. gr. er því slegið föstu, að baða skuli þrisvar sinnum. Þessir heiðursmenn fara svo sem ekki dult með skoðun sína, enda er það rjett, að vera ekki að villa á sjer heimildir. Í þeirri brtt. er líka annað ósköp lítið ákvæði, sem hljóðar svo: „Um leið og baðað er fyrsta útrýmingarbaðinu, skal fram fara nákvæm kláðaskoðun og merking á hverri kind.“ Hverskonar merking á þetta að vera? Jeg er hissa á því, að bændur, sem hafa haft fje undir höndum, skuli láta sjer detta í hug, að hægt sje að merkja fje svo það máist ekki af. Jeg hugsa, að ekki sje hægt að finna svo glögg merki. Þetta

yrði ekkert annað en einskisverð fyrirhöfn.

Jeg hefi nú farið nokkrum orðum um þetta mál, og sje ekki ástæðu til þess að ræða það frekar. Jeg býst við því, að hv. þdm. sjeu búnir að gera það upp við sig, hvoru frv. þeir ætli að fylgja og þar verði engu um þokað. Jeg hefi leitt rök að því, að það ber að samþykkja frv. á þskj. 196, og þau rök hafa ekki verið og verða ekki hrakin. Þó að brtt. á þskj. 379 verði samþyktar og sjeu kannske að einhverju litlu leyti til bóta, og sjeu vel lagaðar til þess að draga athyglina frá kjarna málsins, þá villa þær mjer ekki sýn í þessu máli. Jeg álít, að frv. á þskj. 196 sje svo útbúið, að vel megi við una, og jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á því, að hv. þm. sjeu svo glámskygnir eða gerblindaðir í þessu máli, að þeir samþykki það ekki. Skal jeg svo láta útrætt um þetta að sinni og mun ekki standa upp aftur, nema sjerstakt tilefni gefist.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg hefði haft ástæðu til þess að fara nokkrum almennum orðum um málið að þessu sinni, því að jeg fjell frá orðinu við 2. umr. og átti því ýmsu ósvarað þá, og ætti því fullkominn rjett á að fara nokkuð frekar út í málið, mínum málstað til skýringar. En bæði vegna þess að nú er orðið áliðið þings og jeg vil gera alt, sem jeg get, til þess að flýta fyrir málinu, svo og vegna hins, að jeg býst ekki við því, að langar ræður muni hafa áhrif á úrslitin, ætla jeg að falla frá því að tala alment um málið. Jeg vil aðeins geta þess, að jeg get eftir atvikum sætt mig við brtt. á þskj. 379, þó að jeg hefði að vísu heldur kosið frv. óbreytt. En jeg mun greiða þessum brtt. atkvæði, vegna þess að jeg tel málinu betur borgið á þann hátt. Að því er snertir viðaukatill. hv. þm. V.-Sk. og brtt. hv. 1. þm. Rang., þá hefir hv. þm. Barð. sagt alt um þær, sem segja þarf. Jeg álít þær till. ekki geta komið til mála í þessu sambandi og er algerlega á móti þeim.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefði þurft að andmæla nokkrum atriðum, sem beint var til mín við fyrri umr. þessa máls, en jeg mun ekki hirða um að gera það nema að litlu leyti. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, og það kom líka fram hjá hv. 2. þm. N.-M., að jeg hefði átt nokkurn þátt í undirbúningi þessa máls í fyrra. Það er rjett, að jeg var með í því, ásamt fleiri mönnum úr landbn., að laga helstu agnúana, sem okkur fundust á frv., og jeg hygg, að það hafi verið hóti skárra eftir að við vorum búnir að ganga frá því. Og þess vegna hefir það áreiðanlega orðið til mikilla bóta, að við fórum höndum um frv. Hinsvegar skal það viðurkent, að mjer og jafnvel fleirum hefir orðið það á, að leggja fullmikið upp úr þeirri sjerþekkingu, sem flaggað hefir verið með í máli þessu. Mjer hefir t. d. orðið það á, að byggja á því, sem dýralæknir hefir sagt, að hægt væri áreiðanlega að útrýma kláðanum með þrem böðunum. En nú hefir sannast, að slíkt er á litlum rökum bygt, og að kláðamaurinn verður ekki drepinn með þrem böðunum, þar sem hann lifir að minsta kosti í þrjá mánuði, og jafnvel líkindi til að hann lifi góðu lífi í 6 mánuði eða jafnvel enn lengur í ullarlögðum í veggjatholum o. s. frv., þar sem skilyrði eru góð fyrir hann, eins og jeg mun víkja síðar að.

Jeg skal taka fram viðvíkjandi því, að jeg hafi fylgt þesu frv. í fyrra, að þó að jeg sjái síðar, að jeg hafi haft skakt fyrir mjer, þá hefi jeg þá karlmensku til að bera að þora að viðurkenna það, þegar jeg sje, að eitthvað má betur fara en það, sem jeg hafði haldið fram.

Ástæðan til þess að málinu er ekki haldið fram af oss meiri hl. landbn. á sama grundvelli og í fyrra, er sú, að það er fyrirfram sjeð, að dómi sjerfróðra manna, að kláðanum muni aldrei útrýmt með þrem böðunum. Og úr því að gera má ráð fyrir, að slíkar ráðstafanir komi ekki að fullkomnu gagni, þá er ver af stað farið en heima setið með þessa dýru útrýmingarböðun. Og því er betur sjeð fyrir þessu máli með okkar frv. en því, sem hæstv. stjórn hefir borið fram.

Brtt. á þskj 379 skifta ekki miklu máli. Þar stendur, að ríkisstjórninni sje heimilt að láta fram fara um land alt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða og í samráði við Búnaðarfjelag Íslands. Að vísu er fresturinn lengdur til 1930, að útrýmingarböðun skal hefjast, en lítið bæta brtt. þessar að öðru leyti úr skák.

Jeg fyrir mitt leyti ber ekki það traust til hæstv. stjórnar og ráðunauta hennar, að jeg vilji fela henni þetta mál, og jeg vil bæta því við, að jeg treysti heldur ekki Búnaðarfjelagsstjórninni til þess að ráða nokkru um framkvæmdir þessa máls. Það eru aðeins bændur landsins, sem jeg treysti einum til þess að ráða fram úr þessu, svo að viðunandi sje. Þess vegna skil jeg ekki í þeim háttv. þingbændum, sem að þessu máli standa, að þeir skuli vilja k n ý j a þetta frv. fram, sem þeir þó vita, að gert er í ó þ ö k k alls þorra bænda víðsvegar um alt land, og sem ekki er hægt að búast við að nái þeim tilgangi, sem því er ætlað.

Að svo mæltu ætla jeg að víkja að þessum brtt., sem þrír hv. þm. hafa borið fram á þskj. 379.

Þar er skipað svo fyrir, að baða skuli hverja kind 3 böðum, en þó er atvinnumálaráðherra heimilt, í samráði við dýralækni, að leyfa að baða skuli aðeins 2 böðum í þeim sýslum eða sveitum, sem kláða hefir ekki orðið vart í 3 síðustu ár.

En hvaða trygging hafa þeir fyrir því, þó að kláða hafi ekki orðið vart síðustu 3 árin, að hann geti ekki verið nýlega kominn áður en böðun fer fram, og þó á að duga aðeins að tvíbaða?

Hv. aðalflm. (JS) sagði, að þeir vildu fyrirskipa nákvæma skoðun og merkingu þess fjár, sem baðað er. Við viljum líka nákvæma skoðun, en leggjum lítið upp úr merkingunni, enda er mjer ekki vel ljóst, hvernig henni verður svo fyrir komið, að nokkuð sje á henni að byggja. Þeir vilja þríbaða, nema þar sem kláða hefir ekki orðið vart í 3 ár, þar ætla þeir 2 böðum að duga. Nú er í okkar frv. gert ráð fyrir að baða strax og kláða verður vart og þríbaða sjúkt fje. Mjer finst munurinn því ekki mikill, og síst betur sjeð fyrir eftirlitinu en gert er með okkar frv., því að þar er stjórninni gefin heimild til að fyrirskipa strangari baðanir, ef þörf er á.

Annars get jeg ekki betur sjeð en að með brtt. þessara hv. þdm. á þskj. 379 sje enn verið að fyrirskipa útrýmingarböðun, eða öllu heldur tilraun með það, og það þykir mjer of mikill kostnaður, sem í er ráðist, þegar þess er gætt,

að óvíst er með öllu, hvernig hún muni hepnast og mikil líkindi til, að kláðanum verði ekki útrýmt með 3 böðunum.

Hinsvegar er enginn vafi á því, að með Myklestads-böðununum var kláðanum útrýmt af fjenu og maurinn drepinn. En að kláðinn kom aftur upp, var af því, að maurinn lifði í húsunum og sýkti svo fjeð, og það löngu eftir að baðað hafði verið. Það fyrirkomulag, sem við viljum hafa, er því tryggilegra og meiri líkindi til, að kláðanum verði útrýmt á þann hátt að baða alt fje, hvenær sem kláða verður vart, og að sótthreinsa húsin jafnhliða.

Annars er jeg undrandi yfir því, hvað margir hv. þdm. vilja ganga í berhögg við reynsluna í þessu máli, og sjerstaklega furðar mig á þessu, þegar kunnugt er, að allur þorri bænda út um land, sem þetta þekkja af eigin reynslu, eru á móti 3 böðunum. Jeg hjelt þó satt að segja, að þessu máli væri betur borgið með því að hafa bændur landsins með sjer í því, í staðinn fyrir að skella á þá sárnauðuga 3 böðunum, sem engir þeirra hafa minstu trú á að komi að neinu gagni. Og eins og jeg drap stuttlega á fyrir skömmu, eru líkindi til, og jafnvel stórhætta á, að fjeð tapi heilsunni við það, að verða baðað þrisvar, og það á þessum tíma, sem allra veðra er von. Hjer liggur engin rannsókn fyrir, hvernig 3 böð með stuttu millibili muni gefast; gæti eins vel farið svo, að slíkt orsakaði stórkostlegan fjárfelli, og þá taka þessir menn, sem halda fram 3 böðunum, á sig meiri ábyrgð, en þeir eru menn til að bera.

Jeg þykist vita, að þessir hv. flm., sem standa að brtt. á þskj. 379, muni verja sig með því, að hjer eigi ekki að neinu að flana að órannsökuðu máli. Baðlyfin eigi að vera undir nákvæmri rannsókn og athugun um, hver áhrif þau hafi á kláðamaurinn, og þá vitanlega sauðkindina líka. Jeg játa, að þeim hefir farið til muna fram frá því, að málið var hjer til 2. umr., því þá töldu þeir frestinn nógan til 1928, en leggja nú til, að ekki verði byrjað á útrýmingarböðun fyr en 1930. Með þessum fresti, sem jeg játa að vísu að sje til bóta, tel jeg þó ekki mikið fengið, þegar alt kemur til alls. Og þó að undirbúning þessa máls eigi að fela þeim manni, sem brtt. nefnir, þá er það síst til þess að vekja traust mitt á heppilegri framkvæmd málsins. Ráð dýralæknis hafa ekki reynst það vel bændum í þessu máli, að jeg sje sjerstaklega ginkeyptur fyrir því að fela honum aðalframkvæmdirnar. Það ætti að vera nóg að minna á þetta baðlyf, sem lögskipað var um tveggja ára bil og hann átti að sjá um rannsókn á, en reyndist svo ónýtt, að það drap ekki færilús.

Það má vel vera, að hæstv. stjórn geti ekki rannsakað þetta eins og þörf er á, og því verði hún að fela það þessum manni, sem jeg hefi sagt, að jeg beri ekki hið minsta traust til. En minna má þó ekki vera en að þetta væri svo undirbúið, að full vissa væri um, að útrýmingarböðun kæmi að notum, og að sú rannsókn lægi frammi áður en lagt yrði út í þennan mikla kostnað. Bændur hafa enga trú á að fela þetta undirbúningsstarf manni, sem að þeirra dómi brást algerlega í þessu máli fyrir tveim árum. Þeir mundu aldrei játast undir þá kvöð, að fela þessum manni einræðisvald yfir sauðfje sínu.

Annars var það nokkuð hjákátlegt hjá hv. 2. þm. Skagf., er hann vildi til

stuðnings sínum málstað vitna í það, að Norðmenn og enda Skotar líka væru um þessar mundir að láta rannsaka baðlyf sín og áhrif þeirra. Að þessum rannsóknum hafa þeir unnið í tugi ára og hafa þeir þó mjög góðum og reyndum mönnum á að skipa, þaulreyndum í þessum efnum, og þykjast þó þurfa að rannsaka þau enn, og kláðinn altaf viðloðandi t. d. í Skotlandi, þrátt fyrir alt, sem gert hefir verið honum til útrýmingar. En hjá okkur eiga að nægja aðeins þrjú ár til undirbúnings þessa máls, og tela hann manni, sem enga reynslu og takmarkaða þekkingu hefir sýnt, sem bygð verði á heppileg úrlausn málsins.

Jeg held, að hv. deild gerði best í því að stinga frv. þessu svefnþorn nú þegar og láta bíða, ekki þrjú ár, heldur fimm til 10 ár, þangað til það fær að koma í dagsljósið aftur, og fallast heldur á till. ekkar meirihlutamanna um að baða alt sauðfje reglulega með góðu eftirliti og baða kláðaböðun í hvert skifti, sem kláðinn kemur fram.

Annars mætti nefna í þessu sambandi, eins og jeg gat um áður, að Skotum hefir ekki enn tekist, þrátt fyrir margar og miklar tilraunir og rannsókn á rannsókn ofan, að útrýma kláðanum. Þar gengur fjeð að mestu leyti sjálfala, kemur ekki í hús nema endrum og eins, og reynslan er sú, að það sýkist í haganum. En þeir, sem þetta frv. berja fram, eða að brtt. á þskj. 379 standa, ætla sjer að drepa maurinn í veggjarholum gamalla moldarkofa, með því að fyrirskipa þrjár baðanir um alt land.

Jeg ætla nú að koma með dálítið dæmi, sem sýnir, að það er ekki við lambið að leika sjer að útrýma kláðamaurnum, og að hann lifir góðu lífi í húsunum, þrátt fyrir margítrekaðar baðanir.

Það var á bæ einum uppi í Borgarfirði eftir Myklestadsböðunina á útmánuðum, að kláði kom upp í hrútum tveim, sem voru sjer í kofa. Hrútarnir voru baðaðir og tókst að lækna þá. Um vorið, þegar rúið var, voru hrútarnir nákvæmlega skoðaðir og fleira fje, og reyndist það alt kláðalaust. Þegar hrútarnir voru haustið eftir teknir og látnir í sama kofann, voru þeir enn skoðaðir og fanst enginn kláðavottur í þeim. En þegar fram á veturinn kom, fór að bera á óþrifum í þeim, og fanst þá lifandi kláðamaur á þeim. Þetta þótti því undarlegra sem við nákvæma rannsókn alls fjárins kom í ljós, að engin kind var með kláða. Enn voru hrútarnir baðaðir vel og rækilega og læknaðir, svo að ekki sást vottur í þeim um vorið, er þeim var slept. En næsta vetur endurtekur sama sagan sig, hrútarnir útsteyptir í kláða, þrátt fyrir það, þótt engin óþrif væru í öðru fje á þessum bæ. Og svona fór það alla stund, sem kofi þessi var notaður fyrir hrútana. Síðar var kofinn rifinn og hver spýta úr honum á bál borin, og síðan hefir aldrei borið á kláða á þessum bæ, hvorki í hrútum nje öðru fje. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um, hver orsökin hefir verið. Þarna hefir kláðinn lifað sex mánuði eða jafnvel lengur og sýkt hrútana. Vitanlega hefir ekki tekist að sótthreinsa kofann og drepa maurinn, enda vita allir, hvaða erfiðleikum það er bundið að sótthreinsa allar veggjarholur gamalla húsa.

Þess vegna er jeg öldungis sannfærður um, þó að nú verði horfið að því óheillaspori að fyrirskipa þrjú útrýmingarböð um alt land, þá lendum við í sama

öngþveitinu aftur eftir nokkur ár, en höfum jafnhliða bakað ríkissjóði og landsmönnum stór útgjöld og máske spilt heilsu fjárins eða jafnvel valdið miklum fjárfelli. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki láta mitt atkvæði standa til stuðnings slíkum óheillaráðstöfunum, og finst undarlegt, að hv. þdm. skuli ekki heldur vilja fallast á okkar till., sem allir hljóta þó að viðurkenna, að eru að öllu leyti til stórra bóta máli þessu.

Annars get jeg sagt, að hv. 2. þm. N.-M. sje nokkur vorkunn í máli þessu. Hann trúir þessu, sem raunar er ekki annað en oftrú, en honum ferst karlmannlega að vilja heldur falla með málstað sínum en að fylgja því, sem við leggjum til. En hinir hafa enga afsökun, sem eru hálfvolgir í máli þessu og veigra sjer við að fylgja því, sem betur má fara. Og jeg vil bæta því við, að þeir hv. þdm. eru ekki hörundssárir um hagsmuni bændastjettarinnar, sem ljá fylgi sitt slíku frv. sem þessu, enda þykist jeg vita, að sumir þeirra gera sjer litla grein fyrir því, hvað þetta mál getur orðið afleiðingarík fyrir bændur landsins.

Þá hefir komið hjer fram brtt. frá hv. þm. V.-Sk., og þykir mjer leiðinlegt, að hann skyldi á nokkurn hátt ganga inn á þetta óheillafrv. Þó vildi jeg mega skjóta því til hans, að það verður aldrei hægt að sanna, að kláði geti ekki verið í V.-Skaftafellssýslu. Hann ætti þó að vita, að samgöngum er þannig háttað, að fje Rangæinga og Skaftfellinga gengur saman að fjallabaki, og að þar er á hverju hausti dregið sundur. Jeg veit ekki, hvort hann hefir farið um þennan afrjett, en það hefi jeg gert og þekki því vel til þessa. Auk þess má gera ráð fyrir, að fje fari yfir Jökulsárbrúna, og úr því kláðinn er nú kominn undir Eyjafjöll, finst mjer síst að synja fyrir, að hann geti ekki þá og þegar borist í Mýrdalinn.

Að vísu teldi jeg það betur farið, að sem fæstir bændur yrðu píndir til þessara óskaplegu framkvæmda. En þó verð jeg að vera á móti brtt., vegna þess að jeg álít, að það geti orðið til enn meiri skaðsemdar, ef þvinga á þannig fram ýmsar undanþágur. Og því meir furða jeg mig á afstöðu hv. 1. þm. Rang., að hann skuli vilja undirskrifa þessa brtt. Hann heldur því að vísu fram, að engin kláði sje í Rangárvallasýslu og býst máske við því, að hún geti sloppið við böðin. Það er að vísu rjett, sem hann sagði, að það eru litlar samgöngur fjár milli Árnes- og Rangárvallasýslu, en þó nokkrar, og verða sýslubúar á hverju hausti að sækja fje hvorir til annara.

Jeg vona, þrátt fyrir alt, sem á undan er gengið, og jeg skírskota þar til skynsemi og varfærni hv. þdm., að þeir láti sig ekki það ódæma ó h a p p henda að samþykkja þetta mál. En fari svo, að það verði gert, þá hygg jeg, að það fari að verða þörf á því að setja í stjórnarfarsreglur vorar ákvæði um það, að þingmenn hafi ekki leyfi til að greiða atkvæði í þeim málum, sem þeir bera ekkert skyn á, og trygging sje fyrir því, að þeir hafi þó nokkra þekkingu á þeim málum, er þeir greiða atkvæði um.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki lengja umr. mikið.

Jeg hjelt satt að segja, að brtt. á þskj. 379 hefði lægt þær öldur, sem hafa risið hjer gegn frv. stjórnarinnar. En

það er síður en svo um hv. 2. þm. Árn. Um brtt. á þskj. 379 get jeg lýst yfir því, að jeg get gengið að þeim, enda þótt sjálfu frv. sje talsvert vikið við með þeim. En út af orðum hv. 2. þm. Árn. og annara vil jeg segja, að mjer finst ekki mjög mikill munur, eins og nú er komið, á frv. stjórnarinnar, með brtt. á þskj. 379, og frv. því, er hv. meiri hl. landbn. hefir borið fram. Það skyldi þá helst vera sá munur, að samkv. frv. nefndarinnar er stjórninni heimilt að láta fara fram útrýmingarböðun fyrir árið 1930, og því má í raun rjettri segja, að frv. meiri hl. nefndarinnar gangi lengra en brtt. á þskj. 379, því að þær mæla svo fyrir, að böðun megi ekki fara fram fyr en 1930. Í 8. gr. frv. þess, er meiri hl. landbn. ber fram, segir svo:

„Lítist atvinnumálaráðuneytinu, samkv. skýrslum þeim, er í 9. gr. getur, að fjárkláði sje að breiðast út, getur það fyrirskipað svo víðtæka kláðaböðun sem það telur ástæður til."

Eftir þessu ætti ráðuneytið að geta fyrirskipað kláðaböðun um land alt, ef því þykir ástæða til, og það getur orðið fyrir 1930. Gengur því frv. þetta lengra heldur en brtt. þær, sem bornar eru fram af háttv. samþm. mínum o. fl.

Hv. 2. þm. Árn. hjelt því fram, að hann vildi ekki láta atvinnumálaráðuneytið og Búnaðarfjelagið ráða því í sameiningu, hvenær útrýmingarböðun skuli fram fara. Þetta er undarlegt, þar sem svo er þó fyrir mælt í 8. gr. frv. þess, er hann stendur að, að atvinnumálaráðuneytið skuli eitt taka ákvörðun um þetta. Hann treystir því sýnilega stjórninni best, en hefir litla trú á áliti Búnaðarfjelags Íslands í þessum efnum.

Út af viðaukatill. á þskj. 380 vil jeg undirstrika það, að hún er ekki annað en heimild fyrir ráðuneytið, en að þá heimild er alls eigi skylt að nota. Ef hún yrði samþ., vil jeg benda á það, að jeg býst við því, að stjórnin, hvaða stjórn sem er, mundi fara eftir ráðum trúnaðarmanna sinna, í þessu tilfelli dýralækna. Jeg fæ ekki sjeð, að nein stjórn geti gert annað rjettara en að láta sjerfræðinga, hvern á sínu sviði, gera tillögur, og fari svo eftir þeim.

En viðvíkjandi þeirri kláðaskoðun, sem gert er ráð fyrir í till., þá álít jeg, að hún sje algerlega óframkvæmanleg, svo að örugt sje. Það getur oft staðið svo á, að þó nákvæm skoðun fari fram, þá sje ekki hægt að finna það, þó kindur sjeu smitaðar af kláða. Jeg skil þetta ákvæði svo, að ef fje er skoðað eins nákvæmlega og unt er og ekki verður kláða vart, þá skuli engin böðun fara fram. En þetta er viðsjárvert, því að eins og jeg drap á, þá er það alls eigi trygt, að kláði geti ekki leynst í fje, þótt hans verði ekki vart við skoðun.

Pjetur Þórðarson: Það er út af nokkrum ummælum við 2. umr. þessa máls, þar sem talað var um kláðaskýrslur þær, eða tvo dálitið mismunandi útdrætti úr þeim, er komu þá fram, að jeg vil gefa þá skýringu, að hvorugur þessi útdráttur gaf fulla skýringu á því, hvernig ástandið hefir verið þessi seinustu fimm ár. Jeg hefi tekið útdrætti þessa á tvennan hátt, annan líkt og búnaðarþingsnefndin gerði, en þó nokkuð öðruvísi, en hinn vil jeg leyfa mjer að lesa upp hjer:

Enginn kláði var
seinustu 5 árin í 104 hreppum
— 4 — - 118 —

seinustu 3 árin í 124 hreppum
— 2 — - 218 —
seinasta árið - 135 —
Auk þess var minkandi kláði
seinustu 5 árin í 18 hreppum
Viðvarandi kláði
seinustu 5 árin í 17 hreppum
Vaxandi kláði
seinustu 5 árin í 29 hreppum.

Þessi útdráttur sýnir það, að árlega fjölgar þeim hreppum, þar sem enginn kláði er. Og þetta sýnir það líka, að kláðinn fer minkandi með þeirri aðferð, sem nú er höfð, þrifaböðunum. En til þess að geta sýnt þetta nákvæmlega, hefði maður þurft að vita, hve margar kláðakindur voru á hverjum tíma í hverjum hreppi, en skýrslurnar eru nú svo úr garði gerðar, að ekki er hægt að sjá á þeim, hvort kláðakindum á landinu hefir fækkað, eða hve mikið. Í mörgum hreppum er þess þó getið, að kláðinn fari minkandi eða sje horfinn með öllu.

Jeg ætla ekki að fara að ræða málið alment, heldur vil jeg gera grein fyrir því, hvernig jeg mun greiða atkv. um þær brtt., sem fram eru komnar, því jeg tel engan efa á því, að menn muni vita, hvernig jeg greiði atkv. um frv. sjálft. Jeg er á annari skoðun en hv. meðnefndarmenn mínir um brtt. þessar, sjerstaklegt till. á þskj. 380. Jeg tel sjálfsagt, að hv. deild gangi inn á það, að samþ. hana. Jeg er líka á því, að samþ. beri brtt. á þskj. 379, en tel það þó ekki eins áríðandi. Till. á þskj. 380 er í samræmi við frv. sjálft og fellur því vel inn í það. Má ef til vill þar um segja, að „því vitlausara, því betra"!

Annars finst mjer, að hjer sje lagt mikið kapp á það, að styðja ekki bændur að því að útrýma kláðanum á þann hátt, sem þeim er geðfeldast og kostnaðarminst. Hjer eru það kaupstaðabúar, sem vilja ráða fyrir bændum í þessu efni og láta framkvæma útrýmingu kláðans á alt annan veg en bændur óska.

Jeg býst ekki við, að móti því verði spornað, að frv. nái fram að ganga, og skal því ekki orðlengja frekar um málið.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefði helst kosið að þurfa ekki að sinna þessu máli meir, og hafði því eigi ætlað mjer að taka til máls. En af því að mjer finst horfa óvænlega með allar ráðstafanir um kláðalækningar og að fulltryggilegt takmark náist ekki með frv. á þskj. 11, þá vil jeg gera seinustu tilraun til þess að koma málinu inn á þá braut, að ekki verði til óhappa stefnt.

Jeg hefi áður látið það í ljós, að jeg gæti aðhyllst frv. á þskj. 196, en það kannast jeg við, að sum ákvæði þess eru varasöm. Mjer virðist því eftir atvikum, að það færi best á því, er svona er komið, ekki beint að fella frv. á þskj. 11, heldur að víkja því til hliðar með rökstuddri dagskrá. Þá dagskrá hafði jeg að vísu ekki fullskráða, er hjer kom svo hastarlega að ræðulokum, að mjer vanst ekki tími til að fullgera hana. Samt skal þess freistað, áður en til atkv. kemur, og er þá um að ræða einskonar miðlun í málinu.

Um deilur þær, sem hjer hafa orðið, ætla jeg ekki að tala, en vil aðeins minna á það, er hv. þm. Mýr. tók fram, að á þessum tíma verður því eigi neitað, að kláðinn er í rjenun, vegna þrifabaðananna. Og þetta skiftir mestu máli. Ástæðan er því minni til þess að ráðast

í umfangsmiklar og hættulegar ráðstafanir til útrýmingar, er menn vita, að ekki er að vænta öllu frekari árangurs af en þrifaböðunum, sem vel eru ræktar.

Jeg leyfi mjer því að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Með því að fyrir deildinni liggur annað frv., sem fer í líka átt og það, sem nú er til umræðu, og heimilar stjórninni að undirbúa útrýmingu fjárkláðans, þykir ekki full ástæða til að samþykkja á þessu þingi lög um útrýmingu fjárkláða, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Skal jeg svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, en leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta dagskrána.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg vil bera þá ósk hjer fram í heyranda hljóði, er jeg hefi áður borið upp við hæstv. forseta, að mál þetta verði tekið út af dagskrá. Jeg hefi verið veikur og er alls ekki við því búinn að standa hjer í kappræðum. Jeg kom á fund, aðeins vegna þess að jeg hjelt, að lítlar umræður mundu verða um málið, en nú hefir teygst úr þeim og mun teygjast drjúgum enn, ef svo á að tala vítt og breitt um málið sem gert hefir verið.

Jeg endurtek því þá ósk mína, að málið verði tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 11, n. 219, 379, 380, 392).

Tryggvi Þórhallsson: Það er nú orðið svo langt síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, að jeg er búinn að gleyma því, sem jeg vildi sagt hafa. Og satt að segja eru nú orðnar svo miklar umræður um þetta mál, að ekki ætti að vera þörf á að bæta miklu við, enda munu nú allir hafa ráðið það við sig, hvernig þeir greiða atkvæði.

Mjer finst eftir þær brtt., sem við hötum borið fram á þskj. 379, svo langt vera gengið og lítið á milli bera, að fult samkomulag ætti að geta komist á. En það verð jeg að segja, að það væri þinginu til lítils sóma að afgreiða málið á þeim grundvelli, sem hv. landbn. leggur til. En aðallega tek jeg til máls vegna brtt. frá hv. þm. V.-Sk. (JK) og hv. 1. þm. Rang. (KlJ), um að undanþiggja Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar og Rangárvallasýslu frá böðun, af því að fullvíst sje, að þar sje enginn kláði. Hann hafi ekki verið í þessum sýslum og muni ekki koma þangað. Jeg get upplýst, að á prestsetrinu undir Eyjafjöllum, sem er austast í Rangárvallasýslu, voru tvær kláðakindur síðastliðið vor. Presturinn í Holti hafði fengið kynbótahrút norðan úr Þingeyjarsýslu, sem reyndist vera með kláða. Hrúturinn var drepinn til öryggis, en annar hrútur, sem með honum var, fekk óþrif á eftir. Þarna eru svo miklar samgöngur milli hjeraða, að engar líkur eru til, að nokkurt sýslufjelag gæti fengið að vera undanþegið útrýmingarböðun, og það kemur blátt áfram ekki til mála um Rangárvallasýslu. Undan Eyjafjöllum er fje rekið til slátrunar að Vík í Mýrdal. Ef kláði kemst undir Eyjafjöllin, kemur hann því einnig til Víkur. Jeg vildi aðeins benda á, að það er ekkert vit í slíkri undanlátssemi sem þessari ívilnun. Okkar tillögur eru á fullum rökum bygðar, og jeg vona, að samkomulag verði um afgreiðslu málsins á þeim grundvelli.

Jón Kjartansson: Hv. 1. þm. Rang. furðaði á því, að jeg skyldi ekki taka Rangárvallasýslu með í till. mína. En jeg þorði það ekki, vegna þess að jeg hefi heyrt, að kláði hafi fundist í sýslunni. Annars hefi jeg heyrt, og hygg að það muni rjett vera, að í þessari sýslu hafi ekki verið kláði. Hrúturinn í Holti undir Eyjafjöllum, sem hv. þm. Str. hefir verið að tala um, var fenginn norðan úr Þingeyjarsýslu, en beitilöndin þar, heiðarnar, eru mjög ólík mýrunum undir Eyjafjöllum, og þykir ekki ósennilegt, að hrúturinn hafi fengið óþrif aðeins af vosbúð. Það er líka óþarfi að ræða þetta hjer, því að hrúturinn var drepinn. Till. mín er heldur ekki annað en heimild handa atvrh. um að veita undanþágu þeim hjeruðum, þar sem aldrei hefir orðið vart kláða. Ef svo færi, að kláði fyndist undir Eyjafjöllum í ár eða næsta ár, mundi atvrh. að sjálfsögðu verða varkár um undanþágur. Upplýsingar hv. þm. Str. geta alls ekki mælt móti till. minni. Allir hljóta að sjá, hve hart það er, að skylda hjeruð til þrefaldrar böðunar, sem altaf hafa verið kláðalaus. Það var gert 1903, og ætti ekki að gerast aftur.

Jeg skal ekki minnast mikið á mótbárur hinna háttv. samherja minna, hv. þm. Barð., hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. Mýr. Það er ekki rjett, að jeg vilji fleyga málið, heldur vil jeg bjarga því, sem bjargað verður. Ef mín brtt. verður feld, hlýt jeg að verða móti málinu. Jeg mun greiða dagskránni atkvæði, en ef hún verður feld, vona jeg að mín till. verði samþykt, í því skyni að bjarga því, sem bjargað verður.

Klemens Jónsson: Það fór svo sem vænta mátti, að úr umræðunum teygðist svo í fyrradag, að þessi litla brtt. mín á þskj. 392 náði inn á fundinn á löglegan hátt. Hv. þm. Barð. ljet í ljós undrun sína yfir því, að afbrigði skyldu heimiluð vegna þessarar till. En er það nokkuð nýtt? Er ekki venjulegt að veita afbrigði, jafnvel þegar um meiri háttar tillögur er að ræða en þessa. Mjer er að vísu ekki gjarnt að bera fram tillögur, sem krefjast afbrigða frá þingsköpunum, og jeg get glatt hv. þm. (HK) með því, að jeg hefði alls ekki komið með þessa till., ef hv. þm. V.-Sk. hefði ekki verið kominn á undan með sína.

Það hefir verið fundið þessum till. til foráttu, að ekki væri víst, að kláðalaust væri í Rangárvallasýslu. Það hefir mikið verið talað um þessa kláðagemlinga í Holti, og jeg efa ekki, að hv. þm. Str. fari rjett með ummæli prestsins. En hv. samþingismaður minn (EJ) talaði við prestinn litlu síðar, og lýsti hann því yfir þá, að hann gæti ekkert fullyrt um það, hvort þarna hefði verið um kláða að ræða, því að hann hefði enga smásjá haft til að rannsaka það nánar. En helst áleit hann, að þessi óþrif hefðu stafað af vatni og vosbúð. Þetta skiftir nú raunar ekki miklu máli. Það er eins fyrir það alveg óhætt að samþykkja þessa tillögu, því áður en heimildin verður notuð, fer fram nákvæm skoðun á öllu fje. Ef svo færi, að kláði væri í Holti eða í sýslunni, mundi atvrh. að sjálfsögðu ekki nota þá heimild, sem hjer er farið fram á, og hefir hann þegar lýst því yfir, að hann mundi því aðeins nota hana, að vissa sje fyrir því, að sýslan sje kláðalaus. Það er því alveg óhætt að samþ. þessa brtt. mína.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. S.-M.

(SvÓ) samþ., að viðhöfðu nafnakalli, með 14 : 13 atkv. og sögðu

já: SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, JK, JÓl, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ.

nei: TrÞ, ÞórJ, ÁJ, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, JS, MG, MJ, SigurjJ, BSv.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

2. Húsmæðraskóli á Hallormsstað.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað. (A. 176).

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Það er af sjerstökum ástæðum, að jeg er of seinn með þetta frv. En þar sem hv. deild hefir sýnt þann velvilja að veita afbrigði, þá ætla jeg ekki að afsaka það frekar.

Það er ekki með öllu nýtt mál, sem hjer kemur fram, þó að það sje að vísu nýtt á Alþingi. Það mun hafa verið rjett fyrir eða um síðustu aldamót, að einn af málsmetandi mönnum þarna eystra hóf fyrst máls á stofnun húsmæðraskóla á Austurlandi. Þetta er sjálfsagt sumum hv. þdm. kunnugt; og það var þá eftir nokkur ár orðið svo fast í hugum manna að hrinda þessu máli í framkvæmd, að byrjað var á fjársöfnun í þessu skyni. Mátti segja, að fjársöfnunin gengi vel, þangað til í stríðsbyrjun 1914. Þá dofnaði yfir þessu máli og lá það niðri að kalla, þangað til 1920, eða öllu heldur 1921. En þá reis upp aftur hinn upphaflegi forgöngumaður þessa máls og skrifaði að minsta kosti tvær greinar í blað eystra og hvatti til þess, að hafist yrði handa á ný um þetta áhugamál hans og Austfirðinga yfirleitt. Það virtist þá strax glæðast aftur áhugi fyrir þessu máli, og hefir þó sjersaklega glæðst nú á síðastliðnu ári og orðið almennur. Er það aðallega að þakka forgöngu kvenfjelaga þar eystra og Búnaðarsambands Austurlands.

Eins og oftar hefir reynst í þessum málum, þá má búast við því, að þá fyrst sje málið komið á rjettan rekspöl, þegar kvenþjóðin hefir tekið það í hendur sínar. Við höfum ekki langa reynslu í þessu efni, en við höfum góða reynslu. Þess vegna hefi jeg orðið við áskorun allmargra Austfirðinga að flytja þetta frv. Jeg vil líka minna á eitt atriði, sem er rjett að komi fram strax, sem jeg veit, að hefir töluvert lyft undir þann áhuga, sem þetta mál hefir vakið nú á síðasta ári, að það er sjerstök kona, sem rjettilega er talin sjálfkjörin til að takast á hendur forstöðu slíks skóla. Hún er landskunn orðin, og því ekki þörf fyrir mig að lýsa hennar hæfileikum til þessa starfs. Það hygg jeg flestum hv. þdm. sje kunnugt. Nægir í þessu sambandi að benda hv. þdm. á fyrirlestur þann, er hún flutti á búnaðarfjelagsfundi á Eiðum á síðasta sumri, sem vitnar ótvírætt um hennar góðu hæfileika á þessu sviði. Fyrirlesturinn er prentaður í „Tímanum“. Jeg hygg, að það finni hver og einn, að það er ekk-

ert nýtísku prjál, sem andar á móti manni úr þessum fyrirlestri, heldur andar þar frjáls og hreinn blær íslenskrar sveitamenningar. Og það er einmitt slík menning, sem við höfum svo mikla þörf fyrir. Þessi kona er frú Sigrún Blöndal í Mjóanesi. Jeg veit fyrir víst, að það hefir eitt með öðru orðið til þess að vekja alvarlegan áhuga fyrir þessu máli, að menn sjá, hve mikilsvert það er fyrir slíkan skóla, að hann geti strax í byrjun fengið virkilega vel hæfa forstöðukonu, einmitt þessa konu, áður en aldur færist um of yfir hana. Jeg held því, að ganga megi að því vísu í þessu máli, að því verður áður langt líður, af hendi Austfirðinga, reynt að ráða til lykta á farsællegan hátt.

Jeg skal þá víkja örfáum orðum að frv. sjálfu. Skal jeg strax játa, að mig kann að bresta margt, sem til þess þarf að gera slíkt frv. frambærilegt. En jeg geri þó ráð fyrir, að gallarnir sjeu ekki meiri en það, að þeir verði lagaðir í meðferð málsins í þinginu. Það, sem jeg vil slá föstu, er það, að slíkur skóli sem þessi verði reistur á þann hátt, að hlutaðeigandi hjeruð legðu fram talsvert fje til skólabyggingarinnar. Í annan máta vildi jeg líka slá því föstu, að kröfurnar til þessa skóla verða að vera þær, að hann geti nokkurn veginn fullnægt þörfinni. Þess vegna er það, að jeg hefi í 2. gr. frv. ákveðið, að skólabyggingin skuli hafa kenslustofur, sem rúmi 40 nemendur, og að minsta kosti heimavist fyrir 30. Jeg býst við, að mönnum þyki þetta óþarflega stór bygging. En jeg er sannfærður um, að ef slíkur kvennaskóli á Austurlandi á að fullnægja þörfinni, má hann ekki vera minni en þetta. Hitt er annað mál, hvort það þykir alveg sjálfsagt að byggja alt í einu, þegar til framkvæmda kemur. Það er hugsanleg leið, að það mætti byggja minni byggingu, með því fyrirkomulagi, að auðvelt væri að auka svo við hana, að þetta takmark næðist. En mjer er það fullkomlega ljóst, að það er stórhættulegt fyrir svo stórar stofnanir, ef þeim er sniðinn svo þröngur stakkur strax í byrjun, að þær geti ekki náð tilgangi sínum fullkomlega. Læt jeg það því koma fram í frv. strax. En hitt finst mjer geta verið samningsatriði milli þeirra, sem kosta byggginguna, hvort hún yrði öll reist í einu eða ekki.

Jeg hefi nú skýrt tildrög þessa máls, og jeg hygg það þurfi ekki að skýra nauðsynina á slíkum skólum yfirleitt, og ekki síst á þessum stað; það ætti að vera öllum ljóst. Ef til vill kann ýmsum að þykja tímarnir ekki hentugir til þess að inna af hendi þau fjárframlög, sem slík stofnun hefir í för með sjer. En þess ber að gæta, að eins og frv. er borið fram, er ekki nein krafa um, að þetta sje gert að svo stöddu. Þá fyrst eiga lögin að komast í framkvæmd, þegar viðkomandi hjeruð eru viðbúin að leggja fram það, sem þeim er áskilið.

Jeg verð að segja, að mjer finst það ekki vera nema mjög smávægileg upphæð, þótt farið sje fram á að byggja slíkan skóla sem þennan og reka hann, í samanburði við þær fjárhæðir, sem við nú daglega verðum að ræða um og taka ákvarðanir um. Jeg get sagt það strax, að enn sem komið er hefi jeg ekki þær upplýsingar, sem til þess þarf, að segja neitt ákveðið um, hvað slík bygging kostar; en jeg hefi þó nokkra heimild fyrir því, að byggingin, með því fyrirkomulagi, sem jeg tala hjer

um, muni ekki kosta meira en 45—50 þús. kr., með þeim stíl, sem jeg geri ráð fyrir í frv.

Þegar við athugum það, að 50 þús. fara í stofnkostnað og 3—4 þús. síðan í rekstrarkostnað á hverju ári, og berum slíkt saman við þær fjárhæðir, sem við óumflýjanlega verðum að greiða á næstu árum, þá er varla hægt að láta sjer blöskra slíkt. Jeg held, að þegar um það er að ræða, að þroska hina uppvaxandi kynslóð, þá sje það ekki sparnaður, að halda í fje til slíkra stofnana og fyrirtækja. Jeg held það sje þvert á móti. Við vitum þó fyrir víst, að þörf er fyrir það, að búa þær konur undir lífið, sem eiga í framtíðinni að stjórna innanhúss og gegna öllum húsmóðurstörfum í þessu landi. Og leiðin til að útvega sjer þennan undirbúning liggur nú aðallega gegnum kaupstaðina. Jeg hygg, án þess nokkuð að lasta þá fræðslu, að hún sje tæplega þess eðlis, sem verður að telja nauðsynlegasta fyrir hverja sveitakonu. Jeg held sem sagt, að það sem við gerum einna óhagstæðast fyrir eftirkomendurna, sje að spara fje til alþýðuskólanna í sveitum.

Jeg ætla að láta hjer staðar numið. Jeg vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir. Jeg er svo heppinn, að þetta mál á hjer í hv. deild ýmsa góða vini, sem jeg veit, að vilja eitthvað fyrir það gera, og get því með fullu trausti til hv. þd. látið þessa ófullkomnu framsögu nægja.

Jónas Jónsson: Mjer þykir vænt um að sjá frv. frá hv. 1. þm. S.-M., ekki síst af því, að í fyrra var snúið sjer til mín um þetta mál, og jeg flutti þáltill. þess efnis, að skora á stjórnina að leita samninga við frú Sigrúnu Blöndal um það, hvort ekki gæti tekist samvinna milli hennar og ríkisins um húsmæðraskóla á Hallormsstað. Þessu var vel tekið í orði, en svo var áliðið orðið þings, að mentmn., eða form. hennar (IHB), tók málið aldrei fyrir. Jeg gerði mjer þó vonir um, að þetta hafi orðið til að kynna mönnum málið.

Jeg get í stuttu máli lýst yfir því, að mjer þykir aðalhugmynd þessa frv. góð, að fá skóla fyrir Austurland á Hallormsstað og þá ágætu konu til forstöðu, sem allir virðast vera sammála um, að eigi að hafa forstöðu þar. Jeg vil sjerstaklega taka það fram um Hallormsstað, að mjer urðu það mikil vonbrigði, að ekki var hægt að flytja þangað aðalskóla Austurlands, Eiðaskóla, þar sem þessi staður er nokkurskonar helgistaður allra Austfirðinga, nálega eins og Þingvellir eru helgistaður alls Íslands. Þetta er ekki aðeins metnaðarmál fyrir Austfirðinga, að hafa myndarlegt hús á þessum stað og að þar sje sem mest rausn á allan hátt, heldur má segja, að það sje líka heiður alls landsins, að þessi prýðilegi staður sje þannig hýstur og haldinn, að þar sje hægt að taka á móti þeim innlendu og útlendu gestum, sem þangað sækja, einkum á sumrin, á þann hátt, sem má verða fjórðungnum og landinu til sóma. Ennfremur geri jeg ráð fyrir, að einmitt þetta, að húsmæðraskólinn er rekinn sem einkafyrirtæki, verði sú heppilega lausn á málinu. Og þó að jeg styðji þetta mál í núverandi mynd, þá get jeg sagt eins og er, að jeg skoðaði það ekki neitt óhapp, þótt svo færi, að þessi skóli risi að nokkru leyti upp sem einkafyrirtæki, með stuðning frá ríkinu. En það er hlutur, sem ekki kemur til greina nú.

Jeg lýsi því að endingu yfir, að þetta er gott mál, og jeg treysti því, að það komist sem fyrst í framkvæmd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 176, n. 328 og 353).

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Fyrir hönd meiri hl. mentmn. skal jeg skýra þetta mál nánar en gert er á þskj. 328, og eins hitt, hvernig á því stendur, að nefndin hefir skilað 2 nál.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, eftir að hafa leitað álits dóms- og kirkjumálaráðherra, að það sje ekki tímabært að afgreiða þetta frv. nú, og ekki sje ráðlegt að stofna fleiri húsmæðraskóla en nú eru fyrir, áður en fast skipulag er fengið um skóla þessa. Vill meiri hl. nefndarinnar því vísa málinu til hæstv. stjórnar og ræður hv. þd. til að afgreiða það með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki húsmæðrafræðslumálið til rækilegrar yfirvegunar og leggi svo fljótt sem verða má fyrir Alþingi tillögur sínar um skipun þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

En áður en gengið er til atkvæða um málið, vil jeg fara nokkrum orðum um ágreiningsatriðin milli meiri hl. og minni hl. nefndarinnar.

Hv. minni hl. vill, að málið sje afgreitt á þessu þingi, en það vill meiri hl. ekki, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram á nál. hans á þskj. 323.

Jeg skal þá víkja að einstökum atriðum í nál. hv. minni hl. Hann telur stað þann, er skólanum er ætlaður, heppilegan vegna náttúrufegurðar og annara staðhátta. Það mun þó ekki meiningin, að þennan skóla skuli reisa á Hallormsstað, heldur á Ormsstöðum, sem er hjáleiga þeirrar jarðar. Hv. minni hl. drepur líka á þetta og segir, að á Ormsstöðum sjeu mjög góð skilyrði fyrir slíkan skóla. Þar megi verða mikil tún- og garðrækt, og þar sje mikill eldiviður við hendina. Jeg skal nú ekki fara nánar út í þetta, heldur skal jeg minnast á annað atriði í nál. hv. minni hl., þar sem segir, að konur hafi nú beðið nógu lengi eftir því, að geta átt kost á heppilegri húsmæðrafræðslu. Þetta álít jeg að sje þröngur hringur dreginn um sjermentun kvenna, því að jeg tel, að ekki sje einasta nauðsynlegt að auka mentun kvenna á því sviði, sem frv. ætlast til, heldur einnig á öðrum sviðum.

Hv. minni hl. telur það mæla með því að frv. sje afgreitt nú, að völ sje á forstöðukonu fyrir skólann, þar sem er frú Sigrún Blöndal. Jeg veit að vísu ekki til, að hún hafi aflað sjer nokkurrar sjermentunar í þessari grein. Hv. minni hl. tekur það fram, að mikið velti á því, hver forstöðukona skólans sje. Þar er jeg á sama máli.

Jeg álít nú, að þetta mál hafi fengið allgóðar undirtektir, þar sem telja má víst, að veittar muni verða á fjárlögum 1928 1500 kr. til þess að frú Sigrún Blöndal geti hafið þessa starfsemi, þótt í smáum stíl sje. Þetta sýnir fult traust á henni, og eins hitt, að Alþingi er því ekki mótfallið, að Austfirðingar fái

sinn húsmæðraskóla á sínum tíma. En jeg hygg, að ekki sje rjett að gera frekari framkvæmdir fyr en skipulag er komið á um húsmæðrafræðsluna yfirleitt.

Jeg vil líka taka það fram, að í nefndinni hreyfði jeg því, hvort ekki væri tiltækilegt, þá er húsmæðraskóli væri stofnaður á Austurlandi, að hafa hann. á Eiðum, þar sem fyrir er ríkisskóli. Og gegn þeirri hugmynd hafa ekki komið fram nein mótmæli. Jeg benti líka á það, að mjer sýndist Hallormsstaður síst betur fallinn til skólaseturs en Eiðar. Á Hallormsstað, þeim fagra og skógríka stað, ætti fremur að koma upp hressingarhæli fyrir þá, sem verið hafa hvort heldur er á heilsuhælum eða almennum sjúkrahúsum, en eru þó ekki svo veikir, að þeir þurfi að hafa þar lengri dvöl. Þetta segi jeg bara almennt um málið.

Að svo mæltu vil jeg leyfa mjer að mælast til þess, að hv. þd. samþ. hina rökstuddu dagskrá á þskj. 328.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það er rjett hjá hv. frsm. (IHB), að nefndin gat ekki orðið sammála um frv. Vill meiri hl. vísa því til stjórnarinnar, en ekkert kemur fram um það hjá hv. meiri hl., hvert það framtíðarskipulag er, sem hann hefir hugsað sjer á húsmæðrafræðslunni í landinu. Þó býst jeg við, að hv. frsm. muni hafa eitthvert skipulag í huga, og þá langar mig til þess, að fá að vita, hvað hv. frsm. hefir hugsað sjer, að hjer yrðu margir húsmæðraskólar, hve stórir og hvar þeir eigi að vera. Sumir vilja hafa bara tvo húsmæðraskóla, eins og bændaskólana.

Jeg vil ekki bera hv. meiri hl. neitt misjafnt á brýn, en það verð jeg að segja, að það voru kaldar viðtökur, sem frv. fekk hjá honum. Þetta er því einkennilegra, þar sem annar nefndarmanna er fulltrúi fyrir Seyðisfjörð, er njóta mundi mikils góðs af þessum skóla, og hitt er fulltrúi kvenna hjer á Alþingi.

Um skólastofnunina sjálfa er það að segja, að ekki verður vefengt, að Hallormsstaður er einn sá staður, er mönnum þykir mest til koma vegna náttúrufegurðar og Austfirðingum þykir vænt um. Þar er loft mjög hreint og heilnæmt, skógurinn fyllir fjallshlíðina, en Lagarfljót er fyrir neðan, og hinumegin við það blasir hinn fagri Fljótsdalur. Samgöngur eru góðar þangað, bæði með bát á fljótinu, og þegar brú er komin á Grímsá, vantar ekki nema litinn vegarkafla til þess, að akfær vegur sje frá Egilsstöðum að Hallormsstað. Það er að mínu viti mikill kostur, að skólinn verður ekki í þjóðbraut. Jeg held því, að hvort sem litið er á Hallormsstað sjálfan, afstöðu hans í sveitinni og fjórðungnum og samgöngurnar, þá held jeg, að ekki verði betur á kosið, enda virðist mikil ánægja meðal sýslubúa yfir staðnum. Jeg fekk nýlega skeyti frá Búnaðarsambandi Austurlands, þar sem það biður mig að útvega teikningar af skólanum, til þess að leggja það fyrir þingið, ef með þyrfti. En jeg vissi, að meiri hl. var á móti þessum skóla, og vildi jeg því ekki baka sambandinu kostnað að óþörfu. Að það sje of mikið fyrir Austfirði að fá skólann, getur ekki komið til mála, þar sem hjer er um tvær stórar sýslur að ræða, með mörgum kaupstöðum. Þegar litið er á tölu unglinga í báðum Múlasýslum, þá er stærð skólans ekki mikil,

þó að honum verði ætlað að geta tekið á móti 40 stúlkum. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa, að allur þorri kvenna geti fengið verklega mentun. Og þessi skóli mundi ekki hafa við að taka á móti stúlkum, sem vildu verða þar kenslu aðnjótandi. Þetta hlýtur hv. frsm. að vera vel kunnugt, þar sem árlega þarf að vísa frá hússtjórnardeild kvennaskólans hjer fjölda stúlkna.

Jeg hefi lagt áherslu á það, að hvernig sem skipulagi húsmæðrafræðslunnar verður háttað í framtíðinni, þá verður það með öllu óhugsandi, að ekki verði settur á stofn húsmæðraskóli á Austurlandi. Jeg vil í þessu sambandi benda hv. frsm. á, að þar sem hann hefir lagt áherslu á það, að gera kvennaskólann í Reykjavík að ríkisskóla, en þeir, sem hafa verið á móti því, hafa flutt fram þá mótbáru, að skólinn væri sjerskóli, þá getur hv. þm. ekki komið það á óvart, þó að við nú viljum standa við þetta í verki, að landið taki að sjer sjerskólana, og verða þannig við ósk hv. þm. (IHB).

Viðvíkjandi þeirri mótbáru hv. meiri hl., að betra hefði verið að hafa skólann á Eiðum, skal jeg taka það fram, að fyrst og fremst eru þar engin náttúruskilyrði, sem mæla með því. Þó að þarna hafi verið reist allstórt hús og sett í það miðstöð, þá er það víst, að skólinn hefði aldrei verið reistur frá byrjun á þeim stað. Það er enginn ánægður með þann stað. En þar sem búið var að reisa þarna steinhús, þótti ekki rjett að láta húsið ónotað. Nú hefir Eiðaskóli verið gerður að almennum unglingaskóla fyrir Austurland. Auk þess mundi það engan sparnað hafa í för með sjer, þó reist væri hús undir húsmæðraskóla á Eiðum, í stað þess að reisa það á Hallormsstað. Flutningskostnaðurinn yrði sá sami, og rekstrarkostnaðurinn yrði meiri á Eiðum. Á Hallormsstað þarf t. d. að grisja skóginn, og er þar því ótakmarkaður eldiviður rjett við húsið.

Hv. frsm. talaði um það, að það væri nær að hugsa um hressingarhæli á Austurlandi heldur en þennan skóla. Við höfum bæði verið með í því að undirbúa hressingarhæli í nánd við Reykjavík, en ennþá er það fyrirtæki ekki komið langt á stað. Þá hefir verið talað um hressingarhæli á Reykjum í Ölfusi, en jeg veit ekki til þess, að talað hafi verið um að setja á stofn hressingarhæli á Austurlandi, sem auðvitað væri mjög æskilegt að kæmist upp sem fyrst. En mjer er líka ant um, að hinir ungu og heilbrigðu fái hressingu, þegar þeir eru að byrja lífið, en jeg læt mjer ekki nægja, að þeir fái hressingu, þegar þeir hafa mist heilsuna. Það hefði ekki litla þýðingu fyrir heimilin á Austurlandi, ef um 40 ungar stúlkur væru á Hallormsstað á vorin, þegar allur gróður er að vakna aftur af vetrarsvefninum, og þær færu út í grænan skóginn og nytu fegurðarinnar um leið og þær teiguðu að sjer skógarilminn. Þau áhrif, sem þetta mundi hafa á þessar ungu stúlkur, má óhætt telja á tekjulið Hallormsstaðaskólans. Jeg er því í engum vafa um það, að stofna þennan skóla, og jeg get fullvissað hv. þdm. um það, að Austfirðingar yfirgefa ekki Hallormsstað sem skólasetur.

Hv. frsm. gekk fram hjá þeirri röksemd minni, að það er mjög mikils virði fyrir landið, að hafa góð húsakynni á stað eins og Hallormsstað.

Jeg tók eftir því í dag, að verið var að greiða atkv. í hv. Nd. um fjárstyrk

til ísl. hjúkrunarkvenna til þess að taka á móti erlendum stallsystrum sínum. Og í sumar var tekið á móti embættismannafjelagi Norðurlanda, og svo stendur til bráðlega, að þingmannafjelag Norðurlanda heimsæki okkur. Þá koma sagnfræðingarnir o. s. frv. Það er ómögulegt að segja, t. d. eftir tuttugu ár, hvernig alþjóðafjelagsskapurinn snertir okkur. Þá getur svo farið, að við þurfum nauðsynlega að hafa húsakynni á fögrum stöðum, til þess að geta tekið á móti 10—20 útlendingum í nokkra daga. Það, sem hrífur útlendinga mest hjer á landi, er ekki fundir í Iðnó eða í Bárunni, og þeir verða ekki hrifnir af bæjarfegurðinni hjer, en mörgum þeirra verður ógleymanleg fegurð íslenskrar náttúru. En til þess að þessir menn geti notið fegurðarinnar til fulls, þurfa húsakynni að vera sæmilega góð fyrir þessa menn, sem flestir eru góðu vanir í þeim efnum. Af sömu ástæðu er það æskilegt, að reisa skóla á Laugarvatni. Með þessu móti væri hægt að fullnægja bæði hinni ‚praktisku' þörf á góðum húsakynnum fyrir gesti landsins og framtíðarþörfinni um góðar mentastofnanir á þessum fögru stöðum, þar sem náttúran hrífur mest og best er að hafa þessar stofnanir. Jeg veit, að hv. frsm. er mjer sammála um þetta.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að mjer var það mikið gleðiefni, að hv. frsm. (IHB) viðurkendi það, sem jeg segi í nál. mínu, að ástæða sje til þess að hraða þessu máli, vegna þess að nú er völ á ágætlegri forstöðukonu. Er það óneitanlega mikill kostur. Á Akureyri hefir nú húsmæðraskólamálið sofið rólegum svefni síðan 1917, en nú síðustu dagana hafa verið gerðar tilraunir til þess hjer á þingi og norðurfrá, að hindra nábúann í því efni að koma upp sínum skóla. Að þetta mál hefir dregist svo fyrir Akureyrarkonum er af því, að þær hefir vantað forystukonu til þess að fylkja sjer um. En það er engin ástæða til þess að láta Austfirðinga gjalda þess, því að þeir hafa í þessu máli ágæta forystu.

Á fjárlögum nú er 1500 kr. styrkur til þess að byrja húsmæðraskólahald í Mjóanesi. Okkur er það ljóst, að enda þótt frv. þetta yrði samþ., þá mundi skólahúsið ekki reist í sumar. En þó vildum við, að skólinn gæti tekið til starfa í haust. Benedikt Blöndal og frú Sigrún hafa haldið uppi skóla í Mjóanesi, er hefir getað tekið um 10 nemendur, en sá skóli er ekki útbúinn sjerstaklega til húsmæðraskóla. En með styrknum til frú Sigrúnar ætti húsmæðraskólinn að geta verið í Mjóanesi í vetur, þó að þar sjeu að vísu lítil húsakynni, og sá vísir mundi þá halda þar áfram, þangað til hann yrði fluttur að Hallormsstað.

Þar sem hv. frsm. dró það í efa, að frú Sigrún væri viðbúin að taka við forstöðu þessa skóla og virðist mjer kenna þar óþarfrar gagnrýni frá hv. þm. (IHB) á getu þessarar konu — þá skal jeg taka það fram, að jeg geri ráð fyrir, að frú Sigrún hafi ekki sjerstaklega lagt stund á matreiðslu, en hinsvegar hefir hún stundað ítarlega margskonar kvenlega iðn. Og við skóla, sem ætti að hafa um 40 nemendur, yrði að vera fleiri en einn kennari, og þá mundu þeir kennarar vitanlega skifta með sjer verkum. En það sem mælir með frú Sigrúnu í þessa stöðu er það, að þó að hún sje ekki sjerfræðingur í öllum greinum hússtjórnar, þá er hún kona óvenjulega gáfuð og vel ment og hefir þá persónueiginleika,

sem nauðsynlegir eru þeim, er mannaforráð eiga að hafa.

Jeg lít svo á, að full ástæða sje til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, eða með lítilvægum brtt., er komið gætu fram við 3. umr. eða í hv. Nd. Allir þræðir þessa máls liggja þannig, að það er engin leið að stöðva það, þó að ef til vill verði hægt að tefja það í 1—2 ár. En jeg trúi því ekki, að hv. frsm. vilji vinna að því, að spilla þessu máli austfirskra kvenna.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Það hefir tekið hv. minni hl. (JJ) langan tíma að skýra afstöðu sína til þessa máls. Jeg býst við, að hv. 1. landsk. sje einnig kunnug afstaða mín til málsins, þar sem jeg er í meiri hl. mentmn. og hefi borið fram nál. meiri hl. ásamt samnefndarmanni okkar, hv. þm. Seyðf. Jeg stend við það, sem þar er sagt, og skal taka það fram að gefnu tilefni, að jeg hefi lagst á móti frv. af ráðnum hug án áeggjana nokkurra manna. Ekki af neinni hreppapólitík, heldur af landspólitík. Jeg hefi haft það fyrir reglu, að tala aðeins í þeim málum, sem jeg þykist bera skyn á, en öðrum ekki.

Hv. minni hl. (JJ) óskaði eftir því, að fá að vita, hvaða framtíðarskipulag vekti fyrir mjer. En um slíkt er ekki hjer að ræða, að meiri hl. ákveði skipulagið, þar sem gert er ráð fyrir því í nál. meiri hl., samanber hina rökstuddu dagskrá, að ríkisstjórnin taki húsmæðrafræðslumálið til rækilegrar yfirvegunar áður en ráðist verður í frekari framkvæmdir á aukinni húsmæðrafræðslu í landinu. Hv. 1. landsk. ætti að vera það kunnugt, að jeg er síst mótfallin því, sem orðið getur til þess að auka andlega og líkamlega mentun kvenna. Það er ekki hægt að spyrja okkur um það, hversu margir húsmæðraskólar verði stofnaðir. Hv. 1. landsk. sagði, að það mætti ekki vera minna en einn húsmæðraskóli í hverjum landsfjórðungi. Það er alveg rjett, en það verður að velja staðinn svo, að hann fullnægi sem best þörfum manna og að auðvelt sje að sækja hann og góð vaxtarskilyrði sjeu fyrir hendi.

Annars er mikil vöntun á því og stór skaði, að ekki skuli vera til stofnun hjer, þar sem konur geta lært nóg til þess að gerast kennarar í húsmæðrafræðslu. Alla slíka fræðslu verður að sækja til útlanda. Hv. frsm. minni hl. (JJ) sagði, að þetta frv. væri sniðið eftir frv. um eyfirska húsmæðraskólann. Það má vel vera, og hefi jeg í bili ekkert að athuga við þær námsgreinar, sem taldar eru upp í 4. gr. frv. og gert er ráð fyrir að kendar verði við skóla þessa. Þá sagði hv. 1. landsk., að það væri gleðilegt að sjá, hvernig ein framkvæmdin vekti aðra, og átti hann þar við, að eyfirskar konur hefðu sent ríkisstjórninni áskorun að veita fje, sem lofað var í heimildarlögum frá 1917. Mjer kom þessi áskorun engan veginn á óvart. Jeg hafði litið svo á, að málið væri engan veginn kulnað út, þótt það hafi um skeið orðið að lúta í lægra haldi fyrir öðru máli, sem eyfirskar konur studdu með dáð og dug, heilsuhælinu í Kristnesi. En það var kuldaleg og ónærgætnisleg tilgáta hjá hv. minni hl., er hann gat sjer þess til, að eyfirskar konur hefðu sent þessa umsókn af öfund við þingeyskar konur út af því, að þær fengju sjerstaka húsmæðradeild við skólann á Laugum. Jeg tók það fram, að jeg væri ánægð yfir fjárveitingu

þeirri sem hv. Nd. hefir veitt frú Sigrúnu Blöndal, til þess að gera byrjunartilraun í húsmæðrafræðslu á heimili sínu.

Jeg skil það vel, að Austfirðingum þyki vænt um Hallormsstað. Jeg hefi einu sinni komið þar, og fyrir mínum hugskotssjónum stendur hann sem einn hinn fegursti staður, sem jeg hefi komið á hjer á landi. En jeg efa, að samgöngur sjeu þar góðar, að minsta kosti fanst mjer vegurinn ekki góður yfirferðar, og reið jeg þó ágætum vekringum alla leiðina, og jeg hygg, að samgöngurnar hafi ekki verið mikið bættar síðan. Hv. 1. landsk. sagði, að kostir Hallormsstaðar væru svo miklir, að þeir bættu upp vegalengdina og erfiðleikana við aðdrætti. Þetta er frekar staðhæfing en staðreynd. Jeg dreg það ekki í efa, að Austfirðingar hafi tilnefnt Hallormsstað, vegna þess að þeir sjeu svo ánægðir með hann. En það þarf fleira en fegurðina eina til þess að gera staðinn heppilegan eða góðan í því falli, sem hjer um ræðir. Þá sagði hv. 1. landsk., að við, meiri hl., vildum svæfa málið. Því neita jeg. Við höfum sýnt, að við álítum það tímaspursmál, hvenær skólinn kæmist á stofn. Hitt eru getsakir hjá hv. þm.

Þá áleit hv. 1. landsk. það síst um of í lagt, að skólinn rúmaði 40 stúlkur. En eftir minni reynslu og þekkingu á þessum málum, þá leyfi jeg mjer að efa, að það þurfi rúm fyrir 40 nemendur á skóla þessum, ef að fjórir slíkir skólar komast upp í framtíðinni. Mjer skilst, að fyrir hv. 1. landsk. vaki það eitt, þegar rætt er um fræðslu kvenna, að gera þær hæfar til þess að gegna inniverkum, matreiða, þvo þvott o. fl. þvílíkt. En ef hv. þm. neitar því ekki, að konan hafi sál og gáfur, þá finst mjer þessi fræðsla vera nokkuð einhæf. Það verður að líta til fleiri hliða. — Þá komst hv. 1. landsk. inn á það, að tala um kvennaskólann í Reykjavík. Það er nú gamall kunningi hjer í deildinni, og jeg hefi enga tilhneigingu til þess að fara að rifja upp þær umræður, sem fram fóru um hann hjer 1925. Hv. þm. sagði, að mikið kapp hefði verið lagt á það, að gera þann skóla að ríkisskóla, en það hefði mistekist, vegna þess að hv. frsm. minni hl. (JJ) og samherjar hans hefðu neitað því, að kvennaskólinn væri sjerskóli. En það þýðir bara ekkert fyrir hv. þm. að neita því. Kvennaskólinn hjer er og verður sjerskóli. Þá sagði hv. þm., að lítið væri upp úr því leggjandi að hafa skólann á Eiðum. Þar væru gallar eins miklir, en ekki þeirri fegurð fyrir að fara, sem er á Hallormsstað. Jeg legg nú mikið upp úr allri fegurð, í hvaða mynd sem hún birtist, en jeg legg líka mikið upp úr hinu, að hægara er að styðja en reisa. Á Hallormsstað þyrfti að byggja alt að nýju, en á Eiðum tel jeg víst, að nægja mundi viðbótarbygging við það, sem er. Það mætti nota margt sameiginlega við báða skólana, og yrði því sparnaður á mörgum sviðum. Hv. þm. kann að kalla þetta fullyrðingu, en bak við þessa fullyrðingu liggur nokkur þekking, sem jeg hefi aflað mjer á þessu máli. Jeg hygg því, að skólanum mundi farnast fult svo vel á Eiðum sem á Hallormsstað, þótt staðurinn sje ekki eins fagur. Jeg drap á það, að mjer fyndist Hallormsstaður vel fallinn til hressingarhælis. Skólar eru nauðsynlegir, en hressingarhæli eru það ekki síður, og jeg vona, að þjóðin verði þess megnug, að reisa

fleiri en eitt hressingarhæli í framtíðinni.

Hv. þm. (JJ) mintist á það, hve mikla þýðingu það hefði, að góð húsakynni væru reist á fögrum stöðum upp til sveita, og í sambandi við það drap hann á, hve við værum illa staddir í þessum efnum, þegar útlenda gesti bæri að garði. Jeg vil nú síst allra tefja fyrir því, að góð húsakynni verði reist á landi hjer, svo myndarlega sje hægt að taka á móti góðum útlendum gestum. Hv. þm. sagði, að það væri ekkert hjer í borginni, sem hægt væri að sýna útlendingum. Það yrði að vera upp til sveita. Það má vel vera, að þetta sje svo. Þetta er nú bara alment skraf, en jeg verð að svara því, þegar skrafinu er beint til mín.

Hv. þm. láðist að geta þess, hvað sá sjóður væri stór, sem austfirskar konur rjeðu yfir í þessu skyni. Það væri fróðlegt að fá að heyra það. — Að nokkurt kapp sje lagt á að koma þessu máli þegar í framkvæmd, til þess að geta notið krafta þessarar góðkunnu konu, sem jeg fullkomlega treysti, er skiljanlegt. En það er ekki nóg ástæða til þess að flaustra málinu af. Jeg verð að leyfa mjer að draga í efa, að eyfirskar konur hafi engri hæfri forstöðukonu á að skipa fyrir sinn væntanlega húsmæðraskóla. Norðlendingar eru ekki það ver mentir en Austfirðingar, að þeir eigi enga færa konu, er geti tekið að sjer forstöðu slíks skóla, enda hefi jeg ekki heyrt þá mótbáru fyr.

Jeg vil að lokum undirstrika það, að jeg teldi það vel farið, að frú Sigrúnu Blöndal verði veittar 1500 kr. á fjárlögum, til þess að geta haldið áfram þeirri kenslu, sem hún að undanförnu hefir haldið uppi. Þar álít jeg, að starfskraftar hennar og þekking njóti sín fullkomlega.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að segja fleira um mál þetta að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til framh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., næsta dag, var framhaldið 2. umr. (A. 176, n. 328 og 353).

Ingvar Pálmason: Jeg hefi á þessu þingi flutt 3 frv., er öll snerta kjördæmi mitt. Þetta er hið síðasta þeirra, og varð það svo síðbúið, að liðinn var sá frestur, sem þingsköp heimila. En deildin sýndi þann velvilja að veita afbrigði frá þingsköpunum til þess það mætti koma fram. Jeg get verið hv. mentmn. þakklátur fyrir að hafa skilað áliti sínu um málið, en hinum nefndunum, sem hafa frv. mín til meðferðar, samgmn. og allshn., get jeg ekki tjáð þakkir, því að þær hafa engu áliti skilað. Hitt er annað mál, hvað ánægður jeg er með niðurstöðu hv. meiri hl. mentmn. í þessu máli.

Eins og þskj. 328 ber með sjer, leggur meiri hl. það til, að frv. verði vísað til stjórnarinnar, með þeim forsendum, að áður en meira verði aðhafst í húsmæðraskólamálinu, skuli það rannsakað og fenginn grundvöllur undir framtíðarskipulag þessarar mentagreinar. Í sjálfu sjer get jeg viðurkent, að þetta sje ekki ósanngjarnt, og jeg hefði ekki tekið þetta óstint upp fyrir hv. meiri hl., ef ræður hv. frsm. (IHB) hefðu ekki verið ein óslitin andmælakeðja gegn húsmæðraskóla á Hallormsstað. Mjer

fanst þetta skjóta nokkuð skökku við það, sem felst í nál. Það er ekki nema rjettmætt að rannsaka, hvernig skipa skuli þessum málum. En ef bak við það liggur, að húsmæðraskóli á Austurlandi sje óþarfur og að á Hallormsstað eigi hann alls ekki að vera, þá get jeg ekki orðið með. Hv. 1. landsk. óskaði eftir, að hv. frsm. meiri hl. (IHB) gerði einhverja grein fyrir því, hvernig meiri hl. hugsaði sjer, að húsmæðrakenslunni skyldi skipað í framtíðinni. Þessi spurning virðist rjettmæt, þar sem hún var borin upp fyrir þingmanni, sem hefir helgað kvennafræðslunni lífstarf sitt. En svarið varð á þá leið, að á þessu stigi málsins væri ekki hægt að verða við þessari ósk. Það var þó ekki nema sanngjarnt að ætlast til, að þessi fulltrúi kvennanna hefði einhverja fasta áætlun um þetta mál, enda þótt ekki væri víst, að þær áætlanir næðu fram að ganga.

Af því jeg þóttist geta dregið það út úr ræðu hv. frsm. (IHB), að hann væri mótfallinn húsmæðraskóla á Hallormsstað, og efamál, hvort rjett væri að hafa nokkurn húsmæðraskóla á Austurlandi í framtíðinni (**IHB:** Ekki rjett!) — vil jeg, til þess að staðfesta orð mín, athuga nokkur atriði úr ræðu hv. frsm. meiri hl. (IHB).

Eitt af því fyrsta, sem fram kom hjá hv. frsm., var það, að Hallormsstaður væri síst betur fallinn til þess að vera skólasetur heldur en Eiðar. Þetta endurtók hv. frsm. í báðum ræðum sínum. Jeg ætla ekki að fara út í deilur um þetta atriði hjer. Samanburður á þessum stöðum er óþarfur, og sá, sem kemur á þá báða, sjer strax, hvað mælir með hvorum. Á Eiðum er nú annar skóli fyrir, og það skyldi þá helst vera, að í sambandi við hann mætti benda á eitthvað, sem gerði það æskilegt að hafa húsmæðraskólann þar líka. Nú er nýlokið við húsbyggingu á Eiðum, og er það öllum ljóst, sem sjeð hafa þá byggingu, að um sambyggingu getur ekki verið að ræða, svo að sparnaður við sambyggingu getur víst ekki komið til greina. Að því er snertir innlent byggingarefni er svipuð aðstaða á báðum stöðunum, en um aðflutninga alla er miklu hægara á Hallormsstað. Bílfær braut er alla leið að Lagarfljóti, og síðan opin leið eftir fljótinu sjálfu. Að Eiðum er vegurinn nú sem stendur ekki fær, og eftir þeim viðtökum, sem frv. mitt um breyting á vegalögunum hefir fengið, er ekki útlit fyrir, að úr því verði bætt að svo stöddu.

Eitt af því, sem Hallormsstaður hefir fram yfir Eiða, er eldiviðurinn. Jeg skal ekki um það dæma, hvort nægur eldiviður fengist í Hallormsstaðaskógi, en það yrði a. m. k. stór liður í eldiviðarsparnaði að nota þann möguleika. En það, sem mest mælir með Hallormsstað, er það, að allir Austfirðingar eru sammála um, að þar eigi skólinn að vera, og jeg verð að gera þá kröfu fyrir þeirra hönd, að þeir fái þessu ráðið, ekki síst þar sem hjer er um uppáhaldsstað þeirra að ræða. Tilgangurinn með því að minna á Eiða, getur varla verið annar en sá, að vekja upp aftur gamla sundurlyndisdrauginn frá því að skólinn var bygður þar. En það er kunnugt, að um það var ekki óskiftur vilji. Aftur á móti er alveg óskiftur vilji um það, að hafa húsmæðraskólann á Hallormsstað.

Jeg hefi nú hrundið þeim staðhæfingum hv. frsm. meiri hl., að Hallormsstaður væri síst betri skólastaður en Eiðar. Þá mintist hv. frsm. á það, að Hallormsstaður væri til valinn staður

fyrir hressingarhæli. Hjer er nú ekki um neitt slíkt að ræða. Og jeg segi fyrir mig, að jeg vil heldur vinna að því, að hægt sje að ala upp hraust og heilbrigt fólk, heldur en að koma upp hælum til að taka við því, þegar það er orðið sjúkt af óhollum lifnaðarháttum. En það er eitt af aðalatriðunum í því sambandi, að gera húsmæðurnar færar um að annast vel um heimili og ala upp börn sín og annara. Annars kynni að verða þörf á hressingarhæli í hverri sveit. En jeg vil fá skólana fyrst. — Hv. frsm. sagði, að þetta væri tilfinningamál hjá ýmsum. Látum svo vera. Tilfinningarnar verða líka altaf að ráða nokkru, og að því er þetta mál snertir, þá dregur það ekki úr gildi Hallormsstaðar, þó að tilfinning manna stefni þangað.

Jeg tel rjett að láta þess getið, að mjer virtist kenna nokkurs vantrausts hjá hv. frsm. til konu þeirrar, sem Austfirðingar vænta, að taki við forstöðu þessa skóla. Að vísu sagðist hv. frsm. viðurkenna ágæti frú Sigrúnar, en hún hefði ekki neitt öðrum fremur til þess að geta tekið að sjer stjórn slíks skóla. Það er að vísu rjett, að frú Sigrún hefir ekki numið mikið á útlendum skólum, en hún hefir sýnt í verkum sínum og ritum, að hún ber fult skyn á þessa hluti, og hún hefir líka sýnt, að hún er fullfær til þess að annast kenslustörf. Það getur vel verið, að hún hafi ekki lært að búa til góða snúða eða útlendar súpur, en hún mun samt reynast flestum konum hæfari til að koma ull í fat og mjólk í mat. Jeg vildi ekki láta þessu áliti hv. frsm. meiri hl. ómótmælt, fyrst það kom fram, enda þótt það væri sagt með fremur vægum orðum.

Um það eru allir sammála á Austurlandi, að komi þar húsmæðraskóli, þá eigi hann að vera á Hallormsstað.

Þá taldi háttv. frsm. meiri hl. óþarfa, að hafa skólann eins stóran og gert er ráð fyrir í frv. mínu, að hann rúmaði 40 nemendur. Jeg skal játa, að jeg er enginn sjerfræðingur í þessum efnum, og á að því leyti óhægt með að verja þessa uppástungu mína. En háttv. frsm. meiri hl., sem alla sína æfi hefir starfað að fræðslu kvenna, ætti þó að minsta kosti að geta gert sjer einhverja hugmynd um, hve stór skóli þessi þurfi að vera, en það hefir hún ekki leitast við að gera, og engin rök hefir hún fært fyrir því, hvers vegna hún telji skólann of stóran, þó að hann rúmi 40 nemendur. Jeg vil nú leyfa mjer að benda á, að það er ekki svo lítið svæði, sem kemur til með að nota skóla þennan, þar sem eru Múlasýslurnar báðar. Auk þess má gera ráð fyrir, að hann verði sóttur úr Austur-Skaftafellssýslu og víðar. Í Múlasýslunum einum eru um 10 þús. íbúar, og hefir mjer talist svo til, að af þeim væru um 800 konur á aldrinum frá 15—25 ára, en það er einmitt sá aldur, sem námsmeyjarnar myndu flestar vera á. Koma þá á hvert námstímabil (2 ár) 160 stúlkur á þessum aldri. Og geri maður svo ennfremur ráð fyrir, að ¼ af þessum stúlkum sæki námið, þá get jeg ekki annað sjeð, en að tillögunni um, að skólinn rúmi 40 nemendur sje fullkomlega í hóf stilt.

Þá gat háttv. frsm. meiri hl. þess í ræðu sinni, að konur þyrftu að fá aðra og meiri mentun en húsmæðrafræðsluna. Þetta hjelt jeg að allir skildu, og því var óþarfi af háttv. frsm. að taka það fram. Það hefir víst engum dottið í hug, að allar austfirskar konur sæktu

skólann að Hallormsstað. Mjer finst því allur þessi efi háttv. frsm. meiri hl., vægast sagt vera skraf út í loftið, því að það verður ekki sjeð, á hverju hún byggir það, að skólinn á Hallormsstað verði of stór, þó að honum sje ætlað að rúma 40 nemendur. Hitt er annað mál, að vel er hugsanlegt, að byrja mætti með minna húsrúm, en þar fyrir þarf það ekki að vera nein fjarstæða, að takmarkið sje það, að skólinn nái þessari stærð.

Að síðustu spurði háttv. frsm. (IHB), hve stór kvennaskólasjóður Múlasýslnanna væri nú. Jeg skal fúslega svara þessari spurningu, enda þótt hún komi þessu máli ekkert við, því að í frv. er svo ákveðið, að skólinn skuli ekki byggður, fyr en nægilegt fje sje fyrir hendi. En svo jeg svari spurningunni, þá er sjóðurinn nú rúmlega 5 þús. kr., og er sennilegt, að honum aukist fje hröðum skrefum, því að Austfirðingar hafa mikinn áhuga fyrir þessu húsmæðraskólamáli. Peningar þessir eru í sparisjóðsbók í Íslandsbanka á Seyðisfirði. Jeg skal ekki segja um það með vissu, hvenær fært verður að ráðast í þessa byggingu eða hve langan tíma tekur að afla nægilegs fjár af hendi hjeraðanna. En mjer finst sanngjarnt, að þegar Austfirðingar geta lagt fram fje til byggingarinnar, að svo miklu leyti sem til er tekið í frv., þá megi þeir vænta stuðnings frá ríkissjóði. En hinsvegar skal jeg viðurkenna, að ákvörðun um rekstur skólans þarf að taka strax. Að neita Austfirðingum um þessa sanngjörnu kröfu, nær engri átt, enda þótt það væri, sem ekki er, að benda megi á einhvern stað á Austurlandi, sem að einhverju leyti væri betur fallinn til skólareksturs en Hallormsstaður.

Það gladdi mig að heyra, að háttv. frsm. meiri hl. taldi það gleðja sig, að nú væri kominn inn í fjárlög dálítill styrkur handa frú Sigrúnu Blöndal, til þess að halda uppi húsmæðrafræðslu í Mjóanesi. Þetta verður vitanlega í smáum stíl, en það er spor í áttina, þó örðugleikar sjeu miklir, einkum að því er húsrúm snertir.

Þó að mál þetta nái ekki samþykki þingsins nú, þá er jeg viss um, að ekki líður á löngu þangað til það verður vakið upp aftur, og þá borið fram til sigurs. Og þó að Austfirðingar sjeu aldrei nema olnbogabörn þings og stjórnar nú og hafi verið um nokkurt skeið, þá veit jeg það fyrir víst, að þetta mál verður ekki stöðvað til langframa.

Nenni jeg svo ekki að rökstyðja þetta frekar. Háttv. frsm. meiri hl. mun halda áfram að hamra á fjarstæðum sínum og meinlokum. En jeg býst við, að það hafi lítil áhrif á þá, sem á þetta mál líta með sanngirni og fullum skilningi.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Eins og kunnugt er, er liðin vika frá því að mál þetta var síðast til umræðu hjer í deildinni. En sem betur fer, er minni mitt ekki svo, að jeg muni ekki eftir mörgu, sem þá var sagt og svara þarf. Jeg skal eigi að síður ekki verða langorð, því að þess gerist ekki þörf, þar sem margt, sem háttv. flm. taldi mig hafa sagt, var gripið úr lausu lofti og því ekki svara vert.

Háttv. flm. fann mjer það mest til foráttu, að jeg hefði haft á móti Hallormsstað sem skólasetri. Slíkar aðfinslur læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, því að það er sannfæring mín, að margir aðrir staðir á Austurlandi sjeu betur fallnir til skólaseturs en Hallormsstaður.

Að jeg hafi sagt, að húsmæðraskóli á Austurlandi væri alveg óþarfur, eru bláber ósannindi og ekkert annað. Þykir mjer þó leitt að þurfa að lýsa nokkurn mann ósannindamann, en hjá því verður ekki komist nú. Jeg hefi skrifað þetta niður eftir þm.

Það getur engum manni dulist, að rjettasta leiðin með þetta mál er sú, að vísa því til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Það er sú leið, sem oftar ætti að fara með ýms mál, og hefði það verið gert meira en verið hefir með mörg hin illa hugsuðu mál, sem borin hafa verið fram í þinginu, þá hefði farið betur en farið hefir um sum þeirra.

Jeg fæ ekki sjeð, hvaða gagn það hefði gert á þessu stigi málsins, þó að jeg hefði komið fram með ákveðnar áætlanir um það, hvernig húsmæðrafræðslunni skyldi skipað í framtíðinni. Það er bara heimska að vera að fara fram á slíkt nú. Besta úrlausn þessa máls, eins og það er nú í garðinn búið, er að vísa því til stjórnarinnar til frekari athugunar.

Að sjálfsögðu skal jeg játa það, að svo framarlega sem húsmæðraskólarnir eiga að vera fjórir á landinu, þá á vitanlega einn að vera á Austurlandi. En eigi þeir ekki að vera nema tveir, þá getur altaf verið álitamál, í hvern landsfjórðunginn þeir eru settir.

Það er ekki í fyrsta sinn, sem því er haldið fram, að jeg sje á móti húsmæðrafræðslu í landinu. Þetta gerir mjer ekkert til. Jeg hefi nógu breitt bakið til þess að bera þær ásakanir. Reyslan ein hefir sýnt og mun sýna, á hve miklum rökum þær eru bygðar.

Að jeg hafi sagt, að Eiðar væru hentugri staður fyrir húsmæðraskóla en Hallormsstaður, skal jeg standa við. Jeg taldi Eiða betri að því leyti, að þar er unglingaskóli fyrir, og jeg býst við, að skólahúsið þar sje bygt eins og flest önnur hús, að byggja megi viðbótarbyggingu við einhverja hlið þess. Auk þess er betri akvegur þangað en að Hallormsstað, og því betra til aðdrátta.

Að allir Austfirðingar standi með því, að koma upp húsmæðraskóla á Hallormssað, verð jeg að leyfa mjer að draga í efa. Jeg býst við, að enginn geti sagt um það að svo vöxnu máli.

Þá er eldiviðarspursmálið. Um það áttum við háttv. flm. tal í gær. Hann taldi það mikil meðmæli með Hallormsstað sem skólasetri, að hægt væri að fá eldsneyti úr skóginum til upphitunar. Þar get jeg ekki verið á sama máli, því eftir því sem jeg til þekki, þá er Hallormsstaðaskógur ekki svo stór, að heggva megi hann ótakmarkað í framtíðinni. Annars býst jeg við, að á væntanlegum skóla verði notuð nýtísku eldfæri, og því að mestu leyti brent kolum, viður aðeins notaður til uppkveikju.

Þó að jeg hafi minst á Hallormsstað í sambandi við hressingarhæli, þá fæ jeg ekki sjeð, að rjett sje að nota slíkt til ófrægðar mjer. Jeg tel nauðsynlegt, að þjóðin eignist hressingarhæli, því að þótt nauðsynlegt sje að menta unga fólkið, þá kemur það, því miður, ekki ósjaldan fyrir, að bæði þeir, er nám stunda, og margir aðrir, missa heilsu sína og þurfa að sækja sjúkrahús, og er þá engu síður áríðandi að hjálpa þeim til heilsu aftur, en hressingarhælin eru ekki óverulegur liður í því starfi. Fjöldi sjúklinga, sem koma

af sjúkrahúsum eða heilsuhælunum, eiga ekki svo góðum heimilum að að hverfa, að telja megi þeim þar borgið. Fyrir slíka menn eru hressingarhæli gerð.

Að í ræðu minni hafi kent vantrausts á konu þeirri, sem Austfirðingar hafa sjerstaklega augastað á til þess að veita hinum umræddu húsmæðraskóla forstöðu, verð jeg fullkomlega að mótmæla. Jeg hefi þvert á móti viðurkent, að hún hefði marga þá kosti til að bera, sem konur þurfa að vera búnar til þess að veita slíkum skóla forstöðu. Það eina, sem jeg hefi sagt, er, að hún hafi ekki sjerstaklega kynt sjer það, sem að húsmæðrafræðslu lýtur.

Það er rjett, að jeg álít skólann of stóran, og reynsla mín um 21 árs bil sýnir þetta og sannar, að skólinn er of stór, miðað við þarfir Austfjarða. Hv. flm. taldi upp, hve margar stúlkur frá 15—25 ára aldri væru í Austfirðingafjórðungi, og hann gerði ráð fyrir því, að ¼ hluti þeirra mundu sækja skólann. Þetta eru nú ekkert annað en tölur, tölur — ósannaðar tölur. Enginn heilvita maður leggur til, að neinn fari að stunda sjernám, sá, er ekki er eldri en 15 ára. Hver nemandi á húsmæðraskóla þarf að minsta kosti að vera 17—18 ára og hafa áður numið öll hin algengustu húsverk og matreiðslu, ef hann á að hafa full not af skólavistinni. Þetta er álit manna í öllum löndum, þar sem jeg þekki til og hefi kynst, og hv. flm. getur spurst fyrir um það, hvort þetta sje ekki rjett. Hliðstæðir skólar þessum setja aldurstakmarkið 18 ár, þó að einstöku undantekningar sjeu gerðar með 17 ára gamlar stúlkur. Hjer er ekki verið að ræða um neitt kák, heldur vinnubrögð fyrir þroskaða nemendur.

Hv. flm. sagði, að jeg hefði getið þess, að konan hefði sál. Jú, það er rjett, jeg sagði það, en jeg ætla ekki að fara að rökstyðja það neitt. En það tel jeg gott, að áhugi er vaknaður hjá mörgum þingmönnum og öðrum fyrir því, að bæta aðstöðu kvenna og auka sjermentun þeirra; en þó þetta sje gott, þá held jeg því fram, að ekki dugi að einblína á sjermentunina eina. Nútíminn heimtar meira af konunum, og þær vilja fá tækifæri til þess að búa sig undir störf á sem flestum sviðum.

Jeg er viss um, að margar af þeim konum, sem hv. flm. telur, að sækja muni þennan fyrirhugaða húsmæðraskóla, mundu sækja aðra skóla, verslunarskóla, kvennaskóla, kennaraskóla og jafnvel búnaðarskóla. Jeg hefi heyrt, að ein kona hafi sótt um inntöku í búnaðarskóla.

Jeg spurði hv. flm. um það, hvað skólasjóðurinn væri stór og fjekk um það upplýsingar hjá honum. Jeg tel enga von til þess, að sjóðurinn sje stærri en þetta, því að það er skamt síðan austfirskar konur fóru að safna fje til hans. Af þeirri ástæðu er og enn meiri hvöt til þess fyrir okkur að fresta málinu. Jeg vil hjer í þessu sambandi taka það fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að jeg er því á engan hátt mótfallin, að austfirskar konur fái sinn sjerstaka húsmæðraskóla. Kynni mín af þeim eru jafngömul og starf mitt við þann skóla, er jeg nú veiti forstöðu, eða síðan 1894, og úr Austfirðingafjórðungi eru og hafa verið margar ágætar og jafnvel bestu námsmeyjar mínar. Jeg trúi því sem sagt ekki, að þær muni

halda, að jeg sje að leggjast á móti þeim. En jeg vona, að þeim safnist svo fje, að ekki verði fjárskortur því til fyrirstöðu, að skólinn verði reistur, þegar nægur undirbúningur er fenginn.

Það er rjett, að ferðir til og frá Reykjavík eru dýrar. En þó skóli komist upp á Hallormsstað, þá er spurningin sú, hvort nemendur sækja ekki út og suður, austur og vestur, eins fyrir því. Það er nú einu sinni svo, að menn vilja hafa frjálsræði og kanna ókunna stigu.

Jeg hefi viljað leggja frú Sigrúnu Blöndal fje úr ríkissjóði til húsmæðrafræðslu, í stað þeirrar kenslu, er hún hefir undanfarin ár haldið uppi í Mjóanesi. Með þeirri tilraun fæst nokkur reynsla fyrir því, hve stór skólinn þyrfti að vera. Jeg álít, að það verði affarasælast, hjer eins og víðar, að byrja í smáum stíl, en auka síðan kensluna eftir þörfum.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg átti ósvarað nokkrum atriðum úr ræðu hv. frsm. (IHB), er umr. var slitið síðast.

Viðvíkjandi till. hv. meiri hl. um að vísa málinu frá, og fá fyrst heildartillögur um húsmæðrafræðsluna í landinu, þá hygg jeg, að það sje of snemt og ekki heppilegt. Það má öllum vera ljóst, að án þess að stjórnin sje löstuð — og á jeg þar ekki beinlínis við þessa hæstv. stjórn — að hún er ekki fær um að gera þetta. Það er ekki kunnugt, að í stjórnarráðinu sje neinn maður, sem hafi fengist við uppeldismál, því síður, að þeir hafi vit á þeim eða hafi kynt sjer þau. Stjórnin yrði því að fá menn út um bæ sjer til aðstoðar, og er það ekki útilokað. En það er þó engin trygging fyrir því, að þær ráðleggingar, er hún fær, sjeu heppilegar. Miklu væri nær að láta kvenfjelögin gera tillögur um þetta, því að þau munu frekast hafa skilning á því, hvar skórinn kreppir að. (**IHB:** Samanber: margir kokkar brenna grautinn við). — Ef hv. frsm. finst, að jeg hafi gert kvenþjóðinni of hátt undir höfði, þá bið jeg fyrirgefningar á því. Samt treysti jeg nú kvenþjóðinni betur en stjórninni í þessu máli. En síðan jeg fór að skifta mjer af þessum málum hjer á þingi, hefir mjer stundum fundist skorta mjög skilning á þeim, og hv. 2. landsk. væri ekki eins harðsnúin fyrir hönd kvenþjóðarinnar og búast hefði mátt við.

Það er of snemt að gera heildarlög um húsmæðrafræðsluna í landinu. Nú er kominn fram á ýmsum stöðum náttúrlegur gróður í þessu efni í hinum ýmsu hjeruðum. Og jeg vil benda hv. frsm. (IHB) á, hvort ekki sjeu miklar líkur til þess, að gróður sá, er þannig vex upp víðsvegar um land, muni hollari fyrir konur, heldur en fyrirfram tilbúið skipulag ókunnugra skrifstofumanna í Reykjavík.

Staðarfellsskólinn er nú að byrja, og hann á að geta orðið ódýr í rekstri, er fram í sækir; hann ætti að geta starfað með 4000 króna styrk og haft 12—14 nemendur. Þetta kalla jeg ódýrt, þegar það er borið saman við Reykjavíkurskólana, að jeg ekki tali um háskólann, þar sem hver lærisveinn kostar landið stundum þúsundir króna.

Um Blönduósskólann er líkt að segja. Honum hefir verið breytt mikið á seinni árum. Skólanefndin hefir látið stækka og endurbæta húsið, og nú held jeg að komin sje miðstöð í það. Þessi skóli er að komast í ágætt horf. Hann vantar ekki neitt nema samgöngur. Jeg

heyri sagt, að stúlkur þar verði nú að bíða mánaðartíma að loknu prófi til þess að komast þaðan. Skýt jeg þessu til þeirra, sem eru á móti auknum strandferðum, og spyr þá, hvort það sje sæmilegt, að láta Blönduós hafa svo slæmar samgöngur á sjó.

Ef við höldum nú lengra austur á bóginn, þá hafa nokkrar eyfirskar konur hugsað sjer að fá lítinn styrk til þess að halda uppi kenslu í garðyrkju og hússtjórn o. fl. fyrir 6—7 stúlkur. Svo er deildin við Laugaskólann, er jeg tel að sleppi ódýrt með 11 þús. kr. stofnkostnaði. Rekstrarkostnaður verður þar minni heldur en á Staðarfelli, vegna heita vatnsins.

Nú vil jeg spyrja hv. frsm. (IHB), hvaða líkur sjeu til þess, að stjórnarráðið eða Hafnarmentaðar embættismannakonur í Reykjavík, er lítið eða ekkert þekkja til út um land, muni geta metið þessa þróun og hvað best er fyrir fólkið út um land og rekstur skólanna. Það er ekki lítill kostnaður fyrir stúlkur norðan af Langanesi að sækja 4 mánaða námskeið í hússtjórnarfræði hingað til Reykjavíkur. En jeg gæti vel trúað því, að þeir, sem stjórnin — og á jeg þar ekki beint við núverandi stjórn — leitaði ráða til, mundi koma með svo fjarstæðar tillögur í málinu, að fólk vildi hvorki heyra þær nje sjá.

Hv. frsm. þótti það ekki hlýlega mælt hjá mjer til kvenna á Akureyri, út af skeyti þeirra, að jeg gat þess til, að öfund hefði knúið þær áfram, en ekki áhugi. En því hafa þær þá sofið andvaralaust síðan 1917. (**IHB:** Þær hafa unnið að öðru!). Þótt konur á Akureyri hafi gert mikið fyrir spítalamálið, þá væri það þó skamt komið nú, ef þær hefðu eigi notið annara að. Eitt fjelag á Akureyri, kaupfjelagið, gaf t. d. 10 þús. kr. til hælisins og ungmennafjelagið gaf eitthvað talsvert líka. Og það mun fyrst hafa komið skriður á það mál, er karlmenn fóru að skifta sjer af því. Það er að minsta kosti víst, að til er stór kvennaskólasjóður og gamalt loforð frá sýslunefnd Eyfirðinga um að leggja fram fje til þess skóla. En konurnar gátu ekki komið sjer saman, en niðurstaðan varð sú, að kaupstaðarkonurnar höfðu sitt fram. En svo settust þær á málið, þangað til nú við 2. umr. fjárlaganna, þegar gert er ráð fyrir því, að nábúahjeraðið fái styrk til húsmæðraskóla — þá vakna þessar góðu konur og fá þm. sinn (BL) til þess að bera fram till. um að fá fje til skólans, en með þeim hætti, að það dræpi þróun samskonar máls í nábúahjeraðinu. Jeg sje ekki betur en að þessi tilraun verðskuldi enga samúð eða virðingu, heldur hið gagnstæða. Það væri ekki kominn sá skriður á þessi mál annarsstaðar á landinu, ef karlmennirnir hefðu litið til þeirra öðrum eins öfundar- og illgirnisaugum eins og þessar konur á Akureyri, eftir framkomu fulltrúa þeirra að dæma í húsmæðrafræðslumáli S.-Þingeyinga. Og jeg spái því, að ef á að sækja húsmæðrafræðslumálið eins og það er sótt af hv. þm. Ak. (BL), þá geti liðið mörg ár þangað til viðunandi skipulag er fengið.

Því, sem hv. frsm. (IHB) sagði um frú Sigrúnu Blöndal, hefir hv. 2. þm. S.-M. svarað, og eins samanburðinum á þeim tveim stöðum, sem tilnefndir hafa verið, Eiðum og Hallormsstað. En það er skiljanlegt, að hv. frsm. (IHB) sýni þá vanþekkingu, að vilja halda Eiðum fram, því að hún hefir víst ekki komið þangað og sjeð húsin þar. En

það er nú svo, að ekki er hægt að byggja hús á Eiðum nema að spilla þar stórum núverandi skólahúsi með því að byggja fyrir sólarhlið þess. En óþarfi virðist það í sveitinni, að vera að spara sólskinið vegna landþrengsla. Þegar húsameistari ríkisins var að ráðgera hina nýju byggingu, vildi hann hafa hana lausa við hitt húsið, en vegna þess að alt þurfti að spara sem mest, varð það úr, að bygt var við endann á gamla húsinu — og því snýr öll byggingin þar öfugt, eins og Jón hrak. Mig langar því ekki til, að þarna sje bygt þriðja húsið við, í trássi við sólskinið.

Ingvar Pálmason: Vegna þess að nú fer að líða að andláti hv. frsm. (IHB), skal jeg ekki fara hörðum orðum um ræðu hans, en verð þó að svara nokkru.

Hv. frsm. byrjaði á því að staðhæfa, að rök mín væru úr lausu lofti gripin. Það var nú bara einn galli á þessu, og hann nokkuð stór, að hv. frsm. gat ekki fært nein rök fyrir þessu. Jeg lít því svo á, að mín rök standi óhögguð og get síðar sýnt fram á, að svo er.

Hv. þm. (IHB) sagði, að jeg hefði borið sjer það á brýn við fyrri umr., að þm. hefði sagt, að skóli þessi væri óþarfur. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Jeg sagði, að hann hefði sagt, að skólinn væri óþarflega stór. Þá sagði hv. þm., að það væri eins og hver önnur heimska, að ætlast til þess, að hann kæmi fram með ákveðnar till. í þessu skólamáli. En hvar á að fá fróðleik um slík skólamál og þessi hjer á hv. Alþingi, ef ekki hjá hv. 2. landsk. Hann sagðist hafa stjórnað kvennaskólanum í Reykjavík í 21 ár. Mjer vitanlega er ekki víða um meiri reynslu í þessum efnum að ræða hjer á landi. Jeg get því ekki sjeð, að það lýsi neinni heimsku hjá mjer, þó að jeg hafi það álit, að hv. þm. (IHB) geti lagt betra til þessara mála en við hinir, sem aldrei höfum fengist neitt við kvennafræðslu. Jeg get heldur ekki sjeð, að í frv. sje aðeins gert ráð fyrir tveim húsmæðraskólum á landinu; frv. segir ekkert um það. Þá mintist hv. þm. á skólasetrið á Eiðum, og var ekki sannfærður um, að ekki mætti spara fje með því að byggja við skólann þar handa þessum skóla. Hv. 1. landsk. hefir svarað þessu, og hefi jeg engu þar við að bæta. Það væri máske hægt að koma þar upp skúr, við annan enda skólahússins, en jeg held það yrði hvorki fögur eða vegleg bygging, þó hv. 2. landsk. (IHB) kynni að þykja það hæfilegt hæli fyrir húsmæðraskóla.

Þá sagði hv. þm. (IHB), að það væri ein af mínum vanalegu fullyrðingum, er jeg sagði, að allir Austfirðingar væru því samþykkir að hafa skólann á Hallormsstað. En hv. þm. getur ekki sannað hið gagnstæða.

Þá mintist hv. þm. á Hallormsstaðaskóg í sambandi við eldiviðinn, sem skólinn mundi geta fengið úr skóginum, og sagði, að það yrði að vera sett trygging fyrir því, að skóginum yrði ekki eytt. En jeg vil spyrja hv. þm., hvort hann hefir nokkra hugmynd um, hve marga hestburði af eldivið er hægt að fá úr skóginum árlega með hæfilegri grisjun.

Hv. þm. játar, að Eiðar hafi ekki verið vel valið skólasetur, þegar þeir voru teknir undir alþýðuskólann. En nú eru þeir orðnir nógu góðir, þegar um húsmæðraskóla er að ræða. Hvaða samræmi er í þessu hjá hv. þm.?

Þá talaði hv. þm. um hressingarhæli í þessu sambandi. Jeg skal fúslega við-

urkenna það, að hv. þm. hefir sýnt mjög lofsverðan áhuga í því máli, en hann á að geta haft áhuga á fleiru. Jeg ætla mjer á engan hátt að draga úr virðingarverðri starfsemi hv. þm. um það, að stofna hressingarhæli fyrir veiklað fólk. En jeg vildi aðeins benda honum á, að það er fleira, sem nauðsynlegt er að gera á þessu landi.

Þá vildi hv. þm. ekki kannast við, að hann hefði dregið úr hæfileikum frú Sigrúnar til þess að veita húsmæðraskólanum forstöðu, en sagði þó um leið, að hana vantaði sjermentun í þessu efni. Jeg hefi ekki haldið öðru fram um þetta. En þó að frú Sigrún hafi ekki fengið mentun í neinum sjerskóla, þá hefir hún fengið hana í skóla lífsins og sýnt hæfileika sína í verki, svo eigi verður með rökum móti mælt.

Þá talaði hv. þm. um stærð skólans; kvað hann of stóran og bar fyrir sig reynslu sína í þeim efnum. Það er auðvitað, að hv. þm. stendur vel að vígi um þetta atriði, vegna reynslu sinnar sem forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík. En hv. þm. láðist að geta þess, hve mörgum er frá vísað árlega af þeim stúlkum, sem sækja um inntöku í hússtjórnardeild kvennaskólans. Jeg hygg, að þær sjeu ekki fáar. En auk þess eru það margar, sem ekki láta sjer detta í hug að sækja um inntöku, af því að þær vita, að þar er yfirhlaðið.

Þá kom hv. þm. að tölum, sem jeg nefndi í þessu sambandi, og sýndu ummæli hans, að honum var annað betur lagið en að fást við tölur. Hv. þm. dró í efa, að tölur mínar væru rjettar. En jeg vil aðeins benda honum á það, að Hagtíðindin sýna, að þær eru ekki fjarri sanni. Það stendur enn ómótmælt, að fjöldi kvenna í Múlasýslum er mjög nærri því, sem jeg sagði að hann væri, og síst minni.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði tekið rangan aldur, 15—20 ára, og sagði, að það væri of ungt. Það má vel vera, að það sje rjett. En jeg vil aðeins biðja hv. þm. að glíma betur við tölurnar en hann gerir. Hann tók t. d. aldurinn frá 18—27 ára. En sannleikurin er sá, að þó tekinn sje sá aldur, kemur fram hjer um bil sama tala og sú, er jeg nefndi. Munurinn er því enginn, þó að aldurstakmarkið sje fært úr 15 og upp í 18 ár.

Jeg þykist hafa fært þau rök fyrir máli mínu, að erfitt verði fyrir hv. þm. (IHB), sem kominn er að andláti í þessu máli, að hrekja það í athugasemd þeirri, sem hann á eftir. Hv. þm. sagði, að það væri ánægjulegt, að vaknaður væri með þingmönnum áhugi á sjermentun kvenna. Já, það er svo. En því sorglegra er það, að sá hv. þm. (IHB), sem best skilyrði hefir til þess allra hv. þm. að koma fram með viturlegar till. í þessu máli, skuli kalla það heimsku hjá mjer, að jeg ætlast til, að hann komi okkur karlmönnunum til stuðnings og hjálpar með sínar gagnhugsuðu skipulagstillögur í málinu. Jeg játa það, að hv. þm. hafa oft sýnt tómlæti í þessum málum. En því verra er það, að viðtökurnar skuli ekki vera betri en hjá hv. þm. (IHB), þegar við loksins r u m s k u m s t og viljum fyrir alvöru fara að vinna fyrir málið.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Það hefir verið spáð hjer ‚andláti' mínu, en jeg læt mjer það í ljettu rúmi liggja. Jeg vildi þá fyrst svara hv. 1. landsk. nokkrum orðum. Hv. þm. tók

það fram í ræðu sinni, að það væri ekki mikið, sem okkur greindi á í þessu máli, og hið sama tók jeg einnig fram í 1. ræðu minni um daginn. Hinsvegar taldi hv. þm. það málinu til óþurftar, að vísa því frá nú, til þess að fá heildartill. um málið. Jeg get slegið tvær flugur í einu höggi og svarað hv. 1. landsk. (JJ) og hv. flm. (IP) í einu viðvíkjandi tilmælum þeirra um, að jeg komi með ákveðnar till. í þessu máli. Jeg get þá sagt þeim, að það er tæplega hægt að heimta það af mjer, að jeg komi hjer fram með ákveðnar till., þar sem jeg hefi lagt það til, að mál þetta alt verði rannsakað af hæstv. stjórn og það lagt fyrir næsta þing. Hitt væri aðeins kák, til þess eins, að láta lesa það í þingtíðindunum. Annars bíð jeg rólega dóms í þessu máli. Jeg get kannast við það, að hæstv. stjórn hafi ekki sjerfræðiþekkingu í þessum málum, en jeg álít, að stjórnin, ef hún skoðar sig ekki færa til þess að rannsaka málið sjálf, þá leiti hún til sjerfræðinga í því efni. Jeg dreg það fullkomlega í efa, að kvenfjelögin sjeu bestu ráðunautarnir um þessi mál, því að enda þótt margar konur innan fjelaganna beri á þau gott skyn, þá hygg jeg samt betra að leita til einnar eða fleiri kvenna, sem hafa sjerstaka þekkingu og reynslu í þessu efni. — Hv. 1. landsk. mintist á þann gróður, sem væri að lifna hjá þjóðinni í mentunarlegu tilliti. Þetta er alveg rjett. Og jeg álít, að sá besti arfur, sem mönnum er látinn í tje, sje góð mentun. En jeg hygg, að það ætti ekki að draga úr þessum gróðri, að vísa þessu máli til betri undirbúnings. Jeg álít, að það sje sú leiðin, sem heppilegust sje til þess að ráða máli þessu skynsamlega til lykta.

Hv. 1. landsk. sagðist geta játað þá skoðun mína rjetta, að skólinn á Hallormsstað væri of stór. Það er gott. Jeg álít, að rjettara væri að byrja smærra og færa smám saman út kvíarnar, í stað þess að láta skólann standa mikið til tóman og þar af leiðandi verða óþarflega dýran í rekstri. Þá benti hv. 1. landsk. á það, að nú sje byrjaður húsmæðraskóli á Staðarfelli; og taldi hann, að hægt mundi að reka hann fyrir landssjóðsstyrkinn, sem nú er ákveðinn í fjárlögum. Einnig sagði hv. þm., að Blönduósskólanum hafi verið breytt í samræmi við óskir hjeraðsbúa. Hv. 1. landsk. benti rjettilega á það, að austfirskar konur væru nú vaknaðar til dáða í þessum efnum. Jeg hefi aldrei efast um framtakssemi austfirskra kvenna, og jeg fæ aldrei of oft tækifæri til þess að láta í ljós álit mitt á þeim.

Þá benti hv. þm. á það, að í uppsiglingu væri húsmæðraskóli við Laugaskólann og að farið væri fram á 11 þús. kr. ríkissjóðsstyrk í þessu skyni. En jeg vona það, að allar heilbrigðar óskir og tillögur hjeraðsbúa um þessi mál, hvort heldur er í Þingeyjarsýslu eða Múlasýslu, nái fram að ganga, annaðhvort nú, ef þau eru nægilega undirbúin, eða síðar, þegar þau hafa verið athuguð rækilega. En jeg álít það til tjóns, að ráðast í stofnun fleiri húsmæðraskóla en þegar er gert, að óathuguðu máli, eða án frekari undirbúnings.

Í fyrstu ræðu minni fann jeg að því, að hv. 1. landsk. hafði borið eyfirskum konum það á brýn, að þær af öfund til þingeyskra kvenna hefðu tilhneigingu til þess að tefja fyrir máli þeirra. Að konur á Akureyri hafa ekki notað heimildarlögin til stofnunar húsmæðraskóla fyr, er af eðlilegum ástæðum. Fyrst og fremst er það vegna ófriðar-

áranna, og auk þess hafa þær verið að starfa að því, að koma upp heilsuhælinu í Kristnesi, og safnað til þess um 80 þús. kr., og er það þeim ekki til lítils sóma. Þegar þær nú hafa lokið þessu, þá er ekki nema eðlilegt, að þær fari að hugsa til framkvæmda á því loforði, sem þær eiga frá ríkinu um að koma upp húsmæðraskólanum. Að ósamkomulag sje milli eyfirskra og þingeyskra kvenna, tel jeg mjög ósennilegt.

Hv. 1. landsk. gat þess, að ef karlmenn hefðu ekki hrundið húsmæðrakenslunni áfram, þá hefði lítið verið gert í því efni. Jeg er þakklát karlmönnunum fyrir aðstoð þeirra í málum þeim, er snerta kvenmentun sjerstaklega, þegar hún er reist á skilningi, en það tel jeg ekki aðstoð þeirra vera í þessu máli. Jeg vil undirstrika það, að í þessu máli er þá fyrst farið rjett á stað, ef reynt er að rannsaka og undirbúa málið til hlítar og koma sjer niður á framtíðar heildarskipulag. Þeir sem til þekkja, segja, að ekki sje hægt að una við Eiðaskólabygginguna, en mjer þykir það æði undarlegt, ef ekki er hægt að byggja við hana. Jeg er sammála hv. 1. landsk. um, að það eigi að nota sólina sem mest, en ekki að láta húsin snúa undan sólu.

Jeg skal svo ekki svara hv. 1. landsk. fleiru. En jeg hygg, að svo muni fara, að tillögur mínar reynist farsælastar fyrir þetta mál.

Jeg hefi þegar svarað hv. flm. (IP) út af kröfu hans til mín um að jeg komi fram með ákveðnar till. í málinu, og skal jeg ekki fara nánar út í það. Að hv. flm. hafi ekki tekið fram, hve margir skólarnir eigi að vera, það er alveg rjett, en það hefir komið fram í umræðunum síðan. (IP: Ekki frá mjer.) Það er rjett, og jeg hefi ekki heldur borið hv. flm. á brýn að hafa sagt það. En það er ekki komin nein niðurstaða um þetta ennþá, og það er meira að segja sagt af þeim mönnum, sem málinu eru velviljaðir, að enn sje ekki ákveðið, hvort húsmæðraskólarnir verða tveir, eins og bændaskólarnir, eða fjórir, einn í hverjum fjórðungi.

Jeg hefi áður svarað því, að ekki sýnist úr vegi að athuga, hvort ekki mundi hentugra vegna rekstrarkostnaðar að byggja við Eiðaskólann, og hefir hv. flm. ekki afsannað neitt, sem jeg sagði um það. — Þá benti hv. flm. mjer á, að til væri ákvæði um það, hve mikið mætti höggva af hrísi á ári hverju. Jeg vissi þetta raunar áður, svo að óþarft var fyrir hv. flm. að tefja tímann með þessari fræðslu. Það eina, sem jeg hafði sagt um málið, var líka það, að þótt skógurinn á Hallormsstað sje fríður og fallegur, er hann þó ekki svo stór, að ekki mundi hann fljótlega eyðast, ef nota ætti skógarviðinn sem eina eldsneytið til að hita upp skólahúsið, og auðvitað til eldunar líka. — Það var alveg röng ályktun hjá hv. flm., er hann vildi nota ummæli mín um Eiðaskólann til að sanna, að jeg hefði snúist í skólamálinu. (IP: Hvernig er þá rjett ályktun?) Hún er svona: Þegar búið er að segja **a**, segir maður gjarnan **b**, og jafnvel **c** og **d**. Þegar búið er að reisa gott skólahús fyrir unglingaskóla á Eiðum, er mjög líklegt, að það borgi sig að auka við hann húsmæðradeild, fremur en að reisa hana út af fyrir sig annarsstaðar. Þó ætla jeg engan úrskurð um þetta að fella, heldur að bíða, þar til jeg sje, hvað verður ofan á, þegar hæstv. landsstjórn hefir undirbúið málið rækilega. — Það er alveg rjett hjá hv. flm. (IP), að jeg veit ekki, hve marga hest-

burði af hrísi má höggva í Hallormsstaðaskógi. En jeg gæti fljótlega komist að því, ef mjer þætti það skifta nokkru máli.

Hv. flm. taldi mjer það til lofs, að jeg hefði áhuga fyrir hressingarhælum. Þetta lof á jeg ekki skilið, nema að því leyti, að jeg benti á í fyrstu ræðu minni, að Hallormsstaður væri mjög vel fallinn fyrir hressingarhæli og sá þáttur, sem jeg átti í því að kvenfjelagið ‚Hringurinn' fjekk á sínum tíma umráð yfir landssjóðsjörðinni Kópavogi, til þess að reisa þar hressingarhæli. (IP: Jeg tek þá lofið aftur!).

Þá er altaf verið að dreypa því á mig, að jeg vantreysti frú Sigrúnu Blöndal. Jeg held, að orð mín fyr og nú hafi fallið á alt aðra lund. Jeg hefi altaf haldið því fram, að hún sje mannkostakona og mentuð í ýmsum greinum, enda þótt hún hafi ekki aflað sjer þeirrar sjerfræðslu, sem forstöðukonu húsmæðraskóla er sjerstaklega þörf á að hafa.

Hv. þm. hefir talað um, að húsmæðradeild kvennaskólans hafi verið yfirhlaðin undanfarin ár. Það er alkunnugt, að húsmæðradeild kvennaskólans í Reykjavík hefir þrásinnis orðið að neita umsækjendum, er sótt hafa um námsskeiðin. Þeirri reglu er jafnan fylgt, að veita umsækjendum aðgang að námskeiðunum í þeirri röð, sem þær hafa sótt. En örsjaldan hefir það komið fyrir, að nokkrar þeirra, sem veitingu hefðu fengið, hafi ekki getað sótt námsskeiðin, og eigi tilkynt það fyr en um leið og námsskeiðin áttu að byrja og þannig staðið í vegi öðrum, sem neita varð. — Jeg hefi því litla ástæðu til að taka kvennaskólanum eða mjer til inntektar ummæli hv. þm. (IP) um „ofhleðslu" í húsmæðradeild skólans, en jeg vona nú að hafa upplýst það mál nægilega.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri sanngjarnt að neita austfirskum konum um húsmæðraskóla. Jeg veit ekki til að nokkur hafi haft það við orð, síst jeg. En jeg vil aðeins undirstrika, að málið þarfnast betra undirbúnings. Jeg vil að það fái hann, hv. flm. vill afgreiða það í skyndi. Sá er munurinn. — Loks þótti hv. flm. eitthvað athugavert við, að jeg hafði talið styrkinn til frú Sigrúnar Blöndal maklegan. Jeg mun láta hann einan um sínar bollaleggingar út af því.

Magnús Kristjánsson: Það var eiginlega ætlun mín að víkja nokkrum orðum til hv. 1. landsk. út af ummælum hans um húsmæðraskólana. Nú hefir hv. 2. landsk. tekið þar af mjer ómakið, svo að jeg get verið mjög fáorður um það atriði, enda þótt jeg víki ef til vill síðar að því.

Jeg skil ekki, hvað er meint með hinni rökstuddu dagskrá hv. meiri hl., því að mjer sýnist málið fullkomlega tímabært og nægilega undirbúið. Því sje jeg enga ástæðu til að vísa því til stjórnarinnar, sem auðvitað er nokkurnveginn sama og að fella það. Nú eru til lög um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Auk þess má telja vissa stofnun Staðarfellsskólans, og hjer er nokkur vísir til húsmæðraskóla. Því er ekki hægt að segja, að málið hafi ekki fengið nægilega fasta stefnu. Mjer virðist það einmitt vera skýr stefna Alþingis í þessu máli að hafa fjórðungaskóla til að menta konur. Hjer er fram komin till. um stofnun húsmæðraskóla á Austurlandi, og sje jeg ekki, að annað sje að gera en samþykkja þá tillögu, ef Al-

þingi vill vera sjálfu sjer samkvæmt. Menn eru að tala um ófullnægjandi undirbúning. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki vel, við hvað þeir eiga. Mjer sýnist hjer ekki í ráði að flana að neinu, því að ekki á að hefjast handa fyr en viss skilyrði, sem talin eru í 6. gr. frv., eru fyrir hendi. Jeg held, að varla sje hægt að hugsa sjer undirbúning máls í öllu betra lagi. — En þótt jeg geti ekki aðhylst röksemdafærslu háttv. 2. landsk. um þetta atriði, get jeg þakkað þm. vörnina fyrir Norðurlandsskólann. Jeg hefi ekki heldur heyrt þennan hv. þm. (IHB) leggja á móti skólanum á Vesturlandi. Aðeins þykir þm. ekki fundin rjett undirstaða undir byggingu eða stofnun skóla á Austurlandi. En eins og jeg hefi leitast við að sanna, held jeg, að þegar sje búið að leggja undirstöðu þá, sem byggja megi á. Því er ágreiningur okkar hv. 2. landsk. í raun og veru ekki mikill.

Út af ummælum þeim, sem hjer hafa fallið um væntanlegan húsmæðraskóla á Norðurlandi, verð jeg að segja nokkur orð um það mál. Þegar um aldamót, er byrjað var að ræða um stofnun skólans, hófst mikill ágreiningur milli Eyfirðinga og Þingeyinga um það, hvar skólinn ætti að vera. Jeg var dálítið við þessa baráttu riðinn, og stóð hún látlaust all-langan tíma. Ýmsir mætustu Þingeyingar, svo sem Þjetur heitinn Jónsson frá Gautlöndum og Sigurður heitinn Jónsson frá Ystafelli, tóku mikinn þátt í baráttunni, og vildu auðvitað hafa skólann í sínu hjeraði. En það varð ofan á, að honum var ákveðinn staður í Eyjafirði, og var málið þar með útkljáð. Því furðar mig stórlega hin megna andúð, sem nú kemur fram hjá hv. 1. landsk. gegn skólanum í Eyjafirði. Jeg hugsa, að hún stafi frá löngu liðnum tímum; hann hefir drukkið hana í sig á unglingsárum, þegar hinir mætu menn, er jeg nefndi, voru að berjast fyrir því, að skólinn yrði í þeirra hjeraði. En þessir heiðursmenn urðu undir í málinu og sættu sig við það, svo að jeg hjelt, að þessi góði Þingeyingur (JJ) mætti eins una málalokunum. — Jeg ætla ekki að hafa eftir þau ómaklegu orð, sem hjer hafa fallið í garð kvenna á Akureyri. Þeim hefir hv. 2. landsk. svarað nógsamlega. En jeg vil mótmæla því, að skólabyggingin í Eyjafirði sje fram borin í trássi við hina rjettu aðila þessa máls, kvenþjóðina í báðum þeim sýslum, sem hjer eiga hlut að máli. Jeg skal benda á, að hjer á Alþingi eru til skjöl með undirskriftum t v ö þ ú s u n d kvenna úr báðum sýslunum, jafnt úr Þingeyjarsýslu sem Eyjafirði — þar á meðal margra þingeyskra kvenna, sem lengi börðust fyrir að fá skólann til sín — og í þessum skjölum er farið fram á, að skólanum sje komið upp, þar sem lögin ákveða. Svona sýndu norðlenskar konur mikið vit og sanngirni. Þegar búið var að undirbúa málið, sendu þær Alþingi áskorun, sem var kröftugri en dæmi eru til í slíku máli. Því er ekki hægt að vekja andúð gegn skólanum á þeim grundvelli, að ekki liggi fyrir yfirlýstur vilji þeirra, er málið snertir.

Það virðist svo, sem hv. Nd. hafi að þessu sinni eigi álitið sjer fært að veita fje til stofnunar skólans. En það líða áreiðanlega ekki mörg ár, þangað til Alþingi verður þannig skipað, að sjálfsagt þykir að sinna þessu. Þá veit jeg að hv. 1. landsk. verður meðal bestu stuðningsmanna málsins. Og það bætir aldrei fyrir rjettmætum kröfum Aust-

firðinga, að þeir heimti þeim fullnægt á kostnað Norðlendinga, svo ágætlega sem þetta mál er undirbúið frá þeirra hálfu.

Loks vil jeg geta þess, að hvað snertir fjárframlög heima fyrir til skólans á Norðurlandi, má telja víst, að af þeim verði engin vandræði, því að sýslan hefir þegar lofað sínum hluta, og konur hafa safnað allríflegum sjóði. Fyrir þá sök verður enn erfiðara að standa á móti þessum rjettmætu kröfum.

Hitt skal jeg viðurkenna, sem hv. 1. landsk. sagði, að mikil ástæða er til að athuga, hvort ekki er vert að hlynna meira en gert hefir verið að þeim gróðri, sem nú er að gægjast fram í sveitum landsins um stofnun smáskóla eða námsskeiða í sveitum fyrir konur. En jeg álít skýrt markaða þá stefnu, að aðal-húsmæðraskólarnir verði 4, sinn í hverjum fjórðungi, og ríkið má ekki lengi skorast undan að greiða að sínum hluta tillag til þeirra. En varla er hægt að vænta þess, að auðhlaupið verði að fá fjárframlög úr ríkissjóði til þeirra smáskóla, er einstakar sýslur koma upp hjá sjer, nema því aðeins, að svo mikill áhugi sje kominn í ljós, að fjársöfnun sje hafin heima fyrir, með góðum árangri, málinu til stuðnings. Hugmyndirnar um húsmæðradeildir við hjeraðsskólana hafa ekki heldur fengið neitt fast form ennþá, og verða, að mjer finst, fyrst að koma niður á jörðina, áður en ríkissjóður fer að leggja þeim mikið fje. Einkum er áríðandi að koma fyrst upp hinum stærri húsmæðraskólum, sem telja má loforð gefin fyrir. Síðan má taka hina til athugunar.

Loks get jeg getið þess á ný, að jeg er hlyntur frv. því, er hjer liggur fyrir, og mun því greiða atkvæði með því, en móti dagskrártill. hv. meiri hl. mentmn.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hv. 2. landsk. (IHB) er nú fallin í valinn, og mun jeg ekki nota mjer það, en aðeins gera fáar athugasemdir við ræðu háttv. þm.

Jeg hefi fengið upplýsingar frá mjög áreiðanlegum og merkum manni, sem kunnugur er á Hallormsstað og hefir góða þekkingu á skógræktarmálefnum. Hann segir mjer, að ekki mundi saka, þótt höggvið væri í skóginum til eldsneytis handa stóru heimili. Eins og nú er, segir hann, að einmitt vanti markað fyrir skóginn, sem þarf að höggva.

Jeg hefi áður vikið að því, að mjer virðist hæstv. landsstjórn litla aðstöðu hafa til að undirbúa þetta mál. Þótt margir starfsmenn sjeu í stjórnarráðinu, eru þar engir þeir kraftar, er til þessa sje treystandi. Þar sem hæstv. stjórn um undirbúning venjulegra frv. leitar nær altaf til eins af prófessorunum við háskólann, þá skil jeg ekki, að hann fáist til að taka þetta að sjer, þar sem hann mun bera lítið skyn á húsmæðrafræðslu. — Það væri hreinlegra að drepa frv. alveg.

Bæði hv. 2. landsk. (IHB) og hv. 4. landsk. (MK) þykir jeg hafa farið ómjúkum orðum um konurnar á Akureyri, sem gert hafa morðtilraun við húsmæðradeildina við Laugaskóla. Jeg vil aðeins minna hv. þm. á, að jeg hefi fyllilega rökstutt mín orð um þessar konur, og hvorugur hinna hv. landsk. þm. hefir hrakið nokkurn staf af því, sem jeg sagði. — Það hafa komið fram tvær till. frá núverandi hv. þm. Ak., önnur um að veita fje til húsmæðra-

skóla á Akureyri, en annari fylgdi sá viðbætir, að drepa skyldi vísi þann, sem er til húsmæðrafræðslu í Þingeyjarsýslu. Jeg verð að álíta, að þær konur, sem standa í sambandi við hv. þm. Ak., hafi fengið hann til þess að túlka málið þannig fyrir þinginu. Hv. þm. greiddi að vísu atkv. með aðaltill., að útvega fje til skólans, en enginn af hans flokksmönnum gerði það. Þannig er auðsjeð, að hv. þm. hefir ekki lagt áherslu á að útvega fje á þann hátt, sem átti að gera. En þegar að því kom, að greiða atkv. um það, að skaða aðra skóla um leið og Akureyrarskóla var hjálpað, þá komu flokksmenn hv. 2. landsk. (IHB) til stuðnings. Atkvgr. liggur skýrt og greinilega fyrir, og tel jeg hana sýna það, að þeir, sem nú gangast fyrir málinu, leggja aðalstund á það, að skaða nábúann. Ef það væri ekki, þá hefði stuðningsmaður málsins reynt að afla því fylgis á hreinum og eðlilegum grundvelli. Meðan hv. 2. landsk. og aðrir, sem fylgja þessu, geta ekki komið með eðlilegri skýringu en þá, sem jeg kom með, þá stendur hún óhögguð. Atkvgr. sýnir sig.

Hvað hv. 2. landsk. gerir í þessu máli, læt jeg ósagt, en mjer þykir ekki ólíklegt, að hann fari þessa sömu leið og fyrirsvarsmaður Akureyrarkvennanna hefir gert í Nd., að hjálpa málinu áfram með því að skaða aðra um leið. Það stendur þess vegna upp á þá, sem hafa verið að reyna að halda uppi vörnum fyrir þessum aðgerðum, en ekki mig, því að jeg er búinn að sanna mitt mál.

Ástæðan til þess, að jeg dró þetta inn í umr., var sú, að jeg vildi benda hv. 2. landsk. á það, að þessi aðstaða Akureyrarkvennanna mundi ekki bæta hót fyrir þeirra máli. Mjer finst hún eitt með því ljótasta, sem jeg hefi vitað gert hjer á Alþingi. Jafnframt vil jeg leiðrjetta það, sem sagt var hjer í deildinni, að eyfirskar konur stæðu að þessari árás á nábúann. Náttúrlega má segja, að Akureyri sje í Eyjafirði. En fyrir mjer er þetta ljóst, af því að jeg þekki gang málsins áður, að það muni vera Íhaldskonur á Akureyri, sem skeytið upplesna var frá, og standa yfirleitt að þessari bardagaaðferð. Það hafa sem sje nokkrar konur, tilheyrndi þeirri lífsstefnu, legið í deilum við sveitakonur frá upphafi þessa máls, eins og hv. 4. landsk. rjettilega gat um.

Þegar hv. fyrv. þm. Ak., núverandi 4. landsk. (MK) tók að sjer málið og kom því með miklum dugnaði gegnum þingið 1917, þá gerði hann og þingið það, sem hægt var á því stigi málsins. En hvað vantaði? Það vantaði forgöngurnar heima fyrir í hjeraðinu. Og hún brást. Og það var af því, að Íhaldskonur á Akureyri, sem nú vafalaust standa í sambandi við þingmann sinn, þær hafa viljað halda fram sínu gamla stríði við sveitakonur. Þess vegna er málið nú borið svona fram.

Það er því eiginlega ekki viðeigandi gagnvart þeim mönnum, sem hafa beitt sjer fyrir málinu á almennum grundvelli, svo sem hv. 4. landsk. (MK), að setja þá á sama bekk og þá menn, er hafa haft þá málafærslu, sem notuð hefir verið í Nd. af núverandi þm. Ak. (BL). Jeg vona, að það verði ekki misskilið, að þeir, sem jeg áfellist í þessu máli, eru aðstandendur þeirrar núverandi málsmeðferðar núv. þm. Ak. (BL), sem hefir gefið þann sterka grun um, að samherjar hans, „færar“ konur á Akureyri, hafi blandað sjer í málið og haft spillandi áhrif á þingmanninn.

Þá var það enn látið í ljós af stuðningsmönnum dagskrárinnar, að það vantaði heildarskipulag á kvennaskólamálin. (IHB: Á húsmæðraskólamálin.) Já, húsmæðraskólamálin. En jeg var einmitt að hugsa um kvennaskólana, því að jeg ætlaði að minnast á það, að þegar í hitteðfyrra var verið að tala um að gera ónefndan kvennaskóla að ríkisstofnun, þá var eiginlega ekki til neitt heildarskipulag um þá. Og þó stóð það ekki fyrir því, að meiri hl. deildarinnar samþ. það frv. Þeirra hluta vegna held jeg því að mætti undirbúa þennan kvennaskóla á Austurlandi.

Jeg verð að játa, að þegar jeg spurði fulltrúa kvenna að því hjer í deildinni, hvað mætti álíta forsvaranlegt í heildarskipulagi um húsmæðraskóla, þá stakk jeg upp á, að það yrði varla talað um færri en 4 skóla. Þetta vakir nú fyrir hv. 2. landsk. (IHB). En jeg vil benda á það, að það sýnist nú eiginlega ómögulegt að koma kröfum fólksins inn í þennan ramma. Jeg skal játa, að það var að vísu nokkuð frjálslynt, sem hv. 4. landsk. (MK) talaði um, sem sje 4 ríkisstofnanir, í Reykjavík, Akureyri, á Vesturlandi og Austurlandi. En nú er þess að geta, að kvennaskólinn hjer og deildin á Akureyri reka sig á sama skerið, sem er sá mikli aðstöðumunur sveitakvenna og kaupstaðakvenna. Jeg geri ráð fyrir, að skólinn hjer sje góður og hafi gert eins mikið gagn og hægt er með því húsnæði, sem hann hefir. En hann hefir verið miklu frekar fyrir bæjarkonur, vegna aðstöðunnar. Það er ekki hægt að reka neinn búskap í sambandi við hann, ekki einu sinni hægt að koma við garðrækt. Þarna vantar nokkuð fyrir sveitakonur.

Mjer dettur ekki annað í hug en að Sunnlendingar geri kröfu um að fá deild hjá sjer fyrir sveitakonur, þegar skóli þeirra er risinn upp, þar sem kend verði hússtjórn, eins og hún horfir við sveitafólki, með garðrækt, mjólkurmeðferð og þess háttar. Jeg þykist fullviss um, að hjer í Reykjavík er ekki aðstaða til þess að fullnægja báðum aðilum. Við verðum að hafa skóla í Reykjavík fyrir bæjarkonur og skóla í sveit fyrir sveitakonur.

Á Ísafirði er komin upp hússtjórnardeild með tveimur námsskeiðum. Er hún sögð góð og aðsókn talsvert mikil. Þessi skóli nýtur sjerstaks trausts þingsins, því að hann fær mest á fjárlögum 1928 af þeim sjerstöku skólum, sem þar eru upp taldir. Svo kemur Blönduósskólinn, sem jeg hygg, að allir hv. þdm. sjeu ekki nægilega kunnugir. Hann er orðinn langsamlega stærsti húsmæðraskóli landsins. Þar munu vera um 40—50 stúlkur; eru þær 2—3 vetur í skólanum. Þar er að verða fjölbreytt vinnukensla. Þótt ekki sje kominn ennþá búskapur eða mjólkurmeðferð í sambandi við þann skóla, þá má segja, að hann fullnægi nokkuð vel kröfum til húsmæðraskóla.

Það er hvorki meira nje minna en stór skóli á Ísafirði, og stærsti kvennaskóli landsins í Húnavatnssýslu utan við þann ramma, sem frjálslyndum mönnum, eins og hv. 4. landsk. (MK), þykir hæfilegur til að leysa skólaspursmálið.

Nú liggur fyrir umsókn frá merkri konu í Eyjafirði, sem hefir staðið fyrir gróðrarstöðinni á Akureyri, og er vel mentuð kona. Óskar hún styrks til þess að hafa skóla í Eyjafirði, þar sem sjerstaklega sje kend jarðrækt og sveitavinna öll, á 10 mánaða námsskeiði að minsta kosti. Mjer er fullkunnugt, að

þetta mál hefir töluvert fylgi í Eyjafirði.

Jeg get skotið því í allri vinsemd til hv. 4. landsk., að jeg hefi grun um, að nú sje að taka sig upp á ný sá gamli kritur, sem var, áður en tókst að leysa málið 1917, milli þeirra kvenna, sem eitt blaðið mundi kalla burgeisakonur, og sveitakvenna. Það munu einmitt hafa verið þessar burgeisakonur á Akureyri, sem hafa staðið að þessu símskeyti, sem átti að drepa húsmæðrafræðslu Þingeyinganna.

Heyrt hefi jeg þess getið til af glöggum Eyfirðingum, að þeir vilji skifta þessu þannig, að láta konur á Akureyri fá skóla, sem hæfir þeim, og svo komi aftur skóli í sveit fyrir eyfirskar konur. Ekki skal jeg segja, hvort þetta verður; en ef hv. 4. landsk. finst þessi hugsunarháttur bera vott um undanhald frá þeirri braut, sem hann lagði þessu máli, þá væri það misskilningur. En hann verður að gæta að því, að bak við hans góða vilja á þingi lá klofningur heima fyrir. Jeg dreg ekki í efa, að 1917 hefði verið hægt að safna undirskriftum fjölda kvenna um að leysa málið þannig. En nú hefir ekkert frá þeim heyrst, og það held jeg sje af því, að þessar konur á Akureyri hafi talið hv. 4. landsk. vera búinn að leysa málið. Þær hafa misskilið það, að eftir var það, sem venjulega er þyngst, en það er að hrinda málinu fram heimafyrir.

Jeg tel nú allar líkur til þess, að þessi deild á Laugum mundi dafna prýðilega, þótt einhver skóli væri á Akureyri. Við vitum, að það er stór og mikill skóli á Akureyri, sem landið kostar alveg; en í raun og veru er hlutfallslega miklu meiri aðsókn að ungmennaskólanum á Laugum. Jeg hefi ástæðu til að halda, að húsmæðradeildin þar mundi hafa líka sín sjerstæðu viðfangsefni.

Jeg vil sjerstaklega mælast til þess af hv. 4. landsk., að hann taki til greina, að hjer er jeg aðeins að „kritísera" þessar aðfarir í Nd. En það er ekki rjett til getið hjá hv. 4. landsk., að jeg hafi drukkið í mig andúð gegn þessari hugmynd um skóla á Akureyri. Jeg hefi fengið nokkra þekkingu á málinu fyr og síðar; mjer er ljós frá upphafi klofningin í málinu milli efnaðra bæjakvenna og sveitakvenna. Það mun verða álitið, að jeg hafi staðið ekki síður en hver annar með heilsuhælismálinu, og þarf jeg vart að bera kinnroða fyrir að hafa ekki stutt góð mál Norðlendinga sem annara, eftir föngum. En jeg vil benda á, að jeg hefi frá byrjun haft nokkurn veginn ljósa hugmynd um það, að ekki hæfir að spenna sömu megingjörð um einyrkjakonu í sveit, sem berst áfram vinnukonulaus vetur og sumar með mörg börn, eins og þær konur, sem altaf mega lifa í höglifi. Matreiðslan og hússtjórnin í sveitum er ólík og hjá eyðslusömum konum í bæjum, sem hafa 3 vinnukonur og dýfa aldrei hendi sinni í kalt vatn, lifa í veislufagnaði og eiga ekki aðra kærari drauma en að geta lifað þannig. Jeg hefi enga trú á, að hv. 4. landsk. muni, eftir nánari athugun, geta hugsað sjer að láta saman fara undirbúning undir eyðslulíf og starfslíf. Hann mintist líka í gær á þennan mikla mun, sem nú er orðinn á þessu tvennskonar fólki í landinu, sem greindist í eyðslustjett og starfsstjett. Mínar aðgerðir gagnvart verklegri undirbúningsmentun karla og kvenna miðast aðallega við það, að taka tillit til þessa. Þótt jeg fyrirlíti þetta veislu- og óhófslíf, sem nokkur hluti þjóðarinnar lifir

við, þá er jeg svo sanngjarn, að jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að á einum skóla á landinu fái hinar uppvaxandi konur að kynnast því t. d., hverskonar staup eigi að nota í veislum, þar sem tíu vintegundir eru á borðum.

Magnús Kristjánsson: Til þess að lengja ekki umræður meira en orðið er, ætla jeg að falla frá orðinu, ef ekki hafa aðrir kvatt sjer hljóðs.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg get þá líka fallið frá orðinu og látið mjer nægja að skírskota til ræðu háttv. 2. landsk. (IHB) um það, hvílíkur glundroði er að færast í húsmæðrafræðsluna hjer á landi, ef ekki verða reistar skorður við og komið skipulagi á hana.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 328, frá meiri hl. mentmn., samþykt með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ, MK.

3. Landnámssjóður Íslands.

Á 20. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um landnámssjóð Íslands (þmfrv., A. 88).

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Halldór Stefánsson): Í greinargerð þessa frv. er vikið að aðalástæðunum fyrir því. En þær ástæður eru alkunnar, með því að þetta mál hefir verið mjög á dagskrá, bæði hjer á Alþingi og eins með þjóðinni. Jeg tel því ekki þurfa neina verulega framsögu fyrir málinu, á því stigi, sem það er.

Svo eru ástæður nú hjer á landi, að sveitirnar eru smám saman að leggjast í auðn. Býlum hefir farið fækkandi um langan undanfarinn tíma. Á þrengingartímum þjóðarinnar fyrir og um aldamótin 17—1800 voru miklu fleiri býli en nú eru. Þá voru 7537 býli talin. Við næstu aldamót á eftir eru þau talin 7401, og við síðustu aldamót eru þau 6796.

Það er líka alþekt, að víða um land er fjöldi af eyðijörðum. Í jarðabók Árna Magnússonar eru talin 3200 eyðibýli. Það er nú kannske ekki svo mikið um það að segja, þótt afskektustu býlin hafi fallið í auðn, ef fjölgað hefði býlum að sama skapi í aðalsveitum landsis. En svo hefir það ekki verið. Nú vitum við hinsvegar, að fólkinu fjölgar altaf í landinu. Fjölguninn nemur nú orðið frá 1—1½ þús. á ári. Þessu fólki verðum við að sjá fyrir einhverju verkefni til framfæris. Undanfarinn tíma hefir að vísu verið sjeð fyrir því af sjálfu sjer á þann hátt, að næg verkefni hafa fengist handa fólkinu í bæjum. Það er ekki svo mikið um það að segja, á meðan þau verkefni eru næg, og ef álitið er, að þjóðlífinu sje það holt, að fólk flytjist sem mest að sjónum. En það virðast nú vera horfur á því, að lífsskilyrði fólks við sjóinn sjeu að tæmast. Jeg vil benda á það til dæmis, að stórútvegurinn okkar er nú rekinn með nýtísku tækjum, á þann hátt, sem yfir höfuð er talið arðvænlegast; en þó er svo komið, að í góðum aflaárum, eins og t. d. 1925, eru frekar taldir krepputímar fyrir þennan atvinnuveg. Ástæðan er ef til

vill sú, að fiskimiðin sjeu farin að tæmast — eyðist það, sem af er tekið. Um það hefir verið rætt hjer í hv. deild á þinginu í fyrra, í öðru sambandi, og við vitum, að það er farið að tala um að leita fiskimiða fyrir okkar útgerð í öðrum heimsálfum. Og slíkt mundi ekki gert, ef gnægð væri fiskjar við strendur landsins.

Það virðast þess vegna vera nokkrar líkur fyrir því, að þau skilyrði geti tæmst, sem til þessa hafa veitt fólkinu lífsframfæri sitt af sjónum. Og þótt ekki sje kannske alveg að því komið, þá muni að því reka eftir ekki langan tíma, með þeirri fólksfjölgun, sem á sjer stað í landinu.

Þá verður spurningin: Hvar eigum við að leita lífsskilyrða fyrir fólkið?

Nú vitum við, að landið er langsamlega strjálbygðasta land álfunnar; og þess vegna m. a. liggja hjer möguleikar fyrir því, að það geti fleytt miklu fleira fólki en nú er, með því að auka bygð í landinu og nema land á ný. Það verður ekki sjeð, að þetta verði gert á annan hátt en að býlum sje fjölgað í landinu. auðvitað er það einnig gert með því að vinna að aukinni ræktun. En það nægir þó ekki eitt út af fyrir sig, ef býlum ekki fjölgar.

Það hefir áður komið fram uppástunga um þetta, en þær uppástungur hafa ekki náð nógu samfeldu fylgi. Þær uppástungur, sem jeg legg fram í þessu frv., ganga í sömu átt að vísu, en eru bornar fram í nokkuð öðru formi og með annari tilhögun, ef vera kynni, að menn gætu frekar sameinað sig um þær. Jeg skal hjer aðeins benda á það, að eins og þessar uppástungur liggja fyrir, þá eru trygðar þó nokkrar framkvæmdir í þessa átt. Það er sem sje trygt, að það verði bygð nýbýli árlega fyrir þá upphæð, sem til er tekin í 1. gr. frv. Það getur verið álitamál, hvort þar er hæfilega til tekið. En slíkt eru ekki nema uppástungur, og þeim má breyta og yrði breytt, eftir því sem menn álitu ástæðu til.

Þá er annað atriði, sem jeg vil benda á, að hjer er ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs verði honum eyðslufje, heldur er aðeins breytt um eign. Ríkið eignast býli fyrir framlag sitt, ýmist til fullrar eignar, eða í sameign með landeiganda, og fær — að vísu lága — vexti af framlagi sínu. Yfir höfuð legg jeg þetta fyrst og fremst fram sem form, en ekki að jeg geti búist við, að allir geti endilega fallist á tillögur þær óbreyttar, sem jeg geri um einstök fyrirkomulagsatriði.

Jeg geri mjer vonir um, að menn vilji líta á þetta mál og það fái að ganga til nefndar til athugunar. Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið að svo stöddu, en leyfa mjer að óska, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. landbn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð að segja, að jeg er hv. 1. þm. N.-M. þakklátur fyrir, að hann kom fram með þetta frv., þar sem í því er stungið upp á að fara inn á nýja leið í þessu máli, sem allir viðurkenna, að er hið mesta nauðsynjamál.

Jeg get sagt það, að jeg felli mig miklu betur við þessa leið, sem hjer er stungið upp á, en við þær aðrar, sem áður hefir verið talað um. Sjerstaklega þegar hann lætur þau ummæli fylgja, að hann vilji ekki halda fast í hvert einasta atriði í frv., þá geri jeg mjer vonir um, að af þessu frv. kunni að leiða gott samkomulag og mikið gott í fram-

tíðinni. Jeg vil þess vegna — án þess að ganga inn á einstök atriði frv. — taka undir það, sem hann sagði. Jeg vona, að það komi skýrt og greinilega í ljós, hvort sem þetta mál verður afgr. á þessu þingi eða ekki, að það sje það mál, sem þingheimur yfirleitt vill fylgja fram með alvöru og festu.

Að endingu vil jeg eindregið mæla með uppástungu hv. flm. um að vísa málinu til landbn.

Jón Sigurðsson: Jeg hefði getað sparað að kveðja mjer hljóðs. En jeg vissi ekki, að hæstv. atvrh. (MG) ætlaði að tala, og vildi þess vegna tjá hv. flm. þakkir fyrir að flytja málið.

Það var fyrir nokkru á þessu þingi borin fram tillaga frá hv. 2. þm. Árn. (JörB) um skipun milliþinganefndar í landbúnaðarmálefnum, og þar á meðal nýbýlamálinu. Það kynni því að virðast óþarft að flytja þetta mál, ef eitthvað yrði af nefndarskipun, því að þetta yrði auðvitað eitt af stærstu viðfangsefnum hennar. Og þótt hjer sjeu ekki neinar nýjar hugsjónir í uppsiglingu, þá vil jeg þó engu að síður tjá hv. flm. þakkir fyrir að flytja frv. Fyrst og fremst af því, að jeg tel hann þarna hafa leitt málið inn á heppilegri braut, burt frá þeim óskapnaði landnámssjóðsfrv., sem hefir verið hjer á ferð á undanförnum þingum og sem klæddi þessa góðu og gömlu hugmynd, bygging nýbýla hjer, í svo afskræmdan búning, að það hefir spilt fyrir framkvæmdum. Þarna er bent á leið, sem að vísu hefir áður verið bent á, en sem jeg býst við, að allir geti nokkurnveginn sætt sig við. Að vísu er eitt og annað í þessu frv., sem náttúrlega getur orðið ágreiningur um, að einhverju leyti. En það munu verða aðeins smáatriði. Skal jeg í því sambandi benda á það, að eftir venjulegri málvenju skil jeg það svo, að hjer sje aðallega verið að ræða um að byggja upp býli á óræktuðu landi, nýbýli, sem venjulega eru kölluð. Fyrir mjer er það í raun og veru ekki markmiðið, heldur álít jeg, að framtíðarmarkmiðið í þessu efni sje miklu fremur það, að taka málið á nokkuð svipaðan hátt og mjög tíðkast í Noregi, að með aukinni ræktun sje jörðum skift í sundur, þannig, að börn geti tekið við eftir föður sinn, en þurfi ekki að braska við að kaupa jarðir. Í stað þess að eitt systkina búi á föðurleifðinni, þá sje jörðinni skift milli þeirra og þau reisi nýja bæi og myndi á þann hátt nýjar jarðir. Með því móti, að stöðugt sje bætt við ræktaða landið, getur farið svo, ef faðirinn er atorkusamur jarðræktarmaður, að hann láti hverju barni sínu eftir ekki minna af ræktuðu landi en hann sjálfur tók við í byrjun. Það á að vera markmiðið, að hver bóndi skili jörðinni sinni þannig til barna sinna, að hvert um sig fái ekki minna land ræktað en hann tók við. En það, sem helst stendur í vegi fyrir þessu, eru örðugleikarnir á að byggja. Og mjer virðist mega með dálítilli orðabreytingu bæta um frv. með tilliti til þessa. Jeg hefi miklu meiri trú á, að skifting jarða komi að tilætluðum notum, fremur en að reisa smábýli hingað og þangað, þar sem ekkert ræktað land er og menn verða að taka lán til alls.

Þetta er það atriði, sem jeg vildi benda á, sem ásamt mörgum öðrum þarf að athuga í þessu máli. En jeg endurtek, að jeg er hv. flm. þakklátur fyrir að leiða málið inn á þessa braut, burt frá því, sem áður hefir ver-

ið fitjað upp á í þessu efni, og aðeins hefir orðið til að tefja málið.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg er þakklátur fyrir þær undirtektir, sem þetta mál hefir nú fengið hjá hæstv. atvrh. og í öðru lagi hjá háttv. 2. þm. Skagf.

Þar sem hann (JS) var að minnast á þennan mun, sem er á þessu frv. frá því, sem hann hefir áður hugsað sjer, þá hygg jeg, að sá munur sje í raun og veru lítill eða enginn. Þótt gert sje í frv. ráð fyrir, að nýbýli verði reist á óræktuðu landi, þá er þar með ekki meint að leggja hömlur á skiftingu jarða, á þann hátt, sem hv. þm. hugsar sjer. Jeg hugsa mjer einmitt, að fyrst yrðu reist býli þannig, á meðan sá grundvöllur er til. En þegar hann er tæmdur, þá kæmi aðallega til að reisa nýbýli á alveg óræktuðu landi. Því að það er sýnilegt, að ef jörðum er skift þannig milli niðja, þá kemur einhvern tíma að þeim takmörkum, að býlin eru orðin svo mörg, að þeim verður ekki skift lengur. Það eru sett þau takmörk fyrir því, hve lítið það land má vera, sem nýbýli má reisa á, að ein fjölskylda geti haft framfæri sitt af því, þegar það er komið í hæfilega rækt.

Ólafur Thors: Jeg hefi ekki verið talinn meðal þeirra, sem standa næst landbúnaðinum. En jeg verð að láta í ljós ánægju mína yfir þessu frv. Jeg hefi á undanförnum þingum sjeð eygja hjer í einhverja hugsjón, sem hefir verið svo vandlega vafin innan í óhagsýnina, að jeg hefi ekki sjeð neina von um framkvæmdir á málinu. Nú hefir aftur á móti komið fram hjer meistari, sem hefir afklætt hugmyndina, svo að hún stendur nú miklu ljósar fyrir og nær framkvæmdum. Hugsjónin er ein. En verkið lofar meistarann; og mjer sýnist, að sá hinn síðari sje hinum fremri og meiri, svo að verulegu skifti.

Þegar nú þessi hugmynd er borin fram í einhverju því formi, að hugsanlegt er að hún komist í framkvæmd, er sjálfsagt, að hún sje athuguð með grandgæfni og velvilja.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg kann ekki vel við það, ef menn lýsa annars fylgi sínu við þá frumhugsun, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv. og þeim, sem borin hafa verið fram áður, að þeir geri svo verulegan mun á því, í hvaða formi hún er. Ef hugsunin er góð og frumleg, þá átti altaf að vera hægt að laga formið í hendi sjer.

Eins og jeg hefi tekið fram, þá er þetta frv. að skoða sem tilraun til þess að sameina menn um þessa hugsjón. Þó að sú hugsjón hafi verið borin fram áður, og menn alment viljað fallast á hana, þá sje jeg samt ekki, að nokkur einn sje ámælisverður fyrir það, að ekki tókst að búa hana í það form, sem menn vildu sameinast um.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins með örfáum orðum láta í ljós ánægju mína, eins og fleiri við þessa umr. Jeg vil láta í ljós mikla ánægju yfir því, að nýbýlamálinu er nú svo vel tekið. Því að vitanlega er formið aukaatriði; það, að koma því í framkvæmd, að ríkið geri sjerstakar ráðstafanir til að fjölga hinum sjálfstæðu býlum, það er aðalatriðið. Jeg verð að láta í ljós ánægju mína yfir því, að sú barátta, sem staðið hefir undanfarið um þetta mál, með skírskotun til þess, sem gert hefir verið

í nágrannalöndunum, hefir borið svo góðan árangur, að svo margir verða til þess loks nú að lýsa fylgi sínu við þetta mál.

Ólafur Thors: Það eru aðeins fáein orð. Þessi hugsjón, sem er gömul og aðflutt, getur í þessu sambandi ekki verið aðalatriðið, heldur hitt, að nú er fengið það form, sem gefur von um, að hugsjónin komist í framkvæmd. Formið, sem nú hefir verið bent á, er frumlegt og verður þess vegna aðalatriðið. Jeg held líka, að ekki mundi svo margir hafa látið í ljós ánægju sína eins og nú hafa gert, ef ekki væri borið fram eitthvað nýtt og gott í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 88, 189, n. 350).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Álit landbn. má sjá á þskj. 350, og eins og hv. þdm. munu hafa tekið eftir, mælir hún með frv. með breytingum.

Jeg vil byrja með að gera leiðrjettingu á nál. Þar stendur, að brtt. á þskj. 189 sjeu frá hv. 4. þm. Reykv.; það á að vera 3. þm. Reykv. (JÓl), og er annaðhvort ritvilla eða prentvilla.

Nefndin hefir fallist á bæði grundvallarhugsun frv. og sömuleiðis á aðalatriðin í brtt. hv. 3. þm. Reykv., um hækkun á framlagi ríkissjóðs til sjóðsins. — Einn nefndarmanna hefir óbundið atkv. og hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og er það hv. þm. Barð. (HK).

Eins og frv. var, náði verkefni sjóðsins ekki til annars en bygginga nýbýla, en brtt. eru um bæði hækkun á framlagi til sjóðsins og eins útfærslu á verkefni. hans. Nefndin felst á hvorttveggja, eins og áður er sagt, og telur þessi tvö verkefni, sem um er að ræða, bygging nýbýla og endurbygging á bygðum býlum, jafn brýn og aðkallandi. En hinu síðarnefnda verkefni áleit nefndin nauðsynlegt að setja allþröng takmörk, því miður, verð jeg að segja, vegna þess, hve fjármagn sjóðsins verður takmarkað, og er það gert í 11. gr. í nál. Eins og gefur að skilja, með þessari útfærslu á verkefni sjóðsins, varð nefndin að gera breytingar til viðauka á frv., og koma þær aðallega fram í 10.—12. gr. í nál.

Á þessum meginþáttum, sem jeg nú hefi lýst, eru till. nefndarinnar bygðar. Nefndin hefir hugsað sjer framlag til nýbýla og endurbyggingu á bygðum býlum sitt með hverju móti. Framlög til nýbýla hugsar nefndin sjer sem stofnfje, er ríkið eigi í býlinu, þangað til ef það verður leyst inn; gildir það jafnt, hvort sem landið er í einkaeign eða eign hins opinbera. En aftur á móti um framlag til endurbygginga á bygðum býlum hefir nefndin hugsað sjer sem lán með lágum vöxtum, eins og tekið er fram í 10. gr. í nál., þannig, að lánin ávaxtist og endurgreiðist með jöfnum greiðslum, og sje árlegt gjald 5% af lánsupphæðinni í 42 ár.

Brtt. nefndarinnar er þar nokkuð öðruvísi framsett en hjá háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl), en lánskjörin raunveru-

lega hin sömu. Viðvíkjandi öðrum brtt. nefndarinnar skal jeg taka fram þetta:

Við fyrstu umr. kom fram nokkur vafi á því, hvort sjóðnum væri ætlað að ná til býla, sem væru reist á ræktuðu landi, eða til eyðibýla. Þetta var hugsað þannig frá upphafi, en til þess að taka af allan vafa, hefir nefndin í viðauka við 2. gr. sett skýr ákvæði um þetta og gert um leið nokkurn mun á þeim tíma, sem framlögin mega vera afgjaldslaus, eftir því hvort bygt er á ræktuðu landi eða óræktuðu. Vegna innlausnarrjettar á framlagi ríkissjóðs, bæði til nýbýla á landi, sem er í einkaeign og opinberri eign, sbr. 8. gr., þótti nefndinni rjett að setja skorður við óeðlilegri verðhækkun á býlum þessum og vill því setja á þau hámarksverð, miðað við mat skattanefndar. Þar með er það trygt, að býli þessi komist ekki í óeðlilega hátt verð, en geti þó hækkað eðlilega í hlutfalli við þær umbætur, sem gerðar verða á þeim.

Þá setti nefndin ákvæði um það, gegn hvaða tryggingum mætti lána, og eru þau ákvæði tekin fram í 12. gr. og eru sniðin eftir samsvarandi ákvæðum ræktunarsjóðslaganna.

Viðvíkjandi yfirstjórn sjóðsins felst nefndin á brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og ber hana fram sem sína.

Jeg hefi þá í stuttu máli rakið hugsun og brtt. nefndarinnar og þarf þá litlu við að bæta.

Eftir þeim góðu undirtektum, sem frv. fjekk þegar við 1. umr., leyfi jeg mjer að gera mjer hinar bestu vonir um undirtektirnar nú og um góðan vilja hv. þdm. til þess að vinna í einlægni að úrlausn þessa mikla og nauðsynlega verkefnis. Þetta verkefni er það, að skapa hinni eðlilegu fólksfjölgun í landinu eðlileg og holl skilyrði til þess að afla sjer lífsnauðsynja til framfæris beint úr skauti náttúrunnar sjálfrar og með beinum viðskiftum við hana.

Þetta mikla verkefni hafa allar þjóðir orðið of seinar til að leysa. Fyrir því hefir fólkið hrúgast saman í borgirnar og bæina, við meira og minna óeðlileg framfærsluskilyrði. Og þaðan má telja að stafi að miklu leyti hinn sívaxandi rígur og ágreiningur, ekki aðeins á milli þjóðaheilda, heldur einnig á milli stjetta og einstaklinga. Menn leitast við að lifa hver á öðrum, hver á annara sveita, og berjast um brauðið í stað þess að styðja hver annan. Og með því er í raun og veru verið að grafa stoðirnar undan þjóðskipulagi og stjórnarfari nútímans.

Jón Sigurðsson: Mál þetta var nokkuð rætt við fyrstu umr. og fjekk þá þegar góðar undirtektir; verð jeg að taka undir það með hv. flm. (HStef) og öðrum, sem talað hafa, að málið er mjög mikils varðandi og nauðsynjamál.

Þegar verið er að ræða um þetta mál, er ekki úr vegi að líta um öxl og renna augunum yfir það, sem gert hefir verið allra síðustu árin bæði til undirbúnings þessu máli og til eflingar landbúnaðinum í heild sinni. Og verður þá ljóst, að síðustu 4 árin hefir ríkisstjórnin og Alþingi unnið mjög merkilegt starf í þágu landbúnaðarins. Í fyrsta lagi hefir bændum verið veittur greiður aðgangur að lánsfje til ræktunar, húsabóta og jarðakaupa með ræktunarsjóðnum og veðdeildinni. Í öðru lagi hafa bændur verið hvattir til jarðræktarframkvæmda með ríflegum verðlaunum, með jarðræktarlögunum. Loks hafa verið studdar mjög tilraunir með sendingu kjöts

til Bretlands og leitast við að tryggja landbúnaðinum öruggan markað fyrir aðalframleiðsluvörur hans, og má þar til nefna bygging kæliskipsins og íshúslánin. Þá eru ótalin ýms smærri atriði, sem stjórn og þing hafa gert til eflingar landbúnaðinum. Alt miðar þetta að því, að efla og tryggja landbúnaðinn, og þótt ýms vandamál sjeu enn óleyst á þessu sviði, þá er nú svo komið, að þessar lagasetningar eru að skapa skilyrði fyrir fjölgun býla í landinu, sem áður voru mjög lítil.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er ekki nýmæli í sjálfu sjer. Frv. um fjölgun býla mun fyrst hafa verið fram borið á Alþingi árið 1893, og síðan á þingunum 1894 og 1895, og á þingi 1897 var samþykt frv., er stefndi aðallega í þá átt, að heimila mönnum að taka upp nýbýli. Árið 1914 bar svo þáverandi þm. Mýr., Jóhann Eyjólfsson frá Sveinatungu, fram frv. um grasbýli, er hann nefndi svo. Var það að ýmsu leyti merkilegt frv., og var skipuð 7 manna nefnd í málið. Nefndin kom fram með mjög ítarlegt nál. og lagði til, að málið yrði rannsakað rækilega og flutti till. til þál. um að stjórnin ljeti undirbúa og leggja fyrir þingið frv. um þetta efni. Um sama leyti skall stríðið á og varð því eigi af frekari framkvæmdum í þessu máli að sinni. Síðan hefir málið verið rætt nokkuð, einkum í búnaðarritum, og hreyft á Alþingi, en í því formi, að nálega engir vildu líta við því.

Eins og nál. ber með sjer, hefir landbn. tekið frv. til gagngerðrar yfirvegunar. Nefndin hefir tekið til greina bæði það, sem jeg hreyfði við 1. umr., og eins till. hv. 3. þm. Reykv., og þar á meðal till. hans um að hækka tillag ríkissjóðs til sjóðsins um helming, eða úr 100 þús. upp í 200 þús. Jeg tel, að frv. hafi stórbatnað við meðferð nefndarinnar, og má þó betur, ef vel á að vera, og skal jeg drepa á nokkur atriði, er mjer þykir sjerstaklega áfátt.

Nafn frv. er: frv. til laga um landnámssjóð Íslands. En hvað er landnám? Er það að byggja skýli yfir höfuðið á sjer? Nei. Eftir venjulegri málvenju er landnám þríþætt og felst í því: Í fyrsta lagi að taka sjer land til eignar og umráða; í öðru lagi að byggja á landinu nauðsynleg hús, — og loks er ræktunin venjulega talin sjálfsagður liður í því landnámi, sem hjer ræðir um. Frv. ræðir aðeins um einn af þrem aðalþáttum landnámsins, en jafnframt þann erfiðasta, byggingarnar. Frv. ætti því að heita „frv. til laga um bygging nýbýla“; annars er hjer verið að flagga með nafni, sem ekki svarar til þeirra ákvæða, sem frv. inniheldur.

Eins og jeg gat um áðan, gengur frv. fram hjá fyrsta þætti nýbýlamálsins: að nýbyggjandi geti fengið úrskift land til ræktunar og geti greitt það; fyrir slíkri úrskiftingu er að nokkru leyti sjeð með landskiftalögunum. En þótt ekkert sje gert til að styðja nýbyggja með kaup á landi, má þó ekki leggja stein í götu þeirra í þessu efni. En það er gert í frv. með ákvæðum um það, að fyrsta veðrjett skuli setja sem tryggingu fyrir greiðslu byggingarkostnaðar.

Mjer er ekki ljóst, hvernig fátækir menn eiga að geta keypt sjer land, ef þeir mega ekki setja það að veði fyrir einhverju af verðinu, og venjulega mun seljandi krefjast fyrsta veðrjettar. Jeg held, að rjettara hefði verið að setja takmörk fyrir því, hvað mikið mætti hvíla á fyrsta veðrjetti. Til dæmis að setja þau ákvæði, að sem tryggingu

fyrir byggingarkostnaði skyldi setja 2. veðrjett, með uppfærslurjetti og að á 1. veðrjetti mætti ekki hvíla meira en ⅗ landverðs. Það er þó langt frá því, að jeg áfellist nefndina fyrir að hafa ekki tekið upp í frv. eða brtt. sínar ákvæði, er ljetti mönnum meir en nú er, að fá útskift land fyrir nýbýli. Þvert á móti tel jeg rjett, að þau ákvæði bíði fyrst um sinn, og vil jeg gjarnan sjá hverju fram vindur. Framar öllu öðru vil jeg beina nýbýlamálinu inn á þá braut, sem jeg gat um við 1. umr. málsins: að samfara aukinni ræktun færi fram skifting á jörðunum, er börn taka við af foreldrum sínum, þannig, að eitt eða fleiri af erfingjunum húsi sjer bæ eða bæi í nágrenni við túnið, þar sem góð skilyrði eru til ræktunar, og noti jafnframt sinn hluta af gamla túninu. Þetta er líklegasta leiðin til að koma í veg fyrir, að unga fólkið þurfi að hrekjast í kaupstaðina af því að það fái ekki jarðnæði í sveitunum, svo sem nú er orðið alltítt.

Þessi leið er öruggari og hefir ýmsa kosti fram yfir að kaupa landskika í úthaga og húsa þar bæ. Kostirnir eru einkum þessir: Í fyrsta lagi, að nýbyggjandi hefir strax nokkuð ræktað land við að styðjast. Í öðru lagi getur hann notast við nokkuð af gömlum peningshúsum og þannig sparað sjer útgjöld í bili. Í þriðja lagi ljettir það ýmsar framkvæmdir, sem vinna má í sameiningu, ef skamt er milli bæja, svo sem vegagerð og vatnsleiðslu, rafveitu, þar sem henni verður komið við, og fleira.

Þetta hefir nefndin fallist á, og jeg er henni þakklátur fyrir það. En þrátt fyrir það, að nefndin gerir ráð fyrir því, að báðar þessar leiðir sjeu farnar, skift jörðum og bygt á alóræktuðu landi, er þó hvergi ákvæði um það, hve smátt megi skifta jörðum og hvað landið megi vera minst, til þess að byggja megi á því, með ríkisstyrk. Jeg tel það mjög varhugavert, að leggja það atriði algerlega í dóm manna, sem oft mundu kveða upp dóm sinn af lítilli athugun og ennþá minni reynslu. Jeg veit ekki betur en að hjá nágrannaþjóðum okkar sjeu skýr ákvæði um þetta, enda talin þar sjálfsögð. En hjer vantar alveg ákvæði, sem greini milli býlis og þurrabúðar. Í nýbýlalögunum 1897 er tiltekið, að býli megi ekki vera minni en 5 hundruð að dýrleika. Jeg tel þessi ákvæði úrelt og ekki rjett að binda slíkt ákvæði hjer við gamla hundraðstalið.

Annar aðalþáttur nýbýlamálsins er byggingarnar, sem þetta frv. og brtt. fjalla um. Eins og sakir standa nú, mun þetta vera örðugasti þátturinn og því mest um vert fyrir nýbýlamenn að fá fjárhagslegan stuðning til að koma upp sæmilegum húsakynnum. Hinsvegar vil jeg alls ekki, svo sem gert er í frv., binda menn við borð með sjerstakan stíl á þessum byggingum, sem gæti hleypt verði þeirra fram um mörg þús. kr. Í mínum augum er það aðalatriðið, þegar um smábýli er að ræða, þar sem sparlega verður að halda á, að húsaskipun sje þannig háttað, að bæta megi smámsaman við, ef ástæður leyfa, og geti þó farið vel. Ef á að binda sig við einhvern sjerstakan, íslenskan stíl, eins og t. d. í teikningum af bænum í Reykholti, er hætt við, að byggingin verði óhæfilega dýr, byggingarkostnaðurinn verði ofurefli bæði ríkinu og nýbyggjendum. Líklegasta leiðin til þess að svo verði ekki, er óbrotin en haganleg húsaskipun og að húsbyggingarnar verði, að mestu leyti, heimavinna, sem

grípa má til í tómstundum, eða þegar annað kallar ekki mjög að, eins og er um gömlu torfbyggingarnar. Með því t. d. að steypa steina og hlaða úr þeim, mun vera hægt að reisa tiltölulega ódýrar steinbyggingar, einkum ef nýbyggjendur gætu unnið hvorttveggja sjálfir, steypt steinana og hlaðið úr þeim. Í þennan þátt frv. tel jeg vanta: Í fyrsta lagi hámark byggingarkostnaðarins, eða framlag sjóðsins til hvers einstaks býlis, sem að sjálfsögðu verður að standa í slíkum lögum sem þessum. Ennfremur er engrar skýrslu krafist um, hvernig byggingin sje af hendi leyst. Jeg geri ráð fyrir, að til þess þyrfti helst að vera sjerstakur eftirlitsmaður, t. d. umboðsmenn ræktunarsjóðsins í sveitum. En jeg veit ekki, hvernig nefndin hefir hugsað sjer þetta. Þá eru heldur engin ákvæði, er skyldi húseiganda eða lánþega að hafa húsið vátrygt, eða sem tryggja, að húsin verði ekki lögð í auðn, býlið t. d. haft með og húsin látin falla eftir nokkur ár.

Þá kem jeg að þriðja þætti nýbýlamálsins, ræktuninni. Í frv. er ekki minst á hana einu orði. Engar kröfur um nýrækt, engin ákvæði sett um að nýbyggi hafi ræktað ákveðinn landskika eftir víst árabil. Frv. gerir þó ráð fyrir, að heimilt sje að byggja nýbýli á óræktuðu landi. Að sjálfsögðu verða að standa um þetta skýr ákvæði í frv. Allir eru víst á einu máli um það, að verðmæti eða veðhæfi slíkra húsa í sveit byggist fyrst og fremst á ræktun landsins. Hús í sveit, sem bygt er á óræktuðu landi, er lítils virði, bæði sem veð og heimili.

Þá vantar alveg í frv. ákvæði um það, hverjir eigi að njóta þeirra hlunninda, sem það býður. Eru það stórefnamenn, bjargálnamenn eða fátæklingar, eða allir þessir flokkar? Í nágrannalöndum okkar, t. d. Noregi, minnir mig að slík hjálp, sem hjer ræðir um, sje veitt þeim einum, er eiga minst 1500 kr., og ekki yfir 15000 kr. hreina eign, fyrir utan innanstokksmuni. Jeg hygg, að það sje líka tilskilið, að nýbýlismaður hafi ekki yfir ákveðið tekjuhámark, mig minnir að það sje kringum 4000 kr. Ákvæði í þessa átt eru sjálfsögð og má alls ekki vanta í frv. Jeg skal ekki leggja dóm á, hvar mörkin eiga að vera. Jeg býst við, að okkur henti annað í því efni en Norðmönnum. En þó að ekkert standi um þetta í frv., geri jeg ráð fyrir, að allir sjeu sammála um, að þetta eigi að vera þeim einum til hjálpar, sem verulega þörf hafa á hjálparhönd hins opinbera.

Þá kem jeg að ákvæðinu um endurbyggingu á bygðum býlum. Þar er jeg heldur mótfallinn brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Mjer finst þau ákvæði ekki eiga heima í þessu frv., því að þau snerta hvorki landnám nje byggingu nýbýla. Mjer finst ákvæðin mjög varhugaverð, eins og frá þeim er gengið. Þau geta í ýmsum tilfellum orðið beinlínis verðlaun handa slóðunum, sem láta alt reka á reiðanum og drabbast niður. Þau geta líka beinlínis orðið hjálp handa jarðníðingnum, en svo nefni jeg einkum þá menn, sem gera sjer að leik að kaupa og leggja undir sig jarðir til þess eins að rýja þær að húsum og öllum gæðum, og selja þær síðan. Þetta mun tíðkast talsvert hjer sunnanlands og víðar. Oft getur svo farið, þegar þessir menn væru búnir að leika jarðirnar svo grátt, að lítið eða ekkert er lengur upp úr þeim að hafa, að þeim tækist að narra fátæka menn til að kaupa þessar jarðir fyrir tiltölu-

lega hátt verð, með því að benda þeim á þann möguleika, að þeir geti fengið þær húsaðar á kostnað hins opinbera. Jarðníðingurinn getur á þennan hátt stungið í sinn vasa í hækkuðu jarðarverði þeim hagnaði, sem kaupandi átti að hafa af ódýru byggingarláni. Jeg bendi aðeins á þetta til athugunar, að hjer þarf að búa vel um hnútana, ef taka á upp þetta ákvæði. Hjer vantar líka nánari ákvæði um þessar byggingar, svo sem hámark lánsins og eftirlit með því, að því sje varið eins og til er ætlast. Það er heldur ekki tekið fram í frv. eða brtt. nefndarinnar, hvernig með skuli farið, ef lántakandi getur ekki staðið í skilum. En slík ákvæði er nauðsynlegt að hafa. Jeg get búist við, að mjer verði svarað því, að þessi atriði, er jeg tel vanta í frv., eigi að standa í reglugerð. En flest þeirra eru svo vaxin, að jeg held, að þau eigi að standa í lögunum sjálfum. Má vísa til þess, að í ræktunarsjóðslögunum eru ýms hliðstæð ákvæði, sem nauðsynlegt þótti, að í þau væru tekin.

Þótt þessu frv. sje að mörgu ábótavant, eins og þegar hefir verið sýnt, þá er það ekki svo að skilja, að jeg áfellist hv. flm. eða hv. nefnd fyrir að hafa ekki gert skyldu sína. Málið er umfangsmikið, og það er tæplega von, að þingnefnd, sem mikil störf hefir á hendi, hafi getað rannsakað þetta mál til nokkurrar hlítar, þar á meðal getað pælt svo sem þurft hefði í gegnum tilsvarandi lagaákvæði hjá öðrum þjóðum. En það var gott að fá málið inn í deildina, svo að mönnum gæfist kostur á að gera við það athugasemdir, sem vel gætu orðið til þess að það skýrðist betur, áður en það verður tekið til enn rækilegri athugunar. Jeg tel rjettast, þegar búið er að ræða málið við þessa umræðu, og jafnvel 3. líka, að vísa því til þeirrar nefndar, sem nú er ákveðið að þingið skipi til þess að rannsaka landbúnaðarlöggjöfina. Þetta er stórt mál, og það er komið svo vel á veg, að jeg geri mjer von um, að all-verulegur árangur sjáist af þessari lagasetningu áður en langt líður.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 88, 189, n. 350).

Jón Ólafsson: Jeg get verið háttv. landbn. þakklátur fyrir undirtektir hennar við brtt. mínar við frv. Mjer hefir frá upphafi verið það ljóst, að þetta mál er svo umfangsmikið, að það er tæplega við því að búast, að því verði lokið á þessu þingi. Því meir sem jeg athuga málið frá ýmsum hliðum, því ljósara verður það fyrir mjer, að ef afgreiða á málið með sæmilegri athugun og komast að sem bestri niðurstöðu, þá er það ekki rjett að flaustra því af á þessu þingi. Ef úr því verður, sem hv. 2. þm. Skagf. gat um, að skipuð verði nefnd, til þess að athuga landbúnaðarlöggjöf landsins, þá verður þessu máli að lokum vísað til þeirrar nefndar. Það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga, að hafa aðrar þjóðir til fyrirmyndar í þessu máli sem og mörgum öðrum nýmælum, sem tekin eru á dagskrá þjóðarinnar. Jeg hefi nú reynt að kynna mjer löggjöf Dana í þessu efni, en þeir munu komnir einna lengst í þessu máli, og hafa farið stig af stigi. Þeir byrja árið 1880 með sama sniði og Reykvíkingar, aðeins með því, að „prívat"-menn

stofna fjelög með það fyrir augum, að fólk í kaupstöðunum geti eignast smágrasbýli, þar sem fjölskyldan geti haft sjer til hagsbóta jarðræktarvinnu að litlu leyti. En heimilisfaðirinn hafi sínar aðaltekjur annarsstaðar, svo sem frá sjó eða skrifstofustörfum o. fl. Árið 1899 setja Danir fyrst lög um smábýli og styrkja þau með ríflegu fjárframlagi. Var með smábýlunum ætlunin að halda fólkinu í sveitum. Landrými smábýlanna átti að vera svo lítið, að bóndinn gæti unnið að því í hjáverkum, en stunda aðalvinnu sína á höfuðbólinu, eftir sem áður. Lögðu Danir þá þegar fram 3 miljónir árlega til þess að lána til býlanna, eða 15 miljónir til 5 ára. Lán til einstaks býlis mátti ekki fara fram úr 4000 kr. Kemur þar fram það, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) drap á, að hafa altaf hámarksupphæð lána. Þó lítur svo út sem þeir geti fengið háan styrk, alt að $^{3}/_{10}$, en má ekki fara fram úr því. Árið 1914 er upphæðin þó komin upp í 6600 kr., sem hæst má lána. Þá setja þeir og fyrst lágmark landsstærðar, 3 dagsláttur, en ætla bændum aðalvinnu á höfuðbólinu eftir sem áður. Árið 1916 hækka þeir lágmark lands upp í 6 dagsláttur. Árið 1921 hækka svo Danir framlagið upp í 12 miljónir kr. árlega og árið 1919 er mikið af prestajörðum og ljensjörðum lagt undir til smábýlabyggingar, og þá er lánsupphæðin, til bygginga og ræktunar, færð upp í kr. 22000, en ætlast til, að ábúendur eigi $^{3}/_{10}$ lands og bygginga, ásamt áhöfn allri. Þessa lánsupphæð fá þeir afborgunarlaust til 5 ára, en borga 5½% úr því. Hvað starfsemi þessi hefir verið stórstíg, sjest best á því, að 1924 eru Danir búnir að verja 106 miljónum kr. til 10825 býla, og frá 1919—1923 hafa þeir á prestakallajörðum stofnað 632 býli, en á ljensjörðum 1200 býli, alls rúm 1900 býli. En árið 1924 setja þeir lög, sem ekki eru í samræmi við það, sem landbn. nú leggur áherslu á, sem sje, að ef ríkið geti ekki lagt fram land til býlanna af ríkiseign (prestakalla- og ljensjörðum), verði ábúandi að kaupa land til þess að byggja á. Það er eftirtektarvert, að eftir þessa löngu reynslu og þann mikla styrk, sem þeir hafa lagt fram, þá leggja þeir áherslu á, að einstaklingarnir eigi býlin sjálfir, sjerstaklega ef ríkið getur ekki lagt fram land. Þeir vilja ekkert leiguland. Þá má lána 8000 kr. til húsabygginga og $^{9}/_{10}$ jarðarverðs, vaxta- og afborgunarlaust í 3 ár, en síðan með jöfnum afborgunum, 4½% árlega í afborgun og vexti.

Jeg drep á þetta til þess að sýna, að mikið má læra af Dönum í þessu máli. Það hefir sýnt sig, að fólk í Danmörku hefir flutt minna úr sveitunum til kaupstaðanna, eftir að farið var að hlynna nokkuð verulega að smábýlunum. Meðan þau voru svo lítil, að ætlast var til að fólk gæti unnið jafnt á herragörðunum sem áður, og smábýlin ekki skoðuð sem bjargræðisvegur, þá gafst það svo illa, að fólkið flutti til kaupstaðanna eins fyrir því.

Ef litið er yfir þær þarfir, sem hjer eru mest aðkallandi fyrir sveitirnar, verður fyrst fyrir að líta yfir þau býli, sem lögð hafa verið í eyði, eða eru að leggjast í eyði. Sömuleiðis hvernig hýst er á bygðum býlum í hinum ýmsu hjeruðum landsins. Að þessu athuguðu verður mjer það ljóst, að lítið mundi verða ágengt með þeim 100 þús. kr., sem flm. leggur til, að veittar verði árlega, og bar jeg þess vegna fram till.

um kr. 200 þús. árlegt framlag, og að því fje sje að miklu leyti varið til hjálpar þeim, sem vegna efnaskorts ekki geta húsað bæi sína og kjósa þess vegna jafnvel heldur að flytja í kaupstað og þá máske skilja við býlið í eyði. Jeg skal nú til fróðleiks gefa yfirlit yfir verðmæti húsa á sveitabýlum, og er það tekið eftir fasteignamati því, er fram fór 1919.

Tala býla á landinu og húsamat árið 1919.

	Ekki metin	0—500 kr.	500—1000 kr.	Yfir 1000 kr.	Alls býli
Gullbringusýsla	11	37	49	166	263
Kjósarsýsla	20	8	15	116	159
Borgarfjarðarsýsla	11	79	43	119	252
Mýrasýsla	14	68	49	82	213
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	34	90	95	112	331
Dalasýsla	12	73	45	90	220
Austur-Barðastrandarsýsla	3	34	32	32	99
Vestur-Barðastrandarsýsla	5	37	41	88	171
Vestur-Ísafjarðarsýsla	7	31	52	107	197
Norður-Ísafjarðarsýsla	16	27	60	131	234
Strandasýsla	8	48	56	52	164
Vestur-Húnavatnssýsla	3	57	62	69	191
Austur-Húnavatnssýsla	7	93	71	65	236
Skagafjarðarsýsla	8	173	120	147	448
Eyjafjarðarsýsla	10	168	160	198	536
Suður-Þingeyjarsýsla	19	46	75	224	364
Norður-Þingeyjarsýsla	19	12	26	91	148
Norður-Múlasýsla	11	36	84	151	284
Suður-Múlasýsla	18	46	69	230	263
Austur-Skaftafellssýsla	11	43	35	52	141
Vestur-Skaftafellssýsla	24	49	54	104	228
Rangárvallasýsla	61	139	139	212	551
Árnessýsla	17	35	92	310	454
Á öllu landinu	346	1440	1548	3079	6417
	% 6	22	24	48	(100)

Þegar litið er yfir þessa skýrslu, sjest, að ástandið er mjög slæmt, jafnvel þótt úr einhverju hafi verið bætt síðan. Jeg þekki af eigin reynslu og hefi líka tekið eftir því, að ekkert býli, sem legst í eyði, hefir sæmileg húsakynni. Þegar hafist er handa í svo stórvægilegu máli sem þessu, að halda fólkinu í sveitunum, þá verður fyrst að reyna að koma upp sæmilegum húsakynnum. Það er ekki von, að fólk nú á tímum geri sig ánægt með, eftir vosbúð og slit dagsins, að koma inn í slík húsakynni sem hjer eru víða. Jeg er þakklátur hv. landbn.,

að hún hefir tekið till. minar í þessu efni til greina, og vona jeg, að einhverju af okkar litlu getu verði einmitt veitt í þessa átt. Vitanlega eru aðrar orsakir fyrir fólksflutningunum en þessar, meðal annars þær, sem altaf er verið að stagast á, og líka við kaupstaðarbúa. En þessi fólksstraumur til bæjanna er mjög iskyggilegur, ekki hvað síst fyrir borgarana eða hinn vinnandi lýð í bæjunum, þar sem ekki er hægt að anna þeim viðbúnaði á atvinnutækjum og bjargræðisvegum, sem þyrfti, til þess að allir hefðu nægilegt að starfa, fjölskyldu sinni til framfæris. Ef ekki er sjeð fyrir þessu, er innflutningur til kaupstaðanna aðeins til þess að fækka dagsverkum þeirra, sem fyrir eru. Ástandið er nú svo, að tæplega er orðið hægt að fá fólk úr kaupstöðunum á þá bæi, þar sem ekki er bílvegur að, t. d. svo það geti skroppið til Reykjavíkur um helgar, eins og hægt er í þeim hjeruðum, þar sem samgöngur eru bestar. Það var ein brtt., sem jeg hefði óskað að tekin væri til greina, um meðmæli hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Jeg held, að ef sveitarstjórn ætti að mæla með styrk til hreppsbúa sinna, að það ætti að vera því skilyrði bundið, að hreppurinn væri ábyrgur fyrir láninu. Þetta væri miklu öruggara fyrir stjórnina, ef hægt væri að koma slíku við. Jeg hefi lagt það til, að búnaðarsambönd fjórðunganna mæltu með þessum lánum, því það mundi óhlutdrægara og tryggara en þótt hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsstjóri legði eitthvað til málanna, nema þá með ábyrgð. Ef hægt væri að koma því við, þá væri búnaðarsambandið betur fallið til þess að mæla með láninu, því það hefir víðari sjóndeildarhring. Þetta hefi jeg þó ekki gerhugsað, og má vel vera, að landbn. geti athugað þetta betur.

Þá er áætlað í 4. gr., að vextir nemi aðeins 2%. Jeg held, að ekki sje heppilegt að hafa mjög lága vexti af þessum lánum. Jeg býst ekki við, að þjóðin sje svo efnum búin, að hún geti haldið þessari starfsemi áfram á næstu árum, nema hún fái nokkra vexti af því fje, sem lagt er fram, og víst er það, að meira verður ágengt með því að sjóðurinn fái þá vexti, sem fært þykir að taka eftir vist tímabil. Jeg get fallist á þá till., að lánin sjeu afborgunarlaus fyrstu 5—10 árin; þó mundi eflaust nægja 5 ár í flestum tilfellum, og borga síðan 4—4½% í vexti. En um það má deila, hvort heppilegra sje. Þá stendur það í 7. gr., að upphæð framlaga til nýbýla megi nema alt að ⅔ verðs. Það er í sjálfu sjer ekki neitt við því að segja. Það er mjög sanngjarnt, að menn geti fengið þetta lán, en það verður að vera skilyrði fyrir því, að þeir hafi undir öllum kringumstæðum af sjálfs sín ramleik vissa upphæð handa á milli. Það er oft ilt að greina sundur, hverjum veita skuli lán. En sá ætti jafnan að ganga fyrir, sem hefði þessu úr að spila, er hann ræðst í búskapinn. Því fremur er þá hægt að ætlast til, að hann geti eflst í honum, sem ekki er byrjað út í bláinn. Þá er og síður hætt við braski, sem hv. 2. þm. Skagf. mintist á að gæti komið fyrir. Úr þeirri hættu er dregið verulega, ef gert er að skyldu að viðkomandi eigi eitthvað til.

Þá held jeg, að ákvæðin í 8. gr., þar sem nefndin hygst að fyrirbyggja, að býlin gangi kaupum og sölum o. fl., sje frekar til óþurftar, eins og yfirleitt að leggja á kvaðir til að hindra að sá, er ræðst í að koma upp býli, hafi óskert-

an rjett til að hafa upp úr því það sem hægt er án íhlutunarrjettar annara. Flestir eru svo gerðir, að þeir vilja fá að njóta í friði árangurs af starfi sínu. Og það er álit fjölda mætra manna, að þjóðjarðarsalan hafi orðið okkur Íslendingum til góðs. Hún leiddi til þess, að bændur eignuðust ábýli sín, og það varð aftur til þess, að þeir lögðu meira í sölurnar til þess að bæta eignarjarðir sínar. Jeg held, að ekki megi leggja kvaðir eða höft á það, að viðkomandi geti fengið alt sem hægt er upp úr býli sínu, ef hann ætlar að selja eða koma því í peninga og taka annað fyrir. Það er ekki um að tala, að það geti rýrt eignina. Að vísu getur komið fyrir að sá, er lætur tilleiðast, komi til með að líða við skiftin. En það er þá ekki nema vasaskifti á þjóðarauði, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir.

Jeg hefi svo ekkert sjerstakt við nál. að athuga, og sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það á þessu stigi málsins. Eins og jeg gat um í upphafi, og hv. þm. er kunnugt, liggur nú fyrir sú leið, er jeg gat um. Með frv. háttv. landbn. eru lagðir æði góðir drættir að þessu máli framvegis. Það hefir komist þetta lengst og er nú á rjettri leið. Það hefir verið borið fram stundum áður. En það er jafnan svo um góð mál, að ekki er gott að láta þau reka hornin í, ef þau eiga að ganga fram til sigurs. Jeg get sagt það um fyrirsögnina, að hún skiftir auðvitað ekki miklu máli. En ef á að gefa sig við því, að byggja upp jarðir, sem eru að mestu í eyði, af því að þar skortir húsakynni, eða leggjast í eyði af öðrum ástæðum, þá er nafnið, að jeg held, eins heppilegt: bygginga- og landnámssjóður, eins og líka hefir verið á ferðinni áður.

Þetta eru aðeins bendingar á þessu stigi málsins, og læt jeg svo útrætt um það í bili.

Tryggvi Þórhallsson: Það mætti ætla, að miklar umræður yrðu um þetta mál. Því að það er eitt allra stærsta málið, sem nú er á dagskrá þjóðarinnar, ekki síst frá sjónarmiði þeirra manna, sem álíta, að framtíð landsins verði að byggjast fyrst og fremst á landbúnaðinum. Það þarf enginn að ímynda sjer, að landbúnaðurinn geti orðið öflugur stólpi undir þjóðfjelagsbyggingu nútímans, með því að endurvekja hið gamla fyrirkomulag, stór bú með mörgum vinnuhjúum. Það verður að vinna að því, að fjölga heimilunum bæði út um sveitir og í nánd við kaupstaðina, og ekki síst þar. Þar er aðstaðan best, atvinna og markaður við hendina, og með því er mikið fengið.

Það þarf ekki að búast við endanlegri afgreiðslu þessa máls nú þegar. Það mun fullráðið að skipa milliþinganefnd, er rannsaki þetta og önnur mál landbúnaðarins. Með ekki fullkomnari undirbúningi verður það ekki leitt til lykta á þessu þingi. Til þess er það of yfirgripsmikið. Jeg get í sambandi við þessa nefndarskipun látið þess getið, að Búnaðarfjelag Íslands hefir, sumpart í samráði við hæstv. atvrh. (MG), ákveðið að styrkja Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra til utanferðar til þess að kynna sjer löggjöf um þetta efni í nágrannalöndunum, til þess að búnaðarfjelagið geti veitt sem fylstar upplýsingar.

En þó að málið verði ekki afgreitt, væri mjög gott að atkvæðagreiðsla færi fram hjer í deildinni, til þess að nefndin gæti haft eitthvað til að halda sjer

við, og hægt sje að vita um afstöðu þingsins, þótt ekki sje hjer sem fjölmennast í svipinn. Af þeim ástæðum, hve fátt manna er hjer í deildinni, get jeg ekki farið út í einstök atriði þessa máls. Það hefir að minsta kosti þau áhrif á mig og máske fleiri, að mig langar ekki til að hefja langar umræður. Jeg vil aðeins nota tækifærið til þess að lýsa ánægju minni og gleði yfir brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Mjer þótti mjög vænt um að hlýða á ræðu hans og verða var slíks skilnings af hans hálfu, kaupstaðarmanns og elsta útgerðarmannsins í deildinni. Jeg vonast til að það viti á, að gott samkomulag allra aðila fáist um að leiða þetta mál farsællega til lykta.

Að lokum vil jeg beina því til hæstv. forseta, að hann láti ekki, hvað sem öðru líður, fara fram atkvæðagreiðslu að svo stöddu. Þetta mál er þess vert, að sem flestir þm. sjeu viðstaddir.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það hafa komið fram allmargar athugasemdir við málið alment og við till. landbn. En allar eru þær sprottnar af góðum hug til málsins og viðleitni til þess að fá það sem best upplýst og grundvöll sem traustastan undir afgreiðslu þess síðar. Og því get jeg verið mönnum þakklátur fyrir þessar athugasemdir. Jeg hefi áður gert grein fyrir till. nefndarinnar, og það sem jeg tala út frá þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, tala jeg að sumu leyti á eigin ábyrgð, því að nefndin hefir ekki haldið fund síðan.

Háttv. 2. þm. Skagf. talaði ítarlega um málið alment. Fæst af því snerti till. sjálfar, heldur var þess efnis, að honum þótti vanta í frv. Jeg skal taka það fram, að nefndin hefir alls ekki hugsað sjer frv. tæmandi. Að sjálfsögðu verður sett reglugerð jafnframt. Í frv. eru tekin fram grundvallaratriði, en nánari ákvæði myndu verða sett með reglugerð. Það getur verið álitamál, hvað eigi að standa í lögum og hvað í reglugerð. En í stórum dráttum má draga markalínurnar svo, að í lögum eigi að standa alt, sem á að vera grundvallaratriði og sem mest óhreyfanlegt. En í reglugerð á það aftur á móti að vera, sem hreyfanlegra mætti vera, eftir því sem ástæður benda til að breyta þurfi.

Það er rjett, sem hv. þm. gat til, að landbn. vildi afgreiða málið til deildarinnar, til þess að hv. þm. fengi sem best tækifæri til þess að athuga málið.

Nafnið er miðað við frv. eins og það var borið fram í upphafi. Það er ekki óskylt að nema land og stofna ný heimili, til þess að rækta þar land og skapa skilyrði til að lifa af því. Með þeirri útfærslu á verkefni sjóðsins, sem nú er hugsað, getur frekar verið álitamál, hvort nafnið er rjett valið. Þetta kom til tals í nefndinni, en ekki þótti ástæða til að koma með brtt. um nafn sjóðsins, fyr en sjeð væri, hvernig tekið væri útfærslu á verkefni sjóðsins. Það kom til tals í nefndinni annað nafn: byggingarsjóður sveitabýla. Það skiftir í sjálfu sjer ekki svo miklu máli, hvert nafnið er, en sjálfsagt að velja það, sem best er í samræmi við verkefni sjóðsins.

Fyrsta atriðið, sem hv. 2. þm. Skagf. þótti vanta í frv., var það, að gengið væri fram hjá að setja ákvæði til þess að gefa mönnum rjett til að fá útskift land. (JS: Jeg kvartaði ekkert undan því.) Sje þetta misskilningur minn, eða

hafi jeg ekki heyrt það rjett, bið jeg afsökunar. Það er skýrt fram tekið í frv., að land með ákveðnum merkjum og landsnytjum skuli lagt býlinu til æfinlegra nota, og bygt á því, að það reynist nægilegt fyrst um sinn, því að nóg framboð muni vera á löndum bæði úr bygðum býlum og annarsstaðar. Ef reynslan sýndi, að óhjákvæmilegt væri að lögtryggja land til nýbýla, mundi vera hægurinn hjá að bæta ákvæðum um það inn í þessi lög, og jafnvel kanske álitamál, hvort ekki ætti betur við að hafa þau í öðrum skyldum lögum, t. d. landskiftalögum, eða setja um það sjerstök lög.

Þá þótti hv. þm. (JS), sem frv. setti stein í götu nýbyggjenda með því að áskilja ríkinu 1. veðrjett í býlum þeirra. Það má nú segja svo, og væri gott, ef menn sæju fært að gera þeim auðveldara fyrir. Jeg hefi ekki treyst mjer til að stinga upp á öðru, og tel það hinsvegar eðlilegt, eins og til hagar, að ríkissjóður hafi tryggustu ábyrgðina, sem hægt er að gefa. Aðrir mundu leggja minna til og eiga minna á hættu, og ætti því fremur að nægja 2. veðrjettur. Þar sem framlag ríkissjóðs er svo varanlegt, ýmist óendurkallanlegt eða veitt sem lán til langs tíma, er ástæða til að hann hafi 1. veðrjett, öruggustu trygginguna. En það sýnir góðan hug hv. þm. (JS) til málsins, að hann vill rýmka ákvæðin.

Enn þótti honum vanta í frv. ákvæði um það, hve smátt mætti skifta landi. Nokkuð er rjett í þessari aðfinslu, en mikið ekki. Í 3. gr. er tiltekið með almennum orðum, að landið skuli nægja fjölskyldu til framfæris, eftir mati hæfra manna, en ekki miðað við neina ákveðna stærð. Það er mjög örðugt að tiltaka nokkra vissa stærð, og jeg vil segja ógerningur og miður heppilegt. Ástæðurnar geta verið mjög svo misjafnar. Um stærð býlisins kemur til greina landgæði og afstaða til markaðs, hverskonar búskap á að reka þar, hvort heldur kúabú eður sauðbú. Vitanlega þarf búrekstur, sem bygður er aðallega á sauðfjárrækt, altaf meira landrými en kúpeningsbúskapur. Hygg jeg því óþarft að tiltaka lágmarksstærð. Það verður best að láta menn sem sjálfráðasta um það, eftir ástæðum og mati. Hv. þm. (JS) benti á, að þetta væri tiltekið í grasbýlafrv. því, er þáverandi þm. Mýr., Jóhann Eyjólfsson, bar fram á þingi 1914. En þar var hugsað dálitið öðruvísi en hjer; ætlast sem sje til, að grasbýlisábúandi hefði venjulega stuðning jafnframt af öðru en býlinu sjálfu, svo sem t. d. vinnu, og gert ráð fyrir býlunum aðallega í grend við kaupstaðina. En hjer í þessu frv. eru nýbýlin hugsuð sem sjálfstæð býli til framfærslu, reist hvar sem er á landinu, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Þetta getur og að nokkru leyti átt við það, sem hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, húsmannsbýlin dönsku. Þau voru hugsuð og reist á líkum grundvelli og grasbýli Jóhanns Eyjólfssonar. En bæði Danir og aðrar erlendar þjóðir eru meir og meir að hverfa að því ráði, að gera þessi smábýli sem sjálfstæðust. Og það er bending um, að þetta atriði sje rjett hugsað í þessu frv.

Hv. þm. (JS) þótti vafi, hvort rjett væri að binda framlög úr sjóðnum því skilyrði, að hýbýli væri reist í þjóðlegum stíl. Hann óttaðist, að byggingar yrði þá dýrari en ella þyrfti að vera. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort nokkuð er til í því. En það vakti fyrir

mjer, og jeg held að það ætti ekki að valda verulegum kostnaði, að koma í veg fyrir, að mjög óskipulega verði bygt og í þeim stíl, sem ætti illa við landið; einhverjir kassakumbaldar, sem þó ef til vill gæti verið ódýrast. Bæjarstíllinn okkar, sem þykir fara vel við landið, er þjóðlegur og vaxinn upp af sjálfum sjer. Og á sama hátt gæti komið þjóðlegt og hentugt lag á býlin af sjálfu sjer, án þess að fje þurfi til þess að fara. Oft mundi verða byrjað á því að byggja svo fá hús, sem komast mætti af með, og þá ætti að haga því þannig, að auka mætti við eftir þörfum, svo vel færi. Með hliðsjón af því, hvernig bæirnir okkar hafa orðið til, hugsa jeg mjer það þannig: Íbúðarhús og eitthvað af peningshúsum mundi verða bygt saman, en þó ekki undir einu þaki, og bætt við, eftir því sem þörf krefði og efnin leyfðu. Hugsa jeg mjer þá svipinn eitthvað líkan því, sem bæirnir okkar litu út. Það mundi henta ágætlega að hugsa sjer, eins og hæstv. þm. (JS) benti á, að nota til bygginga tilbúinn stein. Hvorki höfum við Íslendingar kunnað það hingað til nje átt þess kost, heldur bygt úr því heimafengna efni, mold og grjóti. Með því að nota steypta steina til þess að byggja upp bæina, gætu þeir vaxið upp í sama þjóðlega stíl og þeir hafa gert úr hinu gamla innlenda byggingarefni.

Þá áleit hv. þm., að rjett væri að tiltaka í frv. hámark byggingarkostnaðar. Þetta getur verið, að það væri nauðsynlegt að ákveða eitthvert hámark, en það mundi auðsjáanlega verða erfitt, og jeg tel það ekki mjög nauðsynlegt, og menn eru ekki svo fjáðir hjer — alment sagt. Það mundi altaf fara nokkuð eftir verðlagi á hverjum tíma, en það er eins og kunnugt er mjög á reiki nú. Nýbyggjendur mundu líka altaf þurfa að hafa nokkurn mátt, fje eða lánstraust, til að leggja á móti. Þetta ætti því að mínu áliti eins vel að vera reglugerðaratriði.

Þá benti hv. þm. á, að ekkert eftirlit væri sett með byggingarframkvæmdum. Ákvæði um þetta má enn setja inn í frv., af þurfa þykir, og er ekki ósennilegt, að þetta mætti sameina við það eftirlit, sem ræktunarsjóðurinn þarf að hafa í sambandi við þau lán, sem hann veitir. Þá benti hv. þm. á það, að ekki væri tilskilið, að nýbýli væru vátrygð, og er auðvitað nauðsynlegt, að það sje ákveðið í lögunum. Ennfremur benti þm. á, að engin trygging væri sett fyrir því, að býli legðust í auðn. Þetta er alveg rjett, en jeg verða að segja, að það er mjög óljóst fyrir mjer, hvaða tryggingu er yfirleitt hægt að setja fyrir slíku með lögum. Hinsvegar tel jeg litla hættu á, að svo geti farið með býli, sem eftir ákvæðum frv. eiga að vera bygð innan takmarka bygðra sveita. Ástandið hlyti þá að breytast á annan veg en menn alment munu óska, ef gera þarf ráð fyrir slíku.

Jeg get tekið undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ástæðan til þess að býli hafa lagst í auðn sje sú, að húsum hefir verið svo mjög áfátt og farið hrörnandi smátt og smátt, vegna þess að ábúendurnir hafa ekki verið þess megnugir að halda þeim við. Vegna fjárskorts hafa svo engir treyst sjer til að reisa þessi býli við aftur.

Þá benti háttv. þm. á það, að engar kröfur væru gerðar um ræktunarframkvæmdir nýbyggja. En það segir sig sjálft, að þörfin yrði þar mesta aðhaldið og tryggingin. Því aðeins er hægt

að búa á þessum býlum, að landið sje ræktað, og hefir nefndin hugsað sjer, að stuðning til ræktunarinnar fengju menn með lánum úr ræktunarsjóði, og kemur því til greina það eftirlit, sem hann hefir með sínum lánum. Hinsvegar hefir nefndin ekkert á móti því, að ákvæði um þetta sje sett inn í lögin eða reglugerð. Þá spurði hv. þm., hvort þessi kjör væru ætluð stóreignamönnum eða fátæklingum. Það er rjett, að í frv. eru engin eignatakmörk sett, og getur vel verið, að þeirra þætti þörf, einkum að ofan. Það er auðvitað, að þessi kjör eru ekki ætluð þeim mönnum, sem sjálfir eru færir um þessar framkvæmdir, en hjer er svo lítið af slíkum mönnum. En að því er snertir takmörk að neðan, þá hefði jeg helst ekki viljað setja þau. Enda ætti þeirra ekki að vera þörf, því að það segir sig sjálft, að eitthvað verða menn að geta lagt á móti, bæði bústofn og annað, til þess að geta notfært sjer kjör sjóðsins. Algerlega efnalausir menn, sem ekki njóta neins stuðnings frá öðrum, ættu þess, því miður, engan kost, að stofna til nýbýla. Þessi atriði snerta nú að mestu verkefni frv., eins og það var í upphafi. Að því leyti sem háttv. þm. talaði um útfærsluna á verkefni sjóðsins, eins og lagt er til í nál., eftir till. hv. 3. þm. Reykv., virðist hann vera henni frekar andvígur. En nefndin lítur svo á, að þetta verkefni, að viðhalda bygðum býlum, sje alveg hliðstætt og jafnnauðsynlegt hinu, að byggja upp nýbýli; einkum ef um er að ræða býli, sem annars mundu leggjast í auðn. En vitanlega eru ekki settar sömu reglur um þá starfsemi eins og hina.

Eins og jeg tók fram áðan, hefi jeg tekið þetta fram út af þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, en ekki af því, að jeg geti ekki fallist á að frv. geti verið í ýmsu áfátt. En nefndin lítur svo á, að í frv. beri að setja fyrst og fremst hin óhreyfanlegu grundvallaratriði, en hin önnur, sem hreyfanlegri þurfa að vera, og mega teljast frekar aukaákvæði, eigi að setja með reglugerð, og verður þá að fara eftir reynslunni, jafnótt og hún kemur fram, um ýmislegt, enda verður hún besti grundvöllurinn til að byggja slíkar reglur á.

Þó að jeg hafi skrifað ýmislegt upp eftir hv. 3. þm. Reykv., þá var það hvorttveggja, að það voru ekki venjulegar aðfinslur, heldur talaði hann af velvild til málsins, eins og vænta mátti, eftir því, sem áður hafði fram komið frá honum. Hv. þm. þótti ekki víst, að rjettara væri að fara eftir till. hreppstjóra og hreppsnefnda, eins og nefndin leggur til, en eftir till. búnaðarsambandanna. En í fyrsta lagi er engin trygging fyrir því, að búnaðarsambönd sjeu jafnan til, og í öðru lagi mundu þau altaf verða að byggja álit sitt á tillögum einstakra manna, sem sje sinna trúnaðarmanna, sem væru ekki jafnkunnugir staðháttum og hin staðlegu stjórnarvöld, sem frv. til nefnir.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um, að honum þætti afgjaldskvöðin, 2%, of lágt sett, þá má vera, að það sje álitamál. En gæta verður þess, að setja það ekki hærra en svo, að nýbyggjendur fái undir risið. Auðvitað er það hugmyndin, að hafa þetta svo ljettbært fyrir nýbýlastofnendur sem unt er, enda er vitanlegt, að þeir mundu flestir eiga við allmikla fjárhagsörðugleika að stríða. Og þó að afgjaldskvöðin sje lág, þá verður þetta ævarandi kvöð,

eða þangað til ef býlin verða keypt undan henni. Jeg held, að menn megi líka athuga það, að það er ekki einskisvert fyrir ríkið, að menn fáist til þess að haga svo ráði sínu sem hjer er gert ráð fyrir. Það er nú svo, að hávaðinn af fólkinu vill alls ekki vera í sveitum, og jeg lít svo á, að menn megi vera þakklátir, meðan einhverjir fást til að vera þar.

Þá líkaði hv. þm. ekki stefna nefndarinnar að því er snertir hugmynd hennar um að hindra óeðlilega verðhækkun og brask með þessi býli, og vildi láta nýbyggjendur njóta allrar þeirrar verðhækkunar, sem þeir gætu fengið. En nefndin setur með till. sínar engar hömlur á það, að þeir fái að njóta eðlilegrar verðhækkunar, sem stafa af framkvæmdum þeim og umbótum, sem þeir hafa gert á býlunum. Hún telur sjálfsagt, að menn njóti eðlilegrar verðhækkunar, sem menn hafa sjálfir skapað. En hitt væri jafnóheppilegt og óeðlilegt, að verðið hækkaði svo við „spekulationir", að býlin yrðu eftir á svo dýr, að ekki væri hægt að lifa á þeim. En svo gæti farið, og svo hefir farið, af því að í okkar löggjöf hafa engin ákvæði verið, sem hafa hindrað óeðlilega verðhækkun á jörðum, og því vill nefndin nú setja skorður við því um þessi býli.

Þá mintist hv. þm. á það, að málið yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Jeg geri nú heldur ekki ráð fyrir því, eftir það, sem fram er komið, en jeg hafði hugsað, að þingið mundi vilja vinna sem best að málinu og koma því sem lengst áleiðis, eftir því, hvað hv. þdm. hafa sýnt því góðan hug. Jeg hjelt um eitt skeið, að enginn mundi leggja kapp á, að málinu verði á þessu stigi vísað til nefndar í landbúnaðarmálum.

Jón Sigurðsson: Jeg býst ekki við því, að gefa neitt tilefni til, að umr. haldi áfram. En út af ræðu hv. frsm. vildi jeg þó fara nokkrum orðum um þau atriði, sem við erum ekki alveg sammála um. Hv. frsm. gekk inn á ýms atriði og viðurkendi, að margar aðfinslur mínar hefðu verið á rökum bygðar. Viðvíkjandi því, að fyrsti veðrjettur sje settur sem trygging fyrir byggingarkostnaði, þá vil jeg biðja hv. frsm. að athuga það, að þó að ríkissjóður leggi mikið í hættu, þá verður fyrst að líta á aðalatriði málsins, að fá land til að byggja á. Það verður auðvitað að ganga á undan. Með öðrum orðum, ef þessu ákvæði er haldið, að skylt sje að setja fyrsta veðrjett sem tryggingu fyrir byggingarkostnaði, getur það orðið til þess, að fátækir menn geti alls ekki uppfylt skilyrði laganna, vegna þess að landið væri bundið að fyrsta veðrjetti fyrir sínu eigin verði. Með því móti mundu þeir menn, sem mesta þörf hefðu á því að njóta þessara góðu kjara, vera útilokaðir.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að ekki væri ástæða til að ákveða lágmark, í því efni, hve smátt mætti skifta jörðum. Það liggur þó í augum uppi, að til þess að nýbyggjendur geti lifað á jarðrækt eingöngu, þarf að fylgja býlinu talsvert land, mismunandi stórt að vísu, eftir staðháttum og markaðsskilyrðum; sje ekki sjeð fyrir þessu, myndast kotbýli, sem enginn getur lifað á. Það ætti að vera auðvelt að finna hæfilegt lágmark, sem væri miðað við það, sem hæfilegt væri að lifa af með fjöl-

skyldu án aukaatvinnu, og jafnframt yrðu þá gerð glögg skil á milli býlis og þurrabúðar. Aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, hafa ekki sjeð sjer annað fært en að ákveða lágmark, hvað smátt megi skifta, og nýlega sett lög um þetta efni.

Þá mintist hv. frsm. á stílinn, og get jeg tekið undir það með honum, að mjer þykir bæjastíllinn íslenski fallegastur á sveitabæjum, en hann nýtur sín þá fyrst og er þá fyrst fallegur, þegar komnar eru 4—5 burstir. Hitt er jafnvíst, að þó íslenski bæjastíllinn sje fallegur og fari vel við landslagið, þá hefir hann reynst dýrari, m. a. vegna þess, hve þakflöturinn er stór og dýrt að búa um sund, svo að vel fari. Þó að mjer þyki þessi stíll fallegur, vil jeg ekki láta einskorða býlin við hann, heldur vil jeg, að gerðir sjeu frumdrættir að fleiri fyrirmyndum, svo að hægt sje að velja úr eftir efnum og ástæðum.

Þá taldi hv. flm. (HStef) ekki hægt að ákveða byggingarkostnað hvers býlis, þar sem óvíst væri, hve stór þau þyrftu að vera. Þingið verður þó að gera upp við sig, hvort þessi styrkur á að koma mörgum eða fáum einstaklingum til góða. Hjer er ekki um að ræða nema 200 þús. kr., og ef áætlað væri að hvert býli kostaði 20 þús. kr., þá yrðu það aðeins 10 býli, sem styrksins nytu; slíkt næði vitanlega ekki nokkurri átt, og eitthvert hámark verður að setja, sem ekki má fara yfir. Mjer finst, að þingið geti ekki kastað því yfir á stjórnina að ákveða í hvert skifti, hve mikið skuli veita til hvers býlis. Þetta eru líka hugsuð smábýli, sem lítið hafi um sig, og það hlýtur að vera hægt að komast að nokkurnveginn ákveðinni niðurstöðu um það, í samráði við byggingarfróða menn, hvert hámark lánsupphæðarinnar megi vera.

Þá sagði hv. flm., að sjer væri óljóst, hver ráð yrðu við því sett, að býlin legðust ekki í auðn. Jeg átti ekki við, að þau yrðu lögð alveg í auðn, heldur höfð með öðrum jörðum. Mjer finst, að við þessu mætti t. d. hafa það einfalda ráð, að ef býlið hyrfi úr sjálfsábúð, þá yrði sá maður, sem þess væri valdandi, skyldaður til að greiða þegar alla lánsupphæðina með fullum vöxtum.

Þá mintist hv. flm. á ræktunarkröfurnar, og taldi þörfina fyrir ræktun mesta aðhaldið í þessu efni, svo að lagasetningar þyrfti naumast við. Þar greinir okkur töluvert á. Í mínum augum er það höfuðatriði, að nýbyggjendur sjeu skyldaðir til að rækta, því að hús í sveit, sem ekki fylgir ræktað land, eru venjulega lítils virði, og án ræktaða landsins yrði aðstaða nýbyggjanna engu betri en húsmenskufólks. Þá taldi flm. ekki þörf á að setja eignatakmörk að neðan, af því að búandi yrði jafnan að geta lagt eitthvað fram, til þess að geta sett saman bú. En hann gæti t. d. tekið alt að láni, og afleiðingin orðið sú, að hann þrifist ekki og yrði að hröklast í burtu eftir nokkur ár. (**HStef**: Þá kæmi annar í staðinn). Já, að vísu, en það er ekki tilgangurinn, að þessi býli eigi að ganga kaupum og sölum. Jeg skil þetta mál svo, að styrk til nýbýla eigi að veita þeim einum, sem líklegir þykja til að geta komið upp sjálfsæðu býli og rekið það sjer og sínum til framfæris. En fyrir alveg eignalausan mann er slíkt vonlaust. Það væri talsverður styrkur, þó að hann ætti ekki nema 1500 kr. Aðrar þjóðir hafa álitið nauðsynlegt að setja slíkt eignatakmark og ekki viljað láta svona styrk í hendurn-

ar á mönnum, sem ekki eiga grænan eyri. Það eru líka bestu meðmælin með manni, sem ætlar að fara að reisa bú, að hann sje búinn að eignast talsvert. Maður, sem kominn er á þann aldur og á ekki neitt til neins, er hvorki líklegur til þess að inna mikið ræktunarstarf af hendi eða geta skapað sjer og sínum sjálfstætt heimili, þótt hann fái hagstætt lán til þess.

Það er ýmislegt fleira, sem jeg hefði getað minst á í sambandi við þetta mál, en jeg hefi nú drepið á aðalatriðin og læt það nægja. Jeg skal aðeins drepa á eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann kvað Dani vera komna langt í þessum efnum. Það er að vísu rjett, en vegna líkra staðhátta í Noregi og Norður-Svíþjóð, tel jeg rjettara fyrir okkur að taka þau lönd til fyrirmyndar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer sýnist, að það muni verða samkomulag um að vísa þessu máli til milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, sem ákveðið er að skipa á þessu þingi, þegar það hefir verið rætt hjer við þrjár umræður. Af því leiðir, að sú atkvæðagreiðsla, sem hjer fer fram, getur ekki átt við nema stefnuatriði málsins, og hefir því ekki alveg sömu þýðingu og venjuleg atkvæðagreiðsla við 2. umr. máls. Jeg tek þetta fram, vegna einstakra atriða í frv., sem jeg teldi fara betur að hafa á annan hátt. En aðalatriðum málsins er jeg staðráðinn í að fylgja, og jeg tel þetta eitt af hinum eftirekarverðustu málum, sem fram hafa komið alllengi.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Mjer þykir ekki ástæða til að ræða frekar um þessi einstöku atriði málsins, sem við hv. 2. þm. Skagf. erum ekki alveg sammála um. Við höfum hvor um sig lýst skoðun okkar, og við það getur setið í bráð. Jeg skal aðeins geta þess, að jeg vil helst ekki setja nein ákvæði um eignatakmörkin að neðan, sem orðið gæti til þess að hindra fátæka menn frá að njóta þessara kjara. Það er sýnilegt, að maður, sem reisir bú, verður annaðhvort að eiga einhverja fjármuni, eða þá að njóta trausts annara manna. Jeg tel það engu lakari meðmæli með manninum, að hann njóti trausts annara manna, heldur en hitt, að hann eigi einhverja ákveðna krónutölu. Við þekkjum þess mörg dæmi úr landbúnaðarsögu okkar, að bú hafa verið reist af ótrúlega litlum efnum, og þó hepnast vel. Jeg sje heldur ekki mikla hættu því samfara, þó að nýbyggi verði að gefast upp. Býlið er til eftir sem áður og ekkert aðalatriði, hver fær þar staðfestu. Maður mundi koma í manns stað. Jeg hlýt að sætta mig við, að málinu verði vísað til milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, ef deildin vill hafa þá afgreiðslu, og eins og hæstv. atvrh. tók fram, er þá atkvæðagreiðslan nú vitanlega ekki algerlega bindandi um einstök fyrirkomulagsatriði.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., næsta dag, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 88, 189, n. 350).

ATKVGR.

Brtt. 189, 1—12 teknar aftur.

— 350, 1 samþ. með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt,

HStef, HjV, IngB, JG, JK, JÓl, JörB, BSv.

nei: SigurjJ, BL, JakM.

Fjórir þm. (ÓTh, HK, JAJ, JS) fjarstaddir.

1. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 2 samþ. með 21. shlj. atkv.

2. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 3 samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. þar með ákveðin.

Brtt 350, 4 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 5 samþ. með 20 : 1 atkv.

5. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 6 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 7 samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 8 samþ. með 18 : 1 atkv.

8. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 350, 9, a. (ný 9. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 350, 9, b. (ný 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 350, 9, c. (ný 11. gr.) samþ. með 19 : 1 atkv.

Brtt. 350, 9, d. (ný 12 gr.) samþ. með 18 shlj atkv.

Brtt. 350, 10 samþ. með 18 : 1 atkv.

9. gr. (verður 13. gr.) þar með ákveðin.

Brtt. 350, 11 samþ. með 18 : 1 atkv.

10. gr. (verður 14. gr.) þar með ákveðin.

Brtt. 350, 12 samþ. með 20 shlj. atkv.

11. gr. (verður 15. gr.) þar með ákveðin.

Brtt. 350, 13 samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr. (verður 16. gr.) þar með ákveðin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 484).

Jörundur Brynjólfsson:* Þegar landbn. tók þetta mál til meðferðar, þá bjóst hún við, að ekki mundi vinnast tími til þess, að koma því gegnum þingið. Henni var það ljóst, að með þeim stutta tíma, sem hún hefir yfir að ráða, mundi hún ekki geta undirbúið málið svo vel, að ekki yrði sitt hvað við það að athuga, og að ýmsu leyti þyrfti það að taka breytingum. Hinsvegar vildi nefndin gjarnan, að málið kæmi hjer til meðferðar þessarar hv. deildar, til þess að hv. deildarmönnum gæfist kostur á að láta álit sitt í ljós og flytja brtt. við það, ef þeir annars æsktu þess.

Nú hefir þetta mál verið hjer til 2. umr., og er nú komið til hinnar 3., og jeg verð sem nefndarmaður í landbn. að lýsa yfir því, að jeg er hv. deildarmönnum þakklátur fyrir undirtektir þeirra við málið og tel, að það hafi að ýmsu leyti grætt á því, að það kom hjer til umr. Hinsvegar þykir mjer og fleirum í nefndinni sennilegt, að ekki vinnist tími til að afgreiða þetta mál, og við gerum tæplega ráð fyrir, að það sje svo mikið eftir af þingtímanum, en málið hefir grætt mikið á þeirri meðferð, sem það hefir þegar fengið.

En þar sem búið er að ákveða að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga og gera tillögur um landbúnaðarlöggjöf landsins, þá teljum við meiri hl. landbn., að þetta mál eigi ekki hvað síst þar heima, og að það eigi að vera rannsóknarefni hennar, hvernig þessu máli skuli

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

ráðið til lykta. Við teljum betur á því fara, að það sje vandað sem best til undirbúnings þessa máls, því að jeg hygg, að öllum deildarmönnum geti komið saman um, að það ríði á miklu, að því verði vel ráðið til lykta, þegar löggjöf verður sett um þetta efni.

Okkur meiri hl., landbn. hefir því komið saman um að leggja til við þessa umr., að málið gangi ekki lengra á þessu þingi, og að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, vil leyfa mjer að lesa upp. Rökstudda dagskráin hljóðar svo:

„Með því að ákveðið er að skipa milliþinganefnd á þessu þingi til þess að íhuga og gera tillögur um landbúnaðarlöggjöf landsins, þar á meðal um stofnun nýbýla, og ennfremur með því að svo er áliðið þings, að ekki er líklegt, að tími vinnist til að afgreiða málið sem lög frá þessu þingi, þá ályktar deildin að vísa málinu til stjórnarinnar með þeirri áskorun, að hún leggi fyrir milliþinganefndina að taka það til vandlegrar athugunar og undirbúnings fyrir næsta þing, — og tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (BSv): Þessi rökstudda dagskrá frá hv. 2. þm. Árn. (JörB) er þá einnig til umræðu hjer, og mun koma til atkvæða.

Halldór Stefánsson: Sem flutningsmaður þessa máls finn jeg ástæðu til að lýsa ánægju minni yfir því, hve það yfir höfuð hefir fengið góðar undirtektir hjer í þessari hv. deild. Sjerstaklega vil jeg þá lýsa yfir því, að jeg er þakklátur þeim mönnum, sem mesta athygli hafa veitt málinu, sjerstaklega þeim hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og hv. 2. þm. Skagf. (JS), því að fyrir þeirra aðgerðir og athugun hefir málinu best þokað áfram. Jeg get ennfremur lýst ánægju minni yfir því, hve hæstv. atvrh. hefir tekið vinsamlega undir þetta mál.

Það kom hjer fram þegar við 2. umr., að það mátti skilja það, að menn þættust óviðbúnir að afgreiða þetta mál til fullnustu, enda kom það fram, að sumir vildu afgreiða málið þegar við 2. umr. á þann hátt, sem nú er fram kominn. Jeg verð þó að telja betur farið, að það varð ekki, hvernig sem nú fer, vegna þess að jeg tel, að málið hafi grætt á því að þokast þannig áfram, og að einstakar greinar frv. komu hjer til atkvæða við 2. umr. og menn með atkvæðagreiðslu sinni hjer hafa lýst nokkuð eindregnu fylgi sínu við höfuðatriði málsins og meginhugsun frv. En sú meginhugsun var annarsvegar að vinna að því, að fjölga sjálfstæðum býlum í sveitum þessa lands, og hinsvegar að hjálpa til að byggja upp hin bygðu býli í landinu, eftir þeim nánari reglum, sem eru í frv.

En jeg hefði nú fyrir mitt leyti þorað að fylgja þessu máli lengra, því að í mínum augum er það tiltölulega einfalt mál. Það eru eiginlega ekki neitt flókin atriði, sem hugsað er til að setja hjer löggjöf um, en það er hinsvegar miklu meira undir því komið, hver vilji er um þetta. En málið er ekki svo mjög vandasamt, því að þó að komið hafi fram allmargar athugasemdir við frv., sjerstaklega frá hv. 2. þm. Skagf., þá eru þær þó ekki þess eðlis, að ekki væri sumpart hægt að taka þær til greina við frekari meðferð málsins, og

sumpart atriði, sem jeg tel, að frekar hefðu átt að standa í reglugerð.

En af því sem mjer var kunnugt um, og jeg geri ráð fyrir, hvaða afgreiðslu þetta mál muni fá, því að vitanlega var mjer kunnugt um þá tillögu, sem hv. meiri hl. landbn. hefir gert, þá var ekki ástæða til að taka þessar athugasemdir nánar til greina með breytingartillögum.

Þó að jeg fyrir mitt leyti vel hefði þorað og enda viljað fylgja því, að málið hefði fengið að ganga fram, þá get jeg þó hinsvegar skilið það, að menn sjeu dálítið hikandi og vilji komast hjá því að leysa þennan vanda af höndum sjer, að taka fullnaðarákvörðun um málið eins og nú stendur á. Það er náttúrlegt, af því að þetta er nokkurt nýmæli, og þá er skiljanlegt, að mönnum þyki þetta stuttur umhugsunarfrestur, og jeg get lýst yfir því, að jeg er ekki svo tiltakanlega óánægður með að málið fái þá afgreiðslu sem hjer er lagt til, þótt jeg hinsvegar hefði ekki talið þess þörf og teldi, að það hefði mátt ganga lengra.

Því hefir nú verið barið við, eins og líka rjett er, að það væri lítið eftir af þingtímanum og því ekki líklegt, að málið gangi fram til fulls, og því get jeg sætt mig við þessa afgreiðslu.

Jeg vænti, eins og hæstv. atvrh. hefir tekið í málið, að það sje vel komið með þessari afgreiðslu, og ber fylsta traust til hans um það, að hann vilji láta sýna málinu fylstu athygli.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. (JörB) sagði, þegar hann lagði fram þessa rökstuddu dagskrá, hefi jeg ekki annað að athuga en það, að mjer þótti það koma í ljós hjá þeim hv. þm. (JörB), sem jeg að minsta kosti ekki vissi fullljóst áður, að það hafi frá upphafi verið hugsun a. m. k. sumra nefndarmanna, að málið gengi ekki lengra. Það er satt; málið hefir legið lengi fyrir nefndinni, en það stafar af því, að nefndin hafði mörg mál til meðferðar, og tók þau fyrir að mestu leyti eftir röð, og jeg get játað það á mig, að jeg gerði ekkert verulegt til þess að fá málið fyr tekið fyrir, vegna þess að mjer þótti þetta eðlilegir starfshættir. Hitt vissi jeg ekki fyr, en jeg veit það þá nú, að sumir hv. meðnefndarmenn mínir hefðu unnið að afgr. málsins með þessari hugsun frá upphafi.

Jörundur Brynjólfsson:* Háttv. flm. (HStef) hefir misskilið ummæli mín áðan, og á jeg ef til vill sök á því sjálfur, með því að komast eigi nógu skýrt að orði, en það hefir þá verið alveg óviljandi fyrir mjer.

Jeg sagði, að við nefndarmenn hefðum búist við því, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi, en þar með vildi jeg ekki láta koma fram, að nefndin hefði af ásettu ráði tafið fyrir málinu. Við nefndarmenn fundum sárt til þess sjálfir, hvað málið fjekk lítinn undirbúning hjá okkur, en við höfðum ekki ráð á þeim tíma, sem þurfti, til þess að undirbúa það til hlítar. Með öðrum orðum: við sáum okkur ekki fært að verja svo löngum tíma, sem þurft hefði, til þess að undirbúa málið að fullu, svo að örugt væri, að það gæti gengið í gegn í þinginu. En það var síður en svo, að það væri meining nefndarinnar frá upphafi að hindra framgang málsins.

Það hefir nú sýnt sig, að rjett var sú skoðun nefndarinnar, að ekki mundi

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

vinnast tími til þess að afgreiða málið, því að nú er orðið svo áliðið þingtímans, að jeg tel vonlaust, að það geti orðið afgreitt. Við 2. umr. kom það greinilega í ljós, sem vænta mátti, að ýms atriði í þessu frv. eru þess eðlis, að nauðsynlegt er að taka til íhugunar stórmiklar breytingar á frv., áður en það yrði samþykt. Þetta var landbn. líka ljóst, en henni vanst ekki tími til að vinna að því, og eftir 2. umr. þótti meiri hl. nefndarinnar best fara á því, að þessi hv. deild rjeði afgreiðslu frv., og deildin vísaði málinu til hæstv. stjórnar með svipuðum formála og við höfum lagt til, í trausti þess, að sú milliþinganefnd, sem á að íhuga alla landbúnaðarlöggjöfina, fái málið til meðferðar, svo að það komi betur undirbúið en nú fyrir næsta þing. Í svona stórvægilegu máli skiftir það ekki miklu, hvort það kemst í framkvæmd ári fyr eða síðar. Hitt varðar mestu, að það sje vel úr garði gert upphaflega.

Mjer þykir leitt, ef jeg hefi komist svo óljóst að orði áðan, að hv. flm. (HStef) heldur, að jeg og meðnefndarmenn mínir höfum ekki unnið með heilum hug að málinu. Við höfum sannarlega unnið að því af alhug, en þó ekki eins rækilega og við hefðum óskað, vegna þess, hvað tíminn var naumur. Jeg vona að hv. flm. sje þó ljóst, eftir það, sem jeg hefi nú sagt, að vinnubrögðin í nefndinni og dagskrártill. stafa aðeins af góðum hug til málsins. Og jeg vona, að hann sætti sig við dagskrártill., því að jeg býst við því, að málið mundi ekki græða verulega á þeirri meðferð, sem það fengi hjá hv. Ed., yrði því vísað þangað, þar sem nú er svo áliðið þingtímans.

Hákon Kristófersson:* Vegna þess að jeg var ekki viðstaddur, þá er málið var til 2. umr., og vegna þess að jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þykir mjer hlýða að fara um það nokkurum orðum.

Jeg skal þegar taka það fram, að jeg skrifaði ekki undir með fyrirvara vegna þess, að jeg áliti ekki, að hjer væri mikilsvert mál á ferðinni, en jeg treysti mjer ekki til þess að gjalda frv. jákvæði út úr deildinni, eins og það er. Það hefir ekki verið hægt að benda á neinar líkur til þess, að hag ríkissjóðs sje svo háttað, að bæta megi á hann 200 þús. kr. aukagjaldi árlega, enda þótt einhverjar tekjur kæmi í móti. Og það var þetta stóra fjárhagsatriði, sem gerði mig ragan við að afgreiða málið. Að hinu vildi jeg stýðja, að það kæmi til umræðu og athugunar hjá væntanlegri milliþinganefnd, sem á að athuga landbúnaðarlöggjöfina. Sú nefnd hefir vitanlega mikið að vinna, og ef litið er til þess gróða, sem orðið hefir af starfi annara milliþinganefnda, þá býst jeg nú við því, að till. hennar verði að meira eða minna leyti svo, að þær verði ekki haldgóðar, og þess vegna skal jeg síst fara að lofa hana áður en till. hennar koma, enda þótt jeg vilji að óreyndu sýna henni það traust, að fela henni þetta mál.

Það segir sig vitanlega sjálft, að þegar gert er ráð fyrir slíkum fjárframlögum árlega og hjer er gert, þarf að gera ítarlegar tryggingarráðstafanir til þess að ekki sje farið illa með það fje. Það verður að vera svo um hnútana búið, að þær byggingar, sem reistar verða, sje ekki neitt handahófstildur, sem hverfi

*) Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

úr sögunni eftir nokkur ár, svo að ekkert sjáist eftir.

Þó að jeg vilji lúka lofsorði á hv. flm. fyrir það, að honum gengur gott eitt til og vill, að eitthvað sje gert til viðreisnar landbúnaðinum, þá verð jeg þó hinsvegar að segja það, að það er ekkert vandaverk að ákveða, að verja skuli úr ríkissjóði hundruðum þúsunda. Hitt er meiri vandinn að sjá um, að það fje fáist í ríkissjóð. En þótt bent sje á, að eitthvað megi spara, sem ekki er jafnnauðsynlegt, þá dreg jeg nú samt í efa, að horfið verði að því ráði.

Jeg hefi altaf álitið það viðsjárvert, að skifta ríkissjóði í aðra smærri sjóði, og jeg er á móti því enn. Þó getur verið til það málefni, sem rjettlætir það að einhverju leyti. En hjer er hvorki um meira nje minna að ræða en 200 þús. kr. á ári, og eftir tíu ár eru þau útgjöld orðin á þriðju miljón króna. Þetta eru svo stórkostleg útgjöld, að jeg álít, að það eigi að vera fyrsta verk væntanlegrar milliþinganefndar að búa svo um hnútana, að þetta verði hyggindi, sem í hag koma.

Sem sagt, þá mun jeg greiða dagskrártill. atkvæði, og jeg vil taka fram, að það sem jeg hefi nú sagt, hefi jeg ekki sagt af óvilja til málsins, heldur eingöngu af því, að jeg álít ríkissjóð ekki færan um að taka á sig þessa byrði, og svo hitt, sem leiðir af sjálfu sjer, að frá svona stórmáli þarf að vera svo vandlega gengið að öllu leyti, að engir hnútar rakni.

Jón Sigurðsson: Við 2. umr. málsins skildist mjer á hv. flm., að málið mundi ekki fara lengra en til 3. umr. Jeg hefi því ekki komið fram með þær brtt. við frv., sem jeg lýsti við 2. umr. að væru nauðsynlegar og hv. flm. viðurkendi, að væru rjettar. Ef þessar breytingar hefðu komist fram, mundi jeg fyrir mitt leyti hafa verið með því, að málinu yrði vísað til hv. Ed. En vegna þess að engar þær breytingar, er allir telja nauðsynlegar til bóta, liggja fyrir, og þar sem nefndinni hefir ekki unnist tími til þess að bera frv. þetta saman við hliðstæða löggjöf annara þjóða, og þar sem loks, að nú er samþykt að skipa milliþinganefnd til að athuga landbúnaðarlöggjöfina, og þá um leið þessa hlið hennar, þá felst jeg á till. nefndarinnar, og með því fororði, sem þar er.

Mjer er það líka ljóst, að svona máli á ekki að hraða mjög. Meðferð þeirra mála, sem manni eru kær, á að vanda sem allra best. Og hjer stendur einmitt þannig á, að það er mikil hætta á því, að ef einhver mistök verða í byrjun, þá geti þar af leitt vantrú og tortrygni, sem gæti orðið mjög hættuleg fyrir málið um lengri tíma. Það er ávalt best að vanda vel, það sem lengi á að standa. Jeg veit, að háttv. flm. er þetta ljóst, og mjer skildist á niðurlagi ræðu hans, að hann gæti fallist á það, að málið yrði afgreitt á þann hátt, sem nefndin leggur til.

Halldór Stefánsson: Jeg vil taka það fram, út af því, sem hv. frsm. (JörB) sagði um það, að jeg hefði misskilið sig, að hafi jeg skilið hann öðruvísi en hann ætlaðist til, þá kæri jeg mig ekki um að halda fram, að hann hafi sagt það, sem hann vill ekki sjálfur kannast við.

Þótt jeg sjái ekki ástæðu til þess, eins og sakir standa, að ræða málið almennt, þar sem sýnt er, hverja afgreiðslu

það fær, þá vil jeg þó minnast ofurlítið á þennan fyrirvara, sem hv. þm. Barð. (HK) gerði grein fyrir. Jeg kannast við þessar ástæður hans, því að þær komu fram í nefndinni. Honum þykir það mest um vert, hvað þetta er stórt fjárhagsmál. En fyrir mjer er það aðalatriðið, hvað mikið vinst á móti. Það er að vísu allmikil upphæð, sem farið er fram á, en þó ekki nema 2% af tekjum ríkissjóðs, eins og þær hafa verið nú að undanförnu.

Hv. þm. (HK) sagði, að það þyrfti að gera tillögur um það, hvernig fjárins yrði aflað. Þetta mál hefir verið til meðferðar í þinginu áður, og þá fylgt tillaga um það, hvernig fjárins skyldi aflað, og mjer skilst, að einmitt það hafi verið ástæðan til þess, að málinu var þá ekki jafn vel tekið og nú. Jeg hugsa mjer, að teknanna verði aflað á sama hátt og til annara þarfa ríkissjóðs, eftir því sem þarfirnar krefja. Hv. þm. (HK) hafði það við frv. að athuga, að það væri ekki sett sem höfuðskilyrði, eins og vera bæri, að þeir, sem fengi fje til nýbýla, reistu varanlegar byggingar. Þetta skilyrði er einmitt sett með almennum, en berum orðum í frv., en ætlast til, að nánari ákvæði um það yrðu sett með reglugerð.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) kvaðst hafa skilið mig svo, við 2. umr., að jeg byggist við þeirri afgreiðslu, sem málinu er nú ætluð. Það er satt, og mjer gat ekki komið það á óvart, eftir að allir þeir, sem töluðu við 2. umr., höfðu látið það í ljósi, að afgreiðslan ætti að vera þessi. Og eins og jeg tók fram áðan, þá sætti jeg mig allvel við það, að málið fái þá afgreiðslu, sem nefndin leggur til, enda mun ekki þýða að standa í móti straumnum. Jeg get skilið það, að mönnum þyki málið ekki nógu vandlega athugað, en það hefir þó sjálfsagt mátt athuga það talsvert betur, ef það hefði fengið að ganga áfram. Það má og rjett vera, að frv. sje ekki fullnægilega borið saman við samskonar lagaákvæði annara þjóða. Við 2. umr. var það mest borið saman við „Husmands"-býli Dana, en löggjöf um þau er bygð á öðrum grundvelli en hjer er gert. Hjer á að koma upp sjálfstæðum býlum, en húsmennirnir dönsku hafa eigin búskap í hjáverkum. Í Noregi mun það vera eitthvað líkt. En stefnan í þessu máli hjá öðrum þjóðum er nú sú, að nýbýlabændur fái sjálfstæðari framfærslu af býlunum sjálfum en þeir hafa haft, og það sýnist mjer einmitt vottur um, að þetta frv. fari í rjetta átt. Það er ekki laust við, að jeg einmitt óttist nokkuð, að menn vilji of mjög binda sig við samanburð við löggjöf annara þjóða. Í þessu tel jeg að geti falist nokkur hætta, því að aðrar ástæður eru hjer en í öðrum löndum. Við eigum því fyrst og fremst að hugsa um að sníða löggjöf okkar við okkar hæfi, byggja á okkar eigin hugsun og staðháttum, og reyna að vera sem frumlegastir, þegar við tökum ákvarðanir um aðalatriðin. En þar með segi jeg ekki, að við megum ekki hafa hliðsjón af því, hvernig er hjá öðrum þjóðum.

Eins og jeg hefi sagt, þá sætti jeg mig eftir atvikum allvel við þá afgreiðslu málsins, sem hjer er lagt til, og mun því sitja hjá atkvgr., hvorki greiða atkv. með nje móti till.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins með fáum orðum að gera grein fyrir atkv. mínu út af þessari rökst. dagskrá. Þetta er mjög óvenjuleg at-

kvgr., sem hjer ber að höndum. Venjan er sú, að þegar fram kemur till. um að vísa einhverju máli til stjórnarinnar eða vísa því frá með rökst. dagskrá, þá er það til þess að fella málið, en er aðeins mildara form. Ef um það væri að ræða, þá er jeg viss um, að hv. flm. (HStef) og margir fleiri mundu verða á móti því að afgreiða málið með dagskrá. Þetta er svo óvenjuleg afgreiðsla, að í dagskránni eru einmitt meðmæli með frv. Og þegar svo stendur á, að skipa á nefnd til þess að íhuga landbúnaðarmálin, þá ber að skoða þessa afgreiðslu vingjarnlega. Jeg hefði nú samt álitið það enn myndarlegri afgreiðslu, ef málið hefði verið afgreitt með því að samþ. það. Það hefði líka verið hinn besti eftirrekstur á eftir málinu af deildarinnar hálfu. Jeg hefði því heldur kosið, að landbn. hefði lagt til, að Nd. samþ. frv. fyrir sitt leyti. En þar sem nefndin hefir nú komið með þessa till., og lætur fylgja henni meðmæli með málinu, þá kann jeg ekki við að vera á móti henni. Jeg mun því, eins og hv. flm. (HStef), sitja hjá við atkvgr. um dagskrártill.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin, frá meiri hl. landbn., samþ. með 14 : 4 atkv.

4. Innflutningsgjald af bensíni.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um innflutningsgjald af bensíni til viðhalds vegum (þmfrv., A. 112).

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Jeg bjóst ekki við því, að mál þetta kæmi til umræðu í dag, en jeg sje þó ekki ástæðu til þess að óska frestunar á því, því að hjer er ekki langrar framsögu þörf. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þegar bifreiðum tók að fjölga hjer á landi, þá kom það brátt í ljós, að þær slitu mjög vegunum. Það þótti því sanngjarnt, að bifreiðaeigendur ljetu eitthvað af mörkum, sem endurgjald fyrir slit akveganna. Með lögum nr. 56, 27. júní 1921 var lagður skattur á bifreiðar, og var skatturinn miðaður við hestorku vjelarinnar. Reynslan hefir nú sýnt, að þessi mælikvarði er ekki rjettlátur, því að það er að sjálfsögðu ekki hestorka vjelarinnar, sem veldur því, hve mikið slit bifreiðin orsakar á vegunum, heldur hitt, hve mikið henni er ekið. Bifreiðaeigendur hafa fundið til þessa órjettar. Þeir höfðu hugsað sjer að senda ríkisstjórninni áskorun um að breyta lögunum um þetta efni, en urðu of seinir fyrir með undirskriftir. Því var það, að þeir á elleftu stundu báðu mig að flytja frv. þetta. Áskorunin er undirskrifuð af 175 bifreiðaeigendum, 87 eigendum fólksflutningsbifreiða og 88 eigendum vöruflutningabifreiða. Jafnframt sendu þeir greinargerð, þar sem þeir benda á, hversu núverandi bifreiðaskattur sje órjettlátur. Sem dæmi nefna þeir, að 4 manna Ford-bifreið gjaldi í skatt 22 × 8 krónur, eða 176 krónur, því að vjel hennar hefir 22 hestöfl, en skatturinn er 8 krónur af hestaflinu. En hins-

vegar geldur 14 manna Fiat-bifreið ekki nema 14 × 8, eða 112 krónur, en allir sjá, að hún hefir betri aðstöðu til þess að greiða þyngri skatt, þar sem hún tekur 14 farþega, en hin ekki nema 4. Þá bentu þeir líka á það, að yfirbyggðar vöruflutningsbifreiðar, sem notaðar eru til fólksflutninga, þyrftu ekki að borga nema ¼ af fólksflutningsbifreiðaskatti, en þær rúma fleira fólk en nokkur fólksflutningsbifreið og hafa því betri aðstöðu til þess að afla tekna. Ennfremur bentu þeir á það, að oft kæmi það fyrir, að bifreiðaeigendur ættu gamlar bifreiðar, sem þeir vissu ekki hvort þeir ættu að rífa niður eða láta gera við. En af þeim verða þeir að borga fullan skatt, þótt þær standi heilt ár inni í skúr. Oft er það einnig, að bifreiðar bila, og það tekur langan tíma að ná í varahluti í þær, en skatt verður að gjalda af þeim á meðan, eigi að síður. Jeg held, að það sje óþarfi að rökstyðja það frekar, að núgildandi skattur er órjettlátur. En þá er að athuga, hvort mín breyting er rjettmæt. Það er nú vitanlegt, að bensíneyðslan segir sæmilega til um það, hve mikið bifreiðin er notuð, en eftir notkuninni fer slitið á vegunum mikið. Mjer hefir verið bent á það, að skatturinn mundi koma rjettlátlegar niður, ef tollur væri líka lagður á gúmmí, því að það segði eigi síður til um slit á vegunum. Þessu skýt jeg fram, hv. fjhn. til athugunar, en til hennar mun jeg leggja til, að málinu verði vísað. Jeg veit nú að vísu, að bensín er notað til annars en bifreiða, en þó hygg jeg, að það muni ekki vera í ríkum mæli.

Jeg ætlast til, að þessi skattur, sem greiddur verður, samkv. frv. mínu, jafngildi núverandi bifreiðaskatti. Jeg hefi því miður ekki getað fengið skýrslur um bensín-innflutning á árunum 1925 og 1926, en hefi skýrslu frá árinu 1924. Þá voru flutt inn 508 þús. kíló af bensíni, en það ár var bifreiðaskatturinn 23600 kr. Með öðrum orðum, ef mín uppástunga hefði gilt þá, hefði skatturinn orðið tæpum 2000 kr. meiri. Nú hefir bifreiðaskatturinn hækkað eitthvað; hann er áætlaður 30 þús. fyrir árið 1928, en jeg tel víst, að bensíninnflutningur hafi aukist hlutfallslega. Ríkissjóður mun því ekki bíða neinn skaða, þó þetta frv. nái fram að ganga. Eins og menn vita, eru greiddir 30 aurar í vörutoll af hverjum 50 kg. af bensíni. Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að leggja til, að sá tollur verði afnuminn, því að þessi nýi skattur rennur í sjerstakan sjóð til viðhalds vegum eins og bifreiðaskatturinn.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Árni Jónsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessu frv., heldur til þess að skjóta nokkrum bendingum til nefndar þeirrar, sem frv. verður vísað til. Eins og hv. þdm. hafa heyrt, breytir þetta frv. skipulagi því, sem nú er. Í stað bifreiðaskattsins á að koma skattur á bensínið. Þetta virðist í sjálfu sjer rjettlátara, en það er vegna annara bensínnotenda, sem jeg vildi segja nokkur orð. Hv. flm. (ÓTh) sagði, að bensínnotkun mundi vera lítil til annars en bifreiða. En notkun bensíns til annars er að fara í vöxt. Á Austurlandi er mikill smábátaútvegur. En flestir eru farnir að nota vjelar í bátana, sem eyða bensíni. Eins mun það vera á Vesturlandi, eftir því sem forseti Fiskifjelagsins sagði mjer. Þetta mun vera

í nokkuð stórum stíl, því að forseti Fiskifjelagsins komst svo að orði, að það væri „urmull" slíkra báta, sem notuðu bensín. Þótt þeir noti ekki bensín að öllu leyti, þá mun það þó vera ¼ eldsneytis þeirra. En það er algerlega rangt, að þeir borgi þennan toll af bensíni, og vil jeg því skjóta því til hv. fjhn., að koma með undanþágu ákvæði fyrir þá. Þá mun þess og ekki langt að bíða, að flugvjelar komi hingað. Þær eru frekar á bensín. Er því spurning, hvort ekki muni einnig rjett að gera strax undanþágu með bensín til flugvjela, því að ekki slíta þær vegum landsins frekar en bátarnir. Þetta ætti hv. nefnd að taka til athugunar.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg verð að játa, að jeg varð mjög undrandi, er hv. 2. þm. G.-K. kvaðst bera þetta frv. fram samkv. áskorun margra bifreiðaeigenda. Jeg hefi nú sjeð listann hjá honum og rengi hann ekki, en á honum virðist mjer bera mjög á mönnum, sem eiga „privat"-bíla, en minna á þeim eigendum bifreiða, sem nota þær til manna- og vöruflutninga. Stærstu bifreiðafjelögin vantar alveg. Auk þess er mjer kunnugt um, að tillaga svipuð þessu var borin upp á fundi í Bifreiðarstjórafjelagi Íslands, þar sem eru fjölmargir bifreiðaeigendur, en þar var hún feld með öllum atkv. gegn 3, og einn af þessum þremur var bifreiðarstjóri hjá Kveldúlfi. (**ÓTh:** Það sýnir bara, hvað bifreiðastjórar Kveldúlfs eru vitrari en aðrir!) En aðalatriðið í þessu máli er það, hvort leggja skuli skatt á bensín í þessu skyni, og ef svo er, hvað sá tollur skuli þá vera hár. Tollurinn verður eftir frv. 8,35 á hverja bensíntunnu, ef reiknað er af nettóvigt, en 10 kr. 50 aur., ef reiknað er með umbúðum, eins og vörutollurinn samkv. gildandi lögum, og er það gífurlegur skattur, ca. 10—15% af útsöluverði bensínsins. Samkvæmt skýrslum voru flutt inn árið 1925 880 tonn af bensíni brúttó, en það gerir 5270 tunnur. Bensíntollurinn yrði þá samkvæmt þessu um 15 þús. krónur, af bensíninu nettó, en 55 þús. kr., ef reiknað er með umbúðum, en bifreiðaskatturinn sama ár var 25 þús. kr. eftir landsreikningi. Hjer er þá farið fram á að hækka bifreiðaskattinn um helming eða meira. Það er nú atriði út af fyrir sig, hvort eigi að hækka skatt á bifreiðum eða ekki, og finst mjer reyndar síst vera ástæða til þess að íþyngja þessum samgöngum með auknum skatti En þá er hitt atriðið, hvort rjett sje yfirleitt að leggja til þess toll á innflutt bensín. Með því að miða skattinn við hestorkur, er eftir gildandi lögum gerður sá munur, að mannflutningsbifreiðar gjalda hærri skatt, en vöruflutningsbifreiðar lægri, og er það rjettlátt, að ljetta undir með vöruflutningunum. Í öðru lagi eru eftir gildandi lögum þær bifreiðar, sem minst ganga, svokallaðir „lúxusbílar", sem notaðir eru auðugum mönnum til skemtunar, látnir greiða fullan skatt. En samkvæmt þessu frv. má heita að þeir sleppi. Jeg sje enga ástæðu til þess að hlífa þeim mönnum, sem hafa efni á því að eiga bifreiðar sjer til gamans, þó að þeir láti þær standa inni kanske mikinn hluta ársins. Jeg álít að þeir geti borgað fullan skatt. Ef borinn er saman skatturinn, eins og hann er nú og eins og hann verður samkvæmt þessu frv., þá fimmfaldast skatturinn á vöruflutningabílum og hækkar að mun á fólksflutningsbílum og kemur harðast

niður á þeim, sem í lengstum ferðum eiga, með öðrum orðum þeim, sem ganga út um Gullbringu- og Kjósarsýslu og til Suðurlandsundirlendisins. Það er því síður en svo, að hv. 2. þm. G.-K. sje með þessu að vinna í þágu kjósenda sinna, frekar en endranær.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er algerlega á móti þessu frv. og mun greiða atkvæði á móti því til 2. umr. Jeg vænti, að hv. þdm. sjái, að hjer er verið að íþyngja vöru- og fólksflutningum til hagsmuna þeim, sem „lúxus"-bifreiðar eiga, nota þær sjer til skemtunar og færastir eru að borga.

Flm. (Ólafur Thors): Út af ræðu hv. 2. þm. N.-M. skal jeg geta þess, að mjer finst sjálfsagt, að bendingar hans verði teknar til greina. Jeg hjelt, að notkun bensíns til smábátaútgerðar væri lítil, en ef annað reyndist sannara, er sjálfsagt að taka tillit til þess og koma því bensíni undan tolli, sem til hennar fer.

Þá skal jeg víkja lítið eitt að ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Honum kom hálfókunnuglega fyrir sjónir, að hjer skyldi liggja fyrir áskorun frá mörgum bifreiðaeigendum, og virtist hann vera hálfmæddur yfir því. En jeg get nú sagt honum það, að jeg hefi aldrei lagt mikið upp úr þessari áskorun, eins og jeg legg heldur ekkert upp úr því, hvort nokkuð svipað þessu hefir verið samþykt eða felt í Bifreiðarstjórafjelagi Íslands. Jeg hefi flutt þetta frv. vegna þess, að jeg tel það rjettlátt, og að því færði jeg rök í fyrri ræðu minni. Jeg vil ekki vera að þreyta hv. þdm. með því að endurtaka þau hjer aftur. Jeg veit, að allir hv. þm. hafa skilið þau. Háttv. 4. þm. Reykv. flutti mjer nýja fregn um innflutning bensíns á árinu 1925. Jeg leitaði til hagstofustjórans um þær upplýsingar, en hann gat ekki gefið mjer þær. Jeg er hv. þm. þakklátur fyrir upplýsingarnar, en þær hefðu ráðið öðru hjá mjer en honum, ef jeg hefði vitað þær fyrri. Jeg hefði þá lagt til, að skatturinn væri ákveðinn ⅖ lægri. En jeg vænti þess, að hv. fjhn. noti þessar upplýsingar og lækki skattinn í samræmi við þær. Hv. þm. gat þess, að með þessu kæmi fram hjá mjer löngun til þess að hlífa þeim, sem eiga „luxus"-bíla. Þetta er með öllu rangt. Þegar jeg var beðinn að flytja þetta frv., þá sá jeg strax, að núgildandi lög um þetta efni voru ranglát, og vildi jeg gera mitt til þess að bæta úr því. Ef þinginu sýndist svo, að leggja sjerstakan skatt á „luxus"-bíla, þá skal jeg ekki vera á móti því. En sá skattur á ekki sjerstaklega að renna til viðhalds vega. Þar er um alt annað mál og aðra stefnu að ræða. Annars virtist mjer mesta armæða hv. 4. þm. Reykv. vera sú, að jeg væri með þessu frv. að vinna á móti kjósendum mínum. Það á ekki úr að aka með umhyggjuna fyrir mjer gagnvart kjósendum mínum. En jeg get skotið því til hans, að þegar hann er búinn að hjálpa mjer um upplýsingar, svo jeg get lagt til, að skatturinn verði lækkaður, þá kvíði jeg því ekki, að mínir og hans kjósendur geti ekki risið undir honum. Þó mínum kjósendum sje þörf á því að fá vörur fluttar heim til sín, þá er þeim líka þörf á því að ferðast á milli sjálfum, og er því ekki meiri ástæða til þess, þeirra vegna, að ljetta undir vöruflutningum en fólksflutningum. En það er alveg greinilegt, að sje vöruflutningum íþyngt með frv., þá er alveg að sama skapi ljett á fólksflutningum.

Þegar jeg kom fram með þetta frv., var það vegna þess, eins og jeg hefi áður sagt, að jeg vildi bæta úr órjetti. Það er ástæðulaust með öllu að bregða mjer um það, að jeg vilji halda hlífiskildi yfir eigendum „luxus"-bíla. Jeg er reiðubúinn til þess að vera því hlyntur að leggja sjerstakan skatt á „luxus"-bíla og annan óþarfa, sem notaður er af mjer og hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og öðrum burgeisum borgarinnar.

Forsrh.- og fjrh. (Jón Þorláksson): Því er ekki að leyna, að sá grundvöllur, sem nú er farið eftir með bifreiðaskattinn, hestaflatalan, er óhentugur skattsgrundvöllur. Þetta hafa menn fundið víðar en hjer, og erlendis hafa menn leitast við að finna annan grundvöll. Úr því að þetta frv. er fram komið, þá tel jeg rjett að athuga þetta mál í heild í nefnd. Skal jeg geta þess, nefndinni til athugunar, að þetta mál hefir alveg nýlega verið athugað mjög vandlega í nefnd í Danmörku. Þar varð ofan á að leggja þrent til grundvallar, bensín, gúmmí og þyngd bifreiðanna. Að öðru leyti vil jeg minna á það, að eftir vörutollslögunum er innflutningsgjald af bensíni ekki aðeins greitt af bensíninu sjálfu, heldur líka af umbúðunum, en þær eru ekki óverulegur hluti heildarþyngdarinnar. Það má ekki treysta því, að svo verði áfram. Það má búast við því, að farið verði að flytja inn bensín án þess að umbúðirnar fylgi með. Þá kemur fram minni þungi til þess að jafna tollinum niður á, og verður að taka þetta til athugunar, þegar ákveðin er upphæð innflutningsgjalds fyrir hverja þyngdareiningu af vörunni.

Hjeðinn Valdimarsson: Það gleður mig, að hv. 2. þm. G.-K. tekur fræðslu af mjer um þessi efni og vill breyta frv. samkvæmt því, eða a. m. k. taka athugasemdir mínar til athugunar. — Nú hafa bæst við fleiri í hópinn, sem þurftu að fræða hv. þm. (ÓTh). Hv. 2. þm. N.-M. benti t. d. hv. þm. á það, að bensín er notað til annars en bifreiða, og hæstv. forsrh. sýndi fram á, að athuga þyrfti, hvort bensíntollurinn væri greiddur af vörunni án umbúða eða með umbúðum. Það er því nokkuð margt, sem athuga þarf í þessu sambandi, og vildi jeg leyfa mjer að mælast til þess við hv. 2. þm. G.-K., að hann tæki nú frv. aftur, — til frekari athugunar og leiðrjettingar.

Jeg vil í sambandi við þetta mál beina því til hæstv. forsrh. (JÞ), að jeg hefi heyrt, að framkvæmd laganna um bifreiðaskatt sje all-misjöfn á ýmsum stöðum á landinu. Hjer í bænum sje skattur borgaður af bifreiðunum fyrir alt árið, hvort sem þær eru notaðar eða ekki — svo sem rjett virðist vera eftir lögunum — en annarsstaðar, t. d. í Gullbringu- og Kjósarsýslu, aðeins fyrir þann tíma, sem bifreiðarnar eru notaðar. Vil jeg spyrja hæstv. ráðh. (JÞ), hvort þetta sje gert með hans samþykki.

Forsrh.- og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer er ekki kunnugt um, að neinar undanþágur sje veittar frá þessum lögum, en ef hv. 4. þm. Reykv. veit um, að farið sje út fyrir einhversstaðar, þætti mjer vænt um, að hann gerði mjer aðvart um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 63., 64. og 67. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 2. og 5. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 112, n. 435).

Frsm. (Björn Líndal): Eins og sjá má af þskj. 435, þá hefir fjhn. lagt til að mál þetta verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Þar sem nál. er allítarlegt, þá tel jeg óþarft að gera nánari grein fyrir ástæðum nefndarinnar. Dagskráin er þess efnis, að gert er ráð fyrir því, að landsstjórnin safni gögnum til undirbúnings endurskoðaðri löggjöf um skatt af bifreiðum og leggi fyrir næsta Alþingi frv. til laga um þetta efni. Nefndin er sammála um það, að nauðsynlegt sje að endurskoða lögin um bifreiðaskatt og telur þeim allmjög ábótavant og ekki koma rjettlátlega niður á þeim, sem skattinn eiga að greiða. Þegar bifreiðaskattur er lagður á í þeim tilgangi að endurbæta vegaskemdir bifreiðanna, þá á hann að sjálfsögðu að standa í sem rjettustu hlutfalli við þær vegaskemdir, sem hver bifreið veldur. Nefndina hefir brostið gögn til þess að koma fram með ákveðnar till. í málinu, þar eð ekki liggja fyrir opinberar skýrslur um það, hve mikið er flutt inn í landið af gúmmíhringum, nje heldur um þunga bifreiða þeirra, sem í landinu eru. En þetta hvorttveggja er lagt til grundvallar fyrir bifreiðarskatti í nágrannalöndunum. Jeg hygg, að rjett sje að miða skattinn við þyngdina og gummíhringaeyðsluna. En til þess að geta vitað, hve hár hann á að vera, þá þarf að liggja fyrir vitneskja um það, hve mikið flutt er inn af gummíhringjum, vegna þess að því meir sem bifreiðinni er ekið, því meir er notað af hringum og því meiri eru vegaskemdirnar.

Þegar mál þetta var til umræðu hjer á þingi áður, þá komu fram raddir um það, að ekki væri sanngjarnt að leggja þennan skatt á þær bifreiðir, er koma ekki á þá vegi, er ríkissjóður kostar og sjaldan eða aldrei fara út úr kaupstöðunum. Þá komu og fram raddir um að hlífa vöruflutningabifreiðum sem mest við þessum skatti. Þetta hvorttveggja er auðvitað sjálfsagt að taka til athugunar að nýju, en gæta verður þess þá, að vöruflutningabifreiðir eru oft notaðar einnig til mannflutninga, einkum á sumrum.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um mál þetta fleiri orðum, en skal aðeins geta þess, að Danir vanda mjög til löggjafar um þetta efni og hafa meðal annars skipað milliþinganefnd til að athuga málið. Nefndin telur því rjett að bíða með að setja nýja löggjöf um þetta, þar til málið hefir verið athugað ítarlega af stjórninni, og leggur það til, að dagskrártill. verði samþ.

Ólafur Thors: Jeg get verið hv. fjhn. þakklátur fyrir undirtektir hennar undir þetta mál. Við 1. umr. tók jeg það fram, að jeg hefði flutt málið samkv. ósk margra bifreiðaeigenda. Þeir fengu mjer málið í hendur lítt undirbúið, og jeg hefi ekki haft ástæðu til að búa það svo úr garði sem þörf hefði verið á. Hinsvegar var mjer ljóst, að núgildandi löggjöf um skatt á bifreiðum er óviðunandi. Hv. nefnd hefir fallist á ástæður mínar fyrir frv., en telur sjer ókleift, með þeim undirbúningi, sem málið hefir fengið, að mæla með því, að frv. verði samþykt, en leggur til, að

málinu verði vísað til stjórnarinnar. Jeg er ánægður með þau úrslit og tel mig hafa náð tilgangi mínum, að benda mönnum á, að löggjöfin um þetta efni er ekki rjettlát. Jeg vænti, að hæstv. stjórn sje hv. nefnd og mjer sammála um það, að breyta þurfi löggjöfinni á þessu sviði, og í trausti þess, að hún flytji á næsta þingi frv. um þetta efni, þá mun jeg greiða hinni rökstuddu dagskrá atkvæði mitt.

Magnús Jónsson: Jeg er hræddur um, að hv. flm. (ÓTh) megi vara sig á því að vera fjhn. mjög þakklátur fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Hygg jeg, að hann hafi ekki nægilega áttað sig á því, að þrír nefndarmanna skrifa undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn er í fyrsta lagi bygður á því, að jeg er mótfallinn bifreiðaskatti, af því að jeg tel hann ósanngjarnan, og jeg greiði því atkvæði með dagskránni til þess að koma málinu fyrir nú, en ekki af því að jeg óski eftir neinni löggjöf um þetta efni. Í öðru lagi, þá er jeg ekki samþykkur forsendum dagskrárinnar, því að fyrir mjer vakir, að ef byggja á eingöngu á tolli á bensíni og bifreiðahringum um hæð bifreiðaskattsins, þá er numin burt sú rjettarbót, sem þó er í lögum nú, að ívilna vöruflutningabifreiðum. Það er augljóst, að sje hjer um gjald að ræða í ríkissjóð til þess að bæta vegina, þá nær engri átt, að koma miklum hluta þess á vöruflutningabifreiðarnar, sem eru nær eingöngu í Reykjavík, en koma aldrei á þá vegi, sem bæta á fyrir þennan skatt. Fólksflutningabifreiðarnar gjalda jafnt, hvort sem skattinum er breytt í þetta horf eða ekki, en auknin lendir á vöruflutningabifreiðunum. Jeg legg áherslu á það, að verði lögunum um bifreiðaskatt breytt, þá verði það gert á þann hátt, að haldið verði áfram að ívilna vöruflutningabifreiðunum. — Eins og jeg tók fram í upphafi, þá greiði jeg dagskránni atkvæði, án þess þó að jeg æski nokkurrar löggjafar um þetta efni.

Sigurjón Jónsson: Jeg vildi aðeins nota tækifærið til þess, um leið og mál þetta verður afgreitt til hæstv. stjórnar, að vekja athygli hennar á því, að samkvæmt gildandi lögum er tekið gjald af bifreiðum, sem aldrei nota vegi, er kostaðir eru af ríkinu. Svo er það t. d. á Ísafirði og nágrenni. Þar er ekki um neina þjóðvegi að ræða, en þó þurfa bifreiðir þar að greiða þennan skatt, án þess þó að njóta nokkurra opinberra vega í staðinn. Er nauðsynlegt, að hæstv. stjórn athugi þetta, ef hún ætlar að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta þing, sem jeg tel sjálfsagt að gert verði. Jeg hefi áður vakið athygli á þessu misrjetti, og vona jeg, að hæstv. stjórn taki þetta til athugunar.

Jakob Möller: Það er í sjálfu sjer óþarfi fyrir mig að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og gæti jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem hv. 2. þm. Reykv. (MJ) sagði um afstöðu sína til nál.

Jeg átti sæti í fjhn. á þingi 1921. Var þá borið fram frv. um bifreiðaskatt, og mælti jeg á móti skattinum, því jeg gat ekki sjeð ástæðu til þess að leggja sjerstaklega skatt á þessi samgöngutæki frekar en önnur, þegar sýnilegt var, að bifreiðarnar mundu verða æ almennari í notkun. Það tíðkast nú til sveita, að bændur eigi bifreiðar til flutninga, og það má gera ráð fyrir, að meira

verði um það síðar og að þær komi í stað annara vagna. Er því engin ástæða til þess að leggja gjald á bifreiðarnar, fram yfir önnur flutningstæki, því að venjulegir vagna skemma vegina ef til vill miklu meira en bifreiðarnar. Við meðferð málsins 1921 var því haldið fram, að bifreiðaskatturinn væri ekki hugsaður eingöngu sem vegaskattur, heldur einnig og jafnvel miklu fremur sem „luxus"-skattur, og með þeim röksemdum komst skatturinn á. Og af þessu stafar sá munur, sem gerður er á fólksflutningabifreiðum og vöruflutningabifreiðum, því vitanlega verða fólksflutningabifreiðar altaf mikið notaðar til skemtunar. En með framsögu þessa máls og nál. er lagt til að breyta skattinum í hreinan vegaskatt, og því er jeg mótfallinn, eins og jeg hefi áður verið. Það var rannsakað ítarlega, hvernig þessi breyting yrði í framkvæmdinni, og það reyndist svo, að skatturinn á fólksflutningabifreiðunum breyttist lítið eða jafnvel ekkert, en að breytingin kæmi aðallega niður á vöruflutningabifreiðunum. Jeg hefi fengið nokkrar upplýsingar þessu viðvíkjandi um flutningabifreiðar, sem notaðar eru til mjólkurflutninga í kjördæmi hv. flm. (**ÓTh:** Það er langt síðan jeg heyrði þær!). Jæja, það var ágætt, því að jeg er búinn að gleyma tölunum, en þær sýndu greinilega, að það er rjett, sem jeg hefi haldið fram. — Jeg mun því greiða atkv. með rökst. dagskránni, aðeins til að koma málinu fyrir.

Frsm. (Björn Líndal): Hv. 1. þm. Reykv. taldi þá leið, er jeg talaði um, mundu koma þungt niður á flutningabifreiðum. Líklega hefir það stafað af því, að hann hefir ekki skilið til fulls við hvað jeg átti. Sumar nágrannaþjóðir okkar hafa t. d. valið þá leið, að hafa skattinn tvennskonar, og jafnvel þrennskonar, leggja hann meðal annars á eftir þunga bifreiðanna og hafa hann hlutfallslega því hærri sem bifreiðarnar sjálfar eru þyngri. Í tillögum millilinganefndar þeirrar, sem skipuð var í Danmörku 1925 til að gera tillögur um þetta mál, er t. d. lagt til, að skatturinn verði 8 kr. á hver 100 kg í hinum ljettustu bifreiðum, en 20 kr. á hver 100 kg. í bifreiðum, sem þyngstar eru. Hjer er opin leið til að undanþiggja flutningabifreiðar ósanngjörnum skatti: hafa þær undanþegnar þungaskatti og láta þær borga einungis hringaskatt og litilfjörlegan bensínskatt, svo sem í Danmörku. Þá held jeg, að ómögulegt verði að segja, að flutningabifreiðum sje íþyngt. Annars skal jeg játa, að jeg er ekki nógu kunnugur þessum málum til að færa full rök fram um hvert einstakt atriði, en treysti hæstv. stjórn til að rannsaka málið og undirbúa það vel fyrir næsta þing. Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) gat þess, að rangt væri að taka skatt til viðhalds á vegum ríkissjóðs af þeim bifreiðum, sem aldrei koma á þá vegi. Jeg er hræddur um, að erfitt reynist að greina þar á milli, og það muni óvíða eiga sjer stað, að bifreiðar komist ekki á þjóðvegi, nema e. t. v. í hans kjördæmi. Danir hafa í þessu efni farið þá leið, að margskifta skattinum. Hann skiftist t. d. eftir sjerstöku hlutfalli milli Kaupmannahafnarbæjarfjelags og sveitanna í kring, o. s. frv. Þetta atriði þarf hæstv. landsstjórn einnig að taka til athugunar, og mætti þá sjálfsagt bæta úr agnúanum um Ísafjörð. — Hv. 1. þm. Reykv. virtist vilja finna að því, að nú væri verið að hopa frá þeirri stefnu,

sem ríkt hafi 1921, að láta bifreiðaskattinn vera að nokkru leyti óþarfaskatt. Jeg hefi kynt mjer nokkuð umræður um þetta mál, bæði 1919 og 1921, og finst mjer það koma mjög lítið fram, að þetta eigi að vera óþarfaskattur. Það er að vísu nefnt af einstöku þm., en í því er engin festa. Enda er það enginn hægðarleikur að greina „luxus"-bíla frá öðrum bifreiðum, og í danska nál., sem jeg hefi áður vitnað í, sje jeg, að Danir hafa ekki lagt inn á þá braut, hafa ekki treyst sjer til þess. Vitanlega getur þó hæstv. landsstjórn einnig rannsakað þetta atriði, og gert till. um það, ef henni sýnist það fært.

Magnús Torfason:* Jeg stend upp til þess eins að mótmæla, að sama sje látið ganga yfir vörubifreiðar og fólksflutningabifreiðar, en sú stefna sýnist mjer hafa komið fram hjá nokkrum hv. þdm. Flutningabifreiðar eru notaðar í þágu atvinnuveganna, bæði til lands og sjávar. Ef þær eru skattlagðar, eru það skattar á atvinnuvegina. Í kaupstöðum eru þær t. d. mest notaðar í þágu fiskiveiðanna, og í sveitum til að flytja ýmsar vörur til bænda og frá þeim. — Skattur á mannflutningabifreiðum er aftur á móti nokkurskonar skemtanaskattur yfirleitt. Á það var bent af einhverjum, að með lítilli fyrirhöfn mætti breyta flutningabifreiðum í fólksbifreiðar. Ójá, þetta er hægt; en þá eru þetta opnir vagnar, með óþægilegum trjesætum. Þess háttar bifreiðar eru helst notaðar til að flytja kaupafólk fram og aftur, ásamt vörum. Og jeg held, að ástæðulaust sje að leggja skemtanaskatt á þá, sem leggja á sig að ferðast með þessum farartækjum. Við skulum segja, að t. d. „Kveldúlfur" ljeti setja bekki á fiskbílana sína, og flytti svo verkafólkið í þrastaskóg, þá held jeg að ástæðulaust væri að skattleggja hann sjerstaklega fyrir það. — Með gúmmískatti væri aftur á móti verið að refsa mönnum fyrir að fara vonda vegi, því að þar þarf meira gúmmí. — Þetta vil jeg aðeins taka fram til að leiðbeina mönnum, en ekki til að deila á neinn.

Ólafur Thors: Jeg verð að játa, að jeg hefi misskilið nokkuð fyrirvara sumra hv. nefndarmanna, ef þeir eru yfirleitt á móti bifreiðaskatti, og sjerstaklega á móti þeim, sem mælt er með í nál., sem þeir hafa skrifað undir með fyrirvara. Jeg held, að slíkur fyrirvari sje ekki venjulegur. — Um málið sjálft virðist mjer hv. frsm. (BL) hafa fært fram nægileg rök, og hefi jeg litlu þar við að bæta. — Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. vil jeg geta þess, að hann álítur, að skattur af fólksbifreiðum verði hinn sami eftir þessu frv. og eftir gildandi lögum, en skattur af vörubifreiðum segir hann að muni margfaldast. Sje þetta rjett, þá stafar það eingöngu af því, að innflutningsgjaldið af bensíni er ákveðið of hátt í frv., og er þá ekki annað, sem þarf að gera, en að lækka það. Tilgangur frv. er ekki að auka bifreiðaskattinn, heldur að ná inn nokkurnveginn sömu upphæð á annan hátt. Það sem einn aðilinn tapar, verður öðrum til gróða. — Út af ummælum hv. 1. þm. Árn. vil jeg taka undir það, sem hv. frsm. (BL) sagði, að vel má koma skattinum þannig fyrir, að mikið verði ljett undir með flutningabifreiðum. — Sumir hv. þdm. hafa verið að tala um að hafa þennan skatt jafnframt „luxus"-skatt. En mjer er ekki kunn-

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

ugt um neina „luxus"-bifreið hjer á landi, og jeg held, að þær sjeu áreiðanlega fáar. Því að það verður eigi kölluð „luxus"-bifreið, þótt eigandi noti hana stöku sinnum sjálfum sjer til gamans, ef hann þarf að eiga hana vegna atvinnurekstrar síns. Jafnframt neita jeg því, að fólksbifreiðar sjeu mest til skemtunar hjer á landi. Þær eru tæki til fólksflutninga, sem altaf eru að ryðja sjer meira til rúms, alveg eins og vöruflutningabifreiðar eru tæki til vöruflutninga. Þeir, sem vilja skattleggja fólksbifreiðar meira, vilja það þá fyrir þá sök, að þeir álíta flutninga á vörum nauðsynlegri en flutninga á fólki. Get jeg fallist á, að um það megi deila. — Að öðru leyti mun jeg ekki tefja tímann með frekari umræðum um þetta mál, enda þótt mjer virðist, að sumir hv. ræðumenn hafi ekki skilið það til hlítar. Vona jeg, að það fái þá afgreiðslu, sem hv. fjhn. leggur til.

Jakob Möller: Jeg sje, að það er ekki nægilega skýrt fyrir sumum, sem jeg sagði um breytinguna á bifreiðaskattinum í bensíntoll. Jeg fjekk fyrir nefndarinnar hönd nokkrar upplýsingar um þetta hjá einni stærstu bifreiðastöðinni hjer í bæ. Útkoman varð sú, að með helmingi lægri bensíntolli en frv. gerir ráð fyrir, yrði jafn hár skatturinn og nú er. Þessi stöð á aðallega fólksbifreiðar, en þó nokkrar vörubifreiðar, og eru vagnar hennar vitanlega í gangi alt árið. Það er vitanlega rjett hjá hv. flm. (ÓTh), að aukist skatturinn til muna á sumum bifreiðum, en útkoman verður hin sama, þá hlýtur það að stafa af því, að einhver græðir á umskiftunum. Þarna verða það auðvitað lítið notaðar fólksbifreiðar. Jeg get játað, að það sje rjett, ef menn vilja breyta bifreiðaskattinum í vegaskatt, að leggja hann þá á eftir því, hve mikið bifreiðarnar nota vegina. En jeg get bara ekki fallist á, að hann eigi að vera vegaskattur.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá fjhn., á þskj. 435, samþ. með 20 shlj. atkv.

5. Nýbýli.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að stofna nýbýli (þmfrv., A. 145).

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Á síðari árum hafa komið fram ýmsar tillögur, er fara í þá átt, að efla ræktun landsins og fjölga býlum í landinu. En í þessu máli hefir engin föst lína verið mörkuð, er sýni, hvert stefna skuli, enda engin stefna komið upp, er skeri sig úr, sem tvímælalaust sú eina rjetta. Hjer hefir meir verið um að ræða einstakar tillögur úr ýmsum áttum, fálm, sem vart er marks síns meðvitandi.

Það skal játað, að margt er gert til að stuðla að aukinni ræktun. En menn verða að gera sjer ljóst, að ekki er mikils að vænta, ef ekki er lagt fram meira fje en nú er gert. Það, sem gert hefir verið og gert er til að efla ræktun landsins, er fyrst og fremst fyrir tilstilli og starfsemi Búnaðarfjelags Íslands og með tilstyrk fjár þess, er því er heimilað í fjárlögum árlega, og nú

á síðustu árum ber að nefna ræktunarsjóðinn, er veitir fje að láni til landbúnaðar, og svo loks jarðræktarlögin, sem samþykt voru fyrir nokkrum árum og eru sú lína, sem lögð hefir verið í áttina að markinu. En framkvæmd málsins þolir enga bið. Það verður þegar að hefjast handa.

Eins og endranær erum vjer í þessu efni eftirbátar annara þjóða; þær eru langt á undan oss í að efla ræktun. Þær hafa farið þannig að, að stóru löndin, hvort heldur þau voru opinber eign eða einstaklinga, hafa verið stykkjuð sundur í smábýli eða grasbýli, þar sem ein fjölskylda lifir á litlu landi, sem hún með vinnu sinni og umhyggju ræktar sem best og gerir sem lífvænlegast.

Nágrannaþjóðirnar, og þá sjerstaklega sambandsþjóð vor, Danir, hafa lagt fram mikið fje til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Árið 1925 voru þar stofnuð 147 býli. Alls hefir verið veitt til smábýla 120 milj. króna. Er það að meðaltali 10 þús. kr. á hvert býli. Býlin eru núna 12600. Í þessari skýrslu er sýnishorn af því, hversu miklu betur gangi fyrir þessum býlum en áður fyrir jafnstóru landi. Ræktun og fólksfjölgun eykst við að stykkja í sundur jarðirnar. Til dæmis skal jeg taka eitt stórbýli í Álaborgarhjeraði. Þar í kring bjó fátækt fólk, sem hafði atvinnu á aðalbýlinu. Síðan var jörðin stykkjuð í 50 smábýli. Árið 1909 voru eigandanum gerðar 5000 króna tekjur af landinu og greiddi hann skatt af því. En árið 1918 var greiddur skattur af 87 þúsundum króna. Fyr var býlið virt á milli 80—90 þúsundir króna. Nú eru löndin öll virt á meira en miljón. Áður bjuggu þar 50 manns, nú yfir 300. Framleiðslan hefir aukist á alla lund.

Eitthvað svipað þessu vakir fyrir mönnum hjer. Sú stefna hefir ekki átt upp á háborðið, en jeg er ekki í nokkrum vafa um, að vert er að gera tilraunir í þessa átt. Jeg held, að það þýði ekki eingöngu að safna í sjóð um langan tíma, til þess að koma upp nýbýlum. Það er ágætt með, en málið er þegar svo aðkallandi, að það þarf að taka það kröftugu taki. Hjer er heldur ekki flanað út í neina óvissu. Það má segja, að það eina, sem er vísindalega sannað í þessu landi, er það, að hægt er að lifa á ræktuðu landi, en við höfum ekki mikla reynslu í því efni, að lifa eingöngu á ræktuðu landi. Jarðirnar eru hjer svo stórar. Túnið er bara lítill depill af jörðinni, og auk þess vilja bændur ekki slá ár eftir ár sama blettinn. Nú mundi verða notaður ár eftir ár sami bletturinn, en þá verður líka að hirða hann vel.

Jeg gerði í hitteðfyrra brtt. við ræktunarsjóðsfrv. í þá átt, að sjóðurinn mætti veita lán til að koma upp tilraunabúum eða fyrirmyndarbúum. Jeg ætlaðist til, að þau væru fjögur. Þessari tillögu var illa tekið, og jeg ætla, að fáir af þeim bændum, sem sæti eiga á þingi, hafi greitt atkvæði með henni. Þeir álitu ekki þörf á slíkum búum. En þar mun þeim góðu herrum skjátlast.

Þetta er önnur tillagan, sem kemur af hendi Alþýðuflokksins í þessu máli. Það er líka að mjög mörgu leyti þægilegt að stykkja þannig í sundur stórar jarðir og hafa saman mörg býli. Menn geta á margan hátt unnið saman. Þeir geta notað sameiginlega allar vjelar. Þeir geta verið í samlögum um að selja framleiðsluvörur og kaupa nauðsynjar. Annars hefði margt fleira þurft að taka fram í frv. en gert er, t. d. um að koma upp rjómabúum, samkomuhúsum o. fl.

Þetta hefi jeg ekki gert, af því að mönnum ógnar fjárhagshlið slíkra hluta. Enda gerir ekkert til, þó að einhverju verkefni sje ólokið.

Hv. þdm. hafa eflaust tekið eftir því, að í frv. er gert ráð fyrir að rækta aðeins lítinn hluta lands þess, sem hverju býli er ætlað. Þetta er að nokkru leyti gert vegna kostnaðarins og að nokkru leyti til þess að ætla mönnunum verkefni. Það væri ódýrara að framkvæma holræsagerð og skurði strax, enda er til þess ætlast í frv.

Hvaðan kæmi svo fólkið? munu menn spyrja. Maður gæti hugsað sjer það fólk úr sveitunum, sem annars flytti til kaupstaðanna. Jeg hefi það fyrir satt, að margt fólk flytji úr sveitunum, vegna þess að það vantar jarðnæði. Það getur ekki reist heimili, hröklast burt og rennir kannske blint í sjóinn um atvinnu. Væru nú stofnuð þessi býli og þau lánuðust vel og fólkið yndi þar, gæti jeg hugsað, að haldið yrði áfram á þeirri braut. Jeg er viss um, að ríkissjóður á eftir að styrkja slíka starfsemi, hvort sem þetta frv. verður að lögum eða ekki. Þó að ekki ynnist annað við það en að stöðva straum fólksins til kaupstaðanna, væri mikið unnið.

Jeg hefi nú gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram alt fjeð og taki til þess lán. Eftir því sem jeg veit best, kostar um 11 þúsund krónur að fullrækta 10 hektara land. Maður, sem er þessu nákunnugur, hefir skýrt mjer frá því. Hann gerir ráð fyrir, að opnir skurðir kosti 1980 krónur, holræsi 2300 krónur, girðingar 910 krónur, tæting og jöfnun 2500 kr., herfing, sáning og grasfræ og hafrar 3500 krónur. Ef þessi áætlun er lögð til grundvallar, ættu ekki að fara meira en 5000 krónur í skurði og holræsi í hverja 5 hektara af landi. Í býlið færu um 20 þúsund krónur Að vísu er í frv. ekki gert ráð fyrir girðingum, en um þær munar ekki mikið, og ef til vill mundu ábúendur sjálfir leggja eitthvað af mörkum, meðal annars til girðinga. Ætlun mín er sú, að ríkissjóður láti ekki af hendi býlin, heldur eigi þau og leigi þau út. Annars er hætt við, að þegar menn eru búnir að leggja fram svo og svo mikla vinnu við býlin og þau hækka í verði, vilji þeir selja þau og hverfa frá öllu saman. Að ríkið eigi býlin, er trygging fyrir því, að ekki verði braskað með þau og þau hlaupi ekki í okurverð.

Jeg hefi í frv. tekið til tvö hjeruð, Ölfusið og Holtin, þar sem jeg hefi hugsað mjer, að fyrstu nýbýlin yrðu. Nafnið Holtahreppur er líklega ekki nógu viðtækt, því að Ásahreppur kæmi líka til greina, en hjer er átt við Holtahrepp hinn forna. Á þessum stöðum er landið hentugt til ræktunar og menn eru þar við þjóðveginn og eiga hægra með aðdrætti. Þó að jeg persónulega hafi trú á því, að innan skamms verði lögð járnbraut um þessar slóðir, er ekki hægt að gera ráð fyrir því í frv. Jeg hefi tiltekið mismunandi stórt land í hvorum hreppi. Býlin yrðu stærri í Rangárvallasýslu, af því að ætlast er til, að þau beri fjölskyldu að öllu leyti. Í Árnessýslu yrðu býlin svo nærri sjávarplássunum, að ýmiskonar aukaatvinna kæmi til greina. En reynslan sýnir kannske, að vel ræktaðir 10 hektarar geti framfleytt lítilli fjölskyldu. Smábýlin í Danmörku eru ekki nema 7 hektarar, en þar er eflaust betra land.

Þá held jeg, að jeg hafi tekið fram öll aðalatriði málsins, og vil jeg mælast til, að því verði vísað til landbn. Jeg

vænti því, að þó að hv. þm. sjeu í vígamóð síðan í gær og gangi með blóðugar hendur upp undir axlir, þá lofi þeir þessu frv. að lifa. Þeir komast ekki hjá að fara þessa leið hvort sem er.

Jónas Jónsson: Jeg bjóst við því eftir gömlum vana, að hæstv. forsrh. (JÞ) mundi taka til máls. Það eru ekki nema tvö ár síðan þessu máli var fyrst hreyft hjer, og þá brá hæstv. forsrh. svo, eins og ætti að banna drykkjumönnum þingsetu eða setja drukna embættismenn í steininn. Hæstv. forsrh. komst í ilt skap og hjet á lið sitt að koma með kutann og drepa þetta voða mál, að ætla sjer að fara að rækta landið! Jeg var því að bíða núna, til þess að vita, hvort hið sama ljós mundi ekki skína eins og áður. En það hefir ekki orðið, og sýnir það, hvaða breyting er orðin á viðhorfi þeirra manna til landbúnaðarins, sem hafa verið honum andvígir. Nú getur sá maður, sem kallaður er formaður stjórnarflokksins, setið hjer í deildinni án þess að nota strax það tækifæri, sem honum gefst til að standa upp og þruma gegn landbúnaðinum.

Áður en jeg vík að frv., vil jeg nota tækifærið til þess að benda á, hver straumhvörf hafa orðið í þessu mikla ræktunarmáli. Fyrir tveimur árum kom í stjórnarblöðunum hver greinin á fætur annari um þá goðgá, að landssjóður styrkti ræktun landsins, og hvaða glæpur það væri við landbúnaðinn. Bændur væru gerðir að niðursetningum, og það væri verið að drepa í þeim allan manndóm. En nú í vetur er skilningurinn á þessum málum talsvert að glæðast. Frá allmörgum þingmálafundum hafa komið áskoranir um að taka þau til meðferðar, meira að segja frá Borgarnesi, þar sem stjórnarflokkurinn átti þó í það sinn fleiri menn viðstadda en hinir flokkarnir. Það virðist sem hin upprunalega skoðun hæstv. forsrh. sje farin að upplitast, þannig, að jafnvel fylgismenn hæstv. stjórnar treysta sjer ekki til þess að styðja hana lengur.

Það er auðsjeð, að þó að stjórnarflokkurinn hafi nú á tveimur þingum viljað kæfa landnámsmálið, hefir það verið með af þekkingarleysi. Hann hefir t. d. ekki haft neina hugmynd um, hvernig ástatt er erlendis. Í Danmörku hafa t. d. síðan 1850 verið reist 1500—2000 býli á ári. Ef Íhaldsmenn, sem eru meira og minna hrifnir af ýmsum ágöllum danskrar menningar, hefðu vitað um þetta, hefðu þeir beygt sig fyrir því, ekki af því, að hjer er um merkilegt framfaramál að ræða, heldur einungis af því, að það er danskt. En til þess að snúa þeim, þurfti tveggja ára stöðuga árvekni þeirra manna, sem hafa verið að berjast fyrir heill landbúnaðarins. En, sem sagt, þetta mál er nú komið á það gleðilega stig, að þeir, sem hafa haft áhuga fyrir því, eru nú búnir að plægja jarðveginn nógu lengi fyrir þá, sem ekki hafa þekkingu eða áhuga, svo að þeir eru farnir að bogna undan þekkingunni og áhuganum, og þó að fáfræðin og þekkingarleysið á þessum tíma gleðjist yfir því, að geta felt góð mál frá umr., þá er það í raun og veru þýðingarlaust fyrir endalok slíkra mála, því að þau koma aftur, og þegar góð mál falla, þá þarf enginn að hyggja, að þau sjeu úr sögunni fyrir það. En jeg get glatt hv. flm. þessa máls (JBald) með því, að þó að jeg hafi ekki trú á því formi, sem hann hefir á þessu máli, þá er það ekki svo mikilvægt atriði frá mínu sjónarmiði;

aðalatriðið er það, að jeg skil flutning þessa frv. svo, þar sem hann er formaður eins af þremur mannflestu stjórnmálaflokkum landsins, að áhugi og samúð sje að vakna hjá hans flokki um fjölgun býla, sem kostuð sjeu af ríkissjóði að miklu leyti, og vona jeg, að hv. þm. (JBald) og hans flokkur fylgi málinu eftirleiðis eins fyrir því, þó að í framtíðinni yrði ekki haft alveg það form á málinu, sem hv. flm. hefir notað, ef aðrar leiðir reyndust heppilegri að sama takmarki. Jeg get líka lýst ánægju minni yfir öðru atviki af sama tæi. Jeg heyrði einn af leiðtogum sósíalista halda ræðu í Hafnarfirði, þar sem hann kom inn á þetta mál, og sagðist óska þess, að það yrði fjölgað býlum með landssjóðsstyrk í sveitum, til þess að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum, og sagði, að það væri ólán kaupstaðarbúa, ef fólkinu liði svo illa í sveitunum, að það neyddist til að flytja þaðan. Því að þá þrengdi að í bæjunum, og aðstreymið væri bæði til ills fyrir þá, sem fyrir væru, og þá, sem að kæmu. Óskaði ræðumaður eftir því, frekast af öllu, fyrir íbúa Hafnarfjarðar, að aðstreymið úr sveitunum hætti, en þó ekki fyrir neina óeðlilega hindrun, heldur fyrir það, að fólki í sveitunum liði betur, svo að það þyrfti ekki að taka þátt í þessum óeðlilega þjóðflutningi.

Nú geri jeg ráð fyrir, að það fari að byrja kapphlaup milli þessara þriggja mannflestu stjórnmálaflokka þingsins um þetta mál. Dreg jeg það fyrst af ræðu hv. flm. (JBald), að hans flokkur ætli nú að fara að skifta sjer af þessu máli, með þeim skilningi á því, að býlum verði fjölgað í stórum stíl með opinberum stuðningi. Og ýms rök benda á það, að íhaldsflokkurinn muni ekki treysta sjer lengur til að sýna þvera mótstöðu í málinu, en muni fylgja því, að vísu með hangandi hendi, og reyna að hafa þau áhrif, með ófullkomnu formi, að eins lítið gagn yrði að framkvæmdum eins og hægt væri, með því að gera mögulegt, að jarðirnar lendi í braski, t. d. með því, að fjárglæframönnum sje kleift að hafa gróða af þeim jörðum, sem ríkið hefir hjálpað til að byggja upp. Það er vitaskuld rangt að gera ráð fyrir, að slíkt muni lagast með tímanum; það þýðir ekki að fara hjer að leika upp aftur sama leikinn og með þjóðjarðirnar, sem fyrst var lágt verð á, en svo eftir önnur eða þriðju eigendaskifti var það orðið svo hátt, að engum manni var hægt að búa á þeim. Hv. flm. (JBald) hefir reynt að tryggja þessa hlið málsins, með því að ákveða, að ríkið skyldi eiga jarðirnar, sem þannig væru bygðar upp. Jeg hygg, að það mætti líka koma því öðruvísi fyrir, í sambandi við einkaeign, en jeg skal ekki fara út í það við þessa umr. Það, sem mjer þykir helst að þessu frv. hjá hv. 5. landsk. er það, að það virðist vera of mikið það fjármagn, sem hv. flm. hugsar sjer að landið leggi í hverja einstaka jörð. Í Danmörku er það að vísu reynsla, að húsmannsbýli, sem komið er upp með styrk sveitar og ríkis, kostar frá 20—25000 danskar kr. Jeg þekki ennfremur til um eitt býli hjer inni í Sogamýri, sem mun kosta fullar 30 þús. krónur. Þetta hugsa jeg að geti borið sig rjett hjá Reykjavík og í góðum árum. En jeg vil þó vona, að það sje hægt að koma upp sjálfstæðu heimili fyrir svo sem 5000 krónur, t. d. með láni beint úr ríkissjóði, sem væri með litlum eða engum vöxtum um stundar sakir, þar sem skilyrði eru mjög

heppileg. Annars fyrir 10 þús. krónur, en að reynt verði að komast hjá því, að býlin alment kosti 20 þús. krónur eða þar yfir, vegna þess, að hvernig sem að er farið, hlýtur það að verða svo, að fjármagnið verði takmarkað og málið sækist seint, ef svo miklu er til kostað, og þess vegna er jeg ekki samþykkur hv. flm. um það, að jeg hygg, að það megi víða treysta meira á það, sem kallað er frumkvæði einstaklingsins, og að víða megi finna menn, sem eiga nokkur þús. kr. og mundu leggja fram fje móti styrk eða stuðningi frá því opinbera.

Þá hefir hv. flm. lagt til, sem vel getur verið vit í, að gera eina stóra tilraun hjer á Suðurlandi, nú til að byrja með. En þó að frv. væri samþykt alveg eins og það liggur fyrir, mundi það þó ekki nægja, því að nú er svo ástatt á Skeiðunum, og verður líklega eins í Flóanum eftir veturinn í vetur, að það er ekki hægt að nota grasið, sem þar er komið, nema með því einu móti að býlum fjölgi, og vonlitið að þeim fjölgi nema með styrk úr ríkissjóði, og þess vegna leysir þetta frv. ekki þann vanda, hvernig eigi að færa sjer í nyt áveiturnar á Flóann og Skeiðin. En hitt er rjett hjá hv. flm. (JBald), að þær sveitir, sem nefndar eru í frv., bæði Ölfusið og Holtin, og þó sjerstaklega Holtin, verða sjálfsagt í framtíðinni mikil nýbyggjalönd, einmitt þegar búið er að koma á sterku og heilbrigðu skipulagi til þess að býlum geti fjölgað. Jeg játa, að jeg er um mjög mörg fyrirkomulagsatriði þessa frv. ekki samþykkur hv. flm., en jeg er honum þakklátur fyrir, að hann skilur aðalhugmyndina og nauðsyn þessa máls.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. 1. landsk. hefir ekki gert neinar þær athugasemdir, sem gefi mjer ástæðu til að mótmæla hans ræðu, og hefir yfirleitt tekið vel þessum tillögum mínum, þótt hv. þm. af ýmsum ástæðum sje mjer ekki sammála um alt. En jeg held nú, ef hv. þm. lítur á þetta mál, þá hljóti hann að sjá, að þetta mál þarf mjög bráðrar aðgerðar; það er ekki nægilegt að skjóta því eitthvað út í framtíðina, þangað til að eftir svo og svo mörg ár er búið að aura saman svo marga skildinga, að hægt yrði að reisa nokkur býli, og þó á ódýran hátt. Málið er nú komið í þann hnút, að svo mikill fjöldi fólks er kominn að sjávarsíðunni, að það þarf að fara að beina straumnum til baka aftur.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. var alvara, þegar hann var að tala um sinnaskifti Alþýðuflokksins í þessu máli, því að jeg held, að það hafi aldrei nokkurn tíma heyrst frá þeim flokki, að hann óskaði eftir því, að straumurinn hjeldi áfram úr sveitunum. Jeg held, að hann hafi öðrum fremur talið sjálfsagt, að reynt væri að stöðva þann straum, og það er vitanlega ekki nema eitt, sem hægt er að gera til þess, það er að gera fólkinu lífvænlegt í sveitunum. Svo eru það aðferðirnar, sem greinir á um, og það er það, sem þessar tillögur mínar hníga að, sem fram hefir komið í þessu máli. En af því að málið er svo erfitt, verður ekki hjá því komist, að ríkissjóður leggi nokkuð fram. Það er ekki við því að búast, að einstakir menn, kannske efnalitlir eða efnalausir, fari að ráðast í slíkt fyrirtæki að rækta einhvern lítinn blett, með 8% vöxtum, og byggja þannig upp í sveitunum. Hið opinbera verður að sýna það, hvernig á að fara að í þessu máli, veita mönnum stuðning og leggja höfuðlínurnar í þess-

ari jarðræktarpólitík, eins og annarsstaðar hefir verið gert.

Það er rjett hjá hv. 1. landsk., að jeg hefi ekki leyst spurninguna viðvíkjandi Skeiðunum og Flóanum. Það er líka rjett, að þar verður yfrið gras og óhjákvæmilegt, að reynt verði að nota það, ef ekki á að sökkva niður því fje í ekki neitt, sem lagt hefir verið í þær áveitur, því að það er ekkert fengið með því að hafa gert dýrar áveitur á þessi svæði, ef svo hefst ekkert upp úr því. En jeg hafði annars hugsað mjer, að kauptúnin, Stokkseyri og Eyrarbakki, sem liggja að Flóaáveitunni, gætu notað mikið gras af henni; þar er þurrabúðarfólk, sem gæti fengið landið annaðhvort ókeypis, eða þá fyrir mjög lítið verð. Það þarf ekki sjerstaklega að byggja vegna Flóaáveitunnar, því að það er hægt að ná til hennar án þess, og það eru mjög ódýr hús á Stokkseyri og Eyrarbakka, og fólkið, sem þar byggi, gæti náð upp á áveitusvæðið, til þess að heyja þar, og um leið haft stuðning af atvinnu við sjóinn. Það þarf að skifta landinu og koma skipulagi á það, hvar og hvernig menn vilja skifta jörðunum. En þarna eru nægilega margir þurrabúðarmenn til þess að taka við landinu og vinna það, og að jeg ekki vildi setja bylin niður á áveitusvæðinu, er af því, að ekki er víst, að hægt sje að koma bæjunum fyrir á eins góðum stöðum eins og í Ölfusinu og Holtunum, hjelt að þar væri betra að velja bæjarstæði, heldur en á áveitusvæðinu.

Þá held jeg, að það hafi ekki verið fleira, sem hv. 1. landsk. fann að þessu frv. Það er náttúrlega alveg rjett, að jeg held ekki svo fast við þetta form, að ekki megi eitthvað frá því víkja, og jeg skal taka það fram, að þetta er engin endanleg lausn á málinu í heild sinni. En jeg vil halda því fram, að eitt af því, sem fyrst og fremst beri að gera, sje að leysa úr spurningunum um ræktunarmálið.

ATKVGR.

Frv. var vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 623).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir hönd landbn. Eins og sjest á þskj. 623, leggur nefndin til, að þessu máli verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Er það í tilefni af því, að þingið hefir nú skipað milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, og lítur því landbn. þannig á, að ekki sje ástæða til að láta þetta mál ganga lengra á þessu þingi, heldur megi vísa því frá með rökstuddri dagskrá, til þess að milliþinganefndin taki það ásamt öðrum málum til athugunar.

Jón Baldvinsson: Jeg sætti mig við þá meðferð þessa máls, sem nefndin hefir stungið upp á, því að aðrar till., sem ganga í svipaða átt, fara til þessarar milliþinganefndar, sem skipuð hefir verið til þess að rannsaka landbúnaðarmálin.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá landbn., á þskj. 623, samþ. með 9 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Sauðfjárbaðanir.

Á 33. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 196).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi, miðvikudaginn 30. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Til þess að tefja ekki fyrir öðrum málum, sting jeg upp á, að frv. gangi umræðulaust til 2. umr., og þá verði tekið til óspiltra málanna, og þá komi það fram í umr., er menn vildu út á frv. setja eða um það tala að öðru leyti. **(Nokkrir þm.:** Alveg rjett!).

Árni Jónsson: Jeg vil taka það fram, að jeg er sammála hv. frsm. meiri hl. (HK) og tek undir þau tilmæli hans, að umr. falli niður. En það skilur, að jeg legg til, að frv. verði ekki vísað til 2. umr.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg held fast við það, sem jeg hefi áður sagt. En ef það getur ekki gengið, þá getum við, hv. minni hl. (ÁJ) og jeg, tekið fyrir smá-„diskúsjónir" um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16: 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BL, HStef, HK, IngB, JG, JK, JÓl, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, ÁÁ, ÞorlJ.

nei: HjV, JakM, JS, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ.

Fjórir þm. (JAJ, MG, MJ, BSv) fjarstaddir.

Á 46., 48. og 49. fundi í Nd., dagana 4., 6. og 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 196).

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer finst það rjett, að ekki fari fram atkvgr. um þetta mál, meðan annað frv., svipaðs efnis og komið frá stjórninni, liggur hjer fyrir þinginu óútkljáð. Hv. flm. ættu ekki að hafa neitt á móti því, að atkvgr. við 3. umr. þess frv. fari fram á undan þeirri atkvgr., sem nú stendur fyrir dyrum, því að ef frv. stjórnarinnar verður felt, er nægur tími að greiða atkv. um þetta frv., en verði frv. stjórnarinnar samþ., verður þetta frv. óþarft.

Forseti (BSv): Eftir tilmælum hæstv. atvrh. (MG), verður málið tekið af dagskrá.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg er á öndverðum meið við hæstv. atvrh. um þetta. Það er þarfleysa, að vera að hanga með mál, sem hægt er að afgera strax. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að málið fari nú þegar til 3. umr. Mjer er ekki grunlaust um, að aðferð hæstv. atvrh. (MG) sje einlægni blönduð slægð, í því skyni að tefja þetta frv. á þeirri leið, sem það á að ganga. Jeg vil halda því fast fram, að málið sje nú þegar tekið til umr. og afgert, hvort það skuli fara til 3. umr. eða ekki. Það á það miklu betur skilið heldur en hitt frv., sem samþykt var í dag til 3. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. Barð misskilur algerlega ætlun mína. Tilgangur minn er aðeins sá, að fá útgert um stjfrv. fyrst. Verði það felt, stendur þetta frv. jafn vel að vígi, þótt því sje frestað nú. Verði það hinsvegar samþykt, þá er þetta úr sögunni. Það er enganveginn sjeð fyrir um forlög stjfrv. enn, því að margir sögðu: já, til 3. umr. En það er rjett að sjá, hvernig því reiðir af fyrst.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil benda á, að þótt útrýmingarfrv. verði samþ., þá er hjer í þessu frv. á ferðinni alt annað efni. Það er nokkur frestur, þar til útrýmingarböðunin á að fara fram. Þangað til gæti ákvæði þessa frv. komið í góðar þarfir. Frv. gætu því bæði náð fram að ganga, því að þetta frv. felur í sjer mikla umbót frá núgildandi lögum.

Jeg styð því eindregið tilmæli háttv. þm. Barð., að málið sje nú þegar tekið til meðferðar. Sje háttv. þingmönnum ant um að koma því fyrir kattarnef, þá þeir um það. Jeg tel ekki eftir þeim heiðurinn af að drepa það.

Magnús Torfason: Jeg get ekki skilið í því, hvers vegna þetta mál má ekki fara til 3. umr.; það er þó jafnt á döfinni, hvort það er til 2. eða 3. umr. En hinsvegar, ef hitt frv. verður felt, þá er þetta þó komið lengra áleiðis; nú er þegar liðið á þingið og veitir ekki af að tefja ekki mál að óþörfu. Enginn neitar því með rökum, að frv. sje til bóta frá þeim lögum, sem við höfum nú. Hvað þá heldur, ef það yrði bætt við 3. umr.

Árni Jónsson: „Eggjar nú móðir vor oss lögeggjan", datt mjer í hug, er hv. 2. þm. Árn. (JörB) hóf upp sína snjöllu raust.

Jeg er reiðubúinn að greiða atkv. nú þegar, ef það er ósk háttv. þingmanna. En jeg hafði skilið svo aðstandendur þessa frv., að ekki gæti komið til mála að þetta frv. hjeldi áfram, fyr en út-

sjeð væri um afdrif útrýmingarfrv. stjórnarinnar.

En úr því mönnum er það áhugamál að bitast um málið nú, þá er síður en svo, að jeg hafi fyrir mitt leyti nokkuð á móti því.

Forseti (BSv): Úr því að hv. deildarmenn vilja óðfúsir fá málið tekið fyrir, þá tek jeg það hjer með á dagskrá aftur. — En með því að enginn hefir kvatt sjer hljóðs, er umr. lokið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HK, JK, JÓl, JörB, MJ, BSv.

nei: ÓTh, ÞórJ, ÁJ, JakM, JS, MG.

TrÞ, BSt, BL, JAJ, JG, greiddu ekki atkv.

Þrir þm. (HjV, IngB, KlJ) fjarstaddir.

2.—14. gr. samþ. með 14 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 3 atkv.

Á 55. og 56. fundi í Nd., dagana 19. og 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 196, 387).

Jón Sigurðsson: Jeg þykist sjá, að það sje meiningin að láta þetta frv. fara umræðulaust gegnum þessa umr., en jeg held, að full ástæða sje til að athuga það dálítið nánar, eftir þá atburði, sem nú hafa gerst. Frv. hefir að þessu komist áfram í kjölfar frv. um útrýming fjárkláða, sem verið var að fella rjett núna.

Aðalbreytingin, sem í þessu frv. felst, er sú, að umsjón með böðunum er flutt úr höndum hreppsnefnda í hendur hreppsstjóra. Nú er það svo, að í hreppsnefnd eru 3—7 menn, sem eiga heima víðsvegar um hreppinn. Þeir eiga að hafa með höndum fjárhag hreppsins og láta sjer venjulega ant um, að ekki hlaðist á hann mikil útgjöld. Það er kunnugt, að hreppsnefndir telja sjer skylt að vinna mörg störf án endurgjalds, og allir geta sjeð, hve miklu ljettara eftirlitið hlýtur að vera, þegar því er skift milli 3—7 manna, heldur en ef það er falið einum manni, hreppstjóranum. Hreppstjóra er að vísu heimilað eftir frv. að skipa eftirlitsmenn, en kvöðin um ókeypis vinnu er af tekin, því svo virðist sem hreppstjóri megi ákveða þessum eftirlitsmönnum borgun eftir vild.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að þegar vart verði kláða, skuli tvíbaða í hreppnum. Jeg sje af brtt. frá nefndinni, að hún hefir felt niður þetta ákvæði um tvær baðanir. Hún hefir víst komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hyggilegt, að binda þetta við 2 baðanir og ætlar þá líklega að ganga inn á þrjár. Jeg geri ekki ráð fyrir, að meiri hl. nefndarinnar sje svo einfaldur að halda, að hægt sje að útrýma kláða með einni böðun. Um þetta er ekki nema gott eitt að segja. Batnandi manni er best að lifa. Í þessari sömu grein er svo fyrir mælt, að gera skuli sjerstakar ráðstafanir, ef kláða verði vart, og það er ætlast til, að hreppstjóri gefi þær fyrirskipanir. Nú er ekki víst, að kláðinn bindi sig við einn hrepp. Hann gæti

vel komið upp samtímis beggja megin við hreppamót, og þá sýnist æði hjákátlegt, að hafa enga yfirstjórn sem sagt geti til, hvernig með skuli fara. Hver hreppstjóri getur farið eftir sínu höfði. Í lögunum frá 1914 er þó gert ráð fyrir, að lögreglustjórinn í hverri sýslu skuli hafa yfirumsjón með þessum málum.

Þá leggur nefndin hreppstjórum á herðar mikla og margbrotna skýrslugerð. Þær eiga að gefa gott yfirlit um skoðun á fje, útbreiðslu kláða, böðun, hver baðlyf voru notuð, hvernig blönduð o. s. frv. Þetta virðist eiga að vera allítarleg skýrsla. En mjer er spurn: Hvaða meining er í því að heimta slíkar skýrslur úr sýslum, sem enginn kláði hefir komið í? Þær yrðu ekki nema nafnið tómt. Þetta, sem jeg hefi drepið á, eru aðeins hin smærri atriði. Þungamiðjan er í 8. gr., þar sem stjórninni er heimilað að láta fara fram svo víðtæka útrýmingarböðun sem henni sýnist. Með öðrum orðum, ef kláðakindum fjölgar t. d. í Suður-Múlasýslu eða Barðastrandarsýslu, þá er stjórnin, samkv. frv., í fylsta rjetti, þó að hún fyrirskipi útrýmingarböðun á öllu landinu.

Það er síður en svo, að jeg átelji nefndina fyrir þetta; það sýnir þó, að hún hefir sjeð svo mikla glætu í þessu kláðafriðunarmoldryki, sem hún hefir þyrlað hjer upp, að henni hefir þó fundist öruggara að hafa ákvæði fyrir stjórnina til þess að fyrirskipa útrýmingarböðun.

Það, sem jeg tel óverjandi hjá nefndinni, er, að framkvæmdaheimildinni skuli vera fleygt í hendur stjórnarinnar. Þetta stingur dálítið í stúf við ræðu hv. 2. þm. Árn. (JörB) í fyrradag, þar sem hann sagðist ekki vilja fá neinni stjórn slíkt vald í hendur, hvorki ríkisstjórninni eða stjórn Búnaðarfjelags Íslands, en í frv. afhendir hann stjórninni alt vald í þessum málum og skilur þar ekkert undan. — Þá var hann að bera þessi frv. saman, og talaði um rannsókn á baðlyfjum erlendis og sagði, að þar væri sífelt verið að rannsaka baðlyf og líta eftir, hvað best væri. Þetta er rjett, en það stafar ekki af því, sem þm. hjelt fram, að svo erfitt sje að rannsaka baðlyfin til hlítar, heldur er það af því, að altaf koma ný og ný baðlyf á markaðinn, sem þarf að rannsaka.

Jeg vil nú spyrja: Hver er munurinn á þessum ákvæðum, er heimila stjórninni vald til þess að fyrirskipa útrýmingarböðun, og þeirri heimild, sem fólst í brtt. okkar þm. Str. (TrÞ) og þm. V.-Húnv. (ÞórJ) við útrýmingarfrv., sem felt var áðan. — Jú, munurinn er sá, að eftir till. okkar eiga að fara fram ítarlegar rannsóknir og undirbúningur og fult tillit tekið til ástæðna bænda, heyafla o. fl. Eftir frv. nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir neinu slíku. Stjórnin hefir samkvæmt frv. vald til þess að fyrirskipa útrýmingarböðun, þegar henni þykir þess þörf. Og þá er ekki víst, að spurt verði eftir heyafla bænda. — Það er því vægast sagt, að frv. þetta sje þannig hugsað, að það sje ekki einu sinni á sumar setjandi.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg vil byrja á því, að mótmæla þeirri röngu yfirlýsingu hv. 2. þm. Skagf. (JS), að frv. þetta hafi aldrei verið rætt. Því jeg veit ekki betur en að það hafi verið rætt, og það meira að segja í einstökum greinum, við 1. umr. þess máls, sem nú, góðu heilli, er gengið til hvíldar fyrst

um sinn. Þetta er satt, enda þótt háttv. 2. þm. Skagf. o. fl. muni það ekki, sakir þess að þeir eru haldnir (**JakM:** Af andlegum kláða!) — af þeim firrum, að vera á móti frv. þessu.

Dómur hv. 2. þm. Skagf. um frv. þetta er þannig, að ekki sjest í honum nokkurt rjettlæti. Það er t. d. ekki hægt með sanngirni að halda því fram, að í því sje engin bót frá því ástandi, sem nú er með sauðfjárbaðanir, því að í frv. eru mörg ákvæði, sem ekki eru í gildandi lögum, ákvæði, sem eru þess eðlis, ef að lögum verða, að fullkomlega er heimilt að vænta þess, að kláðinn útrýmist, svo að hans gætti alls ekki, ef hann þá ekki útrýmist með öllu, sem jeg tel mestar líkur til.

Háttv. þm. (JS) vildi halda því fram, að aðalbreytingin frá núgildandi lögum væri sú, að flytja framkvæmdirnar í þessum málum úr höndum hreppsnefndanna yfir á hreppstjórana. Þetta er ekki rjett. Það er aðeins bent til þess í 4. gr. frv., að sem best samvinna verði í þessum efnum á milli hreppsnefndar og hreppstjóra. Og jeg sje ekki, að kostnaðurinn við baðanirnar þurfi að verða meiri, þó að hreppstjórinn líti eftir þeim. Þetta er því firra ein, sem ekkert hefir við að styðjast, nema ef hv. 2. þm. Skagf. vill halda því fram, að hreppstjórarnir vilji yfirleitt gera hreppum sínum erfitt fyrir.

Þá sagði þessi hv. þm., að samkv. frv. gætu hreppstjórar skipað fyrir um baðanir og ávísað kostnaðinum úr sveitarsjóðnum eftir þörfum. Þetta er aðeins einn liðurinn í þeim mikla ósanngirnisvef, sem ofinn hefir verið gegn frv. Í því er aðeins bent til þess, sem vera mun í flestum sýslum, að eitthvað lítilsháttar sje borgað fyrir eftirlitið.

Þá skildist mjer á hv. 2. þm. Skagf., að hann teldi eftirlitið því tryggara sem það væri í fleiri manna höndum. Þessu er jeg algerlega ósamdóma. Jeg tel eftirlitið betur komið hjá einum manni en mörgum, og það ekki síst, þegar það á að vera í höndum þess manns, sem sóma síns vegna mun framkvæma það eins samviskusamlega og hægt er.

Þá vildi hann henda gaman að því, og kallaði það skriffinsku og óþarfa, að heimta skýrslur úr öllum sýslum landsins um böðun, útbreiðslu kláðans o. fl. jafnt hvort sem kláði væri eða ekki. Jeg skil ekkert í, hvernig slík fjarstæða getur komið frá honum, jafn skynsömum manni, að ekki sje nauðsynlegt að fylgjast með í þessum efnum. Einhver háttv. þm. skaut því fram, að þar sem enginn kláði væri, gætu hreppstjórarnir gert skýrslur þessar blindandi. Þetta og því um líkt er bara skop, og algerlega óviðeigandi í ekki óalvarlegra máli en þessu.

Þá mintist hv. 2. þm. Skagf. á 8. gr. frv. og kallaði hana „skyldur“ og fór mörgum orðum um, hvað í þeim feldist. (**JS:** Jeg talaði aðeins um skyldur í 7. gr.) Jæja, þá er að snúa sjer að henni, og þá býst jeg við, að við verðum sammála. Hv. þm. var að gera skop að meiri hl. landbn. og sagði, að hún hefði þó sjeð dálitla glætu í öllu þessu „kláðafriðunarmoldryki“, eins og hann orðaði það. Að meiri hl. landbn. hafi þyrlað upp einhverju „kláðaverndunarmoldryki“ er alger fjarstæða, og slíkt er mjög ómaklega mælt. Hann vill aðeins fá reynslu á því fyrirkomulagi, sem hann stingur upp á og hann telur, að happasælast verði fyrir þetta málefni. En að hann vilji vernda kláðann, er fjarri öllum sanni. Slíku er aðeins slegið fram,

af þeim mönnum, sem engin rök hafa önnur en útúrsnúninga fram að færa.

Þá sagði þessi háttv. þm., að meiri hl. gerði ekki ráð fyrir neinum undirbúningi eða tilraunum með baðlyfin. Þetta er ekki rjett. Hann gerir þvert á móti ráð fyrir, að á þessum reynslutíma eigi að gera þær tilraunir, sem leiði það í ljós, hvort hægt sje að útrýma kláðanum algerlega eða ekki. Annars er svo gott að vita, að hæstv. atvrh., háttv. 2. þm. Skagf. o. fl. virðast ekki búast við, að hægt sje að útrýma kláðanum algerlega með þremur böðunum, því að þeir hafa sagt, að hann myndi þó að minsta kosti liggja niðri í 10—12 ár, ef alt fje yrði baðað 2—3 böðunum. En jeg hefi trú á því, að hægt sje að útrýma honum með þeirri aðferð, sem meiri hl. vill hafa, að auka eftirlitið frá því, sem nú er, og með því að baða 2—3, þar sem kláði fyrirfinst, og með því að afla málinu meiri samhugs en það hefir nú, því satt að segja eru til bændur víða á landinu, sem ekki einu sinni framkvæma með góðu þessa nauðsynlegu þrifaböðun.

Jeg þori nú alveg að fullyrða, að þeir, sem eru andvígir því, að frv. okkar gangi fram, eru það ekki af því, að þeir vilji ekki útrýma kláðanum, eða sakir þess, að þeir sjái ekki, að frv. gangi í rjetta átt, heldur er það af því, að þeir eru haldnir af svo mikilli mótstöðu við það, meðal annars sökum þess, að útrýmingarfrv. var felt, að þeir vilja ekki ganga inn á það.

Þá vil jeg benda á eitt ákvæði meðal margra í frv. þessu, sem er frábrugðið gildandi lögum um sauðfjárbaðanir. Hvar er t. d. nú til heimild til þess að láta sauðfjárböðun fara fram mönnum að nauðugu, nema þar sem kláði fyrirfinst? En þetta er hægt samkv. 7. gr. frv. Auk þess er gert ráð fyrir miklu aðhaldi í þessu skyni.

Þá má ennfremur benda á 9. gr. frv. Þar er beint gert ráð fyrir miklu samstarfi milli lögreglustjóra og hreppstjóra í þessum málum; sjerstaklega eiga þeir að sjá um, að lögum þessum sje framfylgt og leiðbeina eftirlitsmönnum við skýrslugerð o. fl.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta nú. Því eins og jeg hefi tekið fram, hefir það verið rætt hjer áður. Og finni andstæðingarnir ástæðu til að fella það, þá gera þeir það á sína ábyrgð. Jeg tel frv. mikla bót frá því fyrirkomulagi, sem nú er.

Tryggvi Þórhallsson: Háttv. frsm. landbn. talaði af mikilli einlægni í þessu máli um einlægan vilja á að útrýma fjárkláðanum. Jeg vil nú reyna á þolrif einlægni hans í þessu máli og vita, hvort hann vill nú ekki fá forseta til þess að taka mál þetta af dagskrá nú, svo að hægt sje að komast að með brtt., því eins og frv. er nú, tel jeg ómögulegt að fylgja því. Jeg vil benda á, að hægt ætti að vera að komast að samkomulagi um þetta frv., þó að hitt frv., sem rætt var hjer næst á undan, sje nú fallið, þar sem bæði þessi frv. hafa verið borin fram af landbn., hitt frv. í fyrra og þetta frv. nú. Og sömu menn að mestu eiga sæti í nefndinni nú og þá. Jeg vil segja það, að ef hv. frsm. nefndarinnar (HK) er einlægur í því að vilja koma þessu frv. í gegn, þá eigi hann að tryggja sjer það með því að taka málið út af dagskrá nú, svo að samkomulag geti náðst um það. Þetta ætti hann að gera því fremur sem það stóð glögt með hitt

frv., og eins gæti farið með þetta frv., ef það ætti nú að koma til atkvæða.

Jeg vil því skora á hv. frsm. að láta taka málið út af dagskrá, svo hægt verði að koma fram með brtt. við það.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil styðja hv. þm. Str. í því, að málið sje tekið út af dagskrá. Mjer sýnist frv. þurfa betri athugunar við, því það er rjett, sem hv. samþm. minn (JS) sagði, að málið sjálft hefir ekki verið rætt beinlínis, heldur aðeins í sambandi við hitt frv. um sama efni. Svo eru smíðagallar á frv., t. d. á 6. gr., sem er svo orðuð, að nefndin getur ekki verið þekt fyrir að láta frv. fara þannig frá sjer. Þar eru bæði mál- og hugsunarvillur, sem jeg skal skýra frá utan fundar, hverjar eru. Það er sjálfsagt fyrir nefndina að verða við þeirri ósk, að málið sje tekið út af dagskrá. Jeg hefi nú athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi lög og get satt að segja engan mun fundið þar á, sem til bóta geti talist. Jeg óska upplýsinga um það, hvaða atriði það eru, sem nefndin telur, að sitt frv. hafi fram yfir gildandi lög.

Jeg geri ekki mikið úr því, þótt í 9. gr. frv. standi, að hreppstjórar og lögreglustjórar skuli sjá um, að lögunum sje framfylgt, en í gildandi lögum, að hreppsnefndir eigi að gera það. Hreppstjórar eiga sem opinberir embættismenn að líta eftir því, hver í sínu umdæmi, að öllum lögum sje framfylgt, og þá sje jeg enga ástæðu til, að það sje tekið fram í einum einstökum lögum, að þeir skuli gera það.

Svo vil jeg spyrja: Hvernig á að skilja þetta: „verði enn vart fjárkláða, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja“? Hverjir eiga að gera þær ráðstafanir? Það á þá að tvíbaða alt sauðfje — það er heimilt að þrí- eða fjórbaða, og verði enn vart kláða, hver á þá að gera þær ráðstafanir, sem duga?

Þá er ennfr. 8. gr., sem margir álíta það atriði, sem helst væri nýtt í frv., að atvinnumálaráðherra hafi heimild til að fyrirskipa kláðaböðun. En í lögunum frá 1914 stendur, að stjórnin geti fyrirskipað útrýmingarböðun á stærri og minni svæðum. Jeg sje því ekkert nýtt hjer á ferðinni, en hinsvegar er sjálfsagt að taka málið út af dagskrá, til þess að hægt sje að athuga það betur og leiðrjetta villur þess.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Það er ekkert aðalatriði fyrir mjer, hvort málið verði tekið út af dagskrá eða ekki. En sje það meining þeirra, sem þess óska, að koma málinu með því út úr veröldinni, þá þeir um það.

Það má vera, að sje hugsunarvilla í 6. gr. frv. En það er einkennilegt, að hæstv. atvrh. skyldi ekki benda á það fyr en nú við 3. umr. (**MG:** Það er nógur tími til að samþ. frv. fyrir því.) Það er óvíst; verði málið tekið út af dagskrá, getur sú töf valdið því, að það verði ekki samþ. á þessu þingi.

Hæstv. atvrh. lýsti yfir því, að enginn munur væri á þessu frv. og gildandi lögum. Jeg skal gefa það eftir, að svo er frá hans sjónarmiði, en jeg held fast við það, að munurinn sje mikill (**PO:** Það er engin ástæða til að gefa það eftir.) Mig furðar, að jafn glöggur maður og hæstv. atvrh. skuli ekki skilja niðurlagsákvæði 7. gr. Hann þykist í vafa um, hvaða aðiljar eigi að framkvæma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, ef vart verði kláða, eftir að kláðaböðun

Jeg mótmæli því, að frv. sje nú vísað til nefndarinnar aftur til skyndiyfirlits, enda þótt form. hennar lofi því, að málið skuli verða rætt þar. Það verður aldrei annað en kák, þótt ekkert annað sje tekið til greina en það, hvað frv. er langt, 5 síður.

Árni Jónsson: Mál þetta var rætt í allshn. áður en nefndin klofnaði um það. En mjer hefir skilist svo, að hv. 4. þm. Reykv. sje ekki andvígur þessu frv., og segi jeg hann því hjer með velkominn í vorn hóp, flutningsmannanna. Og jeg heiti honum því, að málið skal verða rætt itarlega í nefndinni og við hann. — Það er alls ekki eins dæmi, að nefndir beri fram frv., þótt allir nefndarmenn geti ekki fylgt því. Á þessu þingi lagði hæstv. stjórn fram frv. um útrýmingu fjárkláða. Þegar það mál kom í nefnd, klofnaði nefndin, og meiri hluti hennar bar fram sjerstakt frv. í stað þess að skila nál. Jeg var þar í minni hluta, en jeg fór ekki fram á það, að málinu væri vísað til nefndarinnar aftur. Jeg tel því óþarft að vísa þessu máli til allshn. aftur, einkum þar sem við hv. 4. þm. Reykv. virðumst vera sammála um það, að frv. sje gott.

Jón Guðnason: Hv. 4. þm. Reykv. beindi þeirri fyrirspurn til okkar, hvort við mundum fylgja frv., ef kjördagur væri ekki færður. Þar til er því að svara, að við mundum ekki hafa komið fram með frv. þetta nema í sambandi við færslu kjördags. Þó á frv. sjálfstæðan tilverurjett, hvenær á árinu sem kosningadagur er ákveðinn. En það er erfitt að koma fram þessari endurbót á kosningalöggjöfinni, ef kjördagur á að haldast hinn sami, sökum þess, hve stuttur tími er þá frá kjördegi til þess, er þing kemur saman. Getur það þá valdið þingmönnum miklum óþægindum, að fá ekki að vita fyr en svo að segja á síðustu stundu, hvort þeir eiga að búa sig undir þingferð eða ekki. Jeg get búist við því, að ef frv. verður samþ., en kjördagur ekki færður, að það muni geta dregist fram undir jól að telja atkv., en sumir þingmenn verða að leggja á stað í janúar, til þess að koma nógu snemma til þings, og er þeim því veittur alt of naumur tími til þess að búa sig undir ferðalagið og burtveruna.

Með þessu frv. og færslu kjördagsins hefir bæði verið reynt að bæta úr þessu og sjá svo um jafnframt, að allir geti neytt kosningarrjettar síns, þeir, er það vilja.

Jón Kjartansson: Jeg stend aðeins upp til þess að mælast til þess, að frv. þessu verði vísað til allshn. Frv. er á margan hátt stórgallað og þarf itarlegrar rannsóknar við. Verði það felt að vísa málinu til nefndar, þá get jeg ekki greitt frv. atkv.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer fanst það koma fram hjá hv. 4. þm. Reykv. áðan, að hann hefði tekið afstöðu gegn frv. En það gleður mig, ef hann skyldi nú hafa sjeð sig um hönd. En það, sem hann talaði um sambræðslu Framsóknar og Íhalds, þá skilst mjer á öllu, að betur eigi þó við að tala um Íhalds-Jafnaðarmenn í þessu máli, því að nú eru þeir orðnir samherjar, hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og hv. þm. V.-Sk. (JK).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til allshn. með 13 : 5 atkv.

innar — og jeg tel það alveg nægja — að kalla nefndina saman til þess að athuga frv. og leita samkomulags um málið. Þetta hygg jeg, að meðnefndarmenn okkar geti látið sjer lynda; með því er það fengið, sem þeir óska eftir, að nefndin eigi tal saman um málið.

Það er rjett hjá hv. 4. þm. Reykv., að við höfum ekki í nefndinni rætt um málið, þegar við vorum búnir að fullundirbúa það. Jeg hefi áður getið um, að það var af því, að allrar samvinnu var synjað um málið áður. Þá gerði hv. þm. þá fyrirspurn, hvort við flm. mundum fylgja þessu frv., ef færsla kjördagsins næði ekki fram að ganga. Jeg get ekki sagt um það fyrir hönd meðnefndarmanna minna; við höfum ekki talað um það. En jeg svara því fyrir mig, að jeg sje minni ástæðu að gera breytingu á þessum lögum, ef færsla kjördagsins gengur ekki fram.

Hv. þm. drap á, að nauðsynlegt væri að búa sem best um þær kosningar, sem fram fara með þessu móti. Alveg rjett. En ef hann hefir lesið þetta frv. þá sjer hann, að langtum tryggilegar er búið um þessar kosningar eftir þessu frv. heldur en núgildandi lögum. Jeg ætla, að við höfum trygt þetta það vel, að þessi kosningaraðferð verði ekki misbrúkuð; miklu síður en samkv. núgildandi kosningalögum um fjarstadda menn. Kjörseðlar eru auðkendir og taldir í hendur kjörstjórna, sem verða að standa skil á öllum greiddum atkv., afgangsseðlum og þeim, er kunna að hafa orðið ónýtir. Jeg hygg, að þetta sje tvímælalaust betra og tryggilegra fyrirkomulag en nú er.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins láta í ljós mjög mikla undrun yfir því, hvernig hv. 4. þm. Reykv. tekur í þetta mál. Þessi hv. þm. hefir hvað eftir annað á þessu þingi verið að láta orð falla um það, að af annara manna hálfu væri verið að hindra menn frá að neyta kosningarrjettar síns, eins og hann væri sá mikli vörður fólksins í þessu efni. Svo kemur fram frv., sem á að tryggja þetta miklu betur en áður, opnar mönnum leiðir til þess á ýmsan hátt að geta sem best notið síns rjettar; þá sprettur þessi hv. þm. upp og mótmælir harðlega. Þetta er ekki sprottið af umhyggju fyrir því, að alþýða fái að njóta kosningarrjettar síns. Það er vitanlegt, að ólíkar eru starfsaðferðir sósíalista og kommúnista, og í þessu máli notar hv. þm. (HjV) bardagaaðferð kommúnista. Hann aðhyllist ekki stefnu hinna hægfara sósíalista, og spyrnir því á móti umbótum, með því að vera á móti þeirri rjettarbót, sem felst í þessu frv.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer finst, að hv. þm. Str. hefði mátt spara sjer ræður um mig, þangað til jeg hefi tekið afstöðu á móti frv., en þangað til jeg hefi gert það, væri honum best að sitja. Ef hann álítur, að það skifti miklu máli um þetta frv., hvernig skifting er innan Alþýðuflokksins, þá fer hann gönuskeið, í fyrsta lagi af því, að allir Alþýðuflokksmenn eru einhuga í þessu máli, og í öðru lagi vegna þess, að þar sem aðeins er einn Alþýðuflokksmaður í þessari hv. deild, og afstaða mín innan flokksins er kunn, þá getur ekki orðið nema um eina og sömu stefnu mína að ræða í málinu. Annars vil jeg segja það, að framferði meiri hl. í hv. allshn. er svipaðra framkomu Framsóknaríhaldsmanna heldur en Framsóknarsósíalista svokallaðra.

gert hana gerlegri en annars, þá var, mjer vitanlega, aldrei rætt um sjerstakt frv. annað, enda mun fundabókin sýna það. Málið var aðeins rætt eins og það lá fyrir, en ekki á þeim grundvelli, að flytja nýtt frv. Enda var mjer heldur ekki kunnugt um, að þetta frv. væri á ferð í allshn. Og því verð jeg að kalla þetta mjög einkennilega aðferð hjá þessum þrem þingm. Jeg vissi raunar, að það kom sú uppástunga frá einum nefndarmanni, að menn kysu á þeim kjörstað, þar sem þeir væru staddir, en ekkert var eðlilegra en að setja slík ákvæði í kosningalögin, ef þeirra var óskað, þar sem í þeim lögum er einmitt rætt um kosningar á kjördegi ákjörstað.

Nú vil jeg gjarnan beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort þeir fylgi þessu frv. fram, hvernig sem fer um brtt. um færslu kjördags. Því að það virðist mjer vera all-einkennilegir flm., sem vildu láta drepa frv., ef eitthvert annað frv. yrði ekki samþ. Úr því að á annað borð er farið að koma með nýtt frv., sem nemur úr gildi að einhverju leyti önnur lög, þá tel jeg rjett að taka lögin til athugunar yfirleitt. Enda þótt jeg geri ekki ráð fyrir, að neinn skipstjóri hafi bannað sínum mönnum að kjósa, þá eru þarna sett sektarákvæði, til þess að eftir þeim sje farið, ef til þarf að taka. Þó að atkvgr. utan kjörstaðar kjósenda virðist hafa margt til síns máls, þá er hún mjög varhugaverð, ef ekki er vel um hnútana búið.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 4. þm. Reykv. endurtók að nokkru leyti, að sjer hefði verið ókunnugt um þetta frv. Að vísu viðurkennir hann nú, að hann hafi vitað um þetta mál. Jeg get lýst yfir því, úr því að hv. þm. knýr mig til þess, að hann vildi alls ekki vinna að þessum breytingum. Úr því að hann neitaði samvinnu, þá sáum við ekki ástæðu til að bera undir hann þær brtt., sem við gerðum við þessi lög

Þá vjek hann að því, að annar hv. nefndarmaður hefði ekki heldur vitað um þetta mál. Ef hv. þm. V.-Sk. vildi vera svo góður, vildi jeg óska, að hann svari mjer úr sæti sínu, hvort þetta sje rjett. (**JK:** Mjer var kunnugt um málið, en það var aldrei tekin ályktun um það á nefndarfundi). — Jeg bjóst reyndar við því af hv. þm. V.-Sk., að hann viðurkendi, að hafa vitað um málið, og hefði furðað mjög, ef hann hefði ekki gert það; því að þegar við vorum búnir að vinna að þessu máli, báðum við hann að yfirfara frv. Hv. þm. (JK) afhenti okkur plöggin aftur og kvaðst ekki vera með frv. Nú veit jeg ekki, hvað við hefðum átt að gera, þessir þrír nefndarmenn. Áttum við að kalla saman nefndarfund, sem vorum sammála, og ætluðum að flytja frv.? Okkur var kunnugt um rök þessara tveggja hv. þm., og að þeir urðu ekki með. Getur verið, að hv. 4. þm. Reykv. hefði viljað fylgja frv., ef ekki hefði verið um færslu kjördagsins að ræða. En við tókum fram, að við legðum vinnu í þetta frv. eingöngu með það fyrir augum að flytja kjördaginn. Jeg skil því ekki, hvað það hefði átt að þýða, að kalla saman nefndarfund um mál, þar sem vitanlegt var, að tveir af nefndarmönnum mundu alls ekki fylgja.

Nú hefir hv. 4. þm. Reykv. óskað að vísa málinu til allshn. Málið er komið frá meiri hl. hennar. En til þess að gera hv. þm. til geðs og reyna að fá þá til samvinnu um málið, þá skal jeg fyrir mitt leyti ekki hafa neitt á móti því. Jeg get lofað því fyrir hönd nefndar-

ekki til þessu frv. Þau ákvæði eru í almennu kosningalögunum. Við munum á sínum tíma koma með breytingu á kosningalögunum um talningu atkv. Hvorugt þessara atriða, sem hv. þm. drap á, eiga heima í þessu frv. En hv. þm. getur verið alveg viss um, að við munum áður en langt líður bera fram brtt. við það frv., sem hv. þm. N.-M. flytja og vísað var til allshn. — og yfirleitt um þau atriði, sem nauðsynlegt er að breyta út af þessu frv. Jeg vona, að hv. þm. sjái muninn á þessu frv. og kosningalögunum, þegar hann athugar það betur.

Þá drap hv. þm. á atriði í 2. gr. frv., sem hann taldi athugavert. Jeg skal strax segja það viðvíkjandi ákvæðum 7. gr., sem hann drap á, að það er orðrjett tekið úr núgildandi lögum og hefir ekki verið að fundið. Í henni er drepið á, með hverju móti atkv. geti talist gilt. Sá varnagli er sleginn, að þótt þetta orð standi á seðlinum, skuli hann talinn gildur. Við flm. höfum ekki heyrt talað um, að þetta valdi neinum ruglingi við kosningar, og ljetum það þess vegna standa óbreytt. Annars er auðvelt að breyta þessu, ef talin er hætta á að það valdi ruglingi.

Þá drap hv. þm. á sektarákvæðið í 8. gr., sem honum þótti alt of lint, ef mönnum er meinað að neyta kosningarrjettar. Um þetta ákvæði er það sama að segja, að það er tekið orðrjett úr núgildandi lögum. Jeg hefi ekki heyrt talað um, að skipstjórar meini mönnum sínum að kjósa. Af hálfu okkar flm. er þetta ekkert aðalatriði. Ef ákvæði gildandi laga hafa verið eitthvað misnotuð, þá upplýsist það sjálfsagt við umræður þessa máls. Er þá ekki annað en bera fram brtt. um það. En við flm. þekkjum ekki til, að þetta hafi komið að sök, og því tekið ákvæðið óbreytt.

Jeg held jeg þurfi ekki frekar að gera að umtalsefni andmæli hv. 4. þm. Reykv. gegn þessu máli. Jeg vona, að hann við nánari íhugun þessa máls sjái sjer fært að vera með ekki einungis þessu frv., heldur líka á sínum tíma með frv. um færslu kjördags, þegar það mál kemur til 2. umr. Jeg vona, að hann á þann hátt reyni að gera öllum kjósendum landsins sem allra jafnast undir höfði og auðveldast að beita kosningarrjetti sínum. Það er þetta eitt, sem fyrir okkur vakir. Hinsvegar hygg jeg, að ekki sje hægt að finna nokkurn tíma ársins það hentugan, að öllum landshlutum sje jafnhentugur. En maður reynir að velja þann tíma ársins, sem kemur landsmönnum í heild einna best, og gera kosningalögin svo úr garði, að sem flestir kjósendur geti notið síns rjettar. En það er í sjálfu sjer erfitt að gera kosningalögin úr garði við hæfi allra kjósenda og hafa kjördaginn á þeim tíma, að trygt sje, að kjósendur kjósi, sem engan vilja hafa til þess.

Forseti (BSv): Jeg vil minna menn á, að þetta er 1. umr. málsins, og á því ekki við að fara út í einstakar greinar frv.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vildi gjarnan fá yfirlýsingu hv. aðalflm. um það, hvort ekki væri tilætlunin að vísa málinu til nefndar. Mjer var ókunnugt um þetta frv. áður, og eins hinum hv. þm. úr minni hl., svo að jeg vil leggja til, að vísa því til allshn. Jeg vil taka það fram, að enda þótt væri talað um færslu kjördags í umræðum innan nefndarinnar og um ýms ráð, sem gætu

Þetta er með öllu rangt um færslu kjördags til 1. júlí. Þar hefir nefndin alls ekki orðið sammála. Það er aðeins meiri hl., sem leggur það til, og ennþá er ekkert nál. komið fram frá meiri nje minni hluta í því máli.

Jeg vil ekki að þessu sinni greiða atkv. móti þessu frv. En jeg vildi óska þess, að ef því verður vísað til allshn., sem ætti auðvitað að gera, þar sem það er ekki komið frá nefndinni, heldur frá þrem mönnum, sem eiga þar sæti, þá yrði það lagfært þar eða gert að brtt. við kosningalagafrv., en yrði ekki sjerstakt frv. Annars er ekki ástæða að þrátta hjer um færslu kjördags að sinni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg bjóst nú hálft í hvoru við því, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) mundi standa upp til andmæla. En reyndar gerði hann það nokkuð á annan veg en við samnefndarmenn hans höfðum ástæðu til að ætla. Hv. þdm. hljóta nú að álíta eftir hans ræðu, að honum hafi verið með öllu ókunnugt um þetta mál, og mættu þeir þá draga þá ályktun þar af, að ekki væri samvinna í allshn. á marga fiska, ef við högum okkur svona. En það vill svo til, að við erum ekki svo afleitir til samvinnu eins og hv. 4. þm. Reykv. gefur í skyn, því að honum var vel kunnugt um þetta mál, að það mundi koma fram. Satt að segja höfum við samnefndarmenn hans gert talsvert til þess að fá þennan hv. þm. til þess að vera með færslu kjördagsins og gera þessi lög sem allra best úr garði fyrir kjósendur þessa lands. Þeirri samvinnu hefir hv. 4. þm. Reykv. algerlega neitað. Jeg get búist við því, út af þessum ummælum, að hann hefði gjarnan viljað, að þetta þing hefði liðið svo, að altaf hefðum við verið að leita samvinnu við hann. Með því var best sjeð fyrir því, að hvorki færsla kjördags nje kosningar utan kjörstaða ætti sjer stað.

Jeg get búist við, að hann hafi ekki í sjálfu sjer á móti þessari breytingu, þar sem hún gerir mönnum auðveldara að kjósa en núgildandi lagaákvæði heimila. En hann veit það óskaplega vel, að við höfðum ekki lagt þetta frv. fram á þessu þingi, ef við hefðum ekki ætlað okkur að breyta kjördeginum. Við höfum talað oft við hann um þetta og vildum fá hann í lið með okkur. Allri þesskonar samvinnu neitaði hv. þm. Honum þýðir því ekkert að segja, að hann hafi ekkert vitað um þetta mál, að nefndin hafi skágengið hann í þessu efni. Honum var hægurinn hjá að vinna með okkur. — Annars ætla jeg ekki að fara að skýra nánar, hvers konar umræður hafa fallið milli nefndarmanna út af þessum málum. En vilji hv. þm. endilega, að það komi alt í dagsins ljós, þá getur hann náttúrlega vel komið með það.

Þá kom fram allmikill ókunnugleiki hjá hv. þm. á kosningalögunum. Mjer þótti undarlegt, satt að segja, að heyra, að hann furðaði sig á, að við tækjum ekki færslu kjördagsins upp í þetta frv. Það veit hv. þm., að það heyrði alls ekki til. Það frv., sem var vísað til allshn. snemma á þessu þingi, var alls ekki breyting á þessum lögum. (HjV: Það átti að taka þetta frv. upp í kosningalögin). Það hefði verið afskaplega afkáralegt, af því að innihald þessa frv. er gerólíkt ákvæðum kosningalaganna. — Hv. þm. sagði, að ekkert ákvæði í þessu frv. væri um það, hvernig talning atkv. ætti að fara fram. Það heyrði heldur

Jeg þarf ekki að taka það fram, að þetta sje sjerstaklega flutt míns kjördæmis vegna; það er í þessu efni betur sett en flest önnur, og lítil hætta á, að kjósendur geti ekki notað þann kjördag, sem er. En jeg veit, að margir landshlutar eru svo settir, að þar geta menn átt á hættu að geta alls ekki neytt atkvæðisrjettar síns, og þó hafa margir þeirra engu minni áhuga fyrir landsmálum en þeir, sem betur eru settir. Það virðist lítið vit í því, að setja kjördag svo, að vitanlegt sje, að veðrátta geti tafið menn heima og gert þeim ókleift að komast á kjörstaðinn. Það er ekki lengra á að minnast en að síðastliðið haust voru menn sumstaðar á Norðurlandi tvo daga eða jafnvel lengur að brjótast á kjörstað, og komust það ekki, nema með því að láta hesta troða brautina á undan sjer.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta, en vænti, að hv. deild taki frv. vel og geti fallist á það.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg verð að segja það, að mjer þykir það næsta undarleg aðferð, sem hv. meiri hl. allshn., hefir viðhaft í þessu máli. Á öndverðu þingi var vísað til nefndarinnar frv. um færslu kjördags, en um það klofnaði nefndin. Vildi meiri hl., að það frv. næði fram að ganga, en í staðinn fyrir að afgreiða það mál frá sjer, rjúka svo þessir hv. þm. til og koma með þetta frv., sem hjer er til umr.

En þó að þessir hv. þdm. hafi myndað meiri hl. um annað mál, sem klofningur varð um í allshn., þá hafa þeir engan rjett til þess að kalla sig meiri hl. í þessu máli, því það hefir aldrei verið kallaður saman fundur í nefndinni til þess að taka ákvörðun um þetta frv. Enda sýnist í fljótu bragði lítil ástæða til að flytja um þetta efni sjerstakt frv., því að öllu, sem hjer er um að ræða, hefði vel mátt bæta inn í frv. það, sem fram er komið um færslu kjördags, breytingu á kosningalögunum. En hjer er verið að búa til tvö frv. um eitt mál, og getur orðið úr þessu hinn mesti glundroði, ef annað frv. er samþ., en hitt felt. Loks má geta þess, að á þessu frv. eru töluvert mikil missmíði, og vil jeg aðeins benda á fá dæmi.

Í 7. gr. stendur, að við hlutfallskosningar megi standa á seðlinum orðið „listabókstafur". Jeg held það sje engin hætta á, að slíkt verði gert. Eðlilegra er að bæta við orðinu „listi".

Í 8. gr. er mjög svo einkennilegt ákvæði um það, hverju það varði fyrir skipherra að neita sjómönnum um landgönguleyfi til þess að kjósa. Brotið varðar alt að 100 kr. sektum. Skipherrann yrði kannske fyrir 10 kr. sekt fyrir að varna svo sem 10—20 mönnum að njóta rjettinda sinna. Auk þess má vitanlega skjóta sjer undir það, að nauðsynleg störf þurfi að vinna, sem ekki þoli bið, en sú ástæða er næg eftir frv. til þess að skipstjóri geti bannað sjómönnum að kjósa. Í stað þess ætti aðeins að vera leyfilegt að varna mönnum að kjósa, ef skipið væri í hættu.

Þá segir nefndin hjer í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndinni hefir borist frv. til laga um breyting á kosningalögunum, í þá átt að færa kjördag til almennra óhlutbundinna kosninga til 1. júlí. Nefndin telur þessa breytingu nauðsynlega til að tryggja kjósendum víðsvegar um land örugga aðstöðu til þess að geta sótt kjörfund."

manna verða svo send til hlutaðeigandi yfirkjörstjórnar, en yfirkjörstjórn hvers kjördæmis ber skylda til að athuga við talningu atkvæða, hvort þessir fjarstöddu menn, sem atkvæði senda, hafi haft leyfi til þess að kjósa.

Eftir gildandi lögum um kosningu fjarstaddra manna, munu þau kjörgögn, sem þar til þarf, ekki talin í hendur kjörstjórna eða kjörgögnin auðkend, og ekki mun það heldur vera venja, að kjörstjórnunum sje gert að skyldu að skila af sjer þeim kjörgögnum, sem afgangs verða að afstöðnum kosningum. Um þetta atriði þykir okkur ekki svo tryggilega búið í gildandi lögum sem skyldi. Við leggjum því til, að yfirkjörstjórnir telji þessi kjörgögn í hendur undirkjörstjórna, eða þeirra manna, sem sjá eiga um, að fjarstaddir menn geti kosið og að kjörgögn þau sjeu auðkend og að öðru leyti svo tryggilega um búið, að ekki sje hægt að nota önnur kjörgögn en þau, sem yfirkjörstjórn sendir, og heldur ekki við brjeflegar kosningar. Að kosningu lokinni ber svo undirkjörstjórn að senda yfirkjörstjórn skrá yfir þá, sem kosið hafa, auk ógildra kjörgagna og þess, sem afgangs er. Með þessu ætti að vera svo vel fyrir öllu sjeð, að þetta verði ekki á neinn hátt misnotað.

Annars sje jeg ekki ástæðu til, við þessa umr., að rekja nánar efni þessa frv., nema þá að sjerstakt tilefni gefist. Enda ætti það að geta beðið til 2. umr. Og vænti jeg því, að þeir hv. þdm., sem eitthvað hafa við frv. að athuga, geri það þá. Okkur flm. er það fyllilega ljóst, að sumt í frv. þessu hefði að einhverju leyti mátt betur fara, enda hefir það verið ígripavinna fyrir okkur að semja frv. Væntum við því, þó að gallar kunni að vera á því, að úr þeim takist að bæta á þann hátt, að tiltölulega auðvelt verði að framkvæma þær nýjungar, sem frv. hefir í sjer fólgnar. Jeg skal aðeins geta þess, að til frekari tryggingar mönnum þeim, sem um mál þessi eiga að fjalla, er settu ákvæði um það í frv., að stjórnin gefi út leiðarvísi um það, hvernig kosningum þessum skuli háttað.

Hinsvegar munum við flm. fúsir til samvinnu um allar þær breytingar, sem verða mega frv. til bóta, og munum athuga þær nánar. Með þessu fyrirkomulagi, sem við leggjum til, held jeg, að ekki sje hægt að segja með neinni sanngirni, að þeir menn, sem á annað borð hafa vilja á því að nota kosningarjett sinn, geti það ekki.

Okkur virðist, að ekki verði lengur hægt að setja sig á móti þeim rjettmætu kröfum um færslu kjördagsins, þar sem flestir landshlutar eiga það aðeins undir veðrinu, hvort þeir geta kosið eða ekki. Og þó að sumir þykist tapa í bili, þá höfum við þó með frv. okkar reynt að bæta þeim mönnum upp með því að leggja til, að þeir geti kosið hvar sem er á kjördegi. — Jeg skal aðeins taka það fram, af því að mjer láðist að gera það áður, að um frest þann, sem líða á frá því að kosið er, og þangað til talin verða atkvæði, þá munum við í sambandi við það frv., sem fram kom fyr á þingi, leggja til, að hann verði það langur, að trygt sje, að atkvæði geti borist til rjettra hlutaðeigenda hvaðan frá á landinu sem er, í tæka tíð.

Jeg lít á færslu kjördagsins sem sanngirnis- og rjettlætismál, sem jeg held, að enginn geti gengið í móti, er á annað borð vill láta kjósendur landsins njóta jafnrjettis.

Lagafrumvarp tekið aftur.

Atkvæðagreiðsla alþingiskjósanda utan kjörstaðar.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar (þmfrv., A. 266).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og getið er um í grg. þessa frv., þá er það flutt vegna annars frv., sem kom fram í þessari hv. deild á öndverðu þingi og var þá vísað til allshn. Það er meiri hl. allshn., sem flytur þetta frv., háttv. þm. Dal. (JG), hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og jeg.

Það liggur í hlutarins eðli, að við munum koma með hitt frv. innan skamms, eða undir eins og við sjáum, hvernig þessu frv. verður tekið. Það hefir verið talsvert talað um færslu kjördags, þegar það mál var hjer til 1. umr., svo að jeg sje ekki ástæðu til að bæta þar neinu við, að svo stöddu. Þetta frv. er bein afleiðing af þeim breytingum, sem fyrirhugaðar eru með því. Við, sem að þessu frv. stöndum, viljum stuðla að því, að unt sje að koma kosningunni svo haganlega fyrir, að sem flestir kjósendur landsins geti notið kosningarrjettar síns. Það eru að vísu til ákvæði í lögum, sem heimila fjarstöddum mönnum að kjósa, en þau atkvæði, sem þannig eru greidd, verða að vera komin til kjörstjórnar á kjördegi. Ef kjósendur alment hefðu fyrirhyggju á því að kjósa utan síns kjörstaðar, þegar þeir eru fjarstaddir á kjördegi, þá væri ekkert að segja. En fæstir kjósendur, sem fjarri kjörstað sínum dvelja á kjördegi, munu hafa sinnu á því, að hafa öll þau gögn í höndum, sem til þarf, til að geta kosið. En eins og frá þessu er gengið í lögunum, virðist okkur flm. tæplega vel fyrir því sjeð, að fjarstaddir kjósendur geti neytt kosningarrjettar síns. Við viljum því gera þá breytingu, að allir geti kosið, hvar sem þeir eru staddir á kjördegi, en þó hvíli ekki á neinum skylda um að hafa það vottfast, að hann sje á kjörskrá, en segja verða þeir til aldurs síns og heimilisfangs. Atkvæði þessara

Á 71. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 351, 535, 543).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. S.-M. (SvÓ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 14 : 6 atkv.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 351, 535).

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Við 2. umr. þessa máls kom hv. þm. Mýr. fram með ýmsar viturlegar athugasemdir við frv. þetta. Samkv. bendingu hans hefir því meiri hl. allshn. borið fram tvær brtt. á þskj. 535. Þær eru formlegs eðlis, og þarf ekkert um þær að segja; þær eru sjálfsagðar, og býst jeg því við, að þær verði samþyktar.

Sveinn Ólafsson: Mjer kom það sannast að segja á óvart, að þetta frv. skyldi komast til 3. umr., og mjer kom það líka á óvart, að meiri hl. allshn. skyldi á sínum tíma mæla með því. En mest furðar mig þó á því, að slík mál sem þetta skuli hafa gengið hljóðalaust gegnum lávarðadeildina. Mjer virðist þetta mál eiga lítið erindi inn í þingið. Eins og frv. nú er lagað, þá skapar það tvenskonar rjett í landinu, annan fyrir bæi og stærri kauptún, en hinn fyrir sveitir landsins. Það er gert ráð fyrir því, að veita bæjum og stærri kauptúnum rjett gagnvart fasteignaeigendum, sem ekki er til í sveitum, fortakslausan forkaupsrjett, eftir samþykt meiri hluta bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Mjer skilst því, að það eigi að gilda „kommúnistiskur" rjettur í bæjunum, en almennur, borgaralegur rjettur fyrir sveitirnar. Eins og kunnugt er, þá er forkaupsrjetturinn í sveitum í fyrsta lagi hjá niðjum og nánustu ættingjum seljanda, því næst hjá ábúanda eða leigutaka og svo loks, að þeim frágengnum, hjá sveitarfjelaginu. En bæði rjettur niðja og vandamanna og einnig leigjenda á að hverfa í kaupstöðunum og bæjunum, ef þetta frv. á að verða að lögum.

Jeg kannast við það, að bæjarfjelögin þurfa oft að ná umráðum yfir hafnarmannvirkjum og lóðum þeim, sem liggja að sjó og almenningur þarf að nota. En alt öðru máli er að gegna um lönd og lóðir, sem fjarri sjó liggja. Ef þetta frv. hefði verið þannig samið, að það hefði aðeins tekið til hafnarmannvirkja og lóða þeirra, er að sjó liggja, þá hefði verið vegur að fylgja því. En það er enginn vegur að fylgja því eins og því er nú komið. Eina leiðin til þess að koma í veg fyrir það, að úr þessu verði misrjetti milli sveita og bæja og stærri kaptúna, er sú, að vísa þessu máli til stjórnarinnar til frekari athugunar. Þá mætti vænta þess, að málið kæmi fyrir næsta þing í breyttum og betri búningi, enda engin nauðsyn að hraða því. Jeg geri það því að tillögu minni að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil aðeins mótmæla því, að máli þessu sje nú vísað til stjórnarinnar og því barið við, að það skorti allan undirbúning. Það hefir fengið allan þann undirbúning, sem venjulegur er hjer. Það er búið að koma sex sinnum til umræðu, það lá lengi í allshn. Ed. og hún afgreiddi það frá sjer í einu hljóði. Einnig hefir allshn. þessarar hv. deildar lagt til, að það verði samþykt. Það er því engin ástæða til þess að stöðva framgang þessa máls vegna undirbúningsleysis. Auk þess hefir það sýnt sig, að kaupstöðunum er brýn nauðsyn á því að fá svona lög.

Umr. frestað.

reglugerðir um þetta efni, ef bæjar- eða sveitarfjelög kynnu að vilja setja þær, og geti hann því neitað um samþykki. En mjer er það ekki vitanlegt, að hann sje kunnur að því að neita að staðfesta reglugerðir frá meiri hluta bæjarstjórna. Það er ekki að gera lítið úr bæjarstjórninni, þó sagt sje, að hægt sje að brúka þar undirróður. Hv. frsm. (ÁJ) getur farið í sinn eigin barm um það. Það er einnig mikið um undirróður hjer á hv. Alþingi, svo mikinn, að einstökum þm. er varla vært fyrir því. Þetta mál er að vísu — eins og það lítur út í fljótu bragði — hjegómamál, en það getur orðið að skaðræðismáli, af þeim ástæðum, sem jeg þegar hefi getið um.

Hjeðinn Valdimarsson:* Jeg þarf ekki langt mál til þess að svara hv. síðasta ræðumanni.

Hann sagði, að jafnaðarmenn í bæjarstjórn Reykjavíkur reyndu að ná í alt, sem borgarar bæjarins hefðu undir höndum. Jeg veit ekki, hvar háttv. þm. hefir orðið þessarar rángirni jafnaðarmanna var, og jeg hygg, að hann þurfi ekki að óttast hana meðan flokkur hans er í meiri hluta í bæjarstjórn. Og þó hann skoði eignarrjettinn farsælan, þá skerðir þetta á engan hátt eignarrjett manna yfir fasteignum þeirra.

Þá gat hv. þm. þess, að óheppilegt væri að ákveða 5 árum fyrirfram um kaupin. En þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það er aðeins ákveðið um forkaupsrjettinn, en sá, sem hefir hann, er ekki skyldugur að notfæra sjer hann með því að kaupa, en gerir það því aðeins, að hann vilji það.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson):* Jeg er hræddur um, að hv. 3. þm. Reykv. hafi sjeð frv. þetta í einhverjum hillingum, því það var á honum að heyra, að hann óttaðist, að eignarrjettinum stafaði hætta af því. Hann talaði um það, að eignarrjetturinn væri hið dýrmætasta og farsælasta, sem einstaklingurinn ætti. Jeg er honum sammála í því efni, en það er svo langt frá því, að með frv. þessu sje farið fram á afnám eignarrjettarins, því menn fá peninga sína jafnt, hvort sem bæjarfjelagið eða einstaklingar kaupa.

Þá hefir hv. þm. (JÓl) algerlega misskilið forkaupsrjettarákvæðið. Það, sem hjer er um að ræða, er aðeins, að bæjarfjelögum og kauptúnum er heimilað að áskilja sjer forkaupsrjett í 5 ár. Það er engu slegið föstu um það, að alt verði keypt, heldur er til þess ætlast, að það verði ákveðið um það sjerstaklega í hverju einstöku tilfelli. Ef hv. þm. les rjett 3. gr. frv., þá getur hann gengið úr skugga um, að það er rjett, sem jeg segi um þetta atriði.

Jeg vona því, að þegar hv. þm. hefir áttað sig betur á ákvæðum frv., þá finnist honum það ekki eins hættulegt og hann heldur nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnkalli, og sögðu

já: HStef, HjV, IngB, JG, JS, JörB, KlJ, MT, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSv.

nei: BL, HK, JAJ, JK, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ.

JakM greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

2.—4. gr. samþ. með 15 : 8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 :10 atkv.

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

Þá talaði sami hv. þm. (PÞ) rjettilega um það, að ekki væri skýrt ákveðið í 1. gr., 2. málsgr., hverjir ættu að gera samþyktir, og spurði, hverjir ættu að gera þær fyrir hönd kauptúna. Þetta atriði kom satt að segja ekki til athugunar hjá nefndinni, og það er rjett, að þetta gæti orðið orfurlitið ágreiningsatriði. Jeg leit svo á í fljótu bragði sem hreppsfundur ætti að setja slíkar samþyktir, en hæstv. atvrh. (MG) hefir haldið því fram, að það sje verk hreppsnefnda.

Jeg þakka hv. þm. Mýr. fyrir gott boð hans um það, að vera nefndinni innan handar með það að færa frv. til betra vegar, og jeg skal skjóta því að form. nefndarinnar, að hann kalli hv. þm. (PÞ) á fund með nefndinni. Jeg er viss um, að henni þykir mjög vænt um að geta haft svo gjörhugulan, góðan og samviskusaman mann í ráðum með sjer, og jeg get lofað honum því fyrirfram, að tillögum hans mun verða vel tekið.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg vil ekki láta því ómótmælt, sem hv. 2. þm. N.-M. hjelt fram, að jeg hefði sagt, að sama heimild væri í 63. gr. stjórnarskrárinnar og farið er fram á í frv. þessu. Jeg hjelt því fram, að ef nauðsynlegt þætti að bæjar- eða hreppsfjelög næðu eignarhaldi á fasteignum, þá væri rjetta leiðin að fá lögnámsheimild samkv. 63. gr. stjórnarskrárinnar. En þá er það Alþingi, en ekki einstakir menn, sem á að ákveða, hvort nauðsyn á slíku sje fyrir hendi. En hjer á að veita ótakmarkaða heimild um eignarnám, án þess að neitt sje vitað um nauðsyn bæjar- eða hreppsfjelags á því að eignast viðkomandi fasteign eða fasteignir.

Jón Ólafsson: Jeg hafði alls eigi í fyrri ræðu minni minst á það, að ekkert nýtilegt gæti komið fram frá jafnaðarmönnum, og var því óþarft af hv. 2. þm. N.-M. að núa mjer því um nasir. Jeg er oft sammála jafnaðarmönnum í bæjarstjórn Reykjavíkur, en þótt svo sje, þá er í sjálfu sjer engin ástæða til þess að láta teyma sig hugsunarlaust inn á þeirra stefnubraut, sem sje þá, að þjóðin skuli eignast alt, sem einstakir menn hafa nú handa á milli.

Jeg hygg, að eignarrjettur einstaklingsins sje drýgsti og farsælasti aflvakinn til að knýja fram framfarir og framþróun innan þjóðfjelaganna, en alt, sem miðar að því að skerða áhuga einstaklingsins á því að eignast eitthvað, er þjóðunum til niðurdreps.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) þarf svo sem ekki að hrósa jafnaðarmönnum í bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir það, að þeir hafi ekki látið bæinn neyta forkaupsrjettar, hvar sem hann hefði getað, því að þeir hafa ekki verið einráðir í því efni. En alstaðar, og hvar sem þeir geta, reyna þeir að leggja einstaklingseignir undir bæjarfjelögin. Í þessu er ekkert ósamræmi hjá þeim; þetta er einn liðurinn í þeirra stefnuskrá, og þessu halda þeir áfram, þangað til kemur að skuldadögunum. Og eins og jeg sagði áðan, þá er það ólíkt, að láta þá leiða sig hugsunarlaust inn á sína braut, eða vera á móti hverju einu, sem þeir koma fram með. Þetta frv er ekki einungis algerlega óþarft, heldur getur það einnig orðið stórhættulegt. Það er sagt, að hæstv. atvrh. (MG) eigi að staðfesta

jafnaðarmenn ynnu einir að því að koma á rjettarbótum.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að frv. þetta væri ekki hliðstætt lögum um forkaupsrjett jarða. Jú, að nokkru leyti er það hliðstætt þeim lögum. En svo eru önnur ákvæði um forkaupsrjett jarða, sem ekki eru í þessu frv. Það sannar ekki neitt um óskyldleika laganna og frv., að nánustu ættingjar hafa fyrstir allra forkaupsrjett á jörðum. Það ákvæði var sett til þess að vera sem vísir til óðalsrjettar, sem reynst hefir vel í öðrum löndum. Svo sagði hv. þm. (JK), að forkaupsrjettur sveitarfjelaga á jörðum væri ekki til þess, að sveitirnar gætu eignast jarðirnar, heldur að þær rjeðu því, hvernig þær eru setnar. Það mun hvorttveggja ráða, þá er sveitarfjelög neyta forkaupsrjettar, að þau vilja eignast jarðirnar og ráða því, hvernig þær eru setnar, og þó hygg jeg, að fremur ráði það, að þau vilji eignast jarðirnar, enda bendir til þess það frv., sem hjer var til umr. næst á undan þessu frv. Það er heilbrigt, enda þótt í því tilfelli væri of langt gengið.

Þá sagði hv. þm., að ráðherra gæti ekki synjað staðfestingar þeim samþyktum, sem gerðar yrðu. Og það þótti mjer einkennilegt hjá honum, er hann sagðist ekki fær um að skýra, hvað átt væri við með því, sem segir í áliti allshn. Ed. um almenningsþörf á að eignast lóðir eða hafnarmannvirki. (JK: Jeg sagði, að það væri ekki á mínu valdi að skýra það.) En þó segir hv. þm. í nál. sínu, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir hafi nákvæmlega sama rjett og hjer er farið fram á í 63. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að geta náð eignarhaldi á fasteignum, ef þær þurfi þess nauðsynlega. (JK: Það sagði jeg aldrei).

Háttv. þm. talaði mikið um, hvaða óþægindum samþyktir gæti valdið mönnum, því að margir mundu ekki hafa hugmynd um, að eignir þeirra væru settar undir forkaupsrjettarákvæði, og tók þar til sönnunar, hvað fáir læsi Stjórnartíðindin. Það er nú dálítið skrítin kenning, ef ætti að halda því fram, að lög nái ekki til annara en þeirra, sem lesa Stjórnartíðindin. Menn verða að hlýða lögunum, hvort sem þeir hafa lesið þau eða ekki, því að ákvæði laganna ná til allra. Og jeg tel satt að segja litlar líkur til þess, að samþyktir bæjarstjórna og hreppsnefnda um forkaupsrjett, fari fram hjá eigendum fasteigna, ef þær samþyktir ná til eigna þeirra. Jeg býst heldur ekki við því, að Reykjavík t. d. fari að seilast eftir forkaupsrjetti á hinum og öðrum kofum út um öll holt.

Það, sem hv. þm. sagði um það, að hjer væri lagt út á hættulega braut, þá er það ekki annað en firra. Bæjarstjórnir og hreppsfjelög geta keypt fasteignir hvenær sem þau vilja, ef þeim leikur hugur á að eignast þær. En ef þau hafa forkaupsrjett, þá getur það orðið til þess, að þau fái eignirnar fyrir lægra verð en ella, og er það einn kosturinn við þetta frv.

Hv. þm. Mýr. skaut nokkrum aths. til nefndarinnar, og var flest rjett athugað hjá honum, eins og hans var von og vísa. Hann sagði, að það væri illa frá frv. gengið að því leyti, að einfaldur meiri hluti gæti ráðið samþyktum, en þannig er það nú sem stendur. Hitt er annað mál, að það væri ef til vill heppilegra, að í lög væri tekið, að einhvern ákveðinn meiri hl. þyrfti til þess að gera samþyktir, svo að þær geti öðlast staðfestingu.

að þær geti hlotið staðfestingu stjórnarráðsins. Jeg lofa því þó ekki, að koma fram með brtt. við frv. við 3. umr. til þess að laga þessa galla, sem jeg nú hefi bent á, að eru á frv., en jeg er ekki á móti því, að vera í samvinnu við hv. meiri hl. nenfndarinnar um að lagfæra frv. svo, að það þyrfti ekki að stranda hjer í deildinni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Mýr. spurði um það, hvort til væru í lögum nokkur almenn heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að gera samþyktir. Nei, það er engin almenn lagaheimild til um það, en í ýmsum sjerstökum lögum um sjerstök efni eru slíkar heimildir veittar. Það er því alveg rjett hjá hv. þm. (PÞ), að ef frv. þetta verður samþykt eins og það er, þá getur einfaldur meiri hluti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar ráðið, hvort samþykt verður sett eða ekki, og stjórnarráðið getur ekki neitað að staðfesta slíka samþykt. Jeg verð líka að taka undir það með hv. þm., að það er óviðkunnanlegt, að það skuli ekki tekið fram í 1. gr., 2 málsgr., hverjir eigi að semja samþyktirnar. En úr því að á þetta hefir nú verið bent og enn er eftir ein umr. um málið, þá er hægt að lagfæra þetta með brtt. við 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson):* Hv. 3. þm. Reykv. var að fetta fingur út í frv. Mótbárur hans voru að vísu veigalitlar, en all-einkennilegar voru þær, þar sem þm. á sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur, því að þær lýstu mjög litlu trausti á þeirri stofnun. Hv. þm. sagði, að ef frv. yrði að lögum, þá yrði svo mikil „agitation" í bæjarfulltrúunum, að þeir yrðu gerðir alveg vitlausir, og mætti láta þá fallast á hvaða glópsku sem væri. Jeg vil benda honum á það, að mjer finst það harla ólíklegt, að frv., þótt að lögum verði, geri bæjarstjórn Reykjavíkur, eða aðrar bæjarstjórnir og hreppsfjelög, miklu ginkeyptari fyrir tylliboðum en áður. Það eru engin lög til, sem banna bæjarstjórnum að kaupa fasteignir, enda hafa sum bæjarfjelög keypt mikið af fasteignum og hafnarmannvirkjum, og þau, sem voru svo heppin að kaupa áður en eignirnar komust í það geypiverð, sem þær eru nú í, eiga því að þakka afkomu sína. Svo er það t. d. um Seyðisfjörð, sem nú um aldarfjórðung hefir búið að því, að hann náði kaupum á hafnarmannvirkjunum.

Hv. þm. (JÓl) sagði, að það væri rjett frá sjónarmiði jafnaðarmanna að samþykkja þennan hjegóma, er hann nefndi svo. Hyggur hann þá, að hv. Ed. sje skipuð jafnaðarmönnum einum? Veit hann ekki, að sá flokkur, sem við báðir fyllum, hefir meiri hl. í Ed., en að meðferð þessa máls var sú þar, að það voru aðeins tveir menn á móti frv., er það var afgreitt út úr deildinni eins og það er nú.

Þótt frv. þetta sje í fyrstu borið fram af jafnaðarmanni, þá er það ekki nægilegt til þess, að við sjeum á móti því. Við verðum að viðurkenna það, að jafnaðarmönnum getur orðið það á að bera fram nýtileg frv. Og þegar svo stendur á, þá eigum við að styðja þau mál. Hitt væri aðeins vatn á þeirra mylnu, ef við erum á móti, þá sjaldan að þeir bera fram frv., sem vit er í. Þetta frv. fer sýnilega fram á rjettarbót, og það væri bæði óverðskuldað og óviðeigandi „kompliment", ef það yrði sagt, að

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

þeim, er að sjó liggja, og á öðrum lóðum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum. Það er því alveg á valdi sveitarstjórnanna, hve víðtækt þær nota þessa heimild. Jeg vil því vara háttv. deildarmenn við, að samþ. frv. þetta með það fyrir augum, að ráðherra neiti að staðfesta reglugerðina. — Ráðherra getur vissulega ekki neitað að staðfesta reglugerð, sem bygð er á lögum. Og þar sem ekkert er því til fyrirstöðu, að bæjar- eða sveitarstjórn taki allar fasteignir innan umdæmis síns, og setji þær undir forkaupsrjettarákvæðin, þá sje jeg ekki, að ráðherra hafi þar nokkuð að hafna.

Jeg veit ekki til þess, að það hafi nokkru sinni staðið á Alþingi að veita eignarnámsheimild samkv. stjórnarskránni, þegar um almenningsheill hefir verið að ræða. Það er vitaskuld ekki á mínu valdi að segja fyrir um það, hvenær almenningsheill er fyrir hendi. Alþingi gerir út um þetta í hvert skifti. Enda fer best á því, að svo sje. Þess vegna er engin ástæða til þess að fara að samþ. svo róttæka heimild sem þessa, enda getur það verið hættulegt, og vona jeg, að hv. þdm. sjái það, að engin hæfa er að samþ. frv.

Pjetur Þórðarson: Jeg er í sjálfu sjer ekki mótfallinn því, að bæir og kauptún fái slíka heimild sem þessa, en hinsvegar sýnist mjer alt of lauslega um það búið, hvernig bæjarstjórn eða hreppsnefnd fer að semja eða setja slíka samþykt sem ráð er fyrir gert. Hjer í frv. eru ekki nokkur ákvæði um það, hvernig slíkar samþyktir eigi að vera gerðar, til þess að þær veiti bæjarstjórnum og hreppsnefndum þessi víðtæku rjettindi. Þetta kalla jeg lauslegan undirbúning, þar sem um svo þýðingarmikil ákvæði er að ræða. Jeg minnist þess ekki, að til sje nein almenn lagaheimild, er veiti leyfi til þess að gera slíkar samþyktir, eða hvernig þær skuli gerðar, og vil jeg skjóta þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvort nokkur almenn lög sjeu til um þetta efni.

Það er alkunnugt, að samþyktir hreppsnefnda og sýslunefnda verða að vera útbúnar á vissan hátt, til þess að þær geti náð staðfestingu. En í þetta frv. vantar alveg ákvæði um það; takmörkin eru engin, og það virðist svo sem hægt sje að gera samþyktir með aðeins eins atkvæðis mun. Jeg álít, að það þurfi að vera einhver sjerstæð, ákveðin takmörk fyrir því, hvernig samþyktir þurfa að vera gerðar, til þess að þær hljóti staðfestingu. Þarf því, að mínum dómi, að endurbæta frv. mikið, ef það á að verða að lögum.

Þess er heldur eigi getið í 2. málsgr. 1. gr., hvaða aðili á að semja þessar samþyktir fyrir hönd kauptúna. Þar er hreppsnefnd ekki nefnd á nafn. En það þarf ekki nema litla orðabreytingu til þess að laga þetta. Það þyrfti ekki annað en að byrja aðra málsgrein svo: „Hreppsnefnd í kauptúni, sem er sjerstakt hreppsfjelag“, o. s. frv. Það er því ekki heldur rjett hjá hv. minni hl., að hreppsnefndum sje heimilað samkv. frv. að gera slíkar samþyktir, og orðið „hreppstjórn“ í niðurlagi greinarinnar er óviðeigandi. Það væri miklu nær að þar stæði „hreppsnefnd“, því að svo heita stjórnir hreppsfjelaga.

Ef hæstv. atvrh. (MG) getur eigi bent á nein almenn lög um forkaupsrjettarsamþyktir, þá finst mjer nauðsynlegt að setja sjerstök ákvæði um það í frv., hvernig þær eigi að vera gerðar, til þess

að gera nógu há tilboð í eignirnar, og „agitera" svo í bæjarstjórnunum og fá þær til að nota forkaupsrjettinn. Dæmin um þetta eru deginum ljósari. Jeg felst því alveg á skoðun háttv. frsm. minni hl. (JK), að besti styrkurinn fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til þess að ná eignarhaldi á þeim fasteignum, sem þær nauðsynlega þurfa, sje sá, sem felst í 63. gr. stjórnarskrárinnar, að taka eignirnar lögnámi og greiða þær eftir mati. Ákvæðið um forkaupsrjettinn, hvar sem selt hefir verið, hefir reynst illa, bæði í Reykjavík og öðrum kaupstöðum; það hefir komið á stað undirróðri og flokkadrætti, sem í mörgum tilfellum hefir leitt til þess, að hlutaðeigandi bæjarfjelag hefir ekki getað notað rjett sinn og eignirnar því orðið ¼—¾ dýrari en rjett var og þær þurftu að verða ella. Það er því mesti misskilningur, að með því að setja þessa forkaupsrjettarheimild sje verið að hjálpa bæjarfjelögunum; það er þvert á móti þeim til hins verra.

Jeg skil ofur vel, að þetta sje eftir geði jafnaðarmanna, sem alt vilja kaupa, hversu dýrt og óþarft sem það er. En jeg skil ekki, hvers vegna aðrir eru veikir fyrir slíku máli sem þessu.

Hjeðinn Valdimarsson:* Jeg hygg, að háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hafi fundist hann sitja á bæjarstjórnarfundi og væri farinn að pexa þar, því að ræða hans kom ekkert því máli við, sem nú er til umræðu. Hann var t. d. að tala um jörð, sem bærinn keypti, en þar var um engan forkaupsrjett að ræða; bærinn hafði ekki forkaupsrjett á henni.

Þar sem bærinn hefir forkaupsrjett á mörgum lóðum, þá skyldi maður ætla, eftir kenningu háttv. frsm. minni hl., að hann væri búinn að kaupa þær allar upp, en því fer fjarri.

Sú ástæða hjá háttv. 3. þm. Reykv. gegn þessari forkaupsrjettarheimild, að af henni gæti leitt allskonar undirróður, er harla ljettvæg. Slíkan undirróður má hafa jafnt hvort sem um forkaupsrjett er að ræða eða ekki. Um eignarnámsheimildina samkv. 63. gr. stjskr. er það að segja, að hún er góð, það sem hún nær, en hún á ekki við hjer. Jeg fæ því ekki annað sjeð en flest það, sem kom fram í ræðu háttv. 3. þm. Reykv., hafi frekar en hitt verið til þess að styrkja það, að forkaupsrjettarheimildin sje æskileg.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók svo eftir, að háttv. 3. þm. Reykv. spyrðist fyrir um það, hvort leyfilegt hafi verið að selja bryggju í Hafnarfirði, sem ríkissjóður hafði lagt fram fje til. Jeg man nú ekki eftir, hvaða skilyrði voru sett fyrir framlagi ríkissjóðs í þá bryggju. En jeg býst við, að þau hafi verið hin sömu sem sett eru nú fyrir framlagi ríkissjóðs til slíkra mannvirkja, sem sje þau, að mannvirkið verði til almennra nota. Og þegar bryggja þessi var seld, mun hún hafa haldið áfram að vera það. Er því ekkert hægt að segja, úr því að þeim skilyrðum er fullnægt, sem sett voru í byrjun.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg lít svo á, að aðalefni frv. þessa felist í 1. gr. þess, þar sem bæja- og sveitarstjórnum er heimilaður forkaupsrjettur að hafnarmannvirkjum í viðkomandi sveitar- eða bæjarfjelagi, lóðum

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

og að enginn þurfi að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Jeg er ekki viss um, að þetta ákvæði sje svo vítt, að undir það sje hægt að heimfæra það, sem í frv. felst. Jeg er ekki lögfræðingur, þess vegna vil jeg spyrja hv. frsm. minni hl., sem er lögfræðingur, hvort hann líti svo á, að undir þetta ákvæði 63. gr. stjskr. sje hægt að færa t. d. það, ef einhver hreppur vill eignast ákveðna jörð. Jeg vænti þess, að hv. frsm. (JK) vilji svara þessu.

Hvað snertir skriffinskuna og óhagræðið, sem hann var að tala um að mundi af þessu leiða, verð jeg að segja það, að mjer finst það ekki meira en ýmislegt annað, sem maður verður að beygja sig undir. Þannig er t. d. enginn frjáls að byggja svo mikið sem skúr hjer í Reykjavík, nema fá margfalt leyfi. Fyrst verður að fá leyfi byggingarnefndar og síðan að fara eftir krókaleiðum byggingarlaganna. Þetta finst mjer ófrelsi, engu síður en það, sem hv. frsm. minni hl. var að tala um.

Þá finn jeg ekki ástæðu til að hafa á móti því, þó að sá, sem brýtur í bág við þessi lög, býður ekki forkaupsrjettinn, verði látinn greiða hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfjelagi bætur fyrir tjón það, er það kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Jón Ólafsson: Það er ekki nýtt fyrir mjer, að heyra talað um ráðstafanir viðvíkjandi því, að ná eignum einstaklinga undir bæjar- eða sveitarfjelög eða ríki. Slíkar umræður eru ætíð á takteinum við hvert tækifæri í málefnum Reykjavíkurkaupstaðar. Er þetta meira gert til þess að sýnast vera hollir almenningi, en ekki af því, að ekki viti þeir, er á þessu klifa, að til eru í stjórnarskrá vorri skýr fyrirmæli, er gera almenningsþörfinni nógu greiðan gang að eignum einstaklinga.

Í sambandi við þetta mál langar mig til að minnast á eitt atriði, sem ekki bendir á, að öllum bæjarfjelögum sje mjög ant um að eiga stóreignir. Verð jeg þó að álíta, að salan hafi verið mjög misráðin. Á jeg hjer við það, að sala hafa verið hafnarmannvirki hjer í nágrenninu, en þó með fullu samþykki hlutaðeigandi bæjarfjelags. Út af sölu þessari dettur mjer í hug að skjóta þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvernig á því stendur, að bæjarfjelög geta selt eignir, sem styrktar hafa verið af ríkissjóði, án þess að stjórnin komi þar nokkuð til. Mjer fyndist eðlilegra, að búa svo um, að styrkir til slíkra mannvirkja væru að þessu leyti einhverjum skilyrðum bundnir.

Þá er að líta á það, að hvaða gagni slík forkaupsrjettarheimild sem þessi, er hjer um ræðir, gæti orðið bæjar- eða sveitarfjelögum. Reynslan hefir æði oft orðið sú, að forkaupsrjettarákvæði, er sett hafa verið í hina ýmsu samninga, hafa oft orðið til hins verra, því hafi seljandi viljað fá verulega hátt verð fyrir eign sína, hefir hann ekki þurft annað en fá einhvern til þess að gera svo og svo há tylliboð í hana. Þannig hefir það komið fyrir hjer í Reykjavík, fyrir sterkan undirróður, að keypt hefir verið eign fyrir 150 þús. kr., sem ekki gefur svo mikinn arð, að hún borgi hálfa vexti af kaupverðinu; kemur hún því til að verða ærið dýr, með sama gangi, er fram líða stundir. Jeg veit ekki, hvaða loftslag er hættulegt í bæja- og sveitastjórnum, ef ekki þetta, þar sem ekki þarf annað en fá menn til þess

sjái, að hjer er um að ræða mikið nauðsynjamál.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Eins og sjá má af nál. á þskj. 479, hefi jeg ekki getað orðið samferða hv. meiri hl. við afgreiðslu þessa máls. Jeg get ekki fallist á, að rjett sje að veita bæjar- og sveitarstjórnum jafnvíðtæka forkaupsrjettarheimild með lögum eins og frv. þetta fer fram á, því með henni geta þær náð eignarráðum á öllum lóðum og lendum, hafnarmannvirkjum, svo og öðrum fasteignum innan síns lögsagnarumdæmis. Það er algerlega á valdi þeirra, hvernig þær nota þessa heimild, og þar sem telja má, að forkaupsrjettarheimildin sje alveg takmarkalaus, get jeg ekki talið rjett að fá þeim hana í hendur. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að þörf sje á slíkri heimild, því að ef kaupstaðir eða kauptún þurfa nauðsynlega að ná eignarhaldi á fasteign innan umdæmis síns, þá er rjetta leiðin sú, að fá lögnámsheimild samkv. 63. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess má geta þess, að til eru nú í ýmsum lögum heimildir handa sveitar- og bæjarfjelögum til þess að taka fasteignir lögnámi, svo sem hafnarlögum, vatnsveitulögum, lögum um skipulag bæja o. fl. Af þessum ástæðum verð jeg að líta svo á, að slík heimild sem hjer er farið fram á að veita, sje óþörf. Sömuleiðis verð jeg að líta svo á, að það sje engan veginn hættulaust að veita jafnvíðtæka forkaupsrjettarheimild sem hjer er farið fram á, því að vel gæti svo farið, að bæjarstjórnir eða hreppsnefndir notuðu sjer heimildina til þess að sölsa undir sig fasteignir, án tillits til þess, hvort þær hefðu nokkuð við eignina að gera. En út á þá braut tel jeg hættulegt að fara.

Þá yrði ekki svo lítil skriffinska og ófrjálsræði samfara þessari heimild, þar sem hver einstaklingur yrði fyrst að bjóða hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn hvað lítla fasteign sem hann vildi selja, þó að það væri ekki nema lítilfjörlegur skúr. Borgararnir gætu naumast framar talist frjálsir menn í frjálsu landi.

Að öllu þessu athuguðu get jeg ekki mælt með frv. þessu, og ræð því hv. deild til að fella það.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Hv. frsm. minni hl. vildi ekki fallast á, að í frv. þessu væri aðallega átt við forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum og lóðum, sem að sjó liggja. Er þetta þó tekið fram í greinargerð frv., og út frá því gekk hv. Ed. Þá var hann hræddur um, að forkaupsrjettarheimild þessi mundi leiða til þess, að bæjar-og sveitarstjórnir færu að sölsa undir sig allar mögulegar fasteignir, sem þær hefðu ekkert með að gera. Þessu er því að svara, að í frv. er það einmitt tekið fram, að samþyktir þessar um forkaupsrjett nái aðeins til þeirra fasteigna, sem nauðsynlegt er fyrir bæjar -eða sveitarfjelögin að tryggja sjer forkaupsrjett á. Auk þess eru ákvæði í frv. um það, að atvrh. skuli staðfesta samþyktir þessar. Virðist það óneitanlega trygging fyrir því, að ekki verði farið út í öfgar með þennan forkaupsrjett.

Þá vitnaði hv. frsm. minni hl. í 63. gr. stjórnarskrárinnar og taldi, að samkvæmt henni væri einstökum hreppum og kaupstöðum tryggður þessi rjettur. Þar er talað um helgi eignarrjettarins,

með þá firru, að greindir borgarar gætu ekki svarað því, hvað gerðist hjá bæjarstjórn. Spurningin er villandi, því það ætti þá að spyrja þá um, hvað hafi gerst hjá bæjarstjórn, sem snertir þá sjálfa eða í sjerstökum málum, sem þá varða. Jeg er viss um, að hver einasti borgari fylgist með í slíkum málum. Það mætti reyna að spyrja mann, sem sótt hefði um byggingarleyfi, hvernig því hefði reitt af. Auðvitað vissi hann það upp á hár. Og svo heldur hæstv. forsrh., að fasteignaeigendur fái ekki vitneskju um, ef gerð eru einhver sjerstök ákvæði viðvíkjandi fasteignum þeirra. En hann má reiða sig á, að um þetta verður engin óvissa, hvorki hjer í Reykjavík nje annarsstaðar.

Hæstv. ráðh. talar um það sem möguleika, að þetta yrði heldur ekki þinglesin kvöð, og það yrði til þess að gera rjettaróvissuna meiri. En því er samfara nokkur kostnaður, og svo getur verið, að slík þinglesin kvöð sje meiri hefting á fasteignum en forkaupsrjettarsamþykt, sem birt væri í B-deild Stjórnartíðindanna. — Yfirleitt sje jeg ekki neina ástæðu til þess, að deildin taki til greina þessar mótbárur hæstv. forsrh.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. G.-K. (BK) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, BK.

nei: JJós, JóhJóh, JBald, JJ, JKr, MK, EÁ, GÓ, IHB, IP, HSteins.

Einn þm. (EJ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 11 : 2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 351).

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að leggja til, að frv. væri vísað til allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 4 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 66. og 67. fundi í Nd., dagana 4. og 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 351, n. 477 og 479).

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Mál þetta er komið frá Ed. og hefir fengið þar ítarlega meðferð hjá allshn., sem hefir gert nokkrar breytingar á frv. Það er fram komið til þess að setja hliðstæð ákvæði um forkaupsrjett ýmsra eigna í kaupstöðum við það, sem gildir um eignir í sveitum. Þessi ákvæði ná til kaupstaða, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig. Heimildin er nokkuð víðtæk eftir frv., en fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að hún nái til hafnarmannvirkja. Nefndin hefir klofnað í þessu máli, og mun minni hl. gera grein fyrir sinni afstöðu. Meiri hl. nefndarinnar felst á ástæður þær, sem færðar eru fyrir frv., og leggur til, að það sje samþ. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en vænti þess, að hv. deild

bærilegt við forkaupsrjett hreppa á jörðum. Jeg skil ekki, að það fái nokkurt fylgi, að vísa frv. frá, eins og hæstv. forsrh. vill, eða til stjórnarinnar, eins og hv. 1. þm. G.-K. vill.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. (JBald) viðurkendi í rauninni með ummælum sínum þá höfuðaðfinslu mína, að ákvæði frv. til að heimila kaupstöðum og kauptúnum forkaupsrjett væru of víðtæk. Hann viðurkendi það, með því að vísa í athugasemdirnar við frv., að ekki væri ætlast til, að eins langt verði gengið og lögin heimila. En þegar farið verður að lifa eftir frv., er jeg hræddur um, að svo fari, að ekki muni allir eftir þessari athugasemd hv. 5. landsk. En þessi ummæli hans sýna, að hann finnur, að hann hefir gengið of langt. Hv. þm. vísar til forkaupsrjettar sveitafjelaga á jörðum. En ummæli hans sýna, að hann þekkir ekki þau lög, sem um þann forkaupsrjett fjalla. Fyrsta forkaupsrjett hefir altaf ábúandi, og ef eigandi vill selja nákomnum ættingjum, hefir hreppurinn ekki forkaupsrjett. Forkaupsrjettur sveitarfjelaga á jörðum er settur inn í því ákveðna augnamiði að gera sveitarfjelögum mögulegt að fyrirbyggja, að jarðirnar kæmust í hendur manna, sem ekki gætu notað þær í samræmi við hagsmuni sveitarfjelagsins. Sá forkaupsrjettur er því þrengri.

Að jeg hafi skýrt rangt frá, vísa jeg heim til hv. þm. (JBald). Það má auðvitað segja, eins og hann gerði, að það sje fáviska og fáfræði að vita ekki hvað gerist t. d. hjá bæjarstjórn Reykjavíkur. En ef hv. þm. vildi fara út í bæ og spyrja greinda borgara, hvað mikið þeir viti af því, sem gerist í bæjarstjórninni, þá mundi hann áreiðanlega fá þau svör, að þeir vissu mjög lítið. Það, sem gerist hjá bæjarstjórninni, kemur ekki til almennings, nema það, sem blöðunum þykir svo frjettnæmt, að þau segja frá því. Þær frásagnir muna menn svo 1—2 daga, eins og aðrar blaðafrjettir. Þetta er það almenna. Það á nú að vera svo eftir löggjöfinni um allar kvaðir á fasteignum, að það á ekki að velta neitt á þekkingu eða fróðleik þeirra manna, sem kaupa eða selja fasteignirnar. Um alt slíkt eiga menn að geta fengið að vita á einum stað. Þinglestur á kvöðum, sem er vel færður inn í veðmálabækur, kemur í veg fyrir stórtjón í þessu efni. Því ætti að tryggja hann með sjálfum lögunum.

Jón Baldvinsson: Jeg er hissa, að jafngreindur maður og hæstv. forsrh. skuli bjóða deildinni þær röksemdir, sem hann kemur með í þessu máli. Hann reynir að koma því inn hjá mönnum, að forkaupsrjettur sveitarfjelaga á jörðum sje ekki eins víðtækur og sá forkaupsrjettur, sem hjer er farið fram á. En hann kemst ekki í kringum það, að hreppurinn á forkaupsrjett að jörð að leiguliða frágengnum, og þeim, er slíkur rjettur var tryggður með breytingunni 1926. Í raun og veru ganga þau lög lengra að því er snertir kvaðir á jarðir, því að þar er um meira að ræða en forkaupsrjett sveitarfjelaga. Í þessum lögum er eingöngu um að ræða almenna hagsmuni.

Jeg skil ekki annað en öllum þyki heppilegt, að bæirnir eigi sjálfir hafnarmannvirki, bryggjur o. s. frv., en þetta frv. fer aðeins fram á að tryggja þau yfirráð. Svo kom hæstv. forsrh.

yfir hæstv. forsrh. (JÞ), og hún hefir líklega verið þessi:

„Grýla reið fyrir ofan garð;
hafði hala fimtán,
og á hverjum hala
hundrað belgi,
og í hverjum belg
börn tuttugu;
þar vantar á eitt
— og þar skal fara í barnið leitt!“

Og svo á að taka hæstv. forsrh. (JÞ) og fá hann Grýlu í hendur, til þess að fylla töluna, ef hann verður ekki góða barnið og reynir að sjá fyrir þessu frv., sem hjer er á ferðinni. Það er bókstaflega hlægilegt fyrir fullorðna menn, að láta fara þannig með sig eins og krakka, að jeg skammast mín fyrir að segja frá því.

En röksemdir þær, sem hæstv. forsrh. er að tæpa á, eru þessar: Það gerir ekkert til í sveitum, af því að þar eru engir sósialistar nje kommúnistar. En í kaupstöðum vaða uppi þeir menn, sem — með fágaðra orðalagi — hafa þá lífsskoðun, er gæti leitt til þess, að bæjarstjórnir yrðu fingralangar á fasteignir manna. Hæstv. forsrh. veit, ef hann hefir lesið aths. við frv., að ekki er ætlast til að gengið verði svo langt sem hann vill vera láta. Í greinargerð fyrir frv. segir svo: „Íbúðarhús með hæfilegum lóðum ætti ekki að jafnaði að taka í samþyktir um forkaupsrjett; það yrði full-umstangsmikið. Hinsvegar getur lega einstaks íbúðarhúss verið þannig, að mikilsvert sje fyrir bæjar- eða hreppsfjelagið að eignast það, og því er ekki í frv. útilokað, að taka megi íbúðarhús upp í samþyktir.“

Þetta hefir gert það að verkum, að frv. hefir orðið viðtækara en það, að ná aðeins til hafnarmannvirkja. Það getur staðið svo á, að einstök íbúðarhús liggi þannig, að nauðsynlegt sje að hafa umráð yfir þeim, og hafnarmannvirki hafi að öðrum kosti ekkert gildi fyrir kaupstaðinn. Hæstv. forsrh. skýrði rangt frá um það, að ekki væri hægt að samþykkja þetta frv. nema brjóta í bág við meginreglu í löggjöf. Það er aðeins ætlunin með þessu frv. að tryggja kaupstöðum og kauptúnum að sitja fyrir kaupum á þessum eignum. Jeg skil ekki, hvaða rjettaróvissu fyrir fasteignaeigendur gæti af þessu leitt. Það er engin hætta á, að þeir fylgdust ekki með í samþyktum bæjarstjórnanna um þessi efni. Það kemur ekki til mála, að nokkur fasteignaeigandi fylgist svo illa með því, sem snertir hans hag, að hann verði í nokkurri óvissu um þetta. Hverjum dettur í hug, að slíkar samþyktir fari fram hjá hreppstjórnum í smákauptúnum eins og Norðfirði, Eskifirði, Akranesi o. s. frv., án þess að fasteignaeigendur vissu af því? Í Reykjavík mundi því ekki heldur til að dreifa. Hjer mundu fasteignaeigendur áreiðanlega fylgjast með í því, hvenær slíkur forkaupsrjettur væri ákveðinn um eign þeirra, eða ekki. Annars mundi þetta að litlu leyti snerta Reykjavík. Þetta er einkum fyrir þá bæi, sem ekki eiga hafnarmannvirki sín, en þurfa að eignast þau. Má minna á Oddeyrarsöluna í þessu sambandi.

Jeg get ekki sjeð, að nein hætta stafi af þessu frv., en hinsvegar er í því fólgin talsverð trygging fyrir bæjarfjelögin. Allshn. hefir fallist á frv. með smábreytingum, og það hefir verið samþ. við 2. umr. með 12 eða 13 atkv. Jeg held, að mönnum hafi skilist vel, hvað í því felst, og sjái, að það er fullkomlega sam-

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal fúslega kannast við, að þetta frv. tók miklum umbótum við meðferð hv. nefndar, frá því sem var, er frv. var flutt hjer í deildinni. En mjer sýnist samt sem áður, að frv. fari að sumu leyti svo langt yfir nauðsyn, sem rjettlætt verði, í þá átt að leggja kvaðir á fasteignir í kaupstöðum, að það sje ekki rjett að afgreiða þetta mál án þess að það fái ítarlegri athugun. Það, sem jeg hefi sjerstaklega að athuga við sjálfan grundvöll frv., er það, að vikið er frá því, sem jeg hygg vera meginreglu undantekningarlaust í löggjöf um slík efni, að skilyrði fyrir lögnámi á fasteignum sje það, að almennings þörf krefji. En það er ekki sett sem skilyrði í frv., að nein almenningsþörf krefji. Því að það, að ein bæjarstjórn vill láta bæjarfjelagið eignast fasteign, þarf ekki að stafa af neinni almenningsþörf, en getur t. d. stafað af þeirri lífsskoðun, að ekki sje rjett, að einstaklingar eigi fasteignir yfirleitt. Hinsvegar gæti kanske verið einhver ástæða til fyllri ákvæða í lögum en nú er, til þess að tryggja bæjarstjórnum að geta eignast t. d. hafnarmannvirki. En jeg held samt, að í hafnarlögum sjeu ákvæði, sem eru hugsuð til þess að tryggja rjett kaupstaða að þessu leyti. En þegar farið er að teygja þetta út yfir allar fasteignir, án nokkurs greinarmunar, og bygt eingöngu á áliti bæjarstjórnar í hvert skifti, án þess að nokkrar ástæður liggi til eða almanna þörf krefji, þá er það mikils til of viðtæk kvöð. Líka er það athugavert við frv., að hætt er við, að rjettaróvissa stafi af ákvæðum þess, ekki fyrir dómstólunum, heldur fyrir eigendum eignanna, ef þær ganga kaupum og sölum. Svo er kveðið á í frv., að kvaðir allar skuli birtar í B-deild Stjórnartíðindanna. En það er nú svo, að menn eru ekki stöðugt að lesa B-deild Stjórnartíðindanna, og hætt er við því, að stundum kynni að gleymast að fletta upp í þeim við slík tækifæri, og gæti því komið fyrir, að eigandi selji fasteign öðrum manni, án þess að bjóða bæjarstjórn forkaupsrjett. En þá má, eftir því sem frv. segir til, búast við lögsókn til kaupriftingar í alt að 6 mánuði. Sjá allir heilsýnir menn, hvílíku tjóni það getur valdið mönnum, sem hafa brotið bæjarstjórnarsamþykt um þetta í góðri trú. Það er sú minsta og sjálfsagðasta krafa, sem hægt er að gera, að bæjarstjórn láti þinglesa kvöðunum á fasteignum og færa inn í veðmálabók. Kaupandi útvegar sjer venjulega veðbókarvottorð, og gæti þá fengið vitneskju um kvaðir, ef einhverjar eru. En það er ekki áskilið í frv.

Jeg ætla því að leyfa mjer, vegna þessara athugasemda, sem jeg hefi gert við frv. og mætti hafa bæði fleiri og ítarlegri, að leggja til, að málinu verði vísað frá að svo stöddu, til frekari athugunar. (**JBald:** Vísað frá?). Já, eða til stjórnarninar. Jeg get gengið inn á það alveg eins.

Björn Kristjánsson: Jeg legg til, að þessu máli verði v í s a ð t i l s t j ó r n a r i n n a r.

Jón Baldvinsson: Það hefir verið nokkuð algengt fram að þessu, að hræða börn til þess að vera nú „góð börn“, og það er einkum eitt, sem fullorðna fólkið hefir notað til að hræða börnin með, og það er hún Grýla gamla. Nú er það fasteignafjelagið hjer í bænum, sem hefir tekið sig til og kveðið grýluvísu

arhúsa verður ekki neytt, en þó geta einstök hús legið svo, að nauðsynlegt sje fyrir bæjarfjelag að fá þau keypt, vegna fyrirhugaðra mannvirkja. Að vísu eru til eignarnámsheimildir í hafnarlögum og lögum um skipulag kauptúna, en slík lög eru of þröng og koma ekki að því gagni, sem forkaupsrjettur, slíkur sem þetta frv. fer fram á, gæti gert.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að hafa langar umræður um mál þetta. Það er ósköp auðskilið, og vilji hv. þdm. fallast á það, tel jeg það vel farið, því þetta er nauðsynjamál. Jeg tel sjálfsagt, að málinu sje vísað til nefndar, að umr. lokinni, og tel, að það muni eiga heima hjá allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 329).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefir haft þetta frv. til athugunar, og nægir að vísa til þskj. 329, en á því er nál. og brtt. nefndarinnar.

Nefndin hefir í öllum aðalatriðum getað fallist á frv. þetta, en þær brtt., sem hún flytur, telur hún nauðsynlegar til þess, að jafnframt því sem tryggður er forkaupsrjettur kaupstaðanna, sje um leið sjeð fyrir því, að hlutaðeigandi einstaklingar, sem bæjar- eða sveitarstjórnir vilja kaupa af, verði fyrir sem minstum óþægindum eða töfum af hendi hins opinbera. Þá þótti nefndinni nauðsynlegt að hafa einhver ákvæði um löglegar auglýsingar um það, hvort kaupstaðirnir ætla að neyta forkaupsrjettar síns, og áleit nefndin rjettast að þær samþyktir, sem gerðar eru um það, skuli birtar í B-deild Stjórnartíðindanna, og það skuli teljast nægileg auglýsing um þetta.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins þakka hv. allshn. fyrir meðferð þessa frv. Brtt. nefndarinnar eru allar þess eðlis, að jeg get að öllu leyti fallist á þær og geri þær ekki að neinu ágreiningsatriði.

ATKVGR.

Brtt. 329, 1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 329, 2, a. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 329, 2, b. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 329, 3 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 329, 4 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 329, 5 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 329, 6 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 329, 7 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. og 56. fundi í Ed., dagana 12. og 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 351).

er að vinna samkvæmt til næsta þings. En í nál er skýrt frá því, hvað nefndin vill, að gert sje í málinu. Jeg fæ því ekki skilið, hvers vegna fylgismenn frv. átelja þá leið, sem nefndin hefir farið. Hitt skil jeg vel, að þeir hefðu heldur kosið að málið yrði afgreitt í frv.-formi, og er svo einnig um mig. En þar sem málið kom svo seint frá hv. Nd., þá var ekki hægt að afgreiða málið hjeðan úr hv. deild í því formi.

ATKVGR.

Till. frá landbn., á þskj. 594, um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 10 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EJ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, HSteins.

nei: GÓ, JJ, MK.

Einn þm. (EÁ) fjarstaddur.

3. Forkaupsrjettur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv., A. 97).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er mjög svipað frv. því, er hjer var til umr. næst á undan (frv. um forkaupsrjett kaupstaða á jörðum), að því breyttu, að hjer er forkaupsrjettur bundinn við lögsagnarumdæmi og er hliðstæður forkaupsrjetti sveita í hreppsfjelögum.

En ástæðan til þess, að frv. er fram komið, er sú, að nýlega voru seldar í kaupstað norðanlands stórar eignir og hafnarvirki, sem bænum var nauðsynlegt að eignast, en lentu hjá einstökum manni. Þarna hefði átt að gilda forkaupsrjettarákvæði fyrir bæinn, og er þetta ljósast dæmi þess, hve nauðsynlegt það er kauptúnum að hafa þennan forkaupsrjett. Í mörgum öðrum kaupstöðum og kauptúnum eru lóðir, lendur og hafnarvirki eign einstaklinga, enda þótt slíkar eignir ættu í raun rjettri að vera eign bæjarfjelagsins. Allir þeir, sem til þekkja, vita, að það eru margvíslegar eignir einstaklinga, sem bæir þurfa að eignast til þess að hægt sje að byggja skipulega o. s. frv.

Það, sem hjer er farið fram á, er, eins og áður er sagt, hliðstætt því, sem gildir um forkaupsrjett sveitarfjelaga, en hjer er um fleiri eignir að ræða heldur en í sveitum, þar sem eru mörg íbúðarhús með litlum lóðum og svo hafnarmannvirki, en það er forkaupsrjettur þeirra, sem frv. stefnir að. Það gat verið um fleiri en eina leið að ræða, til að veita bæjar- og sveitarfjelögum þennan forkaupsrjett. En mjer þótti of umsvifamikið, að bæjarfjelag skuli þurfa að segja til í hvert skifti, sem einhver vill selja eign sína, hvort það vill neyta forkaupsrjettar. Til þess að takmarka fjölda þeirra eigna, sem bæjar- og sveitarfjelögum á að tryggja forkaupsrjett að, er farið fram á það, að bæjarfjelögin geri sjálf samþyktir um það, hvaða eignum þau þurfi að eiga forkaupsrjett á, til að ná því marki, sem frv. miðar að. Meginreglan verður auðvitað sú, að forkaupsrjettar til íbúð-

Jónas Kristjánsson: Hafi vanþekking hv. 1. landsk. (JJ) í þessum efnum ekki verið kunn áður, þá er hún nú ber orðin af umnmælum hans. Það, sem hann dirfðist nú að bera á borð af vísdómi sínum, er alt slík vitleysa, að ekki er orða vert að svara því. Mjer hefði þótt gaman, að nokkrir læknar hefðu verið komnir til þess að hlusta á þessa bakteríuspeki hans. En nú verður hann að hafa skemtun af henni einn.

Jeg held, að hæstv. atvrh. hafi svarað sem þarf hv. þm. A.-Húnv. (GÓ). Mjer finst vaka fyrir honum, að bara eitthvað sje gert, án tillits til þess, hvað að gagni verði, en það hlýtur að verða sem eðlilegt er, þar sem þekkinguna vantar, til einskis gagns. (**JJ:** Já, það er alveg rjett; hæstv. atvrh. hefir enga þekkingu á þessu máli.) — Jeg var að tala um hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) en ekki hæstv. atvrh. (MG).

Jeg verð að halda því fram, að nefndin hafi gert alt, sem hægt var að gera í þessu máli að svo stöddu. Það, sem andstæðingarnir halda fram, er á lítilli þekkingu bygt, og ráðstafanir, sem þeir stinga upp á, eru fálm út í loftið. Það þýðir ekkert að banna innflutning á vörum, sem taldar eru upp af handahófi, og skeyta svo ekkert um ýmislegt annað, sem meiri hætta stafar af. Þeir vilja víst vel, en vita ekki það rjetta í þessu máli. — Jeg geri lítið úr undirskrift manna, sem koma með skipum frá útlöndum, enda þótt þeir leggi við drengskap sinn, vegna þess að þeir vita í rauninni ekkert, hvað um er að ræða.

Guðmundur Ólafsson:* Hv. 6. landsk. (JKr) sagði, að það, sem jeg legði til málanna, um það, sem hjer er um að ræða, væri á lítilli þekkingu reist. Jeg skal fúslega játa það, að þekking mín á þessum málefnum er ef til vill ekki mikil. Hv. þm. (JKr) sagði einnig, að hjá þeim, sem eitthvað vildu gera í þessu máli, væri aðeins um fálm út í loftið að ræða. En sannleikurinn er sá, að hv. landbn. hefir ekki gert neitt.

Ingvar Pálmason:* Það hefir verið kastað hnútum til hv. landbn. út af meðferð hennar á þessu máli, en þó frekar til hv. meðnefndarmanna minna en til mín. Samt vil jeg ekki láta hjá líða að víkja nokkrum orðum að aðfinslum þeim, sem fram hafa komið í garð nefndarinnar.

Menn eru óánægðir yfir því, að nefndin skuli hafa farið þá leið í þessu máli, sem hún hefir kosið að fara, en ekki þá leiðina, að breyta frv. Jeg vil taka það fram, að eins og áliðið er nú þingtímans, þá myndi málið ekki verða afgreitt nú, ef frv. yrði breytt, heldur hefði afleiðingin orðið sú, að frv. hefði dagað uppi, vegna þess að nefndinni hefði ekki unnist tími til þess að afgreiða málið á þann hátt. Því taldi jeg rjettast að afgreiða það á þann hátt, sem nefndin hefir gert. Jeg hefi tekið það fram, að með þessu ætti að vera hægt að verjast veikinni, og jeg hefi einnig tekið það fram, að nefndin vill á engan hátt slaka til um öryggisráðstafanir, heldur væntir þess, að stjórnin fylgi þeim fast fram og gefi út bráðabirgðalög, ef þörf gerist. Þessa afgreiðslu verð jeg að telja vingjarnlegri við málið heldur en að láta það daga uppi í þinginu, því að með því er ekki um neina fasta stefnu í málinu að ræða, sem hægt

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

komu, voru þær ekki merkilegri en svo, að eitt blaðið, sem þó styður hæstv. stjórn, gerði jafnvel gys að þeim. Hvernig stendur á því, að ekki voru gerðar ráðstafanir í sumar, eftir að lögin gengu í gildi, og í haust, eftir að frjettist um veikina, viðvíkjandi þeim mönnum, sem komu frá útlöndum og grunur gat leikið á að kæmu frá sýktum hjeruðum? Mjer finst það benda á, að lögin frá 1926 sjeu ekki nægilega sterkt aðhald, og hæstv. stjórn hafi hinsvegar ekki haft þann áhuga, sem skyldi. Og nú reynir hvorki hæstv. landstjórn með þeirri þekkingu, sem hún ætti að hafa aflað sjer, nje háttv. meiri hl. landbn., sem manni sýnist þó málið skyldast, að laga frv. eða breyta því, heldur gera þessir tveir aðilar alt til þess, að það dagi uppi eða verði beinlínis felt. Því hefir verið haldið fram, að í frv. væri taldar vörutegundir, svo sem egg, smjör og kartöflur, sem ekki kæmi til mála að banna innflutning á. En alt eru þetta vörur, sem við ættum að geta framleitt nægilega mikið af í landinu sjálfu. Hvaða ástæða er t. d. til að flytja inn smjör? Hjer er nóg af fólki, sem líður neyð af atvinnuleysi, af því að okkur hefir enn ekki lærst að leggja fulla stund á það, sem hægt er að vinna að í okkar eigin landi. Þyki einhverjum hjer kenna of mikils „agrarisma“, þá vil jeg benda þeim hinum sama á það, að þetta frv. er samið og sniðið eftir þeim reglum, sem gilda í Noregi. Og annaðhvort hefir hv. Nd. skjátlast hrapallega, þar sem meiri hl. hennar samþ. frv., eða reglurnar eru í öllum aðalatriðum fullkomlega frambærilegar.

Hæstv. atvrh. kvað dýralæknirnn hafa gert mikið gagn með því að hindra innflutning lifandi dýra. Má satt vera. En óskynsamlega langt má ganga í því efni, því að hægur vandi er að ganga úr skugga um, að engin hætta fylgi, með því að einangra dýrin vissan tíma, t. d. í úteyjum, áður en þau eru flutt í land. En það verður hæstv. ráðh. (MG) þó að játa, að dýralæknirinn hefir ekki gert neinar sjerstakar ráðstafanir gagnvart þessari veiki. Hefði þó verið sjálfsögð skylda hans, að vekja að minsta kosti eftirtekt þings og stjórnar á hættunni.

Röksemdaþrot hv. 6. landsk. (JKr) hlaupa með hann, eins og vant er, út í fúkyrði. Hann bregður mönnum um fáfræði og heimsku. Hann ætti að láta sjer hægt og varast að nefna snöru í hengds manns húsi, því að kunnugt er, hve lítið hann hefir til brunns að bera af andstæðum þessa, þekkingu og viti, hvað þingmál snertir, og það lítið hann leggur til málanna, þá er það veikt bergmál af öðrum.

Þrátt fyrir alla bakteríufáfræði háttv. 6. landsk., er það fyllilega rjett, sem jeg sagði, að enn er það vísindalega ósannað, sem hann fullyrti rjett vera, að hægt sje að vita aldur bakteríu, sem enginn þekkir. Enda neyddist hv. þm. til þess að játa vitleysurnar óbeinlínis og fór að tala um alt annað, þol og verkanir bakteríunnar, sem hægt væri að athuga, þótt ekki þektist hún. En hver heilvita maður sjer, að meðan hún er ekki hreinræktuð og einangruð frá öllum óviðkomandi áhrifum, er engin trygging fyrir því, að veikin stafi ekki af annari orsök en ætlað er. Og menn hafa ekki leyfi til að halda því fram sem fullsönnuðu, sem er á líkum bygt. Jeg veit vel, að hv. 6. landsk. (JKr) trúir þessu, sem hann heldur fram, af því að honum hefir verið sagt þetta.

— Þó það nú væri! Jeg býst við því, að það mætti vera grunnhygginn maður í stöðu hæstv. atvrh. (MG), ef hann færi að halda því fram, opinberlega að minsta kosti, að engin ástæða væri til að standa eitthvað á móti. En alt þyrfti þetta að rannsakast áður en hafist væri handa, sagði hæstv. ráðh. (MG). Það er nú svo. Jeg held, að sú rannsókn hefði átt að vera komin fyr og árangur hennar lagður fyrir þetta þing, til þess að svigrúm ynnist í tæka tíð til tryggari löggjafar í þessu efni heldur en lögin frá 1926 eru.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett hjá hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), að jeg taldi vanta rannsókn. En jeg vil minna á, hvað gerðist á þingi í fyrra. Þá voru sett lög, sem þinginu þótti nægileg varúðarráðstöfun gegn þessari veiki. Fyrir því fann stjórnin ekki ástæðu til þess að rannsaka málið neitt sjerstaklega frekar. Jeg skil ekki, hvernig þessi ótti er kominn yfir menn síðan í fyrra. Því að það er nú vitanlegt, að gin- og klaufaveiki er minni núna í nágrannalöndunum heldur en oft áður. Í Danmörku t. d. er hún lítið útbreidd nú, en hefir verið mikil undanfarin ár.

Þegar þingið í fyrra samþykti lögin, sem jeg gat um áðan og álitin voru þá nægileg, tók jeg það fram, að jeg skildi frv. svo, að lagt væri á herðar dýralækni vald til þess að gera allar frekari ráðstafanir, sem honum þætti þurfa í hvert sinn, og mótmælti því enginn.

Jeg held það sje eins heppilegt að fara að ráði háttv. landbn., í stað þess að hlaupa til að gera einhverjar ráðstafanir, sem meira eða minna eru gerðar út í bláinn og margur leggur sig út af á koddann út frá, í þeirri góðu trú, að nú sje öllu óhætt, án þess að rannsakað sje til botns, hvort svo er ellegar ekki. Jeg vil láta rannsaka nákvæmlega og svo fljótt sem unt er, og ráðstafanir verða svo að byggjast á niðurstöðu þeirra rannsókna.

Jónas Jónsson: Það er auðsjeð, að dýralæknirinn í Reykjavík hefir mikil áhrif á gang þessa máls. Er kunnugt hald manna um það efni í hv. Nd. Og nú er það hann, sem hefir komið þeirri bakteríu inn í hv. meiri hl. landbn. hjer, sem veldur dauða þessa frv. nú. Það er auðsætt af orðum hæstv. atvrh., að honum er ljóst, að dýralæknirinn er ekki eins vel fær til leiðbeininga síðan hann veiktist í vetur, og því hefir hann nú við orð að leita til útlanda um upplýsingar. En eins og tekið hefir verið fram, getur orðið langt að bíða eftir þeirri þekkingu, sem þaðan á að fást, og hættan vofir yfir. Þar sem nú dýralæknirinn var veikur í vetur og gat ekki aðstoðað hæstv. stjórn, þá hefði verið eðlilegt, að hún hefði leitað upplýsinga í þessu skyni og leiðbeint þinginu samkvæmt því, í stað þess að draga úr framkvæmdum í málinu. Sinnuleysið í þessum sökum er gallinn á framkomu hæstv. stjórnar og sumra fylgismanna hennar hjer í Ed. Hinsvegar á það alls ekki við um marga stuðningsmenn hennar í hv. Nd., t. d. hv. þm. Borgf. (PO), sem vítti hæstv. stjórn fyrir það, að hafa ekki gert samkvæmt þeim lögum, sem sett voru í fyrra, neinar nýjar ráðstafanir til varnar gegn sýkinni, fyr en eftir að veikin hafði blossað upp í Noregi og knýja varð fram einhverjar aðgerðir með ítrekuðum áskorunum í blöðum. Og loks, er þær

fram, að jeg tel rjettast að fylgja till. hv. landbn., og þá verður málið rannsakað svo sem föng eru á og till. gerðar að ráði sjerfróðustu manna, og loks stofnað til framkvæmda, hyggilega og tryggilega, að aflokinni rannsókn.

Guðmundur Ólafsson:* Mjer þykir verst, að hv. form. landbn. (EJ) er ekki við. Hann veittist að mjer lítillega í ræðu sinni. En mjer fanst öll ræða hans sanna mitt mál og bera þess vott, að hann hafi ekki úr hófi fram heitan áhuga á þessu máli. Hann vildi segja, að lögin frá 1926 um svipað efni og þetta frv. væri að mestu leyti nægileg. En þó ekki væri nema að mestu leyti, vildi hann samt láta þar við sitja og ekki setja nein ákvæði um frekari varúð, meðan hættan er sem mest. Hvað sýnir betur en slík ummæli og önnur eins, að sá, er tekur þau sjer í munn, er með öllu áhugalaus og alvörulaus hvað þennan voða snertir? Hann sló á gamanstrengi, og kvaðst fyrir sitt leyti vilja hafa brauð til matar, þótt til mála kæmi að banna innflutning á korni. Hann þarf ekki að vera hræddur um, að til þess komi, og ekki er farið fram á það í frv.

Nokkuð líkt fór fyrir hv. 6. landsk. (JKr), þegar hann hann tók kartöflurnar t. d., og var að útmála, hvað fyrir okkur lægi, ef við ætum ekki kartöflur, jeg held mest mata. Ef bannaður yrði innflutningur á kartöflum, hjelt hann að menn mundu fá skyrbjúg. Bara að hann gæti þá sýnt okkur fram á, að við fengjum ekki aðra sending öllu verri viðureignar en nokkurntíma skyrbjúg.

Það kátlegasta við þetta alt saman er það, að hv. nefnd er ýmislegt að finna að frv., en hefir svo annaðhvort ekki nenning eða getu, nema hvorttveggja sje, til þess að koma með brtt. við frv.

Þá er það hæstv. atvrh. Mjer þótti satt að segja ekki nema eðlilegt, að honum þætti skynsamleg till., að málið færi til stjórnarinnar, þar sem hann á sjálfur sæti í þeirri hæstv. stjórn og veit gerst, hversu þeim málum er vant að reiða af, er þar lenda. Síðan fjelst hann á hugsanagang hv. landbn., að gallar væru á frv., og því ekki vert að samþ. það. Hann hnaut um það atriði í frv., að heimilt væri að veita undanþágu um innflutning á dýrum, en ekki t. d. eggjum. Mátti ekki breyta því og hafa endaskifti á heimildinni, strika út innflutning dýra og setja inn eggin í staðinn? En hv. nefnd hefir ekki orðið úr vegi að gera, hvorki þessa breytingu nje aðrar, sem henni kynnu að hafa þótt betur fara. Hvað sýna nú slík ummæli og aðgerðir sem þessar? Ekkert annað en það, að hæstv. ráðh. (MG) og háttv. nefnd, eða meiri hl. hennar, eru ánægð með ástandið eins og það er og vilja ekki setja neinar strangari varúðarreglur við því, að veikin beirist hingað til lands. Hæstv. atvrh. vildi reyndar fara að kynna sjer þetta betur ytra, mjer skildist einkum og sjer í lagi á Englandi. En það er ekki víst, að veikin bíði eftir þeir rannsóknum öllum og hyggilegu framkvæmdum og tryggu ráðstöfunum, sem af þeim á að leiða. Jeg geri mjer engar vonir um, að hún geri boð á undan sjer eða spyrjist fyrir um, hvenær hæstv. ráðh. (MG) er tilbúinn að taka á móti henni. Hann kvað heldur ekki vera ástæðu til að sporna við varúðarráðstöfunum. Full ástæða væri til að reyna að verjast veikinni.

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

Þeir hafa ekki bannað hjá sjer innflutning á smjöri og eggjum t. d., og hafa þó útrýmt veikinni.

Hv. 1. landsk. sagði, að dýralæknirinn hjer hefði ekki gert neitt í þessu máli fyrri heldur en nú á síðasta ári. Það er ekki rjett. Dýralæknirinn hefir altaf spyrnt á móti innflutningi dýra hingað til lands, jafnvel svo, að sumum hefir þótt um of. Hefir eitt sinn orðið ágreiningur milli hans og Búnaðarfjelags Íslands um það, hvort flytja skyldi inn geitur eða ekki. Búnaðarfjelagið vildi leyfa það, en dýralæknirinn ekki. Og svo hefir oftar verið. Mun hann eiga manna mestan og bestan þátt í því, að ekki hafa borist hingað til landsins ýmsir alidýrasjúkdómar, sem geisað hafa erlendis. Það hefir hann hindrað með því að leggja á móti innflutningi lifandi dýra. En af þeim stafar hættan mest. Hjer í frv. er heimild til þess að gera undanþágu með innflutning á dýrum, en alls engin um innflutning á t. d. ostum. Jeg veit ekki betur en sumir ostar að minsta kosti sjeu soðnir. Og hvað er þá hættulegt við þá? (**JKr:** Þeir eru allir soðnir.) Þá þess heldur. Og víða veit jeg til þess, að mjólkin er „pasteuriseruð", áður en búið er til úr henni smjör, þótt ekki sje það gert vegna hættu á útbreiðslu gin- og klaufaveiki, heldur vegna berklahættu.

Alt þetta þarf rannsóknar við. Hinsvegar er hægt, ef dýralæknir álítur þess þörf, að bæta við þær vörutegundir, sem taldar eru upp í lögum um varnir gegn alidýrasjúkdómum, sem sett voru á þingi 1926. Leiði rannsókn í ljós, að banna þurfi fleiri vörur, þá er það heimilt samkvæmt þeim núgildandi lögum. Jeg veit, að það er full ástæða til þess að verjast þessari veiki, og jeg vil ekki gera neitt til þess að standa á móti, að svo verði gert. En jeg heimta, að það sem gert er, sje gert eftir rannsókn og að ráði þeirra manna, sem fróðastir eru og færastir um að dæma í þessum sökum.

Jeg skil vel, að hætta geti stafað af kartöflum, sem teknar eru upp úr jörð, sem ef til vill hefir verið borinn í áburður undan sjúkum dýrum. Hví þá ekki að banna innflutning á kartöflum, fyrst banna á innflutning á öðrum vörum, t. d. þeim, sem jeg nefndi og soðnar eru, og því með öllu hættulausar. Þetta bendir á, að málið sje fjarri því að vera nægilega rannsakað. Þetta frv. var athugað í nefnd í hv. Nd., og það er alkunnugt, að sú nefnd var komin að sömu niðurstöðu og hv. landbn. Ed., en hætti svo búin, af því að henni skildist á mjer, að dýralæknirinn hefði of mikið að segja í þessu máli.

Hv. 1. landsk. var að spyrja um norska heyið, sem fór til Vestmannaeyja. Það stóð svo á, að „Lyra" var farin frá Noregi, áður en frjettist um bannið hjer. Þegar „Lyra" kom síðan til Vestmannaeyja, var leyft að flytja heyið þar í land, vegna þess, hve Vestmanneyingar voru illa stæðir með hey og höfðu kvartað um, og ókleift væri að nálgast innlent hey úr landi. Það hefi jeg aldrei sagt, að lítið gerði til, þótt gin- og klaufaveiki bærist til Vestmannaeyja. En hitt er satt, að það er tiltölulega langminstur skaði skeður, þótt veikin bærist þangað, af því að Vestmannaeyjar eru sá staður, sem langauðveldast er að einangra. En að það væri ekki ilt, eigi að síður, því hefi jeg aldrei haldið fram, hvorki fyr nje nú.

Að síðustu skal jeg enn taka það

það var próf. Guðmundur Thoroddsen, sem benti mjer á það. Gilti einu, hvaðan gott kom.

En þegar hv. þm. fór að tala um bakteríurannsóknir, sló verulega út í fyrir honum. Það þýðir auðvitað ekkert að segja hv. 1. landsk. það, að það er hægt að vita, að einhverjir sjúkdómar eru smitandi, löngu áður en maður getur hreinræktað bakteríurnar, sem þeim sjúkdóm valda. Menn hafa vitað í marga tugi ára, að krabbamein er smitandi, og menn hafa getað sýkt apa. En það er fyrst nú á þessu eða síðastliðnu ári, sem bakterían er fundin; það er fyrst, þegar hægt er að hreinrækta sýkla og rannsaka öll þeirra skilyrði, þegar þeir eru einangraðir og hægt að hreinrækta þá og sjá í smásjá. Það er hægt að sýkja eitt dýr, með því að sprauta vessa úr sjúku dýri í annað heilbrigt, jafnvel þótt sýkillinn, sem veikinni veldur, sje ekki fundinn. Þetta vissu menn fyrir löngu um bóluveikina, að hún var smitandi, og þótt gerillinn þektist ekki, var hægt að smita kýr og nota bóluvessa úr kúnni til þess að fyrirbyggja, að menn fengi bóluna. — Ræða hv. 1. landsk. er því bara bull út í loftið, og er ekki orða verð.

Jeg gat þess, að lífskraftur eða þol þessarar bakteríu hefði verið rannsakaður, vessi úr sjúkum dýrum rannsakaður á gleri í þeim vökva, sem þær lifa á. Það er hægt að vita, hve mikið ljós þær þola og uppþurkun, síðan taka það, sem er á glerinu, og reyna að sýkja með því. Sýkist dýrið, hafa bakteríurnar verið lifandi, en dauðar, ef það sýkist ekki. Þetta er auðskilið mál. En þeir, sem ekki hafa neina hugmynd um það og virðist varnað alls skilnings, þótt þeim sje leiðbeint, ættu ekki að vera að spreyta sig á að halda langar ræður um það. Jeg vil, að alt sje gert að yfirlögðu ráði, en ekki af blindum ótta, af þekkingu, en ekki vanþekkingarofsa. Þar sem óttinn ræður, er hættan mest. Ef þekkingin er lítil, geta menn hlaupið beint í voðann. Þekkingin er undirstaða framkvæmda, hjer sem annarsstaðar, og dýralæknar eru þeir, sem þekkinguna hafa á þessu sviði fyrst og fremst. Til þeirra ber að leita. Það er ekki endilega bundið við dýralækninn hjer í Reykjavík, heldur má og leita upplýsinga hjá dýralæknum utanlands, sem hafa miklu meira af þessari veiki að segja í sinni lækna-„praxis". Að gera þetta mál að æsingamáli, leiðir ekki til neins góðs. Hyggilegast er að leiða það til lykta að vitrustu manna ráði, en það verða dýralæknarnir að teljast í þessu tilfelli.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð að telja till. hv. landbn. skynsamlega. Það er af því, að á frv. eru þeir gallar, að það tekur með vörur, sem engin hætta stafar af, en sleppir aftur á móti öðrum, sem teljast verða hættulegar. Þótt hv. flm. þykist hafa farið svo langt sem hugsanlegt var í upptalningu þess, er banna skyldi innflutning á, hefir þeim þó skotist yfir sumt. Því tel jeg ekki rjett að samþ. frv. Verði till. hinsvegar samþ., mun jeg leita mjer upplýsinga um það hjá „fag"-mönnum erlendis, hverjar vörutegundir sjeu hættulegar og hverjar ekki. Og jeg á von á, að þar verði talsvert annað upp á teningnum heldur en í frv. Byggi jeg það á aðgerðum Englendinga í þessum efnum.

nú starfrækir það embætti hjer í Reykjavík, væri hæfur til þess, sökum heilsubrests. Það er augljóst, að ef heilsu hans er þannig háttað, að hann er ekki fær að rækja sitt starf, mun brátt verða valinn annar í hans stað. Hjer er hvergi átt við Magnús Einarson sjerstaklega, heldur dýralækninn í Reykjavík. Eins og hv. 1. landsk. tók fram, er sjálfsagt að velja þann í þetta embætti, sem færastur er til þess — þegar þar að kemur, enda mun ekki öðrum hent að fylla sæti Magnúsar Einarsonar.

Jónas Kristjánsson: Það var einn af þeim agnúum, sem jeg fann á þessu frv., að hvergi er talað um, að dýralæknir eigi nokkuð að vita um þetta mál. Þá sýnist mjer málinu spilað í óefni, ef þeir, sem hafa vit á því, eiga ekki að koma nærri því, en aðrir, sem ekkert vit hafa á þessu máli, eiga að fjalla um það. Skyldi það yfirleitt vera heppilegt, að láta þá fást við sjúkdóma, sem ekkert hafa til brunns að bera í þeim sökum, nema bara fáfræði? Hjer rís upp maður og talar um sjúkdóm, og ræða hans lýsir svo mikilli fáfræði og heimsku, að slíks eru ekki dæmi nokkursstaðar; jeg á við hv. 1. landsk. (JJ).

Það er um gin- og klaufaveikina að segja, að það er ekki í fyrsta skifti nú, sem hún kemur til Danmerkur. Veit jeg ekki betur en þetta sje í 4. skiftið, sem hún kemur til Danmerkur á 20 árum. Veikinni hefir verið útrýmt nokkurn veginn í bili, en hún komið aftur og aftur. Það er algerlega órjettmætt að brigsla mjer og öðrum um það, að okkur liggi í ljettu rúmi um þessa veiki; þetta er vitanlega sú vanalega pólitíska óráðvendni, sem hv. 1. landsk. þm. gerir sig sekan í, og er ekki orða vert. Jeg er viss um, að mjer er eins ant um eins og honum, að veiki þessi berist ekki til landsins, og hitt veit jeg líka, að honum er mest um það gefið að nota þetta sem pólitískt „númer".

Hvað því viðvíkur, að banna innflutning á kartöflum, þá verður að líta á það, að það kemur alloft fyrir, a. m. k. um alt Norðurland, að uppskera bregst. Skortur á kartöflum getur auðveldlega orsakað skyrbjúg á fólki. Jeg hefi að minsta kosti ekki svo sjaldan orðið var við skyrbjúg í kauptúnunum, þegar kartöfluþurð hefir verið.

Jeg álít þessu máli best borgið í höndum samviskusamrar stjórnar og undir eftirliti samviskusams, mentaðs dýralæknis — miklu betur en þótt taldar sjeu af handa hófi einhverjar vörur, sem ekki mætti flytja inn. Sumar þessar vörur ættu alveg að vera hættulausar, svo sem burstavörur; slíkir hlutir eru búnir til úr suðrænum stráum og koma ekki á þessi veikindasvæði utanlands. En sumt af þessu getur verið rjettmætt að banna, svo sem hár í sjúkradýnur o. fl., og er ástæða að athuga það; en alt þetta getur stjórnin gert í samráði við dýralækni. Annars vita menn ekki með hverju veikin barst til Noregs; sumir segja með krákum, en aðrir segja að hún hafi borist með mönnum, sem hirða gripi. Dýralæknirinn hjer ljet í ljós við mig, að sjerstaklega mikil hætta gæti af stafað, ef gripahirðar erlendir kæmu og færu að hirða gripi hjer, og kæmu t. d. með ósótthreinsuð föt.

Þá var hv. 1. landsk. að tala um, að jeg hefði fengið þetta vit hjá geðveikralækninum. Er ekki nema eðlilegt, að honum detti sá maður fyrst í hug, en

að frv. gangi of langt um bann á innflutningi. (**EJ**: Of langt og of skamt!). Þar sem það er talið ganga of langt, hlýtur að vera mikil hjálp í því. En ef hv. nefndarmenn álíta, að á sumum sviðum gangi það ekki nógu langt, þá bar þeim að lagfæra það.

Einar Jónsson:* Jeg vil ekki fyrir nefndarinnar hönd taka þær ásakanir gildar, að hún hafi verið óttalaus fyrir þessari veiki og áhugalaus í málinu, eins og ýmsir hv. þm. hafa komist að orði. Hún hefir blandað sjer í málið með mestu alvöru. En hún komst að þeirri niðurstöðu, eins og nál. ber með sjer, að ef stjórnin beitti lögunum frá 1926, ætti það að nægja, en ella gæti hún gefið út bráðabirgðalög.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) mintist á, að nauðsynlegt væri að fá fleira upp talið í lögunum. Jeg vil benda á, hvort það muni vera hyggilega af stað farið — ekki meira en hægt er að sanna um sýkingarhættu — að banna innflutning á öllum kornvörum. Jeg álít, að það eigi ekki að leika sjer að því, að banna slíkt. En það er sannanlegt, og það frá fróðari mönnum en voru í nefndinni, að óþarft hefði verið að telja upp smjör, osta og egg. En hverjar vörur, sem nauðsynlegt er að fá fluttar inn eða að banna að flytja inn, það megum við ekki ganga inn á, nema eitthvað vaki fyrir, sem er meira áríðandi. Skal jeg viðurkenna, að ef við erum í þeirri hættu fyrir gin- og klaufaveikinni, sem ýmsir álíta, þá gengi jeg inn á, að gott væri að banna innflutning á smjöri, ostum og eggjum. En meðan hættan er ekki sterkari en nú er útlit fyrir, vil jeg ekki vinna til, að banna t. d. innflutning á öllum kornvörum.

Hv. þm. A.-Húnv. var að gera lítið úr nefndinni fyrir það, að við hefðum komist svo að orði, að óþarflega margt væri talið í frv. Þótt lögin sjeu ekki tæmandi, þá er þetta rjett. Ef hv. þm. vill leggja út í svo tæmandi upptalningu, að engin hætta geti á nokkurn hátt stafað af veikinni, býst jeg við, að það hefði orðið af fá það afgert, að ekkert skyldi inn flytja. En það, sem talið er upp í lögunum frá 1926, er jeg í engum vafa um að er það, sem mest hætta stafar af. Og í þeim lögum er lagt á vald stjórnarinnar — og hún enda hvött til — að vera á verði með ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru á hverjum tíma.* Jeg álít því, að tæplega sje fært að fara lengra. Jeg mundi ekki, hvaða ræður sem haldnar yrðu yfir mjer hjer í hv. deild, geta óttast svo mikið háska af gin- og klaufaveikinni, að jeg færi að samþykkja innflutningsbann á öllum mögulegum vörum. Jeg er nú svo gefinn fyrir að fá mjer brauðbita úr útlendu korni, að jeg mundi þykjast illa settur, ef jeg gæti ekki náð í hann. Ef það væri nokkuð, sem vert væri að athuga öðru fremur, þá er það fatnaður fólks, sem fer landa á milli. En samkvæmt heimild í lögunum frá 1926 býst jeg við, að hæstv. stjórn geri þær skynsamlegustu ráðstafanir, sem mögulegt er. Með þetta fyrir augum hefir nefndin afgreitt málið eins og hún hefir gert, en ekki vegna þess, að hún sje svo óttalaus fyrir veikinni. Nefndin hefir og haft dýralækni í ráðum með sjer.

Það mun hafa verið hv. 1. landsk. (JJ), sem efaðist um, að sá maður, sem

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

ekki hræddir við veikina, sem þetta segja. En jeg er á því máli, að það sje minna saknæmt, þótt gerð verði ef til vill óþarflega ströng lög um þetta efni, ef það yrði til þess, að við fengjum ekki þessa hættulegu veiki inn í landið. Jeg held það sje mjög óvarlegt að hafa þessa skoðun tveggja hv. nefndarmanna, að okkur sje óhætt að fara hægt í sakirnar, sökum lítilla líkinda fyrir því, að veikin berist hingað. Það ættu allir að geta sjeð — og er margbúið að taka fram — að þar með er eyðilagður annar aðalatvinnuvegur landsmanna. Reyndar er það altaf að heyrast betur og betur, að við sjeum ekki miklu ver farnir fyrir það, en jeg get ekki verið þeirrar skoðunar. Og jeg er því mjög hissa á þeirri niðurstöðu hv. meiri hl., að best væri að hafa sem allra vægust ákvæði í lögum um þetta efni, því að ef maður ber saman lögin frá 1926 og þetta frv., þá er það miklu harðara, en samkv. gildandi lögum er málið lagt að miklu leyti í hendur stjórnarinnar. Mjer þykir ólíklegt, að hæstv. stjórn sje gerður beinn greiði með þessu; því að jeg veit ekki, hvernig hún á eiginlega að fara að, hvort hún á ekki að gera neina frekari ráðstöfun, fyr en ef til vill að veikin væri komin til landsins, ef niðurstaðan verður sú, að þingið láti í ljós, að frv. þetta gangi of langt. Mín skoðun er sú um þetta frv., að nokkur vafi leiki á um það, hvort það gangi ekki of skamt. Það hefir verið miðað við það, að banna þær vörur fyrst og fremst, sem mest hætta stafar af, og því næst það, sem skaðminst má teljast fyrir landsmenn að vera án.

Viðvíkjandi ræðu hv. 6. landsk. og hans læknisvísindum, hygg jeg, að við hefðum haft gagn af því, þegar veikin er komin, en síður til þess að verjast veikinni. En þar sem hann talaði um, að sannað væri, að sóttkveikjur gætu lifað á gleri í nokkrar vikur, en á heyi lengur, eða 20 vikur, þá er auðsætt, að mun hættulegra er að leyfa innflutning á heyi en gleri.

Þá talaði sami hv. þm. líka um það, að mjög mikil hætta gæti stafað af kartöflum. Ef svo er, og ef það er álit nefndarinnar, hefði jeg ekki tekið til þess, þótt hún hefði bætt kartöflum við, ef hún vildi fara varlega. En öll meðferð nefndarinnar á málinu sýnir, að hún er hvergi smeyk og hefir viljað fara hægustu leið. Hv. form. landbn. (EJ) sagði líka, að ekki væri nóg tekið fram í frv., svo að það væri örugt. Hví bætir nefndin þá ekki við? Má vera, að menn segi í þessu máli eins og fleirum hjer í hv. deild, a. m. k. seinustu daga þingsins, að það sje ekki til neins að hreyfa neinum andmælum gegn því, sem meiri hl. vill vera láta. En jeg gat ekki stilt mig um að láta það koma fram — með því að jeg er fulltrúi fyrir landbúnaðarhjerað — að jeg tel þessa hv. nefnd hafa tekið á þessu máli með ljettúð. Hún vill fá deildina til að álíta, að hættan sje svo lítil. (**JKr:** Þetta er misskilningur.) Jeg er nú svo læs, að jeg get lesið þessar 8 línur, sem nál. er. Hún leggur til, að frv. verði ekki samþ., þótt ekki sje með berum orðum; það á að vísa því til stjórnarinnar, og alt á að standa við það sama, nema að hún geti gefið út bráðabirgðalög, ef henni þykir ástæða til. En jeg leyfi mjer að efast um röggsemi hennar í þessu efni, þar sem jeg óttast það, að hún telji okkur of örugga fyrir veikinni. (**EJ:** Það er engin hjálp í frv.) Það má náttúrlega kasta því fram, en jafnframt er sagt,

hjá hv. 6. landsk., að egg sjeu ekki sóttberar. Þá var því haldið fram af öðrum hv. þm., að bagalegt væri það, að fá ekki að bragða útlent smjör. Ekki get jeg hugsað mjer neina þjóðarógæfu af því stafa, og ekki heldur hvað eggin snertir. Við getum jafnvel verið án þess að flytja inn kartöflur. Er það vitanlega eitt mesta hneyksli í íslenskum atvinnurekstri, að ekki skuli vera ræktað sunnanlands og austanlands nóg af kartöflum fyrir alt landið.

Þá sagði hv. 6. landsk., að hann hefði frjett — af tilviljun, að því er virtist — um grein í þektu ensku blaði, er sannaði hans mál. Sýnir þetta átakanlega, á hve veikum grundvelli ályktanir þingmannsins eru bygðar. Ef t. d. Þórður á Kleppi hefði ekki látið þetta blað í hendur hv. 6. landsk., til þess að leiðbeina honum, þá gat vel verið, að alt hefði farið öðruvísi og hv. þm. hefði verið með því að gera þessar ráðstafanir, og þá hefði máske mátt verjast sjúkdóminum, sem nú á að slá slöku við. Þetta sýnir, hve óskaplega hirðuleysislega er að farið í þessu efni, þegar aðgerðirnar eiga að byggjast á þeirri tilviljun, að eitt eintak af útlendu blaði barst í hendur eins þingmannsins, þar sem sagður er fróðleikur nokkur, en þó vafasamur, um málið. Jeg skal reyna að sýna fram á þetta, eftir ræðu hv. þm. Hann heldur fram í fyrsta lagi, að ekki hafi fundist sóttkveikja að þessari veiki, og segja það reyndar fleiri. En jafnframt sagði hann eftir þessu enska blaði, sem hann byggir á, að það hafi fengist tvær áreiðanlegar niðurstöður. Önnur er sú, að gerlarnir hafi getað lifað á gleri í nokkrar vikur og í öðru tilfelli hafi þeir getað lifað á korni í 20 vikur. — Nú vildi jeg sem ólæknisfróður maður spyrja: Hvernig er hægt að rannsaka aldur sóttkveikjanna, fyrst þær eru ekki fundnar? (**JKr:** Þingmaðurinn veit ekki, hvað hann er að tala um.) Hv. þm. (JKr) átti að skýra frá því, hvernig það á sjer stað, að bakteríurnar eru ekki þektar, en þó sje hægt svo að segja að telja höfuðhár þeirra. Getur vel verið, að hv. þm. vilji jeta ofan í sig annan liðinn, og þá getur hitt náttúrlega staðist. En hvílík fásinna, að á slíkum rökum frá svo fáfróðum manni eins og hv. 6. landsk. eigi að byggja opnun landsins fyrir þeirri hættulegustu veiki viðkomandi íslenskum landbúnaði, sem hingað getur komið.

Guðmundur Ólafsson:* Jeg fór að biðja um orðið, þegar jeg heyrði á hv. 6. landsk., að þeir væru nú farnir að tala um þetta mál, sem ekki hefðu vit á því; hjelt jeg, að jeg mætti þá eitthvað segja eins og hinir.

Jeg verð að segja, að þótt hv. landbn. hafi ekki beinlínis legið á þessu máli, þá hefir hún ekki tekið það alvarlega. Það er reyndar ekki von, að hún hafi afgreitt það á styttri tíma en þetta, en jeg held það hefði verið ráðlegra fyrir nefndina að fara meir eftir því, sem nefndin í Nd. komst að við rannsókn á þessu máli; hún hafði málið til meðferðar mestallan þingtímann. Mjer finst skína bæði út úr nál. og ræðum hv. nefndarmanna, sem allir hafa tekið til máls, að þeir taki þetta mál hreint ekki svo alvarlega. Þeir álíta, eins og háttv. form. sagði, líklegt, að hættan komi ekki yfir. Sami hv. þm. sagði, að óþarflega langt væri farið í frv., og býst jeg við að meiri hl. líti svo á. Þeir eru

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

ir að veikin kom upp í Noregi. E. t. v. stafar þetta Vestmannaeyja-tal þaðan.

Það er nokkurnveginn skiljanlegt um hjerðslækninn í Skagafirði, þótt það sje óafsakanlegt um alþingismann, að hann hafi ekki opin augu fyrir þeirri hættu, er íslenskum landbúnaði getur stafað af gin- og klaufaveiki. Hitt er miklu verra, þegar fulltrúar landbúnaðarhjeraða, eins og hv. 2. þm. Rang. (EJ), sem sjálfur er auk þess bóndi, vilja taka málið vetlingatökum. Ef veikin bærist hingað, og sýkti frá sjer eins og í Noregi, þá er afar ósennilegt, að okkur tækist að stöðva hana. Í Noregi var alt fje skorið niður, þar sem nokkur grunur var um veikina. Gerðar voru stórkostlegar girðingar um bæina, sem taldir voru sýktir, gryfjur grafnar og skrokkarnir af öllum skepnum á bænum, sjúkum og heilbrigðum, dysjaðir þar ásamt öllu, sem þeim við kom. Bæði hermenn og dýralæknar sáu um, að hins strangasta aga og nákvæmni væri gætt í öllu. — Þegar litið er á það, að meira en helmingur Íslendinga hefir uppeldi sitt af landbúnaði, og þessi veiki er atvinnu sveitamanna miklu hættulegri en nokkur önnur fjárpest, sem hingað hefir borist — ekki sambærileg við fjárkláðann — þá skil jeg ekki þá fulltrúa bænda, sem ekki vilja beita ítrustu vörnum gegn henni. Í hv. Nd. var líka aðalandstaðan gegn frv. af hálfu nokkurra kaupstaðarfulltrúa, sem meira mátu hag verslunarstjettarinnar en alls landsins. Þeir, sem ekki komast í beina snertingu við hættuna, eru altaf ókærnari um hana. En þeir menn, sem þetta frv. kæmi til að skaða, eru svo fáir, að Alþingi má alls ekki taka meira tillit til þeirra en allra hinna þúsundanna. — Hitt skal jeg játa, að þótt bæði þing og stjórn geri alt, sem í þeirra valdi stendur, til að varna veikinni að berast hingað, getur samt farið svo, að varnirnar verði ónógar. En þá getur Alþingi ekki ásakað sig fyrir að hafa ekki verið á verði. — Hitt má alls ekki eiga sjer stað, að láta hagsmuni nokkurra innflytjenda og misskilið stolt dýralæknis ráða úrslitum málsins.

Tveir af hv. nefndarmönnum hjeldu því fram, að frv. leiddi til þess, að banna yrði innflutning á korni. Jeg veit nú ekki, hvort þetta á að takast alvarlega. Ef ekki er flutt korn til landsins. fæ jeg ekki sjeð, að lift sje í því. Enda er þetta útúrsnúningur. Í frv. er ekkert í þá átt, að banna innflutning á korni. — Þá sagði hv. 6. landsk. þm., að ástæðulaust væri að banna egg, þar sem fuglar flyttu ekki veikina. Í almennum fræðibókum um þessi efni, sem leikmenn hafa aðgang að, er það þó sjerstaklega tekið fram, að hænsni sjeu hættuleg í þessu efni. Og í blaði, sem ekki má nefna í hv. deild, vegna þingskapanna, var því einu sinni haldið fram í ritstjórnargrein, að þær skepnur, er á þess máli heita fiðurfje eða fiðurdýr („fuglar" á alþýðumáli) gætu borið veikina. Ennfremur var talað um vissa fuglategund, sem að vísu kemur ekki hingað, en Norðmenn eru hræddir um að kynni að flytja sjúkdóminn frá Danmörku. — Ekki held jeg því fram, að alt, sem í þessu blaði stendur, sjeu óhrekjanleg vísindi. En þar sem annan aðalritstjóra þessa blaðs má telja talsvert færan að bóklærdómi í því, sem að þessu lýtur, þá þykir mjer allóliklegt, að Íhaldsmenn í landbn. vilji tortryggja þennan vitnisburð um sýkingarmögueika. Sje það rjett, sem blaðið hefir haldið fram, er það rangt

um málefnum og fylgjast best með í öllum rannsóknum á veikinni erlendis.

Frsm. (Ingvar Pálmason):* Jeg þarf aðeins að segja nokkur orð út af ræðu hv. 1. landsk. (JJ). Hann taldið málið hafa verið óhæfilega lengi í nefnd. Þetta vil jeg leiðrjetta, sakir þess, að það mætti e. t. v. skiljast svo, sem hv. meiri hl. nefndarinnar hafi lagst þar á málið, af því að hann væri því andvígur. Frv. var vísað til landbn. 6. maí, en nál. er dagsett 14. maí. Á þessum 8 dögum hjelt nefndin 5 fundi um málið, og fæ jeg ekki skilið, hvernig jafnstóru máli átti að ljúka á skemri tíma.

Jónas Jónsson: Það eru gleðilegar upplýsingar, sem hv. frsm. gefur, að nefndin hefir haldið marga fundi um málið. Samt sem áður verður því ekki mótmælt með rökum, að hún hefir afgreitt málið svo seint, að því hættir við að daga uppi, ef því verður nokkuð breytt í þessari hv. deild.

Það var auðheyrt á bæði hv. 2. þm. Rang. (EJ) og hv. 6. landsk. (JKr), að það er þeim mikill þyrnir í augum, að dýralæknir á lítið að hafa að segja um málið eftir frv. Það mun vera svo, að hv. Nd. hefir ekki verið ánægð með framkomu hans í þessu máli, og því hefir hún samþykt þessi ákvæði, en þá hefir hann borið sig upp við hv. meiri hl. landbn. í þessari deild, út af því, að þarna væri rýrð virðing hans. Nú vita það allir, að dýralæknir hefir verið mjög heilsutæpur um langan tíma. Og sjúkdómur hans er þess eðlis, að lítil batavon sýnist, a. m. k. fyrst í stað. Og þótt hann fengi einhvern bata, held jeg, að mjög varasamt væri að treysta á heilsu hans, þegar hann hefir orðið fyrir slíku áfalli. — Auk þess hefir almenningi fundist lítið gert af yfirvaldanna hálfu til að koma þessu máli í gott horf. Þó sýnist það ósennilegt, ef dýralæknir fylgist á annað borð nokkuð með erlendis, að hann viti ekki um hinar ítarlegu ráðstafanir, sem þar eru gerðar, til að hamla útbreiðslu veikinnar. — Veikin hefir verið landlæg í því landi, er við eigum mest viðskifti við, Danmörku, árum saman. Samt hefir þessi vörður heilsufars íslenskra dýra ekki gert neinar ráðstafanir til að hamla komu hennar hingað, fyr en á síðasta ári, eftir að hún var komin til Noregs. Í Svíþjóð eru gerðar yfirgripsmiklar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að veikin berist frá suðurhjeruðunum norður í landið. Norðmenn hafa gert svo mikið til að verjast veikinni, að Íslendingar, sem komu hjeðan að heiman, hafa jafnvel verið látnir í sóttkví, áður en þeir fengu að fara út á landið. Samt sem áður barst veikin inn í landið, og var þá eytt hundruðum þúsunda eða jafnvel miljónum króna til að skera niður búpening á hinum sýktu bæjum. Á þennan hátt hefir þeim nú sennilega tekist að stöðva útbreiðslu veikinnar, a. m. k. í bili.

Mjer er sagt það eftir hæstv. atvrh. (MG), að hann hafi látið sjer þau orð um munn fara, að ekki gerði mikið til, þótt veikin bærist til Vestmannaeyja. Mjer þykir þetta ótrúlegt og stórhneykslanlegt, ef satt væri. Langar mig því til að heyra hæstv. ráðh. segja um það sjálfan, hvort þetta er rjett haft eftir. — Hitt veit jeg að er satt, að leyft var að flytja til Vestmannaeyja nokkuð af heyi, sem komið var í skip áður en innflutningsbannið var á lagt, en eft-

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

Jónas Kristjánsson: Það er satt, að nokkur dráttur hefir orðið á afgreiðslu þessa máls, en þó ekki meiri en afsakanlegur er. Til þess að geta afgreitt málið nokkurnveginn sómasamlega, varð nefndin að afla sjer ýmislegra upplýsinga, svo sem nærri má geta. Magnús Einarson dýralæknir var erlendis, þar til fyrir skömmu, en vitanlega vildi nefndin leita álits hans um ýms atriði, þar sem hann er helsti sjerfræðingur í þessum efnum, sem hjer verður náð til.

Það er hverju orði sannara, að gin- og klaufaveikin er vágestur mikill, og hin mesta hætta á ferðum, ef hún berst hingað. Og síðan veikin barst til Noregs, hefir hættan vitanlega aukist að mun fyrir okkur. Vitanlega stafar aðalhættan af innflutningi dýra, en þar held jeg, að við höfum verið sæmilega á verði. Skömmu áður en veikin barst til Noregs, var t. d. sótt um leyfi til að mega flytja inn lifandi geitur frá sýktu landi, en því var neitað, að ráði dýralæknis. — Frv. það, sem hjer liggur fyrir, bannar vitanlega innflutning á lifandi fje. En að öðru leyti ber frv. með sjer, að það er samið af mönnum, sem eru bráðókunnugir þessum efnum. Þar er bannaður innflutningur á vörum, svo að segja af hadahófi, án tillits til þess, hvort aðrar vörur eru ekki miklu hættulegri. Það er t. d. áreiðanlegt, að geti veikin borist með heyi og hálmi, og það efast jeg ekki um, þá getur hún engu síður borist með ýmiskonar korni og fóðurkökum, og ekki síst með kartöflum, sem ræktaðar eru í görðum, sem ef til vill er borinn í áburður sýktra dýra. En kartöflurnar eru ekki einu sinni almennilega þurkaðar, þegar þær eru teknar upp og síðan geymdar á dimmum stöðum, svo að sýklarnir hafa hjá þeim hin bestu lífsskilyrði. — En frv. nefnir engar innflutningshömlur á korni eða kartöflum, þótt það banni innflutning á nokkrum vörutegundum, sem sennilega eru alveg hættulausar. Þannig er frv. samið af handahófi, og vandlega sneitt hjá fyrirmælum um að leita ráða dýralæknis.

Mjer var nýlega bent á alveg nýjar upplýsingar um þessa veiki í ensku læknisfræði tímariti, „The Lancet", 5. tbl. þ. á., sem út kom í mars. Þar er sagt frá því, að árið 1924 hafi enska stjórnin sett nefnd sinna allra færustu manna á þessu sviði, til þess að rannsaka háttsemi veikinnar og líf gerlanna, sem talið er að hún stafi af. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að gerlarnir (virus) gætu lifað nokkrar vikur á gleri eða þerripappír í rannsóknarstofu, við venjuleg skilyrði, þótt þeir sjeu í dagsbirtu. En á heyi og korni, möluðu og ómöluðu, geta þeir lifað 7—20 vikur. Ennfremur segir í þessari skýrslu, að hægt sje að sýkja fugla, en þeir sýki ekki frá sjer. Samkvæmt því ættu egg að vera hættulaus. En frv. bannar innflutning þeirra. Þetta er bygt á rannsóknum hinna færustu vísindamanna í þessum efnum.

Landbn. álítur því best sjeð fyrir málinu með því að nota lögin frá 1926, einkum ef stjórnin hefir óbundnar hendur um að gera frekari ráðstafanir, með reglugerð eða bráðabirgðalögum. Í samþykt þessa frv. telur nefndin ekki liggja neina tryggingu fyrir því, að veikin berist ekki hingað. — Sjerstaklega á jeg bágt með að fella mig við það, að í frv. er hvergi gert ráð fyrir, að leitað sje ráða dýralæknis. Þó hlýtur hann altaf að hafa mesta þekkingu á þess-

um árangur. — Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fram að fyrri hluta þessa vetrar voru allar varúðarráðstafanir gegn veikinni gersamlega gagnslausar. Þá skánuðu þær að vísu dálítið, en eru þó harla lítilfjörlegar enn. Ef hv. deild fellir þetta frv., hlýtur hæstv. stjórn að líta svo á, að ekki sje ætlast til neinna framkvæmda af henni. — Sá maður, sem mest hefir barist fyrir þessu máli, Ólafur Hvanndal prentmótasmiður, bar málið nýlega fram á fundi fulltrúa flestra kaupfjelaga landsins. Þar var í einu hljóði samþykt að skora á Alþingi að samþykkja frv. það, er hjer liggur fyrir. Þetta þótti þar svo sjálfsagt, að það var álitið hafið yfir allar umræður og samþykt í einu hljóði að gera ítrustu ráðstafanir til varnar.

Nú er mjer sagt, að dýralæknirinn standi á bak við hv. meiri hl. og hæstv. landsstjórn um að drepa málið. Er það í meira lagi undarlegt, því að í öðrum löndum eru það einmitt dýralæknarnir, sem reyna að vernda löndin fyrir veikinni. Hjer reynir stjettarbróðir þeirra að halda verndarhendi sinni yfir möguleikunum fyrir því, að veikin berist til landsins.

Að öllu athuguðu held jeg, að það sje tvímælalaust rjett af deildinni að samþykkja frv. óbreytt, þótt það sje e. t. v. ófullkomið að einhverju leyti; þá þarf það ekki að gilda nema part úr ári, ef næsta Alþingi sýndist rjett að breyta því. Óþægindi þau, sem t. d. verslunarstjettin hefir af sumum ákvæðum frv., eru ekki svo mikil, að ekki sje margfalt meira virði að vera laus við þennan vágest.

Einar Jónsson:*) Jeg þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Hv. frsm. er búinn að lýsa afstöðu þeirri, er landbn. tók til málsins í heild, og áreiðanlega mátti telja eðlilegasta. Þó verður að játa, að nokkur ágreiningur var innan nefndarinnar, enda þótt hann yrði jafnaður á friðsamlegan hátt.

Eins og þetta frv. kom frá hv. Nd., sýnist aðaláhersla lögð á það, að dýralæknir skyldi að engu kvaddur til þessara mála. Þetta þótti landbn. undarlegt. Enda þótt hún vildi engan veginn binda sig í öllu við hans ráðleggingar, eða leggja málið alveg á hans vald, þá sýndist þó sjálfsagt að kveðja hann ráða. — Þegar landbn. bar þetta frv. saman við lög þau, er nú gilda um þessi efni, frá 1926, þá sýndist henni óhæfilega langt gengið í upptalning á bönnuðum vörum, og þó er sú upptalning ekki tæmandi. Þar er tekið með ýmislegt, sem bæði hæstv. landsstjórn og dýralæknir telja litla eða enga hættu geta stafað af. Hinsvegar er í frv. ekki bannaður innflutningur á sumum vörutegundum, sem veikin getur engu síður borist með, svo sem ýmislegri kornvöru. Og jafnvel þótt veikin sje háskagripur, getur verið ilt að banna innflutning á sumu af því, er gæti flutt hana á milli landa, t. d. kornvöru. — Aftur á móti er það, að áliti dýralæknis, algerlega óþarft að banna innflutning eggja. Sjerfræðingar telja enga hættu geta af þeim stafað. Um smjör er vafasamara, en þó er talin af því mjög lítil hætta, og eins er um fleira. — Landbn. álítur því nógu langt gengið með því að samþykkja þá till., er hún leggur til. Og jafnvel þótt ekkert verði í málinu gert, annað en að beita lögunum frá 1926, telur nefndin litla hættu á, að veikin komist hingað.

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

tímann, taldi jeg rjettara að reyna að ná samkomulagi um málið, og það tókst á þeim grundvelli, sem kemur fram í nál.

Nefndin var sammála um að leggja áherslu á, að það bæri að verjast þessum sjúkdómi, og til þess treystir nefndin stjórninni, að nota heimild þá, sem felst í l. nr. 22, frá 15. júní 1926, svo rækilega sem hægt er. En telji stjórnin ekki í þeim felast nægilega heimild til tryggilegra ráðstafana til varnar veikinni, hefir nefndin ekkert við það að athuga, að hún gefi út bráðabirgðalög um þetta efni.

Það var orðið svo áliðið þingtímann, að jeg taldi mjög varhugavert að kljúfa nefndina, með því að meiri hl. hennar var ófáanlegur til að ganga að frv., nema með miklum breytingum, sem hefðu getað orðið til þess, að það yrði ekki afgr. frá þessu þingi. Jeg álít líka, að töluverð skerping felist í nál., og tel jeg, að málinu sje á þann hátt betur borgið en með því að afgreiða ekkert frá þinginu í þessu máli.

Jeg geri ráð fyrir því, að nokkrir hv. þdm. óski, að frv. gangi fram, en jeg tel, að með nál. sje sjeð fyrir því, að framkvæmd málsins geti verið einhlít og örugg, og varðar það, að mínu áliti, meiru en hitt, að lagaákvæðin sjeu mjög víðtæk. Nál. á þskj. 594 er einskonar áskorun til stjórnarinnar um að slaka í engu til á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og herða á þeim, ef hún telur þess þörf, og við það held jeg að megi una.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta að sinni, en geri ráð fyrir, að sá meiri hl. í nefndinni, sem var frv. andstæður, geri einhverja grein fyrir sinni afstöðu.

Jónas Jónsson: Jeg er talsvert óánægður með meðferð hv. landbn. á þessu máli. Það lítur svo út, að fyrst hafi nefndin legið lengi á málinu, og síðan legst meiri hl. hennar á móti frv.

Það var fyrst í vetur, þegar þessi hættulegi sjúkdómur geisaði í Noregi, að mönnum varð það almennt ljóst hjer, hver hætta var á ferðum, og jafnvel þá varð vart tveggja strauma í þessu máli. Blað Framsóknarflokksins hjer í bænum krafðist þess, að ríkisstjórnin gerði ráðstafanir til að verjast veikinni og bannaður yrði innflutningur á heyi og fleiri vörum, sem smithætta stafar af. En blað stjórnarflokksins gerði gys að málinu og ljet svo sem lítil hætta stafaði af þessari veiki, en þó fór svo að lokum, að raddirnar urðu svo háværar utan af landi og kröfurnar um það, að gerðar yrðu ráðstafanir til varnar veikinni, að stjórnin bannaði innflutning á heyi o. fl., samkv. heimild frá síðasta þingi. En bændur út um landið voru nú orðnir svo hræddir, að þeir söfnuðu undirskriftum undir áskoranir til Alþingis um það, að gera enn frekari varúðarráðstafanir en enn hafa verið gerðar. Undir þessar áskoranir hafa skrifað yfir 4 þús. af bændum landsins, og má sjá þær í skjölum þingsins.

Mjer þykir það einkennilegt hjá meiri hl. hv. landbn. að taka svo ljettúðlega á þessu máli: sitja fyrst á frv. óþarflega lengi, og leggja síðan til, að því sje vísað frá. Það er algerlega gagnslaust, að vísa málinu til stjórnarinnar, þar sem hún hefir sýnt sig andvíga frekari vörnum og yfirleitt mjög trega í taumi. Lagaákvæði er það eina, sem hjer má koma að gagni. Og jeg þori að fullyrða, að mjög litlar breytingar má gera á aðalatriðum þessa frv., ef von á að vera

vil jeg benda á það, hvernig veikin hefir hagað sjer sumstaðar annarsstaðar, t. d. í Danmörku, Englandi og Skotlandi; þar hefir veikin komið upp í vissum hjeruðum og að vísu tekist að bæla hana niður; en svo hefir veikin eftir misjafnlega langan tíma gosið upp aftur. Þegar litið er til þessarar reynslu, þá ber vitanlega að skoða Noreg hættulegan nú, að minsta kosti fyrst um sinn. Og auðvitað er sama máli að gegna um hin löndin, þar sem veikin hefir gengið nú undanfarið, og þar á meðal Skotland og England.

Nú hefir hv. þm. Ísaf. tekið upp þá dagskrá, sem landbn. hafði tekið aftur. Í tilefni af þessu vil jeg skírskota til þess, sem jeg hefi áður sagt um það, að þessar ráðstafanir eru bygðar á reynslu annara þjóða, og brýna það fyrir hv. þdm., hvað getur verið í húfi, ef dagskráin verður samþ. og við verðum að búa áfram við hina ófullnægjandi löggjöf, sem nú gildir í þessu efni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 415, sem tekin var upp af þm. Ísaf. (SigurjJ), feld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, SigurjJ, ÁÁ, BL, JakM, JK, JÓl, BSv.

nei: MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, HStef, HK, IngB, JAJ, JG, JS, JörB, KlJ,

Þrir þm. (ÓTh, BSt, HjV) fjarstaddir.

Brtt. 490, 1 samþ. með 17 : 3 atkv.
— 490, 2, a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 490, 2, b. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 490, 3 samþ. með 16 : 4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JAJ, JG, JÓl, JS, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, HStef, BSv.

nei: JakM, JK, MG, MJ, SigurjJ, ÁÁ, BL.

Þrir þm. (HjV, ÓTh, BSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., fimtudaginn 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 502).

Á 67. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbr. leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 502, n. 594).

Frsm. (Ingvar Pálmason):* Eins og nál. á þskj. 594 ber með sjer, hefir landbn. ekki getað orðið alveg sammála í þessu máli. Nefndin hafði málið til meðferðar á 5 fundum og athugaði það mjög ítarlega og komst að þeirri niðurstöðu að leggja til, að því yrði vísað til stjórnarinnar, með þeim forsendum, sem fram eru teknar í nál.

Það kom fram í nefndinni, að meiri hluti hennar taldi ýmsa galla á frv., svo að ekki væri hægt að ganga að því, nema með miklum breytingum. Hinsvegar var svo ástatt með mig, að jeg gat aðhylst frv., eins og það lá fyrir. En þar sem nú var svo mjög áliðið þing-

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. frsm. sagði, að það hefði meðal annars verið átt við það, að stjórnin gæti gefið út bráðabirgðalög, með þessum orðum: „ríkisstjórnin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því, að gin- og klaufaveiki eða aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.“

Mjer þykir undarlegt, ef nefndin hefir þurft að hverfa frá sinni stefnu í málinu, vegna þess að ekki var tekið fram í umræðunum áður, að þetta væri hægt; því að jeg hjelt að það væri öllum kunnugt, að jeg gerði ekkert annað en segja, hvað stæði í gildandi lögum, en mintist ekki á bráðabirgðalög. Mjer er fullkunnugt um það, eins og hv. frsm., að það er hægt að bæta úr þessu með bráðabirgðalögum. Svo að jeg get ekki ímyndað mjer, að þessi sje meining nefndarinnar með dagskránni, þótt hv. frsm. vilji líta svo á, eftir að jeg er búinn að sýna mótsögnina hjá honum og skýra dagskrána. Hann var mjög firtur yfir því, að jeg spurði hann viðvíkjandi orðatiltækjum í frv., en jeg veit ekki til hvers á að fara um skýringar, ef ekki til þeirrar nefndar, sem um málið þykist hafa fjallað.

Það var beinlínis rangt, sem hv. frsm. sagði, að jeg hefði sagt ólöglega reglugerðina frá stjórninni í vetur. Jeg tók það skýrt fram, að jeg treysti mjer til að forsvara hana að lögum, en að hún gengi eins langt eins og frekast er hægt að ganga eftir gildandi lögum.

Það er ekki til neins fyrir okkur að deila um það, hvort mikið eða lítið öryggi er í þessari löggjöf. En hann telur ekkert öryggi í því að leita til dýralæknisins í Reykjavík. Jeg álít þvert á móti mikið öryggi í því fólgið, því að hann er sá maður, sem helst hlýtur að bera skyn á þessa hluti.

Pjetur Ottesen: Jeg vil út af því, sem menn hafa haldið fram um það, að frv. þetta gengi þannig of langt, að þrengt væri um of að kostum ýmissa manna, sem í kaupstöðum og sjávarþorpum búa, aðeins svara því með því að staðhæfa, að þetta frv. er bygt á þeirri reynslu, sem fengin er um ráðstafanir í nágrannalöndunum, þar sem veikin hefir geisað. Þar hafa menn lært mikið af reynslunni um það, hvað hættulegt er í þessu efni. Og jeg held, að þegar tekið er tillit til þessarar reynslu, þá sje eiginlega ekkert hægt að fella niður af því, sem upp er talið í 2. gr. þessa frv. Og ef mönnum annars er það alvörumál, að vilja tefla á fremsta hlunn með að sporna á móti veikinni, þá geta þeir ekki verið því fylgjandi að breyta neitt gildi þeirra ákvæða, sem í frv. felast. Jeg held líka, að það sje ekki svo mjög þrengt að kosti manna með þessu frv., að nein ástæða sje að setja það fyrir sig, þegar hinsvegar er litið til þess, hvað hjer er í húfi.

Það kann náttúrlega vel að vera, að það komi fram eitthvað fleira og meira, við nýja reynslu, sem hættulegt getur talist; en eins og sakir stóðu, þegar lokið var undirbúningi þessa frv., þá voru þessar vörur taldar hættulegastar, bæði í Noregi og Danmörku. Og frv. er sniðið eftir þeim ráðstöfunum, sem þar voru gerðar, eins og jeg tók fram.

Út af þeirri fyrirspurn, sem hæstv. ráðh. (MG) beindi til lanbn. um það, hvernig hún liti á aðstöðu Noregs nú, þar sem ekki hefir borið á gin- og klaufaveiki þar um nokkurn tíma, þá

haft eftir upplýsingum frá Noregi, að Norðmenn sjálfir telja sig hafa yfirunnið veikina.

Þá sagði hæstv. ráðh. ennfremur, að jeg hefði eftir sjer, að sáralitið öryggi væri í þeim lögum, sem til eru í þessu efni. En þetta er misskilningur. Jeg sagði, að nefndin hefði lítið öryggi í þessu, eftir þeim skilningi, sem stjórnin leggur í heimildarlögin.

Þá sagði hæstv. ráðh., að frv. væri líkt að efni og auglýsing stjórnarinnar í vetur, og má það til sanns vegar færa. En með því er verið að bæta úr því, sem hæstv. atvrh. sagði við 2. umr. að vantaði í heimildarlögin, og því væri spurningin um, hvort reglugerðin hefði stoð í lögum eða ekki. (**Atvrh. MG:** Þetta er ekki rjett.) Jú, þetta er rjett, eftir því sem orð hæstv. ráðh. fjellu þá. (**Atvrh. MG:** Jeg segi nei!). Það er ekki til neins fyrir hæstv. ráðh. að neita þessu, og næsta undarlegt, að hann skuli nú vera mótfallinn því, að fá þá stoð, er hann taldi í vetur að vantaði undir reglugerðina.

Jakob Möller: Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. Str. Hann vænir okkur hv. þm. Ísaf. um það, að við lítum eingöngu á þægindi okkar kjósenda, er við mælum móti frv. Þessu leyfi jeg mjer að mótmæla sem rakalausum staðhæfingum. Þar sem hann gaf í skyn, að við værum móti þessu innflutningsbanni, vegna innflutningsvöru, sem bændur framleiða, og átti þar með við heyinnflutning, þá verð jeg að vekja athygli hans á því, að jeg hefi aldrei haldið fram, að hey ætti að flytjast eftir sem áður inn frá sýktum löndum. Andstaða mín gegn frv. byggist fyrst og fremst á því, að hjer er um einstrengingslegt bann að ræða, sem jeg tel, að þurfi ekki að vera, en betur komið fyrir í heimildarformi, sem svo er hægt að framfylgja, eftir því sem þörfin krefur. Mjer er fullljóst, að hjer er mikið í húfi, ekki aðeins bænda vegna, heldur allra landsmanna yfir höfuð, og jeg vil gera alt, sem hægt er, til að varna því, að þessi húsdýrasjúkdómur berist til landsins. En jeg sje okkur enga þörf á svona einstrengingslegri löggjöf. Og að setja einstrengingslegar ráðstafanir, sem jafnframt bera með sjer, að þær eru ekki annað en form, finst mjer fjarri öllu lagi.

Út af því, sem hv. frsm. (ÁJ) sagði, hefi jeg lítið að segja. Hann talaði í skoptón um mína fuglafræði, en jeg held hv. landbn. ætti ekki að tala um neina fuglafræði, því að það lítur út fyrir, að hún hafi ekki haldið, að til væru neinir fuglar aðrir en alifuglar. — Það var víst hv. þm. Str., sem var að tala um aðgreining á þessu, að það gæti orðið vænlegt til árangurs að banna innflutning á sumum fuglum, en öðrum ekki. Þetta er á sinn máta eins og að banna innflutning á notuðum karlmannafötum, en leyfa innflutning á notuðum kvenfatnaði. (**Trþ:** Jeg hefi alls ekki talað um þetta!). Það var þá hv. frsm. (ÁJ). Það er þýðingarlaust bann gegn innflutningi, sem ekki er hægt að framfylgja, og það var aðallega það, sem jeg gerði að umtalsefni.

Jeg leyfi mjer að skjóta því til hæstv. forseta, af því að svo margar og rækilegar brtt. hafa fram komið við frv., hvort ekki væri æskilegt, að málið yrði tekið út af dagskrá áður en það fer frá hv. deild.

ur muni hættulegastar og flytja með sjer sóttkveikjuna.

Hv. frsm. sagði, að stjórnin hefði í þingbyrjun átt að koma með frv., sem heimilaði henni viðtækari ráðstafanir, t. d. um innflutning manna. Jeg sje ekki betur en að þetta frv. sje líkt að efni og auglýsing sú, er stjórnin gaf út á milli þinga. Reglugerðina er hægt að forsvara. Hún hefir stoð í lögum, og meira þurfti ekki.

Annars skilst mjer á hv. frsm. og hv. þm. Str., að þeir búist við, að frv. verði að einhverju leyti breytt í hv. Ed. En sje þetta vitanlegt, vildi jeg skjóta því til þeirra, hvort þeir mundu ekki sjá sjer fært að ganga svo frá frv. hjer, að hv. Ed. gæti fallist á það. Að hrekja það milli deilda, gæti orðið til þess, að frv. komist ekki fram á þessu þingi.

Sigurjón Jónsson: Jeg skil vel ótta hv. frsm. og hv. þm. Str., sem talað hafa nýlega í þessu máli, og finst ekki nema eðlilegt, þó að þeir vilji setja öryggisráðstafanir bænda vegna, gegn því, að þessi skæða búpeningspest berist hingað til lands. En þeir verða í því sambandi að gæta hófs og ganga ekki of langt. Hv. þm. Str. sagðist heldur vilja setja of stranga löggjöf en eiga á hættu, að veikin bærist hingað. (**Trþ:** Vitanlega!). En mjer er spurn: Getum við útilokað með strangri löggjöf, að veikin berist hingað? Jeg held ekki. — Jeg held við getum ekki með neinu móti útilokað okkur svo frá viðskiftum annara þjóða, að það sje með öllu fyrirbygt, að veikin geti borist hingað. Þess vegna verðum við að gæta alls hófs og varast að lenda í tómum öfgum.

Jeg skil vel, þó að þessir háttv. þm., sem telja sig forsvarsmenn bænda, vilji tryggja sem best hag þeirrar stjettar. En þeir verða þá um leið að gæta þess, að þeir vinni ekki öðrum stjettum tjón. En ráðstafanir þær, sem þeir leggja til, að framkvæmdar verði samkvæmt frv., ganga mjög út yfir atvinnurekstur sjávarþorpanna. Mjer finst því sú leið, sem hv. landbn. valdi fyrst um afgreiðslu þessa máls, sú eina færa. Þess vegna hika jeg ekki við að taka upp þá rökstuddu dagskrá, sem hv. landbn. hefir fallið frá, og vænti, að hún nái samþ. hv. deildar.

Frsm. (Árni Jónsson):* Hæstv. atvrh. hefir nú sannað fyrir hv. deild, að hann getur lesið dagskrártill. landbn. rjett, en hitt á hann eftir að sanna, að hann geti skilið hana rjett.

En jeg vil benda honum á eitt úrræði enn, og það eru bráðabirgðalög. Ef veikin hefði borist til Noregs áður en heimildin í fyrra var gefin, þá hefði stjórnin getað gefið út bráðabirgðalög, upp á væntanlegt samþ. þingsins. Þessar útgöngudyr hefir stjórnin altaf milli þinga, og enginn hefir neitt út á það að setja, þó að hún noti sjer það, þegar nauðsyn krefur.

Þá var hæstv. ráðh. að spyrja um, hvað átt væri við með því að segja, að veikin gangi eða sje orðin landlæg. Jeg er hissa á, að hæstv. ráðh. skuli spyrja svona barnalega. Þetta er mjög algengt orðalag og virðist ekki þurfa skýringar við, nema ef vera skyldi í íslenskutíma í einhverjum barnaskóla. Þá vildi hæstv. atvrh., að nefndin segði til, hvort Noreg allan beri að skoða sýktan eða ekki. Þessu getur nefndin ekki svarað. En jeg get skýrt frá því, sem hæstv. ráðh. (MG) hefir borið fyrir nefndinni og

*Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

ganga eða eru orðnir landlægir í, sbr. upphaf 2. gr.

Hv. 1. þm. Reykv. var enn með fuglafræði sína, að engin tiltök væru að banna innflutning alifugla, af því að ekki væri hægt að banna farfuglunum að leita hingað heim til átthaganna. Ef þessi „fuglahræða" deildarinnar hefði rjett fyrir sjer, þá skal jeg játa, að erfitt mun vera að gera ráðstafanir gegn þessum faraldri, sem hjer er um að ræða. — Annars endaði hann með því að telja frv. með öllu þýðingarlaust. En jeg held, að það, sem skilur milli þeirra, sem frv. fylgja, og hinna, sem eru móti, sje það, að þeir síðarnefndu vilja ekkert aðhafast, sem orðið geti til óþæginda í bili, en við hinir fylgjum frv., þó við viðurkennum, að það sje ekki gallalaust, vegna þess, að það er álit okkar, að óþægindin sjeu svo smávægileg í samanburði við það tjón, sem gæti hlotist af því, að veikin bærist hingað. Því að ef við ekki samþ. frv., höfum við sáralítið öryggi fyrir því, að þessi skæði vágestur geti ekki borist hingað, og þá er um seinan að byrgja brunninn. Þess vegna verða hv. þdm. að líta meira á hag alþjóðar, heldur en að einblína á óþægindi þau, sem ráðstafanir eins og þessar geta valdið einstaka kjósendum í bili.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. frsm. fanst jeg lesa dagskrártill. landbn. á þskj. 415, eins og sagt er um kölska, að hann lesi biblíuna. (**ÁJ:** Ekki sagði jeg það.) Ekki kanske berum orðum, en þetta var meiningin. Jeg skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lofa hv. frsm. að heyra, hvernig jeg les hana:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því, að gin- og klaufaveikin eða aðrir alidýrasjúkdómar berist hjer til landsins og undirbúi fyrir næsta þing lög, sem bygð sjeu á reynslu og löggjöf annara þjóða í þessum efnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta skildi jeg í einfeldni minni þannig, að stjórnin ætti að gera alt, sem hægt væri, til þess að sporna við því, að veikin bærist hingað. Þess vegna gat jeg ekki skilið, hvers vegna skorað er á stjórnina í síðari lið till. að undirbúa löggjöf, nema búist væri við, að um eitthvað betra væri að ræða en stjórnin hefði gert.

Jeg fyrir mitt leyti taldi mjer skylt að fylgja fyrri lið till. til þess ítrasta, og finst því ástæðulaust að víta stjórnina fyrir það eitt, að hún telur sjer ekki fært að fara lengra eftir gildandi löggjöf en hún hefir þegar gert með ráðstöfunum sínum.

Annars vil jeg spyrja hv. frsm., hvað meint sje með þessu orðalagi í 2. gr. „að veikin gangi eða sje orðin landlæg." Sjerstaklega spyr jeg um þetta að því er Noreg snertir. Þar kom veikin upp í vetur, en hefir ekki borið á henni um tíma. Á að skoða allan Noreg sýktan, eða að veikin sje orðin þar landlæg, þó að vitanlegt sje, að hún hafi gert um tíma allmikið tjón á tiltölulega litlu svæði, en ekkert orðið vart við hana upp á síðkastið?

Hv. frsm. hafði eftir mjer, að jeg hefði sagt, að sáralítið öryggi væri, þó að hafa þyrfti ráð dýralæknis í þessu efni. En þetta sagði jeg ekki. Enda treysti jeg dýralækni betur en háttv. frsm. til þess að segja um, hvaða vör-

því var ekki endanlega gengið fyr en nefndin hafði átt fund með sjer og tekið afstöðu til þess.

Út af því, sem hæstv. atvrh. var að tala um innflutningsbann á smjöri, eggjum og soðnum osti, þá læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem hv. þm. Borgf. sagði um það efni. Þó skal jeg bæta því við, að með þessu er alls ekki algert bannaður innflutningur á þessum vörum. Því að vitanlega nær bannið aðeins til þeirra landa, sem vitanlegt er um, að veikin er í. Ef t. d. upp kemur, að veikin sje aldauða í Noregi, þá er horfin sú ástæða, að banna innflutning þaðan, og mætti þá flytja inn egg og þessa langþráðu, soðnu osta, og þar með fyrirbyggja, að hallæri verði í landinu af þessum ástæðum.

Hæstv. atvrh. þykir of langt gengið með frv. En hvers vegna leggur nefndin til, að svo langt sje gengið? Það er af því, að við 2. umr. málsins taldi hæstv. stjórn sig ekki hafa heimild eða vald til að fyrirskipa jafn víðtækar ráðstafanir sem hún hefir gert, til þess að verjast því, að þessi vágestur berist hingað; meðal annars taldi hún sig vanta heimild til þess að takmarka innflutning manna í þessu skyni. Hæstv. stjórn hefði því átt þegar í þingbyrjun að bera fram frv. til breytingar á heimildarlöggjöfinni frá í fyrra, er trygði henni rjett til að gera allar þær ráðstafanir, sem að dómi fróðra manna eru taldar nauðsynlegar til varnar veikinni.

Hæstv. atvrh. sagði líka, að málinu væri ekki gerður neinn greiði með því að halda því fram með slíku kappi og hjer er gert. En þar sem svo er áliðið þingsins, og málið á eftir að ganga gegnum hina deildina, þá virðist engin ástæða til að vera að tvínóna yfir afgreiðslu þess, ef það þá á annað borð er þingvilji, að það nái fram að ganga. Jeg veit, að hæstv. ráðh. (MG) verður aldrei áfeldur fyrir of miklar eða fastar aðgerðir í framkvæmdum þessa máls. Hitt mundi sönnu nær, að saka mætti hæstv. stjórn fyrir aðgerðaleysi, að hún hafi ekki verið á verði sem skyldi og ekki tekið nógu föstum tökum á ráðstöfunum sínum.

Þeim tveimur hv. þdm., sem talað hafa á móti frv., hefi jeg litlu að svara.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) benti á, að í smákauptúnum út um land væri enginn lögreglustjóri, er haft gæti eftirlit með innflutningi manna, er hingað leita frá útlöndum, og þar væri sumstaðar enginn læknir, er annast mætti um sóttvarnir. Þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, taldi hann því til einskis gagns. En jeg vil benda honum á, að í reglugerð þeirri, er hæstv. stjórn gaf út á milli þinga, eru þessi ákvæði, og þar gert ráð fyrir umboðsmönnum, sem framkvæmi þetta. Hann benti líka á, að ef ekki mætti flytja inn fiskbursta, nema þeir væru sótthreinsaðir áður en farið yrði að nota þá, gæti það tafið atvinnurekstur einstakra manna. Þetta má vel vera, þó að jeg geri ekki mikið úr því. En það mætti þá benda á aðra leið, og hún er sú, að setja hjer upp burstagerð. Þetta er ekki vandasöm iðn og ætti því að vera auðvelt að koma henni á. Nú, en dygði það ekki, væri önnur leið hugsanleg, t. d. að fá burstana frá þeim löndum, sem vissa er fyrir, að ekki eru sýkt. Og svo er um fleira, að það er ekki bannaður innflutningur, nema frá þeim löndum eða landshlutum, þar sem alidýrasjúkdómar

þeim, er þar koma á sumrin frá útlöndum? Og ef menn þurfa að óttast, að þeir verði settir í sóttkví langan tíma, ef þeir koma úr sýktu hjeraði, ætli þá verði ekki lítið leggjandi upp úr yfirlýsingum þeirra? — Í stuttu máli, þá álít jeg, að frv. sje fyrst og fremst alveg þýðingarlaust, en leggi hinsvegar óþarfar hömlur á viðskifti manna í ýmsum greinum og geti á engan hátt náð tilgangi sínum.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hlýt að láta í ljós mikla undrun á sumu af því, sem hjer hefir verið sagt, einkum af hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Þeir reyna nú að láta líta svo út sem þeir sjeu á móti frv., vegna einstakra formsatriða. Nú er komið á annan mánuð síðan frv. var borið fram, svo að þeim var vorkunnarlaust að koma með brtt. um þessi atriði, ef þeir vildu ekki eiga það undir hv. Ed. að lagfæra þessa galla. Þeir máttu frá upphafi vita, að þessu máli yrði fylgt með kappi, því að hjer er um að ræða þá alverstu plágu, sem landbúnaður Íslendinga getur fengið í náinni framtíð. Þess vegna ber bændafulltrúunum skylda til að vera vakandi. Enda hafa komið til Alþingis fleiri áskoranir en dæmi eru til, um að neyta allra bragða til að vernda landið fyrir þessari veiki. Og það er áreiðanlega betra að halda eitt ár uppi óþarflega ströngum heldur en of linum vörnum í þessu efni. Það er ekki heldur vegna einstakra atriða þessa frv., að þessir hv. þm. eru því andvígir, heldur sakir þess, að þeir sjá, að það veldur sumum kjósendum þeirra nokkurra óþæginda. Jeg álít ekki hundrað í hættunni, þó að löggjöf sje ströng um þetta efni til næsta þings, og legg því afarmikla áherslu á, að þingið fylgi hjer fast á eftir og sýni fullan skilning á, hve hjer sje um stórt og alvöruþrungið mál að ræða.

Frsm. (Árni Jónsson):* Jeg hefi skýrt frá ástæðunum fyrir því, að landbn. hefir ekki gert víðtækari breytingar á frv. en kemur fram á þskj. 490; það stafar af því, að nefndin bjóst við öðrum undirtektum hjá hæstv. stjórn en raun varð á. En út af orðum hæstv. atvrh. vil jeg taka það fram, að nefndin var ekki að víta hæstv. stjórn fyrir framkvæmdir hennar í þessu máli. En hitt finst mjer undarlegt, hvernig hann hefir skilið dagskrártill. nefndarinnar, því að eftir orðum hans að dæma er ekki annað að sjá en að hann hafi lesið hana öfugt, eða eins og sagt er um eina vissa persónu, að hún lesi bibliuna. Dagskrártill. er í tveimur liðum og hefir nefndin lagt megináherslu á fyrri liðinn, eins og margbúið er að taka fram.

Þá kom hæstv. ráðh. (MG) enn að orðalagi brtt. nefndarinnar „með ráði dýralæknis“, og taldi sig geta komist undan allri ábyrgð um framkvæmdir málsins, en kastað henni yfir á dýralækni. Jeg býst ekki við, að mjer mundi takast að sannfæra hæstv. ráðh., þó að jeg færi að rökræða þetta frekar, en vitanlega þýðir þetta ekki annað nje meira en að dýralæknir sje í samráði við hæstv. atvrh. um framkvæmdirnar.

Þá sagði hæstv. ráðh. (MG), að hann vissi til, að framhaldsnál. á þskj. 490 væri samið strax eftir fundinn í fyrradag, en ekki borið undir nefndina. Það er að vísu rjett, að jeg ritaði uppkast að nál. þegar eftir að fundi sleit, en frá

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

sjálf nágrannalönd okkar hafa sett um þessi efni. — Ef þetta frv. verður nú samþ. í þessari hv. deild, held jeg, að það þurfi varla að sæta miklum breytingum í hv. Ed., eða þurfi fyrir þá sök að heltast úr lest þeirra mála, er samþykt verða á þessu þingi. — Sje jeg svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Sigurjón Jónsson: Jeg er einn þeirrar skoðunar, að þetta mál sje illa undirbúið og lítið athugað. Hygg jeg, að um margt sje of langt gengið í innflutningsbanninu gegn ýmsum vörutegundum í 2. gr. frv., t. d. um smjör, osta, egg o. fl., sem telja má nauðsynjavöru, a. m. k. í kaupstöðum landsins. — Í 4. gr. er sagt, að hver sá maður, er kemur hingað til lands frá útlöndum, skuli „á fyrstu höfn, sem skipið hafnar sig á, áður en hann stígur af skipsfjöl gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði í haf frá útlöndum, dvalið í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.“ En nú eru fjöldamargar hafnir hjer á landi, þar sem hvorki er sóttvarnarlæknir nje lögreglustjóri, og þætti mjer fróðlegt að heyra, hvernig á að hátta framkvæmd laganna á þeim stöðum. — Hv. flm. (PO) óx ekki í augum sá kostnaðarauki, sem yrði að sótthreinsun á burstavörum. En jeg er hræddur um, að t. d. fiskburstar yrðu allmikið dýrari; en hver útgerðarstöð kaupir þá í stórum kössum, og þeir fara aldrei út fyrir fiskþvottahúsin, svo að ekki getur stafað af þeim nein sýkingarhætta. (**PO:** Þeir eru oft notaðir til að kemba stórgripum).

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en leyfi mjer að taka upp hina rökstuddu dagskrá hv. landbn., sem prentuð er á þskj. 415.

Jakob Möller: Jeg held, að hv. frsm. (ÁJ) hafi misskilið mig. Jeg var ekki sjerstaklega að finna að því, þótt frv. banni innflutning á farfuglum, sem það óneitanlega gerir, heldur var jeg að benda á, hve mikið fálm þetta alt væri. Mjer datt ekki í hug, að hægt væri að koma lögum yfir aðra fugla en alifugla, en hitt benti jeg á, að það væri álit fróðra manna, að sóttkveikjan gæti borist með farfuglum, engu síður en alifuglum, og væru sumir þeirra sjerstaklega hættulegir í því efni. Því tel jeg lítið gagn að því, að banna innfluthing á sumu, sem veikin getur borist með, þegar gerómögulegt er að ná til nærri alls. Eins er um fatnaðinn. Ráðstafanir 4. gr. eru ákaflega þýðingarlitlar. Jeg veit ekki, hve mikið flutt er inn frá útlöndum af notuðum fatnaði, sem verslunarvöru, en það getur ekki verið mikið. En menn, sem koma frá útlöndum, geta verið í notuðum fötum, sem þeir hafa keypt þar hjá skransala og vita ekkert hvaðan eru komin. Sýkin gæti vel borist með slíkum fötum, án þess að sá, sem í þeim væri, hefði nokkuru sinni komið í hjerað með gin- og klaufaveiki. Jeg geri líka ráð fyrir, að eftirlitið yrði slælegt á ýmsum höfnum úti um land, þar sem svo er ástatt sem hv. þm. Ísf. (SigurjJ) gat um, og raunar víðar. Hvað halda menn t. d. um Siglufjörð? Halda menn, að gott verði að hafa eftirlit með öllum

að hv. nefnd geri málinu ekki mikinn greiða með því að hraða því svo mjög. Því að eins og það er nú útlits, skil jeg ekki annað en að hv. Ed. neyðist til að breyta því svo, að það verði að koma hingað aftur, og þá fer að verða tvísýnt um, hvort það dagar ekki uppi.

Pjetur Ottesen: Jeg vil byrja á því, að þakka hv. landbn. stefnu þá, er hún hefir nú upp tekið og það kapp, sem hún sýnist leggja á, að frv. fái framgang. Einmitt með þessari afstöðu hv. nefndar kemur það glögglega fram, sem hún segir í nál. sínu, að hún er sammála flm. þessa frv., um að nauðsynlegt sje, að gerðar sjeu hinar ítrustu ráðstafanir til að verjast veikinni. Þótt skamt sje nú eftir þingtímans, vona jeg, að tími vinnist til að afgreiða þetta mál. Jeg hefi nú fyrir stundu leitt það í tal við menn úr landbn. í Ed., að þeir reyndu að greiða fyrir málinu, ef það kæmist þangað, og tóku þeir mjög vel í það. — Jeg þarf ekki að eyða tímanum í að svara fjarstæðum hv. 1. þm. Reykv. um þetta mál. Hv. frsm. hefir gert það svo rækilega, að jeg hefi engu þar við að bæta. Aðeins langar mig til að segja fáein orð við hæstv. atvrh. Hann lítur svo á, að hjer sje e. t. v. of langt gengið í að banna innflutning á ýmsum vörutegundum, og nefndi þar til bæði smjör og egg. Jeg held, að nokkurs misskilnings hafi þarna gætt hjá hæstv. ráðh. Þetta eru einmitt þeir hlutir, sem telja má hættulegasta. Enda leiðir það af sjálfu sjer, þar sem smjörið er framleitt úr mjólkinni ósótthreinsaðri. Eins er um eggin. Það er vísindalega sannað, að í eggjaskurninu leynast oft þessar bakteríur, og eins í himnu þeirri, er skjall heitir, sem er fyrir innan skurnið. — Nú er álitið, að hænsni hafi gott af því að eta eggjaskurn til kalkmyndunar, og þess vegna er það oft mulið handa þeim. Vona jeg að hv. þd. sjái, að ákaflega beint liggur við að óttast, að veikin berist til Íslands á þennan hátt, ef engar varúðarráðstafanir eru gerðar. Þetta styðst, eins og alt annað í frv., við reynslu nágrannaþjóðanna. — Þá talaði hæstv. ráðh. (MG) um, að of langt væri gengið með því að banna innflutning á burstavörum og varningi úr strái. Jeg vil að eins benda á, að engum hefir til hugar komið að banna innflutning á þessum vörum. Hann er fullkomlega heimill, samkvæmt frv., einungis verður að sótthreinsa vörurnar og vottorð um það að fylgja þeim. Jeg hefi átt tal við verslunarfróða menn um þessi fyrirmæli, og hafa þeir ekki álitið nein sjerstök vandkvæði á að framfylgja þeim. Hafa þeir álitið, að vel mætti fá verksmiðjurnar til að framkvæma þessa sótthreinsun, án þess að vörurnar þyrftu að hækka að nokkru ráði í verði. — Þá hjelt hæstv. ráðh. (MG), að við flm. hefðum ætlast til, að landbn. sniði af frv. okkar margt af því, sem við leggjum til, að bannaður sje innflutningur á. Ónei, við álítum varnirnar ekki öruggar, nema alt þetta væri tekið með. Helst gat verið vafamál um ullina, enda er nú fram komin brtt. um hana, sem við flm. höfum fallist á. — Síðan fór hæstv. ráðh. (MG) nokkrum orðum um millilandaviðskifti, og sagði, að varla væri leyfilegt að banna innflutning á einhverri vörutegund, nema hægt væri að færa fyrir því fullgildar ástæður. Jeg skil ekki, að hjer yrði neitt í vegi fyrir því, að færa fram fullgildar ástæður. Mætti þá t. d. vitna í þau lög, sem

ar nálægt Bergen, er jeg hræddur um, að reynslan hefði máske sannfært okkur um eitthvað annað en það, að við mættum sofa í ró. — Það má vera, að rjett sje, að landbn. hafi ekki haft færi á að athuga þetta mál svo sem skyldi. En hún hefir athugað það með skilningi, og það er meira en sagt verður um hv. 1. þm. Reykv. Hann hefir sýnilega vantað annaðhvort vilja eða getu til að skilja nauðsyn þessa máls. Vil jeg heldur álita, að viljann hafi vantað, því að enginn hefir frýjað þessum hv. þm. vits.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mig furðar á að heyra það hvað eftir annað af vörum hv. frsm. (ÁJ), að jeg hafi tekið svo illa í þetta mál, að hv. landbn. hafi verið neydd til að snúast í því. Jeg mælti ekki eitt orð á móti dagskrá hv. nefndar, sem hún bar fram við 2. umr., að landsstjórnin skyldi fyrir næsta þing undirbúa frv. um þetta efni, og fara þar eftir löggjöf annara landa. En jeg benti á, að það væru órjettmætar aðfinslur, að gildandi lögum væri linlega framfylgt. Ef háttv. nefnd getur haft nokkuð út á mig eða mína framkomu að setja í þessu máli, þá er það það, að jeg hefi opnað augu manna fyrir því, að hún hefir ekki skilið lögin rjett. Orð laganna, „með ráði dýralæknis", gera það að verkum, að ekki er hægt að banna innflutning á vörum eftir þeim, ef dýralæknir leggur á móti. Jeg studdi mig um þetta atriði við skýringu þá, er jeg gaf á þessum orðum í fyrra, og enginn hafði þá neitt að athuga við. — Annars verð jeg að segja, að mjer virðist hv. landbn. hafa athugað þetta mál mjög lítið. Strax, er fundi var slitið eftir 2. umr. málsins, var nál. búið til og brtt. skömmu síðar, án þess að fram færi nokkur nefndarfundur. Jeg hygg einnig, að enginn geti komist hjá því að álita, að hv. nefnd hafi lítið athugað, á hvaða vörum skyldi banna innflutning. Hvaða ástæða er t. d. til að banna innflutning á soðnum ostum? (**ÁJ:** Niðursoðnum?—). Jeg hjelt að hv. landbn. kannaðist við soðna osta, eins og t. d. mysuost. — Auk þess virðist mjer, að vörur eins og smjör og egg sjeu hættulausar. Þær eru aldrei fluttar upp um sveitir, og því engar líkur til að þær nái að sýkja búfjenað, þótt sýkin geti borist með þeim, sem jeg efast stórlega um. Þá er og útlent fiður, sem talsvert er notað í kaupstöðum, einkum af hinu fátækara fólki. Við flytjum út allmikið af dún, sem er mjög dýr vara, en inn aftur ódýrari fiðurtegundir. Jeg efast um, að það gæti borgað sig fyrir okkur að banna innflutning á fiðri, a. m. k. kæmi það mjög hart niður á ýmsu fátæku fólki. — Þá á að banna innflutning á strávörum og burstavörum, nema með sjerstökum skilyrðum, og held jeg, að það sjeu engin tiltök. Enda skildist mjer í upphafi á hv. flm. þessa frv., að þeir hefðu gengið svo langt sem þeir álitu framast unt um innflutningsbönnin, og hafi þeir ætlað hv. landbn. að sníða af það, sem tekið var framar en góðu hófi gegndi. — Hv. 1. þm. Reykv. gerði þá fyrirspurn til mín, hvort mjer sýndist ekki erfitt að framkvæma þetta frv., ef það yrði að lögum. Jú, jeg held að það sje afar arfitt. Jeg vil einnig beda á, að það er ekki siður í millilandaviðskiftum að leggja bann á vörur, nema hægt sje að benda á einhverja mjög knýjandi ástæðu til þess. Og um margar þessara vörutegunda hygg jeg, að það yrði ávalt álitið óþarft. — Jeg hygg,

gerlega óathugað í nefnd. Nefndin komst fyrst að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti enga nýja lagasetningu um þetta efni og vildi því vísa málinu til stjórnarinnar. En svo snarsnýst hún, og vill samþykkja frv. daginn eftir. Jeg hugsa, að nefndin hafi ekki athugað frv. mikið á þessari einu nóttu. En það þýðir víst ekki að ræða þetta mál mikið; það er víst svo um hnútana búið, að því er framgangur vís. En jeg vil að síðustu spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvernig honum list á að eiga að framkvæma þessi lög.

Frsm. (Árni Jónsson): Mjer hefir oft virst hv. 1. þm. Reykv. (JakM) vera skeleggari í röksemdafærslu sinni en nú. Hann ræðst á landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Jeg skal að vísu játa það, að nefndin hafði ekki mikinn tíma til athugunar, eftir að aðstaða stjórnarinnar reyndist að vera þvert ofan í það, sem nefndin hafði gert sjer í hugarlund. En þó lagði nefndin til, að samþ. frv., vegna þess að hún gat ekki sjeð, að betra öryggi næðist með öðru móti. Hv. þm. (JakM) mintist á, að veikin hefði enn ekki borist hingað frá Danmörku. Það má segja líkt um Noreg. Lengi vel kom veikin ekki þangað, en einn góðan veðurdag var hún komin, áður en menn vissu af. Við sjáum af því, að engin sönnun er fyrir því, að veikin geti ekki borist, þó hún hafi ekki gert það hingað til, og er því betra að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. — Þá sló háttv. þm. því föstu, að veikin væri landlæg, ef hún kæmist inn í landið. Jeg held, sem betur fer, að þetta sje misskilningur, og jeg man ekki betur en að hæstv. atvrh. upplýsti, að Norðmenn þættust búnir að vinna bug á veikinni hjá sjer. Þá sneri hv. 1. þm. Reykv. sjer að því, að gera athugasemdir við einstök atriði frv. Jeg get fúslega játað, að jeg er ekki viss um, að banna þurfi innflutning á öllu því, sem talið er í frv., þótt jeg álíti þörf á sem öruggustum umbúnaði. Innflutning fugla er vitanlega sjálfsagt að banna. En jeg skil ekki, hvernig hv. þm. (JakM) dettur í hug sú hártogun, að segja, að frv. banni innflutning farfugla. Hjer er vitanlega aðeins um að ræða alifugla, og er einsætt að banna innflutning á þeim, ekki aðeins vegna þessa sjúkdóms, heldur jafnframt margra annara. Að vísu er það álit manna, að gin- og klaufaveiki hafi borist til Noregs með krákum, og ekki er óhugsandi með öllu, að einhverjir farfuglar gætu komið með veikina hingað. En vitanlega er alrangt að ályktа út frá því, að veikin geti ekki borist með alifuglum. — Af sama toga og talið um farfuglana er einnig spunninn útúrsnúningur hv. þm. út af notuðum fatnaði. Um menn, sem koma frá útlöndum, eru alveg sjerstök ákvæði í 4. gr. frv., og á hinum staðnum er vitanlega átt við notaðan fatnað sem verslunarvöru. Það er alveg ástæðulaus uggur hjá hv. þm., að búast við, að menn verði að fara klæðlausir um borð í farþegaskipin og vekja þar með hneyksli í útlendum hafnarbæjum. — Mjer þykir leitt að heyra andstæðinga þessa máls sífelt vera að hamra því inn í meðvitund manna, að reynslan hafi sýnt, að ekki þurfi hjer á landi sterkar sóttvarnir gegn gin- og klaufaveiki. Þetta kom hvað eftir annað fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. En hefðu krákurnar borið þessa veiki á einhvern annan stað í Noregi en þær gerðu, t. d. einhversstað-

hún telji sig ekki hafa þá heimild, og með því er fallinn grundvöllurinn undan þeirri afgreiðslu, og mælir því nefndin með því, að frv. verði samþykt með litlum breytingum. Nefndin hefir lagt til, að orðin „með ráði dýralæknisins í Reykjavík", í 1. og 3. gr. falli niður. Hún hefir ekki getað felt sig við skilning hæstv. stjórnar á þessu atriði. Nefndin lítur svo á, að þetta þýði ekki annað en „í samráði við". En þó nefndin vilji fella þetta niður, þá er það engan veginn svo, að hún vilji ganga fram hjá dýralæknunum. Hún lítur svo á, að dýralæknirinn eigi að vera ráðunautur stjórnarinnar, en hann á ekki að vera einráður. Stjórnin á ekki að geta skotið sjer að baki neinum í þessu máli. Hin brtt. er um það, að flytja megi inn ull til verksmiðja, undir öruggu eftirliti. Er þetta gert vegna þess, að nefndinni er kunnugt um, að ullarverksmiðjurnar þurfa á erlendri ull að halda til þess að geta unnið suma dúka.

Jakob Möller: Jeg verð að segja, að mjer finst þetta eitt hið furðulegasta frv., sem jeg hefi sjeð fram borið hjer á Alþingi. Hjer er farið fram á að banna innflutning frá löndum, sem þessi sjúkdómur er í, á vöru, sem hefir verið flutt inn frá þessum löndum svo lengi sem jeg veit. Auk þess er bannaður innflutningur á ýmsu, sem ómögulegt er að hafa eftirlit með. Í 2. gr. er sagt svo, að innflutningur skuli bannaður frá þeim löndum, sem alidýrasjúkdómar eru orðnir landlægir í. En nú var skýrt frá því við 2. umr., að ef gin- og klaufaveiki kæmi til einhvers lands, þá væri hún þar með orðin landlæg, því að hún gýs upp á 4 ára fresti. Ef því nokkurt vit á að vera í þessu, þá verður að líta á þetta sem viðskiftabann um aldur og ævi við lönd þau, sem sjúkdómurinn hefir komið í, og við skift við að undanförnu. Upptalning þess, sem bannað er að flytja inn, byrjar líka heppilega. Það er sem sje bannað að flytja inn f u g l a! Jeg hefi nú hingað til haldið, að fuglar sæju sjálfir um innflutning á sjer og ekki væri hægt að hefta hann með lagaboði. Hvernig hugsar hv. flm. sjer að stjórnin geti hindrað innflutning fuglanna? Jeg veit ekki betur en það væri upplýst í einu blaði hjer í bænum í vetur, að veikin hefði borist til Noregs með krákum. Þær hafa vitanlega flutt sig inn sjálfar. Þó þeir fuglar komi ekki hingað, þá getur veikin hæglega borist hingað með öðrum fuglum. Þetta ákvæði er því gersamlega þýðingarlaust og meiningarlaust. Þá er einnig bannað að flytja inn smjör, ost og egg. Þetta höfum við árum saman flutt inn frá Danmörku, þar sem veikin er landlæg, og aldrei orðið meint af. Þá er bannaður innflutningur á brúkuðum fatnaði. Hvernig á að framkvæma þetta ákvæði? Allir þeir, sem koma frá löndum, þar sem veikin er, verða að fara stripaðir á skipsfjöl og fá send ný föt niður á skip, þegar skipið kemur að landi. Ef þetta á að verða „effektivt", verður þetta svo að vera, annars koma menn í brúkuðum fötum frá útlöndum, og eru þau þá smitandi. Jeg verð því að líta svo á, að það, sem farið er fram á í þessu frv., sje sumpart óframkvæmanlegt og sumpart ástæðulaust, þar sem engin hætta stafar af innflutningi sumra bannvaranna. Jeg þykist nú skilja, að þetta frv. eigi að ganga fram, þó að það sje aðgæslulítið fram borið. Jeg fæ ekki betur sjeð, en það sje al-

borist með þessum vörum, og er þetta einn liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem nágrannaþjóðir vorar gera til að hefta útbreiðslu veikinnar. Ekki er heldur flutt hjer inn svo mikið af þessum vörum, að nein hætta geti verið á, að aðrar þjóðir rjúki upp á nef sjer út af innflutningsbanni á þeim vörutegundum. En jeg skal minna á annað atriði um ull og dún, sem snertir þetta mál. Ef gin- og klaufaveikin berst hingað — hvernig fer þá um sölu á okkar ull og dún? Reyndar þarf nú ekki að gera því skóna, að um mikla ullarframleiðslu væri að ræða, ef gin- og klaufaveikin bærist í sauðfjeð. En hvað sem því líður, þá eru þessir hlutir álitnir stórhættulegir með að bera veikina, og jeg get trúað, að flestar þjóðir bönnuðu innflutning á ull og dún frá okkur, ef veikin kæmi hjer.

Um reglur þær, er frv. setur um mannflutninga frá öðrum löndum, er það að segja, að þær eru alveg hliðstæðar þeim reglum, sem settar eru í Noregi og Danmörku um mannflutninga milli sýktra og ósýktra hjeraða. Af þessum ástæðum er óhugsandi, að nágrannaþjóðirnar fari að fetta fingur út í þær ráðstafanir.

Björn Líndal: Jeg held, að hv. flm. (PO) hafi misskilið mig. Jeg hefi ekkert út á það að setja, þótt bannaður sje innflutningur á ull og dún frá þeim löndum, þar sem gin- og klaufaveiki liggur í landi eða gengur. Í frv. er aðeins talað um „næma alidýrasjúkdóma", og það er það, sem mjer finst fjarstæða. Það nær t. d. engri átt að banna innflutning á ull og dún frá þeim löndum, þar sem eru sömu alidýrasjúkdómarnir, sem hjer liggja í landi, og aðrir ekki. — Hv. frsm. (PO) mintist lítillega á 4. gr. Í tilefni af því skal jeg taka það fram, að jeg er ekki nægilega kunnugur þeim lagaákvæðum, sem erlendis gilda um þau atriði, til þess að geta gert á þessu ábyggilegan samanburð. En það er mikils vert að ganga ekki of langt í þeim efnum.

Pjetur Ottesen: Jeg vil benda háttv. þm. Ak. á, að þótt talað sje um næma alidýrasjúkdóma í frv., mundi ákvæðið tæplega koma til greina um önnur lönd en þau, þar sem gin- og klaufaveiki er. Einmitt öll þau lönd, sem hingað mundu flytja ull eða dún, eru sýkt af veikinni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá landbn., á þskj. 415, tekin aftur.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 224, n. 490).

Frsm. (Árni Jónsson): Eins og jeg gat um við 2. umr., þá leit nefndin svo á, að í lögum nr. 22, 15. júní 1926, fælist næg heimild fyrir stjórnina til þess að gera þær ráðstafanir, sem farið er fram á, að gerðar sjeu með frv. þessu. Með þetta fyrir augum hafði nefndin lagt til, að máli þessu væri vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Nú hefir hæstv. stjórn lýst yfir því, að

tveir alidýrasjúkdómar, sem vel mætti nota að yfirvarpi til að setja strangar reglur, eða jafnvel bann, gegn innflutningi á ull og dún hjeðan, a. m. k. ef við eigum upptökin. Það er gamall og góður siður í heiminum að gjalda líku líkt. Því megum við ekki flana að neinu í þessu efni. Það getur leitt af sjer ýmislegt, sem við megum ekki við.

Þá eru ákvæði 4. gr. Jeg held að ástæða sje til að athuga vandlega, hvaða ákvæði nágrannaþjóðir okkar hafa sett um þessi efni, áður en við flönum að nokkru. Jeg held yfirleitt, að við getum aldrei farið of varlega í löggjöf okkar gagnvart nágrannaþjóðunum. Við megum ekki hætta okkur svo langt, að við verðum að taka sumt af því aftur innan skamms tíma, eins og raunin hefir orðið á með bannlögin gagnvart Spánverjum.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil láta í ljós gleði mína yfir þeim undirtektum, sem hv. landbn. hefir nú veitt þessu máli. Þess var raunar að vænta af þeim mönnum flestum, sem þar eiga sæti, og var í fullu samræmi við fyrri tillögur nefndarinnar að vilja nú taka málið til athugunar á ný. Það sýnir og sjerstakan velvilja hv. nefndar, að hún fellur nú frá kröfu sinni um að málið verði tekið af dagskrá, en ætlar að athuga það á ný til 3. umr. — Fyrir þessar sakir get jeg látið hjá líða að ræða málið verulega, en vildi aðeins leyfa mjer að gera tvær athugasemdir við ræðu hæstv. atvrh. — Hann sagðist ekki vera hræddur um, að veikin bærist hingað, og bygði það mest á því, að hún væri ekki enn komin, þrátt fyrir margra ára viðskifti við Danmörku, þar sem veikin er landlæg. Jeg skal benda á sorglegt, sögulegt dæmi til að sýna, að valt er að treysta þessu. Flestir muna líklega eftir hinni skæðustu veiki, sem hingað hefir borist, drepsótt á mönnum, en ekki peningi. Hún geisaði um nágrannalöndin tugum ára áður en hún barst hingað. Þá hafa eflaust margir sagt hjer á landi, að svartidauði kæmi hjer áreiðanlega ekki. En hann barst hingað, þótt svo lengi drægist, og drap helming landsbúa. Það er því valt að sofa á þessum kodda, og þeir, sem það gera, mega búast við að vakna einhverntíma við illan draum. — Einnig sagði hæstv. ráðh. (MG), að hann væri ekki hræddur við hey norðanfjalls úr Noregi. En hver er kominn til að segja, hvaðan úr Noregi heyið er, sem flutt er út frá Björgvin? Jeg geri ráð fyrir, að því heyi, sem flutt er til Björgvinjar frá ýmsum sveitum Noregs, fylgi engin vottorð eða skilríki um, hvaðan það er.

Jeg álít, að hjer sje um svo merkilegt mál að ræða, að ekki megi fljóta sofandi að feigðarósi. Jeg hefi því fulla ástæðu til að fagna undirtektum hv. landbn. og vona, að hún geti gengið svo frá málinu, að frv. verði að lögum á þessu þingi.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki að fara að tala um pexið, sem hv. þm. Ak. (BL) sagði, að væri uppistaðan og fyrirvafið í öllu því, sem jeg og fleiri hefðu sagt um málið. En jeg vona, að geta sýnt fram á, að það, sem hann lagði til málanna, verðskuldar ekki virðulegra nafn en þetta. — Hann talaði um það sem fjarstæðu, að banna innflutning á ull og dún. En þetta er tekið í frv., af því að nágrannaþjóðir okkar telja að gin- og klaufaveikin geti

fullkomnasta löggjöf um þessi atriði, en hlíta ekki ófullkomnum bráðabirgðaákvæðum til lengdar. Enda má benda á það, að skýrt er tekið fram í frv., að þessi ákvæði eru ekki aðeins bundin við þau lönd, þar sem alidýrasjúkdómar ganga, heldur og þar, sem vitað er um að þeir eru landlægir. — Hv. frsm. sagði, að nefndin væri nú í raun og veru búin að ganga inn á frv. (**ÁJ:** Nei!). Jeg vil því beina þeirri ósk til hans og hv. nefndar, að þau taki aftur beiðni sína um að taka málið af dagskrá, þar sem það hlýtur að tefja málið. Óski hv. nefnd nú, að það nái fram að ganga, á hún að stuðla að því að það komist nú til 3. umr., og koma þá með brtt. sínar.

Frsm. (Árni Jónsson):* Jeg vil ekki láta málið gjalda þess, þótt hv. 1. flm. (PO) sje nokkuð óbilgjarn eins og fyrri daginn, og mun því ekki fara að pexa við hann. Það er ofmælt, að nefndin hafi fallist á frv. Hitt er annað mál, að afstaða hennar til þess er nú nokkuð önnur en áður. Hún vildi láta vísa málinu til stjórnarinnar, sem síðan setti eins yfirgripsmikil ákvæði með reglugerð, eins og eru í frv., en undirbyggi fullnaðarlöggjöf um þetta mál fyrir næsta þing. Nú segir hæstv. stjórn, að þetta sje ekki hægt eftir gildandi lögum, og því vill landbn. taka alt málið til athugunar á ný. — Jeg get fallist á, að það muni tefja málið að taka það nú af dagskrá, og að eins megi bera fram brtt. við 3. umr. Hefi jeg því ekkert á móti, að nú gangi atkvæði um málið, en fyrir hönd landbn. vil jeg taka aftur hina rökstuddu dagskrá, a. m. k. til 3. umr.

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

Björn Líndal: Mjer heyrðist á háttv. frsm., að honum væri illa við þetta pex um þetta mál. Þó verð jeg að leyfa mjer að segja, að megnið af því, sem hann og aðrir hv. þm. hafa hjer haft fram að færa, er pex af verstu tegund. Gagnslaust pex um auðskilin orðatiltæki, útúrsnúningar og hártoganir eiga ekki að líðast á Alþingi. „Með ráði einhvers" getur ekki þýtt annað en að sá maður verði að leggja til, að það sje gert, sem leitað er ráða um, til þess að heimilt sje að lögum að gera það. Þetta orðatiltæki er á tveim stöðum í þessu frv. Er það meining hv. flm., að atvrh. megi banna innflutning á þessum vörum, þótt dýralæknir leggi á móti? En líklega hljóta orðin að þýða hið sama í þessu frv. og í lögunum frá í fyrra.

Hv. frsm. beindi þeim orðum til hæstv. atvrh., að hjer ætti ekki við að tala um það, hvað hræðast þyrfti, heldur hitt, að allur varinn væri góður. En það verður þó að vera eitthvert skynsamlegt hlutfall á milli hættunnar annarsvegar og þess kostnaðar, sem lagður er í sölurnar og því persónulega frelsi, sem fórnað er hinsvegar, til þess að varast hana. Það getur gengið of langt, ef altaf á að sigla fyrir öll hættusker. Einhver takmörk verða þar að vera. Ófrelsispostular geta altaf blásið upp einhverja hættu til að koma fram þvingunarlöggjöf. Slíks eru mörg dæmi áður. — Jeg skal benda á eitt eða tvö atriði, til að sýna, hve langt hjer er gengið. Hv. flm. vilja banna innflutning á ull og dún frá þeim löndum, þar sem alidýrasjúkdómar eru landlægir. Hafa þeir ekki komið auga á, að vel getur farið svo, að þau lönd svari í sama dúr, sem verða fyrir barðinu á þessari löggjöf? Hjer á landi eru

að mál þetta hefir nú við umræðurnar upplýst mikið fyrir hv. frsm. (ÁJ) og hv. nefnd. Í seinni ræðu hans kom það greinilega fram, að hv. nefnd, sem áður virðist hafa treyst gildandi lögum í þessu efni, hún sjer nú, að ekki er hægt að byggja öryggið á þeim lögum. Er það mjög leiðinlegt, að hv. nefnd skuli ekki hafa athugað þetta fyr en nú á síðustu stundu. Hv. frsm. vildi kenna því um, að hann og hv. nefnd hefði ekki fengið upplýsingar um málið frá mjer, þegar við 1. umr. En svo stóð á, þegar málið var til 1. umr. hjer í hv. deild, þá voru ýms mál á undan því á dagskrá, sem sýnt var, að mundu taka allan tíma hv. deildar. Jeg bað því hæstv. forseta að flytja málið fram fyrir hin málin, og hann varð við þeirri ósk minni, með því móti að það tæki ekki mikinn tíma. Jeg fór þess vegna ekki mikið nánar inn á málið heldur en gert er í ástæðunum fyrir frv., en þar er gerð grein fyrir málinu í höfuðdráttum, og mælti jeg til þess við hv. nefnd þegar í upphafi, að hún tæki málið til rækilegrar athugunar og skilaði því eins fljótt og unt væri. Nú hefi jeg þrásinnis síðan átt tal við hv. nefndarmenn um það, hvað afgreiðslu málsins liði, en enginn þeirra hefir minst einu orði á það við mig, að jeg legði hv. nefnd til upplýsingar um málið, en það var jeg vitanlega reiðubúinn til að gera, hvenær sem var, ef þess hefði verið óskað. Jeg vil því algerlega vísa frá mjer þeirri ásökun, að nokkuð hafi staðið á því frá minni hendi að veita nefndinni upplýsingar.

Þá kom það og greinilega í ljós í ræðu hv. frsm., að hv. nefnd hefði ekki lagt mikla vinnu í það að athuga þetta mál, því út af samanburði mínum á gildandi lögum og frv., þá sagði hv. frsm., að upptalningin í frv. væri tæmandi, en samkv. gildandi lögum mætti banna innflutning fleiri vörutegunda en í þeim lögum væru taldar. En þetta sýnir ljóslega, að hv. nefnd hefir hlaupið alveg yfir 3. gr. frv., en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna einnig með auglýsingu innflutning frá sömu löndum og landshlutum á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.“

Jeg er alveg forviða yfir því, að hv. frsm. skuli hafa sjest yfir jafnstórt atriði í málinu sem þetta. Langar mig ekki til að vera að pexa neitt um málið, en hefði óskað, að háttv. landbn. hefði getað orðið sammála okkur flm. þessa frv. um að afgreiða þetta mál nú á þeim grundvelli, sem við leggjum til. Það hefir komið skýrt fram við umr. þessa máls, að það gegnir öðru máli um hin gildandi lög um þetta efni en frv., þar sem í lögunum eru ekki taldar upp nema nokkrar af þeim vörutegundum, sem við flm. tökum upp í frv., og í lögunum er það háð því, að dýralæknir ráði til þess að banna innflutning varanna að það verði gert, en í frv. er það ákveðið, að það skuli bannaður innflutningur á þeim, án þess að það sje bundið við álit dýralæknis eða landsstjórnar. Um gang veikinnar skal jeg ekki fjölyrða. En það er vitað, að veikin getur legið niðri um nokkurra ára bil, en blossað svo upp aftur. Hefi jeg sjeð þess getið í alfræðiorðabókum, að svo geti verið, t. d. um 4—5 ára skeið. Því er það greinilegt, að bakterían lifir, þótt ekki bóli á veikinni. Það hlýtur aftur á móti að hvetja til að setja sem

anum að sjá um það, en skal nú rannsaka, hvort umkvörtun þessa hv. þm. er á rökum bygð.

Það hefir verið talað um, að stjórnin hafi verið seinleg í máli þessu, en jeg vil segja hv. nefnd það, að hún hefir ekki brugðið fljótar við en stjórnin í þessu máli, og tel jeg það sem viðurkenningu þess, að stjórnin hafi gert það, sem þurfti að gera.

Frsm. (Árni Jónsson):* Jeg vil aðeins svara hæstv. atvrh. (MG) því, að nefndin hefir ekkert talað um það, hvað hæstv. stjórn hefir látið ógert eða gert fram að þessu. En nefndin er ekki ánægð með svör hæstv. atvrh. nú. Jeg lagði fyrir hann tvær spurningar, og hefir hann svarað annari, en ekki hinni. Jeg spurði, hvort hann teldi, að hann bæti bannað innflutning á vörum samkv. lögunum frá því í fyrra, en hann sagðist ekki álíta sig geta það, nema dýralæknir vildi. En nefndin hefir skilið þetta svo, að atvrh. ætti að ráðfæra sig við dýralækni um þetta, en ekki að dýralæknir ætti að vera nokkurskonar yfirráðherra í þessu efni, enda ekki rjett að tefla slíku máli í hendur manns, sem ekki á að bera ábyrgðina á afdrifum þess. Hjer í þessu máli á ekki við að segja, að menn sjeu ekki hræddir. Og þó ekki hafi komið mótmæli gegn skilningi hæstv. atvrh. (MG) á lögunum frá í fyrra, þá sannar það ekkert, vegna þess að málið horfði öðruvísi við þá. Síðan hefir t. d. það borið við, að veikin barst til Noregs, og meðan ekki er fullvíst að veikinni sje útrýmt þar, þá verður að skoða Noreg sem sýktan. Og þaðan stafar aðalhættan.

Viðvíkjandi mannflutningum frá útlöndum svaraði hæstv. ráðh. (MG) engu. Er það þó mikilsvert atriði, hvort ráðherra telur sig hafa heimild til þess, samkvæmt lögunum í fyrra, að gera strangar ráðstafanir gagnvart þeim.

Þar eð undirtektir hæstv. stjórnar eru ekki ákveðnari, þá hefir nefndin komið sjer saman um að taka málið til nýrrar athugunar og æskir þess, að hæstv. forseti taki það út af dagskrá.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer þykir það undarlegt, að hv. frsm. (ÁJ) segir, að jeg hafi tekið illa í þetta mál. Jeg svaraði annari fyrirspurn hans, en heyrði ekki hina. Jeg sagði, að jeg sæi mjer ekki fært að fara lengra en gert væri með reglugerðinni frá því í desember, og tók það fram, að þar væri svo langt gengið, að jeg teldi mig ekki hafa heimild til að ganga lengra.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að fara langt út í það, þó að ýmsir hv. þdm. líti svo á, að ekki sje jafn mikil hætta á því, að þessi veiki berist til okkar eins og til annara landa, sökum fjarlægðar landsins. En þó að svo kunni að virðast — en það er vitanlega ekkert nema tilgáta ein — þá rjettlætir það enganveginn, að slegið sje slöku við að gera nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis því, að veikin komist ekki hingað. Er það hyggja mín, að þó að tómlæti okkar í þessu efni hafi ekki haft þær skelfilegu afleiðingar, sem búast hefði mátt við, þá sje um heppni að ræða, en ekki, að hægt sje að þakka það því, að við sjeum öruggir fyrir veikinni.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hv. frsm. (ÁJ). Er auðheyrt,

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

að ekki væri sett hey á land í Vestmannaeyjum. En það gerði hann ekki, og bendir það á megnustu óvarkárni og ljettúð í svo alvarlegu máli. Jeg vil nefna annað dæmi um framkvæmd landstjórnarinnar í þessu máli. Það er talin einna mesta hætta, að veikin geti borist með hálmi. Því er svo fyrir lagt, að hann sje brendur. Hjer í bænum er hann brendur í tjarnarendanum. Slæðist altaf mikið úr vögnunum á leiðinni. Stundum liggja hrúgurnar þarna áður en kveikt er í þeim. Þá fýkur hálmurinn inn á túnið mitt, og er helst að sjá, sem þessum ófögnuði sje stefnt á Laufáskýrnar. Þó tók út yfir fyrir skömmu, er jeg var á leiðinni hingað á þingfund. Þá stóðu nokkrar kindur og voru að jeta úr einni hálmhrúgunni í tjarnarendanum. Jeg tilkynti hæstv. ráðh. (MG) þetta, þegar í stað. — Er hægt að hugsa sjer öllu meira kæruleysi um framkvæmd eftirlits með, að veikin berist ekki hingað?

Það er auðvitað gott, að veikin hefir enn ekki borist hingað, en mál þetta er svo alvarlegt, að gera verður hinar ítrustu ráðstafanir til þess að hindra það, að hún komi hingað.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal leyfa mjer að svara fyrirspurn hv. frsm. (ÁJ) um það, hvort jeg telji ekki, að jeg hafi heimild til þess að banna innflutning á öllum vörum, sem hætta er á að veikin geti borist með. Jú, — með ráði dýralæknisins, en annars ekki. Þetta benti jeg þegar á í fyrra, að það væri lagt á vald dýralæknisins að ákveða, á hvaða vörum skyldi bannaður innflutningur, og þá mótmælti enginn þessum skilningi mínum. Jeg undrast, að það skuli þurfa að setja ný lög um þetta efni nú, ef menn líta svo á, að hægt sje að gera alt, sem nauðsynlegt er, með gildandi lögum.

Hvað því viðvíkur, sem jeg sagði um að þetta væri álitinn fóðursjúkdómur, þá skal jeg taka það fram, að jeg sagði ekkert um það, hvort sú skoðun væri rjett eða röng, en sagði aðeins, að það væri fræðisetning.

Hvað viðvíkur heyflutningum til Vestmannaeyja, þá skal jeg geta þess, að þar var aðeins um örfáa bagga að ræða og var leyft að flytja þá inn, vegna þess að Vestmannaeyingar voru heylausir og áttu erfitt með að fá hey úr landi, vegna þess, hve illa heyjaðist í fyrra sumar. Og það var leyft meðal annars með það fyrir augum, að Vestmannaeyingar eru í sjálfu sjer einangraðir og því altaf hægt að sporna við, að veikin flyttist þaðan, ef svo bæri undir. En jeg var ekki hræddur um, að veikin bærist með heyi norðan fjalls úr Noregi, heldur sunnan fjalls. Spaugi hv. þm. Str. (TrÞ) skal jeg svara í spaugi og segja honum að snúa sjer til lögreglustjórans í Reykjavík um brenslu á hálminum, því hans er að sjá um það verk. Jeg veit ekki, hvort hann á ilt útistandandi við háttv. þm. Str. (TrÞ), en enda þótt reykinn leggi að Laufási, þá mun þó sóttnæmið farið úr honum. En þegar hv. þm. (TrÞ) minnist á kindur á beit í hálminum, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi ekki sjeð það, heldur sjeð þær vera að róta í rusli þar, og það var á þeim tíma, sem bannaður var hálmur til umbúða, því að hann var aðeins leyfður til nýárs. Jeg skil varla, að hv. þm. Str. (TrÞ) ætlist til, að jeg brenni allan hálm sjálfur, sem til landsins kemur. Jeg hefi falið lögreglustjór-

an sýndi, að veikin gæti borist með, þá væri ver um varnir búið með frv., heldur en með heimildarlögunum.

Jeg er ekki fyllilega ánægður með það, sem hæstv. atvrh. sagði, og jeg vil fá það ótvírætt í ljós frá hans hálfu, hvort hann teldi sig ekki hafa heimild til, samkv. lögunum í fyrra, að banna innflutning á þeim vörum, sem taldar eru í frv. Ef svo er, þá tel jeg það góða bending til stjórnarinnar um það, hvað hún á að gera, að þetta frv. kom hjer fram og umræður urðu um það.

Hugleiðingum hv. flm. (PO) um eðli veikinnar þarf jeg ekki að svara. Það eru allir sammála um, að alt beri að gera, sem hægt er, til að sporna við því, að veikin komi hingað.

Þá er eitt atriði í frv. nú, sem ekki er gert ráð fyrir í lögunum í fyrra, en það er um það, ef veikin gæti borist hingað til landsins. Nefndin hefir litið þannig á, að reglugerð sú, er hæstv. stjórn setti í desember síðast, bendi til þess, að stjórnin áliti, að hún hefði heimild til þess að gera ráðstafanir viðvíkjandi útlendingum, er hingað koma, eftir lögunum frá því í fyrra. En nú hefir hæstv. atvrh. verið á undanhaldi í því efni. Er leitt, að hæstv. atvrh. álítur, að hann geti ekki samkv. lögunum frá því í fyrra gert svo víðtækar ráðstafanir. Ætti hann þá ekki að taka við þessari afgreiðslu málsins nú. Vona jeg, að hann gefi nú skýringu á því, hvort hann álítur, að hann geti, samkvæmt lögunum frá því í fyrra, gert þær ráðstafanir, sem sjeu nægilega tryggar.

Tryggvi Þórhallsson: Það er ekki ástæða til þess fyrir mig að ganga fram fyrir skjöldu um það, sem hv. aðalflm., þm. Borgf. (PO), hefir borið fram í máli þessu. En jeg tek undir það með honum, að það eru fleiri en hann, af flm. frv., sem ekki eru ánægðir með afgreiðslu hv. nefndar á þessu máli. Hjer er um svo alvarlegt mál að ræða, og þar eð löggjöfin um það er ekki nægilega trygg, þá get jeg ekki verið ánægður með, að málið fái þessa afgreiðslu.

Það er rjett, sem hæstv. atvrh. sagði, að það hefir komið fram sú kenning, að hjer sje um fóðrunarsjúkdóm að ræða. En búskaparlag okkar er nú farið að breytast í líka átt og ytra, og eftir því gæti veikin komið í kýrnar okkar hjer í Reykjavík og nágrenni. Þetta er að vísu ekki nema „teori", en hitt er sannað, að þetta er smitandi sjúkdómur, sem berst á milli landa og veldur svo þungum búsifjum, að landbúnaðinum í nágrannalöndum okkar stafar ekki meiri hætta af öðrum sjúkdómum. Jeg álít því svo alvarlegt að bíða í þessu efni, ef gildandi löggjöf um það er ekki nægilega trygg, að hv. landbn. megi ekki spara sjer áreynslu nje halda frá sjer hendinni um að ganga svo frá málinu, að fulltrygt sje. Jeg get því ekki greitt atkv. með dagskránni, en álít, að gera mætti nauðsynlegar umbætur á frv. til 3. umr. — Jeg skýt því aðeins fram hjer, að jeg tek undir það með háttv. landbn., að mjer þótti hæstv. landstjórn ekki sýna næga rögg af sjer um að hindra það, að veikin bærist hingað, þegar vitað var, að hún var komin til Noregs og mikið var flutt þaðan af heyi hingað. Jeg veit að vísu, að hæstv. atvrh. hefir farið að ráðum dýralæknis í þessu efni, en hann var tregur til ráðstafana. En hæstv. atvrh. gat, eftir að búið var að banna innflutning, sjeð um,

þeim árum hefir veikin geisað afskaplega í Danmörku, en þrátt fyrir það, að engar varnir hafa verið hjer á landi, hefir hún þó ekki borist hingað. Nú sem stendur gætir veikinnar varla í Danmörku, og í Noregi hefir ekki borið á henni í nokkra mánuði.

Það er nú verið að rannsaka það erlendis, af hverju veikin komi, og nýjustu bendingarnar um það eru í þá átt, að hún sje sjerstakur fóðrunarsjúkdómur og leggist á þá nautgripi, sem fóðraðir eru á öðru meira en heyi. Reynslan í Svíþjóð er sú, að veikin er aðallega í sunnanverðu landinu, þar sem fóðrun er líkt háttað og í Danmörku, en norður í landið hefir hún lítið borist. Eins er það í Noregi; þar hefir hún heldur eigi borist norður í landið, en það er nú ef til vill ekki vel að marka, því að hún var þegar í upphafi tekin svo föstum tökum þar. Í Svíþjóð hefir veikin geisað í mörg ár, en þó ekki borist norður þangað, sem kýr eru mestmegnis fóðraðar á heyi, eins og áður er sagt.

Jeg skal ekki fullyrða neitt um það, hvort skoðun þessi sje rjett. En það er sjálfsagt af okkur að gera alt sem við getum til þess að varna því, að veikin berist hingað. Stjórnin gat ekki gengið lengra í því efni heldur en hún gerði á síðastliðnu hausti, og það getur jafnvel verið vafamál, hvort eftirlit og rannsókn á mönnum hafi stoð í lögum. Þó treysti jeg mjer til þess að forsvara fyrirskipanir stjórnarinnar, samkvæmt lögunum frá 1920, um eftirlit með útlendingum, en lengra er ekki hægt að ganga. Þinginu í fyrra yfirsást, þar sem það gerði engar varúðarráðstafanir gegn ferðamönnum. En þá er það hart, að ætla að skella sökinni fyrir það á stjórnina.

Að öðru leyti en þessu mun jeg ekki taka þátt í umr. um málið, vegna þess að jeg þarf að vera við umr. í hv. Ed.

Frsm. (Árni Jónsson):* Jeg skal svara hæstv. atvrh. (MG) með fáum orðum, og sjerstaklega skal jeg vera stuttorður, vegna þess að hann þarf að fara upp í hv. Ed., enda þótt jeg efist um, að það mál, sem þar er á dagskrá, sje þýðingarmeira en þetta mál.

Hv. flm. (PO) þótti það hafa dregist lengi hjá nefndinni að skila áliti sínu og sagði, að 4 vikur væru síðan hún fjekk málið í sínar hendur. Þetta mun vera rjett, en það eru þó nokkrir dagar síðan nál. kom. Og út af þessu vil jeg benda á það, að nefndin hefir haft mjög mörg mál til meðferðar á þessum tíma, og ekki látið þetta mál sitja á hakanum.

Hv. flm. vildi ekki ganga inn á það, að málið væri illa undirbúið að þessu sinni. En jeg verð að geta þess, að við 1. umr. tók hann alls eigi til máls, og þær upplýsingar, sem hann gat gefið, hefir hann komið fram með fyrst nú. Hann mintist á það, að í frv. væri taldar ýmsar vörur, sem ekki eru nefndar í heimildarlögunum frá síðasta þingi. Það er að vísu rjett, en mjer skilst, að samkvæmt orðalagi 2. gr. heimildarlaganna, þar sem taldar eru upp þær vörur, sem stjórnin má banna innflutning á, að hún geti líka bannað innflutning á þeim vörum, sem taldar eru hjer í frv., því að í niðurlagi greinarinnar segir svo: „og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.“

Upptalningin í þessu frv. á að vera tæmandi, og færi svo, að einhverjar vörur flyttust hingað aðrar, sem reynsl-

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

að mikil hætta er á að hún berist úr einum stað í annan með fólki. Út af þessu gaf hæstv. stjórn út auglýsingu 27. desember s. l. um það, að allir, sem kæmu frá útlöndum, yrðu að gefa drengskaparvottorð um það, að þeir hefðu eigi síðustu 6 mánuðina dvalið þar, sem veikin er, en ef svo væri, að þeir hefðu dvalið þar, var þeim bannað að fara upp í sveitir um ákveðinn tíma. Það er engu síður nauðsynlegt að hefta útbreiðslu veikinnar á þennan hátt. Í frv. er ákvæðum þessarar auglýsingar að mestu fylgt, en tíminn þó lengdur í samræmi við það, sem er um slík samgönguhöft í Danmörku.

Jeg býst nú við því, að auglýsing þessi eigi að byggjast á heimildarlögunum frá síðasta þingi, en það geta verið skiftar skoðanir um, hvort hægt er að byggja slík ákvæði á þeim lögum, eða hvort þessi auglýsing hefir yfirleitt við lög að styðjast og hvort hægt sje að fylgja henni fram til þrautar, ef sýndur er mótþrói. Grundvöllurinn er að minsta kosti mjög valtur, og gerir það með öðru lagabreytingu nauðsynlega.

Það urðu mikil vonbrigði fyrir mig, að hv. landbn. skyldi taka svo í þetta mál sem hún hefir gert, og það því fremur sem nefndin segist vera okkur flm. sammála um það, hver hætta sje hjer á ferðum og vill, að beitt sje öllum ráðum til þess að fyrirbyggja, að veikin berist hingað.

Jeg býst nú ekki við því, að það hafi mikla þýðingu að spyrna á móti broddunum, því að málið muni tæplega, sökum þess, hversu tíminn er orðinn naumur, verða afgreitt á þessu þingi, bæði vegna þeirrar tafar, sem það hefir orðið fyrir, og eins vegna þess að hv. landbn. er því mótfallin. En það tel jeg síst lakari afgreiðslu, að vísa frv. til hæstv. stjórnar, úr því sem komið er, heldur en að það verði felt, eða dagi uppi í þinginu. Þó verð jeg að segja, að mjer finst það heldur óráðlegt af nefndinni að skila ekki nál. sínu svo tímanlega, að frv. hefði getað náð fram að ganga þess vegna. Það, sem nefndinni kann að þykja áfátt við frv., hefði hún getað lagað í hendi sjer með brtt.

Þrátt fyrir það, þó komið sje í hálfgert óefni með afgreiðslu þessa máls sökum tímaskorts, þá vil jeg samt skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún ekki sjái sjer fært, að fengnum þessum upplýsingum, að leggja það nú til, að málið verði afgreitt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer virðist einsætt, vegna þess, hve áliðið er þingtímans, að mál þetta geti tæplega gengið fram á þessu þingi. Jeg geng út frá því, að hin rökstudda dagskrá landbn. verði samþykt, og þess vegna sje jeg ekki ástæðu til þess að fara mikið út í málið eins og sakir standa. En jeg verð að segja nokkur orð út af ummælum hv. frsm. nefndarinnnar, þar sem hann ásakaði stjórnina fyrir það, að hún hefði verið sein í svifum að gera varnarráðstafanir út af gin- og klaufaveikinni á síðastliðnu hausti. Það var þingið í fyrra, sem bjó málið þannig í hendur stjórnarinnar, að henni var skylt að hafa dýralækni með í ráðum eða fara eftir ráðum hans. Sökin, ef sök skal kalla, er því hjá þinginu, en ekki hjá stjórninni. Annars var það rjett hjá hv. frsm. (ÁJ), að jeg ljet þess getið við nefndina, að hættan á því, að veikin berist hingað, muni ekki vera eins mikil og margir hyggja, og sú er reynsla undanfarandi ára. Á

um á Norðurlöndum að eru hættulegar, þannig, að veikin geti borist með þeim, t. d. mjólkurafurðir, svo sem smjör og ostar, og ekki síst egg, sem fullkomin reynsla er fyrir, að sýkin berist með. Þar eru líka taldar upp ýmsar aðrar vörur, sem líklegt er talið, að veikin geti borist með, og þess vegna ætlast til, að hömlur sjeu settar á um flutning þeirra, eins og gert er annarsstaðar á Norðurlöndum. Hjer er og nokkru nánar gengið inn á að takmarka innflutning frá mjólkurbúum, því að það er ábyggileg reynsla fyrir því í Noregi, að veikin getur borist með fóðurvörum, sem mjólkurbú selja, og í einum stað í Noregi voru upptök veikinnar að minsta kosti rakin þá leiðina til mjólkurbús. Með öðrum orðum: upp í þetta frv. eru teknar þær vörutegundir, sem reynslan hefir sýnt, að veikin berst með og þær vörutegundir, sem grunaðar eru um það að geta flutt veikina. Jeg held því, að þótt nefndin hefði átt kost á að kynnast löggjöf annara þjóða um þetta efni, þá hefði hún ekki talið ástæðu til að ganga lengra en í frv. er gert, og á þessu bygðum við flm. frv.

Jeg hygg því, að ástæðulaust sje að fresta málinu af þessum sökum eða til þess að bíða eftir frekari reynslu, sjerstaklega þegar litið er til þess, hvílík óskapahætta vofir yfir okkur. En úr því að vitnað er í það, að við þurfum frekari reynslu, þá er það ekki útilokað, að við fáum hana sjálfir, þannig, að veikin berist hingað áður en varir. En sú reynsla yrði of dýrkeypt. Það er betra að byrgja brunninn í tíma, og sjálfsagt að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að hindra það, að veikin berist hingað.

Þá er að athuga það, hvort örugt sje að varpa öllum áhyggjum upp á núverandi löggjöf um þetta efni. Það er nú svo um þá löggjöf, að samkvæmt henni er ekki hægt að banna innflutning á hættulegum vörum, nema frá þeim löndum, þar sem veikin geisar, og í lögunum er líka gert ráð fyrir, að það bann gildi aðeins um stundarsakir. Það er kunnugt, að því er svo háttað með þessa veiki, að hún gýs upp alt í einu og leggur þá undir sig stór svæði í einu vetfangi, en getur svo legið niðri um lengri tíma. En reynslan hefir sýnt, að þrátt fyrir það, þótt hún hafi legið niðri, þá er sýkillinn ekki útdauður að heldur, og veikin logar upp aftur innan mismunandi langs tíma. En það er hæpið, að hægt sje samkvæmt heimildarlögunum að banna innflutning frá þeim löndum, þar sem sýkin liggur niðri, og þá getur hún engu að síður borist hingað, meðan svo er ástatt. Það er ekki fullkomin reynsla fengin fyrir því, en þó nokkur, að gripir í þeim löndum, þar sem veikin er landlæg, verði ónæmari fyrir henni. En hitt er vitanlegt, að þar sem veikin kemur í fyrsta skifti, er sýkingarhættan afskapleg og afleiðingar veikinnar ekki síður. Og eins og nú er komið í útlöndum um veikina, þá verðum við að tryggja okkur með ákveðinni löggjöf, en ekki með neinum bráðabirgðaákvæðum. Það er sá stóri munur, sem er á núgildandi lögum og þessu frv. Það er miklu óruggara að ganga hreint til verks nú, heldur en að slá öllu á frest og byggja varnarráðstafanir sínar á svo ófullkominni löggjöf sem heimildarlögin eru.

Þá er annað atriði þessa máls, að veikin berst eigi aðeins með alidýrum og dauðum hlutum, heldur einnig með mönnum, og það er reynsla fyrir því,

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 62. og 63. fundi í Nd., dagana 29. og 30. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 224, n. 415).

Frsm. (Árni Jónsson:)* Jeg skal ekki hafa mörg orð um þetta mál nú, því að eg get að mestu látið nægja að vísa til nál. á þskj. 415. Nefndin er á sama máli og hv. flm. frv. þessa um það, að veiki sú, er hjer um ræðir, sje hinn mesti vágestur, sem hingað gæti borist, og sökum þess beri nauðsyn til að gæta allrar varúðar. Þá hefir nefndin átt tal um þetta við hæstv. atvrh. (MG), en hann telur hættuna á því, að veiki þessi berist hingað, ekki eins mikla og af er látið, og því til sönnunar bendir hann á það, að undanfarin ár hafi veikin verið í Danmörku, en hafi samt ekki borist hingað, þrátt fyrir það, þó að engar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar. En nefndin vill eindregið beina því til hæstv. stjórnar, að gera alt, sem hægt er til þess að sporna við því, að veikin berist hingað. Og jeg get látið í ljós, að jeg er ekki ánægður með, að stjórnin skyldi ekki vera viðbragðsskjótari á síðast liðnu hausti að gera varúðarráðstafanir, eftir að veikin hafði borist til Noregs.

Nefndin hefir ekki getað aðhylst frv., vegna þess að hún álítur, að málið sje ekki svo undirbúið sem skyldi. Hefir nefndin leitast við að fá upplýsingar um það, hverja löggjöf Bretar hafa sett hjá sjer um þetta efni, síðan veikin barst til Noregs, þar sem líkt stendur á og hjer. En hún hefir ekki getað fengið þær upplýsingar. En svona löggjöf verður að vera í samræmi við samskonar löggjöf annara þjóða.

Nefndin vill láta sitja við lögin frá síðasta þingi og telur, að þau feli í sjer nægilega heimild til þess að banna aðflutning á öllu því, er sýkingarhætta getur stafað af, ef þeim er fylgt fram með röggsemi. Hún vill því vísa málinu til hæstv. stjórnar, með eindreginni áskorun til hennar um það, að sporna við því af fremsta megni, að gin- og klaufasýkin berist hingað.

Pjetur Ottesen: Það er nú orðið æði langt síðan frv. þetta var borið fram hjer í deildinni, og mestan þann tíma hefir það legið hjá landbn., eða upp undir 4 vikur. Ástæður nefndarinnar fyrir þessum drætti eru þær, er fram koma í nál. og frsm. (ÁJ) hefir nú skýrt frá, að hún hafi orðið að leita sjer ýmissa upplýsinga. Og svo hefir hún talið, að málið væri ekki svo vel undirbúið, að rjett sje að afgreiða það nú. Jafnframt hefir hún lýst yfir því, að við mættum una við núverandi löggjöf um þetta efni.

Þar sem nefndin talar um það, að málið vanti undirbúning og nauðsynlegt sje að byggja á reynslu annara þjóða, þá get jeg ekki gengið inn á það, að undirbúningurinn sje ófullnægjandi. Jeg fæ ekki betur sjeð heldur en að það sje betur trygt með frv. en með núgildandi heimildarlögum, að spornað verði við því, að þessi skaðræðisveiki berist hingað til lands. Hjer í frv. eru taldar upp þær vörur, sem reynsla er fengin

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

af því, að kosningar eru nær, og að komið hafa upp einhverjar raddir um það síðan í fyrra í Strandasýslu, að þeir óskuðu eftir útrýmingarböðun. En jeg skal minna hann á, að það kemur oft fyrir, þegar menn ætla að slá aðra, að þá hitta þeir sjálfa sig í staðinn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki löngun til að karpa mikið meira um þetta mál, en jeg kemst þó ekki hjá að segja örfá orð út af eftirlitinu. Jeg get ekki sjeð, að hrepptjórunum sje eftir frv. ætlað að ferðast neitt um. **(PO:** Þeim er lagt það í sjálfsvald.) Ekki sje jeg heldur í frv. talað um neina þóknun til þeirra. **(PO:** Hreppstjórarnir verða eftirlitsmenn.) Nei, þeir eiga aðeins að útnefna eftirlitsmenn. Eftirlitsmennirnir eiga að fá borgun, en hreppstjórarnir enga. **(JörB:** Það er beint sagt í frv., að þeir eigi að fá borgun!) Vill hv. þm. benda mjer á, hvar það stendur? Jeg get hvergi sjeð það, og þykist þó vera læs. — Þá er einnig skilningurinn á 2. gr. laganna frá 1914, sem jeg þarf að gera aths. við. Vitanlega verður sá, sem dæmdur er í sekt fyrir að baða ekki fjenað sinn, jafnframt dæmdur til að baða vissan dag, og þvingaður til þess með dagsektum, sem er hin venjulega aðferð í svona tilfellum. Jeg þykist vita, að þeir tveir hv. hreppstjórar (PO og HK), sem andmælt hafa orðum mínum, hljóti að skilja, að skylda manna getur ekki fallið niður við það eitt, að svíkjast undan henni. — Hv. þm. Barð. talaði um, að málaferli geti leitt af framkvæmd laganna eins og hún er nú. Þetta er auðvitað alveg rjett. En hvernig er hægt að gera lögin svo úr garði, að ekki geti leitt málaferli af framkvæmd þeirra? Ef einhver neitar t. d. eftirlitsmanni eftir þessu frv. um að koma í fjárhús sín, þá verður hann að fá dómsúrskurð til að geta farið þar inn með valdi.

ATKVGR.

Till. frá 2. þm. N.-M. (ÁJ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, BL, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, JS, BSv.

nei: KlJ, MT,PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, HStef, HK, JK, JÓl, JörB.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

2. Gin- og klaufaveiki.

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (þmfrv., A. 224).

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg sje ekki ástæðu til að fara neitt út í þetta mál að svo stöddu, framar því, sem gert er í greinargerðinni, en leyfi mjer aðeins að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og landbn., og vil jeg beina þeim tilmælum til háttv. nefndar, að hún hraði málinu svo sem kostur er.

hlýðnast fyrirskipunum, t. d. um að senda mann í leitir, þá megi á kostnað þess manns kaupa annan til þess. Í þessu sambandi má líka vitna í vegalög og fleiri lög, þar sem tilsvarandi ákvæði eru. En í gildandi lögum um sauðfjárbaðanir eru engin ákvæði um að beita megi þvingunarráðstöfunum gegn þeim, sem þrjóskast við að hlýða fyrirmælum laganna. — Hæstv. atvrh. talaði um, að það mundi vera hæpið að nema úr gildi lögin frá 1901. Jeg hefi áður bent á, að öll ákvæði þeirra eru tekin upp í 8. gr. þessa frv., og því einu breytt, að sett er stjórnarráð í staðinn fyrir amtmann, svo sem gefur að skilja. Fleira þarf jeg ekki að taka til meðferðar af því, sem hæstv. atvrh. sagði. Hv. 2. þm. Árn. hefir svarað ræðu hans að öðru leyti.

Þá fór hv. þm. Dal. um þetta frv. nokkrum orðum; sagðist nú ekki lengur geta látið við það eitt sitja, að rjetta upp hendurnar. Jeg held líka, að það hafi verið rjett fyrir hann að klóra ögn yfir það í ræðu, ef hann ætlar að greiða atkv. á móti þessu frv. Hann talaði mikið um kák. En þar vil jeg benda honum á, að hann miðaði alt við núgildandi lög, og að alt öðru máli verður að gegna, ef þetta frv. nær fram að ganga. Einnig sagði hv. þm. (JG), að hæstv. landsstjórn væri betur treystandi í kláðamálefnum heldur en meiri hl. Alþingis. Honum gefst nú kostur á að votta stjórninni traust sitt, með því að greiða atkv. með þessu frv.; það er alt eitt traust á henni; hún á að hafa yfirumsjón og stjórn baðananna. Jeg get ekki skilið, hvernig hv. þm. Dal. fer að sleppa svona ágætu tækifæri til að votta hæstv. stjórn traust sitt. — Þá sagði sami hv. þm., að Myklestadsböðunin hefði verið mesti búhnykkurinn, sem við hefðum gert á síðari árum. Það hefir hann raunar sagt um tvö mál áður, en það gerir minna til. Við stuðningsmenn þessa frv. játum það fúslega, að þar hafi náðst mikill árangur af einni böðun. En hversu miklu meiri verður ekki árangurinn, ef baðað er á hverju ári og eftirlitið er skerpt frá því, sem nú er, eins og frv. gerir ráð fyrir. — Hv. þm. vitnaði í húsmæður, og sagði, að það væri venja þeirra, að gera hreint fyrir sínum dyrum. Vildi hann láta Alþingi gera hið sama. Nú gefst hv. þm. kostur á því við atkvgr. um þetta frv., að leggja því lið, að Alþingi geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli, með því að samþ. þetta frv.

Hv. þm. Str. sagði ekkert um málið sjálft, en var þó farinn ögn að rumska, því að hann sagðist ætla að vera á móti málinu nú, af þeim ástæðum, að það mundi ekki ná fram að ganga. Áður hefir hann verið því andvígur, af því að það væri gagnslaust. Hann var semsagt farinn að linast, og þótt jeg óski, að umr. megi bráðum verða lokið, vona jeg að þær dragist svo lengi, úr því hann er nú farinn að sjá að sjer á annað borð, að hann verði alveg snúinn á sveif með frv. við atkvgr. Það er nógur tími til að afgreiða málið. Þessi hv. þm. var eitthvað að tala um kjósendadaður í þessu sambandi. Jeg minnist þess í því sambandi, að í fyrra var hann andvígur útrýmingarböðun og gerði afskaplega reikninga um kostnaðinn, sem af henni mundi leiða. (**Trþ:** Jeg var með heimildarlögum!) Jeg skal ekki fullyrða, að ákefð hans nú gegn þessu frv. — sem raunar er farin að linast — stafi

mæður, sem ekki vilja láta neinn óþrifnað eiga sjer stað innan síns valdssvæðis, sem er heimili þeirra. (**MT:** Nú fer maður að skilja, af hverju alt morar af kláða í Dölum. — **TrÞ:** Og í Árnessýslu! — **MT:** Nei, þar er ekki mikið um kláða. — **Forseti:** Ekki samtal!). Valdsvið Alþingis í löggjafarefnum nær yfir landið alt. Á því stóra heimili eigum við sem bráðast að láta fara fram mikla hreinsun, útrýma þeirri plágu, fjárkláðanum, sem svo lengi er búinn að baka okkur skömm og skaða.

Pjetur Ottesen: Jeg gat þess áðan, að jeg teldi þetta mál svo mikilsvert, að full þörf væri á að menn athuguðu það með alvöru og ró, áður en þeir greiddu atkv., og vil jeg endurtaka þessa ósk.

Jeg kemst ekki hjá því að svara hæstv. atvrh. nokkrum orðum. Hann reyndi að hrekja það, sem jeg hafði sagt, um, hver munur væri á þessu frv. og gildandi lögum um þrifabaðanir. Hann leit svo á, að eins tryggilegt væri að fela hreppsnefndum framkvæmdarvald í þessum málum, eins og að fá það í hendur hreppstjórum; þeir mundu altaf vaka yfir gerðum hreppsnefndanna, eins og þeir hefðu sjálfir eftirlitið. Jeg er sannast sagt hissa, hvernig hæstv. ráðh. (MG), sem fæddur er og uppalinn í sveit og auk þess verið sýslumaður um nokkur ár í einni af stærstu landbúnaðarsýslum þessa lands, getur sagt annað eins og þetta. Það er alkunna, að margir hreppar eru svo stórir og strjálbygðir, að hreppstjórarnir þyrftu að vera á sífeldu ferðalagi um þá fram og aftur, ef þeir ættu að fylgjast til hlítar með því, hvernig baðanirnar eru framkvæmdar. En hvernig getur nú hæstv. atvrh. eða nokkur annar heimtað, að þeir eyði tíma sínum í slík ferðalög, án þess að fá nokkurn eyri fyrir? — Sá er munurinn, að eftir þessu frv. er þeim falin forystan í böðununum og ætluð fyrir svo mikil þóknun, að þeir geti keypt aðra til að vinna fyrir sig hin nauðsynlegustu verk, er þeir þyrftu annars að láta niður falla. Hreppstjóralaun eru svo lág og svo litlar aukatekjur þeirra, að ómögulegt er með nokkurri sanngirni að heimta, að þeir leggi fram mikið verk og eyði miklum tíma í þetta borgunarlaust. — Þá er sá munur, að eftir frv. á yfirumsjónin að vera í höndum eins manns í hreppnum, í stað þess að eftir gildandi lögum er hún hjá allri hreppsnefndinni, þremur, fimm eða sjö mönnum, eftir því hver tala hreppsnefndarmanna er á hverjum stað. (**ÞórJ:** Eiga ekki hreppstjórarnir að fá sjer aðstoðarmenn?). Jú, víst eiga þeir að fá sjer aðstoðarmenn, að svo miklu leyti sem þeir geta ekki annað eftirlitinu sjálfir, en þeir eiga að bera ábyrgð á, að verkið sje forsvaranlega framkvæmt og hafa yfirumsjónina. — Þá er eitt atriði enn. Eins og jeg gat um áðan er hvergi getið um það í lögunum, hvaða ráðstafanir eigi að gera, ef einhver neitar að baða. Jeg gæti hugsað mjer, að það hefði átt að taka fram í reglugerð, en hún hefir aldrei komið út. Hvergi í þessum lögum er heldur tekið fram, hvernig eigi að ná kostnaðinum, ef einhver neitar að borga. Lögin leyfa ekki lögtak. En það er heimilað í öllum öðrum lögum um svipað efni, svo sem sjálfsagt er. Í stjfrv. um útrýmingarböðun var lögtak heimilað, og eins í þessu frv. Í öllum fjallskilareglugerðum landsins er svo ákveðið, að ef maður láti undir höfuð leggjast að

Slikt er algerður hugarburður hv. þm. Str.

Jón Guðnason: Jeg hefi til þessa leitt hjá mjer þau tvö fjárkláðafrv., sem hjer hafa verið á ferð. Það hefir ekki stafað af því, að jeg væri hikandi eða óákveðinn um það, hvernig jeg ætti að greiða atkv., heldur af hinu, að mjer hefir þótt litlu þurfa við að bæta það, sem hv. flm. útrýmingarfrv. hafa sagt. Þó vil jeg nú lýsa afstöðu minni stuttlega, áður en hv. deild afgreiðir málið endanlega af sinni hálfu.

Jeg tel, að hv. fylgismenn og flytjendur þessa frv. hafi nú komið málinu í algert óefni. Því mun jeg greiða atkv. með því, að vísa þessu frv. til stjórnarinnar. Hæstv. landsstjórn hefir sýnt það í verki, að hún er í kláðamálum betur fær um að koma með tillögur á viti bygðar heldur en meiri hluti hins háa Alþingis. (**HK:** Henni er fullvel treystandi í öllum öðrum málefnum. Betur, að hv. þm. sæi það!). — Jeg sagði, að málinu hefði nú verið komið í óefni. Jeg er sannfærður um, að þótt þetta frv. verði að lögum, verður eftir sem áður sama kákið í útrýmingu kláðans. Það, sem við getum lært mest af í þessu máli, eru Myklestadsbaðanirnar, þótt þær tækjust ekki betur en raun er á orðin, þá er þó víst, að þær eru hinn mesti gróðahnykkur okkar Íslendinga í kláðamálum á þessari öld. (**Atvrh. MG:** Alveg rjett!). Þær gerðu það að verkum, að hjer á landi var sama sem kláðalaust næstu 10 árin á eftir. Ef menn gætu reiknað út sparnaðinn af því, að hjer yrði kláðalaust, að minsta kosti í mörg ár á eftir að allsherjar útrýmingarböðun væri framkvæmd, þá hygg jeg, að allir sæju, að sjálfsagt væri að leggja út í hana. Þótt e. t. v. ekki gæti fyrir fult og alt tekist að útrýma kláðanum með snerpunni, mundi það þó áreiðanlega hafa orðið annar stærsti gróðahnykkurinn í þessu máli að samþykkja útrýmingarfrv. Enginn efi er heldur á því, að nú vill mestur hluti bænda, einkum hinna framsýnni og framsæknari, reyna að útrýma kláðanum með öllu, og þeir hafa enga trú á þessu kostnaðarsama káki, sem nú er framkvæmt og einnig á að framkvæma eftir frv. því, er nú er hjer til umræðu. (**HK:** Annað sanna skýrslurnar!). Þótt nú sje stundum skipað fyrir um útrýmingarbaðanir á takmörkuðu svæði, þá eru þær jafnan framkvæmdar með hangandi hendi, því að menn vita, að kláðinn flæðir rjett strax yfir þetta svæði aftur frá nágrannasveitum, þar sem engin útrýmingarböðun hefir á sama tíma fram farið. Hv. þm. Barð. sagði, að til væru þeir menn, sem ekki vildu leggja það á sig eða fje sitt, að framkvæma útrýmingarböðun. (**HK:** Þetta eru ósönn orð; þetta hefi jeg aldrei sagt!). Jeg skrifaði þetta upp eftir hv. þm., en úr því að hann vill svo fúslega taka það aftur, þá er síður en svo, að jeg vilji meina honum það. — En með kákinu er verið að a l a u p p í m ö n n u m m ó t þ r ó a gegn þessum málum. Það er vitanlegt, að fjeð tekur ögn út við að vera baðað, og menn vilja ógjarnan leggja það á það, nema einhver von sje um árangur. Jeg er eiginlega hissa á því, að nokkur skuli vera með þessu kák-frv. Allar almennilegar og þrifnar húsmæður ganga að því með oddi og egg, ef óþrifnaður berst inn á heimili þeirra, að útrýma honum með öllu. Mjer finst Alþingi ekki mega sýna minni manndóm en hinar góðu hús-

undir fótinn með það, að koma í veg fyrir fjárkláðann. Jeg viðurkenni, að jeg vil, að stjórnin hafi alla ábyrgð í þessu máli. Það er alls ekki af neinum hrekk við þessa hæstv. stjórn. Enginn veit, hversu lengi hún fer með völd, og frv. þetta er ekki miðað við einstaka menn. En jeg skal gefa skýringu á því frá mínu sjónarmiði, hvers vegna jeg vil haga þessu svo. Ef Alþingi ákveður að heimila útrýmingarböðun, þá hefir stjórnin ríka ástæðu til þess að láta hana fram fara, nema augljósar ástæður mæli á móti. Þetta álít jeg hættulegt, að stjórnin geti sagt, að Alþingi hafi fyrirskipað útrýmingarböðunina, og hún því ekki treyst sjer til þess að fresta henni lengur. En ef stjórnin á sjálf að taka ákvörðun um útrýmingarböðunina, eins og ráð er fyrir gert í þessu frv., þá ætla jeg, að málið muni vera vel athugað og undirbúið og bændum tilkynt í tæka tíð, svo þeir eigi þess kost, að búa sig undir hana. Jeg hefi ekki trú á því, að það hepnist að útrýma kláðanum með 3 böðunum, og kemur það heim við skoðun hæstv. atvrh. Hann gat þess, og í sama streng tóku fleiri, að hann bygist ekki við því, að við værum svo lánsamir að útrýma fjárkláðanum með einni útrýmingarböðun, en hann mundi liggja niðri. En mjer þykir þessi ráðstöfun of kostnaðarsöm til þess eins, að halda kláðanum niðri. Hjer í þessu frv. er bent á algerlega nýja leið, og mjer finst rjett að reyna hana og sjá, hvort ekki er hægt að halda kláðanum í skefjum án mikils kostnaðar. Jeg held meira að segja, að þessi leið sje heppilegust til þess að útrýma kláðanum algerlega, ef samviskusamlega er að farið og eftirlitið er gott. Það er að minsta kosti áreiðanlega betra að fara þessa leið, heldur en samþykkja útrýmingarbaðanir. Mjer skildist, að hæstv. atvrh. vildi gjarnan fá bættan núgildandi lagastaf um þetta efni, því að kláðinn hafi breiðst út á undanförnum árum. Jeg hygg, að það sje nú að nokkru leyti því að kenna, að baðlyf þau, sem notuð hafa verið tvö síðustu árin, hafa verið slæm. En það er þörf á frekari reglum en hjer hafa áður gilt, en þær felast í þessu frv. Jeg þarf ekki að fara út í neinn samanburð á þessu frv. og núgildandi lögum, það gerði hv. þm. Borgf. Hæstv. atvrh. sagði, að með þessu fyrirkomulagi yrðum við að berjast við kláðann í það óendanlega. En jeg sje ekki betur en ef útrýmingarböðunin lánast ekki, þá verðum við að berjast við kláðann eins og áður, og er þá ver farið en heima setið.

Þá mun jeg ekki fjölyrða frekar um þetta, en víkja lítið eitt að hv. þm. Str. Hann sagði, að það væri leiðinlegt, að Alþingi skyldi ekki hafa manndóm í sjer til þess að þvo þennan smánarblett af hinum íslenska landbúnaði. En hann gleymir því, að þótt útrýmingarböðun verði samþykt, þá er ekki með því fengin nein trygging fyrir því, að okkur auðnist að útrýma fjárkláðanum. Það eru fult svo miklar eða meiri líkur fyrir því, að það hepnist ekki; því er það ekki rjett að vera að skírskota til manndóms Alþingis í þessu efni. Þá mintist hv. þm. á kjósendahræðslu við þetta mál. En það finst mjer liggja nokkuð fjarri. Þetta mál hefir verið rætt hjer rækilega, og það hefir verið sýnt fram á það með rökum, sem ekki hefir verið á móti mælt, hvers vegna ekki er hægt að fallast á skoðun hv. þm. Str. í þessu máli, svo að það er algerður óþarfi að blanda hræðslu við kjósendur inn í þetta mál.

hafa hvað eftir annað reynt að ýta frá rjettu máli. — Jeg vil að endingu mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti viðhafa nafnakall um málið. Þá geta bændur landsins gert það upp við sig, hvorir eru betur sinnaðir í þessu máli, jeg og þeir, sem voru sömu skoðunar og jeg, eða hv. þm. Str. En á hann hefi jeg hvað eftir annað sannað, að hann skorti velvild eða skilning á þessu máli, að jeg ekki segi hvorttveggja.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins stutt athugasemd. — Jeg hefi ekki ástæðu til þess að svara þeim orðum, sem til mín hefir verið beint frá hv. þm. Borgf. og hv. frsm. meiri hl. (HK). Jeg er orðinn svo mörgu vanur, að jeg mun ekki fjargviðrast út af því. Það eru aðeins nokkur orð út af atkvgr. Brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ) á þskj. 448 eru orðaðar eins og brtt. við mínar brtt., ættu því, formsins vegna, að berast fyr upp. En samkvæmt eðli málsins ættu mínar brtt. að berast fyr upp, því að þær fara lengra í því, að kveða á um útrýmingarböðun. Jeg mundi nú samþ. brtt. hv. þm. Mýr., ef mínar brtt. væru feldar, en ef þær verða bornar fyr upp, þá mun jeg greiða atkvæði á móti þeim. Jeg vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki bera mínar brtt. fyr upp.

Jeg get tekið undir með hæstv. atvrh. og hv. 2. þm. N.-M., að málinu muni nú þannig komið, að það nær ekki fram að ganga. Er leitt til þess að vita, að Alþingi Íslendinga skuli ekki hafa manndóm í sjer til þess að gera ráðstafanir til þess að reyna a. m. k. að útrýma fjárkláðanum. En það verður að segja sannleikann eins og hann er, að orsökin til þess, að þetta mál á svo erfitt uppdráttar nú, er ekkert annað en kjósendahræðsla, af því að kosningar standa nú fyrir dyrum. En jeg vona, að betur takist á næsta þingi að þvo þennan smánarblett af íslenskum landbúnaði.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú vorkunnarmál, þótt menn sjeu orðnir nokkuð langþreyttir á umræðunum um þetta mál, enda býst jeg við, að þær skifti litlu um afdrif málsins. Enda ætlaði jeg líka að sitja hjá og taka ekki frekar til máls, en hv. þm. Str. kom sínum ummælum svo sniðuglega fyrir, að ómögulegt var að komast hjá því að andmæla honum. (**Trþ:** Sannleikanum verður hver sárreiðastur!) — Jeg er nú ekki viss um, að hv. dm. sjái svo mikinn reiðisvip á mjer. En ef hv. þm. Str. hefði sjeð sjálfan sig í spegli, þá mundi hann hafa sjeð reiðisvipinn á sjálfum sjer. — En úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að ummælum hæstv. atvrh. Hann vildi gera lítinn mun á þessu frv. og núgildandi lögum um þetta efni. Hann viðurkendi þó tvö atriði, betra eftirlit og skyldu til böðunar, sem þetta frv. hefði fram yfir núgildandi lög. Þessu er líka ekki hægt að neita. En hann fann að því, að þetta frv. gengi ekki eins langt og gildandi lög í því, að stjórnin gæti hvenær sem er fyrirskipað útrýmingarböðun. Jeg hjelt nú, að hæstv. atvrh. mundi ekki sakast um þetta, því að engin stjórn mundi fyrirskipa útrýmingarböðun, nema fjárkláða yrði vart. Engin stjórn mundi grípa til þess, nema brýn nauðsyn beri til. Það er heldur ekki von til þess, eins og núgildandi lög eru og málið hingað til hefir verið búið í hendur stjórnarinnar. Með þessu frv. er stjórninni gefið meira

um vandanum yfir á stjórnina. En nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti hugsað sjer það í alvöru, að jeg og hv. þm. Borgf. viljum gera nokkuð í þessu máli til að blekkja hann eða gera honum framkvæmdir erfiðar. Nei, jeg veit, að hann meinar þetta ekki. Það er alls ekki meiningin hjá okkur, að slá vandanum yfir á stjórnina, þó að það sje eðlilega gert ráð fyrir því, að hún geti tekið föstum tökum á kláðanum, ef knýjandi nauðsyn ber til. Hæstv. ráðh. benti á, að ef kláðinn magnaðist ár frá ári, þá yrði að fara fram útrýmingarböðun. Það er auðvitað rjett. En eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) benti á, þá teljum við meiri líkur til, að til þess þurfi ekki að taka og gerum okkur vonir um, að með okkar aðferð verði komist hjá því. En um þetta viljum við fá reynslu, og þegar hún er fengin, má altaf taka sterkara í taumana, ef annað dugir ekki.

Annars get jeg tekið undir það með hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að það mun vera tilgangslaust að karpa um þetta mál. Það mun vera svo um andstæðinga þessa máls, að þeir eigi ómögulegt með að fella sig við frv., einkum eftir það óvenjulega kapp, sem kom í menn við umr. um útrýmingarfrv. það, sem felt var hjer í deildinni. Jeg slæ því föstu, að ástæður þær, sem hv. þm. Borgf. og aðrir hafa flutt fyrir okkar máli, eru enn óhraktar. Jeg held, að það sje ekki mikil einlægni hjá mönnum með að útrýma kláðanum, ef þeir fella nú þetta frv. En það getur tímans vegna komist fram, ef ekki er brugðið fæti fyrir það. Jeg er ósamþykkur till. hv. 2. þm. N.-M. um að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Slík till. á ekki að samþykkjast hjer; hún er ekkert annað en áframhald af þeim óhug, sem menn bera til þessa frv. Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Str., þá sagði hann, að þær væru til þess að ákveða nánar 8. gr. Jeg sje ekki, að þar sje nú mikill munur á, nema í 8. gr. frv. er ekkert miðað við árið 1930. Jeg skil nú ekki í öðru en það verði nóg hátíðahöld það ár, þótt allsherjar útrýmingarkláðaböðun verði ekki skelt þar ofan á. Okkur hefir aldrei dottið í hug að taka fram fyrir hendur núverandi stjórnar. Við treystum auðvitað núverandi hæstv. stjórn til þess að hlaupa ekki á hundavaði í þessu máli og gera engar ráðstafanir án brýnnar nauðsynjar. Ef till. okkar reynast illa, þá mun hún nota heimild þá, sem í frv. felst. — Jeg skal ekki mikið fara inn á brtt. þær, sem fyrir liggja; nefndin hefir ekki átt kost á því, að ræða þær á sameiginlegum fundi.

Mjer hefir skotist yfir eitt atriði í brtt. hv. þm. Str., sem sje það, að böðunin skuli ákveðin í samráði við Búnaðarfjelag Íslands og að heyafli bænda sje þá í góðu lagi. En jeg veit nú ekki, hvernig skýrslur um heyafla bænda um land alt geta verið komnar til Búnaðarfjelagsins fyr en eftir þann tíma, að böðunin ætti að fara fram. Ekki get jeg heldur gert mikið úr því, að byggja á umsögn Búnaðarfjelags Íslands, svo hrapallega sem núverandi formaður þess (TrÞ) hefir komið fram í þessu máli. Jeg vona nú, að hv. þm. Str. geti verið mjer sammála um það, að aðalkjarni tillagna hans felist í sjálfu frv., og er því hreinn óþarfi að samþykkja þær.

Jeg get nú látið sitja við það, sem jeg hefi sagt um þeta mál. Það er nú í 12. sinn, sem það er hjer til umr. Það sýnir rjetta mynd af því, að andstæðingarnir

Magnús Torfason: Jeg þarf engu að svara hæstv. atvrh. (MG) því, er hann beindi til mín. En mjer fanst orð hans bera vott um það, að hann hefði að minsta kosti ekki lesið frv. með þeirri alúð, sem nauðsynleg var til þess að fá rjettan skilning á því. Hæstv. ráðh. var að tala um það, að 8. gr. frv. mundi vera gerð í blekkingartilgangi, og dró hann þá ályktun af því, að einn stuðningsmaður frv. ljet í ljós þá von, að ekki þyrfti að koma til útrýmingarböðunar 1930—'31. — Jeg verð nú að segja það, að eg er alveg sömu skoðunar, eða hefi þessa sömu von, að ákvæði frv. reynist svo merkileg í framkvæmdinni, að ekki þurfi að koma til útrýmingarböðunar; þá væri tilgangi okkar náð. Og ef svo vel færi, þá sýnir það, hvað frv. hefir verið vel og hyggilega samið.

Það virðist svo, sem sumir hafi gleymt því, að frv. er skoðað sem undirbúningur undir fullkomna útrýmingu. Það er líka vitanlegt, að slík útrýming þarf mjög mikinn undirbúning. Sem stendur höfum við ekki nógum mönnum á að skipa, sem sjeu færir um að veita slíku forstöðu. Dýralæknirinn hjer í Reykjavík getur ekki aðstaðið, vegna sjúkleika. Til þess að sjá um framkvæmd útrýmingarböðunar þarf hrausta menn á besta aldri og menn, sem beinlínis hafa lært að lækna kláða. Jeg lít svo á, að í frv. sjeu ákvæði, sem eigi að styðja að því, að ala slíka menn upp, enda er það víst, að það verður aldrei neitt gagn að útrýmingarböðun fyrr en við höfum á að skipa mönnum, sem hafa kunnáttu í þessum efnum.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. Borgf. hefir nú að mestu tekið af mjer ómakið og fært fram þau rök með þessu frv., sem ekki hafa verið hrakin.

Hæstv. atvrh. hefir snúist mjög gegn frv., og byrjaði hann mál sitt með því að telja víst, að ekkert yrði úr lagasmíði um þetta efni á þessu þingi. Þetta hefir hæstv. ráðh. alls engin tök á að vita fyrirfram. En ef svo verður, þá ber hann sjálfur ábyrgðina á því, ásamt þeim, sem með honum snúast svo harðvituglega gegn vilja meiri hl. landbn. Hæstv. ráðh. benti á tilfærslu á eftirlitsstarfinu og sagði, að það væri tekið úr höndum hreppsnefnda, eftir frv., og falið hreppstjórum. En þetta er ekki rjett, því að í frv. er gert ráð fyrir, að hreppstjórar hafi samvinnu við hreppsnefndir, og er þeim því alls ekki slept úr. Það er aðeins yfirstjórnin, sem falin er hreppstjórum. Ennfremur benti hæstv. ráðh. á, að til væri lagaheimild, sem hægt væri að beita gegn þeim, sem ekki intu af hendi skyldu sína til að baða. Getur vel verið, að svo sje, eftir því sem hæstv. ráðh. skýrir þetta. En hvað á að gera gagnvart þeim, sem ekki hafa baðað og yfirleitt ekki baða? Hæstv. ráðh. sagði, að hægt væri að fyrirskipa valdböðun, auk sekta, en hvar á að taka kostnaðinn? **(Atvrh. MG:** Hjá þeim seku, auðvitað.) Já, en hann fæst ekki nema með málaferlum. En hjer er hægt að ná honum með hægara móti, eftir frv. okkar. Jeg er annars hissa á, að jafn skýr maður og hæstv. ráðh. (MG) er, skuli halda þessu fram.

Þá benti hæstv. atvrh. á lögin frá 1901 og sagði, að þau væru fallin með þessu frv., en þar koma líka ákvæði í stað ákvæða. Í sambandi við 8. gr. frv. talaði hæstv. ráðh. um blekkingar frá okkar hálfu og sagði, að við vildum koma öll-

vilji halda því fram, að þjófur sje ekki skyldur til að skila þýfinu aftur, ef hann tekur út hegningu fyrir þjófnaðinn.

Nú er það svo með þetta frv., sem hjer liggur fyrir, að það á að nema úr gildi öll önnur fyrirmæli um kláða, sem í gildi eru nú hjer á landi. En nú veit jeg ekki, hvort hv. þdm. hafa athugað lög frá 1901, sem heimila amtmanni, nú auðvitað stjórninni, að valdbjóða kláðaskoðun og sótthreinsun. Nú skildi jeg landbn. svo í fyrra, að hún vildi skerpa upp þessi ákvæði, og jeg man, að hv. þm. Barð. var á þeirri skoðun. (PO: Þetta stendur alt í 7. og 8. gr.). Við skulum nú líta á, hvað þar stendur; 7. gr. hljóðar svo:

„Nú verður vart fjárkláða í hreppi eða kaupstað, og er þá skylt að tvíbaða allt sauðfje kláðaböðun á því svæði, er fje gengur saman, á þann hátt, er hreppstjóri eða lögreglustjóri ákveða. Verði þá enn vart fjárkláða, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til útrýmingar á honum."

Og 8. gr.:

„Lítist atvinnumálaráðuneytinu, samkv. skýrslum þeim, er í 9. gr. getur, að fjárkláði sje að breiðast út, getur það fyrirskipað svo víðtæka kláðaböðun, sem það telur ástæður til."

Hjer er öll ábyrgðin lögð á herðar stjórninni. En jeg vil miklu heldur, að þetta mál sje ákveðið af þinginu sjálfu en að allur vandinn sje lagður á stjórnina. Jeg er ekki að neita því, að þarna finst heimild til að láta framkvæma útrýmingarböðun eins og meðhaldsmenn frv. halda fram. En hvers vegna hafa þá þessir sömu menn lagt svo mikið kapp á að fella hitt frv., sem hjer var á ferðinni, og sem fór fram á algera útrýmingu? Sýnilega aðeins til þess að losa þingið við alla ábyrgðina og koma henni yfir á stjórnina. Nema ef það er eins og hv. þm. Mýr. hjelt fram, að ekki komi til, að það þurfi að útrýma kláðanum með böðun. Hann muni eyðast. En ef það er tilætlunin, þá er hitt aðeins blekking, að vera að halda því fram, að þarna fái stjórnin heimild til að láta fara fram útrýmingarböðun, einungis til þess gerð að fá okkur hina til þess að samþ. þetta, á alt öðrum grundvelli en það er fram borið.

Að svo komnu máli sje jeg enga ástæðu til að afgreiða málið nú, úr því það ekki fjekst afgreitt á þeim eina grundvelli, sem líklegur er til árangurs. Jeg fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, að þó að framkvæmdar væru þrifaböðanir í 100 ár, þá yrði kláðanum ekki útrýmt. Það verður altaf kák, og þó að eitt hjerað sje orðið kláðalaust, þá flytjast þangað menn úr kláðahjeruðum, og kláðinn gýs þá upp aftur. Þannig breiðist hann sífelt út og flyst milli hjeraða, meðan hann er ekki tekinn rjettum tökum.

Árni Jónsson: Jeg býst við að það sje svo um fleiri en mig, að þeim sje farið að leiðast þóf þetta og sýnist tilgangslítið að karpa lengur. Það hafa fallið hjer orð, sem jeg hefði haft ástæðu til að svara, en jeg læt það niður falla, til að binda enda á þetta. Út í einstök atriði málsins ætla jeg ekki að fara. Jeg get viðurkent, að vera megi, að sumar till. nefndarinnar sjeu til bóta, en þó ekki svo, að jeg geti fylgt frv. Jeg vil því, til þess að binda einhvern enda á þetta, leggja það til, að máli þessu verði v í s a ð t i l s t j ó r n a r i n n a r, og vil jeg biðja hæstv. forseta að bera þá till. undir atkv.

jeg fylgt 1. brtt. hv. þm. Mýr. á þskj. 448, en held, að breyting á 7. gr. verði ekki til neinna bóta og vil þar halda við frv.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði um óþrif í fje í Rangárvallasýslu, þá vil jeg taka það fram, að jeg vissi ekki betur en lesið væri hjer upp í deildinni, að þar hefðu fundist 85 kláðakindur. Hv. þm. Str. hefir víst átt við kláða í Holti í sambandi við möguleika á því, að hann gæti borist til Skaftafellssýslu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira en orðið er, en jeg lít svo á, að með lögum eins og þessum sje atvrh. í lófa lagið að halda kláðanum svo í skefjum, að hann geri ekkert tjón. Jeg ber fylsta traust bæði til þess atvrh., sem nú er, og hvers annars sem væri, í þessu efni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Eins og máli þessu er nú komið, þykist jeg sjá það fyrir, að ekki verði úr neinni lagasetningu á þessu þingi um þetta efni. Jeg sje því ekki, að þetta þurfi að vera neitt hitamál. En það, sem nú liggur beint við, er að bera saman og athuga, hvort betra er, það sem nú er í lögum um þetta efni, eða frv. þetta. Hv. þm. Borgf. var hissa á því, að nokkur skyldi halda því fram, að þetta frv. væri ekki betra og nefndi tvö atriði, sem áttu að sýna yfirburði þessa frv. Í fyrsta lagi var það eftirlitið, sem átti að vera miklu betra, og eftir þessu nýja frv. átti að mega valdbjóða böðun hjá þeim mönnum, sem vanrækja að baða. Um eftirlitið er það að segja, að hreppstjórar og lögreglustjórar eru skyldir til að sjá um, að baðanir fari fram, eða með öðrum orðum að lögunum sje framfylgt. — En nú hafa hreppsnefndir einnig eftirlitið á hendi, og er það vitanlega heppilegt, vegna þess að hreppsnefndarmenn eru dreifðir um sveitina og eiga því auðveldara með að líta eftir. Þetta hefir nefndin fundið, og því talið nauðsynlegt, að hreppstjórar hefðu umboðsmenn og kæmu þeir þá í staðinn fyrir hreppsnefndarmennina. Jeg get ekki sjeð, að neitt tryggilegar sje um eftirlitið búið nú, eftir þessu frv. Eftirlitið verður mjög svipað og alls ekki hægt að staðhæfa, að það verði betra eftir frv. en gildandi lögum.

Svo er annað atriði, sem hv. þm. Borgf. benti á, og það var það, að eftir lögunum frá 1914 lægju aðeins sektir við, en eftir frv. bæði sektir og valdböðun, ef vanrækt væri að baða. En ef hv. þm. athugar lögin frá 1914, mun hann sjá, að í 2. gr. er ákveðið, að allir fjáreigendur eru skyldir til að framkvæma böðun á vissum tíma. Og ef þessum ákvæðum er ekki hlýtt, fær sá, er sekur gerist um það, bæði sektir og auk þess skyldur til að baða, þó að það sje ekki tekið fram í lögunum. Jeg skil ekki í, að nokkur hv. þdm. haldi, að ef maður er skyldur til að inna eitthvað af hendi á ákveðnum tíma, til dæmis að baða fje sitt, þá geti hann keypt sig undan þeirri skyldu með því að greiða sektir. Nei, hann greiðir sekt fyrir að hafa ekki baðað á rjettum tíma, en skyldan til að baða fellur ekki niður fyrir það, og það er því hægt að láta framkvæma valdböðun á kostnað hins seka. (**HK:** Hvar er heimild til þess í gildandi lögum?). Heimildin liggur í skyldu yfirvaldanna til að sjá um, að lögunum sje hlýtt. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir því, að hv. þm. Barð. (HK)

vægilega endurbót á sauðfjárböðunum að ræða, og það sje of mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið að gera hana að engu með því að fella frv.

Magnús Torfason: Það er eitt dýr hjer í landi, sem talið er ágætt eldsneyti. Það er grasmaðkurinn, eða tólffótungurinn. En nú virðist svo sem kláðamaurinn sje það líka, því að það má ekki nærri honum koma, því að þá fer alt í blossa.

Jeg hefi haldið mjer frá þessu máli að mestu leyti, en jeg kemst nú ekki hjá því, að segja nokkur orð út af því, sem sagt hefir verið áður við umr. um gagnsemi þessa frv. Það var sagt, að frv. væri litlu betra en núgildandi lög. Þesu mótmæli jeg og skírskota þar til ræðu hv. þm. Borgf., sem sýndi fram á það, að munurinn er mjög mikill. Jeg legg sjerstaklega mikið upp úr 1. og 8. gr. frv., því að með þeim er atvinnumálaráðherra gerður að kláðakóngi. Þar er það skýrt tekið fram, að Alþingi leggur á atvrh. ábyrgðina á því, að halda kláðanum niðri, og fær honum bæði vald og fje til þess. Jeg tek þetta fram út af því, að sumir hafa sagt, að það hafi verið metnaðarmál, að hitt frv. var felt. Fyrir mjer var það ekki metnaðarmál, en jeg álít, að útrýming kláðans sje ekki nægilega undirbúin, en með þessu vil jeg sýna atvinnumálaráðherra það traust, að fela honum að halda kláðanum í skefjum og fá honum nægilegt fje til þess.

Að öðru leyti verð jeg að geta þess, út af því, sem sagt hefir verið um það, að lögreglustjórum beri ekki skylda til að sjá um að lögunum sje framfylgt, að þetta er hreint og beint lögreglumál og að þeir eru því að sjálfsögðu skyldir að sjá um, að lögunum verði hlýtt og framfylgt.

Þá kem jeg að því atriðinu, sem aðallega knúði mig til þess að standa upp, en það eru brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB) á þskj. 422, og þá sjerstaklega, brtt. um það, að þóknun til eftirlitsmanna greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði og að hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn ákveði hana. Þessari brtt. verð jeg að mótmæla, því að jeg er alveg á móti henni. Þegar horfellisskoðunin fór fram, fengu skoðunarmenn 2 kr. á dag, og í sumum sveitum voru teknir til þess aumingjar, sem voru alveg óhæfir til þess verks. Jeg veit, að þessi brtt. fer í þá átt að minka kostnaðinn við skoðunina, en þá er hætt við, að færi eins og um horfellisskoðunina, að til hennar verði valdir algerlega óhæfir menn. En ef það er alvara okkar að útrýma fjárkláðanum, þá tjóar ekki að nema kostnaðinn við neðlur sjer. Fjárframlögin verða að vera svo rífleg, að hæfir menn fáist til eftirlitsins. Þess vegna mun jeg greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 422, 3, en jeg mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 387.

Það var minst á það, að brtt. á þskj. 423 væri ráðstöfun, sem næði langt fram í tímann. Jeg hefi jafnan verið á móti slíkum ráðstöfunum langt fram í tímann, og jeg fæ ekki betur sjeð en að með þessu eigi einmitt að viðhalda kláðaóþrifum í fje fram til 1930. Þar eru líka feld burtu þau ákvæði 8. gr., sem gera atvinnumálaráðherra að kláðakóngi. Þó eru till. hv. þm. Mýrm. (PP) enn verri, því að þær fara fram á það, að viðhalda kláðanum þangað til 1931. Þess vegna verð jeg að vera á móti báðum þessum brtt., brtt. á þskj. 423 og brtt. hv. þm. Mýr. við þær. Aftur get

að þeir standi yfir hverri böðun. Það er aðeins skylda þeirra að skerast í leikinn, ef kært er til þeirra út af vanrækslu með böðun. Afstaða hreppstjóra er því gagnólík samkvæmt núgildandi lögum og þessu frv.

Svo er annar liður þessa máls sá, að takist ekki að ná tilætluðum árangri með þrifaböðunum — sem jeg hefi þó bestu von um, að hægt verði að halda kláðanum í skefjum á þennan hátt — þá er stjórnarráðinu gefin heimild til þess, að gera frekari ráðstafanir og fyrirskipanir. Þetta þykir nú hv. þm. Str. ekki einhlítt, og vill endilega, að heimildirnar sjeu orðaðar eins og í útrýmingarfrv. Honum finnast það líklega dálitlar sárabætur fyrir ófarirnar, að fá hjer inn sama orðalag og á hinu frv. var. En með þessu orðalagi er enginn bættari, heldur má segja, að það sje til spillis, og það liggur í því, að samkv. brtt. hans á að slá öllum umbótum á böðunum á frest þangað til 1930 og láta sitja við það sem er, en samkv. frv. er gert ráð fyrir, að þegar á þessu ári verði hafist handa og eftirlitið skerpt. Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir hjer verið að tala um kláðafriðun. En hver er það, sem vill friða kláðann? (**TrÞ**: Það var hv. 2. þm. N.-M., sem talaði um kláðafriðun. Nú getur hv. þm. Borgf. fylgt honum). Ónei. Með þessu frv. eru gerðar svo góðar og öruggar ráðstafanir til þess að halda kláðanum í skefjum, að jeg er viss um, að til þeirra frekari ráðstafana, sem stjórnin hefir heimild til að gripa til samkv. frv., muni ekki þurfa að taka.

Hv. þm. Str. hefir lýst yfir því, að fái hann ekki þennan fleyg inn í frv., þá ætli hann sjer að vera á móti því. Það er þó ekki á færi hans að hrekja þennan mun á frv. og gildandi lögum, sem jeg nú hefi lýst. Háttv. þm. Str. er vitanlega allsendis ófróður um þessi mál og hefir ekkert vit á þeim. Og það má sýna með dæmi, hvað hv. þm. (TrÞ) ristir djúpt í þessu máli. Hann sagði, að hv. þm. Mýr. (PÞ) hefði komið fram með mjög „rækilegar" brtt. Það var aðeins út af orðhengilshætti, sem fram kom hjer við 2. umr., að þm. Mýr. flutti þessar brtt. Brtt. eru með öðrum orðum aðeins orðabreytingar. Þetta sýnir, hvað hv. þm. Str. ber mikið skyn á meginatriði málsins.

Hjer á dögunum var líka mikið talað um kláðann í Rangárvallasýslu. Hv. Str. fann ástæðu til þess að gefa upplýsingar um það og sagði, að þar mundu líklega finnast einn eða tveir kláðahrútar, í Holti. Þetta var hið eina, sem hann vissi um kláðann í þeirri sýslu, og hafði hann aflað sjer þessara merkilegu upplýsinga í síma. Þetta sauðfjárbaðanamál var mikið rætt á síðasta búnaðarþingi, og þar lágu fyrir skýrslur um kláðann í hinum ýmsu hjeruðum landsins, og hefði formanni Búnaðarfjelagsins átt að vera vorkunnarlaust að kynnast þeim. Hvað segja svo þessar skýrslur? Þær segja það, að ekki sje aðeins kláði í tveim hrútum í Rangárvallasýslu, heldur í 7 hreppum sýslunnar, á 27 bæjum, í 85 kindum. Með þessu hefi jeg viljað sýna það, að andstaða hv. þm. (TrÞ) gegn frv. er út í loftið og hefir ekki við nein rök að styðjast.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í málið að sinni. Jeg vænti þess, að eftir rólega yfirvegun láti menn þær væringar og kapp, sem átt hefir sjer stað, niður falla og geti komist að þeirri niðurstöðu, að hjer sje um stór-

sem komið hefir fram í meðferð þessa máls. Jeg skal þó geta þess, að með brtt. minum hefi jeg látið það skína í gegn, og get líka lýst yfir því eindregið, að jeg er samþykkur brtt. á þskj. 422, að undantekinni brtt. undir 2. lið, sem jeg hefi áður talað um. Sama máli er að gegna um brtt. á þskj. 387, að jeg er eindregið með þeim og tel sjálfsagt, að þær sje samþ., nema 2. liður, sem brtt. mín II nær yfir.

Um brtt. á þskj. 423 skal jeg ekki tala sjerstaklega, en læt nægja, það sem jeg hefi minst á þær í sambandi við mínar brtt.

Pjetur Ottesen: Jeg hafði búist við því, að hv. frsm. stæði upp og talaði um frv. meirihl. landbn., er svo freklega er ráðist á frv. En það má vera, að hann sje dauður og geti því ekki borið hönd fyrir höfuð nefndinni.

Þegar málið var hjer til umr. fyrir skemstu, var margt og misjafnt um frv. sagt. Það var hv. 2. þm. Skagf., er fyrstur fór á stað og gerði harða hríð að því. En það má nú vera, að það hafi verið af kappi og gremju út af því, að hið svo kallaða útrýmingarfrv., sem hann hafði tekið svo miklu ástfóstri við, fjell. Þetta lýsti sjer jafnvel beinlínis í ræðu hans, því að hann úthúðaði þeim ákvæðum þessa frv., sem eru samhljóða ákvæðum hins frv. En vegna þess að nú er svo langt liðið síðan, þá ætla jeg ekki að rifja þetta upp frekar.

Jeg skal þá byrja á því að gera nokkurn samanburð á núverandi löggjöf um sauðfjárbaðanir og þessu frv. Sumir hv. þdm., og þar á meðal hæstv., atvrh. hafa haldið því fram, að þar á væri enginn munur. Þetta nær engri átt, fyrst og fremst af því, að með lögunum um þrifabaðanir, sem sett voru 1914, er eftirlitið falið hreppsnefndum, en með þessu frv. er yfirumsjón þessara mála falin atvinnumálaráðherra. Samkv. 7. gr. laganna frá 1914 gat stjórnin aðeins gripið fram í, ef til kláðaböðunar þyrfti að taka. Svo er og í lögunum gert ráð fyrir, að stjórnarráðið gefi út reglugerð um þrifabaðanir, en mjer vitanlega hefir sú reglugerð aldrei komið fram í dagsljósið.

Það var álitin höfuðtrygging fyrir því, að hægt væri að útrýma kláðanum, að svo vel væri um eftirlitið búið. En þess er ekki síður kostur með þessu frv. að hafa gott eftirlit með því en með frv. um útrýmingarböðun, sem felt var hjer nýlega. Samkv. núgildandi lögum um sauðfjárbaðanir eru menn að vísu skyldaðir til þess að baða allt sitt fje árlega, en ef einhver þrjóskast við að hlýða því, þá hafa hreppsnefndir þó ekkert vald til þess að taka fjeð og láta baða það á kostnað eiganda. Sá, sem eigi fylgir fyrirmælunum um böðun, á aðeins á hættu að greiða 10—100 krónur. En ef við athugum 6. gr. þessa frv., sem hjer liggur fyrir, þá er hreppstjórum með henni gefið vald til þess, að taka fje og láta baða á kostnað eiganda, ef þeir þverskallast við það sjálfir, og má taka kostnaðinn lögtaki. Er því á þessu tvennu geysimikill munur til tryggingar og öryggis, eins og allir geta sjeð.

Það nær því engri átt að tala um, að enginn munur sje á þessu frv. og núgildandi lögum. Einhver af þeim, sem andmæltu frv., hjelt því fram, að samkvæmt gildandi lögum ættu hreppstjórar að hafa eftirlit með böðunum. Það væri embættisskylda þeirra. En það er fjarri því, að slík skylda hvíli á þeim,

sjónarmiði er hún ekki veruleg breyting á 8. gr. frv., heldur viðtækari orðaskipun, gerð til þess að nálgast þá, sem ekki eru sannfærðir um þýðingu þessa frv. fyrir framgang málsins, útrýming fjárkláðans. Hitt er aftur rjett, sem nokkrir hv. deildarmenn hafa látið í ljós við mig, að það sje gersamlega óþarft að setja þetta inn í lögin, þar sem um jafn langt tímabil er að ræða, þangað til þetta gæti komið til framkvæmda. Það mætti alveg eins festa því, að setja þetta ákvæði, um næsta kjörtímabil. Jeg hefi því ekki komið með brtt. þessa af því, að jeg álíti þetta ákvæði nauðsynlegt í frv., heldur sökum þess, að mjer er áhugamál, að sum önnur atriði frv. nái fram að ganga, og því hefi jeg komið með þetta, eins og áður er sagt, aðeins til samkomulags.

Það, sem fyrir mjer vakir, er, að útrýming fjárkláðans náist með því að halda áfram, hægt og rólega, á þeirri braut, sem þegar er hafin, og að bændum lærist það sjálfum, hve mikið nauðsynjamál það er, að losna við þessa plágu, án þess að landstjórnin fyrirskipi það sjerstaklega eða að hún hafi á hendi allar framkvæmdaráðstafanir. Jeg hefi svo góða trú á þessari aðferð, sem nú er höfð til þess að útrýma fjárkláðanum, að jeg treysti því fastlega, að 1931 verði ekki fyrir hendi þau skilyrði, sem heimila það samkvæmt brtt. þessum, að fyrirskipa útrýmingarböðun. Jeg tel því sjálfur þýðingarlaust að setja þetta heimildarákvæði fyrir stjórnina inn í frv. þetta, nema til þess, að andstæðingarnir geti þá frekar aðhylst það.

Þá skal jeg taka það fram, að jeg hefi ekki borið till. þessar undir meðnefndarmenn mína, og ber því einn ábyrgð á þeim. Sama er að segja um 1. B-lið undir III og flestar hinar till. Þar er orðum skipað svo, að ekki verður um vilst.

Þá er till. undir III, 2. við 2. A.; hún er lík brtt. á þskj. 423, 2, nema hvað hjer er gert ráð fyrir, að eftirlitskostnaður verði líka greiddur úr ríkissjóði, eins og gert er ráð fyrir í brtt. meiri hl. landbn. Er þessi brtt. komin fram til þess að fyrirbyggja það, að sá liður í brtt. nefndarinnar falli niður, ef ske kynni að brtt. hv. þm. Str. næðu annars samþ. hv. deildar.

Þá er B-liður undir tölulið III, 2, við 2. lið á þskj. 423, aðeins orðabreyting, sem er í samræmi við hinar fyrri breytingar.

Síðasti liðurinn á þskj. 448, III, 2, B, 2, er við fyrirsögn frv. Er hún í fullu samræmi við brtt. III, 1. En jeg get kannast við það, að þetta er óþörf till., því jeg vil halda því fram hvar sem er, að það er hersýnilega rangt að líta svo á, þótt frv. gengi fram óbreytt, að þá eigi ekki með því að gera ráðstafanir til útrýmingar kláðanum. Það er ekkert nema metnaður, óskiljanlegur metnaður, þegar menn eru að metast um það, eins og hjer hefir verið gert, hvaða nafn ætti að gefa frv., því að vitanlega er það sett til þess að útrýma kláðanum. Jeg á hjer við það, þegar andstæðingar frv. þessa eru að halda því fram, að það sje sett til verndar kláðanum, því að það er óskiljanlegt kapp, sem kemur fram hjá þeim í því, að vilja útlista það á þann hátt.

Að svo stöddu, og áður en fleiri taka til máls, get jeg látið hjer við sitja og að því fari fram, sem verða vill um mínar brtt. Þær eru aðeins fluttar til samkomulags og til þess að slá á það kapp,

Það gladdi mig ekki svo lítið að sjá till. háttv. þm. Mýr. (PÞ), form. landbn., því að það gleður mann altaf, þegar einn syndari bætir ráð sitt. Annars bjóst jeg altaf við því, að það yrði hv. þm. Mýr., sem fyrstur sæi að sjer.

Jeg á hjer brtt. á þskj. 423; ganga þær að mestu leyti í sömu átt og brtt. þær, sem við háttv. 2. þm. Skagf. bárum fram við útrýmingarfrv. nú fyrir nokkru. Þó kveða þær nánar á í 8. gr., ef sýnilegt er, að kláðanum er ekki hægt að útrýma með þeirri aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, þá fái stjórnin heimild til þess að láta fara fram útrýmingarböðun um land alt, þó ekki fyr en í árslok 1930. Það er því lagt á vald stjórnarinnar að ráða fram úr þessu, með aðstoð þeirra sjerfræðinga, sem hún hefir á að skipa.

Þetta mál er nú þegar orðið svo þrautrætt, að jeg finn ekki ástæðu til þess að fara inn á kjarna þess nú. En till. þessar hefi jeg borið fram sem nokkurskonar milliveg milli tillagna þeirra, sem fram hafa komið, og nú finst mjer ekki það djúp staðfest á milli þeirra, að ekki megi samþykkja þessar brtt. En það tek jeg fram, að verði þessar tillögur mínar ekki samþ., þá er jeg neyddur til að greiða atkv. á móti frv.

Þá skal jeg geta þess, að jeg hefi heyrt, að þess mundi verða óskað, að forseti úrskurði till. þessar frá, af því að þær sjeu líkar að efni og till. þær, er feldar hafi verið við hitt frv. En þetta er ekki rjett. Till. voru sem sje alls ekki feldar. Till. þessar eru og að sumu leyti annars eðlis. Auk þess var því frv. vísað frá, einmitt með þeim forsendum, að hægt væri að koma fram með brtt. við þetta frv. Um þetta hefi jeg vin minn, háttv. þm. Barð. (HK), grunaðan, og til þess að spara mjer ræðu síðar, vildi jeg mótmæla þessu fyrirfram.

Pjetur Þórðarson: Það er svo um brtt. þær, sem jeg ber fram á þskj. 448, að þær eru nokkuð miklar fyrirferðar, en ekki eins miklar að efni, og því síður eins gagnger breyting frá frv. því, sem hjer liggur fyrir, eins og hv. þm. Str. vildi vera láta.

Jeg skal nú með nokkrum orðum skýra till. þessar, því að mjer virðist sumir hv. þm. ekki hafa kynt sjer þær sem nákvæmlegast, þar sem þeir telja þær ganga lengra en þær í raun og veru gera.

Fyrsta brtt. er við 6. gr. frv.; hún gengur í þá átt að lagfæra orðalag frv. og á þá leið, sem hæstv. atvrh. mundi ekki geta sett út á. Jeg áleit sjálfsagt, úr því að tækifærið gafst, að koma fram með brtt. í þessa átt.

Um till. undir rómv. II var nokkuð öðru máli að gegna. Fyrri málsgr. er samt orðabreyting, en síðari málsgr. víkur dálítið við efni 7. gr., jafnframt því að gera orðalagið gleggra, alt til sátta og samkomulags við hæstv. atvrh. og aðra, sem andmælt hafa frv.

Þá vil jeg biðja hæstv. forseta að sjá um, að við endurprentun, ef til kemur, verði felt úr þessari málsgrein orðið „samhliða“, því að því er þar ofaukið. Að öðru leyti þykist jeg ekki þurfa að gera frekari grein fyrir þessari till. Hún breytir á engan hátt skipulaginu, heldur er ítarleg orðabreyting og að öðru leyti í samræmi við óskir þeirra, sem fundið hafa frv. sitthvað til foráttu

Þá er þriðja brtt., eða rómverskir III. 1. A, er gengur lengst í áttina til samkomulags við hv. þm. Str. Frá mínu

ástæðulausu hrókaræður til að stytta þingtímann eða flýta framgangi mála. Það eina, sem hann sýndi nú, var, að hann hefir reiðst hv. fjvn. fyrir að leita ekki samþykkis hans eða leyfis til austurfarar. Hv. þm. (HK) fann sig knúðan til að blanda allshn. inn í þetta mál og gera lítið úr ferðum hennar í fyrra. Jeg átti sæti í þeirri nefnd þá og er þar enn. Skal jeg nú sýna hv. þm. Barð. gerðabók nefndarinnar, svo að hann geti sjeð, hvað upp úr ferðalaginu hafðist. Af því að við höfum altaf verið vinir, þykir mjer leiðinlegt að heyra hann fara með staðlausa stafi fyrir ókunnugleika sakir.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg verð enn að standa upp til að bera af mjer sakir. Jeg vil vísa til föðurhúsanna þeim ómætu orðum hv. þm., þess er nú settist niður (ÁJ), að jeg hafi reiðst hv. fjvn. fyrir að biðja mig ekki fararleyfis. Það er naumast, að hv. þm. álítur mig hrokafullan, ef hann hefir getað í fullri alvöru álitið, að jeg teldi mjer misboðið af því, að ferðamennirnir báðu mig ekki fararleyfis, og veit jeg ekki, hvenær hann hefir reynt slíkt af mjer. — Þá mintist hv. þm. á ferðalag annarar nefndar og fór þar eins og köttur kringum heitt soð og sagði ekkert, sem máli skifti. Jeg var því ferðalagi altaf mótfallinn (**ÁJ:** Við gleymdum að fá ferðaleyfi hjá hv. þm.!). — Jeg ætla ekki frekar að eyða orðum að misskilningi þessa hv. þm., sem raunar var enginn misskilningur, heldur aðeins hitt, að hann vill gera mjer óvirðingu. Jeg ann honum þá í þess stað sómans af þessari framkomu sinni og hinum góða árangri af för allsherjarnefndar Nd. í fyrra.

Árni Jónsson: Það sje fjarri mjer, að vilja gera vini mínum, hv. þm. Barð. (HK) nokkra óvirðingu. Þvert á móti vil jeg nú leggja til, að stofnað sje nýtt embætti við þingið, og mætti kalla það fararstjóra-embætti. Ætti enginn þingmaður að fá leyfi til að fara út úr þinghúsinu án þess að biðja fararstjóra leyfis. — Jeg þarf ekki að taka fram, að hv. þm. Barð. (HK) væri sjálfkjörinn til embættisins. (**HK:** Ja, svei! — Þá skyldu ekki margar óþarfaferðir farnar!).

ATKVGR.

Till. um að taka málið út af dagskrá var samþ. með 11:8 atkv.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til framhalds 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., næsta dag, var enn f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 196, 387, 422, 423, 448).

Tryggvi Þórhallsson: Það mun vera í 12. sinnið, sem frv. þetta er á dagskrá hjer í deildinni. Þar að auki hefir annað mál, nær sama efnis, verið álíka oft á dagskrá. Er því ekki undarlegt, þó að umræðurnar um þau sjeu orðnar nokkuð langdregnar, enda þótt þau hafi ekki altaf verið rædd, þegar þau hafa staðið á dagskránni.

Þá virðist það ekki hafa verið ófyrirsynju gert, þegar þess var óskað, að mál þetta væri tekið út af dagskrá, svo hægt væri að koma að brtt. við það, því að nú hafa komið fram við það margar brtt., bæði frá háttv. form. landbn. (PÞ) o. fl. Er það því ljóst, að ekki hefir verið ástæðulaust að fá málinu frestað.

þær brtt. áður?) — og mjer finst óviðfeldið að hraða málinu svo, að hann fái eigi að mæla fyrir till. sínum.

Forseti (BSv): Jeg hefi litla löngun til að tefja framgang þessa máls. Hinsvegar er það ýmsum kappsmál, og eigi gott að það komi til atkv., þegar 7 þm. eru fjarstaddir, þ. á. m. sá, er næst hafði kvatt sjer hljóðs, og sá, er ber fram mestar brtt. En til þess að hv. deild fái eigi kent mig við hlutdrægni eða rangsleitni, mun jeg skjóta því til atkv. hennar, hvort hún vill, að málið komi nú fyrir.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mjer að gera aðra aths. — Jeg álít, að slíkt og þvílíkt, að 7 hv. þdm. hlaupist burt á þessum hluta þingtímans, án þess að mjer eða öðrum sjeu kunnar brýnar ástæður, megi alls ekki koma fyrir. — Fyrir fám dögum gekk skjal meðal þm., þar sem skorað var á forseta að flýta þingi sem mest, svo að því yrði lokið á hæfilegum tíma, mig minnir fyrir miðjan næsta mánuð. Undir þetta skjal skrifuðu auðvitað þessir hv. þm., sem ekki eru á fundi. En hvernig breyta þessir herrar svo eftir kenningum sínum? Þegar fer að líða að þinglokum, hlaupa þeir burtu í ferðalag, sem er án allra nauðsynja og ekki líklegt til að bera neinn góðan árangur, og jeg verð að segja að líkist helst flakki. Þannig tefja þeir fyrir hæfilegum framgangi mála og sýna fullkomið ráðleysi í meðferð bæði tíma og peninga þingsins. Annarsvegar sóa þeir of fjár í ferðalag, og hinsvegar sjest enginn árangur og minna en það. — Minn kæri vinur, hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) sagði, að ekki mætti hraða þessu máli svo, að það væri tekið til umr. núna. Já, skárri er það nú hraðinn! Og ástæðan til, að ekki má „hraða" málinu er helst sú, að hv. þm. Str. (TrÞ) á ekki að hafa tækifæri til að mæla fyrir brtt. sínum. Jeg vil í fullri vinsemd benda hv. þd. á, að meginatriði í þessum brtt. hefir þegar verið felt, auk þess sem hv. flm. þeirra hefir fult færi á að vera hjer viðstaddur og mæla fyrir þeim. Hann vissi vel, að málið væri á dagskrá, og jeg veit ekki til, að nokkur maður bannaði honum að sitja kyr í bænum og standa fyrir sínu máli. Og við alt þetta bætist loks, að jeg veit, að hann gerði sjálfur ráð fyrir að málið yrði nú tekið fyrir. Jeg átti tal við hann, er hann var að skjótast út í bifreiðina, svo að þetta fer ekki margra á milli. Hann hefir víst engum falið að mæla fyrir till., en það sýnir aðeins það eitt, að hann skildi, að þegar var búið að ræða þær nóg — og kannske vel það — í sambandi við annað mál.

Það, sem jeg er annars mest hissa á í sambandi við fjarveru þessara 7 hv. þingherra, er, að hv. þm. Borgf. (PO), sem er allra manna sparsamastur, getur fengið sig til að taka þátt í annari eins flökkuferð og þessari. Það hefði verið líkara skapferli þess manns, eins og jeg hefi kynst því undanfarið, að vera á sínum rjetta stað og neyta atkvæðis síns. — Jeg sje, að hv. þd. hlær að því, sem jeg segi, en mjer finst það alt annað en hlægilegt að fara svona með landsins fje. Hv. allshn. fór í álika ferðalag í fyrra, kostaði til þess nálægt 1000 kr. af almannafje. — En hvar er árangurinn?

Árni Jónsson: Jeg veit ekki, hvort hv þm. Barð. (HK) er að halda þessar

hefir farið fram. Merkilegir hlutir gerast nú á dögum!

Þá segir hæstv. atvrh., að varhugavert sje fyrir ríkissjóðinn, ef frv. yrði samþ. Þrátt fyrir besta vilja, sje jeg það ekki, því að sömu mönnum, hreppstjórum og lögreglustjórum, verða fengnar í hendur þessar ráðstafanir og samkv. frv. stjórnarinnar. Og veit hæstv. atvrh. dæmi til, að gengið hafi verið á snið við álit og ráðleggingar þessara manna, þegar kláða hefir orðið vart? Jeg veit ekki betur en að þá hafi altaf verið framkvæmd útrýmingarböðun samkvæmt ósk þeirra.

En þar sem þess hefir verið óskað, að málið væri tekið út af dagskrá, þá er mjer ekkert kappsmál að verða ekki við þeirri ósk. Og síst vil jeg gefa hv. þm. Str. tækifæri til að álíta, að jeg sje ekki einlægur í þessu máli. Jeg vona þá, að hans eigin einlægni verði ekki minni. En jeg verð að halda því fram, að ótal tækifæri hafi gefist til að koma fram með brtt. við þetta frv. því að aldrei hefir því verið slegið föstu, að hitt frv. gangi fram, enda lýstu ýmsir hv. þm. yfir því við 2. umr. þess frv., að þeir greiddu því aðeins atkv. til 3. umr. Jeg vil nú beina því til hæstv. forseta, hvort hann geti þá ekki tekið málið á dagskrá á morgun og hvort þær brtt, sem koma eiga fram, geti þá ekki verið komnar.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 196, 387, 422, 423).

(Ýmsir þm. báru fram fyrirspurnir um það úr sætum sínum, hvort málið yrði ekki tekið af dagskrá, þar sem flm. að víðtækum brtt. væri ekki á fundi).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Á þessu stigi málsins sje jeg ekki ástæðu til að segja annað en það, að jeg sje enga ástæðu til að taka málið af dagskrá, þótt fáeinir hv. þdm. sjeu fjarstaddir án allra nauðsynja. **(MJ:** Heyr!). Jeg sje enga ástæðu til að láta málið gjalda þess, þó ýmsir af háttv. deildarmönnum sjeu fjarstaddir að gamni sínu. Þeir, sem vilja fella frv., eiga að gera það á heiðarlegan hátt með atkv. sínu, en ekki með eilífum undandrætti. Síðast, er málið átti að koma fyrir, var það tekið af dagskrá, og þá var það eindregin ósk okkar, sem að því stöndum, að til skarar yrði látið skríða næsta sinn, er það kæmi fyrir. Þess vegna mótmæli jeg alveg, að það sje enn gert. Jeg vil gefa þeim, sem þannig eru sinnaðir, færi á að drepa nú frv. Ef meiri hl. hv. deildar er þannig skapi farinn, að honum þyki það rjett, er ekkert við því að segja annað en það, að það bæri ljósan vott um skilningsleysi háttv. deildarmanna á máli þessu.

Fleiri aths. hefi jeg ekki að gera á þessu stigi málsins.

Atv. og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mín vegna þarf ekki að taka þetta mál af dagskrá. En jeg hjelt, að hæstv. forseta (BSv) kynni að þykja ástæða til þess, þar sem hv. þm. Str. (TrÞ) hefir flutt víðtækar brtt., en hefir nú eigi færi á að vera viðstaddur.

Árni Jónsson: Jeg vil algerlega taka undir það, sem hæstv. ráðh. (MG) sagði. Flm. að brtt., sem gerbreyta frv., er ekki við — **(JK:** Er ekki búið að fella

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 266, n. 333, 386).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 386, 1—4 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 14 : 12 atkv.

2.—14. gr. samþ. með 14 : 12 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.

nei: HjV, JakM, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, BL, HK.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 266).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Frv. þetta er tekið aftur.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Samskólar Reykjavíkur.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um samskóla Reykjavíkur (stjfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh., sem er veikur, leyfi jeg mjer að vísa til aths. við frv., og leggja til, að því verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til mentmn. með 21 shlj atkv.

Á 38. og 39. fundi í Nd., dagana 25. og 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 8, n. 197 og 258, 254).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Mentmn. hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál, eins og nál. bera með sjer. Jeg sje ekki ástæðu til að fara að rifja upp álit meiri hl. Flestir háttv. þdm. munu hafa lesið það.

Höfuðatriði þessa frv. er það, að bæta úr ríkri þörf Reykjavíkurbæjar fyrir ungmennaskóla. Við höfum þegar sint flestum þeim kröfum öðrum, sem heimtaðar eru í menningarlöndum. Við höfum sint latínuskólaþörfinni, sem fyrst gerir vart við sig á miðöldunum, og barnafræðsluþörfinni, sem sint hefir verið frá tímum siðbótarinnar. En ungmennafræðsluþörfin, sem er yngst, hefir ekki ennþá fengið þá úrlausn, sem þjóðfjelagið krefst og verður að fá. Stærstu eyðurnar í skólakerfi okkar eru vöntun á fullkominni smábarnafræðslu og unglingafræðslu. Það er að vísu vel farið, að heimilin haldi sem lengst smábarnafræðslunni, en þó ekki lengur en fært er. En unglingafræðslu er ekki hægt að leggja á herðar heimilanna. Það þekkist hvergi. Unglingafræðslan heimtar skóla, en til þess að hægt sje að framfylgja þeirri kröfu, verður þjóðfjelagið, bæjarfjelög og sýslufjelög, að koma til hjálpar. Það liggur í hlutarins eðli, að það kemur fyr til þingsins kasta að bæta úr ungmennafræðsluþörfinni

en að gera smábarnafræðslunni skil. En um það er fult samkomulag meðal allra, að þörf sje á ungmennafræðslu, að barnafræðslu lokinni, og að hættulegt sje að fullnægja ekki þeirri þörf betur en nú er gert. Einmitt af því, að ungmennafræðsluþörfinni er ekki fullnægt, fara miklu fleiri yfir í mentaskólann og háskólann en annars mundu ganga þá braut. Það er m. a. þess vegna nauðsynlegt, að til sje þjóðvegur fyrir almenning, að loknu barnanámi. Unglingsárin eru vel fallin til náms. Þá fer að vakna áhugi á ýmsum viðfangsefnum, sem bíða hinna ungu manna. Námsgáfur eru í besta lagi. Unglingarnir eru viðkvæmir fyrir hverskonar áhrifum. Þá hafa þeir oftast nægar tómstundir, þar sem örðugt er að fá störf, sem taka allan þeirra tíma.

Hjer í bæ er svo ástatt, að unglingar, sem ekki ganga mentaveginn, verða að leita sjer fræðslu hingað og þangað, auðvitað mjög óskipulega, en með ærnum tilkostnaði. Unglingafræðsluskylda er þegar komin á í Englandi, víðast hvar á Þýskalandi og í Svíþjóð. En það er ekki það, sem hjer er verið að fara fram á, heldur einungis hitt, að þeir, sem vilja stunda nám að lokinni barnaskóladvöl, fái tækifæri til þess að fullnægja námsáhuga sínum. Hjer er einungis farið fram á, að unglingafræðslunni sjeu gerð sömu skil hjer og gert var í Danmörku 1814, fyrir rúmri öld, þegar hin merkilegu fræðslulög Dana gengu í gildi, svo að það er ekki hægt að segja, að við sjeum á undan tímanum. Löng vandræði og rík þörf undanfarinna ára liggja á bak við þetta frv.

Unglingafræðslumálum hefir oft verið hreyft hjer áður, og venjulega fengið þá úrlausn, að hvert hjerað, sem óskaði þess, hefir fengið stuðning Alþingis. Nú er komið að Reykjavík, og jeg sje ekki, að hægt sje að neita henni um þann sama stuðning, sem mörg önnur hjeruð hafa þegar fengið. Í Reykjavík verða árlega 14 ára á 4. hundrað börn, og unglingar frá 15—19 ára munu nú vera hjer um bil 2 þúsund. Það er mjög hæpið, að hægt sje að fá vetrarstarf handa öllum þessum fjölda. Margir eru atvinnulausir og aðgerðalausir. Aðrir reyna að bæta úr námsþörfinni á ófullnægjandi og óskipulegan hátt. Auk þess leita margir, sem frekari fræðslu vilja fá, til mentaskólans, sem aldrei átti að vera almennur unglingaskóli. Þannig togast menn til stúdentsprófs og háskólaprófs í ríkara mæli en þjóðfjelagið hefir þörf fyrir. T. d. munu útskrifast á þessu ári ekki færri en 60 stúdentar.

Jeg hefi oft lýst yfir þeirri skoðun minni, að stúdentaframleiðslan er í sjálfu sjer ekkert vandræðamál. Það er alt undir því komið, hvað stúdentarnir taka sjer fyrir hendur eftir á. En hjá okkur er sú erfðavenja rík, að stúdentar verða kandídatar og kandídatarnir verða svo annaðhvort embættismenn eða götuslæpingar. Það má teljast ógæfa, að svo margir ganga þessa braut, þar eð þörf þjóðfjelagsins fyrir embættismenn er takmörkuð. Sumstaðar, eins og t. d. í Ameríku, þykir það mikið gleðiefni, að margir verði stúdentar. Síðan dreifast þeir yfir til allra stjetta og starfa þjóðfjelagsins. Stúdentafjöldinn mundi ekki fyr verða gleðiefni hjá okkur en þessi ameríska venja væri orðin föst.

Jeg ljet þess getið á síðasta þingi, í umr. um lærðan skóla í Reykjavík, þá fyrir hönd minni hl. mentmn., að heppi-

leg úrslit skólamálanna væru undir alt öðru komin en því, að breyta til um einstakar námsgreinir. Það, sem vantar, eru heimavistir, aukning íþrótta- og fjelagslífs meðal nemenda og auk þess önnur þjóðbraut fyrir almenning heldur en mentaskólinn. Mjer er það mikil ánægja að fá tækifæri til þess að styðja þessi höfuðatriði, heimavistirnar og unglingaskólann, nú þegar á þessu þingi.

Þessu máli fylgir meiri hl. fram í því trausti, að ef frv. verður samþ., sje um leið kveðið á, hvaða kjörum unglingafræðslan alment eigi að sæta. Meiri hl. ber það traust til þingsins, að um leið og það setur ákveðin skilyrði um unglingafræðslu í stærsta kaupstað landsins, liggi þar á bak við, að landið í heild sinni sæti sömu kjörum, þegar sett verða allsherjarlög í þessu efni. Jeg hefi einu sinni borið fram frv. um unglingaskóla utan Reykjavíkur. Jeg hefi ekki viljað bera það fram aftur, heldur kosið að berjast nú á þessum eina punkti, þannig, að ef þetta vinst, mætti skoða hitt sem unnið líka. Þess vegna vil jeg í sambandi við þetta beina því til hæstv. kenslumálaráðh. (MG), hvort hann vildi ekki á næsta þingi bera fram frv. um unglingafræðslu í landinu, þar sem landið í heild sinni yrði látið sæta líkum skilyrðum og hjer eru sett um Reykjavík.

Meiri hl. hefir ekki gert margar brtt. Eina þeirra ætla jeg að minnast ofurlítið á. Hún er að vissu leyti orðabreyting, en er þó um leið einhver mesta efnisbreytingin, sem meiri hl. hefir gert. Í stað „gagnfræðaskóla“ viljum við setja: „ungmennaskóla“. Okkur þótti orðið gagnfræðaskóli vera full-tengt stúdentamentuninni hjer, til þess að það væri heppilegt heiti á almennum unglingaskóla. Einnig vildum við fá sameiginlegt heiti fyrir alla slíka skóla, hvar sem þeir eru á landinu.

Í Danmörku eru lýðháskólar í sveitum, en „Real“- eða „Mellem“-skólar í bæjunum, sem ekki eru sniðnir eingöngu eftir þörfum nemenda, heldur og nokkuð eftir kröfum lærdómsdeildanna og stúdenta. Þetta er jafnan ágalli á gagnfræðaskólum, enda veldur það vandræðum fyrir Dani nú, þegar þörf er á almennri unglingafræðslulöggjöf. Þetta hefir tafið fyrir föstum tökum á unglingafræðslunni, og aðrar þjóðir hafa orðið á undan þeim í því efni. Það eru ekki gagnfræðaskólar Norðurlanda, sem eiga að vera aðalfyrirmyndirnar hjer, heldur framhaldsskólarnir, sem hafa tekið miklum framförum á síðari árum og eru settir í sem nánast samband við þörf unglinganna. Það hefir ekki eingöngu háð unglingafræðslunni, að latínuskólar voru hinir fyrstu skólar, sem síðan lituðu út frá sjer önnur skólakerfi, alt til vorra daga. Þetta hefir jafnvel verið til meins fyrir barnafræðsluna, t. d. með tilliti til kenslubóka og námsgreina. Vísindi háskólanna hafa verið kend í vasaútgáfu í barnaskólunum. Jeg kæri mig ekki um að fara að lýsa nákvæmlega unglingaskólum nútímans eða þróun þeirra, en nefni rjett Svíþjóð. Í unglingaskólum í Svíþjóð eru námsgreinir ólíkar því, sem er í reglulegum gagnfræðaskólum, og jeg held einmitt, að við mættum taka okkur það atriði til fyrirmyndar. Námsgreinir eru þar sem sje mjög fáar og óbreyttar, venjulega ekki nema 3, móðurmálið, þjóðfjelagsfræði og vinnufræði. Um vinnufræðina er það að segja, að þar er dregið saman úr ýms-

um fræðigreinum það, sem best á við umhverfi skólans, og vísindum, sem gagnlegust eru fyrir atvinnuvegina á hverjum stað. Hún mundi þannig geta átt sjerstakt erindi til okkar í sambandi við landbúnað og sjávarútveg.

Um þessa hluti er ekkert sett í frv., eins og vera ber. Þau lög, sem sett eru á þingi um skóla, eiga ekki að ná yfir margt, sem verður sjermál uppeldisfræðinga og skólamanna. Einmitt að því verður frv. einfaldara fyrir þingið en ella. Skólar eins og ungmennaskólar og iðnskólar eiga að skapa sig sjálfir, eftir því sem bestu skólamenn landsins gera tillögur um. Staðfesting fræðslumálastjórnar nægir svo, til þess að tryggja, að ekki sje farið út fyrir þann ramma, sem þing og stjórn vilja. Þetta frjálsræði er þar að auki nauðsynlegt, af því að ekki er ákjósanlegt, að allir unglingaskólar landsins sjeu steyptir í sama mótið, heldur sje þeim hagað eftir mismunandi aðstöðu hjeraðanna og ólíku eðli kennara og nemenda.

Jeg fæ ekki skilið, að það geti verið neitt verulegt, sem hjer ber á milli meiri og minni hl. um unglingafræðsluna. Það á að greiða atkv. um það einfalda mál, hvort Reykjavík eigi að njóta þeirra kjara, sem þeir, sem atkvæði greiða með frv., ætlast til, að alt landið verði aðnjótandi síðar.

Nú hafa engar brtt. komið fram í deildinni um þau skilyrði, sem unglingafræðslan á að njóta samkv. frv., svo að jeg skal ekki ræða þau nánar. En ef eitthvað er við þau skilyrði að athuga, þá á að bera fram við þau brtt., og fyr en það er gert, virðist ekki ástæða til að ræða einstök atriði, sem altaf geta skift máli.

Það kann að valda nokkurri misklíð, að í þessu frv. er þremur öðrum skólum blandað saman við, iðnskólanum, verslunarskólanum og vjelstjóraskólanum. Vjelstjóraskólinn er ríkisskóli og er húsnæðislaus, og það getur enginn amast við því, að það skuli einhverntíma í framtíðinni verða bygt yfir hann; það verður eins, þó að ekki sjeu gerð sjerstök lög um það. Það verður heldur ekki amast við því, að rekstur hans verði með þessu móti heldur ódýrari. Það er alveg útilokað, að þó að vjelstjóraskólinn gangi í þetta samband, að það geti haft nokkur áhrif til hins verra á afstöðu manna til frv. Hitt kynni að valda andstöðu, að iðnskólinn er settur í þetta samband, og þó held jeg, að þegar til lengdar lætur, geti enginn amast við því, að iðnskólinn sje tekinn á ríkið, með þeim skilyrðum, sem hjer eru sett. Iðnskólinn fær ekki aðrar tekjur frá ríkissjóði en 75% af kennaralaunum, en víðasthvar, þar sem jeg þekki til, greiða ríkissjóðir einmitt líka hundraðstölu til skóla, sem reknir eru fyrir einstakra manna tilstyrk, svo að hjer er um þá breytingu að ræða, sem hvort eð er mundi koma, ef ekki strax, þá innan skamms. Iðnskólinn er einn af þeim skólum, sem hlýtur að laga sig mest eftir þeim breytingum, sem verða í þjóðfjelaginu, og þegar íbúatala Reykjavíkur er komin yfir 20 þús., svo sem nú er raun á orðin, er við því að búast, að iðnskólinn þurfi að taka á sig þá mynd, að honum sje nauðsynlegt að fá einhvern vissan styrk úr ríkissjóði, til þess að hafa tryggar tekjur, svo að hann geti haldið uppi þeirri starfsemi, sem honum er ætlað.

Jeg vil athuga það hjer, að mjer varð áður mismæli, þar sem jeg sagði, að vjelstjóraskólinn ætti að fá 75% af

kennaralaunum. Það var ekki rjett, heldur á iðnskólinn og vjelstjóraskólinn að fá öll kennaralaun, en annarsstaðar frá á að koma allur annar kostnaður, og þá vildi jeg segja, að það mundi aldrei lenda meira á ríkissjóði en 75% af öllum skólakostnaði. En þar sem slíkir skólar njóta styrks í öðrum löndum, þá er ríkissjóðsstyrkur ekki miðaður við kennarakaupið eitt, heldur við allan skólakostnað.

Þá er eftir að nefna þann skólann, sem valda mun mestum ágreiningi af þeim skólum, sem inn í þetta frv. eru teknir. Það er verslunarskólinn. Nú stendur svo á, að annar hliðstæður skóli, samvinnuskólinn, er ekki tekinn inn í frv., og við undirbúning þessa frv. var ekki leitað samvinnu við Samband íslenskra samvinnufjelaga. Mjer var persónulega kunnugt um það, að þetta var enganveginn gert af því, að það ætti hjer að fara aftan að sambandsskólanum og nota tækifærið til þess að svifta hann þeim ríkisstyrk, sem hann hingað til hefir haft. En þó að þetta væri enganveginn tilgangur þeirra manna, sem bjuggu til frv., má altaf segja, þegar svona fyrirkomulag er komið á um Verslunarskóla Íslands, að þá liggi beint við að óttast, að þeir, sem fjandsamlegir eru samvinnuskólanum og kennurum hans, kunni að nota tækifærið til þess að svifta hann þeim styrk, sem hann nýtur. Jeg hefi þess vegna borið fram tillögu um það, að samvinnuskólinn skuli hafa rjett til þess að ganga inn í þetta skólasamband, og að hann skuli, þar til slíkir samningar takast, hafa úr ríkisjóði styrk, eigi minni en hann nú nýtur, og bind jeg fylgi mitt við þetta frv. því skilyrði, að um leið og þetta frv. er afgreitt, þá sje fyrir það girt, að hægt sje að segja að þessi lög sjeu sett til höfuðs samvinnuskólanum, og það álít jeg trygt með þeirri tillögu, sem jeg hefi fram borið.

Þetta samband á milli unglingaskólans, vjelstjóraskólans, iðnskólans og verslunarskólans, hygg jeg að orðið geti til gagns fyrir þá. Það yrði til þess, að fá þeim betra húsnæði og ódýrara heldur en áður, það yrði til þess, að sameiginelg afnot yrðu af ýmsum sjerstökum stofum, teiknisal, eðlisfræðisstofu, vinnustofu o. fl., sem yrði miklu dýrara í rekstri fyrir hvern skóla fyrir sig; það yrði líka til þess, að hægt væri að nota kenslukraftana betur, nota sjerfræðinga til að kenna í öllum skólunum, og hvern til að kenna sína grein, svo að þeir þyrftu ekki, eins og nú er, að kenna kannske að þriðja eða fjórða hlut sína sjergrein, en að þrem fjórðu hlutum eitthvað annað, sem þeir kynnu ekki betur en hver annar. Þetta er kostur, og þó er það ekki hvað síst, að með þessari sameiningu væri hægt að koma á fjölskrúðugri kenslu, bæði hvað snertir tungumál, náttúrufræði, eðlisfræði og margt fleira. Það er hægt að koma á betri námsskilyrðum, heldur en ef hver skóli ætti að hokra út af fyrir sig, því að það má segja, að það sjeu víðtækir möguleikar fyrir svo stóran skóla sem þennan að fullnægja öllum þörfum þess hjeraðs, sem hann á að vinna fyrir. Og með því fyrirkomulagi, sem jeg hefi nú bent á, mun sjálfstæði skólans vel fyrir komið, bæði hvað kenslu snertir og efnalegt sjálfstæði hans. Þá mun hann bæði hafa það vald og þá kenslukrafta, sem til þess þarf, að hann geti lagað sig eftir kröfum lífsins í því hjeraði, sem hann á að starfa fyrir.

Mun jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. Það, sem jeg hefi nú talað um þetta mál, er almenns efnis. Jeg hefi ekki kært mig um að ræða einstök atriði, eins og jeg hefi áður sagt, af því að engin sjálfstæð brtt. hefir komið fram frá öðrum en nefndinni, og það er ekki hægt að byggja andstöðu sína við þetta mál á athugasemdum við einstök atriði. Athugasemdir um einstök atriði eiga að leiða til þess, að brtt. komi fram, t. d. um það, hve mikið ríkissjóður skuli leggja fram, eða hver hlutföll skuli vera í milli kostnaðar ríkissjóðs og hjeraðs. Eins og allir vita, er enginn algildur sannleikur til um slíka hluti, og getur margt komið til greina, þegar um slíkt er að ræða. En, sem sagt: andstöðu við þetta frv. verður að byggja á því, að Reykjavík eigi ekki að fá sama rjett fyrir sína unglingafræðslu, eins og viðkomandi þingmenn mundu vilja veita öðrum hjeruðum landsins. Því að það þarf enginn að óttast, að önnur hjeruð fái ekki sama rjett, og það kemur allri nefndinni saman um, að öll hjeruð eigi að fá sama rjett. Þetta atriði verður heldur ekki falið svo, að ekki geri hver þm. sjer það ljóst, að hann er hjer að greiða atkv. um þau skilyrði, sem öll unglingafræðsla á landinu á að búa við, og hvort Reykjavík á að fá þann unglingaskóla, sem hún hefir fulla þörf á, og hvort á að setja hann í samband við þá sjerskóla, sem geta aukið unglingafræðsluna.

Frsm. minni hl. (Jón Guðnason): Jeg hefi, ásamt hv. 2. þm. Eyf. (BSt) orðið í minni hluta í þeirri nefnd, sem fjallaði um þetta mál. En þó að svo hafi nú orðið, að við höfum lent hjer í minni hl. og nefndin hafi klofnað, er ekki þar með sagt, og síður en svo, að skoðanir nefndarmanna í meiri og minni hl. á alþýðumentamálum í heild sinni sjeu svo mjög ólíkar, að það hafi verið þær, sem hafi valdið því, að nefndin klofnaði. Jeg veit, að mjer er óhætt að segja það fyrir hönd mína og hv. 2. þm. Eyf., að við lítum svo á, að eitt stærsta verkefni nútíðarkynslóðarinnar sje einmitt að byggja framtíðargrundvöll undir ungmennafræðsluna hjer á landi. Og jeg ætla þá líka, að það muni geta komið í ljós á sínum tíma, ef atvikin haga svo til, að við lítum þannig á þessi mál og viljum starfa á þeim grundvelli. Hitt er annað mál, að með það frv., sem hjer liggur fyrir, höfum við ekki getað orðið samferða hv. meiri hl. nefndarinnar. Og jeg get þá sagt það strax, að aðalástæðan til þess, að við höfum ekki getað orðið það, er sú, að við viljum ekki að svo vöxnu máli taka svo stórt mál sem þetta frv. felur í sjer út úr og ráða því til lykta, áður en sett eru lög um skipulag ungmennafræðslunnar í heild sinni. Við minnihlutamen lítum svo á, að það þurfi sem allra fyrst að koma skipulagi á ungmennafræðsluna í landinu, og vitanlega ríður þá mjög mikið á því, að áður en það spor er stigið, sje ekki stigin nein önnur stór spor, sem geti komið í bága við það skipulag, sem þykir hentugast eftir nákvæma athugun. Það er nú reyndar svo, eins og við vitum, að þótt við höfum enn ekki fast skipulag á ungmennafræðslunni í landinu, þá er þó fjarri því, að þar sje algerlega eyða í mentamálum okkar, því að á nokkrum stöðum á landinu eru þegar risnir upp ungmennaskólar, og hafa þeir ýmsir farið allmyndarlega af stað. Það, sem hefir hrundið fram stofnun þess-

ara ungmennaskóla, sem þegar eru komnir, það er, held jeg sje óhætt að segja, að svo sem engu leyti frumkvæði eða afskifti hins opinbera, þings eða stjórnar, til þessa máls, heldur er tildraganna að þeim stofnunum að leita heima í þeim hjeruðum sjálfum, þar sem þessir skólar eru komnir upp. Og svo má auðvitað á ýmsan hátt rekja þau til ýmsra áhugamanna um mentamál utan hjeraðanna, sem hafa verið forgöngumenn og hvatningamenn þjóðarinnar á þessu sviði. Og að minsta kosti allstórum hluta þjóðarinnar hefir orðið það ljóst á seinni tímum, að mikil þörf var á því, að hlynna að ungmennafræðslunni meira heldur en gert hefir verið, og að þörf var á því að byggja ofan á þá fræðslu, sem veitt er fyrir fermingaraldur. Og það er þessi þörf, eða rjettara sagt fyrir það, að augu manna í hinum einstöku hjeruðum hafa opnast fyrir þessari þörf, að ungmennaskólar hafa risið upp í nokkurum hjeruðum landsins. Það er því óhætt að segja, að þessir skólar sjeu algerlega vaxnir upp úr jarðvegi þjóðarinnar sjálfrar; þeir eru ávöxtur af hennar eigin áhuga fyrir aukinni mentun. Hinu er ekki hægt að leyna, að þessir skólar hafa átt allerfitt uppdráttar, og sumir þeirra verið af vanefnum gerðir á einn eða annan hátt og átt við mikla erfiðleika að stríða, sem hafa felt nokkra þeirra um koll, en ekki getað grandað öðrum þeirra. Þessi vísir til unglingaskóla, sem við höfum hjer á landi, er nú þegar orðinn svo mikill og búinn að ná þeim þroska, að það sýnist vera svo, að von bráðar megi nota hann sem grundvöll til að byggja á ungmennaskólakerfi fyrir landið.

En þegar hjer er komið sögunni og kemur að þessu frv., er það, sem leiðir minni hl. nefndarinnar og hv. meiri hl. skiljast. Vjer vitum það, að það sem hefir verið einkennið á nær öllum ungmennaskólum, nema aðeins einum, sem fyrir sjerstök atvik var gerður að ríkiskóla, hefir verið það, að eins og þeir hafa verið vaxnir upp úr jarðvegi þjóðarinnar sjálfrar og bornir á höndum hennar, eins hefir líka rekstur þeirra að öllu leyti verið á herðum hlutaðeigandi hjeraða eða einstakra forgöngumanna skólanna, en hið opinbera hefir aðeins látið þeim í tje styrk, misjafnlega mikinn, eftir ástæðum, og svo um leið sett sín skilyrði, til að tryggja það, að kenslan í skólunum gæti komið að tilætluðum notum. Þessu skipulagi er enn þá haldið um þrjá stærstu skólana hjer á landi, skólana að Núpi, Laugum og Hvítárbakka. En með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er gengið inn á nýja braut í þessu efni, þar sem gert er ráð fyrir, að stofnaður sje ungmennaskóli fyrir stærsta hjerað þessa lands, Reykjavík, sem sje þá um leið gerður að ríkiskóla, því að svo má kalla hann, þó að stofnkostnaður og reksturskostnaður komi að nokkru leyti frá Reykjavík, af því að rekstur hans er að öllu leyti í höndum hins opinbera. Hjer er því, eins og jeg sagði, gengið inn á nýja braut, og hjer er þá líka atriði, sem jeg verð að telja mjög athugavert, og vonandi, að verði vandlega íhugað, áður en vjer gjöldum jákvæði við því. Og meira að segja: jeg lít svo á, að þessi braut, sem hjer er gengið inn á, ætti að athugast í sambandi við fyrirkomulag ungmennaskóla-starfseminnar fyrir landið alt. Jeg lít svo á, að það þurfi, áður en stigið er hið endanlega spor um hið fasta ungmennaskólafyrirkomulag fyr-

ir landið alt, nákvæmlega að athuga það, hvort rjett sje að gera þessa skóla að ríkisskólum, eða að láta þá vera einkafyrirtæki, styrkt af ríkinu, og þá vitanlega háða þeim reglum, sem ríkið setur. Jeg vil leggja áherslu á, að hver leiðin sem farin verður, þá ætti ekki að ákveða hana fyr en búið er að athuga, hvernig skólakerfi fyrir alt landið ætti að vera og búið er að taka fasta ákvörðun um það. Þetta tvenskonar fyrirkomulag, einkaskóla og ríkisskólafyrirkomulagið, hefir hvort um sig sína kosti og sína galla. En einkaskólarnir eru vaxnir upp úr jarðvegi þjóðlífsins og hafa átt tilveru sína undir áhuga hennar, og því hygg jeg, að það gæti verið gott fyrirkomulag að hafa sem nánast samband milli skólanna og hjeraða þeirra, sem styrkja þá og eiga að njóta þeirra.

Jeg vil nú beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar eða fræðslumálaráðh., hvort hún hafi nú þegar tekið þá ákvörðun, að leggja til, að ríkið taki að sjer rekstur allra unglingaskólanna í framtíðinni.

Það, sem er ólíkt um skólastofnun þá, sem þetta frv. fjallar um, og um stofnun unglingaskóla út um land, er ekki aðeins það, að hjer á að byrja með því að setja á stofn ríkisskóla, heldur og það, að segja má, að þessi fyrirhugaði samskóli í Reykjavík sje upp úr öðrum jarðvegi runninn en unglingaskólar í sveitum. Til undirbúnings þessu skólamáli hefir ekkert verið aðhafst, nema af hálfu eins manns, sem að vísu má játa, að hefir lagt í þetta mál mikla vinnu. Hjer í Reykjavík hefir lengi verið þörf fyrir ungmennaskóla, vegna þess að henni hefir ekki verið fullnægt með þeim skólum, sem fyrir eru. En það hefir lítið verið gert til þess að bæta úr þeirri þörf af hálfu þeirra manna, sem þessi skólahugmynd helst hefði átt að liggja á hjarta. Svo að því leyti er hægt að segja, að þessi skóli, sem hjer á að reisa, er ekki vaxinn upp úr jarðvegi áhugans í því hjeraði, sem skólans á að njóta.

Mjer virðist nauðsynlegt, að þetta mál sje sem best athugað af hlutaðeigendum, er helst eiga að njóta skólans. En það hefir ekki verið gert að öðru leyti en því, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, hefir verið lagt fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur og nokkra menn aðra. Mjer finst því, að segja mætti, að af hálfu Reykvíkinga sje þessi hugmynd nokkuð snöggsoðin. Svo er þess að gæta, að frv. felur í sjer ekki neina smáræðisstofnun, ekki einn lítinn skóla, eins og sumir alþýðuskólarnir eru, sem stofnaðir eru af hjeruðunum og einstökum mönnum, heldur er hjer hvað stofnkostnað snertir um stórt fyrirtæki á okkar mælikvarða að ræða. Auðvitað hlýtur alt unglingaskólakerfið að hafa mikinn kostnað í för með sjer, og því fellur mikill kostnaður að sjálfsögðu á ungmennaskóla Reykjavíkur, vegna þess mikla fólksfjölda, sem hjer er. Jeg vil þá í því sambandi nota tækifærið til að mótmæla því, sem háttv. frsm. meiri hl. sagði, að andstaða okkar í minni hl. bygðist á því, að við vildum ekki láta Reykjavík verða sama rjettar aðnjótandi til ungmennaskóla eins og önnur hjeruð. En í þessu frv. er Reykjavík trygður m e i r i r j e t t u r en öðrum hjeruðum. Reykjavík fær með frv. meiri rjett en önnur hjeruð til skólahalds, að því leyti, að með þessu frv. er í eitt skifti fyrir öll slegið föstu, hve mikill hluti af rekstrarkostnaði

þessa skóla skuli hvíla á ríkissjóði, og hve mikill hluti á Reykjavík. Það hefir að vísu verið sagt, að þau hlutföll, sem verða þarna milli framlags ríkis og bæjar, sjeu þau sömu og gilda eigi gagnvart öðrum ungmennaskólum. En jeg vil benda á, að mikill munur er á því, þegar um tvær skólastofnanir er að ræða, sem fá flutfallslega jafnmikið fje úr hvorum stað, af annar skólinn hefir þennan rjett trygðan með lögum, en hinn á undir högg að sækja með styrk til fjárveitingarvaldsins á hverju ári. Þótt þeirri reglu hafi verið fylgt í 2 ár, er þessi grundvöllur ekki fastari en það, að slæmur fjárhagur ríkissjóðs getur gengið út yfir þau hjeruð, sem hafa skóla, sem ekki hefir trygðan rjett sinn lagalega. Að þessu leyti er Rvík trygður meiri rjettur heldur en einstökum hjeruðum, þar sem unglingaskólar eru reknir sem einkaskólar. Auðvitað mætti breyta þessu með því að setja sömu lagaákvæði viðvíkjandi unglingaskólum í sveit. En við eigum ekki víst, að það yrði gert, og þar sem það Alþingi, sem um það mál ætti að fjalla og gera endanlega út um skipulag ungmennafræðslunnar, verður öðruvísi skipað en núverandi þing, þá er engin trygging fyrir því, að það gæti fallist á það, að ríkið gengi inn á þá braut með alla unglingaskóla landsins, sem farið er fram á í þessu frv.

Jeg lít því svo á, að þetta mikla fyrirtæki, stofnun þessa skóla fyrir Rvík, ætti að verða samferða því, þegar gert er út um skipun unglingaskólanna í landinu. Jeg vona þá líka að hv. frsm. meiri hl. geti sjeð, að andstaða okkar minni hl. til þessa frv. sje ekki sprottin af neinni óvild til Reykjavíkur, eða af því að við viljum hafa af henni þann rjett, sem gefinn er öðrum hlutum landsins.

Jeg vil í sambandi við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um hlutfallið milli þess, sem ríkið leggur til hjeraðsskólanna, og þess, sem kemur annarsstaðar frá, benda á það, að í fjárl. hefir stjórnin áætlað 38 þús. kr. til unglingaskóla utan Reykjavíkur. Fræðslumálastjóri hefir lagt til, að upphæðin yrði hækkuð upp í 50 þús. kr., með tilliti til þess, að skólarnir fái svipaða upphæð til rekstrar og hjer er gert ráð fyrir í þessu frv. að þessi samskóli fái. En nú hefir fjvn., enda þótt hún sje hlynt þessum skólum, lækkað þennan styrk um $^1/_{10}$ hluta, niður í 45 þús. Þetta finst mjer vera smámynd af því, hvernig komið getur fyrir, að fjvn. dragi úr styrk til skóla, sem eru ólögtrygðir einkaskólar.

Jeg vona nú, að hv. þdm. þyki ekki undarlegt, þótt við í minni hl. nefndarinnar — án þess að vilja draga skóinn ofan af Reykjavík í þessu efni — verðum að skoða það skyldu okkar, að gæta þess, að sveitahjeruðin verði ekki útundan með opinberan styrk til ungmennafræðslunnar, og þótt við sjeum því mótfallnir, að þetta frv. nái fram að ganga í þetta sinn.

Jeg hefi nú talað um rekstrarfyrirkomulag þessa skóla í samanburði við rekstrarfyrirkomulag annara skyldra skóla. En jeg vil geta þess viðvíkjandi s t o f n u n þessa skóla, að þótt gott sje að setja lög um stofnun hans fyrir framtíðina, þá finst mjer það hjáleitt, að gera það nú, þegar útlitið með fjárhag landsins er svo, að engu má á ríkissjóðinn bæta og draga verður saman seglin á öllum sviðum. Það eru lítil líkindi til þess, að við verðum í náinni

framtíð færir um að reisa þetta hús handa samskólanum. Og fyrir utan það, hvernig útlitið er, þá höfum við með höndum, auk verklegra framkvæmda, mikla byggingu, sem er landsspítalinn, sem virðist nægilegt verkefni fyrir ríkissjóð að koma upp á næstu árum. Og þar sem svona er ástatt, á jeg bágt með að sjá, að við í náinni framtíð verðum færir um að bæta á okkur þeim útgjöldum, sem bygging þessa húss hefir í för með sjer. En sje svo, að ekki verði unt að byrja á þeirri byggingu á næstunni, hvers vegna á þá að fara að taka Reykjavík út úr skólakerfi landsins og fara að búa til lög um langsamlega stærsta þáttinn í því skólakerfi, áður en hinir smærri þættirnir eru teknir með, lög, sem engin líkindi eru til, að kæmu til framkvæda fyr en búið væri að leggja grundvöllinn að ungmennafræðslunni í landinu?

Jeg tel, að öllu athuguðu, heppilegast að láta þetta mál bíða til næsta Alþingis, og það verði þá borið fram í sambandi við frv. um skipun ungmennafræðslunnar í landinu. Og fyrir utan þá ástæðu, sem jeg þegar hefi nefnt, að láta þessu frv. fylgja frv. um skipun unglingafræðslunnar, þá vil jeg bæta því við, að sjerstök ástæða er til að gera sjer ljóst, ekki aðeins fyrirkomulag, stærð og kostnað þessa skóla í byrjun, heldur líka að gera sjer ljóst, hver yrði þróun hans og stækkun með tímanum. Og um leið og settar væru reglur um þetta fyrir þennan skóla, væru þá líka settar samskonar reglur fyrir aðra skóla sömu tegundar. Hjer í Rvík liggur vöxtur skólans í því, að bekkir verða margsettari; en út um land getur þessi vöxtur skólanna komið fram annaðhvort í því, að stækkaðir yrðu þeir skólar, sem fyrir væru, eða í því, að skólar kæmu með tímanum í fleiri og fleiri hjeruð. Hv. frsm. meiri hl. ljet þess getið, að ekki hefði komið fram nein brtt. við þetta frv., nema frá meiri hl. nefndarinnar og honum sjálfum. En það er ekki eðlilegt, að við minni hl. kæmum fram með brtt., af því að við leggjum til, að frv. verði felt. En sú brtt., sem okkur hefði fundist eðlilegt að koma fram með, hefði þá verið um það, að gera í einu lagi lög um alla unglingafræðslu í landinu. En til þess eru engin tök nú á þessu þingi, enda eðlilegast, að slík löggjöf kæmi fyrir þingið undirbúin af stjórninni.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, felur í sjer það, að sameinaðir verði við unglingaskóla Reykjavíkur 3 skólar, einn núverandi ríkisskóli og tveir einkaskólar, en það eru vjelstjóraskólinn, iðnskólinn og verslunarskólinn. Það getur nú í sjálfu sjer verið álitamál, hvort heppilegt sje að sameina þessa skóla unglingafræðslunni. En út af fyrir sig gæti jeg þó ekki verið á móti málinu á grundvelli þess, að slíkt samband væri óheppilegt, og svo beygi jeg mig að því leyti fyrir þekkingu þess manns, sem undirbúið hefir málið fyrir þingið.

Jeg veit, að með vjelstjóraskólann er því svo varið, að hann getur ekki notið sín vegna vöntunar á húsplássi. En sú þörf ein getur ekki nægt til þess að knýja fram þetta mál. Um hina tvo skólana, iðnskólann og verslunarskólann, verð jeg að segja það sama og jeg sagði um unglingaskólana, að jeg tel það álitamál, hvort heppilegra væri að þeir væru gerðir að ríkisskólum eða væru framvegis einkaskólar. Eins og nú er, leggur ríkið skólum þessum allverulegan styrk, hefir eftirlit með

rekstri þeirra og sjer um að kenslan komi að sem bestum notum og nái tilgangi sínum. Minni hl. lítur því svo á, að vegna þessara skóla sje þess ekki bráð þörf, að frv. nái fram að ganga. Að minsta kosti er þörfin á því, að skólarnir komist á ríkissjóðinn, ekki svo aðkallandi, að það rjettlæti, að frv. verði samþ. á þessu þingi.

Eins og tekið er fram í nál. minni hl., höfum við furðað okkur á því, að í undirbúningi þessa máls skyldi ekki vera leitað álits þeirra manna, er að samvinnuskólanum standa. En þann skóla verður að minsta kosti að telja hliðstæðan verslunarskóla kaupmanna. Jeg get að engu sjeð ástæðu til þess, að verslunarskólinn, þótt hann sje eldri, hafi nokkur forrjettindi fram yfir samvinnuskólann til þess að verða tekinn inn í samskólasambandið. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvernig þeir, sem að samvinnuskólanum standa, hefðu tekið í málið, ef leitað hefði verið til þeirra eins og til forstöðumanna verslunarskólans. En jeg sje ekkert, sem afsakað getur þá vanrækslu stjórnarinnar, að hún ljet hjá líða að taka tillit til samvinnuskólans og leita álits stjórnenda hans, áður en hún lagði frv. þetta fyrir þingið. Ef til vill hefir stjórnin litið svo á, að skóli sá, er hjer er gert ráð fyrir að verði einn liður í samskólunum, komi bæði í stað verslunarskólans og samvinnuskólans. En frá sjónarmiði okkar, sem unnum starfsemi samvinnuskólans, getur þetta ekki komið til mála, sjerstaklega þar sem gengið hefir verið framhjá öðrum skólanum við undirbúning málsins. Því að ætla má, að sá skóli hafi ekki haft minna að leggja til, hvað gert yrði í þessum málum eftirleiðis, enda þótt tillögur hans hefðu kanske gengið í aðra átt en tillögur hinna skólanna.

Háttv. frsm. meiri hl. hefir komið fram með brtt., sem snertir samvinnuskólann og miðar að því, að tryggja rjett hans, eftir að samskólahugmyndin er komin í framkvæmd. Mjer finst till. þessi benda á, að háttv. þm. (ÁÁ) sje ekki ugglaus um, að skóla þessum muni ekki ætlað tjón af stofnun samskólanna og óttist, að hann verði sviftur styrk þeim, sem hann nú hefir frá ríkinu, þegar samskólarnir eru komnir upp. Það er auðvitað, að ef brtt. þessi nær fram að ganga, þá er samvinnuskólanum trygður nokkur rjettur í framtíðinni. En þó er honum órjettur ger með stofnun samskólanna og inntöku verslunarskólans í þá. Ef svo er, sem gera má ráð fyrir, að hagur verslunarskólans eigi að b a t n a við það, að verða liður í þessari samskólastofnun, en hagur samvinnuskólans aftur á móti samkvæmt brtt. háttv. frsm. meiri hl. að verða hinn s a m i og hingað til, þá er það misrjetti. Væri fróðlegt að heyra, hvað vakað hefir fyrir hæstv. stjórn í þessu efni.

Jeg vil að lokum taka það fram, að við tveir, sem erum í minni hl., erum samdóma mjög mörgu af því, sem háttv. frsm. meiri hl. sagði alment um ungmennafræðsluna og fyrirkomulagið á henni. Jeg vænti þá líka, að það, sem jeg hefi sagt til andsvara frv., sje nógu ljóst til þess að sýna háttv. þdm. það, að við erum alls ekki á móti frv. af fjandskap við Reykjavík, heldur af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tekið fram.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið að sinni.

Pjetur Þórðarson: Það er aðeins athugasemd viðvíkjandi þingsköpum. Jeg vil mælast til þess, að frestað verði fundi um stundarsakir, sökum óreglu.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 8, n. 197 og 258, 254, 278).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Í minni fyrstu ræðu við fyrri hluta þessarar umr., talaði jeg um almenn atriði þessa máls, en nú vil jeg til viðbótar því, sem jeg þá sagði, ræða einstök atriði frv., eftir að hv. frsm. minni hl. hefir talað.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri eitt höfuðatriði í skólamálum landsins að koma unglingafræðslunni í gott horf. Í þessu efni er meiri og minni hl. alveg sammála, og jeg undrast það yfirleitt, að nefndin skuli ekki hafa getað komið fram í einu lagi. Jeg gat þess skýrt og skorinort, að hver sá, sem greiddi atkv. um þetta mál, yrði að gera það með það fyrir augum, að láta á síðan sjerhvern landshluta njóta sama rjettar. Það er alt landið, sem hjer er um að ræða. Þegar nú meiri og og minni hl. eru sammála um, að unglingaskólarnir eigi að njóta sama rjettar, hvar sem þeir eru á landinu, sýnist mjer alveg ástæðulaust að óttast, að nokkurt misrjetti eigi sjer stað í þessum efnum. Á hverju einasta þingi, síðan jeg kom fyrst á þing, hafa verið gerðar einhverjar ráðstafanir viðvíkjandi unglingaskólunum, og í öll skiftin hafa einstök hjeruð verið tekin út úr, en þó látin njóta þess rjettar, sem hefð er komin á. Jeg sje ekki, að hjer sje verið að setja neitt sjerstakar reglur fyrir Rvík, fremur en fyrir aðra unglingaskóla, svo sem t.d. fyrir Laugaskólann, Suðurlandsskólann, Núpsskólann eða aðra. Yfirleitt er hjer engin stórfeld nýjung á ferðinni. Hjer er bæði hvað snertir stofnkostnað og rekstrskostnað fylgt sömu reglu í Rvík og um aðra skóla. Hv. frsm. minni hl. vildi bera mjer það á brýn, að jeg teldi það óvild af hans hendi í garð Rvíkur, að vera á móti þessu máli. En hv. minni hl. telur ástæður sínar gegn þessu frv. vera tortrygni um það, að einstakir landshlutar verði ekki látnir njóta sama rjettar á eftir. Jeg sje ekki betur en að slík tortrygni sje alveg óþörf. Jeg veit ekki annað en að allir þeir, sem telja sig vera andstæðinga þessa máls, beri unglingafræðsluna fyrir brjósti. Hv. frsm. minni hl. lagði áherslu á það, að hjer væri farið inn á nýja braut, að unglingaskólarnir skyldu nú gerðir að ríkisskólum, en væru nú flestir einkaskólar. Um þetta atriði er jeg ekki sammála hv. frsm. minni hl. Það er ekki hægt að segja, að unglingaskólar Rvíkur sjeu gerðir að ríkisskólum með þessu frv. Í frv. eru ýms ákvæði um samstarf ríkis og hjeraða um unglingaskólana. En unglingaskólunum er ætlað mikið sjálfstæði. Jeg geri ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að í okkar litla landi geti engir unglingaskólar starfað til langframa sem einkaskólar eingöngu. Hvað áhrif ríkisins snertir á stjórn þessara skóla, þá yrði sterkasta valdið ekki ríkið, heldur skólanefnd og hennar aðalráðgjafi, skólastjórinn við hvern skóla.

Jeg hygg, að hv. frsm. minni hl. hafi gert helst til mikið úr því, að þessi skóli væri öðruvísi fram borinn en aðrir unglingaskólar hjer. Þeir hefðu vaxið sjálf-

krafa, en hjer væri ríkisvaldið að knýja þá fram. En þó að einstakir menn hafi tekið sjer fyrir hendur að annast unglingafræðslu og skólar þeirra hafi vaxið, þá veit jeg ekki dæmi til þess, að unglingafræðslunni í nokkrum hinna stærri bæja, hvorki hjer nje annarsstaðar á Norðurlöndum, hafi verið fullnægt á þann hátt. Hjer í bænum hefir starfað í mörg herrans ár lítill unglingaskóli, sem ekkert hefir vaxið. Jeg held, að hv. frsm. minni hl. þurfi ekki annað en að líta til Danmerkur og sjá, hvernig þar er háttað í þessu efni. Þar eiga einstakir menn mestan þátt í því, að koma upp unglingaskólum eða lýðskólum til sveitanna, en í bæjunum er það ríkið og bæjarfjelögin, sem hefjast handa. Svona er þetta alstaðar. Og það er ekki hægt að ætlast til þess, að þetta verði öðruvísi hjer á okkar landi. Þetta mál er komið hingað til þingsins frá rjettum aðila, bæjarstjórn Reykjavíkur. Það er Reykjavík, sem hjer leitar á. Að vísu eru það einstakir menn, svo sem Jón Ófeigsson, sem tekið hafa málið í sínar hendur og undirbúið það fyrir bæjarstjórn og bæjarnefndir. En það ætti ekki að spilla, þó að einstakir menn leitist við að bæta úr ríkri þörf, sem öllum kemur saman um að bæta þurfi úr að fullu mjög bráðlega.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að hjer væri um stórt fyrirtæki að ræða, og í nál. segir, að hjer sje stofnað til hinna stórfeldustu framkvæmda, sem enn hafi átt sjer stað í skólamálum landsins. Þetta er ekki rjett. Hjer er alls ekki um að ræða stórfeldustu framkvæmdir í skólamálum landsins. Stórfeldustu framkvæmdir, sem hjer hafa verið gerðar í þessa átt, eru barnafræðslulögin og ákvarðanir þinganna 1907 og 1919 um það efni. Þegar talað er um, að eitthvað sje stórfelt fyrir ríkið, ber fyrst og fremst að líta á, hve mikinn kostnað ríkið hefir af því. Jeg vil líta svo á, að ýms önnur skólafyrirtæki sjeu hlutfallslega alveg eins stórfeld fyrir ríkið. Má bæði nefna Eiðaskólann og Suðurlandsskólann, sem ekki mun verða hikað við að setja á stofn, þegar ástæður leyfa. Það skiftir ekki miklu, hvort þetta fyrirtæki er minna eða stærra, heldur hvort það er í rjettu hlutfalli við önnur fyrirtæki af sama tæi og þann mannfjölda, sem þau eiga að starfa fyrir. Þessi unglingaskóli verður auðvitað stór í samanburði við aðra slíka skóla, af því að Reykjavík er svo stór. Þetta leiðir aðeins af stærð bæjarins, án þess að skólaþörfinni sje á nokkurn hátt fullnægt betur hjer en annarsstaðar.

Í sambandi við stærð fyrirtækisins liggur nærri að tala um stofnkostnað og rekstrarkostnað. Hv. minni hl. gerir í sínu nál. tilraun til að láta stofnkostnaðinn vaxa mjög í augum. Alt sje óvíst um kostnaðarhliðina, upplýsingar ófullnægjandi o. s. frv. Jeg skal fyrst taka það fram, að stofnkostnaðurinn og nákvæmur útreikningur á honum er ekkert aðalatriði. Það kemur fyrst til greina, þegar leitað er fjárveitingar til fyrirtækisins. Þá kemur til greina, hvort hægt er að leggja fjeð fram. Það er viðfangsefni, sem ekki liggur fyrir nú. Jeg vil segja, að það sje enganveginn nauðsynlegt að leggja fram sjerlega nákvæmar áætlanir um stofnkostnað um leið og svona mál er borið fram. Unglingaskólar hafa áður fengið alt að ⅔ stofnkostnaðar úr ríkissjóði, án þess fyrir lægi fullkomin áætlun um stofnkostnaðinn. Þeirri reglu hefir verið fylgt, að láta þá fá ⅔ þess fjár, sem

sannað varð, að farið hefði í kostnað við bygginguna. Ef við erum sammála um þörf skólans og um það, að hlutfallslegt framlag ríkis og hjeraðs skuli vera eins og 2 : 3, þá þurfa engar deilur að rísa um það, hvort kostnaðaráætlunin sje rjett. Þrátt fyrir þetta hika jeg ekki við að byggja að mestu leyti á útreikningum húsameistara, sem eru bygðir á rúmmáli, en nær því rjetta yrði varla komist, þó að gerðar væru nákvæmar teikningar og ritaðar upp efnisskrár. Jeg skal benda á, að talan 750 þús. er ekki kostnaðaráætlun frá húsameistara, heldur aðeins lausleg tilgáta, sem um þetta var gerð. Hjer er því ekki verið að breiða yfir neitt. Það er ekki rjettur reikningur hjá hv. minni hl., að ef allur kostnaður yrði 750 þús. kr., þá yrði ríkissjóðshlutinn 250 þús. $\frac{2}{5}$ af þeirri upphæð getur ekki orðið minna en 300 þús. Hv. minni hl. gefur því í skyn meiri hækkun en rjett er, frá því sem upphaflega var talað um.

Hugleiðingar minni hl. um, að byggingarkostnaðurinn kunni að hlaupa upp í miljón króna, er bygður í miklu lausara lofti en rúmmálsreikningur húsameistara. Jeg tek áætlun hans fram yfir ágiskun minni hl. En þó að kostnaðurinn færi eitthvað fram úr því, sem upphaflega var giskað á, sje jeg enga ástæðu til að ætla, að sú viðbót lenti öll á ríkissjóði. Hjer er um meginreglu að ræða, sem ekki verður vikið frá, nema öll hjeruð landsins, sem styrk hafa fengið í sama skyni, fái uppbót á þann styrk, sem þau þegar eru búin að fá. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þessu hlutfalli verði breytt. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir líka tekið afstöðu til málsins, án þess að líta á fjárhagshliðina, nema að því er snertir hlutfallið milli framlags ríkis og bæjar, enda hefir hvorki hún nje borgarstjóri haft nein afskifti af málinu, nje komið fram með viðvaranir eða leiðrjettingar eftir að nál. kom út. Hvað stofnkostnaðinn snertir, er heldur ekkert að óttast. Hjer er um hlutfall að ræða, sem komin er hefð á, og ef því verður breytt, sem ólíklegt er, hlýtur sú breyting að ná til allra hjeraða landsins.

Þá virtist hv. minni hl. vilja halda því fram, að með þessum lögum væri Reykjavíkurbæ trygður meiri rjettur en öðrum landshlutum. En jafnvel þó miðað sje við núverandi ástand, er ekki svo. Nú geta hjeraðsskólar annarsstaðar á landinu fengið alt að $\frac{3}{4}$ alls rekstrarkostnaðar. Hjer er því um að ræða lækkun á því tillagi, sem útlit gat verið fyrir, að greitt yrði til unglingaskóla. Hjer er ríkinu ætlað að greiða $\frac{3}{4}$ kennarakostnaðar. Alt annað á skólasjóðurinn að borga. Ef þetta verður samþykt, verður vafalaust sama regla látin gilda um önnur hjeruð landsins, og tel jeg það holt, þó um lægri upphæðir sje að ræða, því að skólasjóðurinn gefur þessari stofnun svo mikið sjálfstæði, að í raun og veru má segja, að hún sje öllu fremur sjálfseign undir skólastjórn heldur en ríkiseign. Með þessu fyrirkomulagi mundi aðstaða ríkis og hjeraðs ábekk og nú er við barnaskólana. Ríkisvaldið mundi ekki beita áhrifum sínum, nema bersýnilega væri verið að stefna inn á ranga braut.

Jeg skal rjett drepa á það, að skýrsla mín til fjvn., sem frsm. minni hl. mintist á, um þann styrk, sem unglingaskólar þyrftu á næsta ári, var ekki miðuð við þetta frv., heldur við aths. í fjárlögunum um $\frac{3}{4}$ rekstrarkostnaðar. Þess vegna var þar lagt til heldur hærra

tillag en ef jeg hefði farið eftir frv. Mjer virðist fjvn. hafa tekið þannig í það mál, að þessir helstu sveitaskólar muni njóta um það bil sama styrks og ef þetta frv. hefði gilt. Það er sjálfsagt að ræða um þessar tvær fjárhagshliðar, stofnkostnað og rekstrarkostnað og hlutföllin milli framlags ríkis og hjeraðs. En að ræða um þetta eins og nú ætti að fara að veita fje til þessa fyrirtækis, er ekki rjett. Það má bíða, þar til slík tillaga kemur fram í fjárlögum. Það má líkja þessu frv. við lög um vegi og brýr, þar sem gerðar eru ákvarðanir viðvíkjandi framtíðinni, sett lög um það, sem æskilegt þykir að framkvæmt verði, þegar fje er fyrir hendi. Fyrsta skilyrðið fyrir framkvæmd verksins er, að bæjarstjórnin leggi fram sinn hluta og sæki um tillag ríkissjóðs á móti; en það verður naumast gert, nema í svo góðu árferði, að ríkissjóði verði kleift að inna af hendi sínar skyldur. En þar sem hjer er um að ræða alla unglingafræðslu í Reykjavík, og auk þess iðnskóla, vjelsjóraskóla og verslunarskóla, ofbýður mjer ekki, þó að stofnkostnaður af hálfu ríkissjóðs verði 350 þúsund krónur eða um það bil. Jeg undrast miklu fremur, að þetta skuli ekki vera dýrara. Hjer er því vafalaust borin fram góð og hagkvæm till. um skipun þessara mála.

Hv. minni hl. hefði því síður átt að berja við örðugum fjárhag, þar sem hann fullyrðir, að ekki sjeu líkur til að þetta komist í framkvæmd í bráð. Nefndin öll hefir talað við borgarstjóra og spurt, hvenær hann hugsi sjer, að bærinn geti hafist handa í þessu efni. Hann gaf það svar, að barnaskólinn yrði að ganga fyrir, en þetta fyrirtæki mundi verða hið næsta, sem bærinn tæki sjer fyrir hendur, eftir að barnaskólanum nýja er lokið. Eftir því sem borgarstjóri heldur, er von um, að þessi skóli geti komist upp að einhverju eða öllu leyti árið 1929, svo að það er ekki sjerlega langt þangað til. En þetta hefir borgarstjóri látið um mælt með því fororði, að árferði færi batnandi og yrði sæmilega gott næstu 2 ár, svo að enginn þarf að óttast, að framlag til byggingarinnar verði heimtað úr ríkissjóði, ef kreppa og illæri heldur áfram.

Jeg þykist nú hafa fært nokkur rök gegn mótbárum hv. minni hl. Hjer er ekki um það að ræða, að ríkið taki þessa skóla í sínar hendur, heldur eru settar hjer fastar reglur um afstöðu ríkis og hjeraðs, bæði að því er snertir fjárframlög og uppeldishliðina.

Þá mintist hv. þm. (JG) á iðnskólann, vjelstjóraskólann og verslunarskólann og þeirra afstöðu til þessa máls. Flest af því gefur ekki mikið tilefni til andsvara. En hv. þm. sagði, að brtt. mín um samvinnuskólann bæri vott um tortrygni mína um að mál þetta væri hafið af fjandskap til samvinnuskólans. Það má vera, að tillaga mín beri vott um slíka tortrygni. En jeg hugsa, að hún sje ríkari hjá öðrum en mjer, og með tillögu minni vil jeg slá þann grun niður. Jeg hefði jafnvel fúslega viljað fallast á að taka verslunarskólann alveg út úr, ef það hefði getað orðið til að bjarga frv. Þegar jeg geri ráð fyrir, að samvinnuskólinn haldi sínum styrk, þá er um leið ástæða til að gera ráð fyrir, að mín tillaga verði samþykt og geri ekki málinu neinn skaða. Hitt skal jeg játa, að ef tillagan verður feld, mundi það vekja tortrygni í þessu efni, nema því að eins, að önnur yfirlýsing kæmi fram, sem gæfi full-

vissu um það, að samvinnuskólinn væri öruggur með sinn styrk. Þess vegna hefi jeg gert samþykt þessarar tillögu að skilyrði fyrir fylgi mínu við frv. Jeg ber það traust til hv. þm., að þeir láti það ekki ráða úrslitum, hvort þetta stendur í lögunum, eða hvort þeir ætlast til að það verði svo, án þess að það standi í lögum, því það er aukaatriði, hver hátturinn er hafður á því.

Jeg verð að segja, að þar sem hv. minni hl. er það mikið áhugamál að koma unglingafræðslunni í skipulegt horf, þar sem allir landshlutar sjeu jafn rjettháir, og hann jafnframt hefir lýst yfir því, að um engan fjandskap gegn neinum sjerstökum landshluta sje að ræða, þá get jeg ekki skilið, af hverju hann leggur til, að frv. verði felt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Vegna þess, hve hv. frsm. meiri hl. hefir svarað hv. frsm. minni hl. (JG) vel og rækilega, get jeg verið stuttorður um þá hlið málsins. Hv. þm. (JG) hjelt mjög langa ræðu, en innihald þeirrar ræðu var ekki að sama skapi. Hv. þm. vill ekki taka neinn sjerstakan skóla út úr, heldur búa til kerfi, sem gildi jafnt fyrir alt landið. Viðvíkjandi heimavistum við mentaskólann sagði hv. þm., að ekki mætti gera ráð fyrir framkvæmdum í framtíðinni. Hv. frsm. meiri hl. hefir svarað báðum þessum mótbárum, og hv. deild hefir svarað þeirri síðarnefndu þannig, að ástæða sje til þess að gera slíkar ráðstafanir, þar sem hún hefir samþykt frv. um heimavistir. Jeg tel þess vegna, að þessi hv. deild hafi skorið úr því atriði, en um hitt atriðið vil jeg vísa til ræðu hv. frsm. meiri hl. Og jeg vil undirstrika það, að hingað til hefir það ekki þótt nein goðgá, að taka einstök hjeruð út úr, svo að það nær engri átt að ætla, að hjer sje um sjerstöðu fyrir Reykjavík að ræða. Þvert á móti er það upplýst, að Reykjavík kemur til með að leggja meira til stofnkostnaðar þessa skóla en önnur hjeruð hafa gert, af því að ríkissjóður á eftir gildandi lögum að kosta að öllu leyti vjelstjóraskólann, en hann verður mjög dýr í byggingu þar sem svo stendur á, að hann þarf mikil og dýr kensluáhöld og húsrúm undir þau. Svipað þessu má segja um rekstrarkostnaðinn. Hann verður tiltölulega hærri fyrir Reykjavíkurbæ en hjá öðrum hjeruðum. Alt þetta hefir hv. frsm. meiri hl. sýnt fram á.

Það má altaf deila um, hvaða skólar sjeu ríkisskólar og hverjir ekki. Jeg fyrir mitt leyti hefi altaf álitið, að þeir skólar einir væru ríkisskólar, sem að öllu leyti eru kostaðir af ríkinu. Um það má lengi deila, en það er engin ástæða til þess í þessu sambandi. Hjer er aðeins um það að ræða, hverjir eiga að skipa kennara. Jeg mun ekki gera það að kappsmáli. Ef þau hjeruð, sem unglingaskóla hafa, halda því fram, að þau vilji ráða kennurum, skal jeg ekki setja mig upp á móti því. En þetta atriði er ekki hægt að láta vera undir Reykjavíkurbæ komið, af því að í samsteypunni er einn ríkisskóli, og stjórnin verður að skipa kennara þar.

Jeg vil minna á, að fyrir mentaskólanum er svo komið, að ekki er hægt að koma öllum nemendunum fyrir í skólahúsinu, og er óhjákvæmilegt að leigja meira og meira húsnæði úti í bæ. Meira að segja getur komið til mála að neita unglingum um fræðslu, það er að segja, að skólinn taki aðeins ákveðna tölu. En fyrst og fremst er efamál, eft-

ir hvaða reglum ætti að gera það, og í öðru lagi sje jeg ekki, hvernig ríkið getur staðið sig við að neita unglingum um fræðslu. En ef ekkert er að gert, hlýtur afleiðingin að verða sú fyr eða síðar.

Um brtt. hv. meiri hl. hefi eg ekki mikið að segja. Jeg skal geta þess, út af tillögunni um sameiginlegt nafn á slíkum skólum, að jeg get fallist á hana. Um síðustu brtt. við 13. gr. er það að segja, að í frv. hefir slæðst inn einhver sú meinlegasta prentvilla, sem jeg hefi orðið fyrir. Þar stendur „úr ríkissjóði" í staðinn fyrir „úr skólasjóði". Það vill svo vel til, að þetta er auðsæ prentvilla, því að ef það væri rjett, sem í frv. stendur, ætti aldrei að borga neitt úr þessum skólasjóði.

Jeg get tekið undir það með hv. frsm. meiri hl., að jeg á erfitt með að skilja, hvernig það getur átt sjer stað, að nefnd, sem er ekki meira ósammála en háttv. mentmn. er um þetta mál, geti klofnað. Mjer finst hún eiga svo vel samleið eftir nál. að dæma, að ekki sýnist vera ástæða til þess að hún klofnaði. Báðir hlutar vilja hlynna hið besta að þessum málum, og jeg get ekki sjeð, að það eigi að valda falli frv., þó að það eigi ekki að gilda fyrir alt landið, því að sem stendur er þörfin mest í Reykjavík. Jeg verð að segja, að mjer þykir þeir Framsóknarmenn, sem sæti eiga í mentmn. með hv. þm. V.-Ísf., sem er settur fræðslumálastjóri, taka lítið tillit til þeirrar sjerþekkingar, sem hann óneitanlega hefir fram yfir þá. Jeg veit ekki, hvort jeg á að taka það sem bendingu um, að mjer hafi mistekist setning fræðslumálastjóra.

Um brtt. hv. frsm. meiri hl. á þskj. 254 þarf jeg að segja nokkur orð, í sambandi við það, sem stendur í nál. minni hl. um samvinnuskólann. Þar stendur svo: „En mjög furðar minni hl. sig á því, að ekki skuli hafa verið leitað um þetta mál álits þeirra, sem að samvinnuskólanum standa, nje á neinn hátt tekið tillit til samvinnuskólans við samningu þessa frv." o. s. frv. Jeg veit ekki betur en að hv. frsm. meiri hl. hafi skýrt frá því í nefndinni, að jeg spurði hann, hvort til nokkurs væri að bjóða samvinnuskólanum að vera með, því að auðvitað bar jeg þetta undir hann, en hann svaraði þeirri spurnigu neitandi. Mjer finst því undarlegt, að minni hl. skuli telja rjett að setja þetta í nál. Jeg skil ekki, að það verði talið óforsvaranlegt af mjer, þó að jeg legði trúnað á orð hv. frsm. meiri hl., og jeg býst ekki við, að það verði auðvelt fyrir minni hl. að standa við orð sín í nál. Annars er það svo, að eftir frv. sjálfu og aths. við það er því ekki fyrirgert, að samvinnuskólinn geti verið með, ef hann vill. Í 1. gr. frv. stendur: „Í samskóla Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhaldsskólar", o. s. frv. Þetta orðalag er einmitt haft til þess að gefa til kynna, að aðrir skólar geti komist að. Frá minni hálfu hefir aldrei verið neitt því til fyrirstöðu, að samvinnuskólinn yrði með. Það stendur honum ætíð opið.

Viðvíkjandi brtt. hv. frsm. meiri hl. á þskj. 254 skal jeg enn taka það fram, að jeg get vel fallist á fyrri hluta hennar. En jeg get ekki sjeð, að niðurlag hennar eigi heima í þessu frv. Frv. er um samskóla Reykjavíkur, en ekki aðra skóla, svo að eftir rjettum reglum á sá hluti tillögunnar ekki heima þar.

Þá kem jeg að orðum hv. frsm. (ÁÁ) um þessa brtt. sína. Hann lýsti sem sje yfir því, að hann gerði samþykt hennar að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv. Jeg

verð að segja, að mig furðar mjög á því, að hann, sem er fræðslumálastjóri, skuli vilja fórna öllu málinu fyrir þetta eina atriði. Jeg hefi þó skilið hv. þm. svo, að hann teldi þetta mál með stærstu fræðslumálum, sem legið hafa fyrir þinginu á síðari árum. Jeg skal segja hv. þm. það, að jeg met frv. miklu meira en svo, að mjer detti í hug að falla frá fylgi mínu við það, þó að þessi brtt. verði samþykt. Jeg segi þetta af því, að jeg vil ekki, að hv. þm. sæti neinum ámælum út af því, sem hann sagði við mig um samvinnuskólann, því að vera má, að þeir, sem að þeim skóla standa, sjeu óánægðir við hann út af svari hans við mig.

Jeg vil segja hv. minni hl. n., að mjer finst ekki ástæða til að vera að skattyrðast út af þessu máli, ef samvinnuskólinn vill ekki ganga inn í samskólakerfið. Jeg held, að yfirleitt sje til lítils að vera að lengja umr. um þetta. Væri mjög æskilegt, ef atkvgr. gæti farið fram áður en fundi er slitið.

Frsm. minni hl. (Jón Guðnason): Jeg er ekki viss um, að atkvgr. geti farið fram strax. Jeg get ekki lofað því að vera mjög stuttorður, en þó skal jeg reyna að draga saman, það sem jeg þarf að segja, þó að jeg hafi mörgu að svara.

Hv. frsm. meiri hl. byrjaði mál sitt með því, að láta í ljós undrun sína yfir því, að þar sem við værum að mestu leyti sammála um höfuðatriðin í þessu máli, skyldum við ekki geta orðið samferða um það frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg get ekki skilið, af hverju hv. þm. furðar sig svo mjög á þessu. Það er ofur algengt, bæði í einu og öðru, að þó að menn sjeu sammála um höfuðatriðin í einhverju máli, þá greinir þá um leiðirnar í einstökum atriðum. Það er sitt hvað, að vera sammála um nauðsyn einhvers máls, eða hitt, hvaða skoðun menn hafa á hverri einstakri leið eða aðferð til þess að ná takmarkinu.

Því næst sagði hv. þm., að með þessu frv. væri ekki verið að taka neitt út úr fræðslukerfi landsins, því að atkvgr. fæli í sjer alt viðfangsefnið. Einnig gat hv. þm. um það, að þegar hefðu verið tekin út úr einstök hjeruð. Vitanlega hefir það orðið að vera svo. Í öllum stórmálum á sjer stað einhver smábyrjun, áður en málið í heild sinni er tekið fyrir og skipulagi komið á um það. Nú er það viðurkent, að til framkvæmda í þessu máli getur ekki komið í bráðina, en hinsvegar sje full þörf á að taka alt málið til meðferðar hið fyrsta, svo jeg sje ekki, að neinn árekstur þurfi að vera í þessu efni, heldur liggur beint við að taka þetta hvorttveggja fyrir í senn.

Hv. þm. hafði eftir borgarstjóra, að hægt væri að byrja á samskólanum 1929, ef vel áraði þangað til. Það eru 2 ár þangað til, og á þeim tíma verða haldin 2 þing, og þar sem þetta mál, skipulag ungmennafræðslunnar, er ekki alveg óundirbúið, og að minsta kosti eins vel undirbúið og þetta samskólafrv., get jeg ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu að taka þetta tvent í einu lagi. En út af þessari skoðun sinni finnur háttv. þm. það, að ekki sje hugsanleg nein ástæða til þess að vera á móti frv. nema óvild til Reykjavíkur eða tortrygni um það, að önnur hjeruð verði látin sitja á hakanum. Jeg vil benda á, að þegar um annað eins stórmál er að ræða og þetta, þá verður, ef gæta á rjettlætis og sanngirni, að gera sjer fyllilega ljóst, hvort hægt sje að uppfylla hinar sömu kröf-

ur viðsvegar um landið. Það má vel vera, að svo verði, en jeg hefði haldið, að heppilegast væri að athuga þessi mál í heild, áður en lengra væri haldið á þessari braut. Annars verð jeg í því sambandi að taka það fram, og jeg tel það stórt atriði, hversu gerólíkt fyrirkomulag þessa skóla á að verða, samanborið við fyrirkomulag annara ungmennaskóla, sem komið hafa upp hjer á landi. Ungmennaskóli sá, sem hjer ræðir um, skilst mjer eiga að verða ríkisskóli, aðeins eiga endurkröfu hjá Reykjavíkurbæ á litlum hluta kostnaðarins. En hinir ungmennaskólarnir, að undanteknum Eiðaskóla, verða altaf að eiga undir högg að sækja hjá ríkisvaldinu, um að fá rekstrarfje. Það er því ekki lítill munur, sem á því er, að þurfa altaf að gera kröfur til fjárins eða eiga það víst. Verði þessi ungmennaskóli stofnaður hjer í Rvík, þá er það ríkið, sem kröfurnar hefir til Reykjavíkurbæjar; er það alveg gagnstætt öðrum ungmennaskólum, sem hingað til hafa verið stofnaðir hjer á landi. Þeir eiga kröfurnar að sækja til ríkissjóðsins. Og það getur jafnvel verið hugsanlegt, að þó að eitt hjerað sæi sjer fært að leggja fram sinn hluta til ungmennaskóla, þá sæi ríkið sjer ekki fært að leggja fram sinn hluta til skólans. Þetta gæti komið fyrir, ef þingið væri svo skipað, að því sýndist nauðsynlegt að láta annað ganga fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri orðin regla, að ungmennaskólarnir fengju fast tillag, er næmi alt að ¾ rekstrarkostnaðar, og tillögur sínar til fjárveitingar hefði hann bygt á því. Jeg er ekki vel kunnugur rekstri þessara skóla, en þó veit jeg það, að þeir eiga víða við þröngan kost að búa, og jeg býst við, að hv. frsm. meiri hl. hafi heyrt talað um, og forstöðumaður ungmennaskólans í kjördæmi hans hafi oft orðið að vinna fyrir lítið gjald.

Þá er annað, sem kemur til greina, fyrir utan þessi hlutföll á framlagi til skólanna. Það eru vaxtarmöguleikar skólanna. Í frv. þessu er gert ráð fyrir eðlilegum vexti ungmennaskóla Rvíkur, og af því leiðir, að ríkið verður að taka á sig meiri og meiri byrðar, eftir því sem skólinn stækkar. En fyrir þessu er ekki gert ráð gagnvart öðrum ungmennaskólum. Jeg vil því beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl. og sömuleiðis til hæstv. kenslumálaráðherra, hvað þeir hafi hugsað sjer í þessu efni gagnvart öðrum skólum. Því að mjer virðist, þegar jafnstórt mál sem þetta er á döfinni, þá hljóti kenslumálastjórnin að hafa gert sjer skýra grein fyrir, hvaða reglum hún ætli að fylgja í þessu efni.

Eins og kunnugt er, hefir nýlega verið stofnaður ungmennaskóli í Þingeyjarsýslu, og hann er nú þegar orðinn of lítill, samanborið við aðsóknina, og þannig er um flesta ungmennaskóla. Nú vil jeg fá svör hæstv. ráðh. (MG) um það, hvort hann vilji stuðla að því, að þessir skólar megi stækka eftir sömu reglum og gert er ráð fyrir með ungmennaskóla Rvíkur. Eða hvort hann ætli að vinna að því, að fjölga skólunum úti á landi, þegar svo er komið, að þeir skólar, sem fyrir eru, fullnægja ekki þörfinni.

Hv. frsm. meiri hl. fanst ekki rjett að tala mikið um stofnkostnað þessa skóla í sambandi við frv. þetta. Um fjárveitingu yrði ekki að ræða fyr en síðar, er fjárhagur ríkisins leyfði. En jeg vil nú spyrja, hvers vegna verið er

að setja lög um þetta, ef ekki má tala um stofnkostnaðinn, og það því fremur, þegar ekki er gert ráð fyrir að líði nema tvö ár, þangað til skólinn verður stofnaður. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að tímabært sje að tala um hann einmitt nú. Því þegar ríkissjóður lætur þessi hundruð þúsunda til samskólans, sem frv. gerir ráð fyrir, þá gæti jeg trúað því, að hann yrði að draga saman seglin með ýmsar aðrar framkvæmdir.

Þá mintist hv. frsm. meiri hl. á undirbúning þessa máls, og taldi hann góðan. Mjer dettur nú alls ekki í hug að gera lítið úr starfi manns þess, sem undirbjó þetta frv., en jeg verð að halda því fram, að undirbúningurinn undir þennan skóla sje síst betri en undirbúningur undir aðra skóla, sem stofnaðir hafa verið úti á landi. Hann talaði og um það, að hjer í Rvík hefði verið einkaskóli, sem lengi hefði staðið í stað. Þessu á jeg bágt með að trúa, því að hvers vegna skyldu einkaskólar ekki geta þrifist eins vel hjer eins og úti á landi. Hjer ætti þó síst að vera minni fræðsluþörf. Þvert á móti ættu einkaskólar að geta þrifist betur hjer en þar.

Þá man jeg ekki eftir fleiri atriðum í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem jeg þarf að svara nú í svipinn. Jeg skal því snúa mjer að ræðu hæstv. kenslumálaráðh. (MG). Hann lá okkur minni hl. nefndarinnar á hálsi fyrir það, að verða ekki meiri hl. samferða um þetta frv. Það, sem mjer kom undarlegast fyrir í ræðu hæstv. ráðh., var það, að hann taldi okkur minnihlutamenn ekki hafa tekið mikið tillit til fræðslumálastjórans, og spurði jafnframt, hvort það ætti að vera bending til sín um að honum hefði tekist illa valið í fræðslumálastjóraembættið. Jeg skil nú ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. kemur með þessa spurningu. Jeg veit ekki betur en að það sje alvanalegt hjer á Alþingi, að menn greini á í skoðunum, án þess að þeir beri allherjar vantraust hvor til annars. Og þó að okkur minni hl. greini hjer á við fræðslumálastjóra, þá get jeg huggað hæstv. ráðh. (MG) með því, að við erum vel ánægðir með hann í fræðslumálastjóraembættið. Og jeg veit, að hv. frsm. minni hl. tekur ekki þennan ágreining okkar svo, að við með því berum vantraust til hans sem fræðslumálastjóra.

Þá kem jeg að því, sem hæstv. ráðh. sagði um samvinnuskólann. Hann taldi það ekki rjett, sem sagt er í nál. minni hl., að ekki hefði verið leitað álits um þetta mál hjá þeim, sem að samvinnuskólanum standa, og sagði í því sambandi frá samtali sínu við fræðslumálastjórann. En hvað sem þessari afsökun hæstv. ráðh. líður, þá stendur alt, sem um þetta er sagt í nál., óhaggað. Þetta mál var aldrei borið undir þá, sem að samvinnuskólanum standa, en á því á fræðslumálastjóri enga sök, því að frv. var fullsamið, þegar hæstv. ráðh. átti tal við hann um þetta mál. Enda mun fræðslumálastjóri ekki hafa búist við, að þeir, sem að skóla þessum standa, hefðu viljað ganga inn í þetta samband, þegar búið var að semja frv., án þess að taka nokkurt tillit til þeirra sjergreina, sem í honum eru kendar. En frv. breiðir aftur á móti faðm sinn á móti verslunarskólanum og gerir ráð fyrir, að hann eflist og þróist. Mjer hefði óneitanlega fundist eðlilegra, að samvinnuskólanum hefði f y r s t verið boðið að vera með. En að ætlast til,

að hann gengi inn á eftir verslunarskólanum, þegar búið er að ganga fram hjá honum, finst mjer hreinasta fjarstæða.

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að það, sem væri valdandi mótstöðu okkar minni hl. gegn frv. þessu, gæti ekki verið annað en tortrygni á því, að öðrum hjeruðum landsins yrði gerð sömu skil og Rvík í þessu efni. Þessi tilgáta hæstv. ráðh. er ekki fjarri sanni. Jeg tel slíka tortrygni ekki með öllu ástæðulausa, því að það er alkunna, að margar skólastofnanir út um land eiga mjög erfitt uppdráttar og eiga mjög erfitt með að fá sjálfsögðum kröfum sínum framgengt, og nægir, því til sönnunar, að benda á atkvgr. hjer á Alþingi í fyrra um lokastyrk til byggingar Laugaskólans.

Að endingu vil jeg lýsa því yfir, að jeg mun til bráðabirgða greiða atkv. með brtt. hv. frsm. meiri hl., enda þótt jeg sje ekki ánægður með hana. En að sjálfsögðu mun jeg koma með brtt. við 3. umr., ef þá frv. kemst svo langt.

Annars kom mjer það undarlega fyrir sjónir, að hæstv. atvrh. skyldi setja sig upp á móti brtt. frá hv. frsm. meiri hl., og það er ekki fjarri mjer að óttast það, að ef þessi brtt. verður feld, þá muni það geta farið á eftir, að samvinnuskólinn verði sviftur sínum styrk, og mjer væri ekki með öllu grunlaust um það, að það kynni að vera einhverjir á Alþingi, sem væri ósárt um, þó að hann misti þann styrk, er hann nú hefir. Rjettur skólans er á engan hátt trygður, ef þessi tillaga verður ekki samþykt. Það er vitanlegt, að eins og Alþingi hefir stundum verið skipað, þá hefir styrkurinn, sem samvinnuskólinn hefir fengið hjá hinu opinbera, hafst fram af þeirri ástæðu, að þeir, sem voru honum andvígir, urðu líka að fá fram styrk til hins skólans, verslunarskóla kaupmanna, sem þeir bera meira fyrir brjósti. Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, sem jeg hefi heyrt einhverja halda fram, að þetta mál, samskólamálið, væri frá upphafi sett til höfuðs samvinnuskólanum. Mjer dettur ekki í hug að ætla það, að sá maður, sem samdi frv., hafi haft slíkt í huga. En hitt er mjer ekki grunlaust um, að ýmsum hv. þm. muni standa á sama um það, þótt rjettur samvinnuskólans sje ekki trygður í framtíðinni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg þarf varla að lýsa yfir því, að jeg er fylgjandi því frv., sem hjer liggur fyrir. Það hefir komið fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, og er hún því einhuga fylgjandi, og hygg jeg, að hún hafi þar alla Reykvíkinga á bak við sig.

Viðvíkjandi brtt. hv. frsm. meiri hl. vil jeg segja það, að jeg mun greiða henni atkvæði, en finst þó sú athugasemd, sem kom fram frá hæstv. atvrh. (MG), vera rjett, að síðari hluti till. eigi ekki vel heima á þeim stað. Vil jeg því skjóta því til hv. flm., hvort hann vildi ekki geyma þessa brtt. til 3. umr., og gæti hann þá breytt henni svo, að síðari hluti hennar yrði tekinn upp í frv., sem bráðabirgðarákvæði, því að það liggur í rauninni ekkert á að ganga til atkv. um þessa brtt.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Það eru fáir á fundi nú, og af því að jeg vildi óska þess eins og aðrir, að umr. yrði bráðlega lokið, þá vil jeg meðal annars verða við þeirri ósk hv. 4. þm. Reykv. (HjV) að taka þessa brtt. mína

aftur núna, og mun hún þá koma til atkv. við 3. umr. Og þar sem jeg fresta till. til 3. umr., þá mun jeg fresta þeim aths., sem jeg mundi vilja gera í tilefni af því, sem sagt hefir verið um hana.

ATKVGR.

Brtt. 197, 1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 278 tekin aftur.
— 254 tekin aftur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 5 atkv.

Brtt. 197, 2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, HjV, JakM, JK, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, BSv.

nei: HStef, IngB, JG, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.

Þrír þm. (JAJ, KlJ, MJ) fjarstaddir.

3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 197, 3. a. samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, HStef, HjV, IngB, JakM, JK, JÓl, JS, MG, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, BSv.

JG, JörB greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JAJ, KlJ, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 197, 3. b. samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.

Brtt. 197, 4. a. samþ. án atkvgr.
— 197, 4. b. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 197, 4. c. samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 197, 5. a. samþ. án atkvgr.
— 197, 5. b. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 197, 5. c. samþ. án atkvgr.
— 197, 5. d. samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 1 atkv.

10. gr. samþ. með 14 : 2 atkv.

Brtt. 197, 6. a. samþ. án atkvgr.
— 197, 6. b. samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 1 atkv.

12. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.

Brtt. 197, 7. samþ. án atkvgr.

13. gr., svo leiðrjett, samþ. með 15 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, HjV, JakM, BSv.

nei: JG, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB.

Þrír þm. (KlJ, MJ, JAJ) fjarstaddir.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 285, 254, 278, 320).

Frsm. minni hl. (Jón Guðnason): Það er þegar búið að tala svo mikið um þetta mál, að jeg þarf ekki að vera langorður, að því er snertir málið alment. Jeg ætla því aðallega að minnast á brtt. þær, sem minni hl. hefir borið fram á þskj. 320.

Eins og hv. þm. muna, hjelt jeg því fram við 2. umr. málsins, að þetta samskólamál væri ekki tímabært, í fyrsta lagi af því, að ekki er útlit fyrir, að það komist til framkvæmda nú í bráð, og í öðru lagi af því, að ekki virðist rjett

að vera að taka þetta mál út úr hinu væntanlega ungmennafræðslukerfi í landinu. Þar sem nú má búast við, að frv. gangi eigi að síður fram á þessu þingi, vildum við, sem í minni hl. erum, gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að sporið verði stigið til fulls, eftir því sem unt er, þannig, að ungmennafræðslulöggjöfin verði viðtækari en frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir. Við höfum því komið fram með viðaukatill., sem breytir frv. svo, að það tekur ekki aðeins til samskóla Rvíkur, heldur og til ungmennaskóla utan Rvíkur, og eins sjerskóla hjer í bæ, sem ekki hefir verið tekinn upp í frv. Það kann að virðast líta svo út, að ef frv. tekur þessum breytingum, þá sje það enn fjær því að geta komist brátt til framkvæmda, þar sem hjer verður um stærra fyrirtæki að ræða en í stjfrv. er gert ráð fyrir. Svo er þó í rauninni ekki að öllu leyti, vegna þess að flestir skólarnir, sem nefndir eru í viðbótartill., eru nú þegar komnir á laggirnar og njóta styrks af opinberu fje. En ef skólarnir yrðu teknir upp í frv., þá hefði það þá þýðingu fyrir ríkissjóðinn, að kostnaðurinn við rekstur þeirra mundi eitthvað aukast, frá því, sem nú er. Jeg vil segja það, að úr því verið er að setja löggjöf um þessi efni og stiga nýtt spor í ungmennafræðslu þjóðarinnar, þá sje rjett að taka hjer með þá skóla, sem þegar njóta sæmdar og hlunninda frá ríkinu. Það er rjett, að þeir fyrstu verði fyrstir, að þeir skólar, sem komnir eru á fót eftir langa og erfiða baráttu, verði þeir fyrstu, sem njóti hlunninda þessarar löggjafar. Þetta er rjettlætis- og sanngirnismál. Úr því að setja á löggjöf um samskóla Rvíkur og álitið er, að hennar sje þörf, þó að hún komi ekki þegar til framkvæmda, þá virðist fult eins rjett að gera þessa löggjöf víðtækari, eins og farið er fram á í viðbótartill. Það er vitanlegt, að við, sem höfum komið fram með þessar brtt., höfum ekki haft líkt því eins mikinn tíma til þess að undirbúa þær, eins og þeir, sem undirbúið hafa samskólafrv. Má því vera, að till. mættu betur fara á annan hátt en við höfum orðað þær. Jeg hygg þó, að það komi ekki að sök. Aðalatriðið er, að um leið og sett eru lög um samskóla Rvíkur, þá komi sömu heildarákvæði til að gilda um aðra slíka ungmennaskóla utan Rvíkur. Á þeim grundvelli, að þingið setti allvíðtæka löggjöf fyrir alt landið um þessi mál, eins og verða mundi, ef viðaukatill. okkar yrði samþ., þá gæti jeg fyrir mitt leyti samþ. þetta frv. Hin eina meining, sem mjer virðist, að slíkt frv. sem þetta geti haft, er það, að fá því slegið föstu, hvernig vera skuli fyrirkomulag ungmennafræðslunnar í landinu yfirleitt. En hitt, að það sje svo mjög áríðandi að setja þessa löggjöf til þess eins að hrinda áfram stofnun samskóla í Rvík á þessu ári, á því hefi jeg enga trú. Þar með tel jeg fallna þá ástæðu að taka þessa samskóla út úr hóp annara ungmennaskóla á landinu. Þeir skólar, sem við viljum sjerstakelga taka með, ef þetta frv. verður á annað borð að lögum, eru skólar, sem þegar eru stofnaðir, og einn skóli, sem er í stofnun, Suðurlandsskólinn. Af þessum 5 skólum munu 4 vera ungmennaskólar með svipuðu fyrirkomulagi og ætlast er til að slíkir skólar hafi í framtíðinni. Um Flensborgarskólann er öðru máli að gegna, af því að fyrirkomulag hans er líkara gagnfræðaskóla. Þessir skólar ættu að eiga forgangsrjett á því að

ganga inn í skólakerfi það, sem sett yrði í landinu. Ungmennaskóla Suðurlands þótti okkur rjett að taka með, vegna þess að það líður ekki á löngu, að hann verði stofnaður. Jeg geri ráð fyrir því, að fleiri skólar verði teknir upp. En þá þarf þessi upptalning ekki að vera tæmandi, heldur má auka við hana eftir þörfum. Af þessum skólum mun einna hljóðast um skólann á Ísafirði. En eftir þeim upplýsingum, sem hjer hafa verið gefnar, þá mun hann vera mjög myndarlegur, og hefir verið talað um að gera hann að gagnfræðaskóla, enda þótt annar skóli sje nálægt honum, í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Að öðru leyti eru brtt. okkar, sem við höfum flutt um ungmennaskólana, mjög með sama sniði og till. samskólafrv. Þarf jeg því ekki að fara nánar út í það, því að sömu rök liggja að till. okkar og samskólafrv. stjórnarinnar.

Þá kem jeg að 3. kafla frv. Þar viljum við minni hl. bæta samvinnuskólanum í Reykjavík við. Samkvæmt frv. um samskóla, gengur verslunarskóli kaupmanna inn í samskólana, þá þykir okkur sanngjarnt, að samvinnuskólinn, enda þótt honum sje ætlað að standa utan við samsteypuna, njóti samt sömu rjettinda og verslunarskóli kaupmanna, þar sem skólinn hefir sjálfstætt verkefni, þó að námsgreinarnar sjeu að nokkru leyti þær sömu, því vitanlega er markmið samvinnuskólans annað en verslunarskólans, enda hefir mikið verið um það rætt. og þarf jeg ekki að fara nánar út í það. Um stofnkostnaðinn geri jeg ráð fyrir að samvinnuskólinn njóti sömu rjettinda og verslunarskólinn á að njóta, samkv. stjfrv., þegar hann sameinast samskólanum.

Jeg veit ekki, hvernig hv. deild muni taka þessum till. okkar, en jeg vænti þess, að við atkvgr. komi skýrt fram, hver sje vilji deildarinnar í þessu máli. Þó að það megi benda á, að þessar viðaukatill. okkar sjeu ekki fullkomnar, þá gefur það í sjálfu sjer ekki tilefni til þess, að frv. verði ekki afgr. í þeirri mynd, sem við leggjum til. Það er hægurinn hjá að leirjetta till., án nokkurrar tafar fyrir málið. Við höfum með brtt. viljað láta það koma skýrt fram, hvað við álítum að sje verkefni vort í ungmennafræðslunni. Við minni hl. viljum ekki, að stigið sje stórt spor í þessu efni, nema því að eins, að um leið sje tekin bindandi ákvörðun um það frá Alþingi, að samskonar mentastofnanir út á meðal þjóðarinnar njóti sömu rjettinda, sem samskólanum eru ætluð. Vjer vitum ekki, hvernig næsta þing verður skipað. Þó að við vitum hug okkar til þessa máls, þá getum vjer ekki vitað, hvað næsta þing gerir í þessu efni. Fyrir utan það, að nýir menn geta komið með nýjar stefnur, þá getur einnig breyttur tími haft áhrif til skoðanaskifta í þessu máli. Slíkt hefir skeð hjer oft áður; t. d. var nýlega rætt mál í þessari hv. deild, sem svo stóð á um. Segi jeg þetta ekki til þess að ámæla þeim, sem um skoðun skifta; þeir geta haft rjettmætar ástæður fyrir því.

Við flm. höfum með brtt. okkar viljað færa út þann grundvöll, sem lagður er með samskólafrv., og höfum við með því viljað sýna vilja okkar á því að útbúa frv. þannig, að það bendi betur en það nú gerir á hið mikla verkefni, sem liggur fyrir þjóðinni í ungmennafræðslunni.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. minni hl. hefir lagt fram viðamikl-

ar brtt. við frv. það, sem hjer liggur fyrir. En till. þær bera það með sjer, eins og reyndar hv. frsm. minni hl. hefir og viðurkent, að hv. minni hl. hefir ekki haft tíma til þess að gera þær svo úr garði, að þær geti staðist sem lög, ef þær verða samþyktar.

Hv. minni hl. hefir tekið út úr Flensborgarskólann og Ísafjarðarskólann, en hefir engin ákvæði um aðra kaupstaði. Hefði verið meira rjettlæti í því, að koma með tillögu um alla kaupstaði, er náð hefðu ákveðinni íbúatölu. Með því hefði verið komist hjá þeim leiðindum, að þurfa að breyta lögunum í hvert skifti sem óskir koma frá nýjum kaupstað um að vera tekinn inn í kerfið.

Auk þessa sleppir hv. minni hl. öllum unglingaskólum öðrum en þeim stærstu. En hjá því verður ekki komist, að taka upp alla unglingaskóla, sem gera verulegt gagn, enda hefir um langt skeið verið veittur nokkur styrkur til flestra unglingaskóla, sem upp hafa risið. Þá hefir og hv. minni hl. alveg slept húsmæðraskólunum.

Það er nú svo með ungmenafræðsluna, að þörfin skapar smáskóla, sem svo leita til ríkisvaldsins um stuðning. Þegar mikið kveður að þessu, þá er nauðsynlegt að koma föstu skipulagi á þessa skóla, og jeg hygg, að ekki hvað síst þurfi nú að setja ákveðið skipulag á húsmæðraskólana, til þess að hindra það, að skólarnir vaxi upp skipulagslaust. En þetta eru alt atriði, sem þurfa rannsóknar og umhugsunar við, áður en vissa er fyrir, að komið verði á því skipulagi, er geti verið til frambúðar.

Í brtt. hv. minni hl. er gert ráð fyrir því, að kenslumálaráðuneytið skipi skólastjóra og kennara eftir till. þeirra, er lagt hafa fram stofnfje skólanna, þetta er óframkvæmanlegt. Stofnkostnaðurinn við skólana er oft svo tilkominn, að ómögulegt er að ná til rjettra aðila, auk þess sem það getur oft verið mjög óheppilegt að fela aðilum að gera slíkar till. eins og hv. minni hl. vill vera láta. En hvers vegna eiga þeir aðilar að ráða mestu, er lögðu fram stofnkostnaðinn? Jeg vil heldur hallast að því, að farið væri eftir till. þeirra, sem lögðu fram rekstrarkostnaðinn á móti ríkinu. En það eru oft ekki þeir sömu og lögðu fram stofnkostnaðinn. Um þetta þarf nú nánari og betri ákvæði en hv. minni hl. hefir búist við.

Það kemur oft fyrir í brtt., að hv. minni hl. talar um skólahjerað sem aðila. En þessi skólahjeruð eru ekki til. Það er hvergi hægt að ná tökum á þeim. Í lögunum þarf að ákveða, hver hjeruðin skuli vera og hvernig þau eiga að koma vilja sínum að, þegar um skólana er að ræða. Það þyrfti að setja skólanefndir, er svaraði til skólaráðs í samskólafrv. Þetta þarf alt að vera ákveðið í lögunum. Ef brtt. væru í samræmi við samskólafrv., þá ættu skólastjórarnir að teljast til kennara. Auk þess vantar fjölda skóla, sem eiga fullan rjett á því að vera teknir með. Ákvæðin um aðila, er leggi til stofnkostnað og rekstursskostnað, og um skólanefndirnar, eru losaralegar, auk þess sem ýmislegt fleira vantar í till. Skal jeg ekki fara ítarlegar út í það. En hvernig sem á þetta er litið, þá er ógerningur að samþ. till. eins og þær liggja fyrir. Þó að hægt væri á viku að gera ítarlegar breytingar á frv., þá þyrftu þær að ræðast mikið og það mundi taka langan tíma og stofna málinu í heild í mikla hættu. Mundi jeg helst kjósa, vegna unglinga-

skólanna, að það fengist svo sem eitt ár til rækilegs undirbúnings um það, hvernig þeim væri best fyrir komið. Hv. minni hl. hefir sagt það um meiri hl., að stefna hans væri að ýta sem mest á eftir samskólafrv., en skilja aðra unglingaskóla eftir.

Jeg vil leyfa mjer, til leiðrjettingar þessu, að lesa nokkur orð upp úr nál. meiri hl., er að þessu lúta; þar segir:

„Með þessu frv., ef það verður að lögum, er stigið svo stórt spor, að meiri hl. telur trygt, að ekki verði lengra að bíða almennrar löggjafar um sveitaskólana en til næsta þings."

Nú hafa engin andmæli komið fram fyr í þessari hv. deild gegn frv., á þeim grundvelli, að ef þetta spor yrði stigið, þá leiddi það af sjer meiri aðgerðir á næsta þingi um ungmennafræðsluna í sveitum. Þetta sýnir aðeins tortrygni hv. minni hl. Þá tortrygni hafði jeg ekki til að bera, sem heldur, að samskólafrv. verði til að tefja fyrir öðrum unglingaskólum. Jeg veit þvert á móti með vissu, að samþykt þessa frv. verður til að hjálpa almennri unglingaskólalöggjöf áleiðis. Einnig get jeg bent á það, að samskólar Reykjavíkur verða ekki afgreiddir til fulls, þó frv. verði samþ. á þessu þingi, þar eð sækja verður til næstu þinga um endanlegar framkvæmdir málsins, og er þannig víst, að næsta kjörtímabil mun ráða úrslitum þess.

Jeg sje því enga ástæðu til þess að víkja frá stefnu meiri hl. um það, að frv. það, sem fyrir liggur, verði afgreitt nú, í trausti þess, að það, sem eftir er af unglingaskólamálum, verði afgreitt á næsta þingi.

Slíkar tillögur sem þessar eiga ekki að koma fram við 3. umr. Ef þær eru bornar fram í fullri alvöru, þá eiga þær að koma fram við 2. umr., og á þá að fylgja þeim ítarlegt nál. Meiri hl. mentmn. hafði fyrir sitt leyti hugsað sjer að afgreiða frv. um gagnfræðaskóla á Ísafirði með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að deildin treysti því, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um ungmennafræðslu utan Reykjavíkur. En jeg mun láta mjer nægja, ef hæstv. kenslumálaráðh. (MG) lýsir yfir því, að hann muni leggja fyrir næsta þing frv. um unglingafræðslu utan Reykjavíkur. Ef hann lýsir yfir því, þá mun jeg ekki hika við að láta þessar brtt. allar bíða næsta þings.

Eins og jeg hefi margtekið fram við 2. umr., þá er kerfi um kostnaðarhlutfalli milli ríkis og hjeraðs afgreitt með þessum lögum, svo það er óþörf tortrygni að halda, að aðrir landshlutar sæti lakari kjörum en Reykjavík. Jeg hygg, að fæstir hv. þm. mundu verða því fylgjandi, þó ekki væri nema vegna kjósendanna, svo maður nefni ekki göfugri hvatir, að setja hjeruð úti um landið lægra en höfuðstaðinn í þessum efnum.

Í fullu trausti þess, að þessu máli verði vel borgið á næsta þingi, ef stjórnin ber fram frv. um það, mun jeg greiða atkv. á móti öllum brtt. minni hl., til þess að greiða aðalfrv. götu. Vænti jeg þess, að hv. deild geti gert slíkt hið sama.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að ræða mikið brtt. hv. minni hl. mentmn., því að hv. þm. V.-Ísf. hefir nú rifið þær og tætt í sundur, svo að segja má, að þar standi ekki steinn yfir steini. En af því að hann mintist ekki á brtt. þær, sem

minni hl. hefir gert viðvíkjandi samvinnuskólanum, þá skal jeg athuga þær lítið eitt.

Það er nú fljótsjeð, að minni hl. vill setja þennan skóla ofar öllum hinum skólunum. Honum nægir ekki, að skólinn verði tekinn upp í skólasambandið, heldur á ríkissjóður líka að greiða $^2/_5$ hluta af stofnkostnaði hans, eftir mjög lauslegri áætlun, sem á gera sem fyrst eftir að lög þessi öðlast gildi. Auk þess er þetta eini skólinn, sem ákveðið er um, hve margir kennarar skuli vera þar, fyrir utan skólastjóra, án tillits til nemendafjölda. Þar eiga þeir að vera tveir. Mjer er sagt, að nú sje milli 20 og 30 nemendur í samvinnuskólanum, svo hjer er vel í lagt með kennara, þar sem um aðra ungmennaskóla er svo fyrir mælt, að kennarafjöldi skuli miðast við 25 nemendur í bekk. Annars er það auðsætt, að ef setja á kerfi um þetta og ef taka á samvinnuskólann inn í það kerfi, þá verða sömu reglur að gilda um hann og hina skólana. Þá er ekki nefnt, hver eigi að skipa skólastjóra og kennara; launanum hefir ekki verið gleymt, en því gleymt, hver eigi að skipa mennina. Þá er alt annan veg um reglugerð þessa skóla. Hana á að setja „eftir tillögum" Sambands íslenskra samvinnufjelaga, en reglugerðir annara skóla á að setja „að fengnum tillögum". Það er sýnilega ekki meining hv. flm., að sömu reglur eigi að gilda um þennan skóla og hina skólana, og skil jeg þá ekki, hvað meint er með því, að taka hann upp í sambandið.

Það eru nokkur atriði, sem jeg þarf að svara hv. flm. (JG) frá 2. umr. Hann sagði, að Í. S. Í. hefði ekki verið um það spurt, hvort það vildi láta taka skólann upp í kerfið. En það skiftir nú að vísu ekki máli, því að hv. þm. sagði sjálfur að S. Í. S. hefði aldrei sætt sig við að ganga inn í samsteypuna. En jeg spurði hv. þm. V.-Ísf., þegar verið var að undirbúa frv., hvort hann hjeldi, að það væri til nokkurs að bjóða Sambandinu að taka samvinnuskólann með, en hann kvað nei við því. Alt tal hv. þm. (JG) um það, að það hafi í móðgunarskyni verið gengið fram hjá þessum skóla, er því út í loftið. Þá sagði hv. þm., að jeg hefði komið fram með spurningu um það, hvort fræðslumálastjórinn væri forsvaranlega valinn, úr því að minni hl. mentmn. gæti ekki fylgt honum. Jeg kom ekki fram með neina spurningu, en jeg sagði, að það væri ekki nema eðlilegt, að jeg færi að athuga, hvort mjer hefði ekki mistekist val á fræðslumálastjóra, þegar sjálfir flokksmenn hans gætu ekki verið með honum í þessu mentamáli. Hv. þm. svaraði þessu á þann veg, að það væri svo langt frá því, að hann vantreysti núverandi fræðslumálastjóra, að hann treysti honum manna best í þessum efnum. Mjer finst, að hv. þm. hefði vel getað tekið einn mann undan, nefnilega sjálfan sig, því að hann hlýtur að treysta sjálfum sjer betur en hv. þm. V.-Ísf., annars mundi hann fylgja honum. Hv. þm. sagði, að andstaðan gegn þessu frv. væri bygð á rjettmætri tortrygni á því, að ekki mundi verða lagt fyrir næsta þing frv. um unglingafræðslu. Hann margtók það fram, að þetta væri framfaraspor, en hann vildi ekki stíga það, vegna þess að hann var ekki viss um, að annað framfaraspor yrði stigið á næsta þingi. Þetta virðist mjer nú næsta einkennileg skoðun. En út af þessari tortrygni hv. frsm. minni hl. og að gefnu tilefni frá hv. þm. V.-

Ísf., skal jeg geta þess, að jeg mun leitast við að leggja fyrir næsta þing frv. í þesa átt, ef það þing verður ekki háð fyr en á venjulegum tíma.

Hv. þm. sagði, að unglingaskólar hefðu hingað til átt svo erfitt uppdráttar hjer á þingi, að því væri ekki að treysta, að næsta þing samþykti sæmilega löggjöf um þá, og gat þess sem dæmis, að styrkur Laugaskólans hefði ekki verið samþyktur í einu hljóði. Fyr má nú gagn gera og kemur að sömu notum, þótt ekki sje samþykt í einu hljóði, ef meiri hluta fylgi er örugt, og mun þurfa lengi að leita hjer á þingi að því, að allir sjeu sammála.

Annars verð jeg að segja það, að það er eitt með þessar brtt., sem gleður mig, en það er, að þær fela nákvæmlega í sjer þau spor, sem aðalfrv. markar. Þetta sýnir, að flm. brtt. álíta, að frv. fari í rjetta átt. Þegar þessar brtt. eru bornar saman við ummæli hv. frsm. (JG) við 2. umr., þar sem hann sagði, að undirbúningur þessa máls væri slæmur, þá verð jeg að segja, að verkin sýna alt annað álit, þar sem hann fitjar aftan við frv. með alveg sömu prjónatökunum sem eru í aðalfrv. sjálfu.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 254 skal jeg geta þess, að þó jeg geri ekki svo mikið úr henni, að jeg verði á móti frv., ef hún verður samþ., þá mun jeg greiða atkvæði á móti henni. Jeg álít, að seinni setning hennar eigi ekki heima í frv., og mun því greiða atkv. með brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) á þskj. 278. En annars skal jeg lýsa yfir því, að þegar þetta frv. var borið fram, þá var engin afstaða tekin til samvinnuskólans, vegna þess, að jeg hafði það fyrir satt, eftir orðum hv. þm. V.-Ísf., að hann vildi ekki ganga inn í samsteypuna, svo og vegna þess, að jeg bjóst við því, að það mundi framvegis eins og að undanförnu verða veitt fje til hans á fjárlögunum.

Sigurjón Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 278 við brtt. hv. þm. V.-Ísf. á þskj. 254, um að síðari hluti þeirrar till. falli niður.

Jeg get fallist á fyrri hl. þeirrar till., þar sem ákveðið er, að samvinnuskólinn geti gengið inn í samskólana, enda þótt hann leggi ekkert af mörkum til stofnkostnaðar, eins og aðrir skólar sambandsins. Jeg hefi fallist á þennan hluta brtt., af því að jeg geri ráð fyrir, að kenslan í verslunarfræðum geti orðið að mestu leyti sameiginleg með þeim, er nema samvinnufræði, og öðrum. — Aftur á móti get jeg alls ekki greitt atkv. með síðara málslið brtt., að samvinnuskólinn skuli njóta þess styrks, er hann nú hefir, þangað til hann gangi í samskólana. Þetta atriði sýnist mjer með öllu óskylt því frv., sem hjer er á ferð. Það snertir ekkert samskóla Reykjavíkur, hvort einhver annar skóli utan við þá nýtur meiri eða minni styrks úr ríkissjóði. Það er algert fjárlagaatriði, nema Alþingi þætti rjett að setja það í lög um samvinnuskólann. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg geri ráð fyrir, að styrkurinn til samvinnuskólans verði lækkaður eða feldur niður. Þvert á móti geri jeg ráð fyrir, að hann haldi þeim styrk, er hann nú hefir, uns hann gengur í samskólana. En það veit jeg að hann gerir fyr eða síðar. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi síðari liður brtt. hv. þm. V.-Ísf. sje einskonar fleygur, sem alls ekki eigi heima í þessu frv. Jeg get því engan veginn

trúað því, að þv. þm. V.-Ísf. láti það hafa slík áhrif á sína afstöðu í þessu máli, hvernig fer um síðari lið brtt. hans, að hann samþ. ekki frv. jafnt fyrir því.

Jeg mun ekki fara út í önnur atriði þessa máls, en vil mælast til þess við hv. þd., að hún samþ. brtt. mína, og sníði þannig af brtt. hv. þm. V.-Ísf. það, sem ekki á heima í þessu frv.

Frsm. minni hl. (Jón Guðnason): Jeg þarf ekki mörgu eða miklu að svara hv. andmælendum mínum, hæstv. kenslumálaráðh. (MG) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), því að það, sem ræður þeirra snerust um, hafði að miklu leyti verið rætt til fulls áður, og þarf jeg því ekki að eyða að því mörgum orðum.

Jeg mun fyrst snúa mjer að hv. þm. V.-Ísf., frsm. hv. meiri hl., og því sem hann sagði sjerstaklega um brtt. okkar minnihlutamanna. Hann hafði margt út á þær að setja; í fyrsta lagi, að ákvæðin væru ekki nógu ljós, og ennfremur að brtt. væri ekki nógu víðtækar, næðu ekki yfir alla ungmennafræðslu í landinu. Jeg mun ekki neita, að þessar aths. sjeu að nokkru leyti á rökum bygðar. en þess er heldur ekki að vænta í slíku máli, að ítarlegar og skipulegar till. verði samdar á skamri stundu. Það var minni hl. mentmn. ljóst, og því lagði hann til, að frestað yrði að gera ákvarðanir um málið að þessu sinni, uns betri undirbúningur fengist. En þegar við sáum, að frv. mundi ganga í gegnum þessa hv. deld, ákváðum við að bera fram brtt. um að gera frv. að víðtækari grundvelli undir ungmennafræðslu landsins. Það er því ofur eðlilegt, að finna megi ýms atriði, er betur gæti á farið, í brtt. okkar. En þótt orðalaginu kunni að vera nokkuð ábótavant, er það eitt ekki næg ástæða til að fella till. og byggja alveg á grundvelli stjfrv. Því að það, sem brtt. okkar kann að vera áfátt, er áreiðanlega ekki meira en svo, að auðvelt er að lagfæra það, án þess að stofna málinu á nokkurn hátt í hættu. Í því sambandi vil jeg minna á, að nokkrir dagar eru síðan þetta frv. kom fyrst á dagskrá til 3. umr., og allan þann tíma hafa brtt. okkar legið frammi. Hefði verið auðvelt fyrir hv. frsm. meiri hl. og hæstv. kenslumrh. að gera á þeim tíma brtt. við till. okkar, sem gerðu þær aðgengilegri í þeirra augum og sniðu af þá galla, er þeir hafa rætt um. Annars get jeg ekki fallist á, að allar aðfinslur hv. frsm. meiri hl. sjeu á rökum bygðar. T. d. sagði hann, að ekki væri minst á húsmæðrafræðsluna í brtt. okkar. Er það vitanlega rjett hjá honum. En húsmæðrafræðslan er ekki ungmennafræðsla í venjulegum skilningi. Fanst okkur, að ákvæði um hana ættu ekki frekar heima í frv. en t. d. ákvæði um bændaskólana, sem eru henni mjög hliðstæðir. En jeg hefi ekki heyrt nokkurn mann fara fram á, að þeim skólum verði komið í þetta kerfi. Annars má geta þess enn á ný, að okkar aðaltill. var, að málinu væri frestað til betra undirbúnings. Að öðru leyti hygg jeg óþarft að fara út í aths. hv. frsm. meiri hl. Jeg get mjög fúslega kannast við, að betra hefði verið að hafa sum ákvæði í brtt. ítarlegri, en jeg kannast ekki við, að þau sjeu svo óljós, að vandræði þurfi af að hljótast. Á hinn bóginn er svo mikið unnið með þeim í að tryggja grundvöllinn undir ungmennafræðslunni, að frv. má alls ekki ná fram að ganga án þess að þær verði samþyktar.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. kenslumrh. Þar er ekki heldur sjerlega mörgu að svara, því að ræða hans var mestmegnis endurtekningar, sumpart á því, sem hv. frsm. meiri hl. hafði sagt, og sumpart á því, sem hæstv. ráðh. hafði sjálfur sagt við 2. umr. — Hæstv. ráðh. vjek tali sínu að samvinnuskólanum, og þótti honum vera gert of hátt undir höfði í samanburði við aðra sjerskóla í brtt. En brtt. okkar gera einmitt ráð fyrir, að sömu reglu sje fylgt um greiðslu hans á stofnkostnaði og til er ætlast um verslunardeild samskólanna. Þá fann hæstv. ráðh. að því, að í brtt. væri ákveðinn kennarafjöldinn, og taldi það óeðlilegt, þar sem enginn gæti vitað fyrir um nemendafjöldann. En jeg vil benda á, að sú er venjan nú um ýmsa af skólum okkar, sem eru heild út af fyrir sig, t. d. Eiðaskóla, Akureyrarskóla o. fl., að tiltekinn er með lögum fjöldi fastra kennara. Þetta er ekki miðað eingöngu við þann nemendafjölda, sem búast má við að í skólanum verði, heldur eins mikið við það, að hafa færa kennara í öllum greinum. Og sje óvíst um nemendafjölda í samvinnuskólanum, er það eins um alla aðra skóla. Þá fann hæstv. ráðh. að því, að í brtt. er ekki gert ráð fyrir, á hvern hátt kennarar verði skipaðir. En við gerum í brtt. ráð fyrir, að samin verði reglugerð og staðfest af stjórnarráðinu, og þar má og á að taka þetta fram, eins og annað, viðvíkjandi skipulagi skólans. — Þetta voru nú aðalatriðin í því, sem hæstv. ráðh. hafði að segja um brtt. minni hl. Síðan vjek hann að því, sem jeg hafði sagt, að samvinnuskólanum hafi ekki verið gert tilboð um að ganga inn í samskólana, og vitnaði hann í því sambandi í samtal sitt við fræðslumálastjóra, hv. þm. V.-Ísf. Út af þessu vil jeg taka það fram um afstöðu samvinnuskólans til samskólanna, að jeg hefi sagt það eitt, að mjer þætti ekki líklegt, að Samband íslenskra samvinnufjelaga mundi óska eftir að skólinn yrði með í samskólastofnuninni, úr því sem komið væri. En um hitt sagði jeg ekkert, hvernig farið hefði, ef aðstandendur skólans hefðu verið hafðir með í ráðum frá upphafi.

Jeg fæ ekki skilið, hvernig hæstv. kenslumálaráðh. hefir fundið það út, þó að við minnihlutamenn sjeum ekki sammála fræðsulmálastjóra um þetta atriði, að við treystum honum ekki til að fara með fræðslumál þjóðarinnar. Og mjer kemur enn kynlegar fyrir, að hæstv. ráðh. skuli halda því fram, í alvöru að mjer skildist, að afstöðu okkar til þessa máls mætti skilja sem leiðbeiningu um það, að stjórnin hefði ekki verið heppin í vali á núverandi fræðslumálastjóra. Eftir þessum kenningum að dæma ætti ekki að vera hægt að hafa traust á neinum manni, nema vera honum sammála í einu og öllu. En í flestum málum er um ýmsar leiðir að ræða, er menn greinir á um, hverjar fara skuli, til þess að komast að sama marki að lokum. Og þetta á sjer ekki hvað síst stað um fræðslumálin, á meðan ekki er búið að marka leiðina.

Þess vegna sje jeg ekki annað, en að við minnihlutamenn gætum borið fult traust til hv. frsm. meiri hl. sem fræðslumálastjóra, þó að okkur hefði greint meira á við hann um þetta mál en komið hefir á daginn. Mjer finst þessar athugasemdir hæstv. kenslumálaráðh. svo undarlegar og óskiljanlegar, að jeg get freistast til að halda, að honum hefði snúist hugur og að hann væri

með þessu að reyna að búa sjer til útgöngudyr, til þess að veita öðrum manni fræðslumálastjórastarfið.

Þó að hæstv. ráðh. færi nú svona langt í aðdróttunum til okkar minni hl., þá get jeg ekki betur skilið orð hans við 2. umr., en að hann sjálfur sje mjög ósammála settum fræðslumálastjóra, hv. þm. V.-Ísf., og teldi á litlum rökum bygðar brtt. hans um samvinnuskólann. Þetta á kannske að skoðast sem fullkomið vantraust á hv. þm. V.-Ísf. sem fræðslumálastjóra af hálfu þeirrar stjórnar, sem setti hann til þess að gegna starfinu.

Jeg skil ekki, hvað hæstv. kenslumálaráðh. og fleiri hv. þdm. geta haft á móti brtt. hv. þm. V.-Ísf. Hjer er ekki um annað en bráðabirgðaákvæði að ræða. Þar stendur: „Samvinnuskólinn hefir rjett til að ganga í samband við samskólana, þegar stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga óskar þess, enda sje þá kensla í almennum verslunarfræðum sameiginleg."

Hæstv. ráðh. talaði um undarlega tortrygni, sem við minni hl. hefðum gagnvart þessu frv., og boðaði í því sambandi, að hann mundi leggja fyrir næsta þing frv. um skipun unglingafræðslunnar í landinu, og vildi víst með því útiloka alla tortrygni.

Það er náttúrlega gott og gleðilegt að eiga von á þessu. En jeg vildi þá óska þess, að með því frv. mætti honum takast að tryggja eins vel rjett sveitanna, hvað viðkemur unglingaskólunum, eins og honum hefir tekist, hvað Reykjavík snertir, með þessu samskólafrv.

Annars vildi jeg segja það, að tortrygni okkar er ekki ástæðulaus, eins og best sýndi sig hjer á dögunum við 2. umr. fjárl. í sambandi við stofnun húsmæðradeildar við Laugaskólann. Það mun víst flestum hv. þdm. í fersku minni, að í þeim umr. rjeðst einn af aðalstuðningsmönnum hæstv. stjórnar ekki aðeins á stærstu fjárveitinguna til húsmæðrafræðslunnar, heldur og á þá stefnu, er hann taldi, að ríkjandi væri um unglingafræðsluna yfirleitt og fylgt hefði verið hjer á þingi undanfarið. Það var hv. þm. Ak. (BL), sem notaði tækifærið til þess að hella úr reiðiskálum sínum yfir unglingaskólann í hans eigin hjeraði, sem sje Laugaskólann, sem talinn er þó að vera einhver efnilegasti og fullkomnasti unglingaskóli á landinu. Hv. þm. Ak. setti sig mjög á móti því, að stofnuð væri húsmæðradeild við skólann, og aðalástæðan fyrir því var sú, eins og hann sjálfur orðaði það, að hann væri móti öllu „auknu skólafargani". Og á meðan slík orð falla frá einum aðalstuðningsmanni hæstv. stjórnar, jafnhliða því, að talað er um skipulagsleysi um stjórn Laugaskólans, sem þó er í besta lagi — og þetta alt er borið fram samhliða því, sem talað er um að leggja grundvöll undir bætta og aukna unglingafræðslu — þá finst mjer ekki undarlegt, þó að við sjeum tortryggir og látum okkur jafnvel koma til hugar, að þessi efling unglingaskólanna eigi ekki óskorað fylgi Íhaldsflokksins. Annars var jeg hissa á því, hvernig hæstv. kenslumálaráðh. gat látið árás hv. þm. Ak. á unglingafræðslu landsins eins og vind um eyru þjóta. Það má segja, að oft væri þörf, en þá var árciðanlega nauðsyn að andmæla, er svo hörð orð voru höfð um mentamál sveitanna, og það sömu dagana sem verið er að leggja grundvöllinn að aukinni fræðslu landsmanna. Og þar sem hæstv. kenslumálaráðh. þagði við slíkri

árás, þá er mjer næst að halda, að honum sje þetta mál ekki jafnmikil alvara og hann vill láta í veðri vaka.

Hæstv. ráðh. sagði, að við minni hl. hefðum í brtt. okkar þrætt frv. stjórnarinnar, og vildi af því draga þá ályktun, að við hefðum þó fallist á, að frv. væri vel undirbúið af hálfu stjórnarinnar. Það var nú óþarft fyrir hann að draga þessa ályktun af brtt. okkar, því þó að við, eftir því sem málið horfði, færum þessa leið, er ekki þar með sagt, að frv. okkar hefði orðið í þessu formi, hefðum við átt að semja það frá upphafi. Fyrir okkur vakir ekkert annað en að tryggja þeim skólum, sem þegar eru stofnaðir út um landið eða verða stofnaðir á næstu árum, sama rjett og þeim skólum í Reykjavík, sem þetta frv. nær til. Og þó við tækjum ekki fleiri skóla, þá var það af því, að við álitum þess ekki þörf, svona í bráð. Hitt væri mest um vert, að sú stefna, sem við vildum fylgja um unglingafræðslu sveitanna, væri mörkuð skýrum línum, enda auðveldast að bæta við, þegar erfiðustu sporin væru stigin. En það teljum við að sje gert, með því að samþ. brtt. okkar.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil þakka hæstv. kenslumálaráðh. fyrir yfirlýsingu hans um stjórnarfrv. um almenna unglingafræðslu á næsta þingi, sem mjer virðist þess eðlis, að hv. minni hl. geti með góðri samvisku tekið brtt. sínar aftur.

Jeg þarf ekki miklu að svara hv. frsm. minni hl., því að um kjarna málsins erum við sammála. Meiri hl. fylgir einmitt þeirri stefnu, að sem mestur jöfnuður komist á milli sveita og kaupstaða um fræðslumálin.

Annars var það ræða hv. þm. Ísaf., sem kom mjer til þess að kveðja mjer hljóðs.

Það hefir verið á það minst, að ekki hafi í tíma verið talað við stjórn samvinnuskólans um að sameina hann verslunarskólanum, svo að óþarft er að rifja það frekar upp nú, enda hefir verið vitanlegt, að forgöngu- og stuðningsmenn skólans hafa ekki óskað eftir þeirri sameiningu. Hinsvegar hefir hæstv. kenslumálaráðh. lýst því yfir, að samvinnuskólinn geti komist í þetta samband hvenær sem er og án þess að leggja fram stofnkostnað. Er því óþarft að deila frekar um þetta, nema þá að menn vildu nota það til að vekja illindi og tortrygni um þetta mál. Mjer var frá upphafi ljóst, að þetta samskólafyrirkomulag mundi komast inn á hættulegt tundurduflasvæði með því að taka verslunarskólann með. Jeg hefði í upphafi borið fram till. um að taka verslunarskólann út úr, ef jeg hefði haldið, að það gæti orðið málinu til bjargar. En jeg sá við nánari rannsókn, að sú leið mundi ekki verða til þess að auka þessu máli fylgi. Þess vegna bar jeg fram brtt. mina á þskj. 254 og vildi með henni tryggja það, að ekki yrði farið aftan að samvinnuskólanum með samþykt frv.

Síðari hluti brtt. minnar, sem hv. þm. Ísaf. leggur til að fella niður, snertir að vísu ekki samskólann, en getur þó á sínum tíma haft talsverða þýðingu, þegar leitað verður fjárveitingar handa samvinnuskólanum. Þegar leiða ætti það mál til lykta, gæti síðari liðurinn orðið til þess að draga úr þeim ofsa, sem annars kynni að standa um slíka fjárveitingu. Það er ekki síst vegna samskólans sjálfs, að jeg legg mikla áherslu

á að fylgja því fast fram, að brtt. mín verði samþ.

Annars gladdi mig að heyra það í ræðu hv. þm. Ísaf., að hann og enda fleiri hv. Íhaldsmenn teldu sjálfsagt, að samvinnuskólinn hjeldi sínum styrk á meðan sambandið vildi halda honum sjerstökum utan við samskólafyrirkomulagið. Mín till. stefnir því í þá átt að undirbúa jarðveginn sem best fyrir væntanlega sameiningu og að fyrirbyggja alla tortrygni í garð samvinnuskólans á meðan hann verður rekinn með sjerstökum styrk úr ríkissjóði. Mín till. er fram borin vegna þess að málið komst inn á þetta tundurduflasvæði, þar sem mörgum þm. er örðugt að halda tilfinningum sínum og skynsemi í jafnvægi. Hún er útlátalaus, en þó til gagns, því jeg hygg, að með henni mundi auðveldara í framtíðinni að stýra samskólanum fram hjá ýmsum tundurduflum, sem annars kynnu að verða á leið hans; hjer er því ekki um annað að ræða en öryggisráðstafanir vegna framtíðarinnar. Þess vegna vænti jeg, að hv. þdm. skilji, af hvaða hvötum brtt. er fram komin og samþ. hana. Hún er skynsamleg og velviljuð ráðstöfun þessu máli til góðs og vegna málsins sjálfs.

Bernharð Stefánsson: Það er ekki nema fátt eitt, sem jeg þarf að taka fram út af þessu máli, enda hefir hv. þm. Dal. gert svo glögga grein fyrir afstöðu minni hl., að við það þarf jeg engu að bæta.

En það, sem sjerstaklega kom mjer til þess að kveðja mjer hljóðs, voru þau ummæli hæstv. kenslumálaráðh., er hann hefir að minsta kosti tvisvar vikið að í ræðum sínum, að það beri vott um vantraust á núverandi fræðslumálastjóra af hálfu okkar minnihlutamanna, að við hefðum aðra skoðun á þessu máli en hann. Þessu vil jeg harðlega mótmæla sem staðlausu hjali á engum rökum reistu. Þó að við sjeum á annari skoðun um eitt mál, þá er engin ástæða til að ætla, að við munum vantreysta honum sem fræðslumálastjóra. Það er því næsta hjákátlegt að heyra slíkri fjarstæðu haldið fram úr ráðherrastóli. Enda veit hæstv. ráðh., að hjer er alls ekki um vantraust að ræða á fræðslumálastjóra, heldur aðeins um skoðanamun milli okkar og hans um það, hverjar leiðir skuli fara í þessu máli.

Jeg veit ekki hvort hæstv. ráðh. gerir þá kröfu til flokksmanna sinna, að þeir fylgi honum í hverju máli og sjeu altaf á sömu skoðun og hann. Þó held jeg það varla, enda kom það fram í dag, að margir hv. Íhaldsmenn greiddu atkv. á móti hæstv. ráðh. (MG). Hefði þá eins mátt segja, að það beri vott um vantraust á honum sem ráðherra, er hans eigin fylgismenn ganga á móti málum, sem honum er allmikið kappsmál að fá samþ.

Ef marka ætti traust mitt á hv. þm. V.-Ísf. sem fræðslumálastjóra eftir því, hve oft jeg hefi verið á sama máli og hann, þá held jeg líka, að ekki væri hægt að efast um, að jeg beri fylsta traust til hans. Við höfum nú starfað saman í sömu nefndinni um fjögra ára bil og oftast verið sammála, eins og Alþingistíðindin bera með sjer.

Hæstv. ráðh. vildi líta svo á, að við minnihlutamenn viðurkendum, að undirbúningur þessa máls væri ekki slæmur, þar sem við vildum hnýta okkar till. aftan við frv. Við þessu er það að segja,

að þessi hv. deild hefir með atkvgr. um málið við 2. umr. sýnt, að hún fylgdi málinu, og við teljum því víst, að málið gangi í gegn, að minsta kosti gegnum þessa deild. Við það getum við ekki ráðið. Og þá þykir okkur betra, að ungmennaskólar út um land fylgi með, ef á annað borð á að setja þessi lög gegnum þingið. Hæstv. ráðh. hafði góð orð um það, að ef frv. gengi í gegn, mundi á næsta þingi verða gerð gangskör að því, að setja lög um aðra unglingaskóla í landinu. Jeg skal ekki efast um góðan vilja hæstv. ráðh. í þessu efni, en jeg verð að segja, að mjer er í raun og veru alveg óskiljanlegt, hvers vegna þetta má ekki fylgjast að nú.

Þá hefir undirbúningsleysi í þeim efnum verið borið við; en jeg fyrir mitt leyti get ekki tekið það til greina, því að jeg hygg helst, að þetta mál, um ungmennafræðsluna yfirleitt, sje í raun og veru öllu betur undirbúið en þetta frv. um samskóla Reykjavíkur. Því að það hefir einmitt áður legið fyrir þinginu frv. um ungmennafræðsluna yfirleitt. Býst jeg við, að það frv. hafi getað gefið tilefni til athugunar um málið, svo að ef að því ráði hefði verið horfið nú, að fylgja því máli fram, hefði ekki verið hægt að segja, að það væri svo laklega undirbúið. Og hvað snertir tillögur okkar í minni hl., þá eru þær bygðar á þessu frv., sem áður hefir komið fram um þetta efni, og þar af leiðandi ekki eins lítið hugsaðar og lítið undirbúnar, eins og haldið hefir verið fram. Hv. frsm. meiri hl. gaf okkur í minni hl. það ráð, að taka okkar till. aftur, vegna þessarar yfirlýsingar hæstv. ráðh. (MG). Jeg býst nú ekki við, að við getum orðið við þessum tilmælum, enda sje jeg ekki neina ástæðu til þess. Ef það er auðvelt og sjálfsagt að gera þetta næsta ár, þá er jeg ekki farin að öðlast skilning á því, hvers vegna ekki má gera það í ár.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að hv. frsm. minni hl. hefði játað, að við hefðum talið heppilegast að láta lögin um skipun ungmennafræðslu í landinu bíða þangað til á næsta ári. Þetta er ekki allskostar rjett, og jeg býst við, að hv. frsm. meiri hl. kannist við það, að jeg að minsta kosti bauð fyrir mitt leyti fram samkomulagsgrundvöll í nefndinni, að gerð yrði tilraun til að setja heildarlög um ungmennafræðsluna í landinu. En hitt er rjett, að við vildum láta þetta sjerstaka mál um samskóla Reykjavíkur bíða eftir hinu, þannig, að ráðstafanir í þessu efni fylgdust að, því þetta er svo náskylt efni, hvernig við eigum að skipa ungmennafræðslunni í Reykjavík og út um landið. En samræmið er best trygt með því, að þessum málum sje skipað í einu og af sömu mönnum.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að allir væru sammála um, að samvinnuskólinn ætti að eiga opna leið inn í þetta skólasamband. Jeg býst við að það sje rjett, að þetta sje svo í orði kveðnu. En hinu býst jeg einnig við, að það sje langt frá, að allir sjeu sammála um, hvernig það eigi að verða. Jeg hefi fulla ástæðu til að ætla, að mjög margir af þeim, sem fylgja fram frv. um samskóla Reykjavíkur, líti svo á, að samvinnuskólinn eigi þá að hverfa sem sjerstakur aðili í þessu skólasambandi, eigi algerlega að renna saman við verslunarskólann, þannig, að aðeins verði aukakensla í samvinnufræði og þesskonar, en að öðru leyti eigi námið að vera sameiginlegt fyrir þessa tvo skóla. En

jeg er ekki viss um það, að þeir, sem að samvinnuskólanum standa sjerstaklega, sem er S. Í. S., telji sínum málum betur borgið með því móti — og það af mjög mörgum ástæðum, sem þýðir ekki að telja hjer. Jeg býst við, að þessir menn muni helst óska þess, að samvinnuskólinn haldi áfram að vera sjálfstæður skóli. Það er að vísu svo, að margt og mikið er sameiginlegt, sem er öllum verslunarmönnum jafnnauðsynlegt að kunna og vita; en á eitt talsvert þýðingarmikið atriði skal jeg benda, sem mælir móti því, að þessir skólar eigi að renna saman í eitt: Nemendur þessara skóla munu vera á talsvert ólíkum aldri og með ólíka undirbúningsmentun. Á verslunarskólann koma aðallega lítið þroskaðir unglingar hjeðan úr Rvík, eða öðrum kaupstöðum. Hitt mun aftur vera regla, að nemendur samvinnuskólans komi aðallega úr sveit, einna helst frá ungmennaskólum, sem þar eru, og eru orðnir talsvert meira þroskaðir menn og eldri en verslunarskólanemendur. Nú býst jeg við, að það sje nokkurnveginn viðurkent af skólamönnum, að það sje ekki heppilegt að kenna í einu lagi mönnum á mjög ólíkum aldri. Svo er það t. d. um gagnfræðadeildina hjer í mentaskólanum, að þar er aldurstakmark að ofan 15 ár, þannig, að eldri nemendur en 15 ára fá ekki aðgang í gagnfræðadeildina. Þetta mun stafa af því, að ekki þykir heppilegt að hafa saman nemendur á mjög ólíkum aldri.

Það er þetta hvorttveggja, sem mælir á móti því, að steypa saman samvinnuskólanum og versunarskólanum, að undirbúningur undir þessa skóla mun vera talsvert ólíkur og aldur nemenda ólíkur, — og auk þess hitt, að það er náttúrlega töluvert ólíkt starf, sem ætlast er til að þeir menn vinni, sem ganga á samvinnuskólann og ganga síðan í þjónustu samvinnufjelaganna, heldur en hinir, sem síðar ætla að fást við aðra verslun.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það skulu ekki verða mörg orð, en hv. frsm. minni hl. þarf jeg þó að svara að nokkru. Hann sagði, að það hefði verið mín skylda og hv. frsm. meiri hl. að koma með brtt. við brtt. þeirra, að því leyti sem þær eru óframbærilegar. En jeg verð að segja honum, að af því að jeg álít ekki það mál nægilega undirbúið á þessu þingi, þá teldi jeg ekki unt — í því annríki, sem nú er — að koma því við, án þess að málið drægist svo lengi, að það dagaði uppi á þinginu.

Annars er það dálítið einkennileg játning af hálfu hv. frsm. minni hl., að hann þurfi ekki að fara ítarlega út í ræðu hv. frsm. meiri hl.. Hann hefir einmitt sýnt fram á, að tillögur minni hl. eru óframkvæmanlegar. Það væri þess vegna full ástæða fyrir hv. frsm. minni hl. að hrekja þetta, ef kostur er. En því er nú ekki að heilsa, því að till. eru óframkvæmanlegar, eins og þær liggja fyrir.

Um kennarafjöldann við samvinnuskólann vildi hann halda fram, að nauðsynlegt væri að hafa þá svo marga, til þess að tryggja þar góða „fag"-menn. En jeg held það sje ekki hægt að komast hjá því, ef sama regla skal gilda um hann og aðra skóla, að láta kennarafjölda fara eftir nemendafjölda. Hann viðurkendi, að það væru ekki nein ákvæði í till. þeirra um það, hvernig ætti að skipa kennarana, og áleit hægt

að gera það með reglugerð. En slíkt er yfirleitt ákveðið með lögum, og er þá undarlegt að láta þennan skóla hafa sjerstöðu. Annars er auðsætt af þessum orðum, að það er S. Í. S., sem á að skipa kennara við þennan skóla; og þá sýnist mjer rjettast að segja það í lögunum sjálfum.

Hann kvaðst ekki vita, hv. frsm. minni hl., hvað S. Í. S. mundi segja, ef því hefði verið boðið upp á að koma í þetta skólasamband. (JG: Jeg sagðist ekkert hafa sagt um það). Þá vildi jeg biðja hann að gera svo vel að segja, hvað hann álítur um það. En mjer skilst það alveg vafalaust, að S. Í. S. hafi ekki viljað það. Fyrir því hefi jeg orð ekki ómerkari manns en hv. fræðslumálastjóra. Enda skildist mjer líka á hv. 2. þm. Eyf., að hann drægi ekki neina dul á það. Það sem hjer hefir verið gert, er ekki annað en það, að láta undir höfuð leggjast að spyrja aðila, sem maður var fyrirfram viss um, að ekki mundi kæra sig um samband. Annars skal jeg geta þess, til þess að taka af allan efa, að samvinnuskólinn er margvelkominn í þetta samband, þegar hann vill, og meira að segja með þeim kjörum fram yfir verslunarskólann, að hann þurfi ekki að leggja til neinn stofnkostnað.

Út af orðum hv. þm. Dal., að jeg væri ef til vill farinn að veiklast í þessu máli, þá verð jeg að segja, að jeg veit ekki, hvernig hann getur fundið það út, þar sem jeg er sammála hv. þm. V.-Ísf. um þetta frv. Og þó að jeg vilji taka fult tillit til orða hv. þm. Dal., þá tek jeg ekki svo mikið tillit til þeirra, að jeg snúist vegna þeirra. Hv. þm. (JG) áleit það ekki ástæðulaust, þótt hann sýndi tortrygni í þessu máli, vegna undirtekta um Laugaskólann — mjer skildist frá hv. þm. Ak. Hann var að ræða um kvennaskóla eða ungmennaskóla fyrir konur; en hv. minni hl. hefir alveg gleymt að taka það inn í sitt frv. Svo að það kemur ekki þessu máli við. Annars man jeg ekki betur en að hv. þm. Ak. hafi lýst yfir því, að hann væri samþykkur þeim grundvelli, sem hv. þm. V.-Ísf. stakk upp á í fyrra viðvíkjandi ungmennafræðslunni. (BL: Rjett!). Það er því engin ástæða fyrir hv. þm. Dal. að tortryggja mig eða hv. þm. Ak. út af þeim ummælum, sem hann ljet falla um daginn um Laugaskólann. Það var af alt öðrum toga spunnið. En um minni hl. er það að segja, að hann hefir gleymt eða viljandi slept allri húsmæðrafræðslu í sínu nýja kerfi, sem hann ætar að prjóna aftan við frv., sem fyrir liggur. En ef hann nú þykist hafa ástæðu til tortrygni út af því, að jeg hefi ekki mótmælt orðum hv. þm. Ak., hvað mættum við þá segja, sem höldum fram þessu frv., út af mótstöðu hv. minni hl., ef við vildum beita tortrygni?

Út af orðum hv. frsm. meiri hl. þarf jeg ekki mikið að segja. Jeg veit það, af því sem okkur fór á milli, að það er rjett, sem jeg sagði, að samvinnuskólinn skal vera velkominn í þetta samband, þegar hann vill. Og jeg skil ekki hans till. sem neina tortrygni í minn garð, en frekar á þann veg, að hann vilji eyða tortrygninni hjá sínum eigin flokksmönnum. Enda er þetta frv. alls ekki borið fram af minni hálfu til höfuðs samvinnuskólanum. Það eina, sem jeg er ósamþykkur hv. þm. V.-Ísf. um, er það, að jeg álít ekki, að hann ætti að gera samþykt þesarar till. að skilyrði um fylgi sitt við frv. Jeg lýsti yfir því, að jeg vildi ekki gera svo mikið úr henni. Jeg get ekki sjeð, að þetta

atriði sje nema lítill brothluti af því, sem ber á milli meiri og minni hl. nefndarinnar. — Hv. 2. þm. Eyf. þarf jeg litlu að svara, því að hann tók mjög hóglega á málinu. En hann spurði, hvers vegna þetta mál gæti ekki beðið eftir ungmennafræðslunni í heild sinni. Vil jeg svara honum því, að þessu máli liggur meira á, vegna þess að það þarf miklu meiri undirbúning. Þótt svo færi, að við samþ. þetta mál á þessu þingi, þá verður það samt á eftir aðalmálinu, þótt það verði samþ. á næsta þingi. Það er vegna þess, hve margir aðilar eru hjer, sem þurfa að leggja fram fje, og þeir þurfa mikinn tíma til þess að safna fjenu. Þá fyrst er hægt að byrja á framkvæmdum, er allir aðilar hafa lagt fram það, sem þeir hafa skyldu til. En það er ekki hægt að búast við, að slík fjársöfnun byrji fyr en sýnt er, að Alþingi gangi að þeim skilmálum, sem hjer eru í boði.

Og þá er önnur ástæða, sem rekur eftir, en það er plássleysið í mentaskólanum. Það er nú orðið óhjákvæmilegt að leigja úti í bæ fyrir allmarga nemendur þess skóla. Það er svo komið, að jeg býst ekki við, að hægt sje að halda áfram á þeirri sömu braut, sem farin hefir verið undanfarin ár, án þess að finna ný ráð.

Mjer virðist ágreiningur um þetta mál ekki vera mikill. Hann er í raun-inni ekki annar en sá, hvort þetta frv., sem hjer liggur fyrir, skuli samþ. nú eða látið bíða eftir lögum um ungmennafræðslu í landinu yfirleitt. En það eru þessar tvær sjerstöku ástæður fyrir að flýta þessu máli, sem jeg hefi nefnt — fjársöfnun aðila, sem Alþingi ræður ekki yfir, og plássleysið í mentaskólanum.

ATKVGR.

Brtt. 278 feld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL.

nei: HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BSv.

Einn þm. (KlJ) fjarstaddur.

Brtt. 254 samþ. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MG, MJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, BSv.

nei: ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS.

Einn þm. (KlJ) fjarstaddur.

Brtt. 320, 2. a. feld með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JG, JörB, MT.

nei: ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, BSv.

Einn þm. (KlJ) fjarstaddur.

Brtt. 320, 2. b—h teknar aftur.

— 320, 3. a—c feldar með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JG, JörB, MT, SvÓ.

nei: ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, BSv.

Brtt. 320, 1 og 4 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, BSv.

nei: IngB, JG, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HK.

Frv. afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 341).

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Jónas Jónsson: Jeg bjóst við því, að hæstv. stjórn ljeti eitthvað frá sjer heyra um þetta mál. En jeg sje, að hæstv. mentmrh. (MG) er ekki viðstaddur, en hæstv. forsrh. (JÞ) er hjer, og mun hann vera málinu kunnugur, og vil jeg því beina til hans nokkrum orðum. En nú sje jeg alt í einu, að inn kemur hæstv. mentamálaráðherra, og mun jeg því snúa máli mínu til hans.

Það, sem sjerstaklega er eftirtektarvert með þetta frv., er það, að hjer er ekki gert ráð fyrir, að um sje að ræða byrjun, heldur fullkomnun á því verki, að landið taki ungmennafræðsluna í sínar hendur, og að örara verði komið upp unglingaskólum bæði í bæjum og sveitum, þar sem þurfa þykir. Þetta er mesta nýjungin í frv. Því að áður hefir verið unnið mikið á móti þessari stefnu hjer í þinginu. Hinn látni forsrh. (JM) mun fyrir 2—3 árum, í sambandi við styrkveitingu til eins slíks skóla upp í sveit, hafa látið þess getið, að aðalástæðan fyrir því, að hann væri á móti þeirri styrkveitingu, væri sú, að hann óttaðist, að þegar unglingaskólunum fjölgaði, þá yrði sú niðurstaðan, að þess yrði krafist, að þeir væru að öllu leyti kostaðir af landinu. En hann kvaðst ekki sjá, að landið hefði efni á því, að annast bæði barna- og unglingafræðsluna. Jeg segi þetta, til þesa að gefa hæstv. stjórn kost á því að segja, hvort hún sje horfin frá þeirri stefnu, sem þessi látni leiðtogi hennar hefir markað í þessum efnum.

Annars eru tvö höfuðatriði í þessu máli, og vil jeg lítillega drepa á þau. Hið fyrra er, hvort ríkið ætlar með opnum augum að ganga inn á þá braut að kosta þessa skóla, sem væntanlega verða síðar einn fyrir hverja sýslu, en þó gæti það átt sjer stað sumstaðar, að tvær sýslur yrðu um sama skólann. Þá er hitt atriðið, sem athuga þarf, hvort það sje betra fyrir þetta mál, að ríkið reki skólana. En jeg efa mjög mikið að svo sje. Í næstu löndum, t. d. Danmörku, starfar fjöldi unglingaskóla án ríkisstyrks, og álit manna þar í landi er það, að ekki sje heppilegt að breyta um og að ríkið taki á sínar herðar að kosta þá alfarið.

Næst vildi jeg leyfa mjer að spyrja, hvort hæstv. stjórn hugsi sjer að gera þessa stefnubreytingu í þessu máli, og ennfremur, hvort það geti skeð, eins og kom fram í umr. í hv. Nd., að þessi hlunnindi eigi aðeins að ná til unglingafræðslunnar í Reykjavík, en minni kaupstaðir út um land og sveitirnar eigi að bera þar skarðan hlut frá borði?

Jeg vil vekja athygli á því, að þegar frv. þetta var á ferðinni í hv. Nd., greiddu allir Íhaldsmenn atkv. með því, að Reykjavík nyti þessara fríðinda, en á móti því, að alþýðuskólar út um land yrðu sömu rjettinda aðnjótandi, svo sem Hafnarfjarðarskólinn, Borgarfjarðarskólinn, Vesturlandsskólinn, Laugaskólinn og tveir væntanlegir skólar, sem búast má við að komist upp þegar á næsta eða næstu árum.

Það getur vel verið, að hæstv. stjórn hafi ekki viljað fara lengra að þessu sinni, eins og hún mun hafa látið í veðri vaka í hv. Nd. En mjer finst, að hitt geti eins verið meining hæstv. stjórnar, að taka Rvík eina út úr og demba

allri alþýðufræðslunni þar á ríkið, en láta svo hina skólana verða útundan. Þó að það kynni að hafa vakað fyrir hæstv. stjórn að auka ekki eyðslu meira en þarna er farið fram á, þá held jeg, að alt þetta fyrirkomulag sje vanhugsað og af vanefnum gert, því það er ekki hægt að færa nein skynsamleg rök að því, að Rvík eigi frekari heimting á þessu heldur en aðrir landshlutar. Enda hljóta hjeruðin að keppa að því, að þetta komist í kring, úr því að fordæmið er skapað.

Þessum spurningum vildi jeg fá svarað, áður en frv. verður vísað til 2. umr. og nefndar, sem jeg á sæti í, enda mundi svarið geta haft talsverð áhrif á afgreiðslu málsins.

Að lokum vildi jeg svo bæta einni spurningu við, sem sje þeirri, hvað hæstv. stjórn hefir hugsað sjer að þetta gengi fljótt fyrir sig, hvenær hún ætlaðist til, að þessari stórbyggingu, sem er fáeinum metrum styttri en landsspítalinn, verði lokið, og hvort ekki þurfi að reisa tvö hús, annað fyrir verklega kenslu.

Sömuleiðis vildi jeg fá upplýsingar um, hve mikið fje hæstv. stjórn hefir hugsað sjer að ríkissjóður þyrfti að leggja í bygginguna. Öllum þessum spurningum vænti jeg að hæstv. stjórn svari nú þegar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. hefir gengið í gegnum hv. Nd., og þó að allir væru ekki sammála um einstök atriði þess, hjelt það leiðar sinnar með mjög litlum breytingum. Vænti jeg, að eins fari hjer, og leyfi jeg mjer að mælast til, að frv. verði vísað til hv. mentmn., þegar lokið er þessari 1. umr.

Út af spurningum hv. 1. landsk., þá get jeg vísað til þess, sem jeg sagði um málið í hv. Nd. Þar lýsti jeg því yfir, að stjórnin ætlaði sjer að leggja fyrir næsta þing lagafrv. um skipulag unglingafræðslunnar í landinu. Ástæðan til þess, að þessi leið var farin, að taka Rvík út úr nú, var sú, að svo margir aðilar standa að þessu máli hjer og eiga að safna fje, í þeim tilgangi, að samskólinn komist upp, en ekki hægt að vita nú, hvernig þeim tekst sú fjársöfnun. Mjer skildist, að hv. 1. landsk. teldi lengra gengið með þessu frv. um fjárframlag til þessara skóla en venja hefir verið um alþýðuskóla. En jeg held, að það sje gengið skemra. Hjer er t. d. vjelstjóraskólinn tekinn með, sem ríkið kostar alveg, og hann verður altaf dýr, vegna vjelahússins, sem hann þarf og ætlast er til, að verði bygt. Gert er ráð fyrir, að tillag ríkissjóðs til samskólabyggingarinnar nemi um 250 þús. krónum. En húsameistari ríkisins hefir áætlað, að vjelasalurinn fyrir vjelstjóraskólann gæti ekki kostað minna en í kringum 150 þús. krónur. Það er því ekki rjett, að með frv. sje lengra gengið en venja er til, enda viðurkendi fræðslumálastjóri, hv. þm. V.-Ísf., undir umr. í Nd., að skemra væri gengið.

Þá virtist hv. 1. landsk. lengra gengið en áður að því leyti, að kennarar við samskólann skuli skipaðir af stjórninni og að laun þeirra greiðist úr ríkissjóði. En þó að svo verði, veit jeg ekki, hvort svo langt er gengið sem hann vill vera láta, því að nú er það svo, að ríkið leggur fram ⅔ alls kostnaðar við skólana. Jeg get ekki sjeð, þó að skólakennararnir sjeu ráðnir af stjórninni og launaðir að mestu leyti af ríkinu, að það breyti miklu frá því, sem nú tíðk-

ast um rekstur skólanna. Enda eru það svo margir aðilar, sem standa að samskólanum, að hann hlýtur að verða rekinn eins mikið af þeim og ríkinu. Annars mætti geta þess hjer, að mentmn. hv. Nd. feldi sig betur við það fyrirkomulag, sem stundið er upp á í frv., heldur en það, sem notast hefir verið við. Og væri gott að fá sömu yfirlýsingu frá mentmn. þessarar hv. deildar.

Jeg drap lítils háttar á það í upphafi ræðu minnar, hvers vegna þessu hefði verið flýtt, að taka Rvík út úr og bera fram þetta samskólafrv. En það má telja aðra ástæðu, sem einnig var þess valdandi, og það er hina miklu aðsókn að mentaskólanum, sem hefir farið svo vaxandi síðari árin, að skólinn verður að leigja húsnæði úti í bæ fyrir nemendur sína. Og að mentaskólinn yfirfyllist svona, stafar af því, að hjer vantar unglingaskóla. Foreldrar, sem vilja láta börn sín njóta framhaldsnáms, geta ekki látið þau annað fara en í mentaskólann. Þetta teygir líka fleiri inn á mentabrautina en holt er fyrir þjóðfjelagið. Margir unglingar eru svo skapi farnir, að þeim þykir leiðinlegt að skilja við fjelaga sína, eftir að hafa orðið þeim samferða gegnum neðri bekkina, og halda svo áfram, þó að þeir hefðu í rauninni ef til vill kosið annað fremur.

Þá spurði hv. 1. landsk., hvenær yrði bygt hús það, sem frv. nefnir. Því get jeg ekki svarað. Þarna er um marga aðila að ræða og tekið fram í frv., að ekki verði ráðist í bygginguna fyr en þeir hafi allir komið sjer saman. Alþingi er einn aðilinn og getur eitt ráðið því, hvenær af framkvæmdum verður. Þeir bjartsýnustu segja, að líklegt sje, að byrjað verði á byggingunni á næsta ári, en ekki vil jeg spá neinu um það. Hins má geta, að borgarstjórinn í Rvík, sem þessu máli er manna kunnugastur, telur, að ekki muni hægt að byrja á skólabyggingu þessari fyr en lokið er við að reisa nýja barnaskólann hjer í bænum. En úr því mundi hægt að byrja.

Þá spurði hv. 1. landsk., hvers vegna ekki hefði verið hægt að taka upp í frv. alþýðuskóla þá, sem hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Eyf. báru fram brtt. um við 3. umr. málsins í hv. Nd. Það var nú skýrt frá því þar, og meira að segja sjálfur fræðslumálastjórinn, hv. þm. V.-Ísf. benti flm. á, að þetta væri ekki hægt, vegna þess að það væri svo illa undirbúið, ekki nógu hugsað og komið alt of seint, auk þess sem einni fræðslugrein væri alveg slept, sem þó hefði sjálfsagt verið rjett að taka með. En það var húsmæðrafræðslan.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, og má þó vel vera, að jeg hafi gleymt að svara einhverju, sem um var spurt. En sje svo, geri jeg ráð fyrir, að hv. 1. landsk. muni minna á það, og reyni jeg þá að bæta úr því, eftir því sem hægt er.

Jónas Jónsson: Jeg sje, að orðið hafa straumhvörf um þessi mál við fráfall stjórnarformannsins í sumar. Jeg veit, að hæstv. atvrh. (MG) man svo langt, að í fyrra vildi stjórnarformaðurinn ekki ganga inn á þetta, taldi ekki fært að bæta meiru á ríkið en komið er af fræðslukostnaði unglinga.

Núverandi hæstv. kenslumálaráðh. lýsir því nú yfir, hvað ofan í annað, að hann ætli að halda áfram á þessari braut, að taka alla skóla inn í kerfið; en afleiðingin verður þá sú, að þeir komast allir á ríkið. Annars vildi jeg vekja eftirtekt á því, að það er engin

ný regla, að ríkið leggi ⅖ af mörkum af stofnkostnaði nýrra skóla. Sú regla var upp tekin, þegar Laugaskólinn var reistur, að ríkið legði fram ⅖ kostnaðar gegn ⅗ annarsstaðar frá. En nýjungin við þetta samskólafyrirkomulag er sú, að kennararnir eru ráðnir af ríkisstjórninni og launaðir af ríkinu, að mestu leyti. Í þessu liggur stefnubreytingin, frá því sem áður var, og með þessu aukast gjöld ríkissjóðs til stórra muna. Og með þessu breytta skipulagi er verið að færa embættisvæðin a yfir í skólana — þessa vœrð, sem landskunn er orðin og jeg hefi margoft vikið að í öðru sambandi.

Hæstv. kenslumálaráðh. þarf ekki að gera sjer í hugarlund, að þær vonir hans rætist, að skólarnir verði ódýrari í rekstri, eftir að ríkið hefir tekið þá að sjer, en verið hefir áður. Í því sambandi þarf ekki nema að minna á Flensborgarskólann í Hafnarf. Hæstv. mentamálaráðh. ætti að athuga, hvað sá skóli hefir kostað, og hvað hann mundi koma til með að kosta, eftir að breytingin væri komin á. Með þessu er jeg alls ekki að mæla bót, hvernig búið hefir verið við kennara Flensborgarskólans. Því að laun þeirra hafa verið smánarlega lág og illa með þá farið — laun þeirra stundum verið um 13—1400 krónur á ári og þar í kring. Hæstv. ráðh. hlýtur því að sjá, hve mikið launin við þennan skóla koma til með að hækka, eftir því skipulagi, sem frv. fer fram á. Og svona mundi víðar fara, að ekki yrði hjá því komist að samræma kennaralaunin við alla þá skóla, sem falla undir þetta breytta skipulag, en það mundi hafa afskaplega hækkun í för með sjer fyrir ríkissjóð. Þó að Hinn almenni mentaskóli hafi vaxið óeðlilega mikið, þá er það ekki eftir skipulagi hans. En jeg get ekki betur skilið en að með frv. þessu sje verið að búa til fyrirkomulag, sem hljóti að verða þess valdandi, að skólarnir geti vaxið eftir þörfum. Það er sagt berum orðum, að kennurum geti fjölgað, eftir því sem þurfa þykir. Hjer gæti svo farið, að byrjað væri t. d. með 20 kennurum, en svo gæti sú tala hækkað upp í 30 á næstu árum og jafnvel tvöfaldast við það, sem byrjað var með, á tiltölulega fáum árum. Þetta ber í sjálfu sjer ekki að lasta, því að það sýnir fróðleiksþrá alþýðunnar, og get jeg því vel trúað, að hvaða fræðslumálastjóri sem er mundi gleðjast yfir þessu. En hitt get jeg ekki skilið, að menn, sem lögðust á móti 100 kr. styrk til ferjunnar á Hrosshyl, skuli með glöðu geði geta gengið inn á þessa braut í sparnaðarskyni. En þetta gerðu þeir í hv. Nd., festir Íhaldsmennirnir. Það gleður mig, ef þetta er af skilningi gert gagnvart unglingafræðslunni, og að sömu rjettinda megi vænta sveitunum til handa. En ef skólarnir hjerna í Rvík vaxa eftir þörfum, og engar hömlur settar fyrir því, að svo geti orðið, og segjum svo, að við löggiltum eina 5 skóla utan Rvíkur, en uppfyltum ekki þá þörf þeirra, að geta vaxið eftir þörfum, þá er komið ranglæti móts við það, sem Rvík hefir borið úr býtum. Við getum t. d. gert ráð fyrir, að þm. Snæf. komi til ríkisstjórnarinnar og segi, að nú sje búið að safna fje um Snæfellsnes, Dali og víðar til þess að reisa skóla á Helgafelli, og virðist hann þá, eftir þessu skipulagi frv., eiga heimting á að fá úr ríkissjóði ⅖ stofnkostnaðar og fasta kennara eftir þörfum. Það verður ekki hægt að afsaka sig með því, þegar til orða

kemur að stofna nýja skóla, að Núpsskólinn sje fyrir Vesturland, Flensborgarskólinn fyrir Suðurland og Laugaskólinn fyrir Norðurland. Nú stendur svo á um alþýðuskólann á Laugum, sem Jón heitinn Magnússon vildi ekki taka á ríkið, að hann rúmar ekki nema 50—60 nemendur, en margfalt fleiri sækja um upptöku í hann á hverju ári. Er því auðsæ þörfin um að stækka hann, enda ætti að vera hægt að láta hann vaxa eftir því sem frv. ætlast til. Vildi jeg því gjarnan mega væna svars hæstv. ráðh. (MG) um þetta, og hvort hann líti ekki svo á, að óhjákvæmilegt sje að stækka Laugaskólann, svo að ekki þurfi að neita tugum mentunarfúsra unglinga um upptöku í hann.

Það verður óhjákvæmilegt, ef frv. þetta verður samþ., að ríkið taki að sjer á næstu árum Flensborgarskólann, Hvítárbakkaskólann og skólann á Núpi í Dýrafirði. Jeg þykist vita, að stjórnin láti sjer ekki detta í hug, að ófæddur skóli gangi fyrir þessum skólum með framlög til fastakennara o. s. frv. Jeg vil vekja athygli hæstv. stjórnar á því, að það er undarlegt, að sama stjórnin, sem neitaði í fyrra útborgun til skólans í Árnessýslu, og braut þar með lög landsins, skuli nú bera fram slíkt frv. sem þetta, þar sem enginn viðbúnaður er til þess, að það komi að gagni. (**Atvrh. MG:** Enginn viðbúnaður?) Nei; það er aðeins einn kennari, sem hefir athugað málið og borið fram hugmyndina. en bæjarstjórn Rvíkur hefir ekkert gert, aðeins lýst yfir því, að hún væri hugmyndinni hlynt. En hvort hægt sje að koma hjer upp slíkum skóla, hefir hún ekki látið sjer detta í hug að athuga.

Spurningu minni um það, hvenær ætti að reisa skólann, svaraði hæstv. ráðh. svo, að það væri háð ýmsum fjárhagsatriðum, en líklega yrði þó ekki byrjað á því að ári. Jeg vil þá benda á, að við erum hjer með stórbyggingu í smíðum, sem við verðum að ljúka á næstu 3 árum. Verður það um miljón króna, er við þurfum að leggja til hennar á þeim árum. Jeg hygg, að þetta sje svo mikið fje, að við sjáum okkur ekki fært að leggja í margar slíkar stórbyggingar. En jeg heyrði á ræðu hæstv. atvrh., að stjórnin hefir ekki hugmynd um, hver kostnaðurinn við skólabygginguna verður. Það er sama sagan eins og með viðbótarbygginguna á Kleppi, sem gert var ráð fyrir að kosta *mundi* 50—100 þús. kr., en það fje hrökk aðeins fyrir grunnstæðinu. Jeg hygg líka, að hæstv. stjórn hugsi ekki út í það, að með þessu frv. er hún að skapa hættu um það, að ekki verði hægt, fjárhagsins vegna, að ljúka við í rjettan tíma þær nauðsynlegu byggingar, sem við erum nú með. Bæjarstjórn Rvíkur hefir sagt, að hún vilji byrja á samskólanum, þegar hinn nýi barnaskóli er fullger. Mjer er sagt, að það geti dregist lengi. Þarna hefir þó bæjarstjórn vaðið fyrir neðan sig, en hæstv. landsstjórn vill enn einu sinni gefa út víxil „in blanco", vill ráðast í þetta fyrirtæki, hvað sem landsspítalanum líður.

Með þessu hefi jeg gefið hæstv. kenslumálaráðh. tilefni til að gefa hv. deild upplýsingar um málið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg veit ekki, hvort hv. 1. landsk. er það nokkuð kærkomið, að fá upplýsingar í málinu. Hann byrjaði á því að staðhæfa, að straumhvörf hefðu orðið síðan Jón Magnússon fors-

rh. fjell frá. En eins og jeg tók fram áður, hefir stjórnin altaf talið það vafasamt, að rjett væri að gera að ríkisskólum þá skóla, er hv. 1. landsk. nefndi, svo að hjer er ekki um nein straumhvörf að ræða.

Jeg skal þá, vegna þeirrar nefndar, er fær mál þetta til meðferðar, svara því, er nokkru máli skiftir í ræðu hv. 1. landsk.

Hann spurði, hvort ekki væri ætlast til, að skólar í sveitum hefðu sömu hlunnindi og þessi skóli af hálfu ríkisins. Ójú, og þeir fá meira til, því að það ætti hv. þm. (JJ) að muna, að einn þann skóla verður ríkið að kosta að öllu leyti, og aðrir ungmennaskólar úti um land fá meiri styrk úr ríkissjóði en þessum skóla er ætlaður.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að þetta fyrirkomulag, að hafa samskóla, mundi verða dýrara en núverandi fyrirkomulag, og tók þar til samanburðar Flensborgarskólann. Við greiðum nú þeim skóla 16 þús. kr. á ári. (JJ: Kennarar þar eru á lágum launum.) Dæmið er rangt hjá honum fyrir því, og jeg veit ekki, hvort það er svo eftirsóknarvert, að hafa kennara á 1200 kr. árslaunum. Hv. þm. gekk út frá því, að svo gæti farið, að 40 yrðu kennarar við þennan skóla eftir nokkur ár. Jeg skal ekkert deila við hann um þetta, en jeg geri harla lítið úr þeirri getgátu. Jeg skil ekki annað en það sje hægðarleikur fyrir fræðslumálastjóra að hafa þar hönd í bagga, en þetta gæti skilist sem vantraust hv. þm. á flokksbróður hans, núverandi fræðslumálastjóra, sem er frv. þessu fylgjandi, þótt það sje komið frá öðrum en honum.

Þá sagði hv. þm., að sumir skólar í sveit hefðu átt erfitt með að fá ⅖ hluta byggingarkostnaðar úr ríkissjóði. Jeg mótmæli þessu, því að þeir hafa allir borið jafnt úr býtum. En svo skildist mjer á hv. þm., að hann hjeldi því fram, að aðrir landshlutar yrðu að bíða eftir Rvík með að fá ungmennaskóla. Þetta er ósatt. En þegar á að fara að koma á nýju kerfi um ungmennafræðsluna, þá verður Rvík ekki sett hjá, þar sem þeir, er kenslunnar eiga að njóta, eru mörgum sinnum fleiri hjer heldur en í ýmsum sveitum.

Þá sagði hv. þm., að stjórnin hefði brotið lög á Árnesingum í fyrra, með því að veita ekki fje til hins fyrirhugaða skóla þar. Hann veit þó vel, hv. þm., að það komu áskoranir frá sýslubúum um að fresta málinu, og þar sem skólinn á að verða hjeraðseign, fæ jeg ekki skilið, hvernig hv. þm. getur haldið því fram, að hjer hafi verið framið lögbrot. Það þurfti að fresta málinu, vegna þess hvað mikill hiti var kominn í það — og það ætti hv. þm. ekki að vera ókunnugt um, því að hann lagði sitt lið til þess að gera þetta mál að æsingamáli. Og það var versí fyrir skólahugmyndina, að hafa andúð fjölmargra sýslubúa.

Enn spurði hv. þm., hvort hægt væri nokkuð að spara við mentaskólann, og get jeg svarað því, að jeg geri ráð fyrir, að það verði hægt og verði gert. Það er erfitt að vísa nemendunum frá skólanum, meðan ekki er hægt að vísa á neina aðra mentastofnun. En þegar hún er fyrir hendi, er það miklu hægra. Þá vildi hv. þm. halda því fram, að heimavistirnar mundu auka aðsókn að mentaskólanum. En jeg held nú, að það verði ekki. Það má vera, að fleira komi af sveitapiltum; þeim eru þær ætlaðar, og um þá er það að segja, að það er

vanalega hin mikla mentaþrá, sem knýr þá af stað til námsins, og yfirleitt eru þeir efnilegustu mennirnir, svo að það er fengur að fá þá í skólann. — Þá talaði hv. þm. um fjárframlag til landsspítalans og hjelt, að hann yrði að sitja á hakanum, meðan verið væri að koma samskólanum upp. En það stendur í frv., að byggja skuli yfir samskólana, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum. Hann gerir lítið úr Alþingi, ef honum getur dottið í hug, að þingið fari að veita fje til þessa, ef það getur ekki staðið við samninga sína um byggingu landsspítalans. Nei, það verður auðvitað staðið við gerða samninga um bygging landsspítalans, meira að segja, ef hart er í ári, er heimilt að taka lán til þess að geta það.

Um stofnkostnaðinn er það svo, að ríkið hefir greitt ⅖ af stofnkostnaði skóla út um land. (**JJ**: Ekki í Flensborg.) Nei, en það var gjöf. Ætlast hv. þm. til, að ríkið endurgreiði erfingjum gefandans nokkuð af þeirri gjöf? (**JJ**: Bæta við skólann.) Um það liggur engin beiðni fyrir.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að leggja þá spurningu fyrir hæstv. stjórn, hvort hún ætli ekki að ákveða tölu skólanna. Hjer eru nú til 4—5 ungmennaskólar. Eigum við að löggilda þá og þar með búið? Hjer er gefið undir fótinn; ef Rvík vill bæta við sína skóla, þá verður landið að fylgja með. Ef frv. verður samþ. þannig, má búast við, að við verðum að fara með unglingafræðsluna eins og barnafræðsluna, að bæta stöðugt við húsrúmi og kennurum eftir þörfum. Jeg vildi gjarnan heyra álit hæstv. stjórnar um það, hvort hún er við þessu búin. — Viðvíkjandi Hallormsstað skal jeg geta þess, að það kemur fram till. um það mál, en ekki um ákveðið skipulag. Hvort t. d. eigi að vera 2 húsmæðraskólar, eins og bændaskólar. Um það hefir engin uppástunga komið fram.

Jeg vildi aðeins minnast á eitt atriði enn, sem mjer finst vera gat í frv. Frv. verður varla skilið öðruvísi en svo, að allir kennararnir verði fastir starfsmenn, svo að farið geti eins og sagt er að sje á Hólum núna, að kennarar sjeu jafnmargir og nemendur. Það er auðsætt, að ef aðsókn að einhverjum skóla minkar til muna, verður að leggja kenaraembættin niður sem því svarar. — Annars ætla jeg ekki að ræða þetta frekar við þessa umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hjelt, að jeg hefði tekið það nógu skýrt fram áðan, að jeg ætlaðist til, að svipaðar reglur og upp verða teknar í Rvík eigi að gilda alstaðar á landinu. Hvað kennarafjöldann snertir, þá er það alls ekki mín meining að hafa svo marga kennara, að þeir hafi ekkert að gera. Það er fjarri því, og munu áreiðanlega verða gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að fyrirbyggja það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentmn með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 341).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., sama dag, var frv. aftur tekið til 2. umr., og á þeim sama fundi var útbýtt nál. meiri hl. á þskj. 638.

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál., og leitaði forseti afbrigða um að málið mætti koma til umr.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg vil aðeins taka það fram, að í dag hafa verið haldnir tveir nefndarfundir um þetta mál; ítarlegar skýrslur hafa komið fram frá hlutaðeigandi mönnum, en enginn tími hefir gefist til að vinna úr þeim. Jeg verð þess vegna að greiða atkv. á móti því, að afbrigði verði leyfð um þetta mál.

Afbr. heimiluð af stjórninni, en synjað af deildinni með 4 : 9 atkv.

Á þessum sama fundi var slitið störfum deildarinnar, og varð frv. ekki á dagskrá tekið framar.

2. Atvinna við siglingar.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Með því að hæstv. atvrh. (MG) er veikur, leyfi jeg mjer fyrir hans hönd að vísa til aths. við frv. og leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 26 fundi í Nd., 10. mars, var útbýtt nál. minni hl. á þskj. 147. Nál. kom ekki frá meiri hl., og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Strandferðaskip.

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips (þmfrv., A. 72).

Á 20. og 22. fundi í Nd., dagana 3. og 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það má rjettilega svo að orði kveða, að gamall gestur sje á ferðinni, þar sem er frv. þetta, um byggingu og rekstur strandferðaskips, því að strandferðamálið hefir verið hjer á dagskrá síðan fyrir aldamót, eða síðan strandsiglingar hófust. Að vísu var ekki gerð alvarleg tilraun um að koma á innlendum strandferðum fyr en laust fyrir stríðsbyrjun, eða þegar tilraunin var gerð til þess að kaupa Austra og Vestra. Sú tilraun mistókst, illu heilli, þótt um eitt skeið liti vel út með hana, en þingið 1913 ákvað þá að útvega tvö strandferðaskip og láta þau annast strandferðir umhverfis land, ef ekki næðust samningar við

Eimskipafjelag Íslands um að það tæki að sjer ferðirnar með tveim skipum gegn 400 þús. kr. famlagi til þeirra, eða byggingarinnar, úr ríkissjóði.

Þingið 1913 hafði fyrir augum svipaða tilhögun um strandferðirnar eins og meðan Thorefjelagið annaðist þær og hafði hjer þrjú skip í strandferðum, eða sjerstakt skip til þess að sigla á hinar vandgæfari smáhafnir austan og norðan lands. Þingið batt fjárveitingu og framkvæmd laganna við árið 1916, og skyldu skipin þá komin í strandferðir. En svo kom stríðið og breytti öllu þessu, svo að lögin frá 1913 komust ekki í framkvæmd og engar reglulegar strandferðir fyr en löngu seinna, eða þá fyrst, er ráðist var í það 1917 að kaupa Sterling. Það var þá líka stríðsástandið, sem olli því, að ekki var útvegað nema þetta eina skip. Er því framkvæmd laganna frá 1913 ekki komin lengra enn í dag en að við höfum aðeins eitt strandferðaskip, þar sem Esja er, en hún kom í staðinn fyrir Sterling, eftir að það skip týndist.

Það, sem stefna verður að, er að koma strandferðunum í líkt horf eða ekki lakara en þær voru í fyrir stríð. Því að þótt nokkuð hafi að sumu leyti áunnist með strandferðum millilandaskipanna, þá tekur það helst til stærri hafna. Millilandaskipin eru ekki fleiri nú en þau voru áður, þegar Thorefjelagið og „Sameinaða" höfðu 5—6 skip í förum hingað, og stundum fleiri. Hjer hefir því í raun rjettri orðið afturför í samgöngum með ströndum fram, síðan fyrir stríð.

Árið 1925 var skipuð milliþinganefnd til þess að athuga þetta mál, og skilaði hún áliti sínu á síðasa þingi. Voru tillögur hennar í 5 þáttum og breytilegar, svo að Alþingi gæti valið úr eftir ástæðum. Aðaltillögurnar lúta að skipakaupum, en Alþingi fjelst á síðustu till., sem var um það, að leigja skip að haustinu til strandferða með Esju. Var það svo gert, en af því varð sáralítill árangur, vegna þess að skipið var ófullnægjandi, bæði um stærð og útbúnað, og sigldi áætlunarlaust. Kom því stundum fyrir, að menn frjettu fyrst um ferðir þess, þegar það var komið fram hjá viðkomustöðunum og erindin orðin eftir.

Það er oftlega deilt um það, hvort þörf sje á auknum strandferðum, og halda sumir því fram, að millilandaskipin bæti svo úr samgönguþörfinni, að eitt strandferðaskip í föstum ferðum nægi. En eins og jeg áður tók fram, eru millilandaferðir nú ekki fleiri eða meiri en þær voru fyrir stríð, enda eru skipin nú færri heldur en þau voru þá. Og hitt skiftir þó mestu máli, að millilandaskipin sigla aðallega á þær hafnir, þar sem mest er flutningsvon, en smáhafnirnar verða útundan. Jafnvel þær hafnir ýmsar, sem höfðu hálfsmánaðar skipaferðir fyrir stríð, hafa á síðasta ári fengið viðkomur á 4—6 vikna fresti. Og reyndin er sú, að því tíðari sem skipaferðir eru til stærri hafnanna, því lakar verða minni hafnirnar settar, hlutfallslega. En það sem mestu skiftir í þessu efni er einmitt að koma þeim í reglubundið og stöðugt samband við hafnarstaðina stærri. Jeg vil t. d. benda á, og held því fram í fylstu alvöru, að öruggasta ráðið til þess að hindra útstreymi fólks úr sveitunum sje einmitt að láta það finna sem minst til einangrunar og greiða götu allra viðskifta með samgöngum. Samgöngur á landi kosta bæði mikið fje og eru erfiðar, og um mörg hjeruð lands-

ins er það svo, að ekki getur verið um að tala neinar verulegar samgöngubætur nema á sjó.

Jeg veit það fyrirfram, að aðalmótbárurnar gegn frv. þessu verða eins og áður þær, að ekki sje til fje til að ráðast í skipakaupin. En því er til að svara, að upphaflega áformið frá 1913 var miðað við lántöku, og hjer er því, eins og oftlega áður, ráðgert að nota lán í bili. Það er ekki viðurhlutameira í þessu máli heldur en ýmsum öðrum. Jeg vil ekki fara að bera þetta litla frv. saman við annað frv., sem fram er komið í þinginu og ráðgerir margfalt stærri lántöku, gerir ráð fyrir miljónaláni vegna járnbrautarlagningar austur yfir heiði. Sú samgöngubót er vissulega dýr, og hún tekur ekki nema til lítils hluta landsmanna, en þessi samgöngubót, sem hjer er farið fram á, kemur öllum landslýð að notum.

Jeg álít ekki þörf á að fjölyrða mjög um þetta mál, því að á síðasta þingi var flest tekið fram, sem þurfti, þessu efni viðvíkjandi. Nokkrir þm., sem e. t. v. eru þessu máli ekki fylgjandi, hafa látið svo um mælt, að fáar fundarsamþyktir hafi komið fram, sem að þessu hafi lotið. En slíkar samþyktir hafa, eins og vænta má, nær því undantekningarlaust komið frá hinum afskektari sveitum, þar sem fæstir þingmálafundir eru haldnir. Kauptúnin stærri finna lítið til einangrunar og bera því síður fram óskirnar um auknar strandferðir. Millilandaskipin fullnægja að svo miklu leyti þörfum þeirra.

Af því að þetta er 1. umr., mun jeg ekki fara frekar út í málið. Jeg býst við, ef það kemst til 2. umr., að tækifæri verði til að líta á það frá fleiri hliðum síðar og athuga mótbárur.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók ekki eftir, að hv. flm. óskaði eftir að máli þessu yrði vísað til nefndar. Jeg legg því til, að því verði vísað til samgmn. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða málið við 1. umr. Eins og hv. flm. tók fram, var það allmikið rætt í fyrra, og því minni ástæða til að ræða það ítarlega nú. — Viðvíkjandi skipinu, sem fengið var til aðstoðar Esju s. l. haust, skal jeg taka það fram, að ekki var kostur á að fá betra skip. Framkvæmdastjóri Eimskipafjelagsins gerði það sem hægt var í því efni, svo að það er ekki hægt að ásaka stjórnina fyrir þetta. Að skipið hafi siglt áætlunarlaust, er ekki rjett. Áætlun var samin og birt, áður en ferðir hófust.

Jón Kjartansson: Jeg hygg, að það sje nálægt 350 þús. kr., sem ríkið leggur árlega til strandferða. Þó að það sje mikið fje, væri ekkert við því að segja, ef góðar samgöngur kæmu á móti. Við getum ekki búist við að fá góðar samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins, án þess að kosta miklu fje til. Strandlengjan er löng, strjálbygðin mikil og viðkomustaðir strandferðaskipanna margir, en flutningur oft lítill á hvern stað. En 350 þús. kr. er líka mikið fje, og áður en ráðist er í að bæta við annari upphæð jafnhárri, er rjett að athuga, hve vel er varið fje því, sem fer til strandferða. Ef í ljós kæmi, að því væri ekki allskostar vel varið, væri full nauðsyn á að kippa því í lag. Jeg hygg, að við nánari athugun muni sjást, að mikið vantar á, að öllu því fje, sem veitt er til strandferða, sje vel varið.

Hv. þm. A.-Sk. er einn meðal flm. þessa frv. Jeg get vel skilið, að svo er,

því að Hornafjörður hefir ætíð orðið mjög útundan að því er strandferðir snertir. En það er ekki eingöngu Alþingi að kenna. Það er ekki langt síðan að Alþingi reyndi að bæta úr samgönguvandræðum við Hornafjörð, með því að leggja 8000 kr. til Austfjarðabáts. Jeg veit ekki til, að hann hafi komið fram, sem slíkur. Fjeð mun hafa verið afhent sýslunefnd og hún úthlutað því til tveggja atvinnurekenda á staðnum, er síðan skyldu halda uppi stöðugum ferðum. En það er auðskilið, að samgöngur geta aldrei orðið góðar þarna, ef ekki er annað fyrirkomulag haft á ferðum þessum. Jeg skal geta þess, að upphæðinni til Hornafjarðarbáts hefir verið skift þannig, að Þórhallur Daníelsson á Hornafirði mun hafa fengið 3000 kr., en Kaupfjelag Austur-Skaftfellinga 5000 kr. Mjer er tjáð, að Þórh. Daníelsson hafi haldið uppi sæmilega reglubundnum ferðum vikulega um alla Austfirði, um tímabilið febr.— júlí, farið alls um 30 ferðir. Virðist hann því ekki ofsæll af sínum hluta styrksins. En um kaupfjelagið er mjer tjáð, að það hafi haldið uppi ferðum aðeins um einn mánuð að haustinu til, októbermánuð. Það hafi farið 4—5 ferðir, og þá aðeins til Fáskrúðsfjarðar. Ef hjer er rjett frá skýrt, er engin furða, þó að kvartað sje. Jeg vil beina því til hv. samgmn. og hæstv. stjórnar að athuga þetta mál.

Um strandferðirnar yfirleitt mætti margt segja, og margt þarf þar lagfæringar við annað en þetta, sem jeg hefi nefnt. Við fáum aldrei góðar samgöngur með ströndum fram fyr en við afhendum Eimskipafjelaginu þær að öllu leyti. Við höfum eins og stendur eitt strandferðaskip, sem ríkið á, en Eimskipafjelagið annast útgerð á. Auk þess höfum við eina 10 flóabáta og líklega jafnmarga útgerðarstjóra. Þetta getur aldrei blessast. (Trþ: Þjóðnýting!). Skipulag getur verið gott, þótt ekki sje það þjóðnýting. Og þarna held jeg einmitt að ríkið ætti að afsala sjer sínum hlut í hendur Eimskipafjelagsins. Strandferðirnar verða aldrei í góðu lagi, fyr en Eimskipafjelagið tekur þær að fullu í sínar hendur. — Jeg get búist við, að einhver kunni að halda því fram, að fækka megi flóabátum, ef bætt sje við strandferðaskipi. En jeg tel mjög vafasamt, að það verði hægt. Flóabátarnir eru einmitt framtíðar-strandferðatækin. Þess verður að gæta, að breyting á millilandaflutningi hefir gerbreytt þörfunum til strandferða. Áður var það svo, að Reykjavík var nálega eina höfnin á landinu, sem aðalmillilandaferðirnar voru bundnar við. Þarfir manna í öðrum landshlutum miðuðust þá fyrst og fremst við það, hversu góðar samgöngur þeir höfðu við Rvík. Nú er þetta gerbreytt. Nú hafa hafnir út um land tekið mikið af millilandaflutningunum, svo að hjeruðunum er meiri nauðsyn á greiðum samgöngum við útflutningshöfn sína heldur en við Rvík. Og það er hlutverk flóabátanna að annast þær samgöngur.

Jeg held, að það væri fljótræði að ráðast í byggingu strandferðaskips, sem bæði mundi kosta mikið fje og verða dýrt í rekstri. En skipulagið með flóabátana getum við ekki komist hjá að bæta. Tilgangur minn, er jeg stóð upp, var sá, að beina því til hv. samgmn. og hæstv. stjórnar að lagfæra það, sem miður hefir farið um rekstur flóabáta. Jafnframt vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh., hvort ekki sje

regla, að stjórninni sjeu gefnar skýrslur um rekstur flóabáta.

Jón Auðunn Jónsson: Það er rjett hjá hv. flm., að þetta frv. er gamall kunningi. Jeg bjóst þó tæplega við, að slíkt frv., sem fer fram á stórfelda lántöku handa ríkisjóði, mundi koma frá mönnum, sem beita sjer móti lántöku handa Landsbankanum til þess að styrkja atvinnuvegina.

Því neitar enginn, að æskilegt væri að bæta strandferðirnar, þó aðeins í fáum hjeruðum, ef fje væri fyrir hendi. Þó er það hin mesta blekking að halda því fram, að samgöngur kringum land sjeu lakari nú en fyrir stríð. Það var sýnt með skýrslu í fyrra, að við höfum margfalt fleiri viðkomustaði kringum land og miklu betri skip en áður var. Það er rjett, að einstök hjeruð munu hafa þörf fyrir auknar samgöngur. Svo mun t. d. vera um Suður-Múlasýslu, hluta af Norður-Múlasýslu, og að einhverju leyti Þingeyjarsýslu. Að vísu virðist svo sem þörfin á sumum þessum stöðum sje ekki mjög mikil. Má t. d. nefna Mjóafjörð, þar sem hv. flm. er vel kunnugur. Þar kom Esja 10 sinnum s. l. ár, en flutningsgjald þaðan í þessum 10 ferðum var samtals 305 kr., eða um 30 kr. til jafnaðar fyrir hverja ferð.

Það, sem mjer finst samgmn. þurfi að athuga áður en hún tekur afstöðu til þessa frv., er í fyrsta lagi, hvort ekki er hægt að bæta úr samgönguþörfinni á ódýrari og hagkvæmari hátt en hjer er lagt til. Jeg get fullyrt, að á mörgum stöðum koma flóabátar atvinnurekstri hjeraðanna að miklu meira gagni en stór skip, sem sjaldan eru á ferðinni. Það verður jafnan að leggja áherslu á að koma vörunum sem fyrst á markað, og það verður best int af hendi með flóabátum, sem eru ódýrir í rekstri. Í öðru lagi þarf að athuga, hvað bygging slíks skips, sem hjer er farið fram á, kostar, og sömuleiðis gera áætlun um árlegan rekstur shalla. Síðustu árin hefir rekstur shalli á Esju verið frá 140—270 þús. kr., og hefir hún þó ekki gengið nema 8—10 mánuði ársins. Ef annað skip kæmi, mundi tekjuhalli hennar vaxa, og mundi tekjuhalli beggja skipanna varla verða minni en 400 þús. kr. árlega. Í sambandi við þetta verður að athuga, hvaða akvegabætur mundu bæta úr brýnustu þörf, bæði innan hjeraðs og milli hjeraða. Nú er áformað vegakerfi milli Norður- og Suðurlands, og þegar það er komið í framkvæmd, hverfur vafalaust þörf til bættra samgangna á sjó til mikilla muna. Þeir, sem vilja ferðast milli þessara landshluta, taka vafalaust bifreiðar fram yfir skip, enda verður það ódýrara. Eftir núgildandi taxta um fargjöld með bifreiðum langar vegalengdir, lætur nærri, að fargjaldið eitt sje hið sama og fargjald með skipum. En skipsferð, t. d. til Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, tekur minst 3—4 daga, svo að við fargjaldið bætist fæðiskostnaður og tímatap. Ferðakostnaður verður því vafalaust minni, ef farið er í bifreiðum, og auk þess þykir flestum, ef ekki öllum, þægilegra að ferðast á landi en sjó. Þar sem hjer er um mikið fjárhagsatriði að ræða, verður að athuga, hvaða verklegum framkvæmdum brýnust nauðsyn er á að hrundið verði í framkvæmd um næsta árabil. Jeg held, að engum geti blandast hugur um, að það er margt, sem ganga verður fyrir auknum strandferðum. Jeg skal aðeins nefna, að við eigum sáralítið af brúk-

legum höfnum fyrir fiskiflota okkar. Okkur vantar höfn við Snæfellsnes, en þar er mjög aflasælt og myndi höfn þar auka fiskframleiðslu og minka tilkostnað við veiðina stórlega. Sömuleiðis vantar ýmsar endurbætur á Vestfjörðum. Á s. l. ári voru gerðar nokkrar endurbætur á höfninni á Akranesi, en áður höfðu Akurnesingar orðið að gera báta sína út frá öðrum veiðistöðvum. Nú geta þeir haft bækistöð sína heima. Og hver er árangurinn? Þeir hafa fiskað betur og aflans orðið miklu meiri not. Þeir fullyrða, að þessi endurbót borgi sig fullkomlega á þessari einu vertíð. Þá er bráðnauðsynlegt að leggja síma. Vestfirðingar, og sjálfsagt fleiri, hafa beðið mikið tjón á atvinnuvegi sínum, vegna símaleysis. Þá verður líka að gera sjer hugmynd um, hve miklar tekjur líklegt er að ríkissjóður hafi næstu ár og hve mikil útgjöld hann þolir. Jeg hygg, að öllu athuguðu, að órjett sje að samþykkja þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Og mig furðar stórlega, að það skuli koma frá mönnum, sem segja og meina, að ekki beri að taka stór lán erlendis handa ríkissjóði á næstu árum. — Hv. flm. sagði, að samþyktar hefðu verið áskoranir um bættar samgöngur á mýmörgum þingmálafundum. Jeg hefi farið yfir allar þingmálafundargerðir, sem hjer eru, og ekki fundið samþyktir um þetta efni nema úr þrem hjeruðum. Í tveimur af þessum hjeruðum eru það flm. sjálfir, en ekki fundarmenn, sem bera fram slíka tillögu. (**SvÓ:** En hverjir samþyktu?) Það var samþ. með samhljóða atkv.; en að öðru leyti sjest ekki glögt, hvernig atkvgr. hefir fallið. Það getur hafa verið samþ. með samhljóða atkvæðum tillögumanna og eins manns að auki. Aðeins í einni þingmálafundargerð, úr Dalasýslu, er tekin fram ósk um auknar strandferðir, e f f j á r h a g u r l a n d s i n s l e y f i r þ a ð. Þetta mun eiga að skiljast þannig, að ekki skuli taka lán til byggingar nýs skips, heldur skuli taka fjeð af tekjuafgangi fjárlaganna. Hinsvegar er í þrem þingmálafundargerðum samþ. eindregin mótmæli gegn byggingu nýs strandferðaskips.

Þetta var það, sem jeg vildi beina til hv. nefndar, henni til athugunar, áður en hún afgreiðir málið.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. mars, var f r a m h a l d i ð 1. u m r. um frv.. (A. 72).

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að þurfa að taka til máls um þetta frv. við þessa umr. Hv. aðalflm. (SvÓ) hefir talað svo vel fyrir því, að jeg hefi engu þar við að bæta. Jeg hjelt líka, að frv. mundi ekki mæta neinni sjerstakri mótstöðu við þessa umr., heldur yrði því leyft að ganga hljóðalaust til 2. umr. og samgmn. En þá koma tveir hv. þm. og hefja harða hríð á móti frv., sjerstaklega hv. þm. V.-Sk. (JK), er talaði helst um aukaatriði, er koma þessu máli ekkert við.

Jeg ætla nú ekki að fara neitt út í aðalmálið að þessu sinni, en vil svara hv. þm. V.-Sk. nokkrum orðum. Aðalefni ræðu hans var að sýna fram á, að bátastyrkirnir væru misnotaðir, og dró dæmi af Hornafjarðarbátnum.

Hv. þm. V.-Sk. byrjaði með því að tala um það, hve mikið fje færi til samgangna á sjó, um 350 þús. kr. Svo sagði hann, að rjettara væri að athuga áður en bætt væri við þann kostnað, hvort

öllu því fje sje vel varið. — Og þá kom hann strax að Hornafjarðarbátnum og nefndi hann sem dæmi um misnotkun fjárins. Vildi hann og jafnframt sýna, að ekki væri það Alþingi að kenna, að Hornafjörður væri hafður einn útundan, eins og allir vita að hann er, því að það hefði lagt til Austfjarðabátsins 8000 kr., heldur hefði verið farið gálauslega og ráðleysislega með bátastyrkinn, og það væri Hornfirðingum að kenna. Styrkurinn kæmi ekki að gagni sýslunni, af því að sýslunefndin rjeði meðferð styrksins, og hún veitti hann tveimur atvinnurekendum. Honum væri ennfremur ekki rjett skift, því að til vetrar- og vorferða hafi aðeins verið veittar 3000 kr. Þórhalli Daníelssyni, en kaupfjelagið hafi fengið 5000 kr. fyrir haustferðirnar. En þetta er rangt; styrknum var skift jafnt milli hlutaðeigenda. Þórhallur fjekk 4 þús. og kaupfjelagið 4 þús. Svo hefir það líka ætlið verið, að styrknum hefir verið skift til helminga. Mjer finst þetta vera slæm aðdróttun, bæði til oddvita sýslunefndar, Gísla Sveinssonar sýslumanns, og sýslunefndarinnar, að báðir þessir aðilar sjeu samtaka í því að fara illa með opinberan styrk og verja honum þannig, að hann verði ekki sýslubúum að notum. Mjer finst ekki vera hægt að taka þessu með þökkum. Vissulega hefir sýslunefndin einmitt álitið, að styrksins yrðu mest not á þennan hátt. En það, sem jeg aðallega hjó eftir hjá hv. þm. (JK), var það, að hann hefði ekkert að athuga við annan hluta styrksins en þann, sem kaupfjelagið fjekk, svo að jeg ætla að taka þann hlutann til athugunar.

Hv. þm. sagði, að þær ferðir, sem kaupfjelagið hefði haldið uppi, hefðu ekki fullnægt sýslubúum. Jeg skal þá geta þess, að síðastliðið haust hafði fjelagið á leigu mb. „Faxa“ til ferða milli Hornafjarðar og Fáskrúðsfjarðar aðallega, og kom báturinn á alla firði milli Seyðisfjarðar og Hornafjarðar. Fór „Faxi“ 5 ferðir í okt. og nóv., og þori jeg að fullyrða, að hann var látinn koma á allar hafnir á þessu svæði, þar sem þörf var að hann kæmi, hvort heldur til að taka fólk, hvaðan sem kom og hvert sem það fór, eða til að taka farangur, svo að hans urðu fult eins mikil not eins og þó að hann hefði siglt eftir fastri áætlun, eða jafnvel meiri. Því að með þessu móti var ferðum bátsins aðallega hagað eftir þörfum sýslubúa. Báturinn flutti allar haustvörur frá Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar og tók vörur á öllum fjörðum, hvar sem þurfti með. Auk þessara 5 ferða ljet kaupfjelagið bát fara 12 ferðir innan sýslu til flutninga, 5 ferðir til Suðursveitar og 7 ferðir til Lóns. Þar sem samgöngur eru eins erfiðar og í Skaftafellssýslu, engir vegir út í fjarsveitirnar, ófær vatnsföll o. fl., þá er hin mesta þörf á því, að greiða fyrir flutningum innan sýslunnar á sjó, og það var gert á þennan hátt. Svona var það árið 1926. Árið 1925 var styrkurinn til Hornafjarðarbáts 5 þús. kr., og jafnt skift milli hlutaðeigenda af sýslunefnd. Kaupfjelagið ljet þá fara 8 ferðir milli Austfjarða og Hornafjarðar, og var komið á flestar hafnir milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar. — Nei, það er einmitt undravert, hve miklum samgöngum hefir verið haldið uppi með ekki meiri styrk en þessum. Og jeg skil ekki, að nokkur sýslubúi geti borið annað en að ferðunum hafi verið hagað þannig, að þær yrðu að sem mestum notum öllum, sem á þeim þurftu að halda.

Jeg skora nú á hv. þm. V.-Sk. (JK)

að segja, hver hafi sagt honum, að ferðunum hafi verið illa hagað. Jeg skil ekki, að hann hafi sjálfur nokkra tilhneigingu til að vilja spilla fyrir styrk til okkar. En rjett er, að hann komi með þann mann í dagsljósið, sem hefir frætt hv. þm. um, að það sje eiginlega kaupfjelaginu að kenna, hve slæmar samgöngur við höfum.

Mjer skildist á hv. þm., að hann teldi, að betra væri að veita einhverju útgerðarfjelagi styrkinn; það kæmi sýslubúum betur að liði. Það getur nú vel verið, þótt jeg telji, að honum yrði þá ekkert betur varið en þótt sýslunefndin hafi hann í sínum höndum. Útgerðarfjelagið „Faxi" hefir nú sótt um ferðirnar í ár og fer fram á 8 þús. kr. styrk, eins og verið hefir. Áætlun liggur fyrir. Fjelagið hygst byrja ferðir sínar 1. mars og fara 4 beinar ferðir milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar frá því í mars og þangað til í maí. Þeim ferðum á að haga með tilliti til fiskflutnings og útgerðarinnar, eins og gert hefir verið áður. Auk þessara ferða ætlar svo fjelagið að láta bátinn fara 3—4 strandferðir á sama tíma. Svo á báturinn að hætta ferðum 25. maí og byrja aftur 1. okt. og fara á tímabilinu 1. okt. til nóvemberloka 5 ferðir milli Fáskrúðsfjarðar og Hornafjarðar, með viðkomu á ýmsum höfnum. Þetta er svipað og verið hefir áður. Nú get jeg fullvissað hv. þm. V.-Sk., að þótt aðrir fengju þessar ferðir, kæmi styrkurinn alls ekki betur að notum, nema síður væri, og ekki mundi „Faxi" eða aðrar slíkar bátaútgerðir taka að sjer flutningaferðir í Lón og Suðursveit, ásamt ferðum milli Hornafjarðar og Austfjarða, án viðbótarstyrks, sem heldur er ekki von, því hentast er að nota til þess smærri báta, sem heima eiga í Hornafirði. Þótt jeg segi þetta, er jeg ekki neitt að mæla á móti umsókn „Faxa".

Þá talaði hv. þm. um það, að bátarnir sendu engar skýrslur og væri óforsvaranlegt að veita þeim styrk, er svo væri. Ef hjer er átt við „Faxa", þá vil jeg geta þess, að mjer er kunnugt um það, að kaupfjelagið hefir ætið sent skýrslu, að afloknum ferðum, til sýslumannsins, og hann svo aftur til stjórnarráðsins. Skýrslur þessar eru vottaðar af óvilhöllum mönnum. Jeg hefi hjer fyrir framan mig skýrslu um árin 1925 og 1926; hirti ekki um að taka fleiri, því að þær eru allar til í stjórnarráðinu, og hefir styrkur ætíð verið veittur eftir þeim, þangað komnum.

Hitt er annað mál, að styrkurinn er alls ekki fullnægjandi fyrir Hornfirðinga, hver sem með hann fer. Þær ferðir, sem nú eru, eru aðeins þær nauðsynlegustu til að flytja að og frá verstöðvunum á vorin og landafurðir að og frá á haustin. En svo höfum við engar vissar ferðir frá því í maí og fram í okt. Það er öllum kunnugt, að Esja er of stór fyrir Hornafjörð; og þegar hún kemur, fer hún aðeins inn í ósinn. Þar er mikill straumur, en viðkoma utan óss er neyðarúrræði og notast aðeins til þess að koma fólki að og frá borði. Upp- og útskipun er þar ómöguleg. Jeg álít, að væri minna skip í förum, gæti það komist lengra inn í fljótið.

Jeg ætla að þessu sinni ekki að fara út í aðalatriðið; vildi aðeins bera blak af sýslubúum gegn þeirri ásökun, að þeir hafi misnotað styrkinn.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Við fyrri hluta umr. um þetta frv. á þskj. 72, gerðust tveir hv. þm. til þess að mæla

á móti því, þeir hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. N.-Ísf. Hinum fyrri hefir hv. þm. A.-Sk. svarað, svo að jeg þarf ekki að víkja að honum sjerstaklega. En að því leyti sem mótbárur þeirra andstæðinganna eru hliðstæðar, þá hlýtur svar mitt að snerta báða. Báðir andmælendur bygðu á líkum ástæðum, þótt misjöfn áhersla væri á þær lögð, og voru þær aðallega þrjár: Fyrsta ástæðan var sú, að rekstur strandferðaskipanna ætti að vera í höndum Eimskipafjelags Íslands, en ekki ríkissjóðs. Ætti því fjelagið, skildist mjer, að hafa forgöngu í málinu, en landsmenn að bíða, þangað til því fyndist málið tímabært, og aðhafast ekkert á meðan. Önnur ástæðan var sú, að framtíðarskipulagið yrði að vera það, að nota mótorbáta til strandferða, en ekki gufuskip, og mundu þeir reynast haganlegri. Þriðja ástæðan — og sú þyngsta á metunum, að þeirra dómi — var sú, að kostnaðurinn af skipakaupum yrði ofvaxinn ríkissjóði og að tekjuhalli, þegar bætt væri skipi við Esju, yrði svo mikill á strandferðunum, að hann yrði ríkissjóði algerlega um megn. Þessu fylgdu svo olnbogaskot frá hv. þm. N.-Ísf., sem ekkert þarf um að hugsa.

Viðvíkjandi 1. ástæðunni vil jeg minna á það, að lögin frá 1913 gerðu ráð fyrir því, að Eimskipafjelagið fengi 400 þús. kr. fyrir tvö strandferðaskip og tæki að sjer ferðirnar. En það hafnar boðinu. Mjer þykir sennilegt, að svo færi enn, að það vildi ekki líta við 400 þús. kr. úr landssjóði, þótt boðnar væri, fyrir 2 skip til strandferða, jafnvel ekki upphæðinni tvöfaldri. Og það, sem aðallega stendur í vegi fyrir því, að Eimskipafjelagið geti eða vilji rækja strandferðirnar, er það, að fjelagið er einstakra manna eign og mundi litla hagnaðarvon eiga í strandferðum. Það verður að hugsa um hag hluthafanna og reyna að skila þeim arði. Þess vegna er engin von til, að það vilji taka að sjer strandferðirnar og áhættu af þeim, jafnvel þótt álitlegur styrkur fylgdi. Það er því aðeins til þess að drepa málinu á dreif, að vera að bollaleggja um svo fjarlæga möguleika. Og þótt Eimskipafjelagið tæki einhverntíma að sjer þessar ferðir, þá má samt ekki láta framkvæmdir í strandferðamálinu bíða þess vegna.

Önnur viðbáran, sem fram kom hjá báðum, framtíðarskipulagið með vjelbátasiglingar, virðist mjer enn fráleitara. Þessir farkostir voru reyndir til þrautar á stríðstímanum, þegar Sterling ein var til ferða, og þó stundum í utanlandssiglingum höfð. Ferðir þeirra voru yfirleitt takmarkaðar við stutta kafla af ströndinni, og þóttu neyðarkostur fyrir mannflutninga, enda skortir þá og hefir altaf skort farþegaútbúnað. Ferðir þeirra fyrir utan andnes og á úthafsleiðum, einkum að vetri, eru alls ekki sambærilegar við samgöngur annara þjóða. Og þeir, sem hafa reynt þá á þeim leiðum, vita, að það er þjóðfjelaginu til minkunar að bjóða slíka farkosti til mannflutninga að vetrarlagi, að jeg ekki nefni meðferð sjúklinga, sem með þeim ferðast. Annað mál er það, að slíka báta má vel nota t. d. á Ísafjarðardjúpi, Eyjafirði og annarsstaðar innanskerja, þar sem skamt er milli hafna og sjór kvikulaus.

Hafi nú hv. andmælendur haft fyrir augum vönduð vjelskip, svo sem ‚diesel'-skip, í stað gufuskipa, þá er öðru máli að gegna. En þannig skildi jeg þá ekki, heldur svo, að þeir ætluðu vjelbáta-

fleytum, líkum og verið hafa hjer, að annast ferðirnar. Ætti hinsvegar að hugsa um vjelskip með dieselvjel í stað gufuskips, þá mundi vart kostnaðurinn verða að því minni. Jeg verð því að líta á þessa ástæðu eins og fyrirslátt einan, og getur þetta ekki verið fram borið í fullri alvöru.

Þriðja mótbára hv. þm. gegn frv. er kostnaðaraukinn, sem skipkaupin og reksturinn mundi hafa í för með sjer. Vitanlega er hann talsverður. Það gengur enginn að því gruflandi. Eftir brjefi, er jeg hefi frá Emil Nielsen framkvæmdastj., dags. 15. mars 1926, út af fyrirspurn, er hann gerði til „Flydedokken" um skip eins og það, er hjer um ræðir, er áætlað, að skipið, með 2000 teningsfeta kælirúmi og albúið fargögnum, mundi kosta 489 þús. kr. Í áliti milliþinganefndarinnar 1925 var gert ráð fyrir, að tekjuhalli á slíku skipi yrði um 160 þús. kr. á ári. Við þessar tölur verður að miða. Þetta eru háar upphæðir, en ekki hærri en ýmsar aðrar, sem lagt er til að veittar verði. Hjer er lagt til að veita öllum landshlutum þau þægindi og mikilsverða samgöngubót, sem fæst með hentugu strandferðaskipi, og þótt árlegur rekstrarhalli yrði 160 þús. kr., sem óvíst er þó að verði, þegar skipulegar og tíðar ferðir komast á, þá mundi því fje vel varið. Yfir hálfa miljón króna eru nú veittar til vegalagninga á ári á mjög takmörkuðu svæði, sem þó kemur ekki að almennu gagni fyr en eftir tugi ára. Nefna má aðrar stærri upphæðir, sem lagðar eru fram í þarfir alþjóðar og engan beinan arð færa ríkissjóði. Jeg nefndi eina um daginn og gæti nefnt fleiri, ef þörf væri á. En úr því að hv. þm. N.-Ísf. fór að tala um þetta eins og strandferðirnar ættu að vera gróðafyrirtæki, þá verð jeg a. m. k. að minna hann á það, að frá upphafi hefir orðið að gefa mikið með þeim. Þær hafa rjettilega verið taldar þjóðþrifafyrirtæki, en ekki gróðafyrirtæki.

Hv. þm. nefndi eitt dæmi um tap á strandferðum, sem átti víst að vera mjög sannfærandi, en um leið olnbogaskot til mín. Hann tók Mjóafjörð til dæmis og sagði, að á síðasta ári hefði Esja farið þangað 10 sinnum og fengið í farmgjöld 310 krónur (JAJ: 305 kr.). Jeg hefi ekki rannsakað þetta mál og ekki talið saman, hve mikil farmgjöld skipið hefir fengið fyrir flutning þangað og þaðan. Geri jeg ráð fyrir því, að þessi upphæð sje rjett talin hjá hv. þm. En þessi skýrsla hans er þó í mesta lagi villandi; hún er aðeins lítið brot af sannleikanum. Esja kemur á Mjóafjörð vegna pósts og farþega, eins og margar líkar hafnir. Flutningur þangað eða þaðan er sáralítill. Millilandaskipin skila þangað innfluttum vörum, og innlendar afurðir eru sendar að miklu leyti beint til útlanda. Það er því ljóst, að Esja kemur þarna ekki vegna flutninga, heldur vegna pósts og farþega, og af því hljóta aðaltekjur hennar að vera á slíkum höfnum. Hafi nú farmgjöld Esju næstl. ár numið 310 kr. frá Mjóafirði og þangað, þá er vafalaust, að mannflutningur hefir numið miklu meira, jafnvel helmingi meira, en með því væri sannað, að viðkomur skipsins þarna hefðu verið útgerðinni skaðlausar, því að 10 viðkomur skipsins þar geta ekki kostað meira en 750 kr., eins og síðar skal sýnt, og ef 310 kr. hafa goldist í farmgjöld, þá efa jeg ekki, að fargjöldin samsvara mismuninum.

Annars er það ósannað mál, að Esja

skaðist mest á því að koma á smáhafnir, ef greiðfærar eru og litið úr leið. Skal jeg þar taka Mjóafjörð aftur til dæmis, af því að hv. þm. (JAJ) var svo vænn við mig að draga hann inn í umræður. Frá beinni siglingaleið milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar inn að afgreiðslunni í Mjóafirði eru rösklega 4 sjómílur, eða um 9 sjómílur krókurinn fram og aftur. Þá vegalengd fer Esja á einni klst. Á Mjóafirði varpar hún aldrei akkerum, heldur kemur altaf bátur á móti henni út í fjörðinn og tekur við farþegum og pósti, og flutningi, ef nokkur er. Er því áreiðanlega nógu hátt reiknað, að viðkoman á Mjóafirði tefji skipið um 1—1½ klst. í hvert skifti. — Nú kostar rekstur skipsins um 1200 kr. á sólarhring eða 50 kr. um klukkustundina. Kostnaðurinn við að láta Esju koma við á Mjóafirði verður því ekki meiri en 50—75 kr. í hverri ferð. Í mörgum tilfellum fær skipið áreiðanlega þessa upphæð greidda, og jafnvel stundum meira. Það er því fráleit fjarstæða að tala um stórtjón af viðkomum á svona stöðum, en þessu líkt er háttað um margar aðrar smáhafnir á Austfjörðum, sem og Norðurlandi, sem lítið eru úr leið. En þó að strandferðaskip kæmi við á þessum stöðum fyrir aðeins hálft kaup, þá væri það meira en skylt, eftir minni skoðun. Við smáhafnirnar búa menn, sem fulla þörf hafa samgangnanna og oft leggja sinn ríflega skerf til ríkis þarfa, en njóta oft lítilla eða engra friðinda frá ríkinu, nema ljelegra strandferða og strjálla, og oftast eru slíkir staðir þó einangraðir af vegleysum. Þótt hv. þm. N.-Ísf. vilji bjóða afkomendum okkar í 3. og 4. lið að þjóta í bílum um andnesin, þá gagnar það núlifandi kynslóð lítið. Það er vafalaust, að mannsaldrar líða þangað til bílvegir eru komnir um öll andnes á Austurlandi. Þess vegna eru svona tylliboð hjegómi einn og rugla aðeins málið. Miklu hefði verið nær sanni að benda á loftsiglingar; þær eiga varla eins langt í land eins og bílvegir um fjalllendin torsóttu.

Að lokum vil jeg aðeins minna á, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og V.-Sk. (JK) voru í samgmn. á síðasta þingi, og bar sú nefnd fram till. til þál. um leigu á strandferðaskipi. Í greinargerð fyrir till. (þskj. 60) standa þessi orð, fyrir munn allra nefndarmanna töluð: „Vjer álítum að vísu, að stefna beri að tíðari og meiri strandferðum en fengist geta með Esjuferðum og leiguskipi að haustinu, og að rekstur þeirra geti ekki haganlegur orðið fyr en aðgreindir eru að mestu vöruflutningar og flutningur pósts og farþega og hentugt, innlent flutningaskip fer strandferðir ásamt Esju ....“ (**Trþ:** Heyr!). Get jeg ekki betur fundið, en að með þessum orðum lýsi þeir sig sammála okkur flm. frv., og lít jeg á þessi orð sem mikilsverðan stuðning við okkar mál. Jeg veit, að þessir hv. þm. (JAJ og JK) hafa fult leyfi til að skifta um skoðun, sem þeir nú virðast hafa gert, en þeir verða þó að hafa til þess sæmilegar ástæður og frambærilegar.

Jeg veit, að hv. þm. þykjast nú hafa þörf fyrir að svara einhverju, og vil jeg ekki tefja hv. þd. með lengra máli. En óneitanlega hefði mjer fundist, að málið hefði mátt ganga með minni hávaða til nefndar, og aðfinslurnar eins getað komið eftir að hún hafði athugað það.

Jón Kjartansson: Þegar þetta mál var hjer til umr. í fyrradag, benti jeg á, að

athuga þyrfti, hvort eigi væri hægt að reka strandferðirnar með hagkvæmara skipulagi en nú er, fyrir það fje, sem til þeirra er veitt. Jeg benti jafnframt á það, hve þarfir landsmanna í þessum efnum hafa breyst, einkum við það, að millilandaferðirnar hafa breyst mikið frá því sem áður var. Einnig benti jeg á, að í framtíðinni mundi það sýna sig, að strandflutningarnir yrðu aðallega á flóabátum, en ekki á stórum strandferðaskipum; þau yrðu mest fyrir flutninga á pósti og farþegum, en flóabátarnir tækju að sjer vöruflutninga til og frá aðalútflutningshöfnunum.

Jeg benti á það, að ekki virtist alstaðar farið hagkvæmlega með það fje, sem veitt væri til strandferða, og nefndi Hornafjarðarbátinn í því sambandi. Jeg tók það fram þá, og get undirstrikað það nú, að á liðnum árum hafa fáar hafnir verið eins útundan um samgöngur og Hornafjörður. Þess vegna er það fyllilega eðlilegt, að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) beri fram kröfur um bættar strandferðir. En jeg held, að úr þörfum Hornafjarðar megi bæta án nýs strandferðaskips á miklu ódýrara hátt. Og jeg þykist vita, að nýtt strandferðaskip gæti enganveginn fullnægt kröfum Hornfirðinga eða Austur-Skaftfellinga yfir höfuð. Jeg er þess fullviss, að þó svo færi, að samþ. yrði nú að láta byggja nýtt strandferðaskip, þá yrði enginn þm. fyrri til að biðja um flóabát en hv. þm. A.-Sk. Í hans kjördæmi hagar nokkuð líkt til og í mínu, að þar v e r ð u r að hafa flóabáta.

Jeg nefndi það um daginn, að Alþingi hafi sýnt vilja sinn til endurbóta í þessu máli með því að hækka styrkinn til Hornafjarðarbáts upp í 8 þús. kr. En er jeg var á ferð um Austur-Skaftafellssýslu í sumar, varð jeg þess var, að almenningur er ekki eins ánægður með þessar ferðir og hv. þm. A.-Sk. vill vera láta. Styrknum er nú þannig úthlutað, að sýslunefnd er falið að verja honum á þann hátt, er henni þykir hentast, og skiftir hún honum milli tveggja atvinnurekenda í Hornafirði. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. (ÞorlJ), ef hann hyggur, að jeg hafi viljað drótta nokkru óheiðarlegu að sýslunefnd eða oddvita hennar í þessu sambandi. Slík orð geta ekki stafað af öðru en rökþrotum hjá honum, því að mjer hefir aldrei komið til hugar neitt í þá átt. Jeg tók það einmitt fram um daginn, að jeg byggist við, að sýslunefnd væri ómögulegt að ráðstafa styrknum öðruvísi. Þar með er ekki sagt, að styrknum y r ð i ekki á annan hátt b e t u r varið, svo sem með því, að fjelagsskapur yrði myndaður til aðhalda uppi ferðunum með sjerstökum báti, eða með því að veita styrkinn einhverjum einstökum manni, sem tæki að sjer reglubundnar ferðir alt árið.

Hv. þm. A.-Sk. leiðrjetti það, sem jeg hafði sagt um skiftingu styrksins, og upplýsti, að þessir tveir atvinnurekendur hefðu fengið jafna upphæð, 4 þús. kr. hvor. Það var ekkert aðalatriði hjá mjer, en þó kann jeg honum þakkir fyrir leiðrjettinguna. Það, sem aðallega vakti fyrir mjer, þegar jeg gerði þennan flóabát, Hornafjarðarbátinn, að umtalsefni, var, að benda á, að með þessu fyrirkomulagi, sem þarna er haft, miðast ferðirnar eingöngu við þarfir þessara tveggja atvinnurekenda. Vetrarferðirnar miðast eingöngu við fiskflutning frá Hornafirði, og haustferðirnar við kjötflutning. En menn geta sagt sjer það sjálfir, hvort ekki þarf samgöngur

þarna á öðrum tíma. Háttv. þm. A.-Sk. sagði, að sýslunefnd hefði þótt hentast að verja styrknum á þennan hátt, og að svona yrðu hans best not. Það má vel vera, að ekki hafi verið um annað að ræða, eins og á stóð, en þar með er ekki sagt, að sýslunefnd gæti ekki fallist á annað skipulag, t. d. að styrkurinn yrði veittur einhverjum sjerstökum bát, með því skilyrði að halda uppi reglubundnum ferðum allt árið eða mestan hluta þess.

Jeg vildi alls ekki ásaka kaupfjelagið fyrir misnotkun á sínum hluta af styrknum, enda þótt það hafi sýnt sig, að sá tími, sem það heldur uppi ferðum til annara hjeraða, er afarstuttur, aðeins 1 mánuður. Almenningur hlyti að hafa betri not af ferðunum, ef styrkurinn væri bundinn við það, að áætlanir væru gerðar fyrirfram, og ferðunum væri dreift á lengri tíma, t. d. alla sumarmánuðina og framundir áramót. Mjer skildist hv. þm. (ÞorlJ) staðfesta þau orð mín, að Þórhallur Daníelsson hefði haldið uppi sínum ferðum frá febrúar og fram í júní, en kaupfjelagið aðeins í einn mánuð, október. (**ÞorlJ**: Og nóvember.) — Það er þá aðeins mjög stutt fram í nóvember. Ennfremur skildist mjer, að það væri rjett, að ferðir kaupfjelagsins væru eingöngu eða nær eingöngu til Fáskrúðsfjarðar. Hv. þm. sagði að vísu, að báturinn hefði komið á allar þær hafnir á Austfjörðum, sem þörf hafi verið á — en hann gaf jafnframt í skyn, að ekki hafi verið þörf að koma nema á þennan eina stað. En þegar engar ferðaáætlanir liggja fyrir, er ekki fyrirfram hægt að segja um þörfina.

Það er ekki ætlun mín að átelja það neitt, þótt nokkuð af styrknum, sem kaupfjelagið fjekk, hafi verið veitt til innansveitarflutninga. Það er afarþægilegt, að geta fengið vörurnar þannig sendar heim, og jeg veit, að þess er full þörf í Austur-Skaftafellssýslu. En jeg fæ ekki sjeð, að þetta verði neitt síður hægt, þó að sjerstakur bátur annist flutningana fyrir Austur-Skaftafellssýslu og Austurlandi.

Hv. þm. A.-Sk. skoraði á mig að nafngreina þær heimildir, er jeg hefði fyrir orðum mínum. Jeg tel enga þörf að verða við þeirri ósk, þegar hv. þm. hefir sjálfur staðfest svo að segja hvert orð, sem jeg sagði. Það er aukaatriði, sem jeg er fús á að leiðrjetta, að báðir aðilar hafi fengið jafnan styrk til að halda uppi ferðunum. Hitt er höfuðatriðið, að ferðirnar miðast aðeins við eigin þarfir þeirra atvinnurekenda, sem styrksins njóta, í stað þess, að hjeraðsins vegna þyrfti að dreifa þeim sem mest yfir alt árið. - Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. getur komið til hugar, að jeg vilji skaða Austur-Skaftfellinga með því að benda á þetta. Hann er þeirrar skoðunar, að gott gagn sje að þessum ferðum, sem nú eru, þó að strandferðaskip sje takmarkið. En jeg held því fram, að aldrei komist lag á samgöngur á þessum slóðum, fyr en fenginn hefir verið sjerstakur, góður bátur til að annast flutninga þar. Austur-Skaftfellingar verða áreiðanlega aldrei ánægðir með strandferðaskip, sem þarf að fara umhverfis alt landið. Besta lausnin er áreiðanlega að fá góðan flóabát, sem getur annast ferðir fyrir Austur-Skaftafellssýslu og fyrir Austfjörðum, alla leið norður að Skálum á Langanesi.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg minnast á það, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um vjelbátana, að ekki væri unt

að fá ljelegri farkost. En það verða menn að athuga, að þeir bátar, sem til flutninga hafa verið notaðir, eru aðeins fiskibátar, sem bygðir eru með það eitt fyrir augum. Verði bygðir sjerstakir bátar til þessara ferða, sje jeg ekki annað en að hæglega megi gera þá vistlegri. Meira að segja er alls ekki nauðsynlegt að hafa flóabátana vjelbáta; væri e. t. v. alt eins hentugt að hafa litla gufubáta til ferðanna, og jeg er þess fullviss, að flóabátar eiga fyrir sjer að batna stórum.

Hv. 1. þm. S.-M. vildi reyna að sanna hv. deild, að jeg hefði skift skoðun í þessu máli frá því í fyrra, ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), með því að þá hefðum við skrifað undir nál., þar sem það er talið æskilegt, að Íslendingar eignist tvö strandferðaskip. Jeg er engan veginn horfinn frá þessari skoðun minni; það væri ákaflega æskilegt að eiga 2 strandferðaskip, já, jafnvel eiga 4. — En við getum bara ekki fengið alt, sem við teljum æskilegt, nema við látum eitthvað í staðinn. Það kostar mikið fje að láta smíða og reka strandferðaskip, og það er a f f j á r h a g s á s t æ ð u m, sem jeg sje ekki fært að ráðast í það nú.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. V.-Sk. spurði, hvernig háttað væri styrknum til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu. Þetta hefir nú þegar verið upplýst af hv. þm. þess kjördæmis (ÞorlJ), og hefi jeg þar litlu við að bæta. Sýslunefnd hefir fengið styrkinn til úthlutunar, og álítur hv. þm. V.-Sk. (JK), að honum hafi verið illa varið, en hlutaðeigandi þm. (ÞorlJ) er á gagnstæðri skoðun. Skal jeg ekkert um það segja, að svo stöddu, hvor rjettara hefir fyrir sjer. En svona fljótt á litið virðast líkurnar vera fyrir því, að sýslunefnd veiti styrkinn þangað, sem hann kemur hjeraðsbúum að bestu gagni. Nú hefi jeg fengið ósk úr ýmsum áttum um að mb. „Faxa“ verði veittur þessi styrkur, en aðrir vilja, að haldið verði sama skipulagi og áður.

Jeg vildi biðja háttv. þm. að takmarka yfirleitt ræður sínar við 1. umr. málanna, til þess að þau komist sem fyrst í nefnd. Það segir sig sjálft, að ef þau komast ekki tiltölulega fljótt til nefnda, þá gefst minna tækifæri til að athuga þau, og minni líkur til að þau nái fram að ganga, en það er þó væntanlega tilætlunin um þau mál, sem fram eru borin.

Jón Auðunn Jónsson:* Jeg skal verða við ósk hæstv. atvrh. um að vera fáorður. — Mjer þykir margt undarlegt við frv. þetta, t. d. það, að háttv. flm. kom ekki fram með neina áætlun um rekstrarkostnað skipsins eða hve mikill halli mundi verða á rekstri þess. Í öðru lagi upplýsti hann það, að það væri hagnaður fyrir skipið að sigla á smærri hafnirnar, en tap að sigla á þær stærri. Þetta er vísdómur, sem ekki hefir komið fram fyr. En ef að háttv. þm. getur sannað þetta eða talið mönnum trú um það, þá skal jeg lofa honum því, að vera með fjárveitingu, alt að 100 þús. kr. til strandferða á minni hafnirnar, því að af þessu myndi hljótast stórgróði, samkvæmt vísdómi háttv. þm. (SvÓ).

Jeg ætla ekki að ræða frv. meira að sinni, en geymi það, þar til málið hefir verið athugað í nefnd.

Þorleifur Jónsson: Það eru aðeins örfáar athugasemdir. — Jeg vil fyrst geta

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

þess, út af ummælum háttv. þm. V.-Sk. um styrk til flutningaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða, þá hefir alveg verið farið eftir því, sem stóð í nál. samgmn. í fyrra, en þar segir svo: „Nefndin lítur svo á, að styrkurinn komi að bestum notum á þann hátt, að Austur-Skaftfellingar hafi sem frjálsust umráð styrksins“ — og hefir einnig þessi hv. þm. (JK) undirskrifað það. — Hitt getur verið rjett, að almenn óánægja sje út af því, hvað samgöngur á Hornafjörð eru afleitar, og það er ekki af því að styrkurinn sje að neinu leyti misnotaður, heldur af því, að styrkurinn er alt of lágur, og það er þinginu að kenna, að við fáum ekki hærri styrk. Háttv. þm. (JK) heldur, að hægt sje að halda uppi bátaferðum alt sumarið fyrir 8 þús. kr. Mjer þætti gaman að sjá það. Sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að fá bátaferðir yfir alt sumarið, nema styrkurinn sje mikið aukinn. Bátarnir eru ekki fáanlegir, nema fyrir ærið gjald, því að þeir fara flestir á síldveiðar í júlímánuði og koma ekki fyr en í september. Styrkurinn er of lítill, og þess vegna fara Skaftfellingar á mis við samgöngurnar, þeir þurfa að hafa samgöngur alt sumarið og fram á vetur. Jeg ætla ekki að deila um það, hvort hentugra sje að hafa flóabátaferðir eða strandferðaskip. En jeg álít þó, að strandferðaskipið sje heppilegra, ef það er ekki of stórt fyrir Hornafjörð, og ætlunin er sú, að nýja skipið geti farið inn á innri legu í Hornafirði.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 295 og 343).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Samgmn. er skift í þessu máli eins og nál. sýna á þskj. 295 og 343. Meiri hl. hefir þó komist að sömu niðurstöðu og samgmn. á síðasta þingi komst, sem sje, að rjett væri og sjálfsagt að koma hið allra fyrsta upp öðru strandferðaskipi í viðbót við það, sem nú er, og gera með því mögulegt að aðgreina póst- og farþegaflutning frá vöruflutningi, svo að farþegar og póstur þurfi ekki að tefjast vegna flutnings á margvíslegum og tafsömum varningi milli misjafnra hafna. Þetta er í raun og veru það, sem altaf hefir verið haft fyrir augum, síðan byrjað var að hugsa um skipulegar strandferðir, að þetta tvent þyrfti að aðgreina. Í sambandi við þetta hefir svo verið sett hugmyndin um fækkun landpóstferða, eða jafnvel ráðgert að leggja þær niður, þar sem skip gætu annast flutninginn milli hafna og landshluta, og ekki þyrfti annað en aukapósta frá höfnum þessum upp í sveitirnar. Þótt ekki hafi verið unt að koma þessu í fulla framkvæmd, meðan skipið var aðeins eitt, þá hefir þó á ýmsum stöðum verið feldur niður póstflutningur á landi að sumrinu og dregið úr kostnaði við landflutning á þeim tíma, sem siglingafært er með ströndum fram. Í áliti minni hl. virðist ekki koma neitt fram, sem mótmæli þessari hugmynd; yfirleitt er þar ekki vikið að henni. Minni hl. telur aðeins of snemt á næsta ári að ráðast í þetta og

tekur það fram, að samgöngur sjeu nú sæmilega góðar eins og þær eru. Í öðru lagi virðist það vaka fyrir minni hl., að rekstrarhallinn mundi verða svo mikill, ef skipin væru tvö, að eigi yrði við ráðið.

Minni hl. er, að því er sjeð verður af áliti hans, ekki á móti þessari hugmynd, en telur hinsvegar tormerki á að koma henni í framkvæmd nú þegar. Það er svo með þetta eins og flestar framkvæmdir, sem lagt er á móti, að kostnaðurinn er talinn aðalþröskuldurinn. Út af því þykir mjer rjett að benda á, hvernig gengið hefir með rekstur þessa eina skips, Esju, hingað til.

Útgerðarkostnaður Esju var síðastliðið ár 475 þús. kr. og halli á rekstrinum 207 þús. Árið áður, 1925, var kostnaðurinn svipaður, yfir 450 þús. kr., en tekjuhalli þá aðeins 139 þús. kr. — Árið 1924 var tekjuhallinn 184 þús. kr. Á þessum þremur árum var hallinn þannig mestur síðasta árið.

Ef nú er athugað, hvernig á því stendur, að tekjuhalllinn fer vaxandi, virðist ekki þurfa langt að fara til þess að fá bendingu um það. Eftir því sem fjölgar ferðum útlendu skipanna hjer við land, eftir því minka mannflutningar með Esju. Ástæðan til þess, að tekjuhallinn vex, er sú, að Esja annast tafsama vöruflutninga, en þess vegna forðast ferðamenn að fara með henni, þegar þeir eiga kost annara skipa, sem fljótari eru í ferðum. Á síðasta ári námu fargjöldin með Esju 120 þús. kr., en flutningsgjöldin 141 þús. kr. Fargjöldin hafa lækkað um 39 þús. kr. frá 1925, en hin standa nær því í stað. Ef litið er á gjaldahlið rekstrarreikningsins, kemur í ljós, að einn gjaldaliðurinn er langsamlega stærstur, og það er kaup og fæði starfsmanna. Þessi liður er samtals 174,665 kr. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um, hvernig mætti sundurliða þennan gjaldalið, og hefi jeg fengið að vita, að af þessum 174 þús. eru 10 þús. goldnar í eftirvinnu við vöruafgreiðslu á höfnunum. Skipið verður auðvitað að afgreiða bæði daga og nætur, til þess að geta haldið áætlun. Þetta eru þá útgjöldin, sem leiða beint af því, að skipið er notað til vöruflutninga. Í öðru lagi þarf skipið 4 mönnum fleira en ella mundi, ef skipið slepti vöruflutningi, og má ætla, að þessir 4 menn kosti útgerðina yfir 20 þús. kr. Þessar 20 þús. kr. bætast þá við þau 10 þús., sem áður voru talin. Þá er ennfremur þóknun til afgreiðslumanna á höfnum landsins, hundraðsgjald af farminum o. fl., áætlað 12 þús. og loks bryggjugjald, sem ekki er hægt að áætla nákvæmlega, um 4 þús., en það hverfur að miklu, ef skipið hættir vöruflutningum. Enn má nefna einn gjaldalið, sem er bein afleiðing af vöruflutningunum. Á síðasta ári hefir útgerðin orðið að greiða 2200 kr. fyrir skemdar og týndar vörur, sem til gjalda verður að telja. Samtals hefi jeg fundið um 50 þús. kr. rekstrarkostnað, sem eingöngu stafar af vöruflutningunum, og er þó vissulega ýmislegt ótalið. Þetta er beint tjón, sem leiðir eingöngu af fyrirkomulaginu. En hitt er þó meira, óbeina tjónið, sem skipið hefir af því að missa af þeim farþegum, er annars mundu ferðast með því, ef það væri ekki tafið í ferðum vegna vöruflutninga.

Jeg hefi spurt skipstjórann á Esju, hvernig hagi til um farþegaflutning hjá honum á hringferðum skipsins. Hann segir, að á ferðum frá Reykjavík sje vanalega fullskipað farþegarúm til næstu hafna, en heldur ekki lengra.

Sömuleiðis á leið til Reykjavíkur kemur fólkið til bæjarins með Esju frá næstu höfnum, en frá fjarlægari höfnunum nota flestir útlendu skipin, sem fljótari eru í förum. Alt þetta bendir á það, að tekjuhallinn á rekstri Esju geti að miklu leyti horfið, ef skipið er losað við vöruflutningana.

Mjer þótti rjett að benda á þessi atriði, sem snerta svo mjög hag strandferðaskipsins. Jeg er hræddur um, að það hafi vilt mörgum sýn, að þeir hafi haldið, að skipið gæti ekki borið sig betur í strandsiglingum en það gerir nú. Jeg held, að það geti siglt tekjuhallalítið, ef til vill alveg hallalaust, ef það flytur aðeins póst og farþega, einkum þegar fram í sækir. Nú mun verða svarað því, að tekjuhallinn mundi þá færast yfir á hitt skipið, sem annaðist vöruflutningana, og er það að vísu eðlilegt; það hefir ætið verið gert ráð fyrir því, að á því yrði talsverður tekjuhalli, og Nielsen framkvæmdastjóri áætlaði hann á síðasta ári 160 þús. kr. á ári. Í umr. um þetta mál hefir hvað eftir annað verið að því vikið, að samgöngurnar, sem við nú eigum við að búa, væru vel boðlegar. Þetta er að vissu leyti rjett, ef miðað er við hina stærri hafnarstaði, því að samgöngurnar við útlönd bæta þar um strandferðirnar. En þetta á ekki við um aðrar hafnir. Eftir því sem samgöngur verða meiri við hinar stærri hafnir, eftir því verða þær hlutfallslega minni á smáhöfnunum, eða einangrun þeirra meiri.

Af því nú að þetta mál var svo margrætt á síðasta þingi og hefir verið að veltast fyrir þinginu í einhverri mynd í langan tíma, þykir mjer ekki rjett að fara að rekja upp alt, sem áður hefir fram komið og mælir með því, að taka upp rekstur annars skips. Jeg vil þó minna á eitt, sem menn mega ekki loka augum fyrir. Ef þessu eina póstflutningaskipi, sem nú á að ganga reglubundnar póstferðir kringum landið, skyldi hlekkjast á, þá er alt póstsamband slitið og heilt konungsríki orðið póstskipslaust. Mönnum kann að virðast, að bjargast mætti á sama hátt og 1922, þegar Sterling strandaði. En þeir, sem muna eftir samgöngunum það sumar, munu ekki óska slíks aftur. Jeg ætla, að 2 og jafnvel 3 mánuðir hafi þá liðið á milli þess, að skip komu, þar sem þau höfðu áður komið á 3 vikna fresti. Sem sagt var ástandið þá svo ömurlegt, að það var ekki verra á stríðstímanum sjálfum. En samskonar ástand blasir við óðara og eitthvert óhapp kæmi fyrir með Esju. Væru skipin tvö, mundi aldrei fara svo.

Við fyrri umr. var tekið fram alt, sem jeg álít þurfa viðvíkjandi kostnaðinum við óðara og eitthvert óhapp kæmi fyrir ástæða til að endurtaka það. En jeg vil geta þess, að líkur nokkrar eru til þess, eftir nýjustu upplýsingum, að betur ætti við að binda ekki við byggingu skips ákvæði 1. gr. frv., heldur byggingu eða kaup. Jeg hefi komist að því, að einmitt nú eru föl skip af svipaðri stærð og ráðgert er að byggja, fyrir tiltölulega lágt verð. Jeg hygg, að bæði í Englandi og Noregi megi fá nýleg skip af þessari stærð fyrir 200—300 þúsund krónur. Þau munu að vísu vera án kælirúms, en eftir því sem mjer hefir verið skýrt frá af sjerfræðingi, ætti að vera vandhæfislaust að koma fyrir kælirúmi í þeim. En það skiftir mjög miklu, að þetta skip verði útbúið á þann veg og haft til flutninga á kældum matvælum og beitu.

Jeg vil ekki tefja tímann lengur að sinni. Jeg býst við, að hv. minni hl. hafi eitthvað fram að færa, og er rjettara að bíða þess, að hann geri grein fyrir stefnu sinni.

Frsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. hefir tekið fram, höfum við ekki getað orðið samferða í þessu máli. Svo mikið skilur okkur, að hv. meiri hl. virðist fara beint norður, þar sem við förum í suður. Við leggjum sem sje til, að frv. þetta verði felt. En jeg sje á nál. á þskj. 295, að þar kemur þó fram sú gætni í fjármálum, sem jeg átti von á, einkum hjá hv. 1. þm. Rang. og reyndar öllum meiri hlutanum, sem sje sú, er liggur í orðunum, að ekki megi dragast lengi að fá þessa samgöngubót. Minni hl. getur að nokkru leyti tekið undir þetta. Okkur finst æskilegt, ef hægt væri að láta þetta ekki dragast lengi. Hins vegar álítum við enga knýjandi nauðsyn að hrinda þessu máli í framkvæmd strax, því að samgöngur okkar á sjó eru nú svo viðunandi, að annað er miklu meira aðkallandi. Við í minni hl. viljum fyrst og fremst gera okkur grein fyrir því, sem sjálfsagt er í þessu máli, nefnilega, hvort við höfum ráð á að taka fje frá öðrum framkvæmdum til þessa fyrirtækis. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu, að ýmsar samgöngubætur sjeu miklu meira aðkallandi, sem engin efni eru til að framkvæma, af því að óeðlilega mikið fje fer í einstök atriði. Jeg hygg, að ekki sje hægt að neita því, að þegar farið er yfir kort það, sem liggur fyrir af ógerðum vegum og brúm, meira að segja í stórum og mannmörgum hjeruðum, eins og t. d. Árnessýslu og Rangárvallasýslu, sje þörfin þar miklu meiri og krafa á því sviði þess vegna sanngjarnari en það, sem farið er fram á í þessu frv.

Það er alveg rjett hjá hv. meiri hl., að um ýmislegt, sem við kemur þessu máli, hafa heyrst háværar raddir og þingmálafundasamþyktir liggja fyrir víðsvegar að, en þær raddir eru þó ekki að neinu leyti háværari en raddir um vegabætur úr sveitunum. Þegar háttv. frsm. meiri hl. mintist á smáhafnir, þar sem að liggja 1—2 býli, verður manni ósjálfrátt litið til þeirra fjallabúa, sem ekkert hafa, sem heitir samgöngur, nema eldgamla troðninga, og geta engar vonir gert sjer um bætur. Það er fjöldi af býlum til fjalla, sem eru slægjulítil, en hafa ótakmarkað beitiland. En þar er stopult og áhættusamt að búa, því að ekki er hægt að flytja að hey eða nauðsynjar til búskaparins, nema á hestum. Jeg veit um nokkrar jarðir í Árnessýslu, sem voru taldar afbragðsjarðir, en hafa nú bókstaflega lagst í eyði vegna samgönguleysis. Jeg nefni þetta aðeins til samanburðar við smáhafnirnar, þar sem lítið er um aflaföng bæði á sjó og landi, og þar af leiðandi hafa lítið að flytja að og frá. Þegar þetta er athugað og borið saman við framkvæmdir undanfarinna ára, sjest, að samgöngubætur á sjó hafa orðið miklu betur úti, enda eðlilegt, að þar sjáist stærri spor en í samgöngubótum á landi, sem bæði eru seinunnar og dýrar.

Ef maður lítur á tekjur ríkissjóðs undanfarin ár og ráðstöfun þeirra, þá sjest, að vegna vissra, ákveðinna gjalda er ekki hægt að leggja nema lítinn skerf til samgöngubóta, þó þjóðin hafi lagt ríkissjóði til 10—11 miljónir árlega, eða sem svarar 110 kr. á hverja sál í landinu. Hugsa jeg, að hv. frsm. meiri hl.

(SvÓ) verði mjer sammála um það, að ekki sje forsvaranlegt að fara fram á, að þær tekjur verði auknar á næstu árum. Af þessu leiðir þann sjálfsagða hlut, að ekki má auka neina „pósta“ verulega, því að það kemur þá fram á óákveðnu „póstunum“, nefnilega verklegum framkvæmdum, meðal annars vega- og brúargerðum. Þegar verið er — ofan á þessar 10-11 miljónir, sem jeg tel mjög háar skattaálögur, í samanburði við efnahag þjóðarinnar — að stofna til meiri gjalda, bæði í kenslumálum og heilbrigðismálum, get jeg ekki annað sjeð en að á sínum tíma hljóti svo að fara, að alt of lítið verði afgangs til þess að leggja fram til nauðsynlegra umbóta, svo að þjóðin geti notið sín og fært sjer í nyt gæði landsins. Ef maður síðan athugar, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að Esja hefir undanfarin ár verið rekin með tekjuhalla, hefir ekki einungis tapað 207 þúsundum síðastliðið ár, heldur verður að bæta þar við 7% vöxtum af því fje, sem stendur í skipinu, 800 þúsundum króna, og hækkar það drjúgum tekjuhallann. Auk þess er í lögum ákveðið 6% fyrir fyrningu á skipinu. Við þessu er auðvitað ekkert að segja, þar sem skipið er nauðsynlegt, en allir geta sjeð, að hjer er um stórfje að ræða og því full þörf á athugun, áður en ráðist er í frekari framkvæmdir á þessu sviði.

Þá kemur hitt, hvort þörf er fyrir meiri samgöngur á sjó. Jeg get ekki gripið neitt hendi nær en það, að síðasta þing samþ. að leigja skip, og það var gert. E.s. „Nonni“ var tekinn á leigu og sigldi í 3 mánuði, einmitt á þeim tíma, sem álitinn var bestur, sem sje haustmánuðina, en með 10 þúsund króna tekjuhalla á mánuði. Það má nærri geta, að þegar farið er að gera út annað skip í kjölfar Esju, sem er látið hlaupa í kringum landið aðeins með fólk, eins og hv. frsm. meiri hl. vill vera láta, þá er hæpið bæði um nauðsynina og það, hvort nokkurt vit er í því, að láta skipið einungis flytja fólk, en engan flutning. Jeg held, að þeir, sem fróðir eru um þessa hluti, sjeu á annari skoðun en hv. frsm. meiri hl. Jeg hugsa, að ef slíkt skip ætti að sigla sömu leið og á sömu hafnir eða kanske fleiri, þá færi líkt um það og e. s. „Nonna“, að það yrði rekið með mjög miklum tekjuhalla. Jeg held, að gera megi ráð fyrir, að bæði skipin mundu sjaldan komast af með minna en ½ miljón króna tekjuhalla. Jeg læt svo hv. meiri hl. um að meta, hvort honum sýnist landið hafa ráð á að leggja þá upphæð í slíkan fastan tekjuhalla.

Þá fór hv. frsm. meiri hl. mörgum orðum um það í ræðu sinni við 1. umr. málsins, að einstakir firðir yrðu ver úti með samgöngur en fyrir styrjöldina miklu. Jeg hefi ofurlítið rannsakað þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að samgöngur á sjó nú sjeu ólíkt betri en þær voru fyrir stríð, enda er það ekki að undra, þar sem mikið hefir verið til þeirra kostað hin síðari árin. Jeg verð að segja það Eimskipafjelagi Íslands til maklegs lofs, að það hefir í alla staði reynst landsmönnum hið besta. Það er ekki langt að minnast, að í mars var eitt af stóru skipunum látið fara langt úr leið til þess að verða við ósk tveggja manna, er þurftu að fara á sjúkrahús. Með hjálp loftskeytanna geta skipin þannig altaf orðið að liði, ef á liggur.

Það virðist vera það, sem sjerstaklega vakir fyrir hv. frsm. meiri hl., að bera Hornafjörð fyrir brjósti. Jeg skal

taka undir það með hv. þm., að Hornafjörður verður einna verst úti með ferðir hjá þeim skipum, sem nú annast ferðir kringum land, en það er vegna þess að fjörðurinn er þannig gerður frá náttúrunnar hendi, að hvaða skip sem vera vill getur ekki siglt þangað inn. Þrátt fyrir það held jeg ekki, að vert sje að smíða sjerstakt skip fyrir þennan fjörð, svo sem þó virðist vaka fyrir meiri hl. Það er kunnugt, að talsvert fje er veitt sjerstökum báti, sem nú annast alla flutninga að og frá útgerðinni á hinum ýmsu fjörðum, og ekki síst Hornafirði. Jeg held, að hv. frsm. meiri hl. geti verið mjer sammála um það, að slíkir smábátar sjeu miklu heppilegri heldur en dýr skip, sem þurfa að standa lengi við til þess að geta afgreitt slíka vöru, fisk, sem látinn er laus í skip; það tekur ærið langan tíma og getur tæplega borgað sig með skipum, sem eru eins dýr í rekstri og strandferðaskipin okkar.

Jeg hefi gert yfirlit yfir samgöngur á sjó fyrir styrjöldina miklu sem svo mikið hefir verið talað um. Það virðist sem þær hafi verið í nokkuð góðu lagi árin 1910—12. 1910 og 1911 voru þeir hjer Austri og Vestri og hafa farið 6 ferðir hvor, þ. e. a. s., þeir koma 12 sinnum á sömu höfnina hvor yfir árið, á þá viðkomustaði, sem þeim er ætlað að koma, en auk þess voru milliferðaskip, sem komu á vissar hafnir, en það voru nokkuð strjálar ferðir, því að skip voru þá fá í förum og fóru helst ekki á aðrar hafnir en þær, sem höfðu töluverðan flutning til, t. d. skip Thore-fjelagsins. Það fjelag hafði töluverðan flutning fyrir sig, en heldur lítið fyrir aðra, og þess vegna sneyddu þau skip alveg hjá þeim höfnum, sem lítinn flutning höfðu. En ástandið verður betra árin 1912 og 1913. Þá eru það „Hólar“ og „Skálholt“, sem annast strandferðirnar. Þau hafa alveg sömu áætlun, koma á 51 höfn í flestum sínum ferðum, og það má segja, að litlu muni á því, sem þau hafa int af hendi, og því, sem Esja gerir nú ein. Þau hafa komið á þessar vissu hafnir, sem Esja tínir upp nú, og koma þar 12 sinnum á ári. Aftur á móti ef tekið er árið 1927, þá á Esja að koma 15 sinnum á þær hafnir, eða þrem sinnum oftar heldur en þessir bátar gerðu þá. Það er því engin ástæða til að halda því fram, að samgöngurnar sjeu orðnar verri en þá var. Þar á ofan eru ýms skip, sem hafa hjer áætlunarferðir miklu tíðari og miklu öruggari en þá var, svo að það er algerlega sjeð yfir sannleikann í þessu, hvað strandferðirnar snertir með því að halda sliku fram. Þær eru miklu betri en þá var, auk þess sem mikið er gert til þess að hjálpa ýmsum hjeruðum með flóabátum. Það er ekki svo lítið, sem lagt er í það, í samanburði við það, sem þá var, ef það þá hefir verið nokkuð.

Jeg hefi nú til skýringar á þessu tekið upp nokkuð af þeim höfnum, sem siglt var á þá og siglt er á enn. Jeg hefi athugað samgöngur hjer frá Reykjavík vestur um land, og komist að raun um, að þar eru samgöngur í svo góðu lagi, að jafnvel ekki er um eina einustu kvörtun að ræða, nema frá Breiðafirði, en sem vitanlega er flói og verður að hafa sinn flóabát til að flytja allar vörur til og frá viðkomustöðum strandferðaskipanna, og vonandi kemst það á sínum tíma í það lag, enda nú á þessu þingi ætlaður ríflegur styrkur til bátaferða um Breiðafjörð.

Það er þá um Norðurland, alt austur

að Eyjafirði að segja, að þar eru miklu betri samgöngur heldur en fyrir stríðið, enda engar kvartanir þaðan um samgönguleysi, heldur þvert á móti, og hafa margir norðlendingar látið þá skoðun í ljós. Aðalkvartanirnar, sem Alþingi berast yfir slæmum samgöngum, eru frá Austfjörðum, og heldur hv. frsm. (SvÓ) því fram, að þar sjeu þær lakari en fyrir styrjöldina miklu. Þessu til mótmæla læt jeg tölurnar tala um áætlunarferðir árin 1913, 1914 og 1927.

Viðkomustaðir strandferðaskipa:

	1913	1914	1927
Hornafjörður	5	5	10
Djúpivogur	12	11	24
Breiðdalsvík	12	7	14
Stöðvarfjörður	4	6	9
Fáskrúðsfjörður	22	11	35
Reyðarfjörður	18	4	41
Eskifjörður	19	19	48
Norðfjörður	23	15	54
Mjóifjörður	19	15	18
Seyðisfjörður	42	25	58
Borgarfjörður	0	7	20
Vopnafjörður	23	9	22
Bakkafjörður	10	6	9
Skálar	0	0	9
Þórshöfn	12	18	24
Raufarhöfn	7	6	9
Kópasker	9	4	22
Húsavík	33	13	46

Ef menn vilja á þessari töflu bera saman þær samgöngur, sem þessir staðir áttu við að búa fyrir stríð, og þær samgöngur, sem þeir hafa nú, þá held jeg, að hver og einn hljóti að geta sannfært sig um, að það er ekki rjett, að samgöngurnar sjeu í afturför hjá okkur, heldur er hjer um mjög mikla framför að ræða.

Hv. frsm. meiri hl. taldist svo til, að mikið gæti sparast með því að láta skipið ekki flytja farm, og lítur svo á, að mikil eftirvinna mundi sparast við það. En þó mun það í flestum tilfellum borga sig að láta vinna yfirvinnu við fermingu og affermingu skipa, enda annast farmeigandi þá vinnu á sinn kostnað, en skipið leggur til sitt fólk, sem hvort sem er gengur sínar vökur á skipinu.

Þá eru bryggjugjöldin, sem frsm. hygst að spara með því að flytja aðeins póst og farþega, en ekki farm. En sá hængur er á þeim sparnaði, að bryggjugjöld eru á flestum höfnum algerlega hin sömu fyrir skipið, hvort það tekur mikinn eða lítinn flutning, því bryggjugjald af vörum bera sendandi vara eða móttakandi. Það er því ekki hægt að leggja mikið upp úr þeim sparnaðartillögum, sem hv. frsm. meiri hl. kom með, því enda þótt hann hafi rætt þetta mál við einhvern skipstjóra á strandferðaskipi, þá sje jeg enga ástæðu til að taka það sem vísindalega sönnun, en trúi betur athugun þeirra manna, er staðið hafa árum saman fyriri rekstri strandferðaskipa og hafa þar að auki verið skipstjórar á slíkum skipum.

Jeg get látið við þetta sitja að svo komnu máli, og er þá tillaga minni hl., eins og nál. hans á þskj. 343 ber með sjer, að þetta mál verði felt í þesari hv. deild. Þetta álit hans byggist á því, eins og jeg hefi áður tekið fram, að við álítum ekki, að þjóðin hafi ráð á að festa það fje, sem hún hefir afgangs frá lögákveðnum gjöldum, sem er mikill hluti af tekjum ríkissjóðs, og að það sje mjög hæpið að gera meira að því að taka ákveðnar fjárhæðir í tekjuhalla, án þess að hafa rannsakað málið nægilega,

og í öðru lagi af því, að við álítum samgöngurnar, eftir því sem jeg hefi lýst þeim, mjög viðunandi, og meira að segja góðar eftir efnum og ástæðum þjóðarinnar. Þar á ofan álítum við, að þing og stjórn eigi að vinna að því framvegis að koma þessum strandferðum yfir á aðrar hendur, svo að við þurfum ekki að greiða rekstrarhalla nema af þessu eina skipi, sem sje Esju. Af þessum ástæðum er það, að við leggjum algerlega á móti þessu frv. Þriðja ástæða minni hl. er sú, að við álítum, að flóabátar komi að langmestu gagni við smærri flutninga um flóa og firði, og að á sínum tíma eigi að vinna að því að flytja sem mest með flóabátum í veg fyrir þau skip, sem taka flutning kringum landið og til annara landa. Því að það getur hver maður sjeð, sem vill athuga þetta mál, að það verður alt of kostnaðarsamt að hafa dýrt skip í förum til þess að snatta með smáflutninga kringum land, og inn á hverja vík og vog. Þetta hefir líka sýnt sig. Jeg hefi hjer dálítið yfirlit yfir þær tekjur, sem Esja hefir fengið síðastliðið ár á ferðum sínum um Austfirði, og sýnir það, að Austfirðir hafa fengið sinn fulla hluta af þeim raunverulega tekjuhalla, sem mjer telst til, að orðið hafi á Esju á síðastliðnu ári, sem sje kr. 311 þús., ef alt er reiknað, svo sem vera ber. Hv. frsm. meiri hl. telur Esju komast af með 1200 kr. á dag, og veit jeg eigi, hvernig hann fær þessar tölur, því víst er það, að Esja hefir brúkað um 1600 kr. á dag, þá daga, sem hún gekk á síðasta ári, en þá gekk hún í 9 mánuði, en var í höfn 3 mánuði, með mjög litlum kostnaði. Sannleikurinn er sá, að það er alstaðar of lítið að flytja, bæði af fólki og farangri, og alstaðar of litla peninga að fá. Mjer telst svo til, að það hafi ekki verið hægt að fá meiri tekjur en 7—800 kr. á dag á þeim höfnum, sem jeg hefi gert reikning fyrir, sem sje Austfirðir. Það kemur auðvitað líka fram, að sumir firðir gefa ekki meira af sjer en 22 til 70 kr. í ferð. Það getur vel verið, að þeim höfnum sje jafnmikil nauðsyn á að hafa þessar ferðir, þó þær verði ekki til að styrkja slíka útgerð. Annars vil jeg leggja áherslu á það, að vegakerfi landsins líður altaf við það, að lagt er í þessi tekjuhalla-fyrirtæki, sem eru meðal annars samgöngur á sjó, og vill minni hl. sjerstaklega benda hv. deild á, að það er á kostnað búskapar landsmanna, ef við förum ógætilega í þessum sökum eða tökum meira en nauðsynlega þarf til þeirra. Því að það er mjög aðkallandi nauðsyn í landinu fyrir brýr og vegi, sem mun leggja landið í auðn, ef ekki er unnið að með framsýni og festu.

Minni hl. þykist ekkert harðdrægur, þótt hann leggi til, að þetta frv. verði felt, því að það er sannarlegt hermdarverk að leggja það á þjóðina að byggja skip, sem gefur ekki minna en 150—200 þús. kr. í tekjuhalla á ári og jafnvel meira, samkvæmt undanfarandi reynslu. Fer jeg svo ekki fleiri orðum um málið að sinni.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg get verið hv. frsm. minni hl. þakklátur fyrir þá fyrstu yfirlýsingu, sem hann gaf, því að hann ljet í ljós með talsverðum fjálgleik, að mjer virtist, að það væri æskilegt, að þjóðin gæti látið það eftir sjer að fjölga póstskipum og bæta samgöngur. Jeg átti von á því, að þetta kæmi fram hjá hv. þm. (JÓl), bæði af því að þessi ósk er eðlileg viður-

kenning nauðsynjarinnar og vottur hreinskilni. En við lítum á það hvor frá sinni hlið, hvort þjóðin geti þetta, hvort hún sje þess um komin að láta þennan fagra draum rætast og halda uppi almennilegum samgöngum. Um það efast hv. minni hl., en um það efast jeg ekki. Jeg veit það mjög vel, að þegar ráðist er í framkvæmdir, eins og þær, sem nú eru á prjónunum, eins og vegalagningar og símalagningar fyrir samtals 2 milj. í fjárlagafrv. komandi árs, er í raun og veru smávægi eitt að kaupa þetta litla strandferðaskip. Segjum, að það kosti 400 þús. kr. eða litlu meira, en það er þá aldrei annað en nokkur hluti af því, sem lagt er til síma og vega, framkvæmda, sem vitaskuld eru gagnlegar, en sem væri hægt að láta bíða nokkra stund að einhverju leyti, eins og hv. minni hl. vill nú láta þetta skip bíða.

Hv. minni hl. spyr, hvort við höfum ráð á að taka þetta frá öðrum verklegum framkvæmdum; jeg ætla ekkert að fara að þrátta við hann um það, en jeg vil í þess stað leggja þá spurningu fyrir hann, hvort við höfum ráð á því, að láta hjeruð landsins fara í eyði fyrir einangrun, láta fólkið flýja þær strjálbygðu strendur. — Höfum við fremur efni á því? Það er alveg áreiðanlegt og margreynt, að þar sem strjálbýli er og litlar samgöngur, þar trjenast fólkið upp á því að búa í fásinninu og flýr til verstöðvanna. En þetta á sjer ekki stað, þar sem samgöngur eru góðar.

Sumir líta svo á, og þar á meðal háttv. frsm. minni hl., að þegar búið er að byggja brýr og vegi hvarvetna á landinu, þá sje fyrst kominn tími til þess að hugsa um samgöngurnar á sjó. Jeg hefi nú heyrt þessa firru áður, bæði á síðasta þingi og nú, og henni hefir áður verið svarað. Jeg vil því ekki vera að karpa um slíka hluti í þetta sinn. En háttv. frsm. minni hl. (JÓl) veit vel, að það sem gert er að byggingu brúa og vegalagningum, kemur tiltölulega fám mönnum að liði, fyr en þá eftir óralangan tíma. Viðbárur af þessu tæi eru því aðeins vindhögg. Einmitt fyrir þá sök er strandferðaskipið nýja sjálfsagt og nauðsynlegt, að það getur fullnægt þörf mjög margra manna, flestra landsbúa, þegar í stað. Skip, sem rekið er með alt að 150 þús. kr. tekjuhalla, kemur miklu fleiri mönnum að notum en vegur, sem lagður er fyrir sömu upphæð, og þarf líka árlegt viðhald, vegur, sem verður ef til vill ekki nema einum hrepp að liði.

Háttv. frsm. minni hl. var að átelja það, að jeg vildi láta strandferðaskipið sleikja hverja höfn, hvern vog og vík, þar sem 2 býli væru eða fleiri. Jeg mintist nú ekki á þetta. En við fyrri umr. þessa máls gat jeg þess, að 52 hafnir væru á áætlun þess strandferðaskips, sem nú er notað og sem því væri ætlað að sigla á. Man jeg þar enga höfn með tveim býlum. En sumar af þessum höfnum eru torsóttar og tafsamar fyrir póstskipið, jafnvel stundum ófærar, og þær hafnir ætlumst við flm. til að fái einkanlega viðkomur þessa skips, sem ráðgert er að byggja. Það á, eftir áætlun Nielsens framkvstj., að vera lagað til þess að sigla á vandgæfar hafnir og er mun minna en Esja.

Þá reyndi háttv. frsm. að vefengja skýrslu mína um rekstrarreikning Esju. Hann vildi álíta rekstrarhalla síðasta árs meiri en 207 þús. kr., sagði, að hjer þyrfti að bæta við vöxtum og öðrum kostnaði. En rekstrarreikningurinn

sýnir öll gjöld, og vextir sæta sömu meðferð og höfð er um önnur mannvirki, sem ríkið á. En þessar 207 þús. kr. eru ekki nema tæplega ¼ hluti þeirrar upphæðar, sem á næsta ári er ætluð til vega, og álíka há og viðhald þeirra eldri vega, en hún kemur þó miklu fleiri mönnum að liði en vegirnir allir til samans.

Jeg vil ekki vera að eltast við þá „statistik", sem háttv. þm. (JÓl) las upp, um strandsiglingar fyrir og eftir stríð. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að samgöngurnar væru nú betri en áður. Samanburðurinn, sem hann hafði, t. d. á árunum 1910—12 á ekki við. 1910—12 voru strandferðirnar aðeins reknar 6 mánuði á ári hverju, en líka með 2 og 3 skipum, og því tíðari viðkomur og reglubundnari en nú. Hv. þm. óskar ef til vill að taka upp aftur það fyrirkomulag og hverfa til þess frumlega ástands, þegar samgöngurnar voru eingöngu miðaðar við sumarið. Viðkomufjölda á einstökum höfnum má auðvitað finna nú eins mikinn og áður, af því að ferðir strandskipsins taka yfir 9—10 mánuði, í stað 6 mánaða, sem áður var haldið uppi ferðum. En nú eru margar hafnir niður fallnar, sem áður fengu viðkomur, en ýmsar aðrar fá færri viðkomur en áður. Það segir sig sjálft, að eitt skip getur ekki afrekað jafn mikið og 2—3 skip gerðu áður, og þótt nokkrar hafnir fái nú eins margar viðkomur og áður, vegna þess að skipið gengur þriðjungi eða helmingi lengri tíma á árinu, þá getur samanburðurinn eigi orðið rjettur.

Háttv. frsm. minni hl. vildi rengja upplýsingar þær, sem jeg hafði aflað mjer viðvíkjandi rekstri strandferðaskipsins fyrirhugaða, og gaf jafnvel í skyn, að skipstjóri Esju mundi ekki hafa skýrt rjett frá. Jeg vil því taka það fram, að upplýsingarnar, sem jeg áður nefndi, eru fengnar frá útgerðarstjórn skipsins, en ekki nema að litlu leyti frá skipstjóra. En jeg er líka viss um, að skipstjóri hefir skýrt hárrjett frá og eftir bestu vitund. Hann er bæði skilorður maður og skrumlaus.

Þá kom hv. þm. með þennan gamla búhnykkk, sem á að vera fólginn í því, að varpa öllum samgöngum á sjó af ríkissjóði yfir á Eimskipafjelagið.

Samgöngur á sjó eru, eins og allir vita, þungur ómagi á ríkissjóði og hafa jafnan verið. En dettur háttv. frsm. í hug, að Eimskipafjelagið muni vilja taka að sjer slíka byrði? Það er varla hugsanlegt, að fjelagið vildi taka að sjer slíkan vanda og ábyrgð, nema gegn fullkominni tryggingu fyrir skaðlausum rekstri. Eimskipafjelagið er hlutafjelag og á að skila eigendunum arði af því fje, sem lagt hefir verið í það. Aftur er það skýlaus skylda ríkissjóðs og löngu viðurkend, að sjá um samgöngurnar á sjó eða póstflutninginn bæði á sjó og landi. Sú skylda er h v e r g i annarsstaðar og verður ekki á einstaklinga lögð.

Það var margt hjá háttv. frsm. minni hl., sem mjer fanst eiga lítið erindi inn í umr., og ekki var heldur laust við, að þar væri rjettu máli hallað. Hann talaði um „þann sorglega sannleika", eins og hann kallaði það, að litlar tekjur væru af strandferðunum á Austfjörðum. En hann forðaðist að nefna tölur, sem hægt væri að taka á, eða tímalengdir, og þess vegna var þetta auðfundin blekking. Út af þessu vil jeg benda á það, að eftir þeirri tilhögun, sem er á strandferðunum, eru allar lík-

ur fyrir því, að mestar verði tekjur skipsins eða minstur tekjuhallinn, borið saman við tímaeyðslu, þar sem hafnir eru þjettastar og bestar. Og það er alveg vafalaust, að Austfirðir og Vestfirðir bjóða þarna best skilyrði. Þar getur skip átt viðkomur á mörgum höfnum sama daginn og ber þar mest úr býtum. Hitt er ljóst, að meðan skipið siglir með óbygðri eða hafnlausri strönd, t. d. frá Vestmannaeyjum austur á Djúpavog, þá getur ekki verið um neinn ávinning að ræða. Jafnljóst er hitt, að þegar skipið þarf að fara um torsóttar leiðir til afskektra hafna, eins og t. d. úr utanverðum Húnaflóa inn á Borðeyri, þá verður slík ferð að jafnaði dýr og gefur víst sjaldan tekjur. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að rekstrarhallinn af strandferðunum stafar fremur af siglingum með hafnlausum eyðiströndum en ströndum með mörgum og góðum höfnum. Jeg hefi ferðast með Esju, þegar hún hefir tekið 5 Austfjarðahafnir á einum degi, og það jafnvel milli mála. Og má nærri geta, hvort tekjur skipsins verða ekki meiri á slíkum degi en þegar það siglir daglangt með hafnlausri strönd.

Að öðru leyti get jeg látið röksemdir hv. frsm. minni hl. eins og vind um eyrun þjóta. Margt af þeim var um óskylt efni og fjarstætt, en sumt endurtekningar frá fyrri umr. — Mjer þykir rjett í þessu sambandi að minna á það, hvernig Esja er notuð, og má af því nokkuð sjá, hví rekstrarhalli er svo mikill og erfitt að láta hana fullnægja kröfum um greiðan póstflutning. Skipið er notað til þess að flytja farm í veg fyrir millilandaskipin eða taka við farmi úr þeim, og annast það þannig umhleðslu vörur. En fyrir þessa flutninga fær það ¼ hluta af farmgjaldinu frá og til útlanda, og þess vegna miklu minna en nemur strandferðataxta, eins og best má af honum sjá og samanburði við útlandataxtann. Segja má að vísu, að þetta sje rjettmætur greiði við Eimskipafjelagið, en skörin fer upp í bekkinn, er Esja er höfð til að flytja á þennan hátt í veg fyrir útlendu fjelögin og tafin þess vegna frá póstferðum. Nú sem stendur er farmgjaldið fyrir eitt tonn af kornvöru frá Kaupmannahöfn til Íslands 30 kr. Þegar Esja tekur svo við einu tonni og flytur það til annarar hafnar, þar sem millilandaskipið kemur ekki, þá fær hún ¼ hluta gjaldsins, eða kr. 7.50. Jeg held nú, að það sje í flestum tilfellum mögur atvinna að annast slíkan umhleðsluflutning á vandgæfar hafnir fyrir þetta gjald. Skaðinn er tvöfaldur, ef eigi margfaldur af slíkum flutningi, bæði of lágt farmgjald og tafir með aukavinnu dýrri. Einmitt þessi flutningatilhögun bakar útgerðinni tjón framar öllu öðru.

Jeg þykist sannfærður um það, þó jeg geti ekki sýnt það reikningslega, að Esja geti siglt með litlum tekjuhalla, ef til vill langt undir 100 þús. kr. halla á ári, ef hún losnaði við alla tafsama vöruflutninga. En áætlun framkvæmdastjórans um rekstrarhalla minna skipsins, hygg jeg fara nærri lagi. Hann áleit, að hallinn mundi verða 150—160 þús. kr. um árið. Tekjuhalli beggja skipa ætti þá að verða sem næst 200—250 þús. kr. Jeg tel það ekki mikla fórn af hendi ríkissjóðs, þótt hann leggi fram á ári hverju um 250 þús. kr. til þeirra samgöngubóta á sjó, sem fást mundu með rekstri þessara tveggja skipa. Með þeim mundu þó fást sæmilegar póstgöngur. En jafnframt ætti kostnaður af

flóabátum að geta minkað eða jafnvel horfið á stöku stað. (JAJ: Eins og hvar?) Hann mundi óefað minka mikið á Austfjörðum og jafnvel t. d. við Eyjafjörð og Breiðafjörð. Það má ekki líta á það eins og smávægilegt atriði að fá tíðar og öruggar ferðir kringum landið, eða svo sem litlu máli skifti, hvort vjer önnumst þær eða útlendingar. Um beinan hagnað af ferðum fyrir ríkissjóð tjáir ekki að hugsa. Aukin þægindi og hagsmunir borgaranna er það, sem vinnast á, en hitt nær engri átt, að heimta tekjuhallalausar póstgöngur. Hvenær hefir mönnum dottið í hug, að vegir, heilsuhæli, sjúkrahús eða skólar borguðu sig? Eru ekki allar þessar stofnanir o. fl. kostaðar vegna hagsmuna borgaranna? Ef ekki er forsvaranlegt að ráðast í þessi skipskaup, þó að það hafi í för með sjer einhverja fórn fyrir ríkissjóð, þá veit jeg ekki, hvaða verklegar framkvæmdir hjer á landi eiga rjett á sjer.

Jeg lofaði áðan að takmarka ræðutíma minn. Jeg hefi eytt aðeins 20 mínútum í stað 1 klukkutíma, sem hv. frsm. minni hl. notaði, og þykist jeg hafa efnt loforð mitt.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 72, n. 295 og 343).

Hákon Kristófersson: Jeg vil lýsa yfir því, að þótt jeg taki nú til máls, þá er það ekki af því, að jeg hafi í raun og veru nokkru að bæta við það, sem hv. frsm. minni hl. hefir skýrt svo vel frá í þessu máli. Og þótt hv. 1. þm. S.-M. gerði grín að því, að ræða hans hefði verið klukkutíma löng, þá var það af því, að hann þurfti svo langan tíma til þess að bera fram skilning og rök minni hl. fyrir áliti sínu.

Hv. 1. þm. S.-M. hefir borið það saman, að áður hefðu verið 2 strandferðaskip, en nú væri það aðeins eitt. Það er satt, að áður höfðum við Hóla og Skálholt, þar sem við höfum nú Esjuna eina. En þessi samanburður á ekki rjett á sjer, því að nú á síðustu árum hefir stöðugt fjölgað þeim skipum, sem fara inn á hverja vík og hvern vog. Auðvitað krefjast nýir tímar nýrra umbóta. En hvernig sem á er litið, er ekki hægt að segja annað en að samgöngurnar sjeu svo vel af hendi leystar, af ríkisins hálfu, að jeg held, að gjaldþol þjóðarinnar beri ekki meiri útgjöld til strandferða að svo komnu. Auðvitað væri æskilegt, að þær væru meiri. En menn verða líka að læra að sníða sjer stakk eftir vexti í þessu tilliti. Og það má ekki ganga fram hjá þeim sannindum, að strandferða- og flóabátar þeir, sem ríkið styrkir, bæta mikið úr samgönguþörfinni. Og svo er „Suðurlandið“ í förum til strandferða.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að skipið mundi hafa mestar tekjur, þegar það sigldi til Vestfjarða og Austfjarða. Það er óskiljanlegt. Eða hvaða líkindi eru til þess, að þetta skip hafi verulegar tekjur þar? Svo sagði hann, að þar yrðu tekjurnar minni, sem innsiglingin væri löng. En þannig er það á Vestfjörðum, sje Breiðafjörður tekinn með. Fyrir ári síðan var því haldið fram, að skip þetta ætti að bæta úr samgöngum við Breiðafjörð. En væri því svo varið, gæti það gert það að verkum, að við mættum ekki búast við neinum mótorbátastyrk. Það yrði okkur óþægilegt, ef sá styrk-

ur fjelli niður, því að strandferðaskip bætir ekki eins vel úr þörf okkar og mótorbátur á þessum svæðum. Svo eru siglingaleiðirnar á Breiðafirði ómældar ennþá, og er langt þangað til það kemst í framkvæmd. Sama sagan er um Norður-Ísafjarðarsýslu. Engum óhlutdrægum manni með heilli skynsemi dytti í hug að kippa Djúpbátnum af sýslunni, þó þetta fyrirhugaða strandferðaskip verði hjer í förum. Auk þess verður hann að annast póstflutninginn, bæði vetur og sumar, en það getur ekkert strandferðaskip gert, sem ekki er altaf til staðar.

Hv. frsm. meiri hl. sagðist vilja láta rök hv. frsm. minni hl. sem vind um eyrun þjóta. Þetta er miður vel sagt, af svo vitrum manni, þar sem röksemdum frsm. minni hl. var svo vel úr garði fylgt. Þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvort við höfum ráð á að verja meira fje til strandferða en við gerum nú. Eimskipafjelagið fær 140 þús. kr. styrk til strandferða. Væri nú fengið nýtt skip, mundi þessi styrkur e. t. v. falla niður. En afleiðingin af því yrði sú, að Eimskipafjelagið teldi sjer ekki skylt að láta sín stóru skip koma á smáhafnirnar, enda væri þá komið annað strandferðaskip. En skip fjelagsins hafa farið margan útúrkrókinn inn á litlu hafnirnar, og þótt segja megi það því til lofs, þá var það bein skylda fjelagsins, þar sem það er eign landsmanna og styrkt af opinberu fje.

Jeg hefi átt tal um þetta við Nielsen framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins, og er það maður, sem allra manna best hefir sett sig inn í samgöngur okkar á sjónum. Og hann segir, að það sje ekkert annað en vitleysa fyrir okkur að ráðast í þetta fyrirtæki og telur, að samgöngur okkar sjeu nú sem stendur sæmilega góðar. — Því hefir verið haldið fram til gildis þessu skipi, að það eigi að vera með kælirúmi. Jeg geri ekkert úr þessu; það er bara verið að slá þessu fram sem beitu. Það yrðu ekki nema nokkrir nautsskrokkar, sem fluttir yrðu til Rvíkur, og yrði mikill aðflutningur matvæla hingað utan af landi, mundi verðið falla meir en bændur þyldu. Svo mundi það spilla fyrir markaði bænda hjer í nágrenninu.

Það er ekki lítill kostnaður, ef það á að fara að byggja skip, sem kostar 500—600 þús. kr., en sem mundi tapa 150 þús. kr. árlega. Þetta yrði ekki lítill útgjaldaauki. Hv. þm. (SvÓ) benti á í þessu sambandi, að það væri í sjálfu sjer enginn ókostur, þó að strandferðirnar borguðu sig ekki, og tók hann sem dæmi því til sönnunar vegagerðir og heilsuhæli. Það er mikið rjett. En eru engin takmörk fyrir því, hvað við getum veitt okkur til vegagerða og heilsuhæla? Það er auðvitað aldrei svo gott ástandið í þessum efnum, að það megi ekki og eigi ekki að vera betra. En hvað hamlar? Getuleysið. Og hið sama er að segja um strandferðirnar. Jeg hefi ekki heyrt það á hv. þm. (SvÓ), að hann benti á það, að draga mætti af fje því, sem ætlað er á fjárl. til vega- og brúagerða, til þess að koma þessu fyrirtæki á stofn. Því get jeg ekki talað um það í þessu sambandi, auk þess sem jeg er viss um, að samgöngurnar til sveita eru mun erfiðari en samgöngurnar á sjó með ströndum fram. Því hefir verið beint til mín, að stofnun þessa fyrirtækis yrði til ávinnings fyrir þjóðfjelagið að því er póstmálin snertir, að það mundi hafa í för með sjer örari póstflutning. Þetta má vel

vera. En hvað gerir þá síminn, sem kominn er nú á flesta firði í öllum sýslum nema Barðastrandar- og Skaftafellssýslum? Og jeg álít, að ekki verði frekar hægt, þó að þetta fyrirhugaða skip komi, að taka af Skaftfellingum bátinn, sem starfað hefir fyrir þá að flutningum vel og lengi. Ef með þessu skipi á að fara að taka smábátana af þeim hjeruðum, sem hafa haft þá, þá er vissulega ver farið en heima setið. Jeg vildi ekkert fremur, en að ástæður ríkissjóðs bötnuðu svo, að hægt væri að leyfa sjer að byggja þetta skip. En eins og sakir standa, eru ástæður ríkissjóðs ekki svo góðar, að hann geti látið af hendi fje til þess að halda sæmilega við þeim samgöngubótum, sem þegar hafa verið gerðar, hvað þá heldur að hann geti bætt við þær. Jeg býst við, að hjeruð þau, sem hjer eiga hlut að máli, mundu ekki, ef þau athuguðu málið, skifta á þessu fyrirhugaða skipi og mótorbátum þeim, sem þau hafa haft til flutninga hingað til. Það hagar víða svo til, sjerstaklega á Breiðafirði, að skip sem þetta mundi ekki koma að fullum notum, en samgöngurnar sjóleiðis frá Ísafirði að Látrabjargi, að undantekinni Norður-Ísafjarðarsýslu, eru svo góðar sem frekast verður á kosið. Jeg veit það um hv. frsm. minni hl. (JÓl) og mig, að afstaða okkar til málsins er reist á því, að við lítum svo á, að getu ríkissjóðs í þessu efni sje nú svo farið, að ekki beri að hverfa að þessu ráði, og því höfum við lagt það til, að frv. þetta verði felt að þessu sinni. Hvað hv. deild gerir í málinu, veit jeg ekki, en jeg geri ráð fyrir því, að frv. gangi ekki í gegn, því að framkoma þess er lítt skiljanleg. Enda þó að það eigi að nota það sem kosningagorkúlu, þá hittir það ekki þá Íhaldsmenn, sem lagst hafa á móti frv. (**HStef:** Gorkúlurnar vaxa fljótt!). Já, en þær eru að jafnaði meinleysisgripir, og svo mun reynast um þetta frv.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg taka það fram, að mjer hafa borist óskir úr kjördæmi mínu frá nokkrum mönnum um þetta strandferðaskip. En þessar óskir eru bornar fram án þess að menn hafi gert sjer nokkra grein fyrir með hvaða möguleikum hægt væri að framkvæma þessa ósk þeirra. Það er ekki til neins að halda því fram, að skipinu sje ætlað að fara inn á allar hafnir kringum land. Inn í Gilsfjörð fara t. d. ekki önnur skip en vöruflutningaskip. En það er ómögulegt að ætlast til þess, að farþegaskip skríði inn á hverja höfn kringum landið, bæði t. d. Gilsfjörð og Hvammsfjörð o. s. frv. Með þessu skipi væri kipt stoðunum undan því, að við fengjum mótorbát til flutninga þar, en þeir eru þau einu flutningaskip, sem hægt er að koma við á þessum stöðum. — Jeg mun láta málið hlutlaust hjer eftir, en jeg skal taka það fram, að jeg læt mjer það í ljettu rúmi liggja, þó það verði básúnað út í einhverju ósannindamálgagni, að Íhaldsmenn hafi lagt á móti málinu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gat ekki hlustað á nema lítinn hluta af umr., er hjer hafa farið fram um þetta mál. En eftir því sem mjer heyrðist á ræðu hv. frsm. meiri hl. (SvÓ), þá mun það vera aðaltilgangurinn, að hann vill aðskilja vöruflutning annarsvegar og farþega- og póstflutning hinsvegar. Skilst mjer, að hann ætlist til þess, að skipin skifti með sjer verkum þannig, að annað þeirra annist vöruflutningana, en hitt

aðallega póst- og farþegaflutningana. En jeg hygg, að þessi skifting sje ekki heppileg. Jeg er þess fullviss, að það borgi sig betur fyrir póst- og farþegaflutningaskip að taka með sjer inn á smáhafnirnar, þó ekki sje nema fáein „colli", heldur en að heimta það af sjerstöku flutningaskipi, að taka litlar vörur á þessar hafnir. Jeg hefi átt tal við forstjóra Eimskipafjelagsins, hr. Emil Nielsen, um þessa verkaskiftingu, og er það álit hans, að hún verði bæði óheppilegri og kostnaðarsamari en að láta skipin annast hvorttveggja jöfnum höndum. Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að smáhafnirnar kringum land nytu lítið skipaferða Eimskipafjelagsins. En ef ferðaáætlun fjelagsins er athuguð, þá sjest, að þetta er ekki á rökum bygt. Jeg hefi litið á áætlun fjelagsins, og sje jeg ekki betur en að t. d. á Austurlandi komi skipin hvert á fætur öðru frá útlöndum og reki hafnirnar eina af annari, og að sjálfsögðu taki þar þær vörur, sem fyrir hendi eru. Það er því auðsætt, að eftir því sem Eimskipafjelagið eignast fleiri skip til millilandaferða, eftir því batna strandferðirnar. Skipin taka farm frá útlöndum á allar hafnir landsins, sem þau geta komist á. Og ef vörurnar eru svo miklar á smáhafnirnar, að það borgi sig að skila þeim þangað, þá gerir fjelagið það. Þetta eru samgöngubætur, sem smáhöfnunum koma vel, því ef skila á vörunum á stórhafnirnar fyrst, eins og hv. frsm. (SvÓ) ætlast til, og flytja þær svo með öðrum skipum á smáhafnirnar, þá hefir það mikinn aukakostnað í för með sjer. Hv. þm. talaði um það, að Esja hefði tapað miklu á því að fara í veg fyrir skip Sameinaða gufuskipafjelagsins og taka af þeim vörur til flutnings á smáhafnirnar. En hjer er ekki nema hálfsögð sagan. Það er alveg rjett, að Esja hefir tapað miklu á öllum ferðum sínum. En fyrir hverja gerir Esja það, að taka þessar vörur? Hún gerir það ekki fyrir Sameinaða gufuskipafjelagið, heldur fyrir þá menn á smáhöfnunum, sem þurfa að fá þessar vörur sem fyrst. Ef nú á að fá nýtt strandferðaskip, þá verður það að taka að sjer slíkan flutning. Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að ef nýtt skip yrði fengið, þá mundi hallinn af báðum skipunum nema um 200—250 þús. kr. á ári. Þetta er ágiskun hv. þm. (SvÓ), enda er mjer ekki grunlaust um, að hann viti betur í þessu efni. Hallinn af Esju er nú 200 þús. kr., en þó að annað skip bætist við, þá heldur hv. þm. (SvÓ) því fram, að hallinn af báðum skipunum til samans verði ekki nema 200—250 þús. kr. En þetta nýja skip hlýtur þó að taka mikið af flutningum frá Esju; það er auðsætt. Jeg hefi talað, eins og jeg gat um áðan, við hr. Nielsen forstjóra Eimskipafjelagsins, og er hann ekki í nokkrum efa um það, að hallinn vex mikið við það að fá annað skip með Esju til strandferðanna. Það hefir verið mikið um það rætt, að strandferðirnar hjá okkur sjeu ekki í góðu lagi. Jeg get játað það, að þær eru ekki í nægilega góðu lagi. En jeg vil benda hv. þm. á það, hve miklu hefir verið eytt til strandferðanna og hvað sjáanlegt er að muni til þeirra fara á næsta ári. Til Esju fór síðastl. ár 200 þús. kr., 100 þús. kr. til bátaferða og 145 þús. til Eimskipafjelags Íslands 1928, eða samtals 445 þús. kr. Ef við berum þetta saman við það, sem varið hefir verið til vegabóta, þá sjest, að þetta er hærra en til allra vegabóta á landinu til samans. Jeg vona, að hv. þdm. geri

sjer það ljóst, að ef til byggingar þessa nýja skips kemur, þá verður að draga úr fjárframlagi ríkissjóðs til vegagerða, símalagninga og brúargerða. Menn geta ekki búist við því, að hægt sje stöðugt að auka við hin föstu útgjöld ríkissjóðs og leggja stöðugt á þjóðina nýja skatta til þess að bæta upp hallann. Einhversstaðar verður að nema staðar. Ef samþ. verður að byggja þetta skip, þá verður kostnaðurinn í framtíðinni að koma niður á verklegum framkvæmdum í landinu. En hvað stoðar það, að hafa skip, er sigla með ströndum fram vikulega til þess að flytja vörur og farþega, þegar ókleift er fyrir bændur að koma vörum sínum frá sjer innan úr landinu og til hafna, vegna þess, hve illar samgöngurnar á landi eru.

Því hefir verið haldið fram, að hægt væri að losna við eitthvað af strandferðabátunum, ef þetta skip kæmi. En það er nú svo, að fyrst og fremst eru bátar þessir ekki margir og auk þess kosta þeir tiltölulega minst. Jeg vil í þessu sambandi minna á það, að það hefir með samþykki þingsins verið tekin upp sú stefna, að koma upp akfærum vegi milli Norður- og Suðurlands hið allra fyrsta. Þetta mundi leiða það af sjer, að margir mundu hætta við að taka á sig krókinn fyrir Vestfirði, þegar þeir gætu komist í bifreið að norðan og til Reykjavíkur á 2 dögum. Meðal annars voru með tilliti til þessa sett lög um það í fyrra að bæta höfnina í Borgarnesi. Af þessum ástæðum sje jeg mjer ekki fært að fylgja frv. nú. Ekki af því að mjer vaxi svo mjög í augum kostnaðurinn í eitt skifti fyrir öll, en rekstrarkostnaðurinn verður aldrei minni en 150—200 þús. kr. á ári. Dreg jeg það af því, hvað það kostaði að leigja aukaskip í fyrrahaust. Þessi árlega byrði á ríkissjóði gerir það að verkum, að jeg get ekki fylgt frv., af því að afleiðingin yrði sú, að kostnaðurinn kæmi niður á verklegum framkvæmdum og samgöngubótum á landi.

Þorleifur Jónsson: Það eru ekki margir hv. þm. viðstaddir nú í þessari hv. deild, og virðist það benda á, að áhugi manna fyrir þessu máli sje ekki mikill. Jeg tel það alveg þýðingarlaust að halda um þetta mál langa ræðu, enda hefir hv. frsm. meiri hl. sótt málið svo vel, að óþarfi er að fella í skörðin. Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), skal jeg taka það fram, að það kom fram hjá honum eins og hv. þm. Barð. og hæstv. atvrh., að getuleysi ríkissjóðs væri aðallega til fyrirstöðu því, að mál þetta kemst ekki í framkvæmd, en ekki að þeir álíti þetta ónauðsynjamál. Hv. frsm. minni hl. sagði, að samgöngubætur á landi væru meira aðkallandi en samgöngubót sú, sem hjer er farið fram á. Jeg held, að það kenni nokkurrar þröngsýni hjá hv. þm. (JÓl), að hann hefir verið með því að veita heimild til 2 miljóna kr. framlags úr ríkissjóði til samgöngubóta á landi, en legst nú á móti þessari samgöngubót, sem hjer er um að ræða. Það má vel vera, að járnbraut austur sje mjög nauðsynleg, en jeg held, að hún sje ekki meir aðkallandi en þessi samgöngubót á sjónum, þótt hann metti hana meira. En það er nú svo, að þó að margt sje enn ógert, bæði að því er vegi og brýr snertir hjer á landi, þá er það ekki lítið aðkallandi, að hjeruðin við sjávarsíðuna geti notað sjer sjóleiðina betur en nú er.

Hv. frsm. minni hl. talaði um, að hörmung væri til þess að vita, að sum-

staðar væru góðar jarðir alveg að leggjast í eyði af samgönguleysi. Vegna vega- og brúaleysis gætu hinar bestu beitarjarðir ekki aflað sjer heyfanga annarsstaðar að o. s. frv. Það má vel vera, að þetta sje rjett um ýmsar einstakar jarðir, og er vitanlega ákaflega leitt. En þetta sama má sumstaðar segja um heil hjeruð, sem standa opin fyrir margskonar framkvæmdum, ef þau aðeins fá samgöngur á sjó. Það eru til stórar sveitir, þar sem svo að segja eru sjálfgerð tún, ef borið er á, og fjölga mætti gripum að miklum mun. En það þýðir lítið að hefja stórfelda ræktun í þeim hjeruðum, þar sem ekki er unt að koma afurðunum frá sjer á markað. Samgöngur, bæði á sjó og landi, eru undirstaðan undir því, að hægt sje að breyta búskaparlaginu í samræmi við kröfur tímans. Ýms hjeruð verða nú að sætta sig við gamalt og að nokkru leyti úrelt búskaparlag, af því að þau hafa ónógar samgöngur. Í þessu sambandi má t. d. líta til Borgarfjarðarhjeraðs. Hvergi á landinu munu samgöngur komnar í eins gott horf og þar, enda er víst ekkert hjerað á blómlegra framfaraskeiði. Þetta dæmi sýnir, að það getur borgað sig að hafa samgöngurnar góðar, enda þótt það kosti allmikið. Strandferðaskipið gerir t. d. ekki það eitt, að flytja póst, farþega og lítilræði af vörum, heldur skapar það jafnframt aukna atvinnumöguleika úti um land. Það er að sínu leyti eins nauðsynlegt fyrir hinar afskektari sveitir með ströndum fram að fá strandferðaskip, eins og fyrir hjeruðin á Suðurlandsundirlendi að fá járnbraut til Reykjavíkur.

Það er rjett, að á undanförnum árum hefir allmikið fje verið veitt til strandferða, en þó varla nógu mikið. Þegar litið er á þetta stóra eyland og hina afar dreifðu bygð, ætti mönnum að vera það ljóst, að eitt strandferðaskip getur ekki annað að flytja alt það, sem þarf, á milli hafna, jafnvel þótt millilandaskipin taki líka nokkurn strandflutning. Menn hafa talað um, að litlir vextir hafi fengist af Esju. Má ekki segja hið sama um brýr og vegi? Af þeim koma litlar beinar tekjur í landssjóð á ári hverju. Þó efast enginn um, að óbeini hagnaðurinn sje svo mikill, að það borgi sig fyrir þjóðina að hafa vegi og brýr. Menn tala um, að 120 þús. kr. tekjuhalli muni verða á þessu skipi á ári hverju. Þetta er auðvitað ekkert annað en spádómur, og er bygður á þeirri reynslu, sem fekst af skipi því, er fór strandferðirnar með Esju um tíma í haust. Á því er sagt að hafi verið 10 þús. kr. tekjuhalli á mánuði. Jeg verð nú að segja, að mig furðar ekki, þótt mikill halli yrði á þeim farkosti, því að það eru víst allir sammála um, að aumari dallur hafi ekki sjest á siglingu fram með ströndum Íslands í manna minnum. Síst er þetta að furða, þegar menn vita, að hripið sigldi stundum fram hjá höfnum, þar sem mikinn flutning var að fá. T. d. voru í haust um 140 tn. af kjöti og aðrar haustvörur, sem lágu á Hornafirði og þetta „skip“ hafði lofað að taka, en svo siglir það beina leið frá Djúpavogi til Vestmannaeyja og skilur vörurnar eftir. Það er lítið miðandi við skip af þessu tæi.

Nú hefir verið bannað að flytja hey til landsins, svo sem sjálfsagt er, og hefði átt að vera löngu fyr. En kaupstaðirnir, sem ekki geta aflað heyja sinna sjálfir og hafa flutt inn mikið af heyi frá Noregi, verða nú að kaupa það úr slægjuhjeruðum landsins. En eins og

strandferðum er nú háttað, er það oft hinum mestu erfiðleikum bundið að fá hey flutt frá höfn, sem liggur við hin bestu heyskaparhjeruð, til þeirra staða, þar sem þarf að nota það. Þannig er á ýmsu auðsjeð þörfin fyrir nýtt skip til hringferða um landið.

Mjer þótti vænt um, að háttv. frsm. minni hl. viðurkendi, að Hornafjörður yrði hart úti með núverandi skipulagi á strandferðum. En það mun hafa stafað af ókunnugleika hans, að hann hugði, að ekki væri hægt að bæta úr þessu öðruvísi en með vjelbátum, því að oft hafa litlu minni skip en Esja lagst á innri höfnina í Hornafirði, án þess að þau sakaði. Má þar t. d. nefna Austra og Vestra. Hv. frsm. minni hl. vjek að því í ræðu sinni, að samgöngur með ströndum fram væri betri nú en fyr meir. Það kann að vera, að sumstaðar sjeu þær orðnar skárri, en um Austur-Skaftafellssýslu verður það ekki sagt. 1912 voru t. d. 16 skipaviðkomur á Hornafirði, 16 á Papaós og 16 á Skinneyjarhöfða, eða samtals 48 skipaviðkomur í sýslunni. Hv. frsm. minni hl. sagði, að 1913 hefðu aðeins fimm sinnum komið skip á Hornafjörð. Jeg skal ekki segja um þetta, en það er áreiðanlega satt, að samgöngur versnuðu mikið, er Austri og Vestri duttu úr sögunni.

Jeg hefi ekki skrifað neitt verulega hjá mjer af því, sem hv. þm. Barð. sagði, enda hjakkaði hann að mestu í sama farið og hv. frsm. minni hl. Sje jeg því ekki ástæðu til að svara honum. — En það vil jeg að komi skýrt fram, að nauðsynlegt er að bæta við skipi, fyrst og fremst til þess að hægt sje að bæta búskaparlagið. Nú er alstaðar verið að breyta sauðfjárrækt í nautgriparækt, en þá þarf um leið að sjá fyrir nógu tíðum ferðum, til þess að menn geti komið afurðunum frá sjer. — Jeg vona, að þegar hv. frsm. minni hl. athugar þetta betur, snúist hann alveg frá villu síns vegar og á sveif með okkur.

Loks vil jeg láta í ljós þá ósk mína, að þetta mál megi ná fram að ganga á þessu þingi.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg get að miklu leyti látið mjer lynda þau svör, sem hv. þm. A.-Sk. hefir borið fram gegn andmælum þeim, sem frv. hefir mætt.

Það eru aðallega tvær mótbárur, sem hv. andstæðingar frv. hafa borið fram. Sú fyrri er getuleysi ríkissjóðs til þess að ráðast í byggingu strandferðaskips. Hin er sú, að samgöngurnar sjeu svo góðar að þeirra dómi, að við þær megi hlíta um stund. Alt annað eru gagnsæjar umbúðir utan um málið og að engu hafandi. En viðbárurnar tvær, sem jeg nefndi, hafa þeir allir borið fram, hver í sínu lagi, hv. 3. þm. Reykv., hv. þm. Barð. og hæstv. atvrh.

Jeg ætla fyrst að líta á aðalmótbáruna, sem þeir leggja einna mesta áherslu á, getuleysi ríkissjóðs. Það er sameiginlegt þeim öllum að hringja þessari barlómsbjöllu, sem klingt hefir á undanförnum þingum, og ekki hvað síst á seinasta þingi.

Þegar meta á þessa mótbáru, þá verður líka að líta á, hvað þessir sömu menn leggja til málanna, þegar um aðrar framkvæmdir er að ræða. Jeg mun fara rjett með það, að allir þessir hv. þm. hafi rjett upp hendur með ábyrgðarheimild ríkissjóðs nýlega, vegna miljónalánsins, sem leggja á í mjög hæpinn atvinnurekstur eða í fyrirtæki, sem

sumpart verður að telja á völtum fæti, eða þá í dauðateygjunum. Jeg held líka, að jeg fari rjett með, þegar jeg bendi á, að allir þessir sömu menn hafi með atkvæði sínu stutt að því, að lagðar verði á sínum tíma 2 miljónir króna úr ríkissjóði til þess að fá afardýra — en margþráða — samgöngubót við hjeruðin austan fjalls, járnbraut að Þjórsá. Einnig má benda á það, að til síma, vita, vega- og brúagerða eru áætlaðar um 2 miljónir króna í fjárlögum þeim, sem hjer eru á ferðinni, en ekki nema tæpar 350 þús. krónur til samgangna á sjó.

Það getur altaf verið álitamál, hvað af þessum fyrirtækjum eigi mestan rjett á sjer eða sjeu mest aðkallandi. Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum nauðsynlegt að fá bættar samgöngur á sjó. Því að sjórinn er þó sú samgönguleiðin með ströndum fram, sem oftast er greiðfær. Og eins og áður hefir verið bent á, er hjer um tiltölulega litla fjárupphæð að ræða, borið saman við þær framkvæmdir, er jeg nefndi áðan.

Um hina mótbáruna, að strandferðir sjeu fullnægjandi, hefir verið svo mikið rætt, að jeg tel, að þar þurfi litlu við að bæta. Mótsöðumennirnir halda því fram, að strandferðirnar sjeu við vort hæfi og vel viðunandi. En jeg neita því, að þetta gildi um smáhafnirnar. Jeg skal játa, að stærri höfnunum er sæmilega borgið, af því að millilandaskipin koma þar við í flestum ferðum sínum. Millilandaskipin haga ekki ferðum sínum eftir þörf póstgangna eða ferðamanna, eins og eðlilegt er, heldur eftir flutningaþörf frá landinu og til þess, og oftast fara þau hálfhring um norðurhluta landsins. Þess vegna eru póstgöngur þeirra notalitlar og því nær eingöngu fyrir stærri hafnir. Jeg vil ekki endurtaka samanburðinn, sem aðrir hv. þdm. hafa gert um strandferðir hjer við land fyrrum og nú. En þótt samgöngur sjeu að ýmsu leyti skárri á stöku stöðum, svo sem Breiðafirði, en þær voru t. d. um aldamót, þá er lítil ástæða til að miklast af því. Þess er ekki að vænta, að menn láti sjer lynda 6 mánaða strandferðir á ári, eins og þá voru, en ástandið er þó engu betra en þá var, þegar litið er til afskektustu hafnanna.

Jeg ætla ekki að tefja tímann með því að svara orði til orðs því, sem mótstöðumenn þessa frv. drógu fram, en jeg verð þó að víkja að nokkrum fullyrðingum hjá hæstv. atvrh. Hann vildi halda því fram, að verkaskifting sú um strandferðir, sem jeg hafði bent á, þannig, að annað skipið annaðist mannflutninga og póstflutninga, en hitt vöruflutninga, væri óheppilegt fyrirkomulag. En hví skyldu aðrar þjóðir á undan okkur hafa farið þessa leið og aðgreint þetta svo? Mundi það ekki vera einmitt fyrir þá skuld, að það hafði komið í ljós, að þetta er hagfeldara. Það varðar auðvitað miklu, að póstferðir sjeu reglubundnar og greiðar og póstskip verði ekki fyrir töfum, sem leiða af vöruflutningi og afgreiðslu hans. Hæstv. ráðh. vildi álíta það, að það væri mikið hagræði fyrir landsmenn yfirleitt, að Esja flytti varning úr millilandaskipum til þeirra smærri hafna, sem þau ekki koma á, og eins í veg fyrir þau, þegar um útlendan farm er að ræða. Jeg veit, að þetta er hagræði fyrir Eimskipafjelagið og fyrir þau skip, sem milli landa flytja. En það er ekki hagræði fyrir útgerð Esju, það er alveg áreiðanlegt. Á þetta benti jeg nógsamlega í gær, hvernig þetta ber sig, miðað við rekstur póstskipsins. Það spillir fyr-

ir útgerð Esju á tvennan hátt; bæði fær skipið minni farmgjöld, þegar það flytur umhleðsluvarning en aðrar vörur, og auk þess skirrast farþegar við að nota skip, sem er langtímum að snúast við tafsama og arðlausa umhleðslu, og skaðinn af þessu er miklu meiri.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki skilja í, að tekjuhalli af þessum tveimur skipum, er þau sigldu með ströndunum, yrði svo lágur sem jeg áætlaði, að hann færi ekki langt fram úr 250 þús. kr. Við stöndum sjálfsagt báðir heldur illa að vígi með að fullyrða um það, hvað tekjuhallinn verður mikill; en jeg hefi þó fyrir mjer áætlun framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins. Hann áætlaði tekjuhalla af þessu nýja skipi á síðasta þingi 150—160 þús. kr. á ári. Í öðru lagi þykist jeg hafa nokkuð fyrir mjer, þar sem áætlað var, að rekstrarhalli á Esju mundi minka niður í 99—100 þús. kr. Hann var 1925 aðeins 139 þús. kr., þrátt fyrir alt tjónið af umhleðslubaukinu. Jeg hefi áður sýnt með tölum, að það tjón er mikið, og þegar hún er laus við þann vöruflutning og fer tafarlaust með ströndinni með póst og farþega, þá muni koma í ljós, að farþegar noti hana miklu meira. Hún er þá alveg sjálfkjörin til þess að keppa við þau útlendu skip, sem nú taka mestan farþegaflutning frá henni á Norður- og Austurlandi og yfirleitt stöðum fjarlægum Reykjavík.

Hæstv. ráðh. skírskotaði til ummæla framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins um það, að óheppilegt mundi að fá þetta litla skip til þess að sigla með ströndinni og hafa vöruflutninga; það mundi taka farm frá Esju. Líkt kom fram hjá hv. þm. Barð. Hann gat þess, að hann hefði borið þetta undir framkvæmdastjórann og hann teldi þetta óhapparáð. Jeg get ekki að mjer gert að setja stórt spurningarmerki við þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. og hv. þm. Barð., vegna þess, að það liggur fyrir frá síðasta þingi álitsgerð milliþinganefndar, sem framkvæmdastjórinn var skipaður í, á þskj. 60. Hann hefir skrifað með hinum undir nál. Nefndarmenn hvöttu til þess, að skipið yrði útvegað og tekinn upp rekstur þess, líkur þeim, sem hjer er lagður til. Og ef framkvæmdastjórinn kemur nú þannig í baksegl við sjálfan sig frá því á síðasta þingi, þá furðar mig mjög á því. Jeg verð þess vegna að segja, þangað til hv. mótstöðumenn hafa sýnt mjer svart á hvítu, að hann hafi gefið þessa yfirlýsingu, þá læt jeg stóra spurningarmerkið standa.

Hæstv. ráðh. sagði, að við eyddum óvenjulega miklu til strandferða, jafnvel meira en forsvaranlegt væri, miðað við okkar efnahag. 445 þús. kr. nefndi hann. Til þess að fá þessa upphæð, tók hann með þann styrk, sem veittur er Eimskipafjelaginu. En sá styrkur er í raun og veru alls ekki vegna strandferða; hann er, eins og áður er getið, sjerstaklega veittur vegna þess, að fjelagið stendur í harðri samkepni við útlend fjelög og flytur á smáhafnir, sem útlend skip hlaupa fram hjá, hafnir, sem annars mundu verða mjög útundan. En það eru ekki strandferðir í venjulegum skilningi, þótt skip fari með ströndum fram, þegar þau eru að skila farmi. Eins og jeg tók fram, er það, sem ætlað er til strandferða í fjárlagafrv., sem liggur fyrir, tæpar 350 þús. króna. Það þarf ekki að vaxa neinum í aug-

um, sem ber það saman við þá upphæð, sem varið er til vega og nú er langdrægt 1 milj.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að í stað þess að ráðast í slík fyrirtæki sem skipakaup, lægi nær að leggja áherslu á vegarlagningu milli Suður- og Norðurlands, svo að bílfært yrði. Jeg hefi ekki á móti því í sjálfu sjer, að lögð sje nokkur áhersla á þetta, en jeg felst hinsvegar ekki á það, að slíkur bílvegur, þó að fullgerður væri, myndi geta fullnægt þörfunum eins vel og hagfeldar strandferðir. Hæstv. ráðh. veit eins og jeg, að fyrir koma þeir tímar á árinu — og stundum langir — þegar bílar fara alls ekki yfir fjöll, og ennþá er ekki kominn sá eftiræskti snjóbíll, sem geti kafað fannir; og þar að auki hljóta að líða margir áratugir — já, mannsaldrar, þangað til flest hjeruð á landinu hafa gott af vegi norður fyrir Holtavörðuheiði. Og slíkur bílvegur verður aldrei að liði, nema snjólitið sje eða snjólaust. Hitt vita allir, að þegar ekki er hafísrek kringum strendurnar, þá getur skipið altaf gengið, jafnvel um hávetur.

Loks benti hæstv. ráðh. á árangur af því að leigja skip til flutningaferða á næstliðnu hausti eins og dæmi, sem ætti að forðast eftirleiðis. Á þetta var dálítið minst af hv. þm. A.-Sk. Það var ekki svo illa til fundið hjá hæstv. ráðh., að gera þetta skip að einskonar grýlu. Skipið var fyrst og fremst mjög lítið og óvistlegt, hafði ekkert farþegarúm og gekk þar að auki áælunarlaust. Fyrir þessa skuld kom það að sáralitlu liði, en vakti víða hneyksli. Jeg hefi í öðru sambandi haldið því fram, að þetta skip muni hafa verið leigt vegna hagsmuna eigandans, fremur en vegna hagsmuna ríkissjóðs og viðskiftamanna. Skipið var sannarlega óhæft til fólksflutninga og reyndar flestra annara hluta. Það var í fám orðum sagt útgerðinni til skammar, en öðrum til skapraunar. Að vitna til þess í sambandi við áform um byggingu á nýju, vönduðu skipi með farþegarúmi og kæliklefa, á alls ekki við.

Þá vildi jeg minnast á aths. hæstv. ráðh. um nákvæma verkaskiftingu milli tveggja skipa í strandferðum, sem hann taldi fráleita. Við flm. höfum lagt og leggjum áherslu á það, að annað skipið, þ. e. Esja, annaðist sjerstaklega póstflutning og mannflutninga. En slíkt þarf auðvitað ekki þannig að vera bundið, að ekki gæti skipið tekið farm á þær hafnir, sem ekkert tefja afgreiðslu þess; heldur ekki er tilgangurinn, að flutningaskipið forðist alveg að taka farþega. Frv. gerir einmitt ráð fyrir farþegarúmi í skipinu fyrir 40—50 menn. En auðvitað er hugmyndin, eins og komið hefir fram áður, að annað annaðist fyrst og fremst fólksflutning, en hitt aðallega umhleðsluflutning, ásamt vertíðar- og kæliflutningi, og það finst mjer mjög eðlileg verkaskifting milli skipanna. Þar sem hafnir eru góðar eða skip legst að bryggju, er auðvitað hægt að taka og afhenda nokkurn farm tafarlítið. En þar sem landflutningur er erfiður og seinleg afgreiðsla, þar er allsendis óhæfilegt að láta póstskipið, sem á að halda áætlun og skila pósti og farþegum stundvíslega á höfnum, vera að tefjast við smámuni.

Hv. þm. Barð. virðist horfinn hjeðan. Jeg veit heldur ekki, hvort það hefir nokkra þýðingu, að jeg fari að munnhöggvast við hann. Það kom að vísu fram hjá honum ýmislegt, sem jeg hefi

ritað niður, en jeg get leitt hjá mjer að minnast á það. Þó var eitt, sem mjer þótti dálítið kímilegt að heyra úr þeirri átt, en það var kvörtun um það, að hvorki mundi Norður-Ísafjarðarsýsla nje Barðastrandarsýsla neitt gott af þessu nýja skipi hafa. Það er einmitt þetta, sem skýrir mótspyrnuna. Mörgum hættir við að horfa svo fast á sitt eigið kjördæmi, að alt annað hverfur, ef þeir sjá ekki hagsmuni þess einhverja í málinu, þá er það óalandi og óferjandi.

Nú er jeg ekki samdóma hv. þm. um það, að ekki mundu báðar þessar sýslur gott af skipinu hafa. Jeg veit, að þær hafa báðar gott af því, jafnvel þótt ekki væri á annan hátt en að póstflutningar allir verða miklu örari og þau viðskifti við aðra hluta landsins, þeim sem öðrum, miklu haganlegri. En þar fyrir utan á jeg einmitt von á því, að þegar búið er að athuga siglingaleiðina fyrir Barðaströnd, að þá komi það í ljós, að slík skip og hjer ræðir um geti átt þar viðkomur víða. Eftir því sem jeg veit best, þá er það einmitt vöntun á mælingu og athugun á siglingaleiðinni, sem hefir gert torveldar skipagöngur þangað. Væri nú hv. þm. (HK) hjer, mundi hann vilja halda því fram, að hjer væri verið að berjast sjerstaklega fyrir hagsmunum míns kjördæmis. Svo er þó ekki. Það vill svo til, að mitt kjördæmi er þannig sett, að þar eru ágætar hafnir hvor við aðra; og jeg veit, að útgerðarstjórnin telur ekki tapið mikið yfirleitt af þeim höfnum. Þess vegna verður nokkurnveginn sjeð fyrir viðkomum þar. Nei, hjer ræðir um miklu meiri hagsmuni fyrir þær hafnir, sem utan við mitt kjördæmi liggja, svo sem Norður-Múlasýslu, Þingeyjarsýslu, sömuleiðis Strandasýslu og jafnvel Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu. Samgöngubótin er ef til vill að minstu leyti til hagsmuna fyrir mitt hjerað. Og eins og hæstv. ráðh. (MG) tók fram, koma millilandaskip oftlega þar við, einmitt fyrir þá skuld, að töfin við það er lítil og kostnaður, en hafnirnar flestar öruggar.

Hv. þm. Barð. vildi gera lítið úr þeim notum, sem mætti hafa af kjötflutningi með þessu skipi til markaðar í Reykjavík frá fjarlægum hjeruðum. Ef auðvelt væri að koma framleiðslunni á markað, þá verður þó auðvitað meira framleitt, og framleiðsluaukinn er þjóðfjelagslegur ávinningur. En það er leiðin til þess að geta notað kjötmarkaðinn, að skip með kælirúmi komi við og við á þær slóðir, sem framleiðsluskilyrði hafa best. Margt fleira kemur einnig til greina um kæliflutning, svo sem beituflutningur milli Norður- og Austurlands á sumrin; ennfremur flutningur á ýmsum matvælum, sem þyrfti að flytja í kælirúmi, t. d. í veg fyrir kæliskipið. Yfirleitt held jeg, að skip með hentugum kæliútbúnaði hefði tiltölulega mikið að gera, þegar landsmönnum lærðist að nota það. Sem stendur fer ekkert slíkt skip með ströndinni, og kemur það sjer oft mjög bagalega. Hv. þm. Barð. furðaði sig mjög mikið á, að jeg liti ekki á kostnaðarhlið þessa máls. Jeg held hann hafi í athugaleysi skotið þessu fram. Jeg hefi einmitt lengst af verið að tala um kostnaðarhliðina. — Það þýðir ekki að tína upp, það sem jeg hefi krotað niður úr ræðu hv. þm., þar sem hann er ekki viðstaddur. Í öðru lagi á jeg von á, að hv. frsm. minni hl. vilji líka gera nokkuru betri grein fyrir

sinni stefnu og skoðun í þessu máli en orðið er. Þess vegna vil jeg ekki tefja tímann að mun lengur.

Eitt atriði enn. — Mjer fanst bóla nokkuð á því hjá hv. þm. Barð. og hv. 3. þm. Reykv., að þeir teldu sig geta ráðið því, að þetta frv. kæmist ekki gegnum þingið. Býst jeg við, að svo kunni að vera búið um hnútana, að það strandi í efri deild; en engu að síður verðum við flm., sem sjáum nauðsyn þessa fyrirtækis, að fylgja málinu í lengstu lög, þótt því kunni að vera búin banaráð. Það kemur sá tími — og hann er ekki langt undan landi — að þetta skip kemur, og fleiri jafnvel. Menn una ekki langan tíma úr þessu því skrælingjaástandi, sem nú er. Sannast að segja furðar mig mikið á því oft og tíðum, að heyra skipskaupin talin sjerstaklega eftir af þeim mönnum, sem annars láta sem þeim sje svo einkar ant um sveitirnar og þrifnað þeirra. Jeg álít, að þetta sje framar flestu öðru leiðin að því að spekja fólkið í strjálbygðum sveitum með ströndum landsins að koma því í lifandi, innbyrðis samband, samband milli sveita og landshluta, bæði andlegt og efnalegt. Einangrunin er það, sem veldur útstreymi úr sveitunum framar öllu öðru.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf að svara fáeinum orðum hv. frsm. meiri hl. (SvÓ), því að í sinni ræðu nú var hann aðallega að svara því, sem jeg hafði sagt áður.

Bæði þessi hv. þm. og fleiri hafa tekið járnbrautarmálið til samanburðar og haldið fram, að það væri ekki mikið að samþ. þetta frv., þegar við greiddum atkv. með því, að veita 2 milj. króna til járnbrautar austur í sveitir. — Jeg verð fyrst að benda á það, að hjer er að ræða um járnbraut til þeirra hjeraða, sem ekki geta notið strandferða, hvað mörg skip sem við kaupum. Í öðru lagi er það, að þetta skip verður dýrara en járnbraut, af því að það kostar 150—200 þús. kr. á ári, meðan því er haldið úti, en járnbraut kemur til með að borga sig mjög bráðlega, eftir þeim útreikningum, sem gerðir hafa verið. Ef hv. þm. vill ekki treysta útreikningum um járnbrautina, þá er ekki fremur að treysta útreikningum um skipið. Þeir eru gerðir af „fag"-mönnum í báðum tilfellum.

Engu hefir verið til þess svarað, sem jeg sagði um það, hvar við ættum að taka fjeð til þess að borga hallann af útgerð þessa skips. Það er ekki von; því að það er ekki hægt að benda á, að við getum tekið kostnaðinn með öðru móti en með því að klípa af verklegum framkvæmdum. Og þær verklegu framkvæmdir, sem fyrir því verða, eru vegir, símar og brýr. Það vita allir, sem kunnugt er um samningu fjárlaga, að það gengur altaf út yfir verklegar framkvæmdir, þegar verið er að samþ. útgjöld, sem hvíla á frá ári til árs. Og við verðum því að vara okkur á að binda okkur ekki of þungar gjaldabyrðar af því tæi.

Hv. þm. (SvÓ) fanst þetta mál ekki ósvipað ábyrgðinni fyrir Landsbankann, sem samþykt var á þessu þingi. Jeg hjelt satt að segja, að varla væri hægt að finna ólíkari mál. Fyrst og fremst var ekki að ræða um annað en ábyrgð fyrir stofnun, sem við allir álítum, að sje fullkomlega fær um að standa við sínar skuldbindingar. Það var því ekkert annað en formsatriði að ganga í þessa ábyrgð. Það er verið nú að ræða

um að fela þessari stofnun seðlaútgáfuna í landinu; og er það vitanlegt, að slíkt væri ekki gert, ef stofnunin væri ekki að allra áliti fullkomlega fær að standa við sínar skuldbindingar.

Það er að vísu ágætt, að auka samgöngur á sjó; en við verðum að muna eftir því, að það má ekki eingöngu horfa á þær, það þarf líka að horfa á samgöngur á landi. Og það er það, sem jeg sje í þessu máli, að ef þetta skip verður tekið nú, þá er það baggi — ómagi á framkvæmdum í samgöngumálum á landi — um ófyrirsjáanlega framtíð. Við erum svo skamt komnir í vegagerð og brúasmíðum og símalagningum, að við eigum að sjá um að geta altaf haft allmikið fje fyrir hendi til slíkra framkvæmda. En hvað stoðar að eiga þetta skip, þegar ekki er hægt að koma afurðunum langt innan úr landi á markaðinn. Svo halda menn, að þetta skip haldi í fólkið í sveitunum. En það hagar víða svo til, að fólk býr margar dagleiðir frá viðkomustöðum skipanna. En hv. þm. (SvÓ) miðar mest við sína eigin sýslu, en þó eru þar stór svæði langt frá nokkurri höfn. Það er því ekki rjett hjá hv. þm., að allir landsmenn hefðu gagn af samgöngum á sjó. Þeir hafa svo best gagn af þeim, að þeir hafi líka samgöngur á landi, svo að þeir geti komið afurðunum að sjer og frá. Og það er fyrst, þegar búið er að koma vegagerð á landi í sæmilegt horf, að ástæða er til að auka samgöngur á sjó.

Hv. þm. sagði, að í 13. gr. fjárlaganna væri varið 2 milj. kr. til samgöngubóta. En þar reiknar hann bæði rekstrarkostnað og byggingarkostnað. En hjer ræði jeg aðeins um rekstrarkostnað skipsins, þennan árlega bagga, sem við mundum binda okkur. Þennan kostnað verður að taka frá samgöngubótafjenu. Hv. þm. sagði, að það væri undarlegt, að aðrar þjóðir hefðu tekið þetta fyrirkomulag upp, ef það hefði ekki verið gott. Það er ekki að miða við það, þótt Norðmenn hafi tekið það upp, þar sem þeir hafa svo mikla flutninga á sjó. Þar með er ekki sagt, að við eigum að gera það sama og þeir. Jeg hefi það eftir kunnugum manni, Nielsen framkvæmdastjóra, að engar líkur sjeu til þess, að hin fyrirhugaða verkaskifting milli skipanna reyndist vel hjer á landi, enda halaði hv. þm. (SvÓ) í land og sagði það ekki hafa verið meiningu sína, að skipin ættu aldrei að flytja vörur milli hafna. Hvernig gæti það líka borgað sig, að tvö skip eltu hvort annað, annað með póst og farþega, hitt með farangur, stundum með 1—2 tonn og stundum með minna inn á langa firði, þessi verkaskifting getur ekki borgað sig. Þá væri hitt hagkvæmara, ef skipin ættu að vera tvö, að þau skiftu landinu á milli sín.

Þá taldi hv. þm. það hagræði fyrir Eimskipafjelagið að hafa Esju til flutninga á vörum milli hafna. Það er líka hagræði fyrir Sameinaða fjelagið og önnur skipafjelög. En við höfum Esju ekki til þess að hjálpa fjelögunum, heldur höfum við hana vegna þeirra, sem þurfa að koma vörum frá sjer og að, og þótt það kosti eitthvað, þá fer Esja sínar ferðir til að gera þetta.

Það er satt, að farþegar fælast frá að fara með Esju, vegna þess, hve lengi hún er á leiðinni. En þótt Esja ætti aðeins að koma á aðalhafnirnar, þá verður hún samt af farþegum, vegna þess að hin skipin taka einnig aðalhafnirnar. Eða heldur hv. þm., að t. d. maður, frá Akureyri, sem ætlar að fara til

Reykjavíkur, fari ekki heldur með skipi Eimskipafjelagsins, sem fer beint til Reykjavíkur, en með Esju, þótt hún eigi ekki að koma við nema á tiltölulega fáum stöðum?

Þá er tekjuhallinn. Jeg er hissa á því, hvernig hv. þm. finnur það út, að hámark hallans á báðum skipunum yrði fyrir neðan hallann á Esju einni. Hann heldur, að hann yrði ekki nema um 200 þús. kr. á báðum skipunum, þar sem hann er 207 þús. kr. á Esju einni. Hann heldur, að þegar 2 skip eigi að annast flutningana, þá verði kostnaðurinn minni en á einu skipi. Þetta fær hann út með því að álykta sem svo, að Esja losni við meira en helming útgjalda sinna, þegar annað skip komi til að losa hana við flutning og vörur. Þetta er öfugmæli, því að kostnaður verður svipaður, en tekjur miklu minni. Ef Esja á að flytja farþega frá og að minni sem stærri höfnum, þá er ómögulegt, að hún geti kept um farþega við hin skipin. Hún fær ekki aðra farþega en þá, sem taka hana, af því að þeir fá ekki aðra betri ferð.

Hv. þm. áleit, að styrkurinn til Eimskipafjelagsins væri ekki til strandferða, heldur til að flytja vörur frá útlöndum á smáhafnirnar. En styrkurinn á 13. gr. getur ekki verið til annars en strandferða, enda eru það strandferðir, að flytja vörur frá útlöndum á smáhafnirnar meðfram ströndum landsins. En hitt er annað mál, að við þetta koma strandferðirnar að betri notum.

Hv. þm. viðurkendi, að strandferðir Eimskipafjelagsins væru mjög til bóta fyrir sitt kjördæmi, og ætti hann þá að sjálfsögðu að vilja láta fjelagið halda þessum styrk áfram, ekki síst þar sem það líka á í vök að verjast vegna samkepni. Þá hjelt hv. þm., að það liðu margir áratugir, þangað til vegir væru komnir samtengdir milli allra hjeraða á landinu. Jeg held naumast, því að þess er vandlega gætt, að þeir vegarspottar, sem lagðir eru víðsvegar, geti síðan komið saman í eitt kerfi. En ef þessi uppástunga hv. þm. kemst fram, getur þess orðið langt að bíða, að þetta kerfi verði samfelt um land alt. En verði framvegis veitt til vega eins og hin síðari árin, þá líður ekki á löngu, þar til þetta kerfi verður talsvert fullkomið. — Hv. þm. nefndi þskj. 60 frá því í fyrra, og sagðist setja stórt spurningarmerki við það, að Nielsen framkvæmdastjóri áliti það óráð að kaupa skip nú. Þetta þskj. er álitsskjal milliþinganefndar, og skrifaði Nielsen undir það. Nefndin gerði 5 till., og eru 2 þeirra um kaup á skipi. Þar stendur: „Hvað þessar tillögur snertir, þá álítum vjer, að ef til vill sje ekki enn kominn tími til þess að framkvæma þær, vegna þess, hve enn er dýrt að byggja skip.“ — Og síðan hefir byggingarkostnaður sama sem ekkert lækkað. Svona leit milliþinganefndin á þetta, og þetta álit varð ofan á hjer í deildinni í fyrra.

Þá sagði hv. 1. þm. S.-M., að skip það, sem leigt var í fyrra, hefði verið leigt fyrir eiganda þess. Þetta eru þungar sakir á Nielsen framkvæmdastjóra, sem útvegaði skipið og sagði, að við hefðum ekki getað fengið betra skip. Jeg samþykti svo það, sem hann hafði gert. Hann gat þess þá, að ómögulegt hefði verið að fá útlend skip vátrygð inn á sumar þær hafnir, er þetta skip þurfti að koma á.

Að endingu vil jeg svo segja það, að þótt það væri að sumu leyti gott að fá þetta skip, þá sje jeg mjer ekki fært

að vera með því að svo stöddu, að það verði gert, af því að jeg sje, að hinn árlega rekstrarhalla þess, um 150—200 þús. kr., yrði að taka af því fje, sem veitt er til verklegra framkvæmda, vega, brúa og síma.

Frsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Jeg get verið stuttorður, hvað snertir að svara hv. frsm. meiri hl., því að hans samngjarni innri maður hefir ekki leyft honum að fara inn á þau atriði, sem fyrir mjer vakti.

Minni hl. finst það vera ósanngjarnt að heimta nýtt skip ofan á allar þær strandferðir, sem við höfum við að búa, en láta svo nær allar samgöngubætur á landi bíða, máske mest vegna þessa fyrirtækis. Hv. 1. þm. S.-M. lagði mikla áherslu á það, að heil hjeruð mættu ekki leggjast í auðn vegna samgönguleysis. Þarna get jeg þá þakkað hv. þm. fyrir góðar undirtektir undir skoðun mína á samgönguleysinu, sem Suðurlandsundirlendið á við að búa.

Hv. frsm. meiri hl. fanst ekki mikið til um það, að kaupa skip, sem kostaði 450 þús. krónur, úr því að hægt sje að taka það fje til láns. En það ber að athuga, að með hverri lántöku, sem ekki ber sig, en gefur stóran tekjuhalla, er verið að binda þjóðinni stórtap á ári hverju. Hv. frsm. er mjer alveg sammála um það, að hann mundi ekki í eigin búskap sínum ráðast í neitt það, sem ekki gæfi af sjer einhvern hagnað, eða a. m. k. yrði ekki tap á. Hv. frsm. segir, að hesturinn hafi verið samgöngutæki bóndans frá landnámstíð og róðrarbáturinn á sjónum. En nú hefir svo ríkulega verið bætt úr samgöngum á sjó, að jeg vorkenni engum sjávarbónda að fara á bát sínum til þess að ná í þau samgöngutæki, sem betri bjóðast, þurfi hann að ferðast eitthvað langt í burtu.

Þótt hv. frsm. slái því fram, að hesturinn sje, hafi verið og eigi að vera samgöngutæki bóndans, þá skýtur því skökku við þá hugsun hans, er hann fylgir því fast fram, að fá flugvjel til þess að flytja póstinn, þetta andlega fóður úr Rvík, glænýtt heim í hlað til bóndans.

Það er vandkvæðum bundið að reka hjer flugvjel, en þó má bæta úr því, þar sem firðir eru, því þar getur flugvjel sest á sjóinn. En hún getur hvergi sest í sveit, þar sem alt er ósljett. Jeg er hissa á því, að hinn vitthugsandi frsm. skuli vera að minnast á hestinn, sem nú er ekki orðinn í samræmi við það, sem menn heimta nú á dögum.

Jeg er sammála hv. frsm. um það, að samgöngur eru sterkasta lyftistöng allra framfara. Það sýnir sig, að þau hjeruð, sem hafa verstar samgöngur, eru verst bygð, verst setin. Það nægir að benda á það, síðan vegir fóru að koma upp um sveitir, þá hafa byggingar batnað þar stórum. Má benda á Borgarfjörð, sem ekki bygðist upp fyrir góðar samgöngur á sjó, heldur fyrir vegina upp eftir hjeraðinu, þegar menn gátu með hægara móti farið að draga að sjer byggingarefni. Hjeruðin umskapast, þegar hægt er að koma við vögnum og bílum og kostnaðurinn við aðdrættina minkar og ekki þarf lengur að flytja alt á hestum.

Þegar krafist er slíkra stórvirkja sem strandferðaskips, þá verður að líta á, hversu hagar til um land alt og hverjir hafa sárustu þörf fyrir umbæturnar. Og það getur líka verið gott að fá sjúkraskýli og spítala út um alt. En

hv. þm. verða aðeins að gæta þess, þegar þeir eru að heimta þetta og hitt fyrir sitt kjördæmi, að þær framkvæmdir verði ekki á kostnað annars, sem er enn nauðsynlegra, en það er að reyna að hjálpa mönnum til að verða fjárhagslega sjálfstæðir; þá fyrst er hægt að veita sjer skóla og spítala og aðra hluti, sem minna ríður á. Af öllum tekjum ríkissjóðs árin 1921 til 1925 hefir ekki farið meira til vega og brúa og viðhalds á þeim en 250—295 þús. kr. á ári hverju, eftir því sem jeg hefi sjeð í landsreikningum. Þegar litið er á gjöld þau, sem af landsmönnum hafa verið tekin á þessum árum, sjest, að um svo litla upphæð er að ræða til samgangna, að ekki má verða togstreita á milli hjeraðanna um ráðstöfun hennar. Og það er ekki gott að bæta enn við 150 þús. kr. föstum, árlegum útgjöldum fyrir ríkissjóð, því að þessir peningar hljóta annaðhvort að verða fastur tekjuhalli á fjárlögum, eða þeir verða teknir af því litla fje, sem nú fer til brúa og vega og annara verklegra framkvæmda. Þetta hlýtur að verða til þess, að þær verði látnar sitja á hakanum.

Hv. frsm. meiri hl. þóttu hörð þau orð, sem jeg sagði um skipstjórann á Esju, er hann hafði mest af sínum fróðleik úr, sem sagt, að hann bæri ekki skyn á rekstur skipa. Það er alt annað að vera góður skipstjóri en að vera góður útgerðarstjóri. Það þótti mjer líka mjög undarlegt, að heyra talað um, að búast mætti við minkandi tekjuhalla af Esju, því að viðhaldskostnaður skipsins hlýtur að aukast með ári hverju. Það ætti að vera óhætt að tvöfalda hann eftir 4 ár, þrefalda hann eftir 8 ár, o. s. frv. Nú þykir mjer einnig, að hv. frsm. og flm. (SvÓ) beri fram all-einkennilega brtt. við frv. sitt, er hann gerir ráð fyrir að leyfa að kaupa gamalt skip. Það er eflaust rjett, að fá má gömul skip fyrir mjög lágt verð, en þeim er ekki heldur ætlandi góð ending. Kaup á gömlum skipum hafa líka sjaldnast borgað sig. T. d. er Lagarfoss keyptur gamall, og eru það eflaust hin verstu skipakaup, sem Eimskipafjelagið hefir gert. Í stöðugar viðgerðir á honum er nú komið meira en sem nemur andvirði nýs skips af sömu stærð. Um kaup á nýbygðu skipi getur varla verið að tala ódýrara en sem nemur byggingarkostnaði þess, nema um gallaðan kugg sje að ræða.

Jeg hefi gert nokkurt yfirlit yfir það, hvað strandferðirnar komi til með að kosta ríkissjóð árið 1928. Ef „Nonni“ er tekinn til fyrirmyndar, sem síst er of óvarlegt, má gera ráð fyrir 10 þús. kr. tekjuhalla á mánuði af hinu nýja skipi. Gert er ráð fyrir, að það komi til landsins og taki til starfa 1. maí; ætti því rekstrarhallinn að verða 80 þús. kr. árið 1928. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að skipið kosti 500 þús. kr., og er hæfilegt að reikna 6% vexti af þeirri upphæð, og eftir skattalögunum ætti að reikna önnur 6% í fyrningu, og er það síst of hátt. Þá er komin ærin upphæð, 140—150 þús. kr. Eftir því sem Esja tapaði á síðasta ári — reiknað á sama hátt, svo sem sjálfsagt er — má búast við 300 þús. kr. tekjuhalla á henni árið 1928. Á fjárlögum þeim, sem samþ. hafa verið í þessari deild, er 1928 gert ráð fyrir 145 þús. kr. útgjöldum til Eimskipafjelags Íslands, fyrir samgöngubætur, og kemur mjer ekki til hugar að sjá eftir því fje, og það býst jeg við að enginn geri. — Þá eru flóabátarnir, og er á fjárl. ætlað til þeirra 109 þús. kr.

Samtals fer þannig til strandferða á 8. hundrað þúsund kr. árið 1928, ef þetta frv. verður að lögum. Jeg álít það ofvaxið þjóðinni að greiða svo mikið til þessara hluta, þar sem alt þetta fje er beinn eyðslueyrir. Er þar öðru máli að gegna um það fje, er fer í smíði brúa og vega. Þau mannvirki eru altaf verðmæt þjóðareign langan tíma, og þarf ekki að kosta til þeirra nema viðhaldi. En svo sem jeg sagði, er það, sem fer í samgöngur á sjó, beinn árshalli, situr ekki reykur eftir af því, þegar árið er liðið. Eins og efnum þjóðarinnar er nú komið, held jeg að hún hafi ekki efni á að bæta þessum árlegu útgjöldum á sig, a. m. k. ekki fyr en lokið er ýmsum þeim framkvæmdum, sem ríkissjóður stendur nú fyrir. En þau stórvirki, sem nú eru unnin hjer á landi, eru svo mikil, að svo gamlir menn sem jeg og hv. frsm. meiri hl. getum ekki annað gert en glápa á stórum augum.

Jeg er þeirrar skoðunar, að Eimskipafjelag Íslands hafi verið okkur hið gagnlegasta fyrirtæki. Hv. frsm. meiri hl. talaði um það sem gróðafjelag, en það held jeg að ekki sje rjettnefni. Fjelagið er fyrst og fremst rekið með hag þjóðarinnar fyrir augum, og það hefir jafnan sýnt sig, að það kappkostar að gera svo mikið gagn sem því er unt. Síðan skip þess fengu loftskeyti, má finna dæmi til, að þau hafa brugðið sjer nokkuð úr leið til að gera mönnum greiða, enda þótt ekki væri mikið í aðra hönd. Alþingi hefir líka viljað sjá þetta við fjelagið og veitt því allríflegan styrk. Því fje álít jeg að hafi verið vel varið. Ef þetta fjelag hegðaði sjer eins og hin erlendu gufuskipafjelög, sem hingað sigla, færi aðeins á þær hafnir, er best borgaði sig, þá er áreiðanlegt, að rekstur þess gæfi meiri gróða.

Þegar hv. þdm. líta heim í kjördæmi sín og sjá, að þeir hafa ekki enn fengið nema lítið af vegum, og að enn eru óbrúuð mannskaðavötn, eins og t. d. Stóra-Laxá í Árnessýslu, Þverá og Markarfljót, þá mega þeir sjá, að hjer á að fara að bæta það, sem er í sæmilegu lagi, þótt það mætti e. t. v. vera betra, áður en hinar allra nauðsynlegustu samgöngubætur eru gerðar á landi. En af því að þm. hafa verið gætnir í fjármálum, hafa þeir ekki viljað ráðast í önnur eins stórvirki og fyrirhleðslu Markarfljóts, brúun Þverár o. s. frv.

Það er rjett, sem hv. þm. A.-Sk. sagði, að þetta fyrirtæki verður ekki kallað ónauðsynlegt. En það er langur vegur á milli þess, að vera ónauðsynlegt og að vera bráðnauðsynlegt. Jeg álít það bráðnauðsynlegt að veita meira fje en gert er til vegagerða í góðum hjeruðum. Sami háttv. þm. sagði eitthvað í þá átt, að okkur mætti ekki ofbjóða alt, þegar við hefðum samþykt að leggja 2 miljónir kr. í járnbraut austur yfir fjall. Eins og hæstv. atvrh. sagði, þurfum við ekki að gefa með þessu láni, megum þvert á móti vænta þess, að fá af því góða vexti. Eins og allar samgöngubætur á þetta líka að hjálpa hjeraðsbúum til að verða efnaðri og betri borgarar. Og með byggingu járnbrautar má altaf vænta þess, að af henni skapist mikill þjóðarauður í þessu hjeraði.

Jeg heyri, að sumum hv. þdm. þykir það koma úr hörðustu átt, að jeg er á móti strandferðaskipi, þar sem jeg er Reykvíkingur og ætti þess vegna að vera hrifinn af því, að fá hingað kálfana, sem á að senda með þessu nýja

skipi. En mjer finst Reykjavík hafa nógar samgöngur við önnur hjeruð landsins. Núna eru flesta mánuði tvær hringferðir kring um landið, og jeg hefi samt ekki orðið var við kálfastraminn hingað, svo að jeg efast um, að þörf sje á fleiri skipum hans vegna. — Það er alveg rjett hjá hv. þm. A.-Sk., að Hornafjörður hefir ekki verið svo vel settur um samgöngur sem hann ætti skilið, svo f jótt hjerað. En eins og mjer virtist koma fram hjá hv. frsm. meiri hl., er ekki gott að bæta úr þessu öðruvísi en með því að byggja sjerstakt skip til Hornafjarðarferða. En það yrði sennilega nokkuð dýrt. Það virðist svo sem sumir ætlist til, að þetta nýja strandferðaskip eigi að sleikja upp hverja vík og hvern vog, þar sem einhvern böggul getur verið að fá. Það get jeg ekki fallist á, enda er það álit okkar í minni hl., að til þess eigi að nota flóabáta, sem nú njóta allmikils styrks og koma að góðu gagni. Þó mætti eflaust koma þeim betur fyrir. Það er álit minni hl. að stór gufuskip sjeu of dýr til þess að eiga í svona snatti, og það verði smærri bátar að gera. — Hv. þm. A.-Sk. getur ómögulega ætlast til þess, að fá uppfyltar allar þarfir kjördæmis síns. Slíkt er ekki með nokkurri sanngirni hægt að heimta, meðan óhjákvæmilegt er að neita um fje til nauðsynlegra vegarspotta, eingöngu sakir þess, að árleg, föst útgjöld ríkissjóðs eru orðin of há.

Fólksstraumurinn til kaupstaðanna er eitt af mestu meinum þessarar þjóðar. En af hverju flytjast menn úr sveitunum? Jeg held, að það sje að mjög miklu leyti sakir þess, hve húsakynni í sveitum eru slæm, en það er aftur á móti því að kenna, hve erfitt er að flytja byggingarefni um landið. Það er eitt af því, sem nú ríður mest á að sjá um, að þetta land verði húsað svo, að nokkurnveginn samsvari kröfum tímans.

Hv. þm. A.-Sk. kvað árið 1912 hafa verið sjerstakt gullaldarár um skipaferðir til Hornafjarðar, því að þá hefðu verið þar 16 skipakomur. Það má vera, að þetta sje rjett. En jeg hafði tekið til athugunar tvö árin næstu á eftir og fann ekki nema 5 viðkomur í Hornafirði hvort þeirra. Verður ekki borið á móti því, að framfarir hafa orðið síðan, því að nú eru þar þó 10 viðkomur á ári. Þegar litið er á, hvað Esja hefir fengið í flutningsgjöld á þessu svæði, virðist svo sem ekki hafi verið nein ósköp að flytja á þessum fjörðum. En það má vel vera, að það hafi verið mjög áríðandi flutningur og að ferðirnar hafi því komið fjarðarbúum að miklu liði. Það virðist svo sem hv. frsm. meiri hl. þætti mest um farþegaflutninginn vert, en það er ekki að marka, þó að jeg sje á annari skoðun en hann í því efni. Mjer þykir sem sje nóg um flakk landsmanna, og lít svo á, að það muni eiga sinn þátt í aðstreyminu að bæjunum og flutningi manna þangað. — Jeg geri ráð fyrir, að afstaða manna sje þegar ákveðin hjer í hv. deild, en mjer finst þó ekki af veita að skýra málið fyrir sumum hv. þdm., og mjer fanst ekki úr vegi að sýna fram á, að þetta, sem hjer er um að ræða, ef gert væri, væri ef til vill gert á kostnað annara manna, sem miklu meiri þörf væri á að hjálpa til lífsins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta að svo komnu, en mun svara fyrir mig, ef á þarf að halda, en álít málið nú orðið svo mikið rætt, að ekki þurfi miklu við það að bæta.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 72, n. 295 og 343, 401).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg hafði búist við, að einhver annar háttv. þdm. vildi fá orðið á undan mjer. — Jeg hefi mjög fáu að svara afþví, er fram hefir komið hingað til í umr., og hefi þegar tekið fram það, sem mjer þykir þurfa að svo stöddu, og get því farið fljótt yfir sögu.

Jeg ætla fyrst að nota tækifærið til að minnast á brtt. á þskj. 401. Þær hefi jeg borið fram vegna þess, að mjer þykir líklegt, eftir því sem jeg hefi komist næst, að einmitt nú megi takast að fá skip keypt fyrir tiltölulega gott verð. Kunnugir menn hafa sagt mjer, að skip af svipaðri stærð og hjer um ræðir, nýleg og tiltölulega hraðskreið, megi nú fá í Englandi og Noregi fyrir 200—250 þús. kr. Ef horfið yrði að því ráði að kaupa slíkt skip, mundi að vísu verða að gera á því einhverjar breytingar, vegna farþegarúms, og setja í það kæliútbúnað. Samt hygg jeg geti farið svo, að slík kaup reyndust hagfeldari en skipsbygging. Brtt. á þskj. 401 lúta að því, að gera þessa lausn málsins mögulega, ef ríkisstjórnin áliti eða yrði þess vísari, að hægt væri að komast að góðum kjörum á þennan hátt. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um brtt.; þær skýra sig sjálfar.

Það væri ef til vill ástæða til að fara frekar út í ummæli hæstv. ráðh. (MG) um þetta mál og annara, er móti frv. mæltu í gær. En jeg álít ekki nauðsynlegt að gera mikið að því. Mótbárur þeirra voru í rauninni þær sömu og altaf eru látnar við klingja, að ríkið sje þess ekki megnugt, að ráðast í kaup og rekstur skipsins. En því er áður svarað. Það var þó eitt í ræðu hæstv. ráðh. (MG), sem mjer finst ástæða til að minnast á. Hann vildi sem sje líta svo á, að jeg hefði lýst einskonar vantrausti á Landsbankanum með því að benda á, að ráðherra og fylgismenn hans hefðu ekki hikað við að samþykkja ríkisábyrgð fyrir stóru láni bankanum til handa í fjárhættufyrirtæki, en teldu frágangssök að taka smálán vegna skipskaupanna. Væri sem jeg vantreysti bankanum um ráðstöfun lánsins. Mjer finst harla langsótt tilraunin að skýra álit mitt og ummæli á þennan veg. Lá nær að taka þau sem vantraust á hæstv. ríkisstjórn um að segja fyrir um meðferð fjárins og ráðstöfun, svo að örugg vissa væri fyrir því, að ekki færi það í botnlausu hítina, sem bankinn er látinn halda við. Að gefnu tilefni læt jeg þess því getið, að fjarri fer því, að jeg hafi nokkurt vantraust á bankanum eða bankastjórunum sjálfum. En þar fyrir er jeg ekki fyllilega viss um, að fjenu verði öllu vel varið. Því að svo er til ætlast í landsbankafrv. því, sem nú er í Ed., að bankanum verði lögð á herðar því nær ótakmörkuð endurkaupaskyld á víxlum annars banka. Og þá liggur í hlutarins eðli, að hann hefir ekki óbundnar hendur um meðferð lánsfjárins og verður að láta ef til vill mikið af því fyrir endurkeypta víxla og vafasama. Þetta þótti mjer rjett að benda á, úr því að hæstv. ráðh. (MG) ljet sjer sama að snúa út úr orðum mínum.

Annað atriði var það í ræðu hæstv. ráðh., sem jeg vildi minnast á, sem sje sú fullyrðing hans, að ekki mundi

vera auðveldara að fá skip nú með vægu verði heldur en fyrir ári. Þessi fullyrðing hlýtur að stafa af ókunnugleika á þessum efnum. Mjer hafa tjáð menn, kunnugir siglingum og skipakaupum, og fullyrt, að miklum mun auðveldara væri að fá keypt skip nú en undanfarin ár. Úr þessu verður vitanlega ekki skorið, nema með eftirgrenslun, og engu er týnt, þótt hún verði gerð.

Háttv. 3. þm. Reykv. las langan lestur. En jeg skrifaði hjá mjer aðeins fátt eitt af því, er hann sagði, því að mjer fanst meginið af því langt utan við efnið.

Hann mintist á samgöngurnar áður fyr á róðrarbátum með ströndum fram, eins og jeg hefði hælt þeim. Stundum var hann að fitla við lestaferðir eða var á hestbaki uppi um sveitir. Jeg minnist ekki að hafa neitt á slíkar samgöngur minst. — Hv. þm. ljest stundum vera á gandreið um loftið í flugvjel eða sjá alt frá einhverri andlegri sjónarhæð, og yfirleitt fór hann svo vítt og breitt, að jeg gafst upp við að fylgja honum eftir og hlusta á hann, enda var flest hjá honum eins og upp úr svefni sagt. Það litla, sem málið snerti í ræðu hans, var margtekið fram áður, og hefi jeg svarað því öllu áður.

Hjer er eins ástatt og í gær, að háttv. þm. Barð. er ekki viðstaddur. Annars ætlaði jeg að víkja að honum fáeinum orðum. En með því að hann er ekki við, mun jeg sleppa því í bili. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir því, að háttv. þm. Barð. muni búinn að kynna sjer líkurnar fyrir því, hvort frv. geti fengið afgreiðslu á þessu þingi eða ekki. Hann ljet á sjer skilja, að ákveðið mundi að stemma stigu fyrir framgangi þess að sinni. Það má vel vera. En mjer finst þá rjett, að þeir, er granda vilja þessu máli, sýni karlmensku sína á því að fella það nú þegar. — Úr því að háttv. þm. (HK) er nú kominn í deildina, ætla jeg lítillega að drepa á ummæli hans í gær um kosningabeituna. Mjer fanst á háttv. þm., að hann væri með sjálfum sjer ekki allskostar viss um, að sjer væri óhætt að standa öndverður frv. Það var eins og hann væri hálfpartinn hræddur um, að það mundi á sjer bitna síðar. Því er einmitt svo varið, að jafnvel Barðstrendingar hafa ágæt skilyrði til að njóta góðs af þeirri samgangnaauknингu, sem nýtt skip mundi veita. (HK: Það veit jeg best um!). Jeg leit svo á, að það væri hreystiyrði hv. þm., að sparnaðinn styddi hann fyrst og fremst, og vildi hann með því hughreysta sjálfan sig, þótt samviskan segði honum, að þetta væri í óþökk kjördæmis hans. — En um „kosningabeituna" get jeg látið háttv. þm. Barð. vita, að í minu kjördæmi getur hún ekki notast eða verður notuð, því að það er svo sett, vegna legu og hafnanna góðu og mörgu, að það mun njóta sæmilegra samgangna á sjó, miðað við strandferðir yfirleitt. (HK: Það er alveg nýtt í þessu máli, að heyra af munni hv. þm., að samgöngur sjeu góðar í kjördæmi hans!). Jeg vænti einskis þakklætis heima í minu kjördæmi fyrir fylgi við þetta mál, en þykist jafnframt viss um, að það baki mjer ekki vantraust, þótt meira sje það í þágu annara kjördæma. En af því að jeg þykist vita, að skamt muni þar til yfir lúki og ekkert muni græðast á lengri umræðum, mun jeg nú láta staðar numið. Jeg vænti þess, að hv. þm. Barð. muni gera tilraun til að rjettlæta

framkomu sína í málinu, og mun jeg hlýða á hann með ánægju og gera mínar athugasemdir á eftir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) fór svo lítið út í mína ræðu, að jeg þarf ekki að svara nema örfáum atriðum. — Hann kvað mig hafa sagt, að ríkið væri ekki fært um að leggja út í þessi kaup. Það er ekki rjett, en jeg benti á hitt, að rekstrarhallann af þessu skipi — 150—200 þús. kr. á ári — verður að taka frá öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Það vita allir, sem hafa komið nærri því að útbúa fjárlög, að slík ný, föst útgjöld hljóta að ganga út yfir 13. gr. fjárlaganna. Hjer er alt öðru máli að gegna en um ábyrgðina til Landsbankans, sem samþ. var á þessu þingi. Hjer er um bein útgjöld að ræða, en hitt er aðeins ábyrgð, sem allar líkur, eða jafnvel full vissa er fyrir að aldrei þurfi að greiða. Um endurkaupaskyldu Landsbankans á víxlum Íslandsbanka er ekki þörf að ræða að þessu sinni. Eflaust verða nógu mörg tækifæri til þess síðar á þinginu. — Um kaup á skipi hefi jeg fengið alveg þveröfugar upplýsingar við hv. frsm. meiri hl. (SvÓ). Í þskj. 60 í fyrra — grg. samgmn. fyrir till. til þál. um leigu á skipi til strandferða — er sagt, að það sje mjög hæpið, að annað geti borgað sig en að kaupa nýtt skip. Þessu get jeg verið alveg sammála. — Fleiri atriði en þessi í ræðu minni held jeg að hv. frsm. (SvÓ) hafi ekki minst á, svo að jeg hefi ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Hákon Kristófersson: Jeg þakka vini mínum, hv. 1. þm. S.-M., fyrir þá umhyggju, er hann sýndi mjer í ræðu sinni. Hann hjelt, að einhver uggur væri í mjer um það, að jeg mundi fá mótstöðu í hjeraði mínu út af þessu máli. Og á röddinni var að heyra, að hann tæki þetta ákaflega sárt. Þótt jeg efist að vísu um, að umhyggjan sje rjett nema á yfirborðinu, verð jeg víst að þakka hana. En það verða vonir, sem svíkja, að þetta mál verði mjer að falli. Jeg býst ekki við, að jeg komi heim í hjerað með andstöðu meiri hluta kjósenda minna út af þessu. Hitt er vitanlega alt annað mál, að þeir, sem undir róa, geta magnað einhver versleg eða geistleg smámenni til mótstöðu gagnvart mjer, bæði hvað þetta og önnur mál snertir. En jeg er nú orðinn veraldarvanari en svo, að jeg verði uppnæmur fyrir slíkum smápjesum.

Annars þótti mjer gaman að heyra hjá hv. þm. (SvÓ) — að alt í einu eru komnar svo ágætar samgöngur í Suður-Múlasýslu. (Hlátur). Manni hefir nú stundum fundist kveða við ögn annan tón úr þeirri átt, og að ekkert hjerað væri eins báglega statt og kjördæmi míns kæra vinar, hv. 1. þm. S.-M. En það er eflaust öllum gleðiefni að heyra, að nú er bætt úr þessu.

Mjer skildist á hv. þm., að mjer bæri skylda til að vera með þessu máli, vegna einhverra sjerstakra landshluta. En svo sem áður er tekið fram, er skoðun mín sú, að þótt einhver aukin þægindi mætti af þessu hljóta, þá sje fjárhagsmáttur ríkissjóðs ekki til þess fær að takast þetta á hendur, nema því aðeins, að hann sniði af einhverjum öðrum framkvæmdum í staðinn. Og í því eru litlar samgöngubætur, ef komið er í veg fyrir að brýr verði byggðar á forátttu-vatnsföll, sem oft verða að tjóni á lífi og limum bæði manna og dýra. — Hv.

frsm. (SvÓ) þótti óviðurkvæmilegt, að jeg kallaði þetta mál kosningabeitu, og e. t. v. hefði jeg líka getað komist öðruvísi að orði. En sú er spá mín — og ef hún rætist ekki, skyldi engin maður trúa mínum spádómum framar — að sumir Framsóknarmenn munu segja í blöðum sínum við næstu kosningar eitthvað á þessa leið: Kæru kjósendur! Við vildum útvega ykkur strandferðaskip, en ólukkans Íhaldsskarfarnir voru á móti því. Blessaðir, fellið þið nú nú alt Íhaldið! — Menn mega reiða sig á, að þessi klausa kemur, kanske ögn betur orðuð, en efnið verður áreiðanlega hið sama. Þessu máli mínu til stuðnings skal jeg geta þess, að tiltölulega merkur Framsóknarflokksmaður, sem jeg ber nokkra virðingu fyrir, nema þegar hann skrifar um Íhaldsflokkinn, sagði við mig í gærkveldi: „Þetta mál skal verða þjer að falli, Hákon, reiddu þig á það!“ Jeg var því ekki með fullyrðingar út í bláinn, frekar en mín er venja. (**Trþ:** Spá er spaks geta!) Ja — var það nú svo spakur maður, sem sagði þetta við mig? Mjer finst hann hafa fengið orð fyrir eitthvað annað fremur. — Jeg vil enda mál mitt með því að þakka hv. frsm. (SvÓ) enn á ný umhyggjuna fyrir mjer — og yfirlýsinguna um hinar góðu samgöngur í hans kjördæmi!

Jakob Möller: Um langan aldur, meðan siglingar hjer við land voru allar í höndum útlendinga, var jafnan talið nauðsynlegt að hafa tvö strandferðaskip í hringferðum um landið. Það er þá óhugsandi, að menn sætti sig við það til lengdar, eftir að landsmenn sjálfir hafa tekið að sjer þessar samgöngur, að hafa þær ljelegri. Því er það fyrir mjer aðeins tímaspursmál, hvenær við fáum okkur annað strandferðaskip. — Menn tala um stórfeldan kostnaðarauka af þessu, en athuga það ekki, að Eimskipafjelag Íslands hefir verið styrkt stórkostlega til strandferða á síðari árum. En ef annað strandferðaskip kæmi, fjelli þessi styrkur að sjálfsögðu niður eða minkaði til muna. Það var alveg eins, meðan „Sameinaða“ hafði styrk úr ríkissjóði. Hann var eingöngu miðaður við strandferðir þess. Því finst mjer kostnaðarhliðin hljóta að leysast þannig, að eftir því sem ríkið eykur sínar eigin strandferðir, verði styrkur til Eimskipafjelagsins að fara minkandi.

En mjer virðist málið alt reist á skökkum grundvelli eins og nú er. Þegar Eimskipafjelag Íslands var stofnað, var gert ráð fyrir því, að það tæki við strandferðunum og hefði til þeirra tvö skip. Var ætlast til, að ríkssjóður legði fram hlutafje, sem svaraði kaupverði þeirra. Af þessu hefir þó ekki orðið enn, en mjer finst eiga að róa að því öllum árum, að Eimskipafjelagið taki strandferðirnar sem fyrst að öllu leyti í sínar hendur. Þótt nokkur tregða hafi verið á undanfarið, að fá þessu framgengt, ætti það þó fljótlega að fást, ef Alþingi hefir eindreginn vilja til þess. Eftir því sambandi, sem að undanförnu hefir verið milli Eimskipafjel. og ríkissjóðs um strandferðirnar og reynslunni af því, liggur mjög nærri að ætla, að það sje ekki hægkvæmt fyrir ríkissjóð. Hinsvegar ætti það tvímælalaust að vera fjelaginu hagur, að eiga sjálft strandferðaskipin og haga ferðum hinna stærri skipa sinna eftir því. Mætti spara þau mikið, með því að láta strandferðaskipin flytja vörur til smáhafnanna og safna þar flutningi, en láta stærri

skipin sigla aðeins til þeirra hafna, sem meira er um að vera. Af þessu leiðir, að jeg get ekki óskorað verið með þessu frv., því að það verður til að festa strandferðirnar enn meir í höndum ríkissjóðs, ef það nær fram að ganga. Hinsvegar vil jeg undirstrika það, að tvö skip eigi að vera í strandferðum við landið, og með því að telja má fullvíst, að málið verði eigi afgreitt á þessu þingi hvort sem er, auk þess sem aðeins er um heimild fyrir ríkisstjórnina að ræða, geri jeg ráð fyrir að greiða frv. atkv. frá þessari hv. deild.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg held, að varla sje hægt að gera ráð fyrir því, að styrkurinn til Eimskipafjelagsins minkaði mikið, þótt nýtt strandferðaskip kæmi. Það er sakir þess, að nauðsynlegt er að sjá um, að skip fjelagsins komi á smáhafnirnar, þegar þau koma frá útlöndum, vegna þeirra hagsmuna, sem þær hafnir hafa af því að fá vörur beint frá útlöndum. Af þessu skapast líka ferðir, sem gera alveg sama gagn og strandferðir, en eru að sumu leyti gagnlegri. — Hitt atriðið, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) talaði um, að Eimskipafjelagið ætti að taka strandferðirnar alveg í sínar hendur, get jeg fúslega undirskrifað. Það væri að mínu viti æskilegasta fyrirkomulagið. En jeg er hræddur um, að eins og nú er ástatt, muni Eimskipafjelagið tregt til að gera þetta. Að þessu ættum við samt að stefna. Jeg teldi meira að segja borga sig að gefa Eimskipafjelaginu Esju og allháan árlegan styrk að auki, fyrir að taka að sjer strandferðirnar. En jeg vil fastlega vara hv. 3. þm. Reykv. við að greiða frv. atkv. til Ed. í þeirri trú, að það verði felt þar. Fyrir því er engin vissa. Jeg er ekki heldur viss um, að það sje rjett, sem hv. þm. sagði, að hjer sje aðeins um heimild að ræða. Jeg hefi frv. ekki við hendina og get því ekki gætt að þessu, en minnir fastlega, að um beina skipun sje að ræða.

Frsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Jeg get verið stuttorður að þessu sinni, því að jeg þarf litlu að svara hv. frsm. meiri hl., því að þrátt fyrir forsvaranlega mikla kappgirni hans, hefir þó samviskusemi og greind hamlað honum frá því að fara mikið út í rök mín. Jeg get að mestu leyti látið honum ósvarað, því að hann gerði enga tilraun til að hrekja aðalröksemd mína: að samgöngur eru tiltölulega miklu betri hjer á sjó en landi. — Hv. frsm. mintist á, að mikla karlmensku þyrfti til þess að fella þetta frv. Það er altaf gott að vera kendur við karlmensku, en jeg held, að mesta karlmensku þurfi til að samþykkja það, a. m. k. fyrir þm. þeirra kjördæma, sem engar samgöngur hafa á sjó og litlar á landi.

Jeg er fyllilega sammála hv. 1. þm. Reykv. um, að með þessari skipsbyggingu sje verið að fara út af rjettri braut. Því að fari landið að reka tvö strandferðaskip, er hætt við, að enn lengri bið verði á, að það komist í framkvæmd, sem fyrir okkur báðum vakir, að Eimskipafjelagið taki að sjer strandferðirnar á sínum tíma. Einnig má minna á, að eins og nú er, tekur fjelagið fullan þátt í strandferðunum. Á ferðum sínum til útlanda koma skip þess í báðum leiðum við á fjölda hafna kringum land, t. d. oftast á flestum höfnum á Austfjörðum. Jeg hefi ekki áætlun við hendina, en jeg hygg að viðkomur Eimskipa-

fjelagsskipanna sjeu frá 10—20 á ári á flestum höfnum austan lands og norðan. Þó geri jeg ráð fyrir, að á sínum tíma megi koma þessum ferðum miklu betur fyrir. — Meira hefi jeg ekki um málið að segja, og vænti þess, að það fái nú þann dóm, er því er ætlaður. Jeg legg vitanlega mjög mikla áherslu á, að málið verði felt. En ef þjóðinni vex svo fiskur um hrygg á næstu árum, að hún geti veitt sjer þetta, án þess að draga úr nauðsynlegri framkvæmdum, mun jeg fús að taka málið til yfirvegunar á ný.

Jakob Möller: Hæstv. atvrh. taldi það mjög mikilsvert fyrir smáhafnirnar, að fá vörur sínar „b e i n t“ frá útlöndum. Jeg fæ ekki sjeð, hvað unnið er við það út af fyrir sig, að vörurnar komi beint, ef það kostar ekki meira og tekur ekki verulega lengri tíma að flytja þær öðruvísi. Ef Eimskipafjelagið hefir strandferðirnar á hendi, mundi það að sjálfsögðu hafa svonefnd „gegnumgangandi“ farmgjöld á vörum til smáhafnanna frá útlöndum. Þótt þannig fengist mjög lítið í bein farmgjöld á strandferðaskipunum, gæti rekstur þeirra borgað sig, með því að hann sparaði stærri skipunum að sleikja upp allar smáhafnir. — Jeg er sammála hv. frsm. minni hl. (JÓl) um það, að nú er fyrirkomulag á strandferðum hjer við land mjög óhentugt að ýmsu leyti. Það þyrfti að verða bæði hentugra fyrir landsmenn og ódýrara. En til þess að svo geti orðið, þarf að stefna að því, að millilandaskipin komi aðeins á hinar stærri hafnir, en smáskipin sjeu notuð til að dreifa þaðan varningnum á smærri hafnir. Eigi þetta hinsvegar að geta komið til framkvæmda, þurfa bæði strandferðir og millilandaferðir að vera í höndum sama aðila — Eimskipafjelagsins. En hverjar eru líkurnar fyrir því, að fjelagið taki þetta að sjer? Jeg skal játa, að þær eru ekki miklar, meðan ekki er gengið eftir því með alvöru, af hálfu Alþingis. En ef það er ráðlegt, undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, að ríkissjóður annist strandferðirnar og geri það á þann hátt, sem landsmönnum er nauðsynlegt, þ. e. a. s. að minsta kosti með tveimur skipum, og þá er um leið álitið sennilegt eða ráðgert, að hann taki styrkinn af Eimskipafjelagi Íslands, þá kemur það til athugunar, hvort heppilegra er fyrir okkur, því jeg verð að halda því fram, að þegar strandferðirnar eru komnar í það horf, sem óskað er eftir, t. d. reknar með tveimur góðum skipum, að þá sje meiningarlaust að halda áfram að styrkja Eimskipafjelagið. En það er nauðsynlegt að láta það velja um, hvort það vill hafa styrkinn og strandferðirnar, eða missa hann og ríkissjóður taki að sjer strandferðirnar. Og þess vegna held jeg, að það sje rjett að sýna það, að við teljum fulla ástæðu til, að strandferðunum sje komið í þetta horf, og sem mönnum kemur saman um að fyr eða síðar muni reka að.

Mjer þykir það dálítið furðulegt, þegar einmitt þeir sömu hv. þm., sem mæla mest með járnbrautinni til Suðurlandsundirlendisins, mez þeim rökum, að járnbrautin sjálf muni skapa flutningsþörfina, að þeir ekki geta litið á þetta mál á sama hátt, að auknar samgöngur muni skapa meiri flutningsþörf, þ. e. a. s. verði lyftistöng undir alla framleiðslu í landinu.

Jeg sje við nánari athugun, að jeg hefi litið skakt á, að þetta frv. sje að-

eins heimildarlög. Það er að vísu svo fyrir mælt í frv., að það skuli byggja þetta skip fyrir tiltekinn tíma, og breytir það að vísu málinu nokkuð, eins og nú stendur á, en þar sem hæstv. stjórn hefir lagst allfast á móti þessu máli, þá geri jeg ráð fyrir, að hún geti fengið sínum vilja framfylgt í hv. Ed., þar sem hún er í meiri hluta. En jeg álít, að það eigi, til þess að fá góða lausn á málinu, að sýna fullkomlega, hvað þingið vill, að gert sje í þessu efni, og ef hv. þdm. eru þeirrar skoðunar, að það eigi að stefna að því, að hafa tvö strandferðaskip, eins og áður var, þá held jeg, að þeir geti illa sett sig á móti þessu frv.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi aðeins út af orðum hv. 1. þm. Reykv. (JakM) segja það, að jeg vil vara við því, að líta svo á, að við getum sett Eimskipafjelagi Íslands þá kosti, að annaðhvort verði það að taka að sjer strandferðirnar, eða þá við fellum niður strandferðastyrkinn til þess. Við getum þetta sem sje ekki, vegna smáhafnanna, því að við verðum á einhvern hátt að sjá fyrir því, að þær hafi beinar samgöngur við útlönd. Ef Eimskipafjelagið sinnir ekki smáhöfnunum, þá kemur á allar vörur til þeirra stórkostlegur aukakostnaður, vegna umhleðslu í önnur skip, svo að það verður óforsvaranlegt að leggja þær byrðar á smáhafnirnar. Vegna smáhafnanna getum við því ekki afnumið styrkinn til Eimskipafjelagsins.

Hv. þm. nefndi í þessu sambandi járnbrautina og sagði, að það væri undarlegt, að þeir, sem vildu hafa járnbraut, vildu ekki hafa tvö skip til strandferða. En þetta er ekki rjett orðað. Við neitum því ekki, að betra sje að hafa tvö strandferðaskip, en við teljum, að skipskaupin verði að bíða, af því að við álítum, að samgöngurnar á landi sjeu styttra á veg komnar heldur en samgöngurnar á sjónum, og að þess vegna sje rjettara að snúa sjer að vegagerðum, símalagningum og brúagerðum, til þess að bæta samgöngurnar á milli þeirra, sem búa uppi í sveitum landsins og við sjávarsíðuna. Þetta er það, sem gerir, að við getum ekki lagt út í að fá okkur skip, en alls ekki það, að við viðurkennum ekki, að samgöngurnar eigi að vera betri en nú er og þurfi að vera það. — Hv. þm. sagði, að stjórnin hefði lagst á móti þessu máli með talsverðum krafti og fengi sjálfsagt sína menn til að vera á móti því í Ed. Jeg skal ekkert um afstöðu þeirra segja, því að það hefir ekki verið neitt við þá talað um þetta mál. En mjer skilst þá, að hv. þm. (JakM) greiði þessu frv. atkv. sitt í þeirri von, að hv. Ed. muni fella það. En ef það nær fram að ganga, þá hefir hv. þm. orðið þess valdandi, en að því er virðist gegn vilja sínum.

Björn Líndal: Jeg get að mörgu leyti tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir sagt í þessu máli, þótt jeg sje honum ekki að öllu leyti sammála. Jeg er hv. þm. sammála í því, að það væri miklu æskilegra, að Eimskipafjelagið tæki að sjer reksturinn, heldur en að ríkið kostaði hann, og sjerstaklega þar sem það fjelag fær talsverðan styrk fyrir að annast vissar ferðir hjer við land. En jeg vil ekki láta fara neina hótunarleið að Eimskipafjelaginu, því að slíkt á það ekki skilið, og mjer er óhætt að fullyrða, að Eimskipafjelagið hefir, síð-

an það byrjaði, miklu fremur siglt fyrir þjóðina en fyrir hluthafana, og jeg álít, að þessi styrkur sje ekki meiri en svo, að það væri jafnvel mikla betra að vera laus við hann og geta siglt eftir sínum eigin geðþótta. En aðalástæðan til þess, að jeg vil halda mig að því fjelagi, er þó það, að það verður miklu eðlilegra, að sama fjelagið hafi flutningana til landsins og frá því, og strandferðirnar í sambandi við þær, heldur en tvö fjelög hafi það. Og þó að svo kynni að verða, að samningar um þessar strandferðir tækist með hæstv. stjórn og Eimskipafjelaginu, þá er ekki þar með sagt, að þeir haldist altaf. Það gæti viljað svo til, að samvinnan færi út um þúfur, hvorttveggja til stórtjóns. Háttv. deild afgreiddi þetta mál í fyrra með rökstuddri dagskrá, sem fór í þá átt, að leita hófanna hjá Eimskipafjelaginu um að það tæki þessar ferðir að sjer, og eins og kunnugt er, þá er heimild til um það, að ríkissjóður megi kaupa hluti í Eimskipafjelaginu fyrir 400 þús. kr., en hingað til hefir ekki verið keypt nema fyrir 100 þús. kr. Jeg vildi þess vegna heldur leggja það til, að ríkið hjálpaði Eimskipafjelaginu með því að kaupa þessa hluti, heldur en að ríkið færi að kaupa sjer skip, og jeg get vel tekið undir það með hæstv. ráðh. (MG), að það væri hreint og beint gróði fyrir landið að gefa fjelaginu Esju, til þess að losna við strandferðirnar. Jeg ætla að vísu ekki að fara að hrósa þeirri stjórn, sem verið hefir á Eimskipafjelaginu, en jeg held þó, að hún verði betri en sú, sem yrði á skipunum, ef ríkið færi að annast þetta.

Mjer virðist fara best á því fyrir þessa hv. deild, að afgreiða þetta mál á sama hátt og í fyrra, með rökstuddri dagskrá, því að jeg sje ekki, að neitt hafi komið fram, sem rjettlæti það, að hv. deild hafi skift um skoðun í þessu efni. Jeg vil því leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá, í þessa átt, og lesa hana upp með leyfi hæstv. forseta. Dagskráin er þannig:

„Í trausti þess, að stjórninni takist hagkvæmir samningar við Eimskipafjelag Íslands um það, að það taki að sjer strandferðirnar og noti til þeirra að minsta kosti tvö hentug skip, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (BSv): Hjer er komin fram rökstudd dagskrá, svo hljóðandi, sem upp hefir verið lesið. Er þessi dagskrá þá einnig til umræðu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg verð að láta í ljós mjög mikla undrun yfir því, hvað það er sótt af miklu kappi að koma þessu máli fyrir kattarnef. Það er lagst á móti því með óvenjumiklum þunga af hv. minni hl. samgmn. og hæstv. atvrh., og þegar hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) hefir talað það, sem hann hefir heimild til að tala, þá er borin fram þessi rökstudda dagskrá, til þess að koma málinu fyrir.

Jeg ætla ekki að fara út í það, hver nauðsyn sje til að eignast slíkt skip. Hv. frsm. meiri hl. hefir skýrt það mál vel. En jeg vil koma að því atriði, hversu vel fer á því, að hæstv. stjórn og hv. frsm. minni hl. hafa lagst á móti því, aðallega frá fjárhagslegu sjónarmiði. Er þess þá að minnast í fyrsta lagi, að hinu nýja strandferðaskipi er ætlað það fyrst og fremst að ljetta fyrir framleiðendunum í hinum dreifðu bygðum, því að það er kunnugt, að ófullkomnar samgöngur eru mjög til hindrunar at-

vinnurekstrinum. En slíks aukins stuðnings þurfa atvinnuvegirnir alveg sjerstaklega nú, því að einmitt fjármálastefna núverandi stjórnar og stjórnarflokks, gengishækkunin, hefir komið þeim á knje.

Þá er hitt atriðið: Ef gert er yfirlit yfir fjármálastjórn núverandi stjórnar, þá sjest það, að fjárlagafrv., sem hún ber fram, hafa að meðaltali 2½ milj. kr. hærri útgjöld en frv. næstu ár áður. Og gjöldin, sem lögð hafa verið á landsfólkið í tíð núverandi stjórnar, eru að meðaltali 4 milj. kr. hærri á ári. Jeg verð að segja, að út frá þessu er það hart að heyra stjórn og stjórnarflokk leggjast gegn þessu þýðingarmikla máli af fjárhagsástæðum. Öðrum fórst!

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Str. sagði, að mótstaðan gegn þessu frv. væri aðallega af fjárhagsástæðum. En þetta er ekki alveg rjett haft eftir. Það, sem jeg sagði, var það, að það væri að sönnu talsvert tilfinnanlegt að leggja fram kaupverð skipsins, en það, sem verst væri, væri það, að binda sjer þann bagga, að verða að greiða frá 200—250 þús. kr. í rekstrarhalla af skipinu á ári, og þá upphæð yrðum við að taka af þeim framkvæmdum, sem áformað er að gera fyrir sveitir landsins, þ. e. a. s. með því að minka vegabætur, brúargerðir og símalagningar. Þetta hefi jeg sagt svo oft, að hv. þm. (TrÞ) ætti að hafa heyrt það og skilið. En hann segir altaf, að ásæðurnar sjeu aðrar en þær eru.

Hv. þm. segir, að skipið eigi að vera til þess að hjálpa framleiðslunni til sveita. Já, jeg hefði haldið, að það hjálpaði bændum mikið til þess að vinna að jarðabótum og framleiðslu á heimilum sínum, þó að þetta skip væri á sveimi meðfram ströndum landsins. En vegirnir svo, að þeir geta ekki flutt afurðir sínar til kauptúnanna og frá þeim; það yrði víst eitthvert gagn að því fyrir þá, þó að skipið kæmi einu sinni í viku á höfnina, þar sem þeir versla! — Ástæðan til þess, að barist er á móti þessu frv. er sú, að strandferðirnar eru komnar lengra áleiðis en vegagerðir og aðrar samgöngur til sveita.

Þá fór hv. þm. að tala um það, að tekjuáætlun og álagning væri miklu hærri hjá þessari stjórn en verið hefði hjá fyrverandi stjórn. Þetta er eflaust rjett. En hvenær hefir líka verið framkvæmt eins mikið eins og síðastliðið ár? Heldur hv. þm. Str., að það þurfi ekki fje til að leysa slíkar framkvæmdir af hendi, og heldur hann ekki, að það þurfi skatta til þess að geta borgað margar miljónir króna af skuldum á ári. Það hefir, eins og kunnugt er, verið gert svo margfalt meira að verklegum framkvæmdum en áður, svo að þó að hv. þm. hafi getað uppgötvað þetta, þá er það enginn galdur, því að þetta vita allir. En það er hægt að benda á, í hvað peningarnir hafa farið. Þeir hafa farið í verklegar framkvæmdir og til greiðslu skulda.

Halldór Stefánsson: Það er nú svo mikið búið að ræða þetta mál, að það er varla vert að fara að rifja upp verulega þau andmæli, sem borin hafa verið fram á móti því.

Jeg stóð upp aðallega til þess að gera fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG) út af því, sem hann hefir sagt við umr. og telur nú vera aðalástæðurnar til andstöðu sinnar við frv., sem sje það, að það verði að láta samgöngubætur á sjó

bíða eftir því, að það komist á viðunandi samgöngubætur á landi. En nú vitum við það um samgöngur okkar, bæði á sjó og landi, að þær eru ekki sambærilegar við þær samgöngur, sem aðrar þjóðir eiga við að búa. Þetta stafar að ýmsu leyti af eðlilegum ástæðum; bæði er það, að skamt er síðan farið var að vinna að þeim, og svo er land okkar stórt og erfitt yfirferðar; þegar á það er litið, hversu margt og mikið er ógert til samgöngubóta á landi, til þess að það geti heitið með nokkrum rjetti, að þær sjeu komnar í viðunandi horf, þá verðum við að gera okkur það ljóst, að það hlýtur að líða langur tími áður en það verði gert, og eigum við þá að bíða þess svo lengi, að bættar verði samgöngur á sjó?

Einmitt vegna þess, að okkur eru nauðsynlegar samgöngur bæði á sjó og landi, vegna þess að það er miklu auðveldara að koma í framkvæmd viðunandi samgöngum á sjó, af því að þar er vegurinn til, strendur landsins umflotnar af sjó, og að með einni hyggilegri ráðstöfun er hægt að gera þær umbætur, sem menn mundu vel við una um langan tima, þá eigum við einmitt að byrja á því. Og það á alls ekki að þurfa að tefja fyrir því, að við getum gert samgöngubætur á landi í þeim mæli, að sæmilegt sje, þó að þetta hafi verið gert áður, því að bættar samgöngur örva atvinnulífið og greiðslumáttinn, og mundu styðja svo efnalegar framfarir, að atvinnuvegirnir mundu ekki eiga erfiðara með að leggja það tram. sem þyrfti til samgöngubóta á landi. þó að þetta væri gert.

Það skilja allar þjóðir, nema ef til vill Íslendingar, að viðunandi samgöngur eru lífæðar atvinnuveganna, og ef neitað er um fje til þeirra, þá er það sama og að halda niðri atvinnulífinu. Þess vegna er það, að öll þau andmæli, sem komið hafa fram gegn þessu frv., það eru andmæli skilningsleysis á því, hvað er það fyrsta nauðsynlega. Það er náttúrlega erfitt við það að etja, á meðan menn eru af því haldnir, en það er ekki ásökunarvert, þótt reynt sje að hrinda því af.

Það hefir verið rætt hjer um annað fyrirkomulag á strandferðum, heldur en nú er. Nú er það svo, að ríkið rekur strandferðirnar með Esju og greiðir auk þess Eimskipafjelagi Íslands styrk til þess að annast þær að nokkru leyti. Það hefir verið lýst þeirri hugsun, að það mundi æskilegt, að Eimskipafjelagið tæki að sjer strandferðirnar, og þess vegna ekki rjett, að ríkið færi nú að efna til annars skips. Jeg skal ekkert um það segja, nema það geti verið gott að fá fjelag eins og Eimskipafjelag Íslands til þess að reka strandferðirnar. En mjer finst, að það þurfi ekkert að hamla því, að það yrði gert, þó að ríkið efndi nú til annars strandferðaskips, því að það mundu þá verða gerðir þeir samningar, að fjelaginu yrðu fengin þau tvö skip, og svo samið um árlegan styrk til fjelagsins. Og fjelagið mundi ekki ófúsara á að taka við tveimur skipum en einu, því að hver sem vildi leysa þær viðunanlega af hendi, gerði það ekki með minna en tveimur skipum.

Þá er annað atriði, sem borið hefir verið fram á móti frv., þótt hæstv. atvrh. vildi ekki kannast við það sem sína höfuðástæðu, og það er kostnaðarástæðan. Það er auðvitað nokkuð erfitt að tala um hana, því að slíkt er ekki nema áætlun. En jeg verð að láta í ljós það álit mitt, að það mundi alls ekki vist,

að tiltölulega meiri rekstrarhalli yrði, þótt tvö skip væru notuð heldur en eitt. Athugum, hvernig nú er. Til strandferða höfum við eitt skip, tiltölulega stórt og dýrt, sem er aðallega fólksflutningaskip, og þessu skipi er ætlað að hafa marga viðkomustaði og sigla oft þangað, sem lítið er að gera, bæði vegna fólksflutninga og vöruflutninga. Vegna þess, hvað skipið kemur víða við, er það svo lengi á leiðinni, að menn nota það ekki til ferðalaga, ef nokkur kostur er betri ferða, og af því leiðir náttúrlega, að það getur ekki kept um fólksflutninginn við önnur skip, sem koma á miklu færri hafnir. En ef við hinsvegar höfum tvö skip, þá ætti minna skipið að sigla á smærri hafnirnar, þar sem verkefnin eru minni, en stærra skipið ætti að fara fleiri ferðir kringum land, og mundi þá geta kept við hin skipin, sem oft sigla með fullfermi af fólki.

Af þessu álít jeg, að rekstrarhalli stóra skipsins minkaði, ef hægt væri að láta annað lítið skip annast smáflutninga, og þar að auki má benda á það, að ef tvö skip væru höfð til strandferða, þá er líklegt, að það gæti fallið niður, eða að minsta kosti minkað mikið sá styrkur, sem veittur er til Eimskipafjelags Íslands, og um flutningsgjaldið vildi jeg hugsa mjer það, að komist gæti á það, sem kallað er „gegnumgangandi fragtir", og þá væru smáu hafnirnar tiltölulega vel settar, eftir því sem hægt er. En það er eins og jeg hefi sagt áður, að það er ekki til neins að vera að ræða um þetta, á meðan menn hvorki vilja eða geta skilið þörf þá og ástæður, sem eru fyrir þessu máli.

Viðvíkjandi dagskrá þeirri, sem fram er komin, vil jeg taka það fram, að þó að hún sje svo að efni til, að það megi sætta sig við hana, ef hvort sem er á að skjóta málinu á frest, þá getum við, sem ekki viljum fresta þessu þýðingarmikla máli, alls ekki verið með dagskránni, og greiði jeg því atkvæði á móti henni.

Hjeðinn Valdimarsson: Það var aðallega tvent, sem hæstv. atvrh. hafði fram að færa móti þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Annað var það, að betra væri að haga samgöngunum þannig, að skipið kæmi frá útlöndum á smærri hafnirnar, heldur en að umskipa á stærri höfnum, vegna þess að umskipunin hefði svo mikinn kostnað í för með sjer á aðalhöfnunum. En jeg er alveg gagnstæðrar skoðunar. Það er hægt að haga því svo til, að flutningsgjaldið verði ódýrara, ef umskipað er, heldur en ef stóru skipin eru látin flækjast inn á hverja smáhöfn. Það sýnir sig frá fjelögum þeim, sem stunda gufuskipaferðir hjer við land, hvernig þetta tekur sig út. Ástæðan til þess, að farmgjaldstaxtar á íslensku hafnirnar eru hærri en þeir þyrftu að vera, og að útlendu fjelögin græða, er sú, að þau taka aðeins stærri hafnirnar, en Eimskipafjelagið verður líka að hafa þær minni. En ef það tæki nú upp sama ráð og hin fjelögin, að sigla aðallega á stóru hafnirnar, þá væri hægt að lækka farmgjöldin stórum, en hafa umskipun á stærstu höfnunum, svo sem Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði og jafnvel Ísafirði, ódýrari en hún er nú. Allir vita, að umskipun er mjög dýr hjer í Reykjavík, vegna þess að ekki er nóg hugsað um að hlynna að slíkum flutningi. T. d.

eru ekki varningshúsin alveg niður við höfn, vörugjald óþarflega hátt, engin tollgeymsla fyrir slíkar vörur, sem þó er ráð gert fyrir í lögum o. s. frv. Það sýnir sig, að það væri betra fyrir Eimskipafjelagið að taka vörur fyrir „gegnumgangandi“ flutningsgjald, heldur en að flytja þær á smærri hafnirnar.

Þá var það annað atriði, sem hæstv. atvrh. mintist á. Hann sagði, að það væri meiri nauðsyn að flýta fyrir vegabótum en bæta og auka umferðina á sjónum. Það er viðurkent alstaðar, þar sem rætt er um samgöngumálin, að sjóleiðin sje hentugri fyrir þungavörufultninga, og mun þetta ekki hvað síst gilda um land vort, sem er sævi girt, þar sem ekki eru hafnleysur. Það mundi kosta mikið fje og langan tíma, þangað til samanhangandi vegakerfi væri komið um landið alt, þannig, að flytja mætti landleiðina sömu þungavöru og nú er flutt á sjó. Jeg býst við, að næstu 10 ár kæmist þetta ekki svo í kring, að fullnægjandi þætti. Það er því augljóst, að sjóleiðin er hentugust fyrir okkur um alt Vesturland, Norðurland og Austurland. Það er hægt að koma við samgöngubótum á sjó með minni tilkostnaði og á skemri tíma en þeim, sem það mundi taka að koma á gagngerðum umbótum á vegunum, því að ósamanhangandi vegaspottar, dreifðir um allar sýslur, koma að tiltölulega litlu gagni.

Þá vil jeg minnast á þau orð hæstv. ráðh. (MG), að gefa Eimskipafjelaginu Esju og svo þar að auki allháan styrk, til þess að losna við strandferðirnar. Jeg varð nú alveg forviða á að heyra þessi orð hjá hæstv. atvrh., sem á að gæta hagsmuna þjóðarinnar og ríkissjóðs. Og hvað vinst við þetta? Sama fjelag mundi reka skipið, og jeg hygg, að því mundi ekki verða neitt betur stjórnað en nú er, af þessum sömu mönnum. En Eimskipafjelagið mundi þá varla taka að sjer þessar strandferðir, nema það yrði því alveg að skaðlausu. Ef fjelaginu væri gefið eitt eða fleiri skip, þá lækkaði kostnaður þess við strandferðirnar frá því, sem ríkissjóður hefir nú, eingöngu um árlega fyrningu skipsins. Það er bersýnilegt, að þótt fjelagið fengi Esju, mundi það samt heimta styrk eftir þörfum, til þess að verða ekki fyrir tapi. Því að eins gæti staðið á sama um slíka gjöf, að engin von væri til þess, að ríkissjóður hefði nokkurntíma annað en tap af þessum strandferðum, og fjelagið skuldbindi sig til að haga rekstrinum ávalt eftir fyrirskipun ríkisstjórnarinnar. En eftir því sem viðskiftin vaxa, má fastlega búast við því, að tapið minki. Það er næsta einkennilegt hatur, sem hæstv. ráðh. (MG) hefir á opinberum fyrirtækjum, er hann vill kasta stórfje úr ríkissjóði til þess að landið eigi ekki neitt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af orðum hv. 1. þm. N.-M. áðan vil jeg segja það, að það er auðvitað rjett, að langt er enn þangað til samgöngurnar á landi komast í fullkomið horf. En það er nú svo, að ef við leggjum áfram jafnmikið af mörkum til samgöngubóta og síðastliðin ár, þá mun miða vel áfram. Það er t. d. gert ráð fyrir því, að 1932 verði kominn bílfær vegur milli Norður- og Suðurlands, ef hægt er að halda áfram með sama hraða og síðustu árin. Auk þess eru allir vegir, sem nú eru lagðir, gerðir með það fyrir augum, að þeir sameinist síðar í eitt kerfi. Þessu miðar því

vel áfram, þó að auðvitað sje langt þangað til það er komið í hið besta horf. Jeg get líka viðurkent, að strandferðirnar eru ekki eins góðar og þær ættu að vera, en þær eru þó komnar mun lengra áleiðis en samgöngubæturnar á landi. Það er rjett hjá hv. þm. (HStef), að það þarf ekki að leggja veg á sjónum, en það eru ekki allir landsmenn, sem búa við sjóinn. Við verðum líka að hugsa um þá, sem búa inni í landinu, sumir í 1—3 dagleiða fjarlægð frá næstu höfn og hafa margir ljelegar samgöngur. Samgöngurnar á sjó eru dýrar, þó að ekki þurfi að leggja þar vegi. Jeg hefi bent á, að það fari alt að ½ milj. kr. til þess að halda uppi samgöngum á þessum sjálfgerða vegi, sjónum. En til viðhalds allra þeirra vega, sem nú eru, eru ekki ætlaðar meira en 200 þús. kr. á fjárlögum. Það er viðurkent af öllum, að góðar samgöngur eru lífæð atvinnuveganna, en samgöngubæturnar á landi eru líka lífæð landbúnaðarins. Á mörgum stöðum koma menn ekki afurðum sínum til hafna, vegna ónógra samgangna á landi.

Þá var vikið að því, hvort skipið mundi tefja fyrir, að samningar tækjust við Eimskipafjelagið. Jeg veit það auðvitað ekki. En út af dagskránni vil jeg taka það fram, að jeg hefi litla von um, að hægt verði að ná samningum við Eimskipafjelagið um strandferðirnar. Að því leyti get jeg ekki mælt með dagskránni, og tel hana þýðingarlitla.

Háttv. 1. þm. N.-M. bjóst við minni halla af tveim skipum en einu. Það undrar mig að heyra þetta af munni manna, sem lítið þekkja til útgerðar, heyra þá staðhæfa þetta, þvert ofan í yfirlýsingu manna, sem kunnugir eru þessum efnum. Jeg staðhæfi ekki, að þeir álíti þetta ekki sjálfir, en jeg staðhæfi, að áætlun þeirra er ekki á rökum bygð. Honum þótti Esja koma of víða við og þyrfti því að fækka viðkomustöðunum. En það er eins og menn gleymi smáhöfnunum, og þetta skip er einmitt til orðið vegna þeirra, því að stóru hafnirnar hafa altaf nægar viðkomur. Það, sem aðallega þarf, er, að smáhafnirnar hafi samband við stóru hafnirnar. Það hafa verið reyndar hraðferðir með Esju, en svo fór, að einmitt þær borguðu sig verst.

Háttv. 4 þm. Reykv. áleit, að það væri best að flyja sem mest af vörum til aðalhafnanna. Þar væru vörurnar fluttar milli skipa í smærri skip og síðan fluttar í þeim til smáhafnanna. Hann hjelt, að vörurnar yrðu ódýrari á þennan hátt. Jeg skil vel, að hann, sem er þm. Reykv., vilji þetta, því að þetta er hagur fyrir Rvík. En fyrir þá, sem álita, að hugsa beri um hag allra landsmanna, er þetta aðeins Lokaráð. Það verður ekki hægt að setja flutningsgjöldin svo niður, að það svaraði umskipunarkostnaði og auk þess flutningsgjaldinu. Umskipunin er hjer ekki svo ódýr, og þó að hv. þm. haldi, að hún muni verða sett niður, þá hefi jeg enga tryggingu fyrir því, að það verði gert. En hvers vegna beitir hann sjer ekki fyrir því sjálfur, að gjöldin verði lækkuð? Jeg hefi ekki orðið var við, að hann hafi gert neitt í þessum efnum. — Þá sagði hv. þm., að sjóleiðin væri hentugri en landleiðin. Það fer nú eftir því, hvert á að flytja vöruna. Hv. þm. gleymir þeim mönnum, sem búa langt frá höfnum. En það er eins nauðsynlegt fyrir þá að fá vörur fluttar að sjer og frá,

eins og fyrir menn að senda smápinkla milli hafna. Það er ekki svo, að ekki sje fyllilega viðurkent, að þörf sje á samgöngum á sjó. En þær eru hlutfallslega lengra komnar en samgöngur á landi. Og sá munur yrði gerður enn meiri, ef bætt væri nú við nýju skipi.

Hv. þm. undraðist það, að jeg vildi gefa Eimskipafjelaginu Esju og veita því þar að auki styrk, ef fjelagið tæki að sjer strandferðirnar. Jeg sagði nú það ekki beinlínis. En jeg sagði, að það borgaði sig, og jeg held fast við það. Og jeg get sagt hv. þm. það, að þótt jeg ætti að semja um það, að fjelagið tæki að sjer strandferðirnar og ríkissjóður ætti að gefa því Esju, þá vildi jeg gera það, að því tilskildu auðvitað, að strandferðirnar yrðu eins góðar og þær nú eru. Jeg geri mjer ekki von um, eins og hann, að hagur verði af strandferðunum. Frá upphafi hefir verið halli á þeim, og sjaldan meiri en síðan Esja tók við þeim. Annars get jeg vel skilið, að hv. þm. vilji ekki láta Esju af hendi, því að hann heldur fram ríkisrekstri á öllum sviðum og vill því eðlilega ekki, að gengið sje aftur á bak á þessari braut. En jeg skil ekki, hvaða keppikefli þetta í rauninni er. Það skiftir mestu máli, að strandferðirnar sjeu í góðu lagi. Jeg skil ekki, hvað háttv. 4. þm. Reykv. átti við, er hann talaði um að „afskrifa" af skipinu og setja þannig niður kostnaðinn, nema hann gangi út frá, að nokkuð af hinum árlega strandferðakostnaði sje fólgið í því að færa niður verð skipsins. En svo er ekki. Beinn halli af rekstri skipsins var 1926 207 þús. kr., án nokkurrar verðlækkunar á skipinu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg verð að segja það, og þá líklega fyrir munn margra háttv. þdm., að jeg er hissa á þeim umræðum og þeim rökum, sem færð hafa verið fyrir þessu máli. Það er vitanlegt, að rökin og ástæðurnar fyrir þessu máli eru svo litlar, að þótt þær sjeu skoðaðar í smásjá, þá sjást þær ekki. Menn hrópa hátt um meiri strandferðir. Og auðvitað væri það þægilegra og hentugra, ef hægt væri að koma því við með litlum tilkostnaði. En það er stórkostlegur fjárhagslegur baggi, sem bundinn er þjóðinni í heild sinni, ef ráðist verður í kaup á nýju skipi. Þó eru útgjöldin til skipakaupanna smáræði í samanburði við hinn árlega rekstrarkostnað. En hvaða hjeruð eru það nú, sem þurfa nauðsynlega auknar strandferðir? Við skulum fara kringum landið og athuga það. Ekki er það Gullbringu- og Kjósarsýsla, ekki Árnessýsla, ekki Rangárvallasýsla, ekki Vestmannaeyjar, ekki Vestur-Skaftafellssýsla, ekki Suður-Múlasýsla, eftir því sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir nú loks viðurkent, er hann sá alvöruna í málinu, aðeins sáralítill hluti Suður-Þingeyjarsýslu, ekki Eyjafjarðarsýsla, ekki Skagafjarðarsýsla, nokkur hluti Húnavatnssýslu, ekki Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýsla, sáralítill hluti Barðastrandarsýslu, og þó ef til vill ekki, Dalasýsla og Snæfellsnessýsla að litlu leyti, ekki Borgarfjarðarsýsla og ekki Mýrasýsla.

Reynslan sýnir, að skip, sem annast flutninga á mesta annatímanum, haustmánuðunum, fær í flutningsgjöld aðeins 20 þús. kr. um þriggja mánaða tíma. Gerum nú ráð fyrir, að skipið gangi í 10 mánuði, og þá er jeg sannfærður um, að flutningsgjöldin verða ekki mun meiri en tvöföld við það, sem var á

þessum 3 mánuðum. Það fer því ekki fram úr 50—60 þús. kr., sem skipið fær í tekjur. Jeg hygg, að jeg hafi eins mikla þekkingu á þessu eins og aðrir háttv. þdm., enda hefi jeg kynt mjer málið mjög ítarlega.

Menn tala um, að þetta verði atvinnuvegunum til mikillar farsældar. En það, sem mestu varðar fyrir atvinnuvegina, er að hafa greiðar samgöngur til útflutningshafnanna og sæmilegar samgöngur um hjeruðin, til þess að komið verði við vöruskiftum og hægt sje að nota sem mest innlendar vörur í þjóðarbúinu. Í þessu tilliti koma flóabátarnir atvinnuvegunum að margföldu gagni á við stóru skipin. Eyfirðingar segjast t. d. ekkert kæra sig um viðkomur Esju, en vilja fá flóabát. Enda er það svo, að það er um að gera fyrir bændur og sjómenn, að hafa greiðar samgöngur í hjeraði. Það lyftir atvinnuvegunum mest, bæði til lands og sjávar. Við, sem lifum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þurfum að fá landvörur með sem skemstu millibili, og bændurnir aftur að fá sjávarvörur sem tíðast. En það verður ekki gert með nýju skipi, sem fer kanske á þriggja vikna til mánaðarfresti í kringum land. En skemri tíma tekur það ekki, ef það á að koma á hverja smáhöfn, þar sem einhver þörf er viðkomu.

Jeg er hissa á því, að háttv. aðalflm. (SvÓ), sem hefir þó kynt sjer þetta mál eitthvað, skuli leyfa sjer að halda því fram, þvert ofan í það, sem reynslan segir, að aukinn strandferðakostnaður við þetta nýja skip mundi ekki fara fram úr 50—60 þús. kr. árl. (**SvÓ:** Það hefi jeg ekki sagt.) Háttv. þm. neitar því, og er það gott. Hann skal fá að renna frá fleiri staðleysum í málsvörn sinni. Hvað segir hann um þá röksemdafærslu, að útgerð þessara tveggja skipa kæmi ekki til að kosta ríkissjóð nema 200—250 þús. kr. árlega, vitandi það, að útgerð Esju einnar kostar nú yfir 200 þús. kr.? Jeg kann þá ekki algengan reikning, ef ekki koma samkvæmt þessu um 50 þús. kr. á nýja skipið. Þar við bætist, að rekstrarhalli Esju er nú mun meiri en tilfært er á reikningnum. Þá er að athuga, hvort Esja fær á annan hátt auknar tekjur, í stað þess sem hún tapar í farmgjöldum. Flm. fullyrða, að Esja fái þær tekjur, sem hún þannig missir, í auknum fargjöldum. Það er þó vitanlegt, að slíkt strandferðaskip sem Esja, þó að hún færi hraðferðir á einar 16 hafnir, þá fær hún ekki nema örlítið brot af aðalfólksflutningnum, en hann er einmitt frá Reykjavík til Ísafjarðar og Akureyrar og frá Reykjavík til Austfjarða. Þau skip, sem fara beint, fá því nær alla fólksflutninga. Hafa menn athugað hjá Eimskipafjelaginu, hve mikil flutningsgjöld það fær af skipum sínum, er þau fara á þetta 5—6 hafnir frá Reykjavík til Akureyrar, á móts við útlendu skipin, sem fara beint: Rvík, Ísafj., Akureyri. Útlendu skipin fá einmitt aðalfólksfluninginn, og honum verður aldrei beint yfir á strandferðaskipin.

Hv. 1. þm. S.-M. hefir haldið því hjer fram í 2 ár, að ef Esja færi hraðferðir með fáum viðkomum, þá mundi útgerðin borga sig. Og hann heldur þessu enn fram, eftir að reynslan hefir sýnt það gagnstæða. Því að reynslan er sú, að það er mest tap á hraðferðunum. Þetta veit hv. þm. S.-M. Því er hann að reyna að blekkja sjálfan sig og aðra? Auðvitað af því, að hann hefir engin rök. Nú er það svo, að Esja fær

meira en helming af tekjum sínum af flutningum. Og hvað kostar það,að láta Esju taka flutning, þar sem hún annars kemur við? Það kostar svo sem ekki neitt. (SvÓ: En hver bannar henni að taka flutning?). Þeir, sem vilja láta Esju fara hraðferðir og koma ekki við nema á aðalhöfnunum, og þá þar aðeins til þess að taka farþega og póst. Annars er dálítið erfitt að rökræða við meðhaldsmenn frv., því ýmist hlaupa þeir af og til frá öllum staðhæfingum i fyrri ræðum sínum, þegar þeim er bent á, hversu fúnar þær eru, eða þeir eru svo vanhaldnir að þekkingu á málinu, að ekki er hægt að rökræða við þá.

Hv. 1. þm. S.-M. fullyrti, að Eimskipafjelagið mundi eins vel vilja taka við útgerð tveggja skipa eins og eins, eða jafnvel taka við þessari útgerð allri. Jeg kann illa við svona rakalausar fullyrðingar. Hv. þm. ætti fyrst að tala við forstjóra Eimskipafjelagsins og fá að heyra hans álit. Jeg hefi nokkrum sinnum átt tal við hann um þessi efni og fengið alveg gagnstæð svör. Það væri broslegt, ef það væri ekki um leið alvarlegt, að heyra þennan hv. þm., sem enga hugmynd hefir um útgerðarkostnað skipa, fullyrða að svona og svona verði þetta. Það þýðir ekkert að kaldhamra svona skoðanir, án nokkurs tillits til þess, sem rök og reynsla segir.

Af því umræðan er orðin löng, skal jeg ekki segja fleira i þetta sinn. En við 3. umr. skal jeg leggja fram ítarleg plögg í þessu máli, svo að hv. þm. geti ekki eftir á sagt, að þeim hafi verið þau gögn ókunnug.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Ak. (BL) felld með 14 : 7 atkv.

Brtt. 401, a.—b. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HjV, IngB, JakM, JG, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BSv.

nei: BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MT, BSv.

nei: PO, SigurjJ, ÞórJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

2.—4 gr. samþ. með 15 : 10 atkv.

Brtt. 401, 2 (breytt fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 16 : 10 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um kaup og rekstur strandferðaskips.

Á 60. fundi i Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi i Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 411).

Jón Auðunn Jónsson: Jeg mun hafa getið þess áður, að jeg ætlaði að segja nokkur orð um þetta mál, áður en það færi út úr deildinni, og því kvaddi jeg mjer hljóðs nú, að jeg vildi efna það. En af ýmsum ástæðum verður það styttra en jeg ætlaði i upphafi.

Jeg vil þá byrja á að geta þess, að flm. frv. þessa fullyrtu, að slíkt skip sem hjer er gert ráð fyrir, mundi ekki kosta yfir 487 þús. kr. En mjer er kunnugt

um, að svo fremi sem fyrirkomulagi því er fylgt, sem gert er ráð fyrir í frv., þá verður skip þetta mun dýrara. Jeg hefi átt tal um skip þetta við framkvæmdasjóra Eimskipafjelagsins, og gerir hann ráð fyrir, að eigi það að hafa 10 mílna gönguhraða, þá þurfi vjelin að vera mjög sterk; auk þess er gert ráð fyrir allstóru kælirúmi, svo óhugsandi sje annað en að farrými verði að vera á þiljum uppi; alt þetta sje kostnaðarsamt. Og megi ekki gera ráð fyrir, að skipið kosti minna en 560—600 þús. kr. Þetta hefir framkvæmdastjórinn leyft að hafa eftir sjer.

Þá er rekstrarkostnaður slíks skips. Sje gert ráð fyrir 10 mílna gönguhraða, þá verður kolaeyðslan ekki minni en 10 tonn á sólarhring, því að vjel, sem knýr til slíks hraða, verður kolafrek. Til samanburðar má geta þess, að Austri og Vestri, sem höfðu 8 mílna hraða á vöku, eyddu ekki nema 6 tonnum á sólarhring að meðaltali.

Nú skil jeg ekki, enda hefi jeg enga skýringu á því heyrt, að þörf sje fyrir slíkan hraða hjá skipi, sem aðallega á að annast vöruflutninga og koma við á mörgum höfnum; slíkur ganghraði flýtir stórlítið ferðum skipsins, en er kostnaðarsamur. Því síður fæ jeg skilið, að þörf sje á farþegarými fyrir 40—50 farþega. Því engir ferðast með því, eins og nú er komið fólksflutningum, nema milli smáhafnanna. Rekstrarkostnaður svona skips mundi því aldrei verða undir 300 þús. kr. á ári, án þess að tekið sje tillit til þess, sem þarf til þess að jafna flokkun skipsins 4. hvert ár, sem er um 5% af verði þess. Til þess að glöggva sig á þessu, má líta á rekstrarreikning Esju, en þar er enginn eyrir áætlaður í vexti af kaupverði skipsins. En kaupverð Esju var 900 þús. Nú er búið að „afskrifa“ verð hennar svo, að hún stendur ríkissjóði ekki í meira en 600 þús. Ríkissjóður er þegar búinn að taka þetta tap á sig. Ef gera ætti rekstrarreikning Esju upp á venjulegan hátt, þá þyrfti að reikna vexti af verði skipsins, 600 þús. kr., auk þess, sem nauðsynlega þarf að leggja út vegna flokkunar þess 4. hvert ár. Það, sem því vantar að telja með rekstrarkostnaðinum, eru 66 þús. Hinn raunverulegi rekstrarhalli Esju 1926 er því um 270 þús. kr. Rekstrarhalli þessa nýja skips mundi því, eftir þeirri reynslu, sem við höfum fengið á þessum hlutum, ekki verða undir 200—250 þús. á ári.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gerði útdrátt úr rekstrarreikningi Esju til þess að sanna, hvað sparast mundi, ef hún væri ekki látin annast vöruflutninga. Hann sagði, að fyrst og fremst mundu sparast 4 menn, eða 20 þús. á þeim lið. Þóknun til afgreiðslumanna 12 þús. kr. Bryggjugjöld 4 þús. Fyrir skemdir á vörum 2 þús. kr. Ennfremur tímatöf o. fl., er hann áætlaði 14 þús. Á þennan hátt fjekk hann rekstrarkostnaðinn niður um 50 þús. kr.

Við þessa áætlun er það fyrst og fremst að athuga, að á mannahaldinu mundu ekki sparast nema þrír menn, eða ekki yfir 14 þús. kr. á þeim lið. Af þóknuninni til afgreiðslumanna mundi lítið sparast, því að svo stendur á, að afgreiðslumenn úti á landi afgreiða hana sjer til stórskaða. Þeir hafa afgreiðsluna á hendi af því að þeir eru afgreiðslumenn Eimskipafjelagsins. Og það vita allir, sem til þekkja, að þeir, sem vinna við afgreiðslu skipsins úti á landi, fá oft ekki hálft tímakaup við það starf. Þá ber að geta þess, að af-

greiðslumenn fá sem þóknun hluta — 3—4% — af farm- og fargjöldum. Þessi liður mundi því ekki lækka meira, en í mesta lagi um ⅓. En það er það, sem jeg áætla, að flutnings- og fargjöld Esju minki við starfrækslu hins nýja skips. Þá er bryggjugjaldið. Á þeim lið mundi aldrei mikið sparast, því að skipið mundi koma að bryggjum, til þess að taka póst og farþega, enda þótt það tæki ekki flutning. Þær 2 þús. kr., sem greiða þarf fyrir skemdir á vörum, mundu falla niður, ef skipið tæki engan flutning, annars í hlutfalli við það, sem farmgjöld lækka. Hvað tímatöfina snertir, þá fullyrðir framkvæmdastjóri Eimskipafjelagsins, að tiltölulega lítil töf sje að taka flutning á höfnum. Telur hann tafir vegna flutnings vart nema meira en 10—12 þús. kr. af rekstrarkostnaði á ári, auk þess kostnaðar, sem leiðir af því að koma á aukahafnir. Það, sem Esja fær í farmgjöldum, er 142 þús., en í fargjöldum 120 þús. Hver mundi þá rekstrarhalli Esju verða, ef þessum 142 þús., sem inn koma fyrir farmgjöld, væri slept? Það er auðreiknað dæmi.

Það er nú öllum vitanlegt, að þegar Esja fer hraðferðir, þá tapar hún mest. Þetta bera reikningarnir með sjer. Þó að skipið sigli ekki eins langa leið í hraðferðunum, eins og hinum, þá er þó kolaeyðslan mun meiri, og liggur það í því, að „keyrt" er með meiri hraða.

Þá er að athuga, hvað Esja mundi fá í staðinn, ef hún slepti farmflutningunum. Sumir flm. frv. þessa segja, að hún mundi fá nokkura uppbót með auknum fólksflutningi. En þetta geta þeir, sem kunnugir eru öllum staðháttum, ekki látið blekkja sig. Því að það vita allir, að skip, sem siglir á smáhafnirnar, fær litinn fólksflutning. Aðalfólksflutningurinn er á milli stóru hafnanna. Milli Vesturlands og Reykjavíkur, milli Reykjavíkur og Akureyrar og frá Reykjavík til Vestmannaeyja og þaðan til Austfjarða. En milli þessara staða sigla skip nær beina leið, allan þann tíma árs, sem fólksflutningar eru mestir, og það eru þau, sem fá mestan farþegaflutninginn. Sem dæmi um þetta má benda á síðustu ferð Esju. Hefði hún ekki farið inn á Hvammsfjörð, mundi hún ekki hafa fengið nema 6—7 farþega hjeðan. Því að fólkið, sem fór með henni hjeðan, ætlaði flest til Breiðafjarðar og norður í Húnavatnssýslu. Það, sem ætlaði í Húnavatnssýsluna, fór af henni í Búðardal og þaðan landveg heim til sín. Það er sýnilegt, að rekstrarhalli Esju yrði um 100 þús. kr. meiri en nú er, ef hún ætti aðeins að flytja póst og farþega.

Hverjir eru það svo, sem krefjast þess, að fá þetta dýra skip, sem á hlýtur að verða geypilegur rekstrarhalli? Er hægt að verða við kröfum þeirra og þörfum á ódýrari hátt? Við skulum athuga það?

Sem betur fer eru samgöngur á sjó nú svo góðar, að ekkert hjerað byggir samgöngur á sjó eingöngu á ferðum þessa skips, og flest hjeruð hafa alls ekkert gagn af því, svo sem Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Gullbr.- og Kjósarsýsla, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla, Vestmannaeyjar, Barðastrandarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, og vestursýlan tæplega heldur, Eyjafjarðarsýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. En þau hjeruð, er hefðu einhver not þessa skips, en hafa þó sæmilegar samgöngur fyrir, eru Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla að litlu leyti, Skagafjarðarsýsla,

og þó aðeins að mjög litlu leyti, Norður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla og að jeg ætla syðsti hluti Suður-Múlasýslu, þótt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) segi, að svo sje ekki, og Austur-Skaftafellssýsla að mestu leyti, enda er það svo, að Austur-Skaftafellssýla, þ. e. a. s. austurhluti hennar, þarf nauðsynlega að fá meiri samgöngur á sjó en hún venjulega hafir haft til þessa. Það mun óhætt að fullyrða, að smærri hafnirnar, er minst hafa að flytja og minsta þörf hafa fyrir flutninga, mundu nota þetta skip. En þó gætu þær ekki bygt einungis á ferðum skips þessa; þær mundu eftir sem áður heimta það, að Esja kæmi við hjá þeim líka og jafnvel skip Eimskipafjelagsins. Það er nú svo, að þar sem mikil þörf er fyrir flutninga, þar koma skip Eimskipafjelagsins, að undanteknum Hornafirði, og gera það staðhættir þar, grynningar í innsiglingu o. fl. Hefir fjelagið gengið svo langt í þessu, að t. d. nú síðast, er Brúarfoss var á ferðinni, þá gerði hann sjer krók inn á eina höfn til að sækja þangað 6 stórgripi, sem ekki var hægt að senda með Esju, vegna þess, hvað hún var lengi á leiðinni og hafði ekkert pláss fyrir stórgripi.

Það er öllum vitanlegt að mest er þörfin á því fyrir hinar ýmsu hafnir að hafa greiðar samgöngur við útlönd. Það er svo t. d. um kjötflutninginn, að mikill kostnaður legst á kjötið, ef flytja þarf það milli hafna til umskipunar í útflutningsskip, og svo vilja menn gjarnan forðast umhleðslu, bæði á kjöti og síld, vegna þess, að oft kemst leki að tunnunum við það hnjask, en aðeins lítilfjörleg skemd ónýtir innihald tunnunnar. Kostnaðurinn við umhleðslu er líka mikill; hjer í Reykjavík mun ekki hægt að fá umhleðslu með hafnargjöldum fyrir minna en 10 kr. á smálest. Það er því eðlilegt, að menn krefjist þess, að skip Eimskipafjelagsins komi sem viðast með vörur frá útlöndum — margar þeirra skemmast líka við umhleðsluna, fyrir utan kostnað og óþægindi, sem af því leiðir — og taki aftur vörur til útflutnings.

Ef Eimskipafjelagið legði niður sína viðkomustaði á smáhafnirnar — og það væri auðvitað hagkvæmast fyrir fjelagið — þá er jeg sannfærður um, að eitt skip gæti ekki að hálfu leyti fullnægt flutningsþörfinni á móts við það, sem Eimskipafjelagið gerir nú. Það er óhætt að fullyrða, að kostnaður fjelagsins við það að láta skipin sigla til smáhafnanna sje 300 þús. kr. á ári; forstjórinn segir, að hann sje meiri. Jeg er líka sannfærður um hitt, að menn mundu ekki líða það, að viðkomur Eimskipafjelagsskipanna fjelli niður. Fjelagið hefir nú að miklu leyti slept viðkomum í einu hjeraði, eftir því sem áætlunin gerir ráð fyrir. Við skulum nú sjá, hvort ekki koma fram kröfur um það, að skip þess komi þar við í flestum ferðum. Og sú krafa yrði nálega jafnmikil, þótt þetta nýja skip gengi. Segi jeg þetta vegna þess, að mjer heyrðist á hv. 1. þm. Reykv., að hann gerði ráð fyrir, að hægt væri að komast af með þetta skip og ríkissjóður gæti þannig sloppið við að greiða Eimskipafjelaginu styrk.

Það er dálítið ergilegt, að flm. frv. virðast ekki hafa haft áhuga fyrir að athuga, hvað bygging og rekstur þessa skips mundi kosta. Það ætti þó að mega heimta það af hverjum þingmanni, er ber fram slíkt frv., að hann reyndi að afla sjer upplýsinga um það. Hv. 1. þm.

S.-M. (SvÓ) gerði ráð fyrir því, að spara mætti nokkuð styrk til flóabáta, er skip þetta væri komið, en hann gat ekki fært neinar líkur að því, að svo mundi verða, nema um ferðir milli Hornafjarðar og Austfjarða. En borgar það sig fyrir okkur að kaupa skip, sem er hentugt fyrir Hornafjörð? Mundi slíkt skip verða hentugt til strandferða á vetrardegi? Sami hv. þm. sagði líka, að spara mætti fje til póstflutninga, ef horfið yrði að því ráði að kaupa eða láta smíða þetta skip. Og hann benti þar sjerstaklega á Norður-Ísafjarðarsýslu, og að þar mætti spara póstflutninga. Þetta er alveg sama bólan, sem skaut upp í fyrra, þegar hv. þm. hjelt því fram, að komast mætti af með minna fje til samgangna í Norður-Ísafjarðarsýslu. En þetta lýsir óleyfilega miklum ókunnugleika hjá hv. þm. og fleirum, eða þá því, að menn gera sjer ekki grein fyrir málinu í heild sinni.

Við höfum nú reynslu um þessar flutningaferðir frá síðastliðnu hausti, þegar mestur var útfluningur á kjöti og mest flutt inn af vörum. Þá var leigt skip til þessara ferða, og það var meðfram leigt til þess beinlínis að fá reynslu um það, hver flutningaþörfin væri. Eigum við nú að byggja á þeirri reynslu, eða þveröfugt við hana? Það sýndi sig, að þetta skip fjekk 20 þús. kr. fyrir vöruflutning á þremur mestu annamánuðum ársins. Ef þetta er ekki reynsla og talandi vottur um það, að flutningaþörfin er ekki mikil, ja — þá veit jeg ekki hverju á að trúa. Að vísu eykst flutningsþörfin ár frá ári, en hún verður áreiðanlega svo lítil næstu 5—10 árin, að það getur ekki borgað sig, hvorki beint nje óbeint, að halda úti slíku skipi, eins og samgöngum hagar nú.

Hv. þm. A.-Sk. sagði, að við ættum að nota meira innlent hey heldur en gert hefði verið að undanförnu, og mjer skildist á honum, að strandferðaskipið mundi hafa mikið að gera við heyflutninga. En þótt svo væri, þá verður að gæta þess, að heyflutningur gefur aldrei tekjur, nema þar sem örskamt er að flytja. Og þótt skipið fengi alla heyflutninga, svo að ekkert hey væri flutt frá útlöndum, þá yrði það þó ekki nema um 150 smál. samkv. nýjustu verslunarskýrslum. En heyið verður flutt eftir sem áður með vjelskipum og öðrum ódýrari skipum en strandferðaskipinu. Og það þarf enginn að búast við því, að hingað til Reykjavíkur verði flutt hey með því. Heyfengur eykst hjer árlega og eins í Borgarfirði og sýslunum fyrir austan, og það yrði því altof dýrt að fá hingað hey frá Norður- eða Austurlandi, nema þá með stórtapi fyrir útgerð skipsins. Nei, það er víst, að við megum ekki gera öðrum landsmönnum þungar búsifjar með því að ráðast í að kaupa þetta skip. Það verður hvort sem er ekki hægt að draga úr framlagi til flóabátaferða, nema ef það væri þá 3—5000 kr., sem varið er til flutninga milli Hornafjarðar og Austfjarða.

Jeg held, að sumir hv. þdm. ímyndi sjer, að þetta skip muni hafa mikið að gera við að flytja útgerðarvörur milli hafna, svo sem fisk frá Hornafirði og salt og annað þangað. Það hefir altaf verið einkennilegur barlómur í sumum Hornfirðingum og sífelt nöldur um það, að ríkið ætti að sjá fyrir flutningum á þessum vörum fyrir þá. En er ríkissjóður fær um að taka að sjer að flytja slíkar vörur fyrir menn, eftir því sem þeir flytja sig til í veiðistöðvum? Nei, og það er heldur engin þörf

á því. Ísfirðingar hafa í mörg ár stundað veiðar hjer í Faxaflóa á vetrarvertíð og síldveiðar á Siglufirði að sumri. En hefir nokkrum manni þar dottið í hug að senda fisk og salt með strandferðaskipi milli þessara stöðva? Það ber vott um mikla vanþekkingu á útgerð, að menn skuli geta haldið þessu fram, því að það er miklu ódýrara að fá leiguskip til þeirra flutninga, heldur en strandferðaskip.

Það er altaf verið að vitna í það, hvað samgöngur milli Hornfjarðar og Austfjarða sjeu ljelegar. En þess ber að gæta, að þessar samgöngur nota aldrei fleiri en 1000 menn, eða tæplega það. En eins og styrkurinn til þessara ferða hefir verið á fjárlögum, þá koma 8 kr. á nef hvert í þeim sæla Hornafirði til þessara ferða, og auk þess kemur Esja þar við á sumrin. Ef það ætti að verja viðlika miklu til samgangna í öðrum hjeruðum, þá er jeg hræddur um, að hv. alþm. og hæstv. stjórn þætti bagginn fara að verða nokkuð þungur fyrir ríkissjóð. En þrátt fyrir þetta get jeg gengið inn á það, að haldið sje uppi betri og heppilegri ferðum milli Hornafjarðar og Austfjarða en nú er. En til þess á maður ekki að steypa landinu í mörg hundruð þúsund kr. útgjöld á ári. Og mjer finst satt að segja hart, að hv. þm. Austfirðinga skuli vera að kvarta um þessar samgöngur, meðan þeir ekki vilja sjálfir leggja fram frá sýslusjóðum einn einasta eyri til þess að bæta samgöngur. Önnur hjeruð leggja mikið fram, svo sem Vestur-Skaftafellssýsla, sem hefir bundið sjer þungan bagga með bátnum, sem þangað gengur, að jeg ekki tali um Norður-Ísafjarðarsýslu, sem lagt hefir fram marga tugi þúsunda til bátaferðanna s. l. 10 ár. Til Hornafjarðar og Austfjarða nægir 30 smálesta skip, og rekstrarhalli þess þarf ekki að fara fram úr 10—15 þús. kr á ári. En að þessari samgöngubót fenginni er fallin burtu þörfin fyrir þetta nýja skip, sem á að sigla út úr ríkissjóðnum hundruð þúsunda kr. á ári.

Jeg vildi ekki láta þetta ósagt þeim hv. þdm., sem eru ákveðnir í því að fara inn á þessa braut og leggja í útgerðarkostnað strandferðaskips hundruð þúsunda kr. á ári, til þess að ekki yrði sagt, að engar upplýsingar hefði komið fram í málinu og mönnum sýnt fram á það, að hægt er að bæta úr brýnustu flutningaþörfinni á annan og ódýrari hátt.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg bjóst við því, að hv. þm. N.-Ísf. mundi þyrma deildinni við þessum „statistiska“ húslestri. Hann hefir lesið þennan sama lestur tvisvar sinnum áður og nú í þriðja sinn, og væri synd að segja, að hann komi nú í endurbættri útgáfu (**JAJ:** Aldrei er góð vísa of oft kveðin.) Það má gjarnan til sanns vegar færa. En jeg geri ekki ráð fyrir því, að þessi lestur hafi sannfært neinn hv. þdm., því að sannfærandi var hann síst af öllu. En hann sýnir aðeins, að þessum hv. þm. (JAJ) er illa við það, að bætt sje úr samgönguþörfinni á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv.

Jeg þykist þó hafa fengið eina skýringu á því, hvers vegna hv. þm. er á móti frv.; jeg hygg, að það stafi af því, að hans kjördæmi, sem hefir eftir atvikum góðar samgöngur og nýtur mikils styrks, muni missa eitthvað af þeim hlunnindum. Honum virðist líklega, að ef svo yrði breytt til, að hjer væru tvö strandferðaskip, þá mundi skerðast sú upphæð, sem Ísafjarðarsýsla fær til

samgöngubóta innanhjeraðs. Það mun vegna þeirrar hættu, að hann legst svo þunglega á móti frv. Jeg vil ekki gera honum þær getsakir, að hann geti ekki unnað öðrum hjeruðum slíkra samgangna, sem Ísafjarðarsýslur njóta.

Því hefir verið haldið fram af sumum þeim, sem í móti frv. mæla, að fyrst og fremst verði að hugsa um bættar samgöngur á landi, vegabætur og bílvegi aftur og fram um landið. Það muni bæta úr og bjarga samgönguþörfinni. En þetta er eitt hið fráleitasta og fákænlegasta, sem fram hefir komið í málinu. Við erum hjer á eylandi, sem er umflotið ísiausum sæ, og hjer búa aðeins 100 þúsundir manna á strandlengju, sem er svo löng, að það tekur mánuð að fara í kring landleiðina. Það er stórkostlega einkennilegt, að nokkur skuli geta haldið fram þeirri kenningu, að við eigum að bíða með samgöngubætur á sjó, þangað til bílvegur sje kominn um allar bygðir, sem bersýnilega dregst marga mannsaldra. Það eru samgöngurnar á sjónum, sem við verðum fyrst og fremst að hugsa um, því að þær eru og verða þær einu samgöngur, sem þegar geta komið að gagni og viðráðanlegar eru á þessum tíma. Þær bæta þegar úr þörfum, að minsta kosti fyrir 80% af landsbúum.

Mjer þykir rjett að minna á það, að ekki er enn komið lengra strandferðamálunum, en gert var ráð fyrir á fyrsta löggjafarþinginu, árið 1874. Það var í fyrsta sinn, að jeg ætla, sem tillögur komu fram um kaup á strandferðaskipi. En það komst vitanlega ekki til framkvæmda fyr en löngu seinna, og við þetta eina skip situr enn í dag. En þingið 1913 sá þó lengra fram í tímann en ýmsir sjá nú. Það gerði ráðstöfun til þess að fá tvö strandferðaskip. Og vissulega hefði farið svo, að skipin hefðu orðið tvö, ef ekki hefði stríðsástandið aftrað því. Það er eftirtektarvert, að í allri þessari rekistefnu spá mótstöðumenn málsins því, að skipið muni innan skamms koma. Þeir veita þá aðeins viðnám í bili, vitandi það, að skipið er á næstu báru og hlýtur að koma. Jeg verð að segja, að mjer þykir talsvert varið í þessa viðurkenningu þeirra og finn, að þeir eru að gugna.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi vefengja ágiskun mína um rekstrarhalla á þessu nýja skipi og Esju. Að vísu verður ekki fyrirfram með vissu sagt um rekstrarhallann, enda fer hann mjög eftir meðferð skipanna, en jeg leiddi að því góðar líkur við 2. umr., að rekstrarhalli Esju mundi minka. (JAJ: Hvaða líkur?). Jeg sýndi fram á, að reikningar Esju fyrir síðastliðið ár bæru með sjer, að 10 þús. kr. hefðu verið greiddar fyrir yfirvinnu á ýmsum höfnum, sem beint stöfuðu af vöruflutningunum. Þá benti jeg á, að Esja gæti komist af með 3—4 færri menn en hún hefði nú, ef hún væri laus við vöruflutninga, og aðafgreiðslukostnaðurinn á höfnunum yrði um 12 þús. kr. minni, er vöruflutningum slepti. Það liggur í því, að afgreiðslumönnum er ætluð viss hundraðstala af farmgjöldunum. Það er auðelt að sjá, að þegar farmgjöldin nema 142 þúsundum, eftir frádrátt, þar nemur þetta töluverðri upphæð. (Gripið fram í).— Þar sem jeg þekki til, munu afgreiðslumennirnir fá alt að 5%, og auk þess jafnvel sumstaðar fast gjald. (JAJ: Á hvaða stöðum er það?). Jeg læt ekki hrekja mig með spurningum út frá efni, eða bið hæstv. forseta að þagga niður í þeim mönnum, sem ekki geta á sjer setið,

meðan aðrir tala. — Jeg hefi sem sagt sýnt fram á, að yfirleitt verður margskonar sparnaður á rekstri skipsins, er það hættir pinklaflutningi. Sumstaðar mundu sparast bryggjugjöld, því að ef ekki væri nema um farþega að ræða, mundi skipið oftlega ekki tengja sig við bryggju. (**JAJ:** Hvað mikið af bryggjugjöldunum er greitt í Reykjavík?). Jeg hefi ekki kynt mjer það sjerstaklega.

Þá var hv. þm. (JAJ) að reyna að vefengja, að rjett væri tilgáta mín um verð nýja skipsins. Jeg þarf engu þar til að svara, en vil benda á nál., sem framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins skrifaði undir, á þskj. 60 frá síðasta þingi. Og til frekari tryggingar því, að rjett sje með farið, ætla jeg, með leyfi hæsv. forseta, að lesa upp brjef frá framkvæmdarstjóranum, frá síðasta þingi, út af fyrirspurn, sem flm. samskonar frv. og þessa lögðu fyrir hann. Þar segir svo: „Til frekari fullvissu símaði jeg út og spurðist fyrir um, hvað strandferðaskip eins og það, sem þjer óskuðuð, mundi kosta með einangruðu kælirúmi 2000 teningsfet að stærð. Svar viðvíkjandi þessu kom í gær, og var á þá leið, að skipið mundi kosta 400 þús. d. kr., eða 472 þús. ísl. kr., eftir núverandi gengi. Innanstokksmunir og ýms útbúnaður mundi kosta 15 þús. d. kr. eða 17700 ísl. kr., svo samtals mundi skipið kosta 489700 ísl. kr., eins og nú standa sakir."

Þetta brjef frá framkvæmdarstjóranum sjálfum, ásamt nál., ætti að geta skorið úr allri þrætu um þetta efni. Jeg hefi ekki haldið öðru fram, hvorki um rekstrarhallann nje heldur byggingarkostnað hins nýja skips, en því, sem hann hefir bent á. (**JAJ:** Þetta er ekki alveg rjett.) (**Forseti:** Ekki samtal!).

Hv. þm. N.-Ísf. var að upplýsa sitthvað um rekstur skipa og byggingu, sem ekki hafði komið fram áður, skipa, sem hefðu verið miklu dýrari og erfiðari í rekstri en hjer er ráðgert. Slíkt kemur þessu máli ekkert við. Það má vera, að hann þekki betur en jeg til rekstrar togara, en það er ekki þar með sagt, að hlutlaus sje skýrslan hjá honum; mörg ummæli hans eru utan við það mál, sem hjer liggur fyrir, um kaup á farþega- og kæliskipi. Hv. þm. heldur því fram, að mörg hjeruð hafi ekki þörf fyrir bættar samgöngur og mundu því ekki hafa veruleg not af þessu skipi. En jeg verð að halda því fram eins og áður, að því nær hvert einasta hjerað á landinu hafi not af því, jafnvel þau, sem hann álítur, að engin not hefðu af því. T. d. vil jeg benda á, að Vestur-Skaftafellssýsla, sem hefir enga höfn, nema Vík í Mýrdal, mundi hafa talsverð not af þessu skipi, en ekki er von, að slíkur staður hafi gagn af ferðum Esju, eða skips, sem á að hraða ferðum vegna farþega og pósts. Skip, sem gætu gefið sjer betri tíma, mundu geta komið við í Vík, Árnessýsluhöfnunum og höfnum Austur-Skaftafellssýslu, t. d. Hornafirði, eins og líka víðar, þar sem nú eru strjálar viðkomur eða engar.

Hv. þm. hjelt því fram, að þó að aðgreindir væru póst- og vöruflutningar, mundi fara eins um ferðir Esju og nú, að ekki fengjust farþegar, nema milli næstu hafna við Reykjavík. En þegar Esja getur farið þriðjungi hraðar en hún gerir nú, þá er augljóst, að fleiri hyllast til að fara með skipinu. Maður, sem þyrfti t. d. að fara frá Hólmavík til Akureyrar, mundi síður hafna Esjuferð, ef svo bæri undir, að ferðinni lyki á 3 dögum í stað 4½ degi eins og nú er.

Aftur og aftur kemur hjer fram sama kenningin, um að flóabátarnir eigi að fylla þær eyður, sem eru í strandferðum okkar, og muni það vera bæði ódýrara og hagkvæmara en strandferðir stærri skipa. Jeg játa, að á vissum stöðum, t. d. þar sem stór hjeruð liggja að einhverjum flóa, getur verið haganlegt að hafa flóabátana, en það er ekki nema á tiltölulega fáum stöðum, og auk þess geri jeg ekki ráð fyrir, að þeir verði neitt ódýrari en gufuskip, ef nokkuð á að vera í þá varið. Jeg veit, að um Ísafjarðardjúp hefir verið slíkur flutningur á pósti og farþegum, en það nær ekki út fyrir hjeraðið að mun, og er ekki einu sinni fullnægjandi fyrir það, nema aðrar strandferðir bætist við. Hv. þm. (JAJ) hefir leyft sjer að rangfæra orð mín, bæði við 2. umr. og eins í dag. Hann segir, að jeg hafi lýst því yfir, að samgöngur væru góðar á sjó í mínu hjeraði. Þetta er hártogun. Jeg var að svara hv. þm. Barð. og sagði, að hafnirnar mörgu og góðu í Suður-Múlasýslu mundu tryggja þar sæmilegar samgöngur. En það er dálitið annað að hafa sögn í nútíð eða skildagatíð, eða þá ókominni tíð. — Því hefir verið haldið fram, bæði af hv. þm. N.-Ísf. og fleirum, að Eimskipafjelagið stæði betur að vígi en aðrir aðilar til þess að hafa strandferðirnar á hendi. Jeg skal ekki neita því, að það standi vel að vígi, en það er alt annað en hitt, að fjelagið vilji taka þær að sjer, með þeirri áhættu og kostnaði, sem því fylgir. Eimskipafjelagið er eign einstakra manna, sem auðvitað vilja bera eitthvað úr býtum; mundi fjelagið varla fá leyfi til þess hjá aðalfundinum að taka á sig ábyrgð og vanda af strandferðunum. Hitt er alt annað mál, að Eimskipafjelagið stendur vel að vígi til þess að líta eftir rekstrinum eins og það hefir gert. En það er auðveldara að semja við Eimskipafjelagið um reksturinn, þegar skipin eru fengin tvö. Slíkt fyrirkomulagsatriði verður ef til vill athugað síðar, en til þess er ekki kominn tími, og verður það aldrei gert, nema með miklu framlagi úr ríkissjóði.

Þótt jeg hafi skrifað ýmislegt fleira niður, ætla jeg ekki að tefja tímann með því að svara því. Sumu hefir áður verið svarað, og sumt eru endurtekningar, eða þá ummæli, sem ekki koma því máli við, sem hjer liggur fyrir. Þó vil jeg drepa á það, að í öllum þessum umr. hefir, þegar deilt hefir verið um rekstrarhallann á útgerðinni undanfarið og þeim væntanlega, altaf verið miðað við rekstrarhalla Esju síðasta ár. En þá var hann mestur, 207 þús. kr. Árið 1925 var hann 139 þús. kr. og 1924 184 þús. kr. Þetta hefi jeg að vísu nefnt við 2. umr., en þrátt fyrir það er sífelt haldið áfram að miða við þennan mesta halla. Það er eftirtektarvert við samanburðinn frá ári til árs, að fargjöld fara lækkandi, en farmgjöld standa í stað, þ. e. a. s., fólkið hættir smám saman að nota Esju, eftir því sem samgöngur aukast með útlendu skipunum. Þetta á og þarf að lagfæra. Jeg sje ekki annað ráð vænna til þess að hamla upp á móti útlendri samkepni en það, að koma Esju í hraðferðir. Jeg hefi spurt skipstjórann á Esju um það, hvað margir dagar mundu fara í hverja ferð, með póst og farþega, en án farms. Hann svaraði, að eflaust mætti fella þriðjung þess tíma niður, sem nú fari í hverja ferð, þótt viðkomur væru á 40—45 höfnum. Þetta þýðir með öðrum orðum, að Esja ætti, að

minsta kosti allan bjartari hluta árs, að geta farið 3 ferðir á mánuði umhverfis landið með póst og farþega.

Jón Auðunn Jónsson: Það er óþarfi að halda umr. áfram mikið lengur. Það mun vera ákveðið, hvernig um þetta frv. fer. Jeg ætla aðeins með nokkrum orðum að sýna fram á, að rök hv. 1. þm. S.-M. eru ekki mikils virði. Hann reyndi ekki á nokkurn hátt að hnekkja minum tölum, enda er það erfitt, því að ef hv. þm. leitaði til þeirra, sem kunnugastir eru, eins og framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins, mundi hann fá nákvæmlega sömu tölur. Hv. þm. segist í einu tilfelli hafa borið sig saman við framkvæmdastjórann, nefnilega um byggingarkostnaðinn. En í tillögum hans er gert ráð fyrir, að skipið hafi miklu minna farþegarými og farþegarúm á þiljum uppi, sem er margfalt dýrara en undir þiljum — og einmitt á þessu byggist það, að ályktanir háttv. þm. eru rangar. Framkvæmdastjórinn segir líka, að skip með 8 mílna hraða muni gefa í tekjuhalla 160 þús. kr. En skip með miklu meiri ganghraða, sem ekki geri neitt annað en það, sem ódýra skipið gerir, mundi verða stórum mun dýrara í rekstri. Það munar ekki litlu, hvort skipið brúkar 6 tonn eða 9—10 tonn á sólarhring af kolum.

Hv. þm. var með getsakir um það, að jeg væri hræddur við, að dregið yrði úr styrk til Djúpbátsins. Jeg er ekkert hræddur um það, enda dettur engum í hug að það verði, þar sem báturinn annast póstflutninga, sem fyrir stríð var borgað fyrir 10 þús. kr., og nú hefir þessi bátur 17 þús. kr. styrk; ganga þá einar 5 þús. kr. til Norður-Ísafjarðarsýslu til að fullnægja samgöngum á sjó og landi. Það yrði hjer um bil ein króna á mann. En það þykja ljelegar samgöngur í Hornafirði, þar sem greidd eru til hins sama úr ríkissjóði 8 kr. á mann.

Hv. þm. fullyrðir, að afgreiðslugjöldin nemi 5%. Jeg hefi ekki spurt um það annarsstaðar en á Vesturlandi, og þar eru þau 3%. Auk þess vildi hann staðhæfa, að borguð væru afgreiðslumönnum föst árgjöld. Jeg þekki það ekki, enda vildi hv. þm. ekki benda á dæmi. Þá talaði hv. þm. um bryggjugjöldin, sem gætu horfið. En hvar eru þau greidd? Meira en $^3/_4$ hlutar þeirra eru greidd til Reykjavíkurhafnar. Er það ætlun hv. þm., að Esja leggist hjer á ytri höfnina og liggi þar á milli ferða?

Jeg nenni ekki að hrekja á ný þær lítilfjörlegu mótbárur, sem fram hafa komið. Það er öllum sýnilegt, hvað þær eru veigalitlar og vanhugsaðar, og sumar þeirra hreint og beint upphugsaðar af hv. 1. þm. S.-M., til þess eins að afsaka vanþekkingu og þar af leiðandi frumhlaup flm. í málinu. Hann segir, að Esja muni geta farið 3 ferðir á mánuði í kringum land. Það er kanske hægt. En hvar eru þá notin? Hvar kemur hún við? Og hafa þær hafnir, sem hún kemur þá á, þörf fyrir viðkomurnar? Nei. Hún kæmi þá aðeins á stærstu hafnirnar, sem enga, eða litla, þörf hafa fyrir viðkomurnar, og s a n n r e y n t er, að hraðferðirnar valda mestum rekstrarhalla.

Að fargjöld hafa lækkað, er eðlileg afleiðing af því, að önnur skip, skip Sameinaðafjelagsins, hafa tekið upp beinar ferðir til fólksflutninga. Jeg verð algerlega að mótmæla því, að Eimskipafjelagið hagi ferðum sínum eftir því, sem hagkvæmast er fyrir hluthafana.

Það hagar ferðum sínum eftir því, sem það telur öllum landsbúum hentugast. Eimskipafjelagið hugsar ekki fyrst og fremst um hluthafana; það sýna reikningar fjelagsins og öll afkoma þess, og það hefir ekki gert það og á ekki að gera það.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Hv. þm. N.-Ísf. kvartaði undan því, að jeg tæki ekki nægilegt tillit til talna þeirra, sem hann las upp. Jeg verð að segja honum það hreinskilnislega, að jeg álít flestar þeirra svo fráleitar til sönnunar málstað hans, að jeg vildi ekki tefja tíma þingsins með því að eyða orðum að þeim. En af því að þessi hv. þm. hjelt því fram, að áætlunin um kostnað við byggingu þessa strandferðaskips væri of lág hjá okkur flm., þá vil jeg minna á það, að brjefið frá Emil Nielsen, dags. 15. mars 1926, var skrifað eftir að frv. sama efnis sem þetta frv., sem nú liggur hjer fyrir, var komið hjer fram á síðasta þingi. Þá lá fyrir honum alt hið sama og nú liggur hjer fyrir. Það skip, sem þá var um að ræða, *átti einmitt* að hafa sama vökuhrða og samskonar farþegarúm og skip það, sem hjer ræðir um. Hjer er því algerlega bygt á áætlunum framkvæmdastjórans. Mig varðar ekkert um, hvað síðar kann að hafa komið upp í huga hans. En jeg hygg, að honum muni ekki hafa snúist hugur síðan, heldur sjeu það litaðar umsagnir frá honum, sem hjer eru bornar fram, og úr lagi færðar. Þá spurði hv. þm., hvaða gagn höfnunum væri að hraðferðum Esju. Þær hafa það gagn af þeim, að póstflutningur og mannflutningur verður miklu örari en nú. Auk þess komast hjeruðin í lifandi viðskiftasamband innbyrðis og við umheiminn.

Þá fullyrti þessi hv. þm., að altaf hefði verið mest tap á hraðferðum Esju. Hvaða hraðferðum? Esja hefir ekki farið neinar hraðferðir síðan 1923. Þá voru gerðar þrjár hraðferða-tilraunir og komið við, að mig minnir, á 6 eða 8 höfnum á landinu. Þessar ferðir borguðu sig illa, sem vænta mátti, þar sem þær voru um hásumarið, er annatími var mestur, enda nokkuð af handahófi. Þessar ferðir voru aðeins gerðar sem tilraun og fólkið hafði tæpast áttað sig á þeim, er þeim var lokið.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að karpa lengur um þetta mál. Það hefir ekkert nýtt komið fram í þessum umræðum og mun ekkert koma fram frá hv. andmælendum, sem sannfæri mig eða aðra flm. málsins.

Frsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Jeg stend ekki upp til þess að reyna að sannfæra hv. 1. þm. S.-M., enda hefir hann lýst yfir því, að það muni vera illkleift, og hygg jeg, að það muni ekki ofmælt. En jeg fæ ekki orða bundist, er hv. þm. vill halda því fram, að skip, slíkt sem þetta, muni ekki kosta nema 450 þúsundir króna. Jeg ljet síðastliðið ár byggja skip, sem kostaði 450 þúsundir. En það var bara einfalt fiskiskip, sem er laust við allan þann útbúnað, sem þessu skipi er ætlað að hafa, svo sem kælirúm, rúm fyrir 50 farþega, sennilega í yfirbyggingu skipsins, því að ella yrði lestarrúmið of lítið. Ef það er nú svo, að farþegarúmið eigi að vera í yfirbyggingunni, og annað hefir ekki verið upplýst, þá er mjer sama hvað hver segir, það getur ekki komið til

mála, að slíkt skip geti kostað minna en um 600 þús. kr. Jeg þarf engar ágiskanir um þetta. Jeg hefi látið rannsaka það og get því slegið þessu föstu. Það er leiðinlegt að þurfa að vera að deila um þetta við menn, sem ekkert vit hafa á þessu, og jeg sje ekki, að sú þekking sje á þessu máli hjer í þessari hv. deild, að það þýði að fara að útskýra þetta nokkuð nánar. Þá sagði hv. 1. þm. S.-M., að það væri eitt hið fákænlegasta, sem fram hefði komið í þessu máli, að bera það saman við samgöngur á landi. En hann hlýtur þó að kannast við það, ef hann hugsar um það, að það liggur við borð, að heil hjeruð leggist í auðn vegna samgönguvandræða. Þau hafa sum ekki aðgang að öðru en þessu gamla farartæki, hestinum, sem hv. þm. finst vera fullboðlegur handa sveitakörlunum. En það er erfitt og seinlegt og á eftir tímanum, að þurfa að draga að sjer langar leiðir flutninga til heimilisins, t. d. timbur, á hestum. Því flýr fólkið þangað, sem samgöngurnar eru betri. Það hafa Hreppamenn í Árnessýslu og menn úr sumum hreppum Rangárvallasýslu sagt mjer, að nærri liggi, að þessar sveitir sjeu að leggjast í auðn, vegna samgangnanna. Jeg hafði með rökum sýnt fram á það við 2. umr. þessa máls, að firðir landsins hefðu allgóðar samgöngur, þar sem eimskipin koma þar við frá 15—50 sinnum. Auk þess er allur fiskur tekinn með sjerstökum leiguskipum, sem fiskkaupmennirnir senda, og ennfremur flóabátar altaf á verði, þar sem flutningaþörfin er mest. Þeir fá vitneskju um það í gegnum símann og eru óbágir á að fara og rjetta fólki hjálparhönd, þar sem þörfin er mest. Jeg hefi altaf haldið því fram og held því fram enn, að þegar beðið er um bættar samgöngur, þá eigi fyrst og fremst að líta þangað, sem samgöngulaust er, en ekki að vera að hrúga samgöngubótum þar ofan á, sem góðar samgöngur eru fyrir. Og jeg er þess fullviss, að fjarðarhjeruðunum stendur ekki samgönguleysi fyrir þrifum. Jeg vil hvorki eyða tíma þingsins nje pappír til þess að lesa upp þá „statistik", sem hjer liggur fyrir um það, hvað sumir firðirnir greiði í flutningsgjöld og fargjöld. En það er svo aumlegt sumstaðar, að skip, sem hefir farið 15 sinnum inn á einn fjörðinn, hefir fengið fyrir það 300 kr., og á öðrum firði með 12 ferðir hefir fengist 80 kr. fyrir ferð. Hugsa jeg, að ekkert skip sje ofhaldið af þessu fyrir að sigla inn á firðina og stoppa þar. En þetta sýnir, að ekki er mikil nauðsyn á því, að senda dýrt skip í kjölfar þessara skipa. Hv. þm. N.-Ísf hefir nú í sinni ræðu tekið margt fram af því, sem jeg vildi hafa tekið fram, svo jeg get sparað mjer það. Jeg skal aðeins geta þess, að jeg skil ekki í hvaða barnaskóla hv. 1. þm. S.-M. hefir gengið til þess að fá vitneskju um viðhaldskostnað skipa. Viðhaldskostnaðurinn eykst ár frá ári. Það er talið, að hann tvöfaldist á 8 árum, þrefaldist á 12 árum o. s. frv. Lagarfoss hefir nú verið endurnýjaður um svo að kalla fult skipsverð, og viðhaldskostnaður Esju var síðastl. ár rúm 40 þús. kr. Það sjest af þessu, að þessi liður er ekki neitt smáræði. Jeg tek undir það með hv. þm. N.-Ísf., að margar sýslur landsins hafa ekki minstu not af þessu skipi. Allar þær sýslur, sem hann nefndi, eru útilokaðar, og þó að Árnes- og Rangárvallasýsla hafi viðkomustaði, þá kemur varla fyrir, að þar úti fyrir sje svo dauður sjór, að skip geti komið við á höfn-

unum þar. Þó að gott veður sje í dag, þá mundi mjer ekki detta í hug að senda flutning austur þangað með skipi, því að það er eins líklegt, að þar sje ófært veður á morgun, svo að ófært sje að skipa vörum upp.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Jeg vil halda fast við það, að með þeim tekjum, sem ríkissjóðurinn hefir nú og fyrirsjáanlegar eru í framtíðinni, þá höfum við engin efni á því að fara að leggja út í fyrirtæki, sem fyrirsjáanlegt er um að gefa mikinn tekjuhalla. Jeg sýndi fram á það við 2. umr., að hann mundi tæplega verða minni en á 8. hundrað þús. kr. Ríkissjóðurinn þarf af fá vexti og fyrningu af skipinu, til þess að geta endurnýjað það á rjettum tíma. Ef þetta er ekki tekið með, þá er verið að fara í felur með sannleikann. Jeg býst við, að hv. flm. (SvÓ) hafi ekki tekið þetta með, vegna þess að hann hefir ekki talið það heppilegt. En það er öllum, sem vit hafa á, kunnugt, að skipið endist ekki nema ákveðið tímabil, en þá þarf að endurnýja aðalparta þess. Jeg er sannfærður um það, að þess verður langt að bíða, að þetta skip verði bygt. Engum flokki mun detta í hug að ráðast í það, að athuguðu máli.

Tryggvi Þórhallsson: Það gerðust hjer á landi viðburðir fyrir einum mannsaldri, sem eru hliðstæðir því, sem nú er að gerast hjer. Það var þá talað um að bæta úr samgöngunum við hjeruðin fyrir austan fjall, og átti að leggja veg yfir Hellisheiði. Þegar þetta var ákveðið, þá komu menn að austan til þess að hafa tal af yfirvöldunum hjer um þetta vandamál. Það voru skoðanabræður hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Þeir sögðu við Magnús Stephensen landshöfðingja, að það væri hin mesta fásinna að ráðast í þetta fyrirtæki; þeir sögðu, að þetta væri svo dýrt, að það mundi ekki borga sig. Þeir hafa sjálfsagt líka sagt, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að þetta gæfi enga vexti af sjer, og líklega líka, að samgöngurnar væru fullboðlegar eins og þær þá voru. Þessir menn voru sjálfsagt innilega sannfærðir um það, að þetta væri of dýrt, og að þeir hefðu á rjettu að standa, eins og jeg geri ráð fyrir að hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. sjeu sannfærðir nú um sinn málstað. En við vitum nú, hvernig þetta fór. Þó vegurinn kostaði mikið fje, þá hefir hann orðið lífæð hjeraðanna. Það sannaðist ekki aðeins, að mikil þörf var á þessum vegi, heldur sannaðist líka þörf fyrir meiri og betri samgöngur, og nú eru fram komnar kröfur um það, og þeim kröfum mun verða fullnægt, fyr eða síðar.

Hjer er sagan að endurtaka sig. Hjer er farið fram á að byggja nýtt skip, til þess að koma betra skipulagi á strandferðir okkar. Hjer rísa upp hv. þm. og vilja reyna að koma í veg fyrir, að þetta verði gert. Jeg er sannfærður um, að hjer fer eins og áður. Það kemur í ljós svipaður árangur af strandferðaskipinu og Hellisheiðarveginum. Því ætla jeg að vera á móti þeim mönnum, sem eru á sama máli og karlarnir að austan, er báðu Magnús Stephensen að koma í veg fyrir það, að Hellisheiðarvegurinn yrði bygður.

Hákon Kristófersson: Mig langaði aðeins til að gera athugasemd við þau orð hv. frsm. meiri hl. (SvÓ), að jeg hafi afflutt orð þau, er hann sagði í

þessari hv. deild við síðustu umr. þessa máls. Hann neitar nú algerlega að hafa sagt, að góðar samgöngur væru í kjördæmi hans. Út af þessu vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þau orð, er skrifarinn hefir náð eftir honum, og jeg votta, að eru rjett eftir höfð:

„ .... Það er svo um mitt kjördæmi, að það nýtur ágætra samgangna á sjó, vegna góðra og margra hafna ....“. (**SvÓ:** Jeg lýsi þetta ósatt!). — Hv. þm. ætlar að gera sig að minna manni með því að lýsa þetta ósatt. Man hann ekki, að þegar hann hafði gert þessa játningu, greip jeg fram í fyrir honum og sagði, að það gleddi mig að heyra þetta? Þá var hv. þm. (SvÓ) svo vandur að virðingu sinni, að hann stóð við nýsögð orð sín. Þeir dagar, sem liðið hafa síðan 2. umr. lauk, hafa leitt þennan gamla og mæta þingmann inn á þá braut, að vilja renna frá þeim orðum, er hann hermir rjettust. Ef til þess kæmi, að hann strikaði þessi góðu orð út úr ræðu sinni, þá hefi jeg sjeð fyrir, að þau koma þó óbrjáluð í minni ræðu í þingtíðindunum.

Hv. þm. Str. fór að bera saman þetta mál og viðburði, sem gerðust fyrir mannsaldri, er í ráði var að leggja veg austur yfir Hellisheiði. Þetta finst honum dæmalaust góður samanburður og segir, að okkur, sem andvígir eru þessu frv., sje líkt farið og körlunum að austan, sem komu til landshöfðingja og báðu hann að hverfa frá hinu mikla óráði, er þessi vegarlagning væri. Hv. þm. viðurkendi, að þessum mönnum hefði gengið gott til, eins og okkur nú; hann var þó svo rjettsýnn — (**Trþ:** Eins og altaf!). Betur, að jeg gæti sagt það sama! — En þetta, sem hv. þm. vildi bera saman, er alls ekki sambærilegt. Nú eru hjer á landi svo miklu fleiri vegir en þá voru, og þeir „vegir“, sem á að leggja með þessu frv., eru nú þegar í svo sæmilegu lagi, að vel má við hlíta fyrst um sinn. Auk þess er lítil samgöngubót að því, að taka fje frá brúa- og vegagerðum, og leggja í þetta. En áður óx hjeraðsmönnum eystra svo í augum kostnaðurinn, að þeir sáu ekki framförina, sem af vegarlagningu mátti leiða. Það eru í mesta máta óviðurkvæmileg orð hjá hv. þm. Str., að við sjeum á móti þessu frv. af því að við trúum ekki á landið. Andstaða okkar á ekkert skylt við vantrú á landið. En við lítum svo á, að með því að nota þau flutningatæki, sem hjer eru nú, megi fá sæmilegar samgöngur á sjó.

Jeg mun ekki fara út í þær deilur, sem hjer hafa átt sjer stað. Þótt ýmsir greiði frv. atkv. með hálfum huga, þykist jeg sjá fram á, að það verði samþ. hjer. Við því er auðvitað ekkert að segja, ef þeir álíta, að ríkissjóður hafi efni á þessu. En þeim góðu mönnum hefir ekki tekist að sanna með rökfærslum sínum, að strandferðir væru yfirleitt ekki nægilegar eins og þær eru nú. Það hafa þeir líka forðast eins og heitan eld, að fara neitt inn á það, að hrekja rök þau, sem fram hafa komið um kostnaðinn, sem hið væntanlega skip kemur til að baka ríkissjóði. Einkum verð jeg að segja það um háttv. frsm. meiri hl., að hann hefir oft sýnt virðingarverða viðleitni til þess að vera sparsamur, en nú er hann svo haldinn af áhuga fyrir þessu strandferðaskipi, að hann kemur ekki auga á neitt annað. Bæði hv. frsm. minni hl. og hv. þm. N.-Ísf., og raunar fleiri, hafa flutt fram svo góð rök í þessu máli, að ekki þarf um að bæta. Hv. frsm. meiri hl. hefir

að vísu leyft sjer að kalla rök þessi rakaleysu, en það sýnir aðeins hina fullkomnu blindni hans í málinu og að hann verður sjálfur að veifa slagorðum í stað skynsamlegra raka.

Frsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Mjer þótti vænt um að heyra þessi fáu orð hv. þm. Str. Þau minna menn svo undur þægilega á, hve hliðhollur hann er hinu mesta nauðsynjamáli austursveitanna, járnbrautarmálinu. Honum svipar þar raunar til gömlu mannanna, sem komu til Magnúsar Stephensen, um að þykja samgöngurnar nógu góðar. Þeim þóttu hestar nógu góð farartæki handa sjer, og voru þar í samræmi við háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ), sem þykja hestar nógu hraðfara farartæki handa Suðurlandi, enda þótt hann sje öðru hverju að tala um flugsamband við Austfirði. — Hv. þm. Str. vill ekki neita Austfirðingum og öðrum um þessa samgöngubót, til að greiða fyrir afurðasölunni, að hann segir. Jeg held, að hv. þdm. ættu fyrst að líta á, hvað er að flytja frá þessum mönnum, sem í raun og veru hafa ágætar samgöngur. Jeg hefi gert nokkurt yfirlit um þetta, og hefi komist að því, að nú er ekki meira að flytja kringum land en árið 1914. Að fiski frátöldum, en hann taka oftast sjerstök skip, hefir framleiðslan ekki aukist svo, að þess vegna sje ástæða til að fá nýtt skip, til að sigla umhverfis land í kjölfar annara skipa. Jeg hugsa, að hv. þm. Str. fengi nokkra hugmynd um nauðsynina á þessu, ef hann nenti að kynna sjer rekstur „Nonna" sl. ár. Hann var á ferðinni um sláturtíðina, þegar mest var að gera, en gat samt ekki argað upp nema 21 þús. kr. í farmgjöld. Á sama tíma eyddi hann 50—60 þús. kr. Jeg held það sje misskilin föðurlandsást að eyða öllu þessu í Austfjarða-samgöngur, sem bersýnilega eru aðalatriðið. Þá liggur nær að eyða hinu sama fje til að hjálpa samgangnalausum hjeruðum, eins og jeg hefi oft sagt áður. En þar kalla jeg samgöngulaust, sem ekki er hægt að koma við öðru flutningatæki en klyfjahestinum, og þannig er nú víða ástatt á Íslandi. Enda eru nú mörg góð fjallabýli að leggjast í eyði. Í Árnessýslu eru t. d. stórjarðir, sem í mínu ungdæmi höfðu 300 sauða, auk annars kvikfjenaðar, að fara í auðn af samgönguleysi. Jeg fæ ekki skilið afstöðu þeirra manna, sem ekki vilja líta á þetta jafnframt strandferðunum, sem eru í mjög góðu lagi, eftir því sem menn eiga hjer alment við að búa. Það er auðvitað æskilegt að hafa sem flest skip á hringferð um landið. En það er aðeins þetta: Leyfir fjárhagurinn það? — Jeg veit, að síðar, þegar hv. þm. Str. athugar þetta mál á ný, hlýtur hann að sjá, að ríkissjóður hefir í fleiri horn en þetta eina að líta.

Tryggvi Þórhallsson: Það er eingöngu út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að jeg stend upp. Hann meinti það víst í spaugi og háði til mín, að jeg ætti ekki að vera að minnast á austankarlana gömlu, því að jeg vildi ekki járnbraut. Jeg veit ekki, hvaðan honum kemur sú viska, nema hann marki það af afstöðu minni til frv. þess, er hann og ýmsir aðrir hafa viljað grímuklæða sem járnbrautarfrv., en er fyrst og fremst sjerleyfi til útlends gróðafyrirtækis, ef það er nokkuð. Jeg segist vera hissa á þeirri ósvífni, að kalla þetta járnbrautarmál, þegar búist er við, að allar framkvæmdir fjelags þess, til stofnunar, er hjer um

ræðir, eiga að kosta nálægt 100 miljónum króna, en járnbrautin varla nema 6 miljónir. Það er næsta undraverð blekking, að kenna málið við 6%, en láta 94% að engu getið í nafni þess. — Jeg greiddi atkvæði með því, að ríkissjóður kostaði járnbrautina að nokkrum hluta, en jeg greiddi atkv. á móti öllu frv., og þar með á móti þeirri breytingu, sem jeg hygg að af þessu geti stafað í þjóðlífi Íslendinga. — Og hv. 3. þm. Reykv. var ærið óheppinn, er hann líkti mjer við austankarlana, sem komu til Magnúsar Stephensen. Einmitt í þessu máli, er hann vitnaði til, er það jeg, sem stend í sporum Magnúsar Stephensen. Það var hann, sem kom í veg fyrir það, er útlendingar ætluðu að leggja undir sig öll bankamál Íslendinga í heila öld. (**KlJ:** Marghrakið!). — Hv. 3. þm. Reykv. var með einhverjar glósur til mín um ást á Austfjörðum. Hann var víst búinn að gleyma því, að jeg er þingmaður Strandamanna. Því að eflaust má ætla hann fróðari en svo í landafræði, að hann hyggi Strandir á Austfjörðum. En þetta strandferðaskip á líka engu síður að vera til gagns fyrir allar hinar dreifðu bygðir meðfram ströndum Íslands. Það er eflaust rjett reiknað, að strandferðaskip munu ekki gefa mikla beina vexti í ríkissjóð. En hvar eru beinu vextirnir af Ölfusárbrú, Hellisheiðarveginum o. s. frv.? Það má einnig vel vera, að satt sje, að sumstaðar á landinu sjeu fjallabýli að leggjast í eyði og að það stafi meðfram af samgönguleysi. Þó er það svo um eina afskektustu sveit þessa lands, þá sem einna hæst liggur yfir sjó, Mývatnssveit, að þar hefir fólki fjölgað á síðustu árum. — Já, það er rjett hjá hv. þm. (JÓl), að við höfum í mörg horn að líta. Og við höfum svo takmarkað fjármagn, að við verðum altaf að gera það vandlega upp við okkur, hvert best er að beina því. Og þetta mál álít jeg svo þarft og gott, að jeg hika ekki við að greiða því atkvæði, og taka það fram yfir flest annað.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla ekki að lengja umr. meira; vil aðeins leyfa mjer að flytja svofelda rökstudda dagskrá:

„Þar sem deldin treystist ekki til, kostnaðar vegna, að láta byggja og starfrækja nýtt flutningaskip til strandferða, en vill hinsvegar auka samgöngur á sjó, þá beinir deildin þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún láti halda úti flutningaskipi líkan tíma og á síðasta ári — og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf. (JAJ) feld með 24 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, SigurjJ, JAJ.

nei: KlJ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, HjV, IngB, JakM, JG, JK, JÓl, JS, JörB, BSv.

Einn þm. (BL) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, BSv.

nei: JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, HK.

JakM greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BL) fjarstaddur.

Frv. afgr. til efri deildar.

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 411).

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Jónas Jónsson: Jeg vildi segja fáein orð til skýringar þessu frv., sem hefir verið til umr. í hv. Nd., bæði á þinginu í fyrra og eins nú. Það var felt þar í fyrra, og þess vegna er það í fyrsta skifti, sem þessi hv. deild hefir fengið ástæðu til að fjalla um það. Það hefir því miður bólað á nokkrum mótþróa gegn því, að þetta frv. næði fram að ganga. En jeg held, að þessi mótþrói stafi nokkuð mikið af ókunnugleik manna víða á landinu um það, hve mikil nauðsyn er á að fá þetta skip.

Það er nú svo ástatt hjá okkur, að strandferðirnar eru að mörgu leyti erfiðari heldur en á meðan við áttum engin skip. Á meðan „Hólar" og „Skálholt" gengu með ströndum fram, voru fjölda margar smáhafnir á landinu, sem höfðu betri samgöngur þá, heldur en þær hafa nú. Nú hafa stóru hafnirnar aftur miklu betri samgöngur heldur en smáhafnirnar, eins og t. d. Búðir, Skarðsstöð, Salthólmavík, Hornafjörður, Kópasker, Þórshöfn, og margar fleiri hafa ákaflega slæma afstöðu enn sem komið er. Esja getur ekki með nokkru móti fullnægt strandferðum landsins og þess vegna er ekki um annað að tala en að fyr eða síðar verður að bæta úr þessari þörf; það verður að kaupa eða byggja nýtt skip, sem lagað er eftir okkar staðháttum.

Jeg geri ráð fyrir, að þeir menn, sem fyrir nokkrum dögum hafa samþykt að leggja ekki óverulega upphæð í að byggja járnbraut á milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, muni líta svo á, úr því að þeir hafa talið rjett að tryggja daglegar samgöngur milli höfuðstaðarins og þessara bygðarlaga, sem eru hafnlaus að heita má, að það sje nokkuð hart aðgöngu fyrir hjerað eins og Austur-Skaftafellssýslu að fá ekki nema 2—3 ferðir á ári, eða innri hluta Barðastrandarsýslu að fá engar samgöngur að heita má, nema ef til vill smábát með tvöföldu eða þreföldu farmgjaldi við það, sem annarsstaðar á sjer stað, eða þá óhentugt bátssamband við Reykjavík tvisvar eða þrisvar á ári.

Það, sem á eftir rekur, er í stuttu máli það, að margar af minni höfnum landsins eru þannig settar, að það stendur atvinnuvegum fólksins stórkostlega fyrir þrifum, að það er ekki hægt að nota sjóleiðina skynsamlega. Jeg vildi t. d. minna á það, að á norsku ströndinni, víða, þar sem líkt stendur á og hjá okkur, er erfitt að fara á landi, svo að aðalsamgöngurnar verða að vera á sjónum, þá lætur ríkið sjer ekki nægja minna, þó að bygðin þar sje að vísu þjettari en hjer, en að strandferðaskipin komi við á svo að segja hverjum hafnarstað tvisvar og þrisvar á hverjum sólarhring. Náttúrlega dettur engum manni í hug, að við í fyrirsjáanlegri framtíð getum haft nokkuð svipað hjer. En ef borin er saman íbúatala á þessum svæðum, þá sjest það, að við getum búist við að hafa 7 sinnum verri samgöngur, en það er líka munur á að hafa samgöngur á sjó eins og á vesturströnd Noregs, eða eins og á Hornafirði, þar sem skip okkar koma ekki nema 2—3 sinnum á ári, og svo kanske eitt útlent skip að vorinu.

Jeg tek Hornafjörð til samanburðar, því að það er einna glegst þar, þar sem

heil sýsla á aðsókn að og ágætisland í nánd við kauptúnið og svo nálega alstaðar í sýslunni. En það er óhugsandi að bæta nokkuð verulega ræktun í landshluta eins og Austur-Skaftafellssýslu, nema með því að hún fái betri samgöngur með siglingum. Um millilandaskip er ekki að tala; þau komast ekki inn þangað, en þetta skip á ekki að vera stærra en svo, að það komist inn á höfnina og geti líka farið inn á Breiðafjörð, sjerstaklega til þeirra hafna, sem eru Barðastrandarmegin og nokkrar í Dalasýslu, sem aðallega verða útundan. Svo eru sýslur eins og Suður-Múlasýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla með sínar miklu vegleysur, þar sem landið leggur líka lítið til vega fyrst um sinn. Og þó að nokkur bót hafi verið ráðin á þessum samgönguerfiðleikum með því að hafa stóra mótorbáta á ferð milli ýmsra staða, eins og t. d. á Austfjörðum, þá er reynsla fengin fyrir því, bæði með m.b. Svan og fleiri skip, hvað slíkt kostar ríkissjóðinn; í öðru lagi eru slík farartæki varla bjóðandi fólkinu. Fyrir því eru eftir sem áður stór svæði af landinu, sem eru nær samgangnalaus.

Nú er það hugmynd þeirra hv. þm. í Nd., sem gengist hafa fyrir þessu máli, en það er sjerstaklega hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að það verði skipulagsbundin verkaskifti í strandferðunum, eftir að þetta skip er komið. Nú sem stendur er Esja þrent, mannflutninga-, póstflutninga- og vöruflutningaskip, og þó er því þannig varið, að hún getur ekkert af þessu gert vel, ef hún á að gera þetta alt. Vegna mannflutninganna verður hún að reyna að flýta sjer, en vegna vöruflutninga á stöði eins og Hvammstanga og Kópasker og fleiri staði, verður hún oft að tefjast og fólkið reynir því að komast einhvernveginn öðruvísi en með þessu strandferðaskipi, sem er fjarska lengi á leiðinni, vegna þess að það er með vörur til erfiðra hafna, og niðurstaðan, sem orðið hefir með norska skipið, sem gengur fyrir Norður- og Austurlandi, og dönsku skipin, sem koma hjer til Reykjavíkur og ganga fyrir Vestur- og Norðurlandi, sýnir það, að þau fleyta rjómann af strandferðunum hjer við land. Við verðum á einhvern hátt að leggja stein í götu þessara útlendu skipa, því að það er, eins og menn vita, ekki venjan, að útlend skip taki það besta af strandferðum annara landa. Ef nú væri komið nýtt skip, þá væri Esja látin sinna póstflutningum og fólksflutningum, og ekki öðru, nema á þær hafnir, sem eru svo góðar, að hægt væri að leggjast þar að bryggju; með því væri sennilegt, að skipið gæti farið þrjár ferðir á mánuði kringum landið, og kæmi þá á allar þolanlegar hafnir, og þyrfti, ef mögulegt væri, að geta komið inn á Hornafjörð, vegna póstflutninga, og það jafnvel þótt hún tefðist þar eitthvað, vegna sjávarfalla. Aftur á móti myndi hún varla fara lengra inn á Breiðafjörð en til Stykkishólms, og sleppa þá við þann mikla krók, sem er við það, að fara inn á Búðardal. Skipið mundi þá fara nokkuð líkt að og norsku strandferðaskipin, sem ekki standa við nema nokkrar mínútur á staðnum; fólkið stígur á land, og þar sem vörur eru fluttar, er þetta afgreitt í snatri. Þetta er ákaflega ólíkt því, sem á sjer stað hjá okkur, þar sem skipið verður að bíða góðan part úr sólarhring á höfninni. Með þessu móti gæti Esja áreiðanlega borið sig betur; hún gæti flutt miklu meira fólk,

fengi að vísu minni vörur, en hún mundi hafa miklu betur undan, og yrði þannig miklu meira eftirsótt; og þá yrði það ávinningur fyrir útgerðina. Um leið mundu póstgöngur batna, á þá leið, að þá yrði hætt við þá fráleitu ráðstöfun að vera að flytja hringpóstinn á hestum; hann yrði þá fluttur á aðalhafnirnar og þaðan upp í landið. Þetta mundi stórum bæta póstflutningana og sömuleiðis vinna mikið á móti þeirri einangrunartilfinningu, sem fólkið í hinum dreifðu bygðum hefir nú.

Ennfremur gera forgöngumenn málsins ráð fyrir því, að Esjan muni geta flutt gripi; og það væri mjög æskilegt, vegna þess að víða á landinu, þar sem erfiðast er um samgöngur, er alveg ómögulegt að koma stórgripum þangað, sem markaður er fyrir þá, svo að þetta mundi vera mikill hagur, bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Þá vikur sögunni að hinu skipinu, sem talað hefir verið um að ætti að vera dálitið minna en Esja. Þetta skip yrði af því að það á að annast smáhafnirnar og hinar erfiðari hafnir, að vera lengur á leiðinni en Esja; jeg veit ekki, hve langan tíma hver hringferð mundi taka, en minna en 20 daga býst jeg varla við að það mundi verða. Af þessu leiðir, að þetta skip á ekki og þarf ekki að hafa mjög mikið farþegarúm; fólkið mundi yfirleitt ekki fara með því, nema þá á milli hafna, að frátöldum þeim svæðum, sem ekki hafa annað skip. Jeg býst við, að Austur-Skaftfellingar og Breiðfirðingar mundu nota það töluvert, og þó sjerstaklega Breiðfirðingar, sem ekki hefðu um aðrar ferðir að velja frá Brjánslæk, Króksfjarðarnesi, Salthólmavík og Hagabót og öðrum stöðum þar, sem skipin gætu komið við á, þegar lokið er uppmælingu á Breiðafirði norðanverðum. Nú vita menn það, að úr báðum þessum sýslum, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu, eru mjög óvissar ferðir út í Stykkishólm og Flatey, og er oft mesta furða, að ekki verða slys að; þá er oft mjög erfitt, þegar þarf að flytja veika til þessara staða, og sú reynsla, sem menn hafa fengið með vjelbáta, hefir margsinnis fært mönnum heim sanninn um það, að það verður aldrei gott að treysta eingöngu á slika báta til strandferða. Þetta litla, sterkbygða skip, með litlu farþegarúmi, á að vera fyrir smáhafnirnar, sem nú eru vanræktar, og á að fullnægja þeim alveg að því er vörur snertir, og í vissum tilfellum spara millilandaskipunum það ómak að koma á minstu hafnirnar. En skip Eimskipafjelagsins sjerstaklega tefjast oft við þær fyrir litlar vörur. Ennfremur var gert ráð fyrir því í milliþinganefndinni, sem hafði þetta mál til meðferðar, að kælirúm væri í skipinu, til þess að flytja nýmeti milli hafna, eftir því sem markaður horfir við. Jeg hygg líka, að vel verði bætt úr hinu, sem jeg nefndi áðan, með því að hægt yrði að flytja lifandi gripi með því skipi, sem hraðara gengi, en aftur minni sendingar með hinu.

Náttúrlega geta menn sagt, að enda þótt Esja bæri sig betur, að nokkur rekstrarhalli hljóti að verða á skipunum, þó að ekki sje gott að segja, hve mikill hann verður. En það er í fullkomnu ósamræmi við það, að menn hugsa sjer að bæta úr samgönguþörf eins hjeraðs fyrir 7—8 milj. kr., og þar sem rekstrarhalli getur orðið um alla

eilífð, en þykir aftur of mikið að hafa 2 skip fyrir alla hina hluta landsins, skip, sem geta farið hringferðir, annað á 20 dögum, en hitt á 10 dögum. Samgöngurnar eru þó svo „primitívar“ hjer hjá okkur, að slíkt þekkist ekki hjá nábúaþjóðunum. En þegar við erum búnir að fá þessi 2 skip og þar við bætast 4 skip Eimskipafjelagsins, þá fer að nálgast, að við getum lagt hindranir í veg fyrir útlendu skipin, sem á ári hverju græða tugi eða jafnvel hundruð þúsunda kr. á vöruflutningum með ströndum fram. En með þeim hætti, sem nú er, er ekki hægt að leggja hindrun í veg fyrir þessi skip eða fjelög.

Þá er það mjög óþægilegt að láta Eimskipafjelagið, sem reynir að bæta úr þörfum landsmanna í þesum efnum, misa ekki lítið af sínum bestu tekjum í hendur útlendu fjelaganna, sem að eins sleikja rjómann, það er að segja: koma ekki við nema á stærstu höfnunum, þar sem mestan gróða er að fá.

Mjer hefir verið sagt, að hæstv. atvrh. mundi líklegast leggja það til, að mál þetta verði svæft í nefnd, enda er það ekki ólíkt honum. Jeg vil því spyrja hæstv. ráðh. (JÞ), sem hjer er, hvort þetta sje tilætlunin, og ef svo er, þá hvernig hann fari að samræma það, að leggja í mikinn kostnað við að koma á samgöngubótum milli Reykjavíkur og upplandsins, en þykja aftur á móti þetta of mikið handa öllum hinum landshlutunum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hæstv. atvrh. er hjer ekki við, vegna þess að hann er bundinn við umr. í Nd. En hann hefir að öllu leyti haft vandann af þessu máli nú á þingi og er því kunnugri því en jeg, og skal jeg því fátt eitt um það segja.

Hæstv. 1. landsk. gerði ráð fyrir því, að stjórnin vildi svæfa þetta mál í nefnd. Jeg veit nú ekki vel, hvað hann hefir fyrir sjer í þessu, nema honum sýnist sjálfum frv. þetta vera svo úr garði gert, að sú meðferð væri ekki ósennileg. Jeg veit ekki til, að það hafi verið gefin nein bending um þetta, og hlýtur það því að vera sprottið upp í hans eigin meðvitund.

Um málið get jeg sagt það, að frá fjárhagslegum ástæðum er það varhugavert. Þó væri ekki um það að sakast, því að lán mætti taka til slíks, ef sjerstök nauðsyn væri fyrir hendi eða hagsmunavon í aðra hönd. En mjer heyrðist annað á ræðu háttv. 1. landsk. Aðalbreytingin verður sú, að Esja fer þrem sinnum á mánuði kring um land og dvelst 5–10 mínútur á hverri höfn, rjett til þess að afgreiða farþega og ef til vill taka við lifandi gripum, en hafa aftur sem minsta vöruflutninga. Þetta á að verða til þess að bæta afkomu Esju, en það verður nú eitthvað annað. Rekstrarreikningur Esju frá 1925 — síðari reikninga hefi jeg ekki — sýnir, að tekjur skipsins af vörugjöldum hafa verið 149 þús. kr. og af farþegum 10 þús. kr. meira, eða 159 þús. kr. Nú er verið í óða önn að leggja vegi, og stendur til að leggja veg milli Faxaflóa og Norðurlands. En hann mun einmitt svifta Esju og væntanlegt strandferðaskip miklum farþegafluningi. Þegar vegur þessi er kominn, mun fólksflutningurinn hjeðan til Eyjafjarðar og jafnvel til Suður-Þingeyjarsýslu fara fram á landi mestan hluta árs og allan þann hluta ársins, sem mest eru ferðalögin. Það er því óá-

litlegt að ætla, fám árum áður en þetta kemst í kring, að taka upp þá tilhögun, sem háttv. þm. (JJ) hefir nú gylt svo mjög, sem sje, að gera strandferðaskip það, sem við nú höfum, að póst- og fólksflutningaskipi eingöngu. Tilkostnaðurinn eykst eftir vegalengdinni, sem skipið siglir, en tekjurnar minka, þegar ekki er tími til þess að taka við og afhenda vörur á höfnunum. En vörugjaldið hefir verið um helmingurinn af tekjum Esju. Fyrir mikið af vörunum hefir þó ekki verið greitt fult flutningsgjald, því að mikið hefir verið flutt af vörum fyrir skip Eimskipafjelagsins á hinar smærri viðskiftahafnir Esju, fyrir millilandaflutningsgjald, sem svo skiftist á milli hennar og Eimskipafjelagsins. Farmgjaldsupphæðin er því ekki rjett mynd af því, hve miklir flutningarnir hafa verið með Esju hingað til. Jeg sje ekki, að það sje haganlegt, að flutningarnir skiftist þannig, að fólksflutningurinn verði með því skipinu, sem hraðara fer, en vöruflutningurinn með því, sem hægar fer, nema ef vera skyldi að því leyti, að ferðunum fjölgar. En þó að það sje auðvitað þægilegt að fá fleiri ferðir, þá vegur þar á móti kostnaðurinn fyrir ríkissjóð. Jeg ímynda mjer, að nýja skipið komi nú til að kosta um 600 þús. kr., og eftir þeirri reynslu, sem hingað til er fengin af strandferðum, tel jeg okkur sleppa vel, ef árlegur halli þessara tveggja skipa verður ekki meira en tvöfaldur halli Esju einnar. En hætt er nú við, að hann verði meiri, því að útgerðarkostnaður Esju er nú um 450 þús. kr. á ári. Og þó að þessi upphæð tvöfaldist ekki alveg, þá verður þó útgerðarkostnaður tveggja skipa sú upphæð, sem slagar hátt upp í hana tvöfalda. Ekki er heldur nein trygging fyrir því, að samanlagðar tekjur beggja skipanna verði meiri en Esju einnar, eða rúmlega 300 þús. kr. Jeg gæti ímyndað mjer, að rekstrarkostnaður þessara beggja skipa kæmist upp í 800 þús. kr., en tekjurnar verði aftur á móti ekki meiri en um 100 þús. kr. Verður þá tillag ríkissjóðs um 100 þús. kr., í stað þess, að það er nú um 150 þús. kr. til Esju. — Jeg heyrði ekki, að háttv. 1. landsk. hefði lagt málið neitt niður fyrir sjer, eða að annarsstaðar hefði verið gerð nokkur skynsamleg áætlun um það. Ef leggja á fram aukið tillag úr ríkissjóði til strandferða, sem nemur máske 200 til 250 þús. kr., þá held jeg, að þm. þeir, sem fjallað hafa um fjárlagafrv., geti sjeð það í hendi sjer, að peningar verða ekki teknir til þess úr ríkissjóði, nema feld verði niður tilsvarandi upphæð til verklegra framkvæmda, sem nú er unnið að í landinu. Það er auðvitað rjett, að reyna að bæta úr þörfum þeirra smáhafna, sem lakast verða úti með samgöngur. En það verður að gerast með skynsamlegum álögum á ríkissjóð. Það verður heldur ekki hjá því komist að halda uppi nauðsynlegum umbótum í þessum efnum, enda er nú reynt með flóabátunum að bæta úr hinni brýnustu þörf.

Þegar jeg sagði, að útgjaldaaukinn fyrir ríkissjóð mundi verða um eða yfir 200 þús. kr., tók jeg ekki beinlínis tillit til þess, að á hvers árs fjárlögum hljóta að koma vextir og afborganir af skipsverðinu, sem yrði ekki minna fyrst um sinn en 50—60 þús. kr. á ári. En sú upphæð er fyrir því, ef jeg hefi áætlað rekstrarhalla Esju hærri en hann reynist, vegna lækkandi verðlags og hækkandi peningagildis í landinu.

Háttv. 1. landsk. vildi bera hjer saman samgöngubætur þær, sem gera á í Árnessýslu. En það er nú svo, eins og hann tók fram í umr. um það mál, að það er ekki sjeð fyrir endann á því, hvort sú leið, sem þar er reynd, leiðir til úrlausnar á málinu. En eftir því sem frv. þetta er orðað, er hreint og beint skylt að láta það koma til framkvæmda, eða byggja skipið, og það mjög fljótt.

Jeg geri nú ráð fyrir því, að málið fari til nefndar og fái þar nákvæma athugun. Sjerstaklega vænti jeg þess, að fjárhagshliðin verði athuguð, sem því stóra fjármáli sæmir.

Þetta mál var víst í samgmn. í Nd. og mun þá að líkindum ganga til sömu nefndar hjer.

Jónas Jónsson: Mjer þykir gott að heyra, að hæstv. forsrh. vill ekki fullyrða, að búið sje að ráðstafa þessu frv. í gröf gleymskunnar í einhverja nefndarholu hjer í Ed. En það er nú ekki ósennilegt, þar sem liðnir eru um þrír mánuðir síðan flugvjelin mín fór til samgmn. þessarar deildar og hefir ekki komið þaðan enn, frá meiri hl., að það geti skeð, að frv. þessu kunni að hlekkjast svipað á. (**JÞ:** Náskyld mál, eða hvað?). Já, það eru hvorttveggja samgöngubætur, og þær ódýrari en sumar, sem hæstv. forsrh. hefir verið að braska með.

Það, sem einkendi ræðu hæstv. forsrh., var misskilningur hans á óbeinum hagnaði af samgöngubótum. Ef maður hugsaði altaf eins og hæstv. ráðh., þá ætti enginn að geta áfelt menn nokkra hjer á Suðurlandi, sem fyrir mörgum árum komu til landshöfðingja og báðu hann fyrir alla muni að hætta nú við að leggja veginn austur yfir fjall, því að landinu væri það ókleift. Hæstv. forsrh. er á sama menningarstigi og þessir borgarar af Suðurlandi. Landshöfðinginn fór ekki eftir orðum þessara manna, heldur ljet leggja veginn. Auðvitað hefir þessi vegur ekki gefið neitt af sjer beinlínis. En þó munu menn nú ekki vilja missa hann. En lífsskoðun hæstv. forsrh. er undarleg mjög, þar sem hann hefir þó áður haldið einmitt því gagnstæða fram. Gildi járnbrautarinnar liggur mest í því óbeina en ekki í því beina gagni. Þar þarf ekki að búast við neinum gróða, enda þótt sumir hafi reynt að ályktа þannig. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri engin hagnaðarvon að veita mönnum betri samgöngur, eins og þó er álitið alstaðar annarsstaðar og hann sjálfur hefir líka haldið fram. En meðan ekki er komið með skynsamlega útskýringu á því, að ekki sje fjarstæða að verja ógrynnum fjár árlega í vegi, eins og gert er út um heim, en aftur á móti ekki hægt að leggja tiltölulega litla upphæð til skipa, sem gera sama gagn, þá fellur um sjálfa sig ræða forsrh., því að hún er bygð á þessari undirstöðu. Jeg verð að halda því fram, að atvinnureksturinn mundi blómgast um alt land við bættar samgöngur. Jeg vil í því sambandi benda á Loðmundarfjörð, þar sem eru afbragðs engi, en engin tök á að koma heyinu burt. „Hólar" höfðu þar viðkomur í gamla daga, en nú verður allmikið af þessu mikla grasi til einskis, vegna þess að sölumöguleikana vantar. Í Vestmannaeyjum er aftur á móti flutt inn norskt hey, í stað þess, að þangað mætti flytja innlent hey, ef samgöngur væru góðar. Söm er aðstaðan austan fjalls, af því að það er of dýrt að flytja heyið yfir Hellisheiði.

Þá kom hæstv. forsrh. með þá ástæðu gegn þessu máli, að nú ætti að leggja veg norður, og mundi hann bæta úr þeirri þörf, sem væri fyrir meiri mannflutninga. Mjer finst hæstv. ráðh. (JÞ) vera orðinn nokkuð slæmur í landafræði, ef hann heldur, að akvegur yfir Öxnadalsheiði eða Holtavörðuheiði bæti úr samgönguþörf t. d. Húnvetninga, Skagfirðinga og Eyfirðinga að vetrinum til, þrátt fyrir snjóplóga, sem stjórnin ræður nú yfir og „veita mönnum atvinnu", eins og drepið hefir verið á, af hv. 2. þm. Rang. Jeg hjelt líka, að hæstv. forsrh. væri það glöggur á tölur, enda þótt honum hafi oft skjátlast, að hann sæi, að fargjöld með bíl frá Reykjavík til Akureyrar hlytu að vera hærri en með strandferðaskipi. Ef hæstv. ráðh. hugsar sjer, að t. d. kaupafólk og skólafólk mundi fara í bílum þessa leið, þá skjátlast honum hrapallega. Það eru allar líkur fyrir því, að það yrði of dýrt fyrir fátækt fólk, og mundi það því heldur kjósa sjóleiðina með Esju. (JÞ: Við sjáum nú til). Það þarf ekki annað en að reikna út kílómetrafjöldann norður og athuga fargjöldin og bera þau saman við fargjöld skipanna og sjá svo, hvað af því leiðir. En það er galli á röksemdum hæstv. forsrh., að þessi vegur er ekki kominn. Í dag á nú þar að auki að fara að klípa af því fje, sem fer til þessara hluta, til sparnaðar. Mikið er því eftir enn og ekki víst, hvenær síðasti liðurinn á þessari löngu leið verður búinn. Og þó að þetta verði nú gert, sem jeg vona að verði fljótt, þá ná ekki bílarnir fyrir það til margra annara hjeraða, t. d. í Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og um alt Austurland. Mjer finst því hæstv. forsrh. hafa verið nokkuð seinheppinn að fara að minnast á þennan bílveg, sem í fyrsta lagi er enn ekki kominn, í öðru lagi á ekki fyrst um sinn að ná lengra en til Húsavíkur, og í þriðja lagi liggur undir snjó mikinn hluta árs. Þessi vegur gerir það engu síður nauðsynlegt að bæta samgöngurnar með ströndum fram milli þeirra hjeraða, sem hann nær ekki til. Jeg vil í því sambandi biðja hæstv. forsrh. að líta á það, að í strjálbýlinu í Noregi eru gerðir vegir meðfram fjörðum, sprengdir langar leiðir gegnum klappir, og þó láta Norðmenn strandferðaskip sín ganga líka eftir þessum fjörðum. Í viðbót leggja Norðmenn járnbraut víða um fjalllendi, til þess að bæta úr flutningsþörfinni. Það er ekki hægt að líkja þeim anda, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., við annað en hugsunarhátt bændanna að austan, sem komu til Magnúsar Stephensen landshöfðingja fyrir 40 árum og mótmæltu því, að vegurinn austur yfir Hellisheiði yrði lagður. En bændur þessir höfðu málsbætur, sem hæstv. ráðh. hefir ekki. Þeir voru ekki verkfræðingar. Þeir höfðu ekki skrifað um samgöngumál, þeir höfðu lítið sjeð fyrir sjer. Þessa er oft minst sem dæmis þess, hve lítil mentun og þekkingarskortur getur stundum afvegaleitt menn. En það er hart, að slíkur dómur þurfi að ganga yfir hæstv. forsrh. En hann er á sömu leið. Hann veit ekki það, sem allir vita, að góðar samöngur, hvort heldur á sjó eða landi, eru nauðsynleg undirstaða til þess að skapa atvinnurekstur. Hæstv. ráðh. gerir gys að þeirri tilllögu, að láta skipin ekki dvelja nema ef til vill nokkrar mínútur á sumum viðkomuhöfnum. En

hann veit ekki, að Norðmenn, sem eru mesta siglingaþjóð Evrópu, fara svona að, svo hæstv. ráðh. verður að spotta þá líka.

Þá þótti honum kostnaðurinn mikill. Það er satt að vísu, en þá hefir okkur báðum skjátlast illa, þegar við vildum láta mörgum sinnum meiri fjárhæð til samgöngubóta fyrir einar tvær sýslur. Ef fjelagið Títan stendur við sína skilmála, þá verðum við að uppfylla skilyrðin með ríkissjóðsframlagið. Það er eins og það vaki fyrir hæstv. ráðh., að við þurfum betri samgöngur milli Reykjavíkur og næstu hjeraða í grend. En er ekki sama þörf fyrir önnur hjeruð Skyldi ekki Hornafjörður, einhver blómlegasta sveit landsins, með sinar fáu skipakomur á ári, hafa þörf fyrir betri samgöngur? Alt, sem hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi tapi á rekstri þessa skips, var út í bláinn. Það er ómögulegt að vita um hallann fyrirfram. Hann sagði, að hann mundi verða um 250 þús. kr. á ári, en viðurkendi þó, að hann væri ekki nema 150 þús. kr. á skipi því, sem fyrir er. Hann kom ekki með neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að tapið yrði meira. Ef til vill þorir hæstv. ráðh. ekki að leggja út í baráttu við erlend fjelög. Það eru einmitt líkur fyrir því, að hallinn verði minni, ef skipin eru tvö, þegar þörfinni er betur fullnægt. Esja er of lengi á leiðinni, vegna hinna erfiðu hafna og lítilla vöruslatta, svo farþegarnir kjósa heldur önnur skip. Hæstv. ráðh. vjek ekki orði að því, hvað framleiðslan mundi vaxa, vegna bættra samgangna. Jeg hefi leitt rök að því, að Austurland alt, partur af Norðurlandi, allir Vestfirðir, Dalasýsla og Snæfellsnessýsla njóti góðs af skipi þessu. Þá hefi jeg og vitnað til reynslu Norðmanna, að fólkið ferðast hópum saman með strandferðaskipunum þar, þó góðir bílvegir sjeu með ströndum fram. Þá sagði hæstv. ráðh., að við yrðum að fella niður verklegar framkvæmdir, ef við rjeðumst í þetta. En þetta eru líka verklegar framkvæmdir. Hæstv. forsrh. og hinn ráðh. líka greiddu atkvæði með því í fyrra, að ríkið legði fram 7—8 milj. til járnbrautar, sem rekin mundi verða með miklum tekjuhalla um óákveðinn tíma. Hvernig átti þá að fara um verklegu framkvæmdirnar? En jeg er nú þeirrar skoðunar, að þó tekjuhalli verði á þessu skipi fyrst í stað, þá muni hann fljótlega fara minkandi og auk þess vinnast margfaldlega upp með vaxandi framleiðslu og þar af leiðandi auknu gjaldþoli skattþegnanna. Mjer virðist stjórnin ekki geta hugsað um neitt mál nema í pörtum. Sumstaðar álítur hún samgöngur góðar og nauðsynlegar, en á öðrum stöðum vill hún ekki af þeim vita.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg sje enga ástæðu til að hafa miklar málalengingar út af ræðu hv. 1. landsk. Jeg get látið mjer nægja að taka upp eina setningu úr ræðu hans, þar sem hann sannaði algerlega mitt mál. Hann sagði sem sje, að ekkert væri hægt að vita um hallann af skipinu fyrirfram. Meiri viðurkenningu var ekki hægt að vænta úr þeirri átt. En þegar hægt er að staðfesta annað eins og þetta um fjárhagslega afkomu einhvers fyrirtækis, þá er ekki tímabært að koma því á fót. Þá vitnaði hv. þm. í strandferðir í Noregi. En jeg get sagt honum það, að þessi skip, sem þjóta fram og aftur á dag, fara um ákveðinn fjörð eða af-

markað svæði. Þau fara ekki fram með allri strandlengjunni. Þeir hafa tekið upp þann sið, að láta smærri skipin tina upp smáhafnirnar. Þá ætti hv. þm. ekki að vera að tala um strandferðir á Englandi í sambandi við okkar litlu getu. Það er ekki sambærilegt, þar sem tugir miljóna búa með ströndum fram, og auk þess eykur ferðamannastraumurinn stórum allar strandferðir. Sama má og segja um Noreg. Þar er svo mikill munur á mannfjölda og ferðamannastraum til landsins, að það er langt frá því að vera sambærilegt við okkar kringumstæður. Jeg hefi aldrei talað um það, að fólk mætti vera hjer samgöngulaust. Jeg get viðurkent það, að það væri æskilegt, að við hefðum betri samgöngur. En við verðum að gæta hófs í útgjöldum ríkissjóðs á því sviði sem öðrum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að skýra frá því, hvers vegna jeg get ekki verið þessu máli hlyntur. Jeg álít, að samgöngur á sjó sjeu lengra á veg komnar en samgöngur á landi. Mjer er það fullljóst, að afleiðingin af því að verja 250 þús. kr. árlega í þetta strandferðaskip verður sú, að þeim mun minni upphæð verður hægt að verja til samgöngubóta á landi. En það er eins mikil nauðsyn á því fyrir sveitirnar að koma afurðum sínum til kaupstaðar, eins og það er nauðsyn fyrir kauptúnin að hafa samgöngur við hinar stærri hafnir. Jeg get vel viðurkent, að það væri æsiklegt að fá annað strandferðaskip, en jeg vil ekki kaupa það á kostnað vega, síma eða brúa. Það er of mikið ógert á þessum sviðum til þess að slík ráðstöfun sje rjettmæt.

Magnús Kristjánsson: Jeg geri ráð fyrir því, að það sje tilgangslítið að ræða mál þetta mikið úr þessu. Hv. 1. landsk. hefir líka tekið margt fram máli þessu til stuðnings, svo óþarfi er að gera það greinilegar. Auk þess munu örlög þess ráðin fyrirfram hjer í þessari hv. deild, ef að vanda lætur. Jeg býst við, að meiri hl. sje búinn að koma sjer saman um að ganga af því dauðu. Jeg ætla nú samt sem áður að benda á nokkur atriði, sem til greina geta komið. Mörgum virðist vaxa í augum kostnaðarhliðin við það, að halda uppi tveimur skipum til strandferða. En jeg vil í þessu sambandi benda á það, að hugsanlegt er, að nokkuð af þessum tilkostnaði mætti vinna upp aftur með breyttu fyrirkomulagi á strandferðunum. Það mundi ef til vill vera hægt að spara fje til flóabátanna og máske líka styrkinn til Eimskipafjelags Íslands. Með því væri komin nokkur upphæð upp í rekstrarkostnað þessara strandferðaskipa. Jeg hygg nú, að kostnaðaraukinn mundi ekki verða eins mikill og hæstv. forsrh. ætlaði hann. Það er dálítið einkennilegt, þegar litið er til baka, að fyrir hjer um bil tveimur tugum ára, þá þótti það nauðsynlegt að hafa tvö öflug og góð strandferðaskip í förum hjer, og þó er ólíku saman að jafna öllu nú og þá, því flutningsþörfin er svo miklu meiri nú en þá var. Mjer finst því, að það megi ekki skoða það sem neina fjarstæðu, þótt við viljum fá tvö strandferðaskip nú. Jeg tel ekki þörf á að endurtaka það, sem aðrir hafa sagt hjer, en vil aðeins drepa á það, að hæstv. forsrh. taldi það fjarstæðu næst að gera samanburð við Noreg. Jeg sje ekki, að það sje gerð tilraun til þess að gera neinn samanburð, þótt við viljum hafa tvö strandferðaskip hjer. Það er langt frá því að vera

í hlutfalli við strandferðaskip Norðmanna, þótt tillit sje tekið til mannfjölda. Þá mintist hæstv. ráðh. á ferðamannastrauminn til Noregs, sem væri þess valdandi, að strandferðir bæru sig betur þar. En jeg verð að segja, ef þessi aukning strandferða hjer yrði til þess að beina auknum ferðamannastraum hingað, þá teldi jeg það sterk meðmæli með því að ráðast í þetta fyrirtæki. Frá mínu sjónarmiði er eina frambærilega ástæðan til þess að draga úr þessu sú, að það sje lítt mögulegt að útvega fje til byggingarkostnaðarins. Það má vel vera, að svo sje. En alt um það breytir það á engan hátt þeirri nauðsyn, sem er til staðar hjer. Því hefði mjer þótt æskilegast, að hæstv. ráðh. hefði tekið svo í þetta mál, að hann hefði viðurkent þörfina á því að framkvæma þetta sem fyrst, án þess þó að gefa bein loforð um það, að hefjast handa þegar í stað. Þetta hefði jeg talið viðeigandi svar frá hæstv. ráðh. Það er margt, sem kemur til greina í þessu sambandi, en jeg vil ekki tefja tímann með því að nefna það alt. Það er fráleitt fyrirkomulag á samgöngum okkar á sjó, að láta stærri skipin vera að snatta inn á allar smáhafnirnar, en orsökin er sú, að það er tilfinnanleg vöntun á flutningatækjum meðfram ströndinni. Með þessu móti eru strandferðirnar dýrari en þær verða, þegar þær eru komnar í það kerfi, sem þær þurfa að komast í og hljóta að komast í, þannig, að hver ferð þeirra taki hjer um bil helmingi skemri tíma en nú á sjer stað.

Nú er auðvitað, að á meðan ekki er sjeð fyrir bættum strandferðum, þá er varla að búast við, að þetta fyrirkomulag, sem verið hefir um ferðir innlendu millilandaskipanna, geti breyst svo til batnaðar, að við megi una. En eigi að breyta þessu fyrirkomulagi, svo að skipakostur landsmanna komi að sem bestum notum, þarf að hefjast samvinna á milli Eimskipafjelagsins og ríkissjóðsskipanna, þannig, að hver viðskiftamaður strandferðaskipanna megi eiga það vist að fá vörur fluttar heim til sín á ákvörðunarstaðinn fyrir sama verð og það væri flutt beint. En þetta getur ekki komist á, nema upp sje tekið það, sem á slæmri íslensku er kallað „gegnumgangandi fragt“, og er í því fólgið, að taka við vörum hvar sem er og koma þeim á ákvörðunarstað fyrir venjulegt flutningsgjald, eins, þótt fleiri skip verði notuð til þess að koma þeim til rjettra hlutaðeigenda.

Þetta fyrirkomulag, sem að verður að stefna, getur þó ekki komið til framkvæmda á meðan við höfum aðeins eitt strandferðaskip til að annast slíka flutninga. Þess vegna vænti jeg, að hv. þdm. líti á þetta mál með skynsamlegri athugun og velvilja. Og ef þeir eru ekki búnir að ákveða sig eða gera sjer ljóst, hvert stefnir í þessu efni, sem jeg vænti þó að þeir geri, þá bið jeg þó að þeir líti á alla málavöxtu með sanngirni og velvilja og með fullum skilningi á, að hjer sje um mikið nauðsynjamál að ræða. Jeg býst við, þó að kosningar standi nú fyrir dyrum, að þá eigi margir afturkvæmt hingað í þessa hv. deild. Og þá getur ekki liðið á löngu, að þeir verði að snúa inn á þá braut, að koma betra og hagfeldara skipulagi á strandferðirnar. Þessu öllu verður að skipa í kerfi, með tilliti til þess, að innlendu skipin geti orðið að öllu leyti samkepnisfær við þau útlendu. En með þessu fyrirkomulagi, sem jeg hefi bent á, eru ekki líkindi til að útgjöld ríkissjóðs

þurfi svo mjög að aukast. Þó vil jeg í því sambandi taka enn einu sinni fram, það sem jeg og aðrir fylgismenn þessa máls höfum áður sagt, að það má ekki gera alt of mikið úr kostnaðinum, svo að almenningi vaxi í augum, þó að dálitið fjárframlag þurfi að inna af hendi í þessu skyni. Þó að dálítil bein útgjöld leiði af þessu í bili, þá er óbeini hagnaðurinn langt um meiri, sem liggur í bættum samgöngum og hagkvæmara fyrirkomulagi fyrir allan fjöldann. En því miður hafa ekki nema örfáir menn gert sjer þetta svo ljóst sem skyldi.

Það er ekki ætlast til um samgöngur þær á sjó og landi, sem ríkissjóður kostar, að rekstrarreikningar sýni, að gjöld og tekjur standist á. Það er svo margt, sem hið opinbera verður að standa straum af í framsóknarbaráttu þjóðarinnar, sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að beri sig reikningslega. Það er nauðsyn einstaklinganna og breyttir lifnaðarhættir þjóðarinnar, sem heimta, að ríkið ráðist í ýms framfarafyrirtæki, þó að búast megi við einhverjum rekstrarhalla í bili. Þetta frv. er spor í rjetta átt, og því sjálfsagt, að það nái fram að ganga.

Þó skal jeg taka fram að lokum, að svo sanngjarn er jeg, að jeg mundi alls ekki taka hart á því, þó að bygging skipsins dragist um eitt ár eða svo, ef fjárhagur ríkisins er svo bágborinn, að ekki verði talið fært að ráðast í þetta á þessu ári.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 4. landsk. sagði, að sjer yxi ekki svo mjög í augum fjárframlag ríkissjóðs til strandferðaskipsins, vegna þess að samgöngur bæru sig ekki reikningslega sjeð hjá ríkissjóði.

En þar sem líklegt er, að rekstrarkostnaður skipsins muni nema 2—300 þús. kr. á ári, þá finst mjer þó, að minna geti það ekki verið en að hv. þm. athugi, hvar taka eigi fje þetta. Af brtt. hv. fjvn., sem verða hjer bráðum til umr., sjáum við hvert stefnir. Kostnaðurinn við strandferðaskipið mundi eflaust verða þess valdandi, að draga yrði seglin saman á öðrum sviðum, og þar, sem síst skyldi, því að þetta mundi ganga aðallega yfir samgöngubæturnar innanlands. Þess vegna get jeg ekki fylgt þessu máli nú, þótt jeg hinsvegar viðurkenni, að það sje nauðsynlegt að bæta við einu strandferðaskipi og jafnvel fleirum. En við getum það ekki sem stendur, vegna fjárhags ríkisins.

Þá gat hann þess, sami hv. þm., að jafnhliða og við bættum við einu strandferðaskipi, mætti fella niður styrk til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum. En jeg held, að sá sparnaður nemi svo litlu, að óþarft sje að reikna með honum. Flóabátastyrkurinn er mestmegnis veittur til þeirra staða, sem strandferðaskipin mundu sjaldan eða aldei koma á. Þó að við gætum eignast strandferðaskip, sje jeg ekki, hvernig hægt væri að fella niður styrk til Borgarnesbátsins, eða til Ísafjarðarbátsins. Það væri heldur ekki hægt að taka styrkinn af Rangæingum, sem þeim er veittur árlega, til þess að halda uppi ferðum milli Vestmannaeyja og meginlands. Ekki mundi gerlegt að fella niður styrk til Vestur-Skaftfellinga í þessu skyni. Þá mundi og Hvalfjarðarbáturinn verða að halda sínum styrk, sömuleiðis Grímseyjarbáturinn, að jeg ekki nefni Lagarfljótsbátinn, og svona mætti halda áfram að telja, sem sýnir, að flóabátana verður að halda áfram að styrkja,

þrátt fyrir þó að bætt verði við strandferðaskipi. Að vísu skal jeg játa, að eitthvað mundi sparast á Breiðafjarðarbátnum, en það er líka það helsta, sem hægt er að reikna með, en mundi aldrei nema því, sem auka verður styrk til flóa- og fjarðabáta, þó að strandferðir batni.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi ekki miklu að svara hæstv. atvrh. Hann benti á, að fyrir fundinum lægju brtt. hv. fjvn. Um þetta var mjer kunnugt. En jeg get bætt við, að samgmn. hefir tekið afstöðu til þessa máls, en undir það nál. hefi jeg skrifað með fyrirvara. Verður því nánar vikið að þessu máli, er fjárlögin verða rædd, og því óþarft að fjölyrða mikið um það nú við 1. umr.

Jeg get ekki verið sammála hæstv. atvrh. um, að ekkert geti sparast á flóabátastyrknum við það, að byggja annað strandferðaskip. Því að jeg sje ekki betur en að komið gæti til athugunar að lækka talsvert styrkinn til Borgarnesbátsins og Ísafjarðarbátsins, enda anna þessir bátar strandferðum nú, sem nýja strandferðaskipið mundi geta tekið að sjer. Jeg verð því að halda fram, að með því að byggja þetta skip og bæta samgöngur með ströndum fram, þá megi spara allmikla upphæð af flóabátastyrknum, og fella niður styrkinn til Eimskipafjelagsins, sem því hefir verið veittur til þess að koma við á ýmsum smærri höfnum, sem yrðu þá á áætlun strandferðaskipanna. Enda er jeg sannfærður um, að ef fjelagið er óbundið um ferðir sínar, að þá verði þær um leið hagkvæmari. Fjelaginu mun heldur ekki vera það óljúft, að slík breyting komist á.

Annars sje jeg ekki ástæðu til frekari málalenginga á þessu stigi málsins, en vænti, að hv. deild sjái, að það sje óviðeigandi að vísa því frá nú. Enda tel jeg sjálfsagt, að frv. fái að ganga til 2. umr. og nefndar, til nánari athugunar, og mætti þá breyta því í þá átt, ef sýndist, að framkvæmdirnar hefjist ekki þegar í stað, eða bíði, þangað til betur rækist úr um fjárhag ríkisins.

Hitt er álit mitt, að varla taki því fyrir Alþingi að fella frv. nú, því að þetta mál mun verða tekið upp á hverju þingi, þangað til það nær fram að ganga. Og eins og jeg hefi áður tekið fram, er það aðeins tímaspursmál, hvenær í þetta verður ráðist.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi alls ekki á móti því, að frv. þetta fái að fara til 2. umr. og nefndar, enda tel jeg sjálfsagt, að það verði athugað þar mjög rækilega og kæmi alls ekki á óvart, að sú rannsókn leiddi í ljós, að eins og sakir standa, sæi nefndin sjer ekki fært að halda málinu til streitu.

Um flóabátastyrkinn er jeg sömu skoðunar og áður. Jeg veit með vissu, að á honum er ekkert hægt að spara, nema þá með stórri afturför um samgöngur hlutaðeigandi hjeraða. Svo er t. d. um „Suðurland", „Skaftfelling" og Ísafjarðarbátinn. Ætti að spara styrk við þessa báta, þýðir það ekki annað en að samgöngur þessara hjeraða, sem þar eigi hlut að máli, yrðu langt um verri. Og sama er að segja um ýmsa aðra flóa- og fjarðabáta. Enda mundi það ekki borga sig fyrir ríkissjóð að fækka þessum ferðum, því að þessir bátar annast póstflutning og fleira ríkinu viðkomandi.

Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði um styrkinn til Eimskipafjelagsins, þá er jeg þeirrar skoðunar, að hann eigi að haldast, og að nauðsynlegt sje, að skipin komi á smáhafnirnar, er þau koma frá útlöndum. Ef athugaðar eru áætlanir millilandaskipa Eimskipafjelagsins, þá sjest, að þau koma allajafna beint upp til Djúpavogs og rekja svo þaðan hafnir kringum land og flytja vörurnar beint til kaupenda. Þetta fyrirkomulag verður því að álítast mjög hagkvæmt fyrir almenning. Og þó að hægt sje að koma á sambandi milli Eimskipafjelagsins og strandferðaskipanna með góðum kjörum, þá verður ekki komist hjá því, að vörurnar hljóta að verða talsvert dýrari við það, að þurfa að umskipa þeim. Það getur því ekki komið til neinna mála að fella niður styrkinn til Eimskipafjelagsins, því að það eru einmitt þessar ferðir skipanna inn á smáhafnirnar, sem þorra landsmanna þykir vænst um og mundu lítt við una, ef feldar væru niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EÁ, GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JBald, JJ, JKr, MK, HSteins.

nei: EJ.

Einn þm. (JÞ) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Fiskimat.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat (þmfrv., A. 108).

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var fv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg tel óþarft að flytja hjer langt mál og get látið mjer að mestu nægja að benda til greinargerðarinnar, er frv. fylgir. Þetta mál er svo einfalt, að fljótlega má yfir sjá. Það hefir hvað eftir annað komið fram ágreiningur um það, hvernig skilja beri 4. málsgrein í 1. gr. fiskimatslaganna frá 1922. Það er ekki trútt um, að reynt hafi verið að komast í kring um ákvæði hennar sumstaðar og framkvæmd þess hafi á ýmsu oltið. Þetta vill nefndin reyna að gera skýrt með breytingu þeirri, sem hjer er farið fram á, og leggur hún til, að fiskurinn sje þá aðeins matsskyldur við kaup og sölu innanlands, er hann er ætlaður til útflutnings í óbreyttu ástandi. En þegar fiskur er keyptur til að geymast eða til verkunar síðar meir, virðist matið harla þýðingarlítið. Aftur er auðsætt, að það bakar framleiðöndum aukakostnað og dregur úr verði vörunnar. Aðalmatið, sem fer fram við útskipun, verður jafndýrt og jafnsjálfsagt hvort sem er.

Það mun ekki fjarri fara, að mat á skippundi af handfiski úr salti kosti um 5 kr. Virðist ærið að leggja þann kostnað einu sinni á vöruna, ekki sist, þegar

skpd. er komið, eins og nú er, niður í 37—40 kr.

Annars eðlis er brtt. við 7. gr. laganna. Hún er afleiðing af kvörtunum, er fram hafa komið um það, að ósamræmi væri á fiskimatinu milli hinna ýmsu landshluta. Yfirfiskimatsmennirnir ferðast að vísu hver um sitt svæði til eftirlits, en þeir hafa ekkert fast samband sín á milli, og því er ekki ætíð samræmi í gerðum þeirra. Þurkunarstig fiskjar og jafnvel fleira verður því álitamál á hverjum stað og getur orðið breytilegt frá einni útskipunarhöfn til annarar.

Nefndin álítur, að nauðsynlegt samræmi náist ekki, nema sjerstakur maður hafi hjer eftirlit og ferðist um landið til þess að samræma matið. Telur hún, að ekki megi nokkur kostnaður af slíkum eftirlitsferðum í vegi standa, því að augljóst er, að ef matið mistekst og varan missir álit hjá neytöndum, þá eru margfaldar upphæðir í veði við það, sem eftirlitið mundi kosta og skaðinn mundi alt eins koma niður á þeim, sem ekki væru valdir að misfellunum.

Nefndin þykist því mega vænta þess, að undirtektir háttv. deildar undir þetta mál verði greiðar og góðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 108, 175).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 175. Afbr. leyfð og samþ. með 17: 1 atkv.

Pjetur Ottesen: Þessar breytingar á lögunum um fiskimat, sem hjer liggja fyrir, eru í tveimur liðum. Í fyrri liðnum er farið fram á það, að afnema skyldumat á fiski upp úr salti, í öllum öðrum tilfellum en þeim, þegar fiskurinn er fluttur til útlanda. Í öðrum liðnum er gert ráð fyrir því, að skipaður verði maður til þess að ferðast um landið, til að samræma fiskimatið í hinum ýmsu matsumdæmum, eins og komist er að orði í frv. Um fyrra atriðið, að afnema matið á fiski í öllum öðrum tilfellum en þeim, er fiskurinn er fluttur til útlanda, vil jeg geta þess, að árið 1922, þegar þetta var sett inn í lögin um fiskimat, var það gert af þeirri ástæðu, að í þessu mundi felast nokkur trygging fyrir því, að fiskurinn yrði betur verkaður í saltið en áður var. En það er, eins og kunnugt er, mikils vert atriði fyrir verkun fiskjarins, að vel sje með hann farið frá því að hann kemur úr sjónum og þar til hann er saltaður, að hann sje vel blóðgaður og auk þess vel þveginn í saltið. Þetta eru þær ástæður, sem voru fyrir því, að þetta ákvæði var tekið inn í matslögin 1922. En nú hefi jeg heyrt það sagt, að þetta mat sje ekki framkvæmt nema í tiltölulega fáum tilfellum, og sje það í raun og veru svo, að þetta mat sje að mestu dauður bókstafur, þá býst jeg við, að það hafi ekki mikla þýðingu, þó að þessu ákvæði sje kipt í burt, því að þessu mati fylgir vitanlega töluverður kostnaður.

Hitt atriðið er viðauki við lögin, að ráðherra skipi mann til að ferðast um landið og samræma fiskimatið. Þessi leið hefir hv. sjútvn. virst álitlegust til þess að bæta úr því, sem kvartað hefir verið um, að ekki sje fult samræmi í

matinu á hverjum stað. En jeg vil vekja athygli á því, að í 2. gr. frv. kemur ekkert fram um það, hvaða vald þessi maður á að hafa. Það er ekkert talað um það, hvort hann eigi aðeins að vera leiðbeinandi fyrir yfirfiskimatsmennina, eða hvort þeim beri nokkur skylda til að taka til greina tillögur þær, sem hann hefir fram að flytja, hvort hann á að hafa vald yfir yfirfiskimatsmönnunum eða vera aðeins leiðbeinandi þeirra, og þeir sjálfráðir um, hvað mikið tillit þeir taka til tillagna hans. Mjer finst, að það verði að kveða skýrt á um það, hvort hann á aðeins að vera leiðbeinandi, eða hvort hann á að verða hæstráðandi, yfirumráðamaður allra fiskimatsmanna. Þetta verður ekki ráðið af frv., hvers hv. nefnd ætlast til um þetta. Jeg vil vekja athygli á þessu, því að verði þetta frv. samþ., getur þetta hæglega valdið árekstri milli þessa manns annarsvegar, ef hann skoðaði stöðu sína sem valdsmannsstöðu, og yfirfiskimatsmannanna hinsvegar, sem að núgildandi lögum eru hæstráðendur á þessu sviði. Yrði þarna árekstur, mundi það síður en svo verða til þess að koma á betra samræmi í fiskimatinu og bæta það, heldur hefði það ef til vill áhrif í gagnstæða átt. Og þótt svo væri ákveðið í frv., að girt væri fyrir allan árekstur út af þessu, þá er samt álitamál, hvort þetta er heppilegasta leiðin til þess að ráða bót á því, sem ábótavant er í þessu efni. Jeg er viss um, að finna má heppilegri leið. Jeg býst við, að orsökin til ósamræmisins í matinu stafi af því, að nána samvinnu vanti milli yfirfiskimatsmannanna. Ef þeir bæru sig saman, gæti þetta ósamræmi aldrei orðið verulegt. Hefir mjer því dottið í hug, að heppilegra væri, að í lögunum væri ákveðið, að yfirmatsmennirnir hefðu fund með sjer einu sinni á ári til að ræða þessi mál og bera sig saman um ýms atriði, ræða óskir um breytingar á matinu, sem þeim bærust frá þeim löndum, sem kaupa fiskinn, því að þaðan berast við og við kvartanir um, að fiskurinn sje ekki við hæfi neytendanna í því ásigkomulagi, sem hann kemur, og óskir um, að úr því sje bætt. Það mun nú hafa átt sjer stað, að yfirfiskimatsmenn hafi komið saman í Reykjavik, til að ræða um fiskimatið. En það eru engin ákvæði í lögum um þetta, og það eru nú víst full 2 ár síðan þeir komu saman síðast. En lögin mæla ekkert fyrir um það. Það þarf því að vera ákvæði í þeim um þetta, til tryggingar.

Jeg hygg, að það yrði traustara og raunhæfari leið til þess að koma betra samræmi á matið, að þeir menn, sem ábyrgð hafa á þessum málum, kæmu saman til að ráða ráðum sínum um þetta mikilsverða mál, heldur en að fara að senda einn mann um landið til þess að reyna að samræma matið, mann, sem fyrst og fremst er óvíst um, hvernig tækist val á og í öðru lagi óvíst, hvernig ráðleggingum hans yrði tekið og á þær litið af yfirmatsmönnunum, sem eftir sem áður bera ábyrgðina. Og svo nauðsynlegt sem það er, að gera ráðstafanir til þess að betra samræmi komist á fiskimatið, þá er það ekki síður mikils um vert, að matsmennirnir fylgist með öllum breytingum, sem verða á kröfum neytendanna í þeim löndum, sem fiskinn kaupa, um verkun og alla meðferð fiskjarins. Jeg veit, að fiskútflytjendur fá að vísu upplýsingar um það, sem áfátt þykir um fisksendingarnar í hverju einstöku tilfelli. En jeg held, að örugg-

asta leiðin til þess að gera fiskinn þannig úr garði, að hann sje við hæfi neytendanna, sje sú, að matsmennirnir eigi kost á að kynnast þessu af eigin sjón og reynslu, fái að ferðast til þeirra landa, þar sem fiskurinn er seldur og kynnast kröfum neytendanna um verkun og markaðshæfi fiskjarins. Og þótt matsmönnunum berist fregnir um umkvartanir um verkunarástand fiskjarins og flokkun, eftir stærðum og þess háttar, viðskiftaleiðina, þá yrði það betra og tryggara, að bót verði á ráðin, ef þeir ættu kost á að sjá þetta alt með eigin augum í löndunum, þar sem fiskjarins er neytt. Það var og einn og ekki óverulegasti liðurinn í hinu mikla umbótastarfi Þorsteins Guðmundssonar, að hann sigldi til Spánar (**KlJ:** Alveg rjett!) til þess að kynna sjer þetta. Og í tvö skifti hafa fiskimatsmenn vorir átt kost á því, að fara til Spánar í þessum erindum. Og þetta er áreiðanlega það staðbesta, sem við getum gert til þess að halda fiski vorum í því áliti, sem við höfum aflað honum fram að þessu. Það er sannfæring mín, að það, sem jeg nú hefi nefnt, er öruggasta, tryggasta og besta endurbótin á þeim annmörkum, sem eru á þessum málum, og að best sje að tryggja hana með þessu tvennu: að yfirfiskimatsmennirnir komi saman einu sinni á ári til þess að ræða sameiginlega þetta mál og að þeim gefist kostur á því, að geta með eigin augum sjeð og heyrt, hvaða kröfur neytendurnir gera um verkun fiskjarins og alla meðferð. Því hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. um að í stað 2. gr. frv. komi í fyrsta lagi ákvæði um það, að yfirfiskimatsmennirnir eigi fund með sjer einu sinni á ári til að ræða um endurbætur og samræming fiskimatsins, og að atvrh. boði til fundarins. Jeg vil ekki ákveða fundarstaðinn; tel heppilegra, að það verði ákveðið í hvert skifti og að fundirnir verði haldnir til skiftis í landsfjórðungunum. Í öðru lagi er farið fram á það í brtt., að að minsta kosti annað hvert ár skuli einn yfirfiskimatsmannanna, er ráðherra nefnir til þess í hvert sinn, eða tveir þriðja hvert ár, fara til Miðjarðarhafslanda til þess að kynna sjer kröfur neytendanna um verkun fiskjarins og alla meðferð. Vilji hv. deild aðhyllast þessar brtt., þá hygg jeg, að meira gagn sje unnið þessum málum en með frv. sjútvn. Jeg hefi borið till. mínar undir yfirfiskimatsmennina hjer í Reykjavík og forseta Fiskifjelagsins, hr. Kristján Bergsson, og hafa þeir látið það álit sitt ótvírætt í ljós, að í mínum tillögum felist miklum mun meiri endurbætur á fiskimatinu en í frv., eins og það er í garðinn búið af hendi sjútvn.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Hv. deild sker úr því, hvorar till. hún álítur heppilegri.

Ólafur Thors: Vegna þess að frsm. (SvÓ) er veikur, hefir það orðið að samkomulagi, að jeg hjeldi uppi svörum af nefndarinnar hálfu. — Hv. þm. Borgf. (PO) flytur brtt., sem hann hefir gert grein fyrir. Jeg er honum þakklátur fyrir það, að jeg veit, að fyrir honum vakir alt gott í garð sjávarútvegsins. En hinsvegar er jeg þess fullviss, að honum hefir í þetta skifti missýnst og að honum tekst ekki með tillögum sínum að ná markinu.

Jeg skal því gera grein fyrir því, hvað fyrir nefndinni vakti með till. sínum. Nefndin vill afnema skyldumat á saltfiski, sem selst innanlands. Samkvæmt

lögum á sá fiskur að metast, en nefndin álítur, að ef ekki á að flytja hann út óverkaðan, sje óþarft að hafa á honum skyldumat, en auðvitað er kaupanda í sjálfsvald sett að krefjast þess af seljanda, að fiskurinn sje metinn. Oft getur staðið svo á, að kaupandi sje viðstaddur og geti sjeð fiskinn, eða haft mann í þjónustu sinni, sem metið getur, hvort fiskurinn sje góður eða ekki, og sem hann treystir eins vel og matsmanni. En slíkir menn vinna ódýrar en matsmennirnir. Og þótt við Íslendingar höfum gott af fiskimatinu, verðum við að hafa gát á framleiðslukostnaðinum. Og þar sem höfuðatriði matslaganna er ekki brotið með þessu, þá finst mjer rjett, að till. þessi nái fram að ganga. Höfuðtilgangur fiskimatslaganna er sá, að tryggja erlendum kaupendum góða vöru, og þótt þessi till. verði samþ., verður með henni ekkert úr því dregið. Breytingin sparar útgjöld, án þess þó að brjóta stefnu þá, sem liggur á bak við lögin.

Þá kem jeg að hinni brtt., að eftirlitsmaður fari um landið til þess að líta eftir matinu. Það vakti fyrir nefndinni að auka enn þá á öryggi um mat á fiskinum. Nefndin er viss um, að þess er full þörf, því að þótt matið hafi bætt vöruvöndun, er því ábótavant enn. Þetta vita útflytjendur manna best, því þeim berast að staðaldri háar kröfur, og því miður stundum rjettlátar, vegna þess að gæði vörunnar reynast önnur en matsvottorð segir til um. Það getur að vísu komið fyrir, að fiskurinn skemmist á útleið, en því er ekki um að kenna, þegar stærðir reynast rangar, svo sem þegar fiskur, sem átti að vera 16 tommur, hefir ekki verið nema 14. Þessar kröfur hafa útflytjendur orðið að greiða spönskum fiskkaupendum að nokkru, en hitt lent á kaupendum í bili; en hvernig sem það hefir skipast, hefir það samt lent og mun að endingu lenda á framleiðslunni. En það geigvænlegasta við það, ef matinu er ekki að treysta, er það, að við missum þau hlunnindi um greiðsluskilmála, sem við nú höfum. Greiðslan fer nú fram á þann hátt, að kaupandi opnar „kredit", sem er þannig háttað, að banki hans skuldbindur sig til að greiða fult andvirði vörunnar gegn vissum skjölum. En trygging kaupanda liggur í matsvottorðinu. Reynist það rangt, missum við fyr eða síðar þessi hlunnindi, sem við höfum lengi verið að ná.

Það hefir því vakað fyrir sjútvn. að herða á matinu og tryggja öryggi þess, og er þessi till. fyrsta sporið til þess, þótt hún sje mjög ófullkomin, hvorki fugl nje fiskur, og aðeins fyrsta spor í þá átt, er nefndin álítur rjett að stefna í. Við nefndarmenn urðum á eitt sáttir um það, að fara ekki lengra að þessu sinni, en væntum, að hægra yrði um vik á næsta þingi að koma hugmynd okkar í framkvæmd. En hin er sú, að skipaður verði einskonar matsstjóri yfir alt landið, er sje yfirmaður allra fiskimatsmanna, og hirði jeg ekki að þessu sinni að skýra nánar starfssvið það, er nefndin ætlar honum. Í bili ætlumst við aðeins til, að atvrh. velji einn mann til þess að gera tilraun með þetta á næsta sumri. Hugmyndin er sú, að hann gefi svo atvrh. skýrslu um starf sitt, hvað helst hann hafi sjeð ábótavant og hvað gera mætti. Svo legði atvrh till. hans fyrir Fiskifjelagið, Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda o. fl. til athugunar og umsagnar. Er ekki að efa, að margt gagnlegt mundi af

hljótast, og væntir þá nefndin, að hugmyndin næði fram að ganga á næsta þingi. Hv. þm. Borgf. taldi aðra leið heppilegri, en báðar stefna þó að sama markinu, að tryggja matið. En þá er að meta, hver leiðin er styst að markinu. Jeg hefi það að athuga við till. hv. þm. Borgf., að 5 manna fundur komi í stað eftirlitsmannsins, að þar vantar alveg úrskurðarvald. Auk þess mundi væntanlegur matsstjóri hafa ágæta aðstöðu til þess að sýna matsmönnum, hvernig fiskurinn eigi að vera, því hann mundi ferðast um að sumarlagi, meðan verið er að verka fiskinn. En yfirfiskimatsmennirnir hafa ekki aðstöðu til að skoða fisk, meðan þeir eru hjer að rökræða reynslu sína, því að þeir mundu halda fundinn að vetrarlagi, þegar minst er að gera. Jeg held yfirleitt, að enginn vafi sje á því, að við færðumst nær markinu með því að velja yfirmann, hæfan til forystu á þessu sviði, heldur en með því, að 5 menn kæmu saman. Hitt er sjálfsagt, að þessi yfirmaður boðaði matsmennina við og við á fund, en hefði þar sjálfur úrskurðarvaldið. Um það hefir mikið verið rætt í nefndinni.

Jeg vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að það er ágætt, að fiskimatsmennirnir skreppi til neyslulandanna. Jeg veit vel, að þeir ná mestri fullkomnun í starfi sínu, ef þeir sjá með eigin augum, hvaða kröfur neytendurnir gera til verkunar fiskjarins og tala við þá menn, sem hafa þekkingu og reynslu á þessu sviði. En samkv. till. hv. þm. Borgf. er aðeins ætlast til, að hver þeirra fari sem svarar 10. hvert ár, og þá held jeg, eins og líka nefndin álítur, að markinu verði betur náð, ef sú leið er farin, sem sjútvn. stakk upp á. En hún er sú, að matsstjóri ferðist svo oft um landið sem kostur er á, helst að sumarlagi, en fari á ári hverju að vetrarlagi til einhverra neyslulandanna. Á eftirlitsferðunum talaði hann svo við yfirfiskimatsmennina og segði frá hinni nýju reynslu, sem hann hefði aflað sjer. Jeg get í fæstum orðum sagt, að flest af því, sem háttv. þm. Borgf. leggur til, það hefir nefndin hugsað sjer að næði fram að ganga. Yfirfiskimatsmennirnir eiga að koma saman til fundar undir forustu þessa eftirlitsmanns, og ný reynsla verður flutt heim á ári hverju við ferðir hans til útlanda. En nefndin álítur, að till. hans sjeu með öllu óþarfar, ef hugmynd nefndarinnar nær fram að ganga. Jeg vildi að endingu segja það, að jeg skil vel, að ráðgjafar háttv. þm. Borgf., sjálfir yfirmatsmennirnir, kæri sig ekkert um neinn yfirmann og áliti sig einfæra að vinna þetta verk. En það er engin sönnun þess, að verkið geti ekki orðið betur unnið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla aðeins að spyrja hv. sjútvn., hvort hún sje því ekki samþykk, að málið verði tekið af dagskrá í dag, þar sem komin er fram brtt., sem fer fram á gagngerða breytingu á frv. og erfitt að átta sig á henni í skjótri svipan, enda er henni fyrst útbýtt nú á fundinum. Í öðru lagi er frv. flutt af sjútvn. aðeins sem ákvæði til bráðabirgða, og vil jeg því fá tækifæri til þess að ræða málið nánar við nefndina. Þótt málið verði tekið út af dagskrá nú, sje jeg enga hættu á því, að það dagi uppi, þar sem hjer er ekki um neinn stórvægilegan lagabálk að ræða og enn

er langt til þingloka. Jeg vona, að nefndin taki þetta til greina og leyfi mjer svo að ræða við sig um málið.

Sigurjón Jónsson: Jeg tel sjálfsagt að verða við tilmælum hæstv. atvrh. og geymi því það, sem jeg ætlaði að segja, þangað til málið verður aftur tekið fyrir.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til framh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 108, 175, 206).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það, sem gerst hefir frá því að þetta mál var hjer til 1. umr., er í raun og veru ekki annað en að komið hafa fram tvær brtt., og hygg jeg þó, að önnur þeirra hafi verið komin áður en 1. umr. lauk, þ. e. a. s. brtt. á þskj. 175. Hin brtt. er á þskj. 206. Hvortveggja þessi brtt. hefir verið athuguð í sjútvn. og bornar saman við frv. og lögin, og hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að fallast á tillöguna á þskj. 206. Hinsvegar getur hún ekki aðhylst till. á þskj. 175. Virðist sú till. ekki líkleg til að bæta úr ósamræmi fiskimatsins, en með henni er auk þess stofnað til óþarfs kostnaðar, sem hæpið er, að tilætlaðan árangur geti borið.

Um till. á þskj. 206 má segja, að hún sje lítið annað en orðabreyting á frv.; efnisbreyting getur það engin heitið, önnur en sú, að gert er ráð fyrir, að ætið skuli saltfiskur metinn, sem keyptur er af útlendum skipum, hvort sem hann er fluttur strax til útlanda eða geymdur, og það tel jeg til bóta, að taka þetta berum orðum fram, án þess þó að lögfesta skyldumat á saltfiski að öðru leyti, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

Jeg finn enga ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, nema tilefni verði þá gefið frá öðrum, því að þetta litla mál er svo augljóst og einfalt, enda talsvert rætt við 1. umr.

Nefndin leggur því til, að brtt. á þskj. 206 verði samþ., en verður að leggja á móti brtt. á þskj. 175.

Pjetur Ottesen: Jeg vona, að það reiknist mjer ekki sem ræða nú við þessa umr., þó að jeg komi hjer fram með tilmæli til hæstv. forseta. Jeg vildi óska þess, að þeir menn, sem nú vilja taka til máls í þessu mikilsverða máli, þyrftu ekki að tala hjer yfir tómum stólum, því að það er tilgangslítið, og takist ekki hæstv. forseta að hóa þingheimi saman, þá óska jeg, að málið sje tekið út af dagskrá, þar til betur gengur. (**KlJ** og **TrÞ:** Alveg rjett!).

Forseti (BSv): Mjer virðist sem hv. þm. hafi gengið svo fram af sjer við málið, sem var hjer á dagskrá næst á undan (þ. e. frv. um bankavaxtabrjef), að þeim sje nokkur vorkunn, þótt þeir fari niður á Kringlu að fá sjer kaffi, og veiti því fundarhlje í fjórðung stundar, þar til kl. er 3½. (**PO:** Það væri ágætt!).

Fundarhlje.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkurum orðum um breytingar þær á fiskimatslögunum, er hjer liggja

fyrir. Jeg tek það fram, að 1. gr. frv. er til mikilla bóta. En það er erfitt að uppfylla skilyrði þessarar gr., sem sje það, að allur fiskur skuli metinn án undantekningar. Það er vitanlegt, að fiskurinn er að mestu leyti fluttur út, en tiltölulega mjög lítið notað innanlands. En það eru erfiðleikar á þessu, og kostnaðurinn verður tvöfaldur, er meta þarf upp allan fiskinn. Er þetta því bæði dýrt og óviðeigandi, þar sem kaupandi og seljandi koma sjer saman um að kaupa fiskinn upp til hópa, án tillits til þess, hvort hann er nr. 1 eða 2. Upphaflega hefir þetta verið sett til þess að hvetja menn til þess að vanda betur vörugæðin en áður. Stendur þá líka kaupandi betur að vígi gagnvart þeim, er hafa óvandaða vöru.

Aftur á móti er viðbótartill. hv. sjútvn. við 7. gr. fiskimatslaganna þess eðlis, að jeg tel óliklegt, að hún nái tilgangi þeim, sem nefndin ætlast til. Það er kunnugt, að mat og yfirmat er mjög vandasamt verk og er ilt að samræma það. Er mikið komið undir smekk og tilfinningu þeirra manna, sem það eiga að framkvæma. Örðugleikarnir eru margir, en verst er, að þessir menn eru ekki sjálfstæðir menn með sjálfstæða þekkingu á þessum efnum. Hjer er ekki hægt að þjóna tveim herrum. Það er nú oft svo, að seljendur vilja, ef til vill, hafa áhrif á matið. En skylda matsmanna er fyrst og fremst sú, að gera bæði kaupendur og neytendur ánægða. Í flestum tilfellum verða menn að hafa þá fyrir augum. Það er óhætt að segja, að undir því sje velferð fiskmarkaðarins komin, að fiskimatsmennirnir sjeu fullfærir og þeim megi treysta. Með brtt., sem nefndin gerir við 7. gr., er ekki sjeð fyrir þessu að öðru leyti en því, að maður sje fenginn til þess að reyna að samræma matið. En hvergi er gert ráð fyrir því, hvar hann eigi að fá það samræmi, sem fullgilt sje. Það er auðvitað ekki einhlítt, þó að hann sæki fróðleik sinn til Spánverja og hagi sjer í einu og öllu eins og þeir vilja, sem versla með fiskinn. Hann verður þó að hafa einhverja sjálfstæða þekkingu. Jeg held, að viðbótartill. hv. þm. Borgf. sjái sæmilega fyrir þessu. Þegar matið var fyrst lögleitt, var sá maður sendur utan, er fært hefir landi voru mesta peninga og gert því stórgagn. Hann fór til neyslulandanna og kynti sjer kröfur kaupendanna og starfaði svo einarðlega eftir því. Það var aðeins eitt, sem okkur fanst hann heldur fastheldinn við, og það var, að hann krafðist hærra þurkstigs en Spánverjar heimtuðu. Hann áleit nefnilega, að það þurkstig þyldi ekki hitann, er fiskurinn kæmi suður í lönd. Seinna var matið linað, þannig, að það var meira við hæfi neytenda. En ekki var þó ráðin veruleg bót á þessu fyr en 1922, er sendir voru utan tveir menn, yfirfiskimatsmennirnir frá Reykjavík og Ísafirði. Jeg var með í þessari för, og jeg verð að segja, að þeir fóru mjög samviskusamlega með erindi sitt. Þeir töluðu við kaupendur og öfluðu sjer víðtækrar þekkingar. Mun einnig þessi för vera búin að gefa af sjer margar miljónir króna. Það er því nauðsynlegt fyrir yfirfiskimatsmennina sjálfa að kynna sjer vandlega kröfur kaupenda og neytenda. En sjálfstæðrar þekkingar í þessum efnum geta þeir ekki aflað sjer á annan hátt en þann, að leita sjer upplýsinga um þetta í þeim löndum, sem fiskurinn á endanlega að fara til. Jeg hygg, að sú þekking verði traustari og haldbetri,

sem þessir menn afla sjer sjálfir á þennan hátt. Þó mikið sje talað um samræmi í mati, þá er líka margt fleira, sem kemur til greina. Fiskurinn er t. d. mismunandi litur. Vestmannaeyjafiskur er öðruvísi á litinn en Reykjavíkurfiskur. Jeg fyrir mitt leyti hefi litla trú á því, að maður sá, sem ferðast um landið, gæti samræmt lit fiskjarins og þurkstig hans. Mjer er kunnugt um, að hjer í bænum er einhver besti matsmaðurinn, sem við eigum, og getur hann þó ekki sjeð um samræmi í matinu á öllum stöðum hjer í bænum, þegar metið er á 8—9 stöðum í einu. Þar eru hvorki sömu augu nje hendur að verki, og því verður alt töluvert mismunandi. Þegar þessu er nú þannig varið hjer í Reykjavík, hvaða gagn mundi þá vera að manni, sem ferðaðist fjörð af firði og yrði að fara nokkuð hart yfir. Jeg hygg, að með þessu móti yrði ekki um mikið samræmi að ræða; jeg hygg, að það fyrirkomulag væri betra, að yfirmatsmennirnir hittist árlega í Reykjavík og beri sig saman um aðfinslur kaupenda o. fl. Slíkur hlaupandi ferðalangur, sem hjer er um að ræða, getur ekki haft mikinn íhlutunarrjett um það, hvernig undirmatsmennirnir rækja störf sín. Lögin gera ráð fyrir því, að yfirmatsmennirnir ferðist um umdæmi sín og leiðbeini um verkun fiskjar, og álít jeg, að það geti komið að góðum notum. Þegar yfirmatsmaður fór til Vestmannaeyja, þá bætti hann mikið verkunaraðferðina þar. Það er ekki hægt að framleiða góða vöru, nema varan sje vel úr garði gerð frá fyrstu hendi.

Jeg mun að öðru leyti ekki skifta mjer mikið af máli þessu. Mjer virðist sjútvn. hafa verið óheppin í afskiftum sínum af þessu máli. Tel jeg sjálfsagt að fella þessa brtt. hennar um ferðalanginn. Aftur virðist mjer brtt. hv. þm. Borgf. miða í rjetta átt. Það er mikið vit í því, að láta yfirfiskimatsmennina fara oft til Spánar eða viðskiftalandanna til þess að kynna sjer vilja kaupenda þar. Það er farsælast, að þeir sæki þekkingu sína til neyslulandanna, því að starf þeirra á að vera fólgið í því að vinna fiskinum álit og markað þar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en aðeins taka það fram aftur, að mjer virðist sjútvn. hafa tekist óheppilega til í brtt. sínum.

Pjetur Ottesen: Mjer virtist, að hv. frsm. sjútvn. (SvÓ) í þessu máli væri allsendis ókunnugt um, hvað rætt var um málið hjer á dögunum. Mjer skildist það á þeim skilaboðum, sem hann bar mjer frá sjútvn., að hún mundi verða á móti brtt. minum á þskj. 175, vegna þess að með þeim væri stofnað til óþarfa kostnaðar. Þetta voru einu mótmælin, sem hann kom fram með gegn þessum brtt., og er jeg ber þau saman við ræðu hv. 2. þm. G.-K. hjer á dögunum, þá kemur mjer það harla undarlega fyrir sjónir, að fá slík skilaboð frá honum, og reyndar öðrum nefndarmönnunum líka, þar sem hann þóttist þá tala í nafni allrar nefndarinnar. Jeg ætla því að leyfa mjer að rifja upp gang þessa máls, svo og hvernig það hefir borið að hjer í deildinni, til þess að það skýrist fyrir hv. frsm. (SvÓ), hvað fram fór, er málið var hjer áður til umræðu. En þá var hann fjarstaddur sökum veikinda.

Samkvæmt þingsköpunum er svo fyrir mælt, að hverju lagafrv. skuli fylgja greinargerð, þar sem tekinn sje fram

tilgangur þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Auk þess er venja, að framsögumaður taki fram við 1. umr. hvers frv., sem flutt er, hver tilgangurinn sje með lagasmíðinni og hvaða verk hún eigi að vinna, ef slíkt er eigi nógu skýrt fram tekið í greinargerðinni. Þetta finnur hver einstakur þingmaður, sem frv. flytur, skyldu sína að gera. En þegar það er fastanefnd, sem að flutningi frv. stendur, þá ætti að mega vænta þess, að slík frv. væru ekki síður á þinglegan hátt fram borin, að því er þetta snertir.

En hvernig er nú þessu farið um þetta mál? Jeg sýndi fram á það, að í greinargerð frv. er aðeins talað um, að nauðsynlegt sje, að skipaður sje maður til eftirlits og samræmingar í matinu, og ferðaðist hann um landið í þessu skyni. Þetta tók hv. frsm. sjútvn. einnig fram í ræðu sinni, og mintist ekki á, að neitt meira byggi undir þessu hjá sjútvn. Hv. frsm. sagði meðal annars, þegar hann var búinn að tala um 1. gr. frv.:

„Annars kyns er breytingin í 2. gr., sem er afleiðing af kvörtunum þeim, er fram hafa komið um það, að ósamræmi væri á fiskimatinu í hinum ýmsu landshlutum. Yfirfiskimatsmennirnir ferðast hver um sitt svæði til eftirlits, en þeir hafa ekkert fast samband sín á milli, og því er ekki ætlað samræmi í gerðum þeirra."

Síðan heldur hann áfram, að tilætlan nefndarinnar sje, að þessi maður ferðist um landið; ferð hans sje nánast rannsóknarferð; síðan leggi hann árangur ferðalags síns fyrir nefnd manna hjer, stjórn Fiskifjelagsins, Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda og útgerðarfjelögin. Þetta er alveg í samræmi við orðanna hljóðan í frv., og hv. frsm. gat ekkert um annað en að þetta væri frambúðar skipulag. Hann gat ekkert um það, að annað eða meira byggi undir þessu. Samkvæmt frv., grg. og framsöguræðunni var því ekki sjáanleg nein endurbót á því ósamræmi, sem nú er sagt að sje á fiskimatinu, önnur en sú, sem leitt gæti af yfirreið þessa farandmanns, sem er algerlega valdalaus — og um þekkinguna fer auðvitað eftir atvikum — og sem hvorki er fugl nje fiskur til þessa starfs, eins og hv. 2. þm. G.-K. komst að orði um hann í ræðu sinni.

Þannig lá þetta mál fyrir, þegar jeg bar fram brtt. mínar, og það liggur þannig fyrir enn, því hv. sjútvn. hefir ekki komið fram með neinar breytingar við það.

Að jeg hefi gert þetta að umtalsefni, eða rifjað upp, hvernig mál þetta hefir borið hjer að, stafar af því, að þegar jeg var búinn að gera grein fyrir mínum brtt. á þskj. 175 hjer á dögunum, þá reis hv. 2. þm. G.-K. upp og talaði langt mál um þetta frv. sjútvn. Þá sýndi það sig, að þetta frv. gefur ekki nema að örlitlu leyti hugmynd um það, sem vakir fyrir sjútvn. að gera beri til endurbóta á fiskimatinu, eftir því sem marka mátti af orðum þessa hv. þm. Munurinn er hvorki meiri nje minni en sá, að í stað þessa veslings farandfiskimatsmanns, sem er algerlega valdalaus og sem hv. 2. þm. G.-K. tók rjettilega fram um, að hann væri hvorki fugl nje fiskur í þessari mynd. Í stað þessa manns hugsar nefndin sjer að setja á stofn nýtt embætti. Jeg bið hv. frsm. (SvÓ) að taka vel eftir þessu. Í þetta embætti á svo að skipa mann, sem sje hæstráðandi í þessum málum, yfirmaður allra núver-

andi yfirfiskimatsmanna. Hann á að vera hjer á ferðalagi alt sumarið, en á svo að fara á hverju hausti með farfuglunum til Miðjarðarhafslandanna, koma aftur með þeim á vorin. Munurinn á frv. og því, sem hv. þm. sagði, að fyrir sjútvn. vekti, var hvorki meiri nje minni en þetta! Hv. þm. talaði svo öðrum þræði um þetta frv. sem nokkurskonar inngang að því, að koma stóru hugmyndinni í framkvæmd, en að öðrum þræði talaði hann svo um frv., sem með því væri þetta fyrirkomulag lögfest. En það gerði hann, þegar hann var að gera samanburð á mínum brtt., sem hjer liggja fyrir, og þessu fyrirkomulagi. Hann bar þetta þannig saman, að svo virtist sem hann ætlaðist til að málið yrði afgreitt á þessum grundvelli. En sá samanburður á alls ekki við, eins og málið raunverulega liggur fyrir, og er ekki og getur ekki verið til annars gerður en að villa mönnum sýn. Hjer getur ekki verið um annan samanburð að ræða en þann, að bera saman till. sjútvn., eins og þær eru í frv., og brtt. mínar á þskj. 175. Það er augljóst mál, að við afgreiðslu þessa máls verða menn að taka afstöðu eftir tillögum þeim, sem hjer liggja fyrir. Er þá annarsvegar að ræða um þessa tilraun sjútvn. með farandfiskimatsmanninn, sem raunar á ekki að meta neinn fisk, og hinsvegar brtt. mínar um það, að þegar sjeu gerðar raunverulegar ráðstafanir til þess að ráða bót á því, sem áfátt kann að vera í þessu efni. Með mínum tillögum er lagður grundvöllur að því, að auka raunverulega þekkingu yfirmatsmannanna sjálfra, með því að gefa þeim kost á að fara til Miðjarðarhafslandanna, til þess að sjá með eigin augum, hvaða kröfur neytendur gera um verkun fiskjarins og alla meðferð. Ennfremur eru gerðar þær ráðstafanir, sem langliklegastar eru til þess, að koma samræmi á matið, með því að kveða svo á í lögunum, að þeir eigi fund með sjer einu sinni á ári til þess að ræða um þessa hluti.

Menn verða því að velja á milli þessara tveggja tillagna, þess annarsvegar, að slá öllum umbótum á fiskimatinu á frest um óákveðinn tíma, eða hinsvegar að fara eftir mínum tillögum og gera þegar í stað raunhæfar endurbætur á þessu sviði. Þannig liggur þetta mál fyrir.

Hv. 2. þm. G.-K. gerði enga tilraun til þess í ræðu sinni að halda því fram, að till. sjútvn., eins og þær eru í frv., jafngiltu að nokkru leyti mínum till. Hann viðurkendi meira að segja, að í mínum tillögum fælust viðtækari endurbætur, svo sem för yfirfiskimatsmanna til Miðjarðarhafslandanna. Þetta er auðvitað rjett hjá hv. þm., og er þetta fullkomin viðurkenning af hans hendi fyrir því, að mínar till. taki langt fram tillögum sjútvn., eins og þær liggja fyrir. En hans ræða gekk öll út á það, að reyna að færa rök að því, að sú tilhögun, sem hann og sjútvn. hefðu komið auga á einhversstaðar úti í framtíðinni, mundi taka mínum tillögum fram og vera raunhæfari en þær. En þar sem engar tillögur í þessa átt liggja hjer fyrir, þá er í raun og veru ekki nein ástæða til þess að fara neitt út í þennan hluta ræðu hans og gera samanburð á mínum tillögum og hinum fyrirhuguðu tilætlunum hans eða nefndarinnar. Það er síður en svo, að sú tilhögun, sem hann hjelt þar fram, raskaði nokkru um þá skoðun, sem jeg hefi myndað mjer um það, hvað tiltækilegast sje að

gera í þessu máli og hvað líklegast sje til úrlausnar. Skal jeg nú minnast nokkuru nánar á ræðu hv. 2. þm. G.-K., og kryfja til mergjar ástæður hans.

Hv. þm. gat um, að sölufyrirkomulagið á fiskinum væri þannig, að verð fiskjarins væri greitt hjer í banka, þegar hann væri kominn í skip. Og hv. þm. sagði einnig — jeg bið menn að taka vel eftir því — að aðaltryggingin fyrir kaupanda hlyti jafnan að liggja í matsskjölunum. Nú vil jeg vekja athygli á því, að þótt breyting hv. sjútvn. kæmist á, þá eru það eftir sem áður yfirfiskimatsmennirnir, sem undirskrifa matsskjölin og veita þannig tryggingguna fyrir, að fiskurinn sje rjett flokkaður og ástand hans alt svo sem tilskilið er. — Eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) gat um, þá stingur þessi ferðalangur aðeins stafni við, ef til vill á hverri höfn, og getur hvergi staðið við nema skamma stund, þar sem hann hefir alt landið til yfirferðar. — Sú raunverulega trygging, sem alt verður að byggjast á, er því samviskusemi, dugnaður, vandvirkni og áhugi yfirfiskimatsmanna, og að undirfiskimatsmenn, sem aðallega meta fiskinn, sjeu líka þessum kostum gæddir. (**ÓTh:** Var það? —). Já, það var það — jafnframt því, sem þeir hafa nána samvinnu við og eru undir eftirliti yfirfiskimatsmannanna.

Þá kom hv. þm. að því, að telja upp kosti þá, er hv. sjútvn. þættu vera á sínum tillögum. Mjer þótti hann raunar frekar vera að telja upp ókosti, því að það tel jeg ókost, að öll tilhögun á starfi þessa umferða-fiskimatsmanns sje þannig, að honum verði ekki valið virðulegra heiti en það, að hann verði hvorki fugl nje fiskur í starfinu. En það voru bæði fyrstu og síðustu orð hv. þm. um hann. Mjer finst, að þar sje enn fengin fullkomin játning um, að þessi till. sje ákaflega fányt. Þá talaði hv. þm. um þetta starf sem nokkurskonar rannsóknarstarf. Svo á að leggja rannsóknir þessa manns undir dóm yfirfiskimatsmanna í Reykjavík, og mjer skilst það vera alveg undir atvikum komið, hvernig sá dómur fellur. Jeg vil þegar í stað spyrja hv. 2. þm. G.-K., hvort þetta sje ekki rjett skilið hjá mjer. (**ÓTh:** Jeg kem að þessu á eftir.) Jeg geri ráð fyrir, að þetta hljóti að vera rjett hjá mjer, úr því að tunguhaftið á hv. þm. er svo óvenjulega stirt, að hann getur ekki svarað þessu strax. (**ÓTh:** Það verður liðugra á eftir.) — Með öðrum orðum er hjer aðeins verið að gera tilraun, sem víst er, að litla eða enga þýðingu hefir fyrir fiskmatið og alls enga á þessu ári. Það er alveg undir atvikum komið, hvort þessari tilraun verður haldið áfram, og ef aðilar þeir, sem eiga að dæma um þessar rannsóknir, álíta till. umferðafiskimatsmannsins einskis virði, þá stöndum við alveg á sama stað og áður. — (**ÓTh:** Má jeg koma með eina spurningu: Hvaða gagn yrði að till. hv. þm. Borgf. á þessu ári?). Hv. þm. spyr, hvaða gagn yrði að minni till. á þessu ári. Það yrði það gagn, að þegar, er till. hefir náð samþykki Alþingis, mundi hæstvirt landsstjórn telja sjer bæði rjett og skylt að láta yfirfiskimatsmennina koma saman á fund, svo framarlega sem hún álítur þá þörf aðkallandi að gera ráðstafanir til þess að ráða bót á fiskimatinu. Ef hv. þm. (ÓTh) er ekki fullsvarað með þessu, þá getur hann haldið áfram að spyrja.

Þá tór hv. þm. mörgum orðum um, að það yrði aldrei að neinu liði, þótt

yfirfiskimatsmennirnir kæmu saman á fundi hjer í bænum. Að vísu dró hann ekki í efa, að þeir mundu geta komið sjer saman um hitt og þetta, en þeir hefðu ekkert úrskurðarvald og enga aðstöðu til að geta skoðað fisk á ýmsu þurkstigi til að geta borið sig saman, þegar þeir væru hjer í bænum. Jeg vil nú benda hv. þm. á, að þeir hafa allir hið æðsta vald, hver í sínu umdæmi. (**ÓTh:** En hver hefir æðsta vald á sameiginlegum fundi þeirra?). — Til þess að svara þessu, þarf aðeins að benda á, um hvað þeir eru að ræða á þessum sameiginlega fundi. Þeir eru að tala um þær endurbætur, sem hver um sig geti gert á fiskimatinu í sínu umdæmi, og er þar með lagður grundvöllurinn að því fylsta samræmi í matinu, sem hægt er að ná. Það eina, sem til spillis gæti orðið, væri það, ef þeir kæmu sjer ekki saman. En hv. 2. þm. G.-K. fullyrðir, að til slíks muni aldrei koma.

Þá er hitt atriðið, að þeir hefðu ekki fisk á ýmsu verkunarstigi til að athuga, ef þeir kæmu til dæmis hjer saman að vetrarlagi. Þessi mótbára hefði e. t. v. verið einhvers virði fyrir mörgum árum. En nú hafa orðið svo miklar framfarir í fiskverkun, að þessi mótbára nær engri átt. Nú eru komin fiskþurkunarhús í flestum stærri kaupstöðum, og hjer eru þau á hverju strái. Þar má á hvaða tíma sem er fá fisk á flestum eða öllum þurkunarstigum. Hv. 2. þm. G.-K. á t. d. yfir að ráða einu slíku þurkhúsi, og jeg þykist vita, að hann yrði manna fúsastur til að leyfa fiskimatsmönnunum að athuga fisk hjá sjer. (**ÓTh:** Veit hinn fróði þm. ekki, að sólþurkaður og húsþurkaður fiskur er alveg ólík vara?). Rjett er það, en hjer ræðir ekki um að athuga þann gæðamun, sem er á sólþurkuðum fiski og þeim, sem þurkaður er við kolahita. Hjer á aðeins að athuga herslustig fiskjarins, og þar hygg jeg, að á sama standi, hvor verkunaraðferðin er höfð. Fiskimatsmennirnir geta því altaf haft hjer nægan fisk til athugunar og komið sjer saman um, á hvaða herslustigi $\frac{1}{1}$, $\frac{7}{8}$ og $\frac{3}{4}$ þurkaður fiskur eigi að vera. Þar með er tilganginum náð. Það var hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) — elsti og reyndasti maður í þessum efnum af þeim, sem hjer eiga sæti — sem sagði, að það væri einmitt í þessum atriðum, sem fiskverkun væri helst áfátt. Fiskimatsmennirnir gætu m. a., og mundu gera, að taka til athugunar það ósamræmi, sem sagt er að eigi sjer stað um Labradorfisk, ekki einasta um þurkun þessa fiskjar, heldur og, hvernig hann skuli flattur. Þar skiftir miklu máli, hvort fiskurinn er flattur aftur úr eða skorið út úr aftan við gotraufina.

Jeg verð því að álíta, að þetta sje langbesta leiðin, sem enn hefir verið orðuð, til þess að koma lagi á fiskimatið. Óttinn um, að fiskimatsmennirnir hafi ekki fullkomið vald til að ráða sínum ráðum, er ástæðulaus með öllu.

Þá tók hv. þm. (ÓTh) mjög vel þeirri till. minni, að senda fiskimatsmenn öðru hverju til Miðjarðarhafslanda. Hann viðurkendi, að gott væri að þeir sæju með eigin augum þær kröfur, er neytendur gera til fiskjarins, og fann það helst að, að mínar till. færu of skamt, þar sem ekki væri gert ráð fyrir, að nema einn maður færi annað hvert ár eða tveir þriðja hvert ár. Sagði hv. þm., að sjútvn. hefði hugsað sjer, að þessi nýi yfirfiskimatsmaður færi árlega til Miðjarðarhafslanda, og

var svo að sjá, sem hv. nefnd áliti það óhugsandi eftir mínum till. En þær eru einmitt svo orðaðar, að yfirfiskimatsmennirnir skuli sendir a ð m i n s t a k o s t i svo oft sem þar segir, og er landsstjórninni því heimilt að senda þá oftar, ef henni þykir þörf á.

Mjer kom það nokkuð spánskt fyrir, þegar hv. frsm. kom með þau skilaboð frá sjútvn., að henni þætti stofnað til óþarfa kostnaðar með till. mínum, hvað snertir þessar ferðir til Miðjarðarhafslandanna. Mjer þykir vænt um að sjá það, sem jeg raunar þóttist strax vita, að þessi skilaboð voru ekki frá hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Hann ber áreiðanlega svo gott skyn á, hve nauðsynlegur þáttur það er í því, að framleiða góða vöru og við hæfi fiskneytendanna, að yfirmatsmennirnir eigi kost á því að kynnast af eigin sjón og reynd kröfum þeirra um ásigkomulag fiskjarins, þó að honum skjátlist mjög skarpsýnin að öðru leyti í þessu máli.

Nú má benda á, að eftir þeirri till., sem hjer liggur fyrir frá hv. sjútvn., á enginn maður að fara þessar suðurferðir. Og þótt það kæmist í framkvæmd, sem hv. 2. þm. G.-K. vill og segir, að sjeu framtíðarhugmyndir og markmið sjútvn. — en því er nú reyndar mótmælt af öðrum nefndarmönnum — að þessi umferðafiskimatsmaður færi árlega til Spánar eða Ítalíu, þá er þar með gersamlega útilokað, að yfirfiskimatsmennirnir, sem ábyrgðina eiga að bera, sjái með eigin augum, hvaða kröfur neytendurnir gera. En það taldi hv. þm. (ÓTh) einmitt mjög mikilvægt atriði. Þarna stangast þetta framtíðarskipulag hans á við hans eigin skoðun, eins og hún er nú.

Það er öllum kunnugt, hve mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn starf Þorsteins heitins Guðmundssonar yfirfiskimatsmanns hefir haft. Að kunnugra manna dómi var grundvöllurinn að starfi hans lagður með för hans til Spánar. Og það hefir verið upplýst af hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að sendiför fiskimatsmanna til Spánar fyrir þrem árum hafi flutt inn í landið miljónagróða. (**ÓTh:** Þetta voru rangar upplýsingar.) Það geta þeir ást við um, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K., sín á milli. Jeg vil aðeins segja, að jeg ber fult traust til hv. 3. þm. Reykv. um að færa rök fyrir sínum málstað.

Hv. þm. (ÓTh) var ennfremur að tala um, að jeg hefði ráðgjafa í þessu máli. Við þekkjum nú úr sögum og æfintýrum frá gömlum tímum margskonar ráðgjafa, og hv. þm. virðist halda, að jeg hafi einhverja af hinum vondu ráðgjöfum, þar sem væru fiskimatsmennirnir. — Ónei, jeg hefi nú enga þesshátt ráðgjafa haft, er jeg samdi till. mínar. Hitt virtist mjer sjálfsagt, að bera tillögurnar undir þá, því að þótt þeir sjeu ekki óskeikulir, frekar en aðrir menn, þá sýndist engin goðgá að leyfa þeim að láta í ljós álit sitt um þetta mál, sem þeim öðrum fremur er kunnugt um og snertir þá mjög mikið. Þessir menn finna fullkomlega til ábyrgðar þeirrar, sem á þeim hvílir í starfi þeirra, og vita áreiðanlega öðrum fremur, við hvaða erfiðleika er hjer að stríða. — Fiskimatsmönnum ætti að vera það kunnugast sjálfum, hvar skórinn kreppir. Álits yfirfiskimatsmannanna leitaði jeg ekki fyr en till. mín var komin fram. Niðurstaðan, sem yfirfiskimatsmennirnir hafa komist að við athugun á þessari tillögu, varð sú, að 4 af 5 hafa lýst yfir eindregnu fylgi

sínu við mínar till., en til hins 5. hefir ekki náðst. Auk þess liggur fyrir tillaga, sem samþykt var á aðalfundi Fiskifjelagsins, en hann stóð yfir um það leyti, sem jeg kom með till. mínar. Sú samþykt hljóðar svo:

„Aðalfundur Fiskifjelags Íslands skorar á Alþingi að hlutast til um, að fiskimatið verði betur samræmt en átt hefir sjer stað undanfarið. Telur fundurinn það nauðsynlegt, að yfirfiskimatsmenn komi saman á fund einu sinni á ári, hjá atvinnumálaráðuneytinu, og að yfirfiskimatsmennirnir færu til markaðslandanna, einn eða tveir, a. m. k. annaðhvert ár."

Þetta er nú álit aðalfundar Fiskifjelagsins um þær till., sem hjer liggja fyrir. Virðist mjer undarlegt, ef hægt er að ganga steinþegjandi fram hjá áliti þess aðila.

Jeg geri ráð fyrir, að umræðu verði frestað og fundi slitið, þegar jeg hefi lokið máli mínu. Jeg get búist við, að háttv. 2. þm. G.-K., og ef til vill fleiri flm. þessarar till., hafi eitthvað við það að athuga, sem jeg hefi nú sagt. En jeg hefi talað tvisvar, svo að eftir þingsköpum er jeg „dauður". Því vil jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að hann veiti mjer framsögumannsrjett og leyfi mjer að tala einu sinni enn, er málið kemur aftur á dagskrá. Till. mínar eru þess eðlis, að það virðist rjettmætt að heimila þetta, enda þótt jeg hafi kosið að bera þær fram sem brtt., frekar en í frv.-formi.

Að síðustu vil jeg þakka hv. 3. þm. Reykv., sem um þessi efni hefir meiri reynslu og þekkingu en nokkur annar háttv. þm., hve vel hann hefir tekið till. mínum.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til framhalds 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 108, 175, 206).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Mjer kom það mjög á óvart, hve mikill gustur var gerður að þessu frv. við fyrri hluta þessarar umr., sjerstaklega vegna þess, að þeir, sem mótmælum hreyfðu gegn frv., virðast þó sammála sjútvn. um að gera þurfi þær tvær aðalbreytingar á fiskimatslögunum, sem nefndin flytur.

Þær tvær brtt., sem fram eru komnar við frv. á þskj. 175 og 206, og sem báðar eru frá hv. þm. Borgf., sýna þetta best. Þær eru að miklu leyti eins og nefndin hafði hugsað þær að efni til, og að því er snertir brtt. á þskj. 206, þá er enginn ágreiningur um hana milli nefndarinnar og hv. flm. Í brtt. á þskj. 175 er aðeins um að ræða fyrirkomulagsatriði, en ekki stefnumun. Sjútvn. hefir í frv. á þskj. 108 lagt til, að fiskimatið yrði samræmt um land alt með leiðbeiningum hæfs manns, sem ráðherra skipaði til þess að líta eftir því, ferðast um og gefa ráð og bendingar. Hv. þm. Borgf. vill aftur fá samræmingu með fundahöldum yfirfiskimatsmanna og utanförum þeirra til skiftis. Auðvitað má líta svo á, að eftirlitsmaðurinn, eftir till. nefndarinnar, verði einskonar húsbóndi yfirfiskimatsmanna, þótt ekki sje það fram tekið í frv. En við það er ekkert að athuga, og ætla verður, að yfirfiskimatsmenn

tækju fúslega til greina allar bendingar eftirlitsmanns.

Jeg held því fram, eins og jeg hefi áður gert, að jeg sje enga leið til þess, að samræma fiskimatið um alt land, nema því aðeins, að einhver einn yfirfiskimatsmaður fari um helstu útflutningsstaði og leiðbeini. Jeg hefi enga trú á því, að samræmi fáist í fiskimatið, þótt fiskimatsmenn komi hjer saman einu sinni á ári til þess að skeggræða um það. Þeir mundu vanalega koma saman á vetrum, en þá hafa þeir ekki allar þær kröfur fyrir sjer, er komið geta til greina, þegar á að fara ag flytja fiskinn út að vori eða að sumrinu. Og jeg tel ekki heldur, að utanfarir fiskimatsmanna mundu koma á betra samræmi um mat en nú er. Það er kunnugt, að matskröfurnar breytast sí og æ frá ári til árs, og gefur að skilja, að slíkar kröfur, svo sem um herslustig fiskjarins með ⅓, ¾ eða ⅞ herslu muni geta valdið misjöfnum skilningi, er fara skal eftir táknum brotanna einum.

Hv. þm. Borgf. tók það fram við fyrri hluta þessarar umr., að jeg hefði komið með skilaboð frá sjútvn. um það, að hún teldi brtt. hans á þskj. 175 aðeins leiða til aukins kostnaðar, en enga þýðingu hafa að öðru leyti. Þessi skilaboð komu ekki frá nefndinni, heldur lýsti jeg það skoðun mína, að mikinn kostnað mundi hún hafa í för með sjer og lítinn ávinning. En hinu skilaði jeg frá nefndinni, að hún fjellist á brtt. á þskj. 206. Lengra náðu þau skilaboð ekki.

Hv. þm. Borgf. tók það fram um gagnsemi utanfara yfirfiskimatsmanna, að þeir styddu sjálfir þá hugmynd. Jeg skil það vel, að þeir mundu fúsir til að taka á móti opinberum styrk til þess að ferðast fyrir til Spánar annaðhvort ár og ljetta sjer upp. En hitt get jeg ekki skilið, að þeir þurfi að fara þangað til þess að læra að meta fiskinn. Fiskimat er ekki sú íþrótt, að æfa þurfi um langan tima, eða venjast nýjum aðferðum við að framkvæma. Leiðbeining frá hæfum manni og sýnishorn geta vel nægt fiskimatsmanni til þess að þekkja nýjar kröfur.

Jeg ætla ekki að svara þeim köpuryrðum, sem hv. þm. Borgf. vjek að mjer, sjútvn. og frv., en því lýsti hann svo, að það væri hvorki fugl nje fiskur. (**PO**: Þau orð komu frá hv. 2. þm. G.-K.). Jæja, það skiftir minstu fyrir málið, hvaðan háttv. þm. lánaði þessi orð, en frá honum komu þau. Hinsvegar vil jeg taka það fram, nú þegar, að öllu því, sem hv. þm. Borgf. hefir ætlað sjer að ná með brtt. á þskj. 175, samfundi yfirfiskimatsmanna og utanförum, er hægt að ná með einfaldri þál., án þess að lögfesta það. Og sýni það sig, eftir að frv. er samþ., að slíkar ráðstafanir sjeu nauðsynlegar, þá má vist gera ráð fyrir því, að þeirra verði krafist. Fæ jeg því ekki sjeð, að neitt sje við það unnið að samþ. brtt. á þskj. 175 og verð því, fyrir hönd sjútvn., að óska þess, að þær verði feldar.

Þau önnur meðmæli, er hv. þm. Borgf. studdi till. sínar með, svo sem umsögn Fiskifjelagsins, met jeg að vísu, en jeg efast þó um, að Fiskifjelagið hafi skoðað þetta mál niður í kjölinn, og vist er það, að fjelagið hefir ekki borið sig saman við sjútvn. þingsins um þetta mál, sem þó lá næst.

Að svo komnu þarf jeg ekki að taka fleira fram.

Ólafur Thors: Áður en jeg kem að

sjálfu málinu, þykir mjer rjett að leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÓl).

Hv. þm. gat þess, að árið 1921 hefðu yfirfiskimatsmenn farið til Spánar, og hefði árangur þeirrar ferðar orðið hinn glæsilegasti. — Þeir hefðu flutt heim nýjungar, er fært hefðu landsmönnum miljóna gróða.

Þarna hefir hv. þm. ruglast dálítið í ríminu, því að mennirnir fóru hjeðan ekki fyr en síðla hausts 1921 og komu aftur um vorið 1922, en nýjungin, sem hv. þm. (JÓl) á við, var flutt hingað vorið 1921. Það er sannanlegt, að eitt fjelag hjer í bænum hafði fengið fulla vissu fyrir því, að fiskur hjeðan frá Faxaflóa, sá, er sendur var til Barcelona, var þurkaður of mikið. Fjelag þetta seldi þangað fiskfarm árið 1921, en fjekk á eftir skriflega yfirlýsingu kaupanda um það, að betra væri að fiskurinn væri ekki þurkaður eins mikið og venja hefði verið, en slíkar skriflegar yfirlýsingar höfðu til þessa reynst ófáanlegar. Gegn þessari yfirlýsingu gekk yfirfiskimatsmaður hjer inn á það, að láta framkvæma hið nýja mat — þetta sem við köllum „⅞ verkað". Þegar svo þessi farmur kom til Barcelona, reyndist hann svo vel og fjell kaupendum svo vel í geð, að þeir keyptu tvo farma að nýju, með því skilyrði, að fiskurinn hefði fengið sömu þurkun og hinn farmurinn.

Með þessu var grundvallaður sá miljónagróði, sem hv. þm. (JÓl) var að tala um. Hitt er rjett, að frá árinu 1921 fór það að tíðkast meir en áður, að Íslendingar færu til Miðjarðarhafslandanna. Ein slík för in var sú, er hv. þm. gat um. Tóku þátt í henni framkvæmdarstjórar, verkstjórar og matsmenn, og efa jeg ekki, að för sú hefir orðið ferðamönnunum til gagns á einn og annan hátt.

Jeg kem þá að sjálfu málinu. — Þótt undarlegt sje, hefir nýmæli þetta, er sjútvn. flytur, mætt alveg óvæntri mótspyrnu hjá hv. þm. Borgf., og mjer virðist, að hv. 3. þm. Reykv. standi nærri honum. Um báða þessa vini sjávarútvegsins er það sameiginlegt, að heggur sá, er hlífa skyldi. Ef jeg þekti eigi skarpleik þessara manna, en ekki mannkosti, mundi jeg gera þeim þær getsakir, að þeim þætti mikils um vert í umbótastarfseminni sjávarútveginum viðkomandi, að uppástungurnar væru undan þeirra eigin rifjum runnar. En með því nú jeg veit, að þessir hv. þm. eiga sammerkt í því, að vera frægari að öðru en metorðagirnd, geri jeg þeim engar slíkar getsakir, en verð þá hins vegar að játa, að eigi veit jeg hvað veldur aðstöðu þeirra til málsins og málflutningi öllum. Þótt nú umr. hafi borið vott um töluvert kapp af andstæðinganna hálfu, ætla jeg að kúga þá ríku tilhneigingu, sem jeg finn hjá mjer til þess að gjalda auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, svo að ekki verði sagt, að við nefndarmenn teflum málinu í voða að óþörfu. En ekki get jeg stillt mig um að vekja athygli hv. þdm. á því, með hve miklum offögnuði hv. þm. Borgf. tók stuðningi hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli, ekki veigameiri en hann þó var. Ber þetta bæði vott um, að hv. þm. Borgf. tekur viljann fyrir verkið, og jafnframt hitt, að honum er fullljóst, að sjálfur hefir hann ekki flutt veigameiri rök fyrir sínu máli en svo, að sjerhver stuðningur, hversu lítilfjörlegur sem hann er, er honum mikils virði.

Við umr. þessa máls hefir fengist full,

einróma viðurkenning á því, að fiskimatinu er mjög ábótavant. Það er þess vegna óþarft að ræða frekar um þá hlið málsins. Jeg vind því að því, að leiða rök að því, að till. sjútvn. sjeu haldbetri í þeim efnum en till. hv. þm. Borgf.

Jeg geri ráð fyrir því, að kjarni málsins sje nú mörgum hv. þdm. hulinn þeim hjúp, er vefarinn mikli af Skaganum, hv. þm. Borgf., vafði um hann í hinni löngu ræðu sinni. Jeg mun nú reyna að afhjúpa hugmyndina, svo hún megi verða öllum ljós.

Jeg vil þá fyrst slá því föstu, að hv. þm. Borgf., sem bæði hafði hlýtt á fyrri ræðu mína í þessu máli og auk þess lesið hana í handriti þingskrifara, er með öllu óheimilt að láta sem hann viti það eitt um þetta mál, sem lesið verður á þskj. 108. Ekkert af fyrirrætlunum sjútvn. var honum hulið, þegar hann flutti síðari ræðu sína. Okkur nefndarmönnum er því fullheimilt að ræða málið með hliðsjón af hugmynd okkar, eins og hún endanlega verður, nái hún staðfestingu þingsins. En um hitt mætti spyrja, hversvegna við þá ekki þegar í stað bárum málið fram í því formi. Því skal jeg svara.

Ástæðan var sú, að jafnvel þótt við værum alveg sannfærðir um ágæti þess fyrirkomulags, er við stungum upp á, þótti okkur rjettara að láta dóm reynslunnar verða samferða skoðun okkar. Við töldum, að hið háa Alþingi mundi verða fúsara til að lögfesta hið fyrirhugaða fyrirkomulag og veita fje til þess, þegar reynslan hefði fært líkur fyrir eða jafnvel sannað ágæti þess, heldur en fyrir það eitt, að við nefndarmenn, jafnvel þótt við höfum töluverða reynslu á þessu sviði, fullyrðum, að hjer sje stigið nauðsynlegt framfaraspor.

En úr því svo er málum komið, sem komið er, verðum við nefndarmenn í bili að afsala okkur þeim tilstyrk, er við hugðum að öðlast með dómi reynslunnar, og byggja á skilningi hv. þdm. á rökum okkar einum saman.

Jeg tel, að ræðum. hv. andstæðinga verði best andmælt með því að bera saman uppástungur þeirra og okkar, en með því færi jeg vitanlega þá fórn, að neita mjer um að tæta sundur einstakar rökvillur þeirra. Uppástungur hv. andstæðinga gefur að líta á þskj. 175 og hníga að því tvennu: a ð yfirmatsmenn skuli eiga fund með sjer einu sinni á ári og ræða um endurbætur á fiskimatinu, og a ð yfirmatsmenn skuli fara til skiftis, að minsta kosti einn annaðhvert ár, til Miðjarðarhafslandanna, til þess að kynna sjer kröfur neytenda um verkun og alla meðferð fiskjarins.

Tillögur þessar eru tvímælalaust til bóta frá því sem nú er, en óþarfar, vegna þess að þær eru að mestu leyti aðeins brot úr því skipulagi, sem við höfum hugsað okkur, og beint skaðlegar verða þær, ef þær, gegn vonum okkar, skyldu verða til þess, að hefta framgang þeirrar hugmyndar, er nefndin ber fyrir brjósti. Því einar út af fyrir sig eru þær allsendis ófullnægjandi.

Jeg vil nú til samanburðar leggja fram hugmynd nefndarinnar. Við ætlumst til, að skipaður verði fiskimatsstjóri fyrir alt landið, og sje hann launaður af ríkissjóði. Hann skal hafa fulla þekkingu á allri meðferð fiskjar, frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings. Hann skal kynna sjer eftir föngum kröfur neytenda og ferðast árlega til aðalneyslu-

landanna í því augnamiði — alla jafna að vetrarlagi, en að sumrinu fer hann sem víðast um verstöðvarnar og sýnir mats- og yfirmatsmönnum, hvernig verka skuli fiskinn, svo að hann fullnægi síðustu kröfum neytenda. (**PO:** Þm. er búinn að segja þetta alt við fyrri umræðu málsins). — Já, en jeg hefi fundið, að einn okkar greindustu þm., hv. þm. Borgf., hefir ekkert af því skilið nje lært, svo að mjer finst full þörf að endurtaka það.

Vel gæti og komið til mála, að matstjórinn hjeldi námskeið fyrir mats- og yfirmatsmenn, og sýnist ekki ósanngjarnt, að þessir menn stæðust verklegt próf, áður en þeir öðlast rjettindi til fiskimats. Á þennan hátt vinnur matstjóri að því að auka þekkingu matsmanna á starfi sínu og samræma matið.

Annar og aðalþátturinn í starfi matstjórans er eftirlitið með mats- og yfirmatsmönnum. Skal hann hafa vakandi auga með starfi þeirra, og skulu yfirfiskimatsmenn skipaðir eftir till. hans. Matstjórinn hefir og æðsta úrskurðarvald í öllu því, er fiskimatið snertir, og skulu mats- og yfirmatsmenn sæta boði hans og banni í þeim efnum.

Að þessu sinni hirði jeg ekki að draga upp skýrari mynd af því, er fyrir sjútvn. vakir, en vænti, að hv. þdm. hafi skilist, að við teljum þrent nauðsynlegt til þess að sæmilegt öryggi fáist um fiskimatið. Í fyrsta lagi haldbetri þekkingu matsmanna á starfi sínu. Í öðru lagi stöðugt eftirlit með því, að þeir inni af hendi störf sín eftir því sem þeir hafa best vit á, og í þriðja lagi, að matsmannahernum verði skipað höfuð, er hafi æðsta vald í öllum ágreiningsatriðum. Í fæstum orðum: Nefndin heimtar: f r æ ð s l u, a ð h a l d og v a l d.

Hv. andstæðingar hafa nú aðeins komið auga á eina hlið þessa máls, það er að segja, nauðsynina á að auka þekkingu matsmanna. Að því marki stefna bæði till. um utanfarir þeirra og fundahöld, því á fundunum er matsmönnum ætlað að mentast fyrir fræðslu stjettarbræðra sinna, og þá væntanlega fyrst og fremst þess, er síðast hefir farið utan.

Jeg skal nú leiða rök að því, að einnig þessu marki ná háttv. andstæðingar fyr og betur, ef þeir fylgja okkur nefndarmönnum. Jeg skal þá byrja með að ráðast á sterkasta vigi andstæðinganna. Þeir munu halda því fram, að yfirmatsmönnum sje nauðsyn á því að fara utan, svo þeir megi sjá og heyra kröfur neytenda. Í þessu hafa hv. andstæðingar okkar nokkuð til síns máls. En þó er þeim hentast, að halda varlega á þessu. Í fyrsta lagi bendi jeg á, að sjútvn. hefir ekkert um það sagt, að hún ætlist til, að slíkar ferðir falli með öllu niður, en þar næst leiði jeg athygli að höfuðatriðinu, með því að biðja hv. þdm. að fylgja mjer út í veruleikann, athuga matið, eins og það er nú í framkvæmdinni. Hverjir meta fiskinn? Undirmatsmenn. En hvað gera þá yfirmatsmenn? Leggja matsmönnum lífsreglurnar, segja fyrir og sýna, hvernig meta skuli fiskinn. En nú er það einmitt yfirmatsmaðurinn, það er að segja sá, sem leiðbeinir, sem hv. andstæðingar vilja menta, en ekki þann, sem matið framkvæmir, undirmatsmanninn. — Hvaða játningu höfum við nú lokkað út úr hv. andstæðingum okkar með þessu. Í fyrsta lagi þá, að þeir meta mest kunnáttu þess, sem leiðbeinir, og í öðru lagi, að af slíkri kunnáttu er auðvelt að miðla öðrum. Eða með öðrum orðum,

að betri er matstjóri, sem fer árlega til neyslulandanna, en yfirmatsmenn, sem þangað fara tíunda hvert ár. Því að hann mentast betur og getur miðlað yfirmatsmönnum, á sama hátt og þeir miðla undirmatsmönnum nú. Mönnum þykir kanske, að jeg eigi ósannað, að matstjórinn verði betur mentaður en yfirmatsmenn. En mjer þykir augljóst, að úr því að gagnsemi utanfarar er viðurkend, hljóti sá að standa betur að vígi, sem fer árlega, en hinn, sem aðeins fer tíunda hvert ár. Og í þessu sambandi vil jeg benda á það, að yfirmatsmenn, sem ætlað er að fara utan tíunda hvert ár, fara margs á mis í för sinni, sem fellur í skaut þess, sem vanur er ferðalögum og kunnugur orðinn, eins og matstjórinn mundi verða. Hinir fyrir eru allajafna mállausir og vinafáir í ókunnu landi, skylduræknir, en þeirri stundu fegnastir, er lagt er af stað heim. Matstjórinn aftur á móti lærir málið, kynnist smátt og smátt höfuðfiskinnflytjendum. Í hvert skifti, er hann kemur til neyslulandanna, tekur hann upp þráðinn, þar sem hann slepti honum, hverfur að starfinu, þar sem það fjell niður. Hann heilsar fornkunningjunum, þakkar þeim fyrir síðast og spyr nýrra tíðinda. Á skömmum tíma kynnist hann nýjungunum, frá því hann síðast var á ferðinni, kveður og fer. — Hann fær á skömmum tíma margfalt meiri fræðslu en fiskimatsmenn mundu geta öðlast á löngum tíma. Svona mikill er aðstöðumunurinn. Það yrði því vafalaust ríkissjóði miklu ódýrara, að matstjóri færi árlega utan, en þótt yfirmatsmenn færu annaðhvert ár. Þetta veit jeg að allir skilja, sem fundið hafa mun þess, að fara sjaldan utan, og hins, að vera þar tíður gestur.

Okkur nefndarmönnum sýnist því, að með matstjóranum sje skipaður lifandi tengiliður milli framleiðenda og neytenda, stöðugur boðberi milli kröfu neytandans og þeirrar viðleitni, sem framleiðandinn æfinlega í eiginhagsmunaskyni hlýtur að vera reiðubúinn til að sýna til að fullnægja henni. Okkur sýnist þetta vera hægasta leiðin til að *flytja inn* þá þekkingu, sem nauðsynleg er til að geta *flutt út* þá vöru, sem neytandinn óskar, en að því verðum við Íslendingar að keppa, ef við eigum ekki að verða undir í bardaganum við áhugasama keppinauta.

Jeg þykist nú hafa sýnt með ljósum rökum, að jafnvel þótt þekkingin ein skifti máli, þá er skipulag það, er sjútvn. stingur upp á, mjög miklu fullkomnara en uppástungur andstæðinganna, og jeg leyfi mjer að vona, að það sje orðið öllum hv. þdm. ljóst, að aðstaða matstjóra til að afla sjer þekkingar er ólíkt betri en yfirmatsmanna, þótt þeir öðru hvoru fengju að fara utan. Um hitt verður ekki deilt, að útbreiðslu þekkingarinnar er best borgið, ef hugmynd nefndarinnar kemst í framkvæmd.

Þannig er það þá bert orðið, að, jafnvel á þessu eina sviði, er hv. andstæðingar hafa með till. sínum sýnt viðleitni til að keppa við hugmynd sjútvn., jafnvel á þessu eina sviði ná þær till. þeirra ekki hælum á till. nefndarinnar. En auk þessa skal nú sýnt og sannað, að þótt mikið ríði á þekkingunni, þá ríður hjer engu síður á öðru. Nefni jeg þar fyrst til *eftirlit með því, að farið sje eftir bestu þekkingu*. Hugmynd nefndarinnar hnígur að því,

að auka eftirlitið með störfum mats- og yfirmatsmanna. Því auk þeirrar fræðslu, er matstjórinn miðlar matsmönnum á ferðum sínum, á hann að líta eftir því, hvernig undirmenn hans inna starf sitt af hendi.

Hv. andstæðingar játuðu í ræðum sínum, að strangt eftirlit yfirmatsmanna með matsmönnum væri alveg nauðsynlegt. En mundi þá saka, að auka það með yfirferðum matstjóra? Og mundi það draga úr skyldurækni yfirmatsmanna, að þeir ættu sjer yfirmann? Nei, hjer eins og á flestum sviðum er eftirlitið einstaklingunum nauðsynlegt aðhald til að gera skyldu sína. Hv. andstæðingar játa nú kanske, að alment talið sje eftirlitið þarflegt, en halda því enn fram, er þeir áður sögðu, að matstjóri hafi ekki aðstöðu til þessa eftirlits. Þannig sagði hv. 3. þm. Reykv. „Slíkur eftirlitsferðalangur getur ekki haft áhrif á matið." — Jeg skal nú svara honum með því að láta þann tala, sem samherji hans, háttv. þm. Borgf., telur „elsta og reyndasta manninn í þessum efnum hjer í deildinni." Sá mæti maður segir í sömu ræðu og jeg áður vitnaði í: „Gildandi matslög gera ráð fyrir, að yfirmatsmenn ferðist um og leiðbeini, og álít jeg það gæti komið að góðum notum."

Jeg vænti, að óþarft sje að benda á, að einu hlýtur að gilda, hvort „ferðalangurinn" heitir yfirmatsmaður eða matstjóri. Úr því leiðbeiningar yfirmatsmanns á ferðalagi eru gagnlegar, ætti líkt að vera um leiðbeiningar matstjóra. Nefndin hefir þannig orðið svo heppin að eignast viðurkenningu þessa reynda manns á því, hvílíkt gagn matstjóri gæti unnið með ferðum sínum. Um hitt var ekki deilt, að matinu er ábótavant og þörfin því brýn.

Jeg kem þá loks að 3. kjörorði nefndarinnar, úrskurðarvaldinu. Hv. andstæðingar vita, að nú fara 5 menn með jafnt vald á þessu sviði. Þeir játa, að þessir 5 menn hafi ólíkar skoðanir á kjarna málsins — matinu. Um þetta ber till. hv. þm. Borgf. vott. Hann leggur höfuðáherslu á að samræma matið. Segir með því, sem satt er, að ósamræmi sje á því, þ. e. a. s., að yfirmatsmenn fylgi mismunandi reglum, hver í sínu umdæmi. Úr þessu vilja hv. andstæðingar bæta með því að láta þessa 5 yfirmenn hittast og ræða um matið. Jeg skal nú geta þess, að eigi fyrir löngu áttu þeir með sjer slíkan fund, og er ekki vitað, að hann hafi borið neinn árangur. Fullvíst er hitt, að gífurlegt ósamræmi er í matinu. Þess er heldur ekki að vænta, að annað spretti en sáð var. Meinið liggur í fyrirkomulaginu. Herinn er höfuðlaus; þar vantar úrskurðarvaldið. „Gerir ekkert til," segja hv. andstæðingar, „því að þessir 5 menn hafa úrskurðarvald hver í sínu umdæmi." En hvað er nú þetta? Þessir sömu hv. andstæðingar ætlast til, að yfirmatsmenn ræði um samræming á matinu. Nú er auðvitað, að matið í hverju umdæmi er spegill af þekkingu og dugnaði yfirmatsmannsins. Þegar nú hinir 5 jafnrjettháu dómarar koma saman og eftir ítarlegar rannsóknir finna út, að hver hefir sína skoðun á matinu, og haga framkvæmdum eftir því, ja, þá rísa þessar spurningar: Er jeg vitlausari en þú? Er þessi vitlausari en hinn? Heldurðu, að jeg þurfi að láta þig kenna mjer? Jeg var þó orðinn matsmaður áður en þú fæddist!, o.

s. frv. Og endirinn verður sá, að þessir 5 jafnvísu og jafnrjettháu spámenn hverfa aftur heim til síns föðurlands og setjast að hjá þeirri villu, er þeir hurfu frá.

Sjá nú ekki allir menn, að einnig af þessum ástæðum er matsstjóri nauðsynlegur? Skilur ekki hver einasti hv. þdm., hve stórkostleg framför það er, að eignast úrskurðarvald í höndum haldgóðrar þekkingar. Játar ekki hv. þm. Borgf., að hann vildi heldur vera vinnumaður en búa í sambýli við annan, ef það eitt gilti um bústjórn, sem báðir samþyktu. Veit ekki hv. 3. þm. Reykv., að sjeu skipstjórarnir tveir, er skipið í voða? Eða höfum við þdm. látið okkur nægja að ræða, hvað sje rjett? Höfum við ekki heimtað úrskurðarvaldið? Og jafnvel sjálfir flokksbræðurnir — menn, sem hafa gengið í bræðralag, vegna samstæðra skoðana — jafnvel þeir heimta sjer forystumenn, til að skera úr, þegar mest á ríður og þeir geta eigi orðið á eitt sáttir. — Nei, hv. andstæðingar verða að játa, að valdið er nauðsynlegt, jafnvel þótt þeim hafi gersamlega sjest yfir það í till. sínum. Þótt þetta þrent, fræðsla, eftirlit og vald, sje nauðsynlegt, þá er þó valdið nauðsynlegast.

Jeg þykist nú hafa sýnt sæmilega fram á þá yfirburði, er hugmynd nefndarinnar hefir yfir till. hv. þm. Borgf., og skal aðeins geta þess, að ekkert ósamræmi er í því, er hv. frsm. og jeg höfum sagt. Hann talaði um uppástungu sjútvn. eins og hún er á þskj. 108. Við álítum frekari skýringar óþarfar og ætluðum að láta þær bíða næsta þings. Jeg aftur á móti talaði um hugmyndina alla, tilknúður af andmælum hv. þm. Borgf.

Hv. andstæðingar hafa talað um þetta mál rjett eins og sjútvn. hefði stungið upp á að afnema bæði mats- og yfirmatsmenn og setja matsstjóra í staðinn. En matsstjórinn á ekki að koma í staðinn heldur í viðbót, eins og þriðja dómsstigið, þar sem tvö eru fyrir. Slíkt mundi alstaðar vera talið aukið öryggi. Og vilji hv. andstæðingar, sem báðir hafa játað þörfina, vilji þeir í hlífðarskyni við ríkissjóð afsala sjávarútveginum þeim kröfurjetti, sem hann á hjer, og þar með taka á sig ábyrgðina á áframhaldandi mistökum á fiskimatinu, spái jeg því, að þeir kikni í knjáliðunum áður en langt um líður.

Jeg vil svo skýra frá því, að fyrirkomulag nefndarinnar er að mestu sniðið eftir því, er Norðmenn búa við. Þar eru eiginlega 9 yfirfiskimatsmenn og matsstjóri, er ætlað er líkt verk og okkar fyrirhugaða matsstjóra. Þannig hafa Norðmenn þegar fyrir nokkrum árum sjeð og skilið þörfina fyrir þekkingu, aðhald og vald, og vjer Íslendingar eigum mikið undir, að eigi dragist lengur að stíga fyrsta sporið í þessa átt, því að við eigum stöðugt á hættu að verða undir í samkepninni. Ennfremur skal jeg geta þess, að sá eini yfirfiskimatsmaður, sem jeg hefi átt tal við um þetta mál, tjáði sig eindregið samþykkan till. okkar nefndarmanna. Mjer varð á að brosa, er hv. þm. Borgf. gat þess í ræðu sinni, að sjer væri ekki kunnugt um skoðun þessa yfirfiskimatsmanns — til hans hefði ekki náðst. En jeg hafði einmitt sýnt þm. skeyti frá þessum manni. Kvað hann alveg skýrt á um skoðun sína og taldi uppástungu okkar mjög góða. Annars skal jeg geta þess, vegna vottorða þeirra, er þm. Borgf. var að veifa frá yfirmats-

mönnum, að mjer þykir þeim nokkur vorkunn, þótt þeir óski ekki, að þeim sje skipaður yfirmaður. Þeir telja sig einfæra í slíkum efnum. Það er ekki venja, að þjófurinn óski eftir lögreglunni, og þó jeg biðji menn að taka þessa samlíkingu ekki bókstaflega, nefni jeg hana þó til sönnunar, að tæplega er þess að vænta að sá, sem á að verða undir eftirliti, óski eftirlitsins.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að jeg hefi átt tal við ýmsa menn, er þessum málum eru kunnugastir, um till. nefndarinnar og till. hv. þm. Borgf. Hafa þeir einróma talið okkar till. miklu fremri, og þeir, sem þess voru beðnir, gefið um það skriflega yfirlýsingu.

Þá ætla jeg að endingu að svara þeirri spurningu hv. þm. Borgf., hvort jeg sæi ekki þann reginmun, sem væri á nefndarinnar tillögum og hans. Jú, sannarlega, enda vona jeg að mjer hafi tekist að sýna hann öðrum. Tillögum nefndarinnar má líkja við ungan og velskapaðan og gáfaðan dreng, sem menn gera sjer miklar vonir um, ef hann fær að lifa. En till. hv. þm. Borgf. eru eins og fullorðinn, andlegur og líkamlegur rindill, sem enginn dáist að, nema hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. sjálfur. En langi hv. þm. til að sjá drenginn fullvaxinn, skal jeg gera mitt til að það megi verða, ef hv. andstæðingar vilja þá sættast á málið. Og er jeg þá fús til að bera fram frv., er umlyki hugmynd nefndarinnar, eins og jeg nú hefi lagt hana fram. Og þætti mjer mikils um vert að njóta þar stuðnings þeirra ágætu manna, hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf., sem jeg ber mikla virðingu fyrir, þó að jeg hafi þurft að vera hvassyrtur í þeirra garð núna.

Sigurjón Jónsson: Jeg skal vera fremur stuttorður. Tveir af nefndarmönnunum hafa þegar tekið svo margt fram af því, sem fram þurfti að taka. En áður en hv. þm. Borgf. talar í þriðja sinn, álít jeg rjett að koma fram með nokkur atriði, sem jeg hefi ætlað mjer að láta koma fram áður en málið fer út úr þessari hv. deild.

Jeg vil minna hv. þm. á, að eins og hv. 1. þm. S.-M. hefir tekið fram, er ekki svo mikill munur á afstöðu okkar til þessa máls eins og ástæða gæti verið til að ætla, eftir öllum þeim þjósti að dæma, sem hv. þm. (PO) hefir flutt sínar mótbárur með. Við erum sammála um, að full þörf sje á að samræma betur fiskimatið en gert hefir verið. Aðeins erum við ósammála um leiðirnar til þess að ná því takmarki. Jeg vil segja, að það var með öllu þarflaust hjá hv. þm., að tala um till. sjútvn. með þjósti og lítilsvirðingu og láta það jafnvel koma niður á þeim manni, sem settur verður matsstjóri, og kalla hann „farfugl" eða „ferðalang". Jeg vil minna hv. þm. (PO og JÓl) á það, sem reyndar hlýtur að vera þeim ljóst, að í þetta starf hlýtur að verða valinn annaðhvort einn af núverandi yfirfiskimatsmönnum, eða maður, sem væri þeim ekki ófærari, að því er snerti fiskverslun og fiskimat.

Háttv. þm. Borgf. hefir minst á, að árekstur gæti orðið milli matsstjórans og yfirfiskimatsmannanna, þar sem valdsvið hans grípi inn á verksvið þeirra, og þeir muni ekki álíta sig þurfa að hlíta leiðbeiningum hans eða þeim tillögum, sem hann gerði, til samræmingar matinu. Þar til er því fyrst og fremst að svara, að bæði hv. þm. og við nefndarmenn göngum út frá og vitum, að okkar yfirfiskimatsmenn eru áhuga-

samir og samviskusamir í starfi sínu, og er því fullkomlega ástæðulaust að ætla, að þeir mundu ekki taka leiðbeiningum frá manni, sem stæði þeim fyllilega á sporði um þekkingu á fiskimatinu og fiskversluninni yfirleitt. Sje nú gengið út frá, að yfirfiskimatsmennirnir hefðu engan vilja á að færa sjer í nyt slíkar leiðbeiningar, til hvers væri þá, að þeir kæmu saman til þess að leiðbeina hver öðrum í samræmingu matsins. Nei, kapp er best með forsjá, og það dugar ekki að slá vopnin úr sjálfs sín hendi um leið og þau eru reidd að þeim tillögum, sem hnekkja á.

En nú eru enn aðrar og ennþá ljósari ástæður til þess, að árekstur milli matsstjórans og yfirfiskimatsmannanna getur ekki, eða á ekki að geta átt sjer stað, og eru það ákvæðin í 2. gr. frv. Þar stendur skýrum orðum, að matsstjórinn á að samræma matið, og hann á að leiðbeina yfirfiskimatsmönnunum í því skyni. Með þessu er beint sagt, að yfirfiskimatsmennirnir eigi að taka fult tillit til þeirra leiðbeininga, er matstjórinn gefur; með öðru móti er ómögulegt að fullnægja ákvæðum greinarinnar. Þegar til þess er litið, get jeg ekki sjeð annað en að gersamlega sje ástæðulaus sá kviðbogi, er hv. þm. Borgf. ber fyrir árekstri milli matsstjórans og yfirfiskimatsmanna.

Þá hefir hv. 2. þm. G.-K. fært rjett og sterk rök að því, að leið sú, er nefndin leggur til, er heppilegri og öruggari til þess að ná sæmilegu marki. Er það hvorttveggja, að þar er óþarft að bæta á, og engu síður hitt, að þessi rök koma frá þeim manni, er áreiðanlega mun hafa mest til brunns að bera um þekkingu á allri fiskverslun hjer í hv. deild. Mun jeg því ekki koma nánar inn á það.

En jeg hafði frá byrjun hugsað mjer að láta mál þetta ekki fara svo út úr þessari hv. deild, að jeg ekki hefði lýst dálítið frekar en orðið er, hvað fyrir mjer vakir að geti orðið og eigi að vera verksvið þessa fyrirhugaða matsstjóra, auk samræmisstarfsins.

Eins og fiskimatinu er nú háttað hjá okkur, er enginn einn maður til á landinu hjá okkur, er hafi heildaryfirlit yfir, hve mikið af fiski á hverjum tíma er verkað fyrir Suður-Spán og hve mikið fyrir Norður-Spán. En mismunandi herslustig er eða á að vera á þeim fiski, sem ætlaður er á hvorn staðinn. Öllum hlýtur að vera augljóst, að það er ekki gott, að tilviljun ein ráði því, hvort eitt sumarið er verkað alt of mikið af fiskinum fyrir Norður-Spán, en of lítið fyrir Suður-Spán, eða öfugt. Í þessu efni ætla jeg matsstjóranum að geta gefið leiðbeiningar, þegar hann er vel kominn inn í starf sitt.

Enginn hefir heldur nú nokkurt heildaryfirlit yfir, hve mikið af fiski undir 20″ er verkað í fullþuran smáfisk eða millifisk, sem svo er kallaður, eða hve mikið af þessum fiski er verkað í svo kallaðan Labradorfisk. Hjer ræður tilviljunin ein, hve mikið er verkað í hvora tegund. Hjer er nú sannarlega ekki neitt lítið í húfi. Það hefir sýnt sig hvað eftir annað, að stundum er verkað alt of mikið í fullþuran smáfisk, en of lítið af sama fiski með Labradorverkun, og stundum hefir þetta verið alveg það öfuga. Get jeg t. d. sagt hv. þm. það, að enn liggja um 2000 skippund viðsvegar á Vesturlandi af fullverkuðum smáfiski og millifiski, sem ekki hefir

verið unt að selja. Það er verið að selja þennan fisk núna smátt og smátt, og geri jeg ráð fyrir, að verðmæti hans, ef hann væri rjett 2000 skpd., sje um 150 þús. kr. En ef þessi fiskur hefði verið verkaður sem Labradorfiskur, hefði hann nú fyrst og fremst verið löngu seldur og fluttur út, og það er óhætt að fullyrða, að fyrir hann hefði fengist 20—30 þús. kr. meira. En auk þess hefir verkunin á þessum fullverkaða fiski kostað minst 15 þús. kr. meira en ef hann hefði verið Labradorverkaður. Það munu nú allir mjer sammála um, að það er ekki gott, að tilviljunin ein ráði um þetta, og jeg vil taka það hjer skýrt fram, að jeg ætlast til, að matsstjórinn geti orðið mönnum til leiðbeiningar í þessu efni. Það er kanske ekki hægt að ætlast til, að svo verði allra fyrsta eða fyrstu árin, en við verðum að stefna að því, að girða fyrir, að mistök, svipuð og jeg hefi um getið, eigi sjer stað.

Eitt dæmið enn: Enginn hefir neitt heildaryfirlit yfir, hve mikið af „labra" árlega er $^3/_4$-flatt eða alflatt. Jeg skal ekki fara nánar út í það hjer, en aðeins geta þess, að það getur valdið talsverðum verðmismun á þessum fiski, að tilviljun ein ráði ekki um þetta.

Í öllum þessum atriðum, sem jeg hefi nefnt, og fleirum, á matsstjóri að geta unnið fiskverslun okkar mikið gagn. Hann á að geta haft heildaryfirlit yfir margt það, sem yfirfiskimatsmennirnir hver um sig eingöngu geta haft í sínu umdæmi, en þessi atriði tel jeg svo mikils virði, að eingöngu þeirra vegna væri sjálfsagt að velja þá leið til samræmingar fiskimatinu, sem vjer nefndarmenn höfum valið.

Af því að hv. þm. Borgf. var hjer með vottorð upp á vasann, og af því að hann vildi vefengja ummæli Sveins Árnasonar, yfirfiskimatsmanns, ætla jeg að grípa hjer ofan í brjef frá honum, þar sem hann lætur í ljós þá ósk, að fá matsstjóra og bendir á fordæmi Norðmanna í því efni. Því miður verðum við að viðurkenna, að þeirra yfirstjórn er fullkomnari en okkar, og er þar full ástæða fyrir okkur að gæta okkar. Í brjefinu segir svo: „.... hitt væri eðlilegra, að bætt yrði við stofnunina matsstjóra yfir alt landið, og gæti starf hans þá máske náð til mats á öllum sjávarafurðum ...." Hann hugsar sjer þetta svona yfirgripsmikið.

Einnig vil jeg benda hv. þm. á grein, sem birtist í dagblaðinu „Vísi" 21. febr. 1927, eftir Sveinbjörn Egilson, sem ákveðið leggur með því, að fá einn matsstjóra. Sveinbjörn Egilson er sá maður, sem jeg vil segja manna mest hefir hugsað um sjávarútvegsmál okkar og lagt þar margt þarft orð í belg. Hann hefir einnig skrifað mjer í „privat"-brjefi, sem jeg hefi hjer á mjer, að hann vonist til, að tillögur sjútvn. nái fram að ganga, en ekki til. hv. þm. Borgf.

Jón Ólafsson: Það er þegar búið að tala svo mikið um þetta mál, að það fer að verða að bera í bakkafullan lækinn að tala meira um það, ekki síst á þeim grundvelli, sem nú er farið að ræða það.

Jeg hafði hugsað mjer að halda mjer við tillögur hv. sjútvn. Þessi mikli þóknunarlegáti hv. nefndar er alt í einu orðinn að miklum fræðara, þegar það endanlega skipulag er komið á. Málið er nú komið svo út fyrir þann upphaflega grundvöll, að nefndin er farin að byggja

á spádómsgáfunni einni um það, sem verða muni. Jeg held, að hv. sjútvn. hefði átt að vita, að sú litla fjárhæð, sem veitt er til yfirfiskimatsmanna, er svo lítil, að margsinnis hafa komið fram kvartanir um, að þeir fengju ekki nóga peninga til þess að ferðast innan síns eigin umdæmis. Fyrst og fremst á auðvitað að samræma mat í hverjum fjórðungi fyrir sig, og yfirleitt er alls ekki um samræmi milli fjórðunganna að ræða. Það er t. d. ekki hægt að samræma mat í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum. Fisktegundir eru aðrar og markaður annar. Jeg álít því, að alt þetta samræmistal sje mjög svo fljótfærnislegt, og því hefir nefndin tekið þann kostinn, að tala um þetta sem barn í reifum, sem hún ætlar að láta leiða sig í allan sannleika seinna. Jeg hjelt, að hv. nefnd mundi ekki fara svona undan í flæmingi, að hlaupa inn í einhvern hugsjónaheim, en frá tillögum sínum.

Jeg hugsa, að hv. 2. þm. G.-K. viti, að ekki er hægt að koma því svo fyrir, að þessi maður geti fengið samræmi á mati. En það er ef til vill orðið um seinan að benda á þetta. Nú er komið kapp í málið. En jeg tel hv. 2. þm. G.-K. bera ábyrgðina á frágangi þessa máls. Það er ómögulegt að ætlast til, að menn, sem aldrei hafa komið nálægt fiski á æfinni, geti neitt um það vitað. Þess vegna verður hv. 2. þm. G.-K. að bera ábyrgðina.

Það er ekki verið að hossa þessum manni sjerlega hátt. Hann á að fá þóknun, sem aldrei getur orðið há, nema fram komi tillaga um hækkun á fjárhæð þessari, er ætluð er til ferðakostnaðar matsmanna landsins. Það lítur því út fyrir, að fyrir hv. nefnd vaki, að hafa þennan mann einnig í öðrum erindum, því að ekki getur hann lifað á ferðakostnaðinum einum saman. Jeg get ekki annað sjeð, eftir þeim plöggum, sem fyrir liggja, en að þetta sje „sporsla", sem megi fela einhverjum og einhverjum. En hv. nefnd hefir forðast að geta þess, að ómögulegt er að samræma fiskimat frá veiðistöð til veiðistöðvar. Nú veit hv. þm. (ÓTh), að þegar þessi flugfiskur kemur inn á þennan og þennan fjörð og er sýndur fiskur, sem er nýkominn í hús og finst hann vera full-harður, getur hann eftir þrjá daga verið orðinn svo linur, að hann sje ekki matsfær. (**SigurjJ:** Hvað verða nöfnin mörg? Nú eru þegar komin þrjú: ferðalangur, farfugl og flugfiskur!) — Jeg læt hv. nefnd um það, enda býst jeg við, að ekki sje endanlegt samkomulag um nafnið í nefndinni. (**KlJ:** Það ætti að heita verðlaunum fyrir besta nafnið!). — Nefndin borgar af ferðapeningum matsmanna!

Hv. 1. þm. S.-M. er hálfhissa á öllu því moldviðri, sem gert hefir verið um þetta frv., og það er ósköp eðlilegt, því að jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi lagt fram þetta frv., eins og aðrir hv. nefndarmenn, í bestu meiningu. En það er ekki nóg að gera eitthvað í bestu meiningu; það verður líka að gera það af bestu fyrirhyggju. Mjer heyrðist helst á hv. þm., að hann vildi láta þennan sendimann hafa eitthvað af sýnishornum í poka með sjer. En ef hann hefir þau í poka með sjer, þá er vafasamt, að það sje svo holt fyrir sýnishornin, ef deyfutíð er, því að þá er hætt við, að þetta aðhald með þurkstigið vildi breytast í samræmi við tíðarfarið.

Það er vitanlega rjett hjá sama hv. þm., að kröfurnar breytast frá ári til

árs. En hvaðan koma þær kröfur? Koma þær ekki frá þeim löndum, sem við seljum fiskinn til? Jeg hefi ekki orðið var við, að þær kæmu annarsstaðar frá, og það er það eðlilegasta við brtt. hv. þm. Borgf., að gera ráðstöfun til þess að yfirfiskimatsmenn sæki þær breytingar á kröfunum, sem verða frá ári til árs, þangað, sem á að sækja þær, nefnilega til neyslulandanna, en ekki til þeirra manna, sem versla með fiskinn, og sem aðeins geta dæmt eftir því, hvernig kaupandi þeirra lítur á vöruna í það og það skiftið. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að þessa þekkingu er ekki hægt að sækja í annan stað en til neyslulandanna, svo að um það er ekki neitt að deila.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þetta væri líkt og um iþróttamenn, sem sendir væru út um lönd til þess að sýna iþróttir. En jeg held, að þetta sje miklu meira um vert heldur en þó að við sendum einhverja glímukappa út yfir pollinn. Það má nú líta tvennum augum á þetta, og jeg hefi áður skýrt frá því í fyrri ræðu minni, að slík sendiför til Spánar mundi bera meiri árangur og sennilega gera miklu meira gagn, heldur en sú glímumannafrægð mundi veita, þó að til slíkrar sendingar væri stofnað.

Það var alveg rjett hjá hv. 2. þm. G.-K., að jeg las í ógáti skakt upp ártalið í þeirri grein, sem jeg vitnaði til, en þetta breytir málinu ekki neitt, enda var það ekki viljandi gert. En jeg hafði lesið alveg rjett upp annað atriði, sem máli skifti, og það var, að það komst alls ekki skipulag á þetta þurkstigsmat fyr en eftir þessa för.

Það er að vísu svo, að sá fisksölumaður, sem jeg skifti við árið 1921, fjekk töluvert af linþurrum fiski, og man jeg eftir því, að hann hafði mjög mikið fyrir því, að fá yfirfiskimatsmanninn til þess að skrifa upp á skjölin, og það er alveg rjett hjá hv. 2. þm. G.-K., að það var ekki farið að senda linþurran fisk fyr en árið 1921. En hvað skeður þá? Hann verður þá að fá kröfu frá Barcelona um það, að þeir vilji hafa þetta svo, og mjer er kunnugt um það, og hefi enda heyrt, að maður, sem hefir með þessi mál að gera, að hann sje reglulega hræddur við þetta og geti aldrei verið öruggur fyr en hann er búinn að fara þangað suður og fá að vita, hvað á að gera. Og jeg er viss um það, að þó að þetta eina firma hafi fengið þetta gert, þá hafa ekki allir orðið þess aðnjótandi. Jeg álít, að það eigi maður úr hverjum landsfjórðungi að sækja sína þekkingu til þess staðar, þar sem hana er að fá, en ekki sækja hana til neinna útflytjenda, því að jeg er ekki viss um, að það sje óhætt að treysta öllum firmum, sem fást við útflutning á fiski. Sami hv. þm. hjelt, að jeg væri á móti þessu, af því að jeg hefði ekki átt frumkvæðið að þessu máli (**ÓTh:** Það sagði jeg ekki). Jú, jeg hefi skrifað þetta orðrjett hjá mjer eftir hv. þm., að við andstöðumenn frv. værum á móti því, af því að við hefðum ekki átt frumkvæðið að þessu. Jeg gæti tekið nokkuð djúpt í árinni um þá tilgátu, því að það er alls ekki af neinni öfundssýki, að við erum á móti hv. nefnd, heldur af megnustu fyrirlitningu á því skilningsleysi, sem lýsir sjer hjá henni, og jeg verð að ætla hv. 2. þm. G.-K. sinn skerf af því, þar sem hann á að leggja til mikið af sinni þekkingu í starf nefndarinnar. Hv. þm. þótti ekki mikið varið í minn stuðning í þessu máli. En jeg veit nú ekki,

hvað segja má um það með rjettu, því að jeg er nú búinn að vera í 30 ár annaðhvort við að veiða fisk, verka fisk, eða selja fisk, og býst þess vegna við að hafa dálitla þekkingu á þessu máli, og kannske alveg eins mikla og hv. 2. þm. G.-K.

Þá gerði hv. þm. ekki mikið úr því, sem við höfum fram að færa okkar máli til stuðnings. Jeg gerði grein fyrir því frá minni hlið, hvað jeg hefði fram að færa. Jeg vil gera þetta svo úr garði, að það sje hægt að hafa eitthvað gott upp úr því, vil ekki búa til neina „sporslu" fyrir nokkurn mann, sem ekki getur orðið að verulegu liði í framtíðinni, og jeg hefi lýst yfir því, að jeg hefi enga trú á því, að þetta geti orðið fiskimatinu til gagns. Hitt er annað, að nefndin átti að vinna að því og leggja aðaláherslu á það, að það er ekki hægt að búa til góða vöru úr þeim fiski, sem er illa með farinn frá byrjun. En það mundi fiskimatsmaðurinn ekki fræðast um. En þetta hefir ekki verið gert, en það sem gert hefir verið í Sunnlendingafjórðungi í þessu máli, það hefir gert verulega mikið gott, og jeg held, að ef hv. nefnd hefði borið þetta virkilega fyrir brjósti, þá hefði hún átt að reyna að fá menn til þess að vanda sjerstaklega vöruna, og þá helst frá því að fiskurinn er tekinn úr sjónum. En þær hugmyndir, sem fram hafa komið í ræðum hv. nefndarmanna og hv. flm. brtt. (PO), get jeg ekki verið að eltast við, að maðurinn ætti að hafa yfirburði yfir fiskimatsmenn, en hjá hv. þm. Ísaf., að hann ætti helst að standa þeim jafnfætis, en það hefir hvergi verið gert ráð fyrir þessu, fyr en nú við þessa umr. Og svo er hvergi gert ráð fyrir því, hvert hann á að sækja þessa þekkingu.

(**SigurjJ**: Það á að vera hæfur maður.)

Já, en hver á að dæma um það? Þetta á að vera maður með þekkingu, hann á að hafa heldur góða þekkingu, segir hv. 2. þm. G.-K. Það er nú fyrst, að hv. þm. (ÓTh) finst, að hann eigi að hafa heldur góða þekkingu. En eins og tekið var fram í framsöguræðu hv. þm. Borgf., verður hann að sækja þekkingu sína til neyslulandanna, og hv. sjútvn. hefir gengið inn á það, að það eigi að verða svo á sínum tíma, þegar fengin er sú góða reynsla, sem verður af því að láta hann hafa þóknun og ferðakostnað; það er svo sem ekki eyðslusemin, sem hjer á að ráða til að byrja með; það á að fika sig áfram smátt og smátt með þetta. Annars held jeg, að það ætti að verja meira fje til eftirlits í hverjum landsfjórðungi, því að það verður aldrei gagn að þessum eftirlitsferðum, ef ferðakostnaðurinn er sparaður. Mjer er t. d. kunnugt um það, að það varð ekki gagn að eftirlitsferð hjer í Sunnlendingafjórðungi, af því að maðurinn fjekk ekki nægan ferðakostnað. Maðurinn varð að sleppa ferð þangað, sem fisksending var í undirbúningi, og kom sendingin skemd fram, af því, að ætla má, að honum gafst ekki færi til að eftirlíta hana.

Annars veit hv. 2. þm. G.-K. það, að aðfinslur eru altaf mestar, þegar dauft er yfir markaðinum, því að þá koma aðfinslurnar hvaðanæfa, og oft til þess eins að fá verðið niður. En þegar líf er í markaðinum, þá koma engar aðfinslur frá kaupendunum. En líklega eru nú þessar umkvartanir hv. nefndar komnar til af því, að illa gengur með söluna í ár og kaupendurnir vilja þess vegna fá sem mestar tilslakanir.

Hv. 2. þm. G.-K. gerði ráð fyrir, að

þessi sendimaður færi með hraðferðum kringum land. Jeg hefi ekki gætt að því, hve margar þessar hraðferðir eru, en jeg veit, að hraðferðir geta því aðeins átt sjer stað, að viðstaða skipanna sje sem styst á hverri höfn, og hygg jeg, að það sje ekki til að styrkja málstað hv. nefndar, að þessi maður eigi þá að leggja úrskurð á og segja fyrir um starfið á slíkum ferðum, á meðan þetta hraðferðaskip stendur við. Jeg hefi reyndar heyrt, að hraðferðaskip muni fara hjeðan tvisvar í mánuði. En þó að þessi maður komi tvisvar í mánuði á þá staði, þar sem skipið kemur við, þá getur hann ekki á neinn hátt sagt til um sendingarnar, þegar á að senda þær af stað til neyslulandanna.

Hv. þm. Ísaf. gengur út frá því, að þessum matsmönnum muni æfinlega koma saman, og jeg get líka hugsað mjer, að svo verði að nafninu til, vegna þess, að þegar hann er búinn að hreyta þessum hraðferðabendingum úr sjer, þá verður hann að trúa hinum venjulegu matsmönnum fyrir öllu saman, eins og áður. En að hann geti haft auga með nokkru, það get jeg ekki sjeð. Þá var sami hv. þm. einna frekastur í því að hlaða störfum á þennan mann, því að það kom upp úr kafinu hjá honum, að þessi ferðamaður skyldi segja fyrir um það, hvort verka skyldi fisk í „Labrador“ eða fullverka hann. Jeg get sagt hv. þm. (SigurjJ) það, að jeg held, að jeg færi ekki mjög mikið eftir þessum manni. Því ef hann ráðlegði Ísfirðingum að verka allan sinn smáfisk í „Labrador“, þá sæi jeg mjer leik á borði, að verka ekki minn fisk í „Labrador“; því að þá yrði, eins og menn geta hugsað sjer, of mikið af þeirri vöru í það sinn, og hygg jeg, að við þurfum engan skipaðan mann til þess að kenna okkur að hafa vit á að verka ekki of mikið af fiski í „Labrador“, og held því, að best sje að láta menn fá að vera sjálfráða um það, hvort þeir eiga að hætta sjer út í þetta eða hitt. Enda get jeg ekki hugsað mjer, hvaða völd hv. þm. (SigurjJ) ætlar að fá manninum til að ráða fyrir öðrum í þessu; skal jeg svo láta útrætt um þetta atriði að sinni.

Þá lagði hv. þm. mikið upp úr því, að Sveinbjörn Egilson hefði gefið bestu meðmæli með þessu fyrirkomulagi. En með allri virðingu fyrir þeim manni, þá verð jeg að segja það, að jeg veit ekki til þess, að hann hafi hugsað neitt um fisksölu um sína daga. Hann hefir aðeins verið siglingamaður, og veit jeg, að hann hefir góða þekkingu í þeirri grein. En mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi lagt neitt sjerlegt til um fisksölumál, svo að þetta skiftir ekki máli hjer.

Þá vil jeg að lokum benda á það, að það verður alveg sama með afturúrflattan fisk og útúr-flattan fisk. Það getur þessi maður ekki sagt okkur neitt um. Hann getur sagt okkur það, sem allir landsmenn reyndar vita áður, að Suður-Spánn vill hafa fiskinn afturúrflattan, og að eitt fisksölufirma í Genúa vill hafa hann afturúr-flattan, en mörg hinna útúr-flattan. En þetta getur hver maður, sem verslar við þessa kaupendur, vitað sjálfur. Um þetta atriði voru einmitt mjög skiftar skoðanir í Genúa árið 1922; sumir töldu, að betra væri að hafa fiskinn útúr-flattan, en firmað Gismondi vildi hafa hann afturúr-flattan, og Labradormenn eru nú farnir að fletja hann æði mikið afturúr.

Jeg mun svo ekki segja meira að sinni, en fæ væntanlega stutta athuga-

semd, ef þörf gerist. Hv. þm. Borgf. skýtur því nú að mjer, sem hann náttúrlega er mjög fróður um af sinni löngu þingreynslu, að þessi örstutta athugasemd sje nú orðin að hálftíma.

Forseti (BSv): Það hefir að vísu einu sinni komið fyrir, að svo teygðist úr stuttri athugasemd manns, sem var einn á móti heilli nefnd, að úr henni varð hálftíma ræða, en hinsvegar fæ jeg ekki sjeð, að slíkt eindæmi valdi neinni hefð hjer í deildinni, jafnvel þótt sá sje talinn „sjerfræðingur" í þeim efnum, sem svo hafi litið á.

Ólafur Thors: Hv. þm. Borgf. hefir skorað á forseta að gefa sjer rjett framsögumanns í þessu máli, og ef hv. þm. (PO) fær þetta, þá leyfi jeg mjer að bera fram þá sömu ósk, vegna þess að frsm. nefndarinnar var veikur, þegar 2. umr. hófst, og fjell framsöguskyldan þá á mig, og hjelt jeg þá ræðu, sem síðar hefir valdið deilu, og geri jeg ráð fyrir, að hún muni valda því enn. Er mjer því full þörf á að fá þennan sama rjett, sem hv. þm. Borgf. óskaði eftir. Jeg leyfi mjer því að skora á forseta að veita mjer sama rjett, ef hv. þm. Borgf. verður veittur hann.

Forseti (BSv): Samkvæmt 35. gr. þingskapa er það beinlínis bannað, að nokkur þingmaður, sem ekki er framsögumaður, tali oftar en tvisvar. En þó getur stundum viljað til, að nauðsyn sje á, að maður fái rjett til að tala þrisvar. Ætla jeg nú að taka til þess úrræðis að leita afbrigða frá þingsköpum, hvort þessi hv. þm. megi enn flytja ræðu um mál þetta við þessa umr. Vil jeg þá spyrja hæstv. stjórn, hvort hún veiti leyfi til afbrigða frá þingsköpum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þar sem þetta er 2. umr. málsins, þá sje jeg ekki ástæðu til að heimila afbrigði að þessu sinni. En ef sá ráðherra, sem þetta mál heyrir undir, vill leyfa afbrigði, þá ræður hann því. Ráðherrann er nú sem stendur uppi í Ed.

Forseti (BSv): Sá ráðherra er ekki staddur hjer. Þá er afbrigða synjað, en engu að síður verður hv. þm. Borgf. að fá leyfi til að gera stutta athugasemd.

Pjetur Ottesen: Mjer er ekki gagn að því, að fá stutta athugasemd. Jeg þarf að svara þremur sjávarútvegsnefndarmönnum, sem allir hafa veist að mjer. **(Forseti, BSv:** þingmaðurinn fær 10 mínútur). Það er allsendis ónóg.

Forseti (BSv): Það er ekki hægt að fara út fyrir þingsköpin. Og þar sem hæstv. stjórn hefir synjað afbrigða, þá er ekki hægt að leita þeirra frekara.

Sigurjón Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til hv. 3. þm. Reykv., og þau geta verið mjög fá, aðallega af tveimur ástæðum; er fyrri ástæðan sú, að þetta mál hefir verið rætt svo mikið, að jeg býst ekki við, að þótt við höldum áfram að ræða það, að nokkuð nýtt komi fram í því. Og önnur ástæða til að tala stutt er sú, að mjer finst, að þessi hv. þm. (JÓl) taki þetta mál ekki á þann veg, sem jeg hefði fylsta rjett til að ætlast til. Jeg skil ekki þá aðstöðu hv. þm., að verja miklum tíma í umr. um þetta mál til þess að gera gys að till. nefnd-

arinnar og jafnvel undir rós að gefa í skyn, að það sje ekki áhugi á málinu, sem vaki fyrir nefndinni, þegar komið er fram með þessar till.; mjer finst þetta ranglát ásökun hjá hv. þm.

Það, sem jeg ætla að drepa á, er sá tvíveðrungur í skoðunum, sem virðist koma fram hjá þessum hv. þm. (JÓl). Það kom fram í ræðu hv. þm., að hann vildi gera ráð fyrir því, að yfirfiskimatsmennirnir ferðuðust um, hver í sínu umdæmi, og gerði hann mikið úr gagni af því. En hann leggur ekki mikið upp úr þessum ferðum, sem hjer um ræðir, eða af leiðbeiningum þeim, sem af þeim leiða. En þetta er mótsögn hjá hv. þm. Hann kom með dæmi um það, að yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík hefði ekki farið í eftirlitsferð suður með sjó og hefði töluvert af fiski þaðan verið ófært til útflutnings vegna þess. Það kemur skýrt fram, að hann álítur, að ferðir yfirfiskimatsmannanna hafi mikið að segja. En yfirfiskimatsmennirnir meta auðvitað ekki fiskinn sjálfir, og það á matsstjórinn heldur ekki að gera. En hann á að tala við menn og leiðbeina um matið, fara frá einum fjórðungi til annars í þessu skyni, alveg eins og yfirfiskimatsmennirnir gera hver í sínu umdæmi.

Þá sagði hv. þm., að matsstjórinn gæti ekki skipað fyrir um, hvernig fiskurinn væri verkaður, hvort hann væri verkaður sem Labradorfiskur eða sem fullverkaður. Jeg sagði nú heldur ekkert um þetta. Hann á ekkert að skipa hjer fyrir verkum, en hann á að geta gefið nauðsynlegt heildaryfirlit og fylgjast með því, hve mikið er verkað af „Labrador" og hve mikið af fullverkuðum milli-fiski. Ef t. d. fiskurinn er verkaður á Vestfjörðum sem „Labrador", þá er auðsætt, að það ber að fullverka hann hjer fyrir sunnan. En eins og nú er, þá er það aðeins tilviljunin, sem ræður því, hve mikið er verkað af fullverkuðum milli-fiski og hve mikið af „Labrador". Það er mjög nauðsynlegt að hafa hjer mann, sem hefir heildaryfirlit yfir alt þetta og getur gefið mönnum upplýsingar, ef á þarf að halda.

Jeg get svo látið hjer staðar numið, enda var ekki fleira í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem gæfi ástæðu til andsvara. Jeg efast ekki um það, að hv. þm. beri öðrum þdm. fremur skyn á þessi mál, þar sem hann hefir lengi fengist við fiskverslun og fiskverkun. En þeir menn eru þó hjer, sem standa hv. þm. (JÓl) mjög á sporði í þessum efnum, og vil jeg þar nefna t. d. hv. 2. þm. G.-K. Hann mun einna mest hafa fengist við fiskverslun allra þdm.

Pjetur Ottesen: Þó að jeg hafi ekki rjett til þess að gera nema stutta athugasemd, þá vænti jeg þess, að hæstv. forseti verði eins frjálslyndur við mig og frekast er unt.

Það er ekki laust við, að háttv. sjútvn. ætli að neyta hjer aflsmunar, þar sem einn nefndarmannanna hefir nú risið upp að nýju, þegar mjer hafði verið synjað um orðið og hv. 3. þm. Reykv., sem stutt hefir mínar till., var dauður, og tók þessi hv. nefndarmaður að veitast að mjer. (**SigurjJ:** Jeg sveigði ekki að hv. þm. Borgf.) — Jú, það gerði hann auðvitað með því að ráðast á till. mínar.

Jeg ætla þá fyrst að geta þess, að jeg gleymdi hjerna á dögunum að tala um brtt. mína við 1. gr. frv. Hv. 1. þm. S.-M., sem skráður er í nál. frsm. nefnd-

arinnar — enda þótt 2. þm. G.-K. hafi nú tekið að sjer framsöguna og afdankað hinn rjetta frsm. — hv. 1. þm. S.-M. sagði, að nefndin gæti fallist á þessa brtt. En hann bætti því við, að reyndar væri þar um enga breytingu að ræða. En þetta er nú ekki rjett, því að þar er einmitt nýtt atriði, sem sje að halda skyldumati á fiski, sem keyptur er upp úr salti af erlendum skipum, þ. e. af færeysku skipunum. Auk þess er till. svo orðuð, að ef hún verður samþ., þarf maður ekki annað en líta á 1. gr. frv. til þess að sjá, hvaða ákvæðum þar er breytt. En orðalagið á 1. gr. frv., eins og það kemur frá nefndinni, er svo óljóst framsett, að fletta þarf upp sjálfum fiskimatslögunum til þess að geta sjeð, hvað það er, sem nefndin vill breyta. Jeg hefi því gert hvorttveggja í senn: bætt þarna mikilsverðu atriði inn í 1. gr., og auk þess gert nauðsynlega rjettingu á orðalagi greinarinnar.

Hv. 1. þm. S.-M. fór nokkrum orðum um till. mína og mintist í því sambandi á frv. nefndarinnar. Gerði hann tilraun til þess að sýna fram á, að frv. nefndarinnar væri ekki jafnfánýtt og því hefir verið lýst. Hann sagði, að eftir því sem nefndin liti á, væri þetta eina leiðin til þess að fá matið samræmt. Jú, jeg býst nú við, að það sje rjett hermt, að sjútvn. líti svo á, að þetta sje svo. En það sætir furðu, hvað nefndin getur verið glámskygn á þessi mál. Ekki lagði hann mikið upp úr því, að yfirfiskimatsmennirnir kæmu saman til að ræða um fiskmatið og endurbætur á því. Hann vildi halda því fram, að þrátt fyrir það, þótt ekki sje gert ráð fyrir því í frv. nefndarinnar, að eftirlitsmaðurinn hafi nokkurt vald, þá sje það þó sama sem, þar sem stjórnarráðið gæti veitt honum það. Þetta er kátbrosleg kórvilla og einhver sú fáránlegasta lagaskýring, sem nokkurntíma hefir skotið upp höfðinu.

Samkvæmt lögum um fiskimat frá 1922 er svo ákveðið, að yfirfiskimatsmennirnir hafi hver í sínu umdæmi æðstu ráð og úrskurðarvald í þessum málum. Verði ágreiningur um þessi mál, skera þeir úr, og er úrskurður þeirra hæstarjettardómur í þessum málum. Þetta er svo enn frekar skýrt í þeirri reglugerð, sem gefin hefir verið út, þar sem starfssvið og tilhögun yfirmatsmannanna er nánar tilgreint. Nú hefir það margsinnis verið tekið fram, að í því frv., sem hjer um ræðir, er vald þessara manna ekkert skert, því þessum umferðamatsmanni er ekki fengið neitt vald í hendur, hvorki til eins nje neins; hann er með öllu valdalaus. Hvernig hugsar hv. 1. þm. S.-M. sjer svo, að stjórnin geti með einföldu erindisbrjefi svift yfirfiskimatsmennina því valdi, sem þeir hafa að lögum, og fengið það í hendur þessum ferðalang. Þetta eru fáránlegar kenningar, og þótt sjútvn. sje komin í bobba með þennan óburð sinn, þá er það ekki nema að bæta gráu ofan á svart, að vera að slá þvílíkri reginfjarstæðu fram.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að jeg væri að gera yfirfiskimatsmönnunum þær getsakir, að þeir mundu ekki í öllu og einu fara að ráðum þessa umferðamatsmanns. Það er með öllu rangt, að jeg sje að gera þeim getsakir, þó jeg haldi því fram, að svo gæti farið, að þeir færu ekki að ráðum hans, og ætla jeg að færa rök fyrir því. Jeg hefi nú með tilvitnun í lögin um fiskimat sýnt það, sem flestum hefði raunar átt að vera kunnugt, að fiskimatsmennirnir hafa hjer

æðstu völd í þessum málum og bera alla ábyrgð á starfinu. Það gæti nú hæglega farið svo, að þessi umferðamaður, eða hvað hann nú heitir, þessi maður, sem hvorki er fugl nje fiskur, eins og hv. 2. þm. G.-K. rjettilega sagði, vildi fara aðra leið en yfirfiskimatsmennirnir væru sannfærðir um, að rjett eða heppilegast væri að fara, og að þeir þannig yrðu ósammála þessum umferðamatsmanni, hvað er þá eðlilegra en að yfirfiskimatsmennirnir, sem bera alla ábyrgðina, færu sínu fram? Það er blátt áfram skylda þeirra að gera í hvívetna það eitt, sem þeir eru sannfærðir um að er heilladrýgst fyrir þá, er njóta eiga ávaxtanna af starfi þeirra. Að hvika nokkuð frá þessu er blátt áfram brot á því drengskaparheiti, sem þeir hafa undirskrifað, er þeir tóku við starfinu. Það er þess vegna einber fjarstæða að halda því fram, að jeg sje að gera yfirfiskimatsmönnunum neinar getsakir með þessu. Það er alveg það gagnstæða. Svo er á það að líta, hverju megin líkurnar sjeu meiri fyrir því, að stefnt sje í rjetta átt, þegar svo bæri við, að sitt sýndist hverjum, yfirfiskimatsmönnunum og þessum umferðafiskimatsmanni. Annarsvegar eru þaulreyndir menn, með mikla þekkingu og reynslu að baki sjer, en hinsvegar maður, sem gripinn hefir verið úr lausu lofti — jeg segi þetta af því, að hv. 2. þm. G.-K. sagði, að ekki kæmi til mála að fela neinum af núverandi yfirfiskimatsmönnum þetta starf. Hjer er ærinn aðstöðumunur, það er óneitanlegt, þó samt sem áður megi náttúrlega um það deila, hverra álit sje rjettara. En hvað sem um það er, þá eru yfirfiskimatsmennirnir bundnir við — það er bláber skylda þeirra — að fara eftir bestu þekkingu og sannfæringu.

Háttv. þm. Ísaf. var einnig að drótta þessu sama að mjer, að jeg gerði yfirfiskimatsmönnunum getsakir. En jeg ætla, að þessum báðum hv. þm. sje fullsvarað hvað þetta snertir, með því, sem jeg nú hefi sagt.

Þá sagðist hv. frsm. vera á móti því, að gefa yfirfiskimatsmönnunum kost á að fara til Miðjarðarhafslandanna og kynnast þeim kröfum, sem neytendurnir gera til verkunar á fiskinum. Það væri þýðingarlaust og ekkert annað en óþarfa kostnaður. Hinsvegar bjóst hann við því, að yfirfiskimatsmennirnir mundu ekki slá hendinni á móti því, að fara slíka skemtiför. Jeg ætla nú ekkert að svara þeirri staðhæfingu, að slíkar sendifarir bæru engan árangur. Það þarf ekki annað en benda til reynslunnar í því efni og þess, að fyrsti grundvöllurinn undir fiskimatið hjer á landi var lagður með för Þorsteins Guðmundssonar til Spánar. En þetta gefur mjer tilefni til að minnast á það, sem hv. 2. þm. G.-K. hefir sagt um þá hina stóru hugsjón sjútvn., sem hún hefir nú alveg nýlega komið auga á úti í ómælisgeimnum, að koma hjer á fót matsstjóraembætti og að matsstjórinn ætti að taka sjer ferð á hendur á hverju hausti suður á Spán. Það er sjerstaklega vert að athuga þessi ummæli hv. 1. þm. S.-M. í sambandi við það, að hann á sjálfsagt sinn hlutfallslega þátt, miðað við höfðatölu nefndarinnar, í þessari s t ó r u h u g s j ó n.

Þá sagði háttv. 1. þm. S.-M., að það væri ekkert vandaverk að meta fisk, þegar menn annars væru einu sinni komnir upp á lag með það. En í sömu

andránni segir hann, að matið sje sífeldum breytingum háð. Jeg held, að það sje nú ekki vel gott samræmi í þessu, frekar en fiskimatinu.

Það er nú raunar fleira, sem jeg hefði þurft að drepa á út af ræðu þessa hv. þm. En af því mjer er skamtaður svo naumur tími, þá verð jeg líklega að sleppa því. — Nei, jeg verð að minnast að eins á eitt atriði enn. Hv. þm. sagði, að þær breytingatillögur, sem jeg hefi borið hjer fram, hefði jeg eins getað flutt í þál.-formi. Jeg hefi nú áður lýst því, hversu mikilsverð atriði til endurbóta á fiskimatinu felast í mínum brtt. og þar af leiðir, að nauðsynlegt er að slík ákvæði sjeu tekin upp í lögin. En út frá þessari skoðun hv. 1. þm. S.-M. vil jeg benda honum á það, að þær tillögur sem sjútvn. ber hjer fram sem breytingu á lögunum, hefðu þá alveg eins getað komið fram í þál.-formi, og vitanlega það því miklu fremur sem þær eru ómerkari og gagnslausari en mínar tillögur. Þá vildi háttv. þm. ekki leggja mikið upp úr því, sem samþ. var á aðalfundi Fiskifjelagsins um þetta mál, en háttv. þm. Ísaf. hafði aðalgögn sín í þessu máli frá einum manni úr Fiskifjelaginu. Jeg hefi nú svarað háttv. þm. Ísaf. að því er snertir afstöðu þessa umferðafiskimatsmanns til yfirfiskimatsmannanna. En það var fleira í ræðu hans, sem er þess vert, að það væri athugað. Það var nú næstum því broslegt, þegar háttv. þm. fór að tala um það og útlista það, hvaða verk þessi umferðafiskimatsmaður ætti að vinna, þessi gersamlega valdalausi ferðalangur. Það var nú ekki nóg með það, að hann ætti að vera hæstráðandi um alt það, er að fiskimatinu lýtur, heldur ættu fiskútflytjendurnir og að öðru leyti að lúta boði hans og banni. Hann ætti sem sje að ráða því, hvað hver og einn fiskútflytjandi á landinu ljeti verka mikið á þessu og þessu þurkstigi, ákveða meðferð hins svonefnda Labradorfiskjar og þar fram eftir götunum. Háttv. 3. þm. Reykv. hefir nú tekið þetta til athugunar, og varð það til þess, að hv. þm. Ísaf. ýmist tók aftur sumt af því, sem hann sagði um þetta, eða þá dró úr því, og get jeg því slept að minnast á það frekar. Þá var háttv. þm. með allmikla útreikninga í tapi, sem hlotist hefði af því ósamræmi, sem hefði verið á síðastl. ári á kröfum neytendanna og verkunaraðferðunum, að því er þurkunina snertir og meðferð Labradorfiskjar. Taldist honum svo til, að mikið tjón hefði af þessu hlotist. Hjelt hann þar fram, að hjá þessu yrði komist, ef sett væri á stofn yfirstjórn í þessum málum. Við þetta er fyrst og fremst að athuga, að kröfur neytendanna eru breytilegar frá ári til árs, og það verður ekki sjeð fyr en jafnóðum, hvers krafist er á þessum og þessum tíma. Þess vegna eru litlar líkur til, að bót yrði ráðin á þessu með því að ákveða fyrirfram fyrir alt landið, hvernig þessu skyldi hagað á því ári. En að því leyti sem þessi háttv. þm. viðurkendi þörfina á því, að kynnast kröfum manna í neyslulöndunum um verkun fiskjarins og alla meðferð til leiðbeiningar við matið, þá var hann kominn inn á mínar tillögur um að yfirmatsmennirnir ættu kost á því að fara til Miðjarðarhafslandanna í þessum erindum. En honum þótti það ófullnægjandi, og kvað þessu betur fyrir komið á þann hátt, sem ráð væri fyrir gert í hinni stóru hugsjón sjútvn., að matstjórinn með alræðisvaldinu og málaþekking-

unni færi þessar ferðir. Það er nú ekki hægt að gera ráð fyrir því, að yfirfiskimatsmennirnir mæli á spánska tungu, en þar er bót í máli, að við höfum fulltrúa suður á Spáni, sem vitanlega leiðbeindi og liðsinti fiskimatsmönnunum að þessu leyti og öðru eftir þörfum. Og að því leyti sem þörf er á að vinna að þessum málum suður þar, fyrir utan verksvið yfirfiskimatsmannanna, þá getur fulltrúi okkar á Spáni vitanlega gert það og gerir að sjálfsögðu. Það þarf þess vegna alls ekki að standa í vegi fyrir því, að fult gagn geti orðið að för yfirfiskimatsmannanna þangað suður, þó þeir sjeu ekki spönskumælandi, meðan fulltrúans nýtur við. Með þessu er þá líka fullsvarað því, sem háttv. 2. þm. G.-K. sagði um þetta. Og þá er jeg nú kominn að háttv. 2. þm. G.-K. Og jeg býst við því, að teflt sje á fremsta hlunn með þolinmæði hæstv. forseta. Mjer gefst því ekki færi á að stikla nema á örfáum atriðum í ræðu háttv. 2. þm. G.-K. Vildi jeg þó sannarlega, að jeg hefði haft nokkuð rýmra svið til þess að athuga ummæli þessa háttv. þm. Jeg býst við því, að það hafi ekki farið fram hjá háttv. deildarmönnum, hvað þessi hv. þm. talaði af miklum myndugleik, og að það sást varla framan í hann fyrir sjálfsáliti. Hann vildi láta það koma skýrt og ótvírætt fram, að hann væri ekki óbreyttur liðsmaður í sjútvn., heldur bæri hann höfuð og herðar yfir aðra nefndarmenn. Hann má nú ekki taka þetta svo, að jeg taki undir þetta með honum eða að það sjeu nokkur „kompliment“ í þessu frá mjer til hans, eða að í þessu felist nein viðurkenning frá minni hendi um að það sje samræmi í sjálfsálitinu hjá honum og því, sem hann hefir til brunns að bera í þessu máli. heldur er hjer að eins lýsing af því, hvernig hann lítur á sjálfan sig og hlutverk sitt. En þrátt fyrir þennan myndugleik og alt sjálfsálitið, sem var uppistaðan og fyrirvafið í ræðu hv. þm., þá hefir háttv. 3. þm. Reykv. annarsvegar sýnt ljóslega fram á, að ótrú háttv. 2. þm. G.-K. á tillögum mínum er annaðtveggja bygð á skilningsskorti hv. þm. á því, hver sje heppilegasta leiðin til úrlausnar og endurbóta í þessu máli, eða að þessi hv. þm. vill ekki viðurkenna þær umbætur á matinu, sem fólgnar eru í því skipulagi, sem gert er ráð fyrir, að tekið verði upp eftir mínum till. En hinsvegar sýndi háttv. 3. þm. Reykv. fram á, að það væri oftrú, að þessi valdalausi ferðalangur, sem frv. sjútvn. gerir ráð fyrir, gæti gert þau undur og stórmerki, sem háttv. 2. þm. G.-K. gerir ráð fyrir, og nokkuð væri svipað á komið með stóru hugsjónina, sem þessi sami þm. hefir komið auga á úti í framtíðinni. Og eiginlega var svo komið í lok ræðu háttv. 3. þm. Reykv., að háttv. 2. þm. G.-K. sat fastur í hugsjóninni. Háttv 2. þm. G.-K. var að gefa í skyn, að jeg, bóndi ofan úr sveit, bæri ekki mikið skyn á þessi mál. En heldur þótti honum það skuggalegt, að svo hefði nú viljað til, að skoðanir okkar háttv. 3. þm. Reykv. í þessu máli fjellu saman. En til þess að deyfa eggjarnar, tók þessi hv. þm. til þess ráðs að gera lítið úr háttv. 3. þm. Reykv. og niðra honum á allan hátt. Hann sagði, að jeg þyrfti á öllum styrk að halda, hve lítilfjörlegur sem hann væri. Þessu er vitanlega öllu stefnt á háttv. 3. þm. Reykv. Jafnframt því sem háttv. 2. þm. G.-K. freistar þess að gera lítið úr þekkingu háttv. 3. þm. Reykv. á þessu máli, til þess að draga

úr þeim stuðningi, sem hann veitir mjer, þá er það og líka gert af því, að háttv. 2. þm. G.-K. vill upphefja sjálfan sig á kostnað háttv. 3. þm. Reykv., og gekk hann svo langt í því efni, að hann vildi auðsjáanlega láta það skína í gegn, að eiginlega væri sjer að þakka alt, sem unnist hefir á í fiskimatinu. Jeg býst nú við, að annaðhvort hafi háttv. 2. þm. G.-K. ekki verið fæddur eða sem ómálga barn í vöggu, þegar fyrsti grundvöllurinn var lagður að fiskimatinu og það sett í fastar skorður. Jeg hygg því, að háttv. þm. eigi erfitt með að fá aðra en sjálfan sig til að trúa því, að hann eigi heiðurinn af þessu. Þá mintist háttv. 2. þm. G.-K. á „vefarann mikla af Skaganum“ og þann hjúp, sem hann hefði sveipað um tillögur sínar, og kvaðst þessi háttv. þm. ætla að svifta af hjúpnum. En það tókst nú ekki að þessu leyti sem hönduglegast. (**ÓTh:** Það var sorglegt!). Já, vel má vera, að svo sje, en því skal ekki neitað, að hv. þm. svifti hjúpnum af þeim tvískinnungi og óheilindum, sem er í öllum flutningi þessa máls hjá sjútvn. En hann var nú reyndar búinn að þessu að nokkru leyti áður. Eins og frv. liggur fyrir og eins og talað var fyrir því í upphafi, gat engan mann grunað, að þetta, sem nú er fram komið með stóru hugsjónina, byggi undir, ef þetta er þá ekki bara uppfundið nú á síðara stigi málsins.

Þá get jeg ekki alveg gengið fram hjá því að minnast á það, þar sem hv. þm. var að draga upp mynd af því, hvernig það mundi ganga til, þegar yfirfiskimatsmennirnir kæmu á fund, samkvæmt mínum tillögum, og færu að ræða um endurbætur á fiskimatinu. Hann gerði ráð fyrir því, að það mundi alt lenda í rifrildi fyrir þeim; þeir mundu standa hver uppi í hárinu á öðrum og segja hver við annan: Hvað ætli þú vitir þetta betur en jeg, þú, sem ekki varst fæddur, þegar jeg var orðinn fiskimatsmaður! o. s. frv. Það er nú rjett að bera þetta saman við það, sem þessi háttv. þm. var áður búinn að segja um þessi fundarhöld. Þá bar hann engar brigður á það, að fiskimatsmennirnir mundu koma sjer saman, en það væri bara ekki nóg. (**ÓTh:** Þetta er alveg rangt!). Nei, þetta er alveg rjett. Jeg var búinn að benda háttv. þm. áður á þessi ummæli hans, en þá reyndi hann ekki að neita þessu, enda var þá svo skamt um liðið frá því hann sagði þetta. Það er alveg rjett, að háttv. þm. hefir ratast satt á munn, þegar hann sagði, að þeir mundu koma sjer saman. Fundarhöldin mundu áreiðanlega leiða til nauðsynlegs samræmis á og heppilegra endurbóta á matinu.

Háttv. þm. talaði mikið um það, að það færi jafnan illa, þar sem margir rjeðu; þá vantaði höfuðið. Því er haldið fram af sumum, að þegar eitthvað brestur á um góða fjárhagsafkomu sumra fjelaga, þá eigi það meðal annars rót sína að rekja til þess, að þau fjelög hafi svo marga stjórnendur. Hvað segir þessi háttv. þm. um það? Þá talaði hv. þm. um það, hvernig þessum málum væri fyrir komið í Noregi. En hvert sótti hann þekkinguna á því? Til yfirfiskimatsmannsins á Austurlandi. Hann fjekk þessar upplýsingar um leið og hann skýrði honum frá frv. sjútvn. og fjekk samúð hans með þessum breytingum. En þessi yfirmatsmaður fjekk þá ekkert að vita um, að fram væru komnar aðrar tillögur í málinu. En það má með sanni segja, að hv. þm. hafi seilst

um hurð til lokunnar að vera að sækja upplýsingar um fyrirkomulag Norðmanna á þessum málum til Austfjarða. Jeg hefði t. d. getað gefið honum upplýsingar um þetta alt saman.

Þá endurtók þessi hv. þm. það, sem hv. 1. þm. S.-M. var áður búinn að segja, að yfirfiskimatsmennirnir mundu ekki hafa á móti því að sigla sjer til skemtunar, en hinsvegar mundu þeir þess ófúsari, að þeim væri skipaður yfirmaður. Líkti háttv. 2. þm. G.-K. þeim við þjóf og lögreglu. Jeg vil nú hafa sem fæst orð um þessa samlíkingu; hún er álíka smekkleg og hún er góðgjörn og viturleg. Þá dró þessi hv. þm. að síðustu upp myndir af till. sjútvn. og mínum tillögum. Tillögur sjútvn. voru auðvitað gáfaður og göfugur drengur, sem rennur öruggur út í lífið, en mínar tillögur voru fulltíða rindill. Jeg vil nú í allri vinsemd benda þessum hv. þm. á það, um leið og jeg lýk máli mínu, að hann ætti helst ekki að minnast á rindla, hvorki í líkamlegum nje andlegum efnum.

Ólafur Thors: Jeg get nú lofað því, að vera stuttorðari en hv. þm. Borgf. — Jeg skal þá byrja á því, að svara hv. 3. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann sagði, að þetta mál hefði alt annað viðhorf nú en í upphafi. Jeg skal nú taka það fram, að við fyrri hluta þessarar umræðu ræddi jeg málið á nákvæmlega sama grundvelli og nú. Það hefir og hv. þm. Borgf. fundið, því að hann fann ástæðu til þess að grípa fram í fyrir mjer og segja, að jeg hefði lítið nýtt fram að færa nú. Jeg hygg, að hv. 3. þm. Reykv. hafi lítið athugað það, sem jeg sagði þá. Þá vildi þessi hv. þm. gera lítið úr viðleitninni til að samræma matið. En jeg vil benda honum á, að aðaltilgangur þeirrar tillögu, sem hann tilbiður, er einmitt sá, að samræma matið. Þess vegna skellur alt hnútukast hans á vini hans, hv. þm. Borgf. Annars er það broslegur misskilningur hjá hv. þm. (JÓl), að ekki verði samræmt matið milli fjórðunganna. Benti hann á Vestmannaeyjar og Vestfirði. En hvað segir þm. um Vestfirði, Norðurland og Austurland? Svo fróður maður og viðsýnn sjer væntanlega lengra en til Vestmannaeyja!

Þá sagði hv. þm., að till. nefndarinnar væru sprottnar af vanþekkingu og lagði að veði við því 30 ára reynslu sína í þessum efnum. Það er nú sýnilegt, að till. okkar hafa alla yfirburði fram yfir till. hv. þm. Borgf., og jeg verð því að samhryggjast hv. 3. þm. Reykv. yfir hans stóra tapi, er hann þannig hefir sett þekkingu, er hann hefir öðlast fyrir 30 ára reynslu, að veði fyrir fullyrðingu, sem er sannanlega röng. — Þá verð jeg að leiðrjetta það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði borið það upp á sig og hv. þm. Borgf., að þeir væru á móti þessum tillögum vegna þess, að þær væru ekki undan þeirra rifjum runnar. Þetta er rangt. Jeg sagði, að ef jeg þekti aðeins skarpleik þeirra, en ekki mannkosti, þá gæti jeg freistast til að gera þeim getsakir. En þar sem jeg þekti hvorttveggja, þá dytti mjer það ekki í hug.

Þá skal jeg víkja stuttlega að hv. þm. Borgf. Þar sem hann mintist á málakunnáttu sendimannsins á Spáni, að hún gæti orðið yfirfiskimatsmönnunum að liði í utanför þeirra, þá er það að nokkru leyti rjett. En hann getur ekki fylgt þeim bæ úr bæ eða land úr landi, því að auðvitað verða þeir að

koma í fleiri en eitt neysluland. Þá hjelt þessi hv. þm. því fast fram, að jeg hefði gert lítið úr hv. 3. þm. Reykv. og þekkingu hans. En nú get jeg lýst yfir því, að jeg hefi miklar mætur á honum og var því síður en svo, að jeg gerði lítið úr honum. En jeg gerði nauðalítið úr þeim stuðningi, sem hann veitti hv. þm. Borgf. í þessu máli, þótt hann að vísu væri honum nokkurs virði, sökum þess, hvað hann hefði sára lítið fram að færa sjálfur. Þá vjek hv. þm. því að mjer, að hann þekti fyrirtæki, þar sem margir væru stjórnendur. Já, jeg þekki fyrirtæki, þar sem margir framkvæmdarstjórar eru, en þeir skifta með sjer ólíkum verkum og ráða hver á sínu sviði. Þá rangfærði hv. þm. á illgirnislegan hátt orð mín, er hann sagði, að jeg hefði sagt, að það, að fiskimatsmennirnir vildu ekki fá matstjóra, væri hliðstætt því, að þjófarnir vildu enga lögreglu hafa. Jeg tók það einmitt fram, að þetta bæri ekki að skoða sem hliðstætt dæmi. En hitt sagði jeg, að það væri ekki nema eðlilegt, að undirmennirnir kærðu sig ekkert um að fá sjer skipaðan yfirmann. Það var óþarfi af hv. þm. að leggja illa merkingu í þessi orð mín, enda þótt hann sje óvenjulega sljór í dag. Annars bendir það á rakaskort andstæðinganna í þessu máli, að þeir forðast að ræða till. sjútvn., eins og þær eru í raun og veru, og taka ekkert tillit til skýringa, sem fram koma í umræðunum. Þeir þora í krakkann, en forðast þann fullorðna. Mjer er það fullkomlega ljóst, að málalengingar spilla aðeins sigri þessa máls. Jeg ætla því að eiga á hættu, að einhver sje sá hv. deildarmanna, að hann telji okkur nefndarmenn hafa orðið undir í rökræðunum, og kjósa mjer hlutskifti þeirra móðurinnar, er forðum kom til Salómons, er umfram alt vildi láta barnið lifa.

Jeg ætla því aðeins að endingu að segja hjer lítla sögu. En jeg verð þó að taka það fram, að jeg ætlast ekki til þess, að hún verði skilin bókstaflega. Björnstjerne Björnson stakk einu sinni á æskuárum sínum upp á einhverju, sem miðaði til þjóðarþrifa. Hann rak sig brátt á kyrstöðu landa sinna og mætti mótspyrnu þeirra. Þá sagði Björnson þeim þessa sögu: Þegar hinn mikli spekingur Pythagoras fann upp stærðfræðissetningu þá, sem við hann er kend, þá varð hann svo glaður, að hann vildi fórna guðunum einhverju í staðinn. Slátraði hann því 50 nautum og fórnaði þeim á altari guðanna. En altaf síðan, þegar stungið er upp á einhverri nýjung, þá er sagt, að nautin öskri, af því að þau halda að eigi að fara að slátar sjer.

Framkoma andstæðinganna í þessu máli hefir mint mig á þessa sögu.

Hákon Kristófersson: Jeg hafði hugsað mjer að láta þetta mál afskiftalaust, en hiti sá og ofurkapp, sem komið er í umræðurnar hjer, gefur mjer tilefni til þess að standa upp og gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg skal taka það fram, að jeg hygg, að fyrir báðum aðilum, sem hjer berast á banaspjót, vaki hið besta. En þeir vilja fara sína leiðina hvor. Við, sem eigum að greiða atkv. um þetta mál, verðum að gera okkur grein fyrir því, hvora leiðina við viljum heldur fara. Annar aðilinn vill hafa þekkinguna á einum stað, en hinn aðilinn vill dreifa henni á fleiri staði. Hv.

2. þm. G.-K. segir, að allir yfirburðirnir sjeu í till. hv. sjútvn. En jeg verð að segja, að það sjest ekki á frv. því, sem fyrir liggur. Jeg sje ekki annað en báðir vilji ná því sama, en greini á um leiðirnar, eins og jeg gat um áðan. Öryggishugmynd hv. sjútvn. vill hv. þm. Borgf. tryggja með sínum brtt. Jeg sje ekki, hvernig hægt er að slá því föstu svona fyrirfam, að fundir, sem fiskimatsmennirnir eiga með sjer hjer í Reykjavík, muni engan árangur bera. En því hefir hv. sjútvn. slegið föstu. En er þá að búast við meiri árangri, þó þessi eini maður ferðist í kringum landið með hraðferðaskipi og tali við fiskimatsmennina út um landið? Jeg fæ ekki sjeð, að það muni hafa happadrýgri afleiðingar í för með sjer en að fiskimatsmennirnir komi hjer í Reykjavík á fund saman. Jeg fæ ekki betur sjeð en till. hv. þm. Borgf. miði að því, að gera marga menn starfi sínu vaxna, en till. sjútvn. miðast aðeins við þennan eina mann. Jeg mun því greiða atkv. með till. hv. þm. Borgf. Vænti jeg þess, að hv. sjútvn. taki það ekki illa upp fyrir mjer, því að eigi að síður ber jeg fulla virðingu fyrir skoðunum hennar í þessu máli. En jeg álít betra öryggi náð með till. hv. þm. Borgf., þar sem þekkingin er dreifð á fleiri hendur.

Hjá hvorugum aðila liggur nokkuð fyrir um kostnaðarhlið þessa máls, enda er það aukaatriði, ef góður árangur fæst. Inn í þetta mál hafa fljettast ýms atriði, sem jeg ætla ekki að blanda mjer inn í, og umræður hafa orðið allheitar. Jeg hefi sagt þessi fáu orð til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu. En jeg vil taka það fram, að jeg geri það ekki af meinbægni við hv. sjútvn. Eins og jeg tók fram áðan, þá efast jeg ekki um það, að gott eitt muni fyrir henni vaka, en hún hefir ekki leyfi til þess að gera litið úr skoðunum annara í þessu máli, þótt þær falli ekki saman við skoðanir hennar. Jeg ge[illegible] talað ósköp rólega og hitalaust um þetta mál, og þótt einhver kunni að kasta að mjer hnútum út af því, þá mun jeg láta slíkt sem vind um eyrun þjóta.

Jón Ólafsson: Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) kom með það í fyrri ræðu sinni, að þessi maður, sem ferðast á um landið, ætti að segja fyrir um það, hve mikið skuli verka. En hann fjell nú frá því í síðari ræðu sinni og sagði þá, að hann eigi að safna skýrslum um, hvað mikið hafi verið verkað. Heldur er hann nú farinn að lækka í tigninni! En úr því hann á ekki að segja fyrir um verkunina, þá er hann með öllu óþarfur, því að Fiskifjelagið safnar skýrslum um það, hvað mikið hafi verið verkað.

Hv. 2. þm. G.-K. þarf jeg litlu að svara. Hann vill samræma matið með hraðferðum og hraðboða, en jeg og hv. þm. Borgf. viljum samræma það með festu, rannsókn og athugun. Það er þetta, sem skilur á milli. Hv. þm. kallaði okkur kyrstöðumenn í þessu máli. Það má náttúrlega kalla það kyrstöðu, að vilja ekki rasa fyrir ráð fram, en fara rólega að endurbótunum. Það er síður en svo, að alt sje fengið með þessum hraðboða. Málið er þess efnis, að til endurbóta á því stoðar lítt blástur og bægslagangur. Þetta, sem flm nú ber fram, sínum málstað til stuðnings, eru alt saman hugsjónir uppi í skýjunum, sem ekkert eiga skylt við veruleikann. Tillögur háttv. sjútvn. eru fæddur rindill, og sá rindill hefir ekkert þroskast við þessar umr. og skýringar flm., enda mun það heppi-

legast, að fyrir sliku örverpi liggi ekki að ná frekari þroska, heldur líði það burt sem kulnað skar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er ekki fyllilega ánægður með till. hv. sjútvn., ekki af því, að þær sjeu ekki spor í rjetta átt stigið, heldur af því, að sporið er ekki fullstigið. Það er nauðsynlegt að fá einn yfirfiskimatsmann yfir alt landið, til þess að koma samræmi á matið í landinu. Það er öllum kunnugt, að matið er framkvæmt mjög mismunandi víðsvegar á landinu. Það, sem í Reykjavík er kallað ⅞-verkaður fiskur, er á Vestfjörðum kallað ¾, og enn annað á Austurlandi og Norðurlandi. **(PO:** Þetta má alt lagfæra eftir mínum tillögum.) Það þarf ekki annað en tala við fiskútflytjendur hjer í bænum til að sannfærast um, að matið er mjög misjafnt, einnig að því er snertir gæði fiskjarins. Á þessu fæst aldrei leiðrjetting, nema einn maður sje settur yfir alla fiskimatsmenn, til þess að koma samræmi á matið. Yfirmatsmennirnir hafa komið hjer saman tvisvar eða þrisvar, en enginn sýnilegur árangur orðið. — Ef koma ætti samræmi á fiskimatið í landinu, án þess að skipa einn mann yfir það, yrði að flytja undirmatsmennina milli umdæma, þannig, að hingað væru t. d. fluttir undirmatsmenn af Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum o. s. frv. En jeg hefi enga trú á, að nokkur rjetting fáist, nema skipaður sje einn yfirmatsmaður yfir alt landið.

Sigurjón Jónsson: Mjer þykir leitt, að jeg þarf að standa upp til að leiðrjetta dálítinn útúrsnúning hjá hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði sem sje, að jeg hefði talað um, að matsstjóri ætti að gefa fyrirskipanir um, hvernig verka skyldi fiskinn. **(JÓl:** Jeg skrifaði þetta upp eftir hv. þm.) Það getur ekki verið. Jeg hafði hvert orð skrifað, sem jeg sagði, og get því sannað, að þetta var ekki í ræðu minni. **(PO:** Hv. þm. hefir bara vikið frá skriftinni!). — Jeg sagði, að þessi maður ætti að gefa yfirfiskimatsmönnunum leiðbeiningar og hafa heildaryfirlit yfir, hvernig fiskur væri verkaður í þeim ýmsu landshlutum, hve mikið af stórfiski er verkað fyrir Suður-Spán og hve mikið fyrir Norður-Spán o. s. frv., og er það nokkuð annað en að gefa skipanir. Það er leitt að þurfa, hvað eftir annað, að leiðrjetta svona útúrsnúninga, sem ekki geta sýnt annað en rökþrot hjá þeim, sem grípa til sliks.

Jón Ólafsson: Það er algerlega rangt með farið hjá hv. þm. Ísaf. Jeg hafði alveg rjett eftir honum, enda skrifaði það niður, og því ekki um að villast. Hann hefir nú runnið af vígvellinum í þessu, svo sem mörgu öðru, málinu viðkomandi, eins og öll hv. nefnd, inn á einhverjar hugsjónatillögur.

Jeg vil benda hv. þm. N.-Ísaf. á það, að ekkert er því til fyrirstöðu, að hægt sje að senda menn úr öðrum fjórðungum landsins hingað til bæjarins til þess að læra hina rjettu verkun. Það held jeg, að öllum fiskimatsmönnum komi saman um, að þeir hafi ekki haft eins mikið gagn af neinu eins og því, að koma hjer saman. Þó að einhver fjórðungur kunni að vera óánægður með matsmenn sína, held jeg, að það hafi enga þýðingu að fara að senda einhvern flugumann um landið. Það er ómögulegt að koma samræmi á matið í fjórðungunum, sakir þess, að það er mikill munur fisktegunda, sem veiðist á

hverjum stað og fiskurinn auk þess verkaður fyrir mismunandi markaði. Samræmi milli hinna ýmsu landsfjórðunga í fiskimati getur því í flestum tilfellum ekki verið að ræða um, og síst af öllu mundi það fást með slíkum farandmanni sem frv. gerir ráð fyrir.

Jón Auðunn Jónsson:* Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væru ólíkar fiskitegundir, sem veiddar væru á ýmsum stöðum á landinu. Þetta á náttúrlega við um línufisk og togarafisk. En jeg get ekki fallist á, að nokkur munur sje á togarafiski, sem veiddur er á sömu slóðum, hvort sem hann er verkaður í Reykjavík eða á Vestfjörðum. En matið er ólíkt á ýmsum stöðum. Því eiga kaupendur svo bágt með að átta sig á, hvaða fiskur það er, sem þeir kaupa.

ATKVGR.

Brtt. 206 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 175, a-c, feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JÓl, JS, JörB, MT, PO, BSv.

nei: HjV, JakM, JAJ, JG, JK, KlJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef.

Tveir þm. (MG, MJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14 : 10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 7 atkv.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 290).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JK, JS, KlJ, MG, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, BSv.

nei: JG, JÓl, JörB, MT, PO, ÞorlJ.

Sex þm. (HjV, IngB, JakM, MJ, BSt, HK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 290).

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Atvinnuleysisskýrslur.

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Sjávarútvegurinn hefir degið fólksfjöldann að sjónum, þannig, að honum standi altaf til boða nægur vinnukraftur, þegar fult fjör er í atvinnuveginum á mestu

* Ræðuhandr. óyfirlesið af þm.

annatímunum í besta árferðinu. Þar af leiðandi verður í lakara árferði og á minni annatímum atvinnuleysi hjá verkalýðnum; varaliðið verður atvinnulaust. Nauðsynlegt er fyrir bæjar- og sveitastjórnir og ríkisstjórnina að fylgjast ávalt með, hvernig atvinnu og atvinnuleysinu er háttað á hverjum tíma, því að eftir því er hægt að sjá með nokkrum fyrirvara, hvenær verði nauðsynlegt fyrir hið opinbera að gera sjerstakar ráðstafanir gegn yfirvofandi hallæri, sem óhjákvæmilega kemur öðruhvoru, með þeim rekstri atvinnuveganna, sem nú er. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir stundum látið gera slíka skýrslu, síðast í sambandi við verkalýðsfjelögin í Reykjavík, og hafa þær komið að töluverðu haldi. En bæjarstjórnin hefir álitið nauðsynlegt að gera slíkar skýrslur við sjávarsíðuna, þar sem bæjalíf er komið.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, IngB, JakM, JG, JK, JÓl, KlJ, MJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BL, BSv.

nei: HStef, HK, JAJ, JS, ÓTh, PO, SigurjJ, ÁJ.

Þrír þm. (JörB, MJ, ÞórJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Stjórnarskrá (frv. Hj. V.).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, frá 18. maí 1920 (þmfrv., A. 26).

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Kröfurnar í baráttunni fyrir þingræðinu hafa hjer sem annarsstaðar bygst á því, að þjóðin sjálf, allir fulltíða menn hennar, ætti að ráða málum sínum. Þá fyrst er lýðræði komið, er fulltrúar flokkanna á þingi þjóðarinnar eru í rjettu hlutfalli við þann fólksfjölda, er hefir kosið þá. Aðeins þannig getur þjóðin sjálf skipað sína eigin stjórn.

Í stjórnarskrá Íslendinga er ekki lýðræði í þeirri merkingu, sem forgöngumenn þess mundu ætlast til. Að sumu leyti stafar þetta af breytingum í atvinnuvegum þjóðarinnar, en að nokkru er það meinsemd, sem komin er af röngum grundvelli undir skipun kjördæma.

Þessu frv. er ætlað að ráða bót á þessum helstu göllum á núverandi skipulagi kosningarrjettarins og tryggja lýðræðið í landinu. Aðalefni þess er, að komið verði á almennum og jöfnum kosningarrjetti; allir fulltíða menn hafi kosningarrjett án tillits til þess, hvort þeir hafi þegið af sveit, ef þeir eru ríkisborgarar og hafa verið búsettir í landinu í eitt ár. Með þessu móti verður

kosningarrjetturinn almennur. Jafn verður hann, ef landið verður gert að einu kjördæmi í stað hinna mörgu, sem nú eru, og hlutfallskosningar hafðar. Þá verður þingið betra verkfæri í hendi þjóðarinnar til að koma fram vilja hennar, og þó verður það enn betur trygt með því, að æðsta atkvæði um ýms málefni liggi hjá þjóðinni sjálfri.

Þá eru í frv. ýms minni háttar atriði, svo sem afnám á undanþágum frá friðhelgi þingmanna, að þingið verði ein málstofa og þingmönnum sje fækkað, ákvæðið um, að milliríkjasamningar sjeu birtir, breyting á ákvæðum um eignarrjettinn og loks, að almennar kosningar eigi fram að fara árið 1929.

Jeg vil athuga þessar breytingar nokkru nánar. Fyrst verður fyrir hinn almenni og jafni kosningarrjettur. Hjer á landi eru nú um 10 þús. manna, sem hafa myndu kosningarrjett í flestum nágrannalöndum vorum, en hafa hann eigi hjer. Það eru þeir, sem þegið hafa af sveit, og þeir, sem fullveðja eru orðnir, en hafa enn ekki náð 25 ára aldri.

Í upphafi mun ákvæðið um missi kosningarrjettar fyrir að þiggja af sveit hafa komist inn í stjskr. sakir þess, að menn hafa álitið, að styrkþegar væru ónytjungar einir og mannleysur. Hjer liggja nú fyrir framan mig skýrslur um fátækraframfæri í Reykjavík árið 1925, um 622 styrkþega utan- og innan-bæjar, sem samtals voru veittar 419 þús. kr. — Fátækrafulltrúarnir hafa rannsakað nákvæmlega ástæðurnar fyrir hverri styrkveitingu, og er niðurstaða þeirra þessi: Vegna elli fengu styrk 15%, heilsuleysis 29%, ómegðar að mestu leyti hjá giftu fólki 38%; til fráskilinna kvenna fóru 4% og af öðrum ástæðum 14%. Mjög svipað þessu mun vera annarsstaðar um landið. — En einn liður er ekki sjerstaklega talinn í þessum skýrslum, þótt alment sje viðurkent, að mönnum verði þar ekki sjálfum á sök gefin, og er það atvinnuleysi. Af þessum sjöunda hluta af „öðrum ástæðum" er langoftast um atvinnuleysi að ræða; mun ekki um of í lagt, þótt sagt sje, að 10—12% styrkþeganna sjeu það sakir atvinnuleysis. Þá eru ekki eftir nema mjög fáir, 2—4% — eða segjum 4—6% — sem hafa þegið styrk sökum drykkjuskapar, ónytjungsskapar eða annarar óreglu. Hitt er alt af ástæðum, er menn ráða ekki við sjálfir, elli, heilsuleysi og ómegð. Er nú nokkurt vit í því að svifta 94—96 menn kosningarrjetti til þess eins, að 4—6 menn fái ekki að njóta hans? Og er nokkru meiri ástæða til að svifta þá menn kosningarrjetti, sem þiggja af sveit sökum ónytjungsskapar, heldur en hinn hópinn, sem drekkur og svallar eða lifir í iðjuleysi, en liggur uppi á ættmennum sínum og kemst þannig hjá sveit?

Það er svo að sjá, sem stjórnarskráin áliti, að fátækt sje glæpur. En af þessum skýrslum, sem jeg hefi lesið upp, má sjá, að fátæktin er þjóðarmeinsemd, sem menn rata oft í af óviðráðanlegum ástæðum. Það má kallast tilviljun, hver fátækur er. Því er það algerlega óverjandi að halda þessum mönnum frá áhrifum á löggjöfina, þessum mönnum, sem mest ríður á umbótunum. Það er og vitanlegt, að með þjóðinni verða kröfur um þetta sífelt háværari.

Hitt atriðið, sem með þarf, til þess að kosningarrjeturinn verði almennur, er, að allir fullveðja menn fái kosningarrjett. Nú munu vera um 7 þús. manna,

sem ekki hafa kosningarrjett, þótt þeir sjeu fullveðja, af því að þeir eru ekki orðnir 25 ára. Þetta ákvæði, um 25 árin til kosningarrjettar, er leifar frá þeim tíma, er menn þurftu þann aldur til að vera fullveðja. Nú, þegar stjórnarskrárbreytingar standa fyrir dyrum, er ekki verjandi að varna þessum mönnum rjettar síns lengur. Í því er ekkert samræmi, að menn, sem mega stjórna stórum fyrirtækjum, fái ekki að kjósa fulltrúa á Alþingi, enda er nú svo komið í flestum nágrannalöndum vorum, að kosningarrjettur er miðaður við 21 árs aldur. — En um nokkurn hluta þingsins keyrir þó úr hófi, þar sem 35 ára aldur þarf til kosningarrjettar til landskjörs. Það er hlægilegt, að á þingi sitja nú a. m. k. 5 menn, sem ekki eru álitnir þess verðugir að mega taka þátt í þeim kosningum. Hvað skyldi það vera, sem gerir mennina svo mjög vitrari og betri á þessum 10 árum, frá 25 til 35 ára?

Þá er enn eitt atriði, sem að vísu er minna um vert. Það er að færa búsetuskilyrði ríkisborgaranna til þess að njóta kosningarrjettar úr 5 árum í eitt. Jeg geri ráð fyrir, að sjálfstæðismenn hafi komið þessu í stjskr., til að varna þess, að Danir þyrptust inn í landið. En það hefir sýnt sig, að engin ástæða er til að óttast neitt þvílíkt, og vænti jeg því þess, að jafnvel þeir, sem komu inn þessu ákvæði, geti nú fallið frá því. Ef kosningarrjettur á að vera hjer almennur, er nægilegt, að íslenskur ríkisborgari sýni, að hann vilji setjast að í landinu, en til þess er eitt ár nógu langur tími.

Þá er hitt atriðið ekki síður merkilegt, að kosningarrjetturinn verði jafn, þ. e. a. s., að hver einstaklingur þjóðfjelagsins fái jafnan kosningarrjett við hina. Orsökin til þess ójafnaðar, sem nú er kominn á í þessum efnum, er, að þjóðarhagirnir hafa breyst svo mjög, síðan þetta ákvæði kom inn í stjórnarskrána. Þá mátti heita, að allir landsmenn lifðu af landbúnaði og í sveitum, og er kjördæmaskiftingin enn bygð á þeim grundvelli. Síðan hefir sjávarútvegur og vaxandi verslun og iðnaður dregið menn til kaupstaðanna, svo að nú lifir rúmur helmingur landsmanna í kaupstöðum og kauptúnum. En kjördæmaskipunin hefir ekki breyst að sama skapi. Nú er svo komið, að Reykjavík hefir t. d. ekki nema helming þeirra þingmanna, sem hún ætti heimting á eftir fólksfjölda, en við annað verður ekki miðað. Það er ekki hægt að kjósa svo og svo marga þingmenn eftir fjölda nautgripa í kjördæminu eða fyrir báta í því o. s. frv., heldur verður að miða við mannfjöldann og hann einan. — Aftur á móti eru nú ýms kjördæmi, svo sem Austur-Skaftafellssýsla, Norður-Múlasýsla o. fl., sem hafa hlutfallslega alt of fáa kjósendur til þess að eiga rjett á sjerstökum þm.

Hægt er að hugsa sjer ýmsa möguleika til að bæta úr þessu ástandi. Þá er fyrst að halda áfram einmennings- og tvímennings-kjördæmunum, en með breyttum „landamærum“. Þessi leið gæti áreiðanlega ekki talist heppileg, því að sakir flutnings landsmanna úr einum stað í annan við breytt atvinnuskilyrði, mundi brátt sækja í sama horfið aftur. Á fám árum getur lítið kauptún verið orðið fjölmennur bær, og þá kemur gamla ranglætið á ný. — Af öðrum tillögum má t. d. nefna tillöguna um að skifta landinu í fjórðungakjördæmi, sem mig minnir að Hannes Hafstein hjeldi fram. Þá áttu innan þessara

fjórðunga að vera hlutfallskosningar, og væri það stórt spor í rjetta átt. Innan hvers fjórðungs hefðu kjósendur altaf jafnrjetti, en flutningur gæti átt sjer stað í stórum stil milli fjórðunganna, og gætu þeir þannig orðið misjafnlega rjetthæir.

Til að forðast þessa galla er aðeins eitt ráð óbrigðult: að gera alt landið að einu kjördæmi, eins og nú á sjer stað t. d. á Írlandi. Þá stæði á sama um alla fólksflutninga innanlands. Hver kjósandi hjeldi jafnan sínum fulla rjetti gagnvart hinum, og hver flokkur kæmi mönnum á þing í rjettu hlutfalli við fylgi sitt í landinu.

Jeg býst við, að þetta landkjör verði ekki vinsælt hjá sumum hv. þm., sem hafa komist að sakir þess eins, að þeir eru að góðu kunnir í sínum hreppi. En með hinni nýju tillögu kæmu þeir einir til mála sem þingmenn, sem kunnir eru á stórum svæðum í landinu. Væri það trygging fyrir því, að hæfari menn væru kosnir. Þeir yrðu að standa reikningsskap gerða sinna frammi fyrir öllum almenningi, og mundi við það hreppapólitíkin hverfa.

Hverjir eru það, sem gjalda hins rangláta skipulags, sem nú er? Það stendur í greinargerð. frv. míns, og get jeg, ef óskað er, sýnt það reikningslega, að ef Alþýðuflokkurinn hefði sínum atkvæðum heppilega skift á kjördæmin, gæti hann náð meiri hluta í þinginu. Þetta sýnir það, að flokkur — sem hefir t. d. aðeins einn þriðja eða ¼ hluta atkv. í landinu — getur ráðið öllu, ef atkvæði hans eru í minstu kjördæmunum, en sá flokkur, sem meiri hluti landsmanna fylti, fengi engu ráðið. — Eins og nú er skipað, hefir Alþýðuflokkurinn aðeins tvo fulltrúa á Alþingi!!

Ef athugað er landkjörið í sumar, ætti Alþýðuflokkurinn að eiga 10 þingsæti. Þó hafa 35 ára menn og eldri einir kosningarrjett þar. En það er vitanlegt, að mest fylgi eiga jafnaðarmenn meðal yngri manna, frá 21—35 ára.

Það eru því kaupstaðabúar og einkum verkalýðurinn, sem geldur þessa rangláta skipulags. Með núgildandi stjórnarskrá er níðst á þeirri stjett manna. Ástandið hjer minnir á það ástand, sem var á Englandi nálægt 1830, þótt það væri enn verra. Af breytingu atvinnuveganna þar í landi var kjördæmaskipunin orðin þannig, að á einum stað kusu 21 kjósandi þingmann og á öðrum jafnvel einir 7 menn. Þetta leiddi auðvitað til margskonar ranglætis og spillingar, eins og uppboðs á atkvæðum í þessum litlu kjördæmum. Urðu þar miklar deilur út af kosningarrjettarmálinu, því að hin ráðandi stjett vildi ekki sleppa völdum sínum, sem á ranglætinu bygðust. Það var ekki fyr en lá við byltingu, að þessu var breytt.

Eftir frv. er ætlast til, að Alþingi sje ekki nema ein málstofa í stað tveggja, svo sem nú er. Tvær málstofur hafa víðast á þingum verið í upphafi þingræðisins og þá verið ætlast til þess, að efri deildin í hverju þingi hjeldi í við neðri deildina. Yfirráðastjettirnar, konungsvald eða aðall o. fl., sem orðið hafa að láta undan síga fyrir þingræðinu, hafa komið ár sinni fyrir borð, hjer sem annarsstaðar, að þær fengju neitunarvald í efri deild þingsins, eins og átti sjer stað fyrrum hjer, er hinir konungkjörnu þingmenn í efri deild áttu að stöðva framgang mála frá neðri deild, ef þau mál voru ekki svo vaxin sem yfirráðastjettinni, þá útlenda vald-

inu aðallega, líkaði. En á móti þessu skipulagi hafa lýðræðissinnar í öllum löndum barist og krafist þess, að neðri deild Alþingis ræði ein, en efri deild hyrfi; þingið yrði ein málstofa, og er það nú víða í Norðurálfunni.

Hjer á landi hefir það oft og tíðum sýnt sig, að efri deild Alþingis hefir stöðvað framgang þeirra mála, er þjóðin sjálf hefir óskað að fram næðu að að ganga, og þó enn oftar tafið eða skemt málin.

Fækkun þingmanna verður og auðveldast að koma í framkvæmd, þegar ákveðið er, að Alþingi skuli aðeins vera ein málstofa. Jeg legg reyndar ekki mjög mikla áherslu á þetta atriði út af fyrir sig, en jeg hefi þó stungið upp á því, að með þessu fyrirkomulagi skuli þingmenn vera 25, og hefi jeg valið þar staka tölu, svo að altaf geti verið hreinn meiri hluti í þinginu, en flokkarnir ekki „vegið salt".

Samkvæmt stjórnarskrám margra landa Norðurálfu, eru þingmenn friðhelgir algerlega, en samkvæmt gildandi stjórnarskrá hjer á landi getur meiri hluti þingsins, hvenær sem er, leyft að draga þingmenn fyrir lög og dóm. Hvar er þá friðhelgi þingmanna? Jeg sje enga ástæðu til þess að halda í þetta ákvæði, og allra síst, þegar núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) reyndi einu sinni að fá beitt undanþágunni frá því, að þingmenn væru friðhelgir, með því að sækja um leyfi þingsins til þess að hefja mál á móti þingmanni fyrir ummæli, er hann hafði látið falla í þingræðu, heimta hann framseldan í þinginu. (**TrÞ**: Hlutaðeigandi þingmaður óskaði sjálfur eftir málshöfðun.) Sjest af þessu, hvers mætti vænta í þessu efni, ef Íhaldsflokkurinn hefði meiri hluta á þingi. Jeg álít, að þetta fyrirkomulag sje ótrygt og þurfi bráðra bóta. Alþingi á að vera sá vettvangur, þar sem hver maður getur sagt og má segja afdráttarlaust sannleikann, án þess að hann verði þar fyrir dreginn fyrir lög og dóm.

Þá vil jeg minnast á ákvæðið um það, að millirikjasamningar skuli birtir, svo að alþjóð viti jafnan, hvað verið er að gera fyrir hennar hönd. Reynsla erlendra ríkja sýnir í þessu efni, að sje hægt að gera samninga í laumi, þá sjeu oft og jafnvel oftastnær í þeim þau ákvæði, sem eru í trássi við þjóðarviljann og jafvel til stórtjóns fyrir alþýðuna í landinu. Þau lönd, sem í þjóðabandalaginu eru, eru skyld til þess að birta opinberlega alla millirikjasamninga sína. Hjer er því ekki farið fram á annað en það, sem nú er heimtað af flestum þeim þjóðum, sem heiðarlegar vilja teljast um viðskifti við aðrar þjóðir.

Þá kemur að ákvæðinu um eignarrjett einstaklingsins. Núgildandi stjórnarskrá mælir svo fyrir, að enginn sje skyldur að láta af hendi eign sína, nema fult verð komi fyrir. Með þessari brtt. minni ákveður Alþingi, hvaða verð skuli goldið, ef eignarnám er framkvæmt. Þessi breyting er rjettmæt, því að oft má taka tillit til fleira en þess, er matsmenn ákveða. Almenningsþörfin setur og hlýtur ávalt að setja í stjskr. takmörkin fyrir eignarrjetti einstaklinganna. En fulltrúaþing þjóðarinnar metur, hvenær eignarrjettur einstaklinga brýtur í bág við almenningsheill, og þá er Alþingi rjetti dómstóllinn um, hvaða endurgjald skuli greiða fyrir eignarnám, enda ætti því best að vera trú-

andi til að gera rjett í málinu, ef það er sannur spegill þjóðarviljans.

Síðasta atriðið í brtt. minum, er máli skiftir, er þess efnis, að þjóðaratkvæði um hvaða þingmál sem er skuli fram fara, hvenær sem 3500 kjósendur óska þess. Í ýmsum lýðfrjálsum löndum gilda slík ákvæði eigi einungis um þau mál, er heyra undir þing og stjórn, heldur einnig um þau mál, er heyra undir bæja- og sveitastjórnir. Jeg skal til dæmis nefna það, að svo er þessu háttað í Sviss og Ástralíu, og jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að svona sje það í Finnlandi líka. Slíku ákvæði er vitanlega ekki beitt, nema um stórmál sje að ræða. Þjóðaratkvæði þekkist nú hjer í stjórnarskránni um breytingu á sambandslögunum og hefir verið beitt um bannlögin, en hjer er lengra gengið, þar sem kjósendunum er leyft frumkvæði um atkvæðagreiðslu um málin, ef þau eru þingmál. Styðst þetta við það, að meiri hluti þjóðarinnar eigi að ráða fram úr stærstu vandamálunum og hafa æðsta úrskurðarvaldið þar, eins og í fornöld var hjá öllum germönskum þjóðum. Þetta ákvæði miðar að því, að styrkja lýðræðið í landinu og er holt aðhald fyrir þingmennina, til þess að nota ekki umboð sitt til að greiða atkvæði á þingi þvert ofan í vilja kjósendanna.

Ákvæði frv. um, að almennar kosningar skuli fram fara 1929, þarf jeg ekki að skýra. Nái till. minar fram að ganga, þá er ekki nema sjálfsagt, að þeir, sem fá kosningarjett samkvæmt þeim, fái sem fyrst að njóta hans.

Áður en jeg skil við þetta mál, vil jeg minnast örfáum orðum á frv. það til stjórnarskrárbreytinga, sem hæstv. stjórn ber nú fram í hv. Ed., og verð jeg þá fyrst að lýsa yfir því, að jeg undrast stórlega, að slíkt frv. skyldi eigi vera borið undir hv. Nd. fyrst. Það er ákveðið, að stærstu mál hvers þings, svo sem fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. skuli fyrst berast fram í Nd. Stjórnarskráin er það stórmál, að hún er á borð setjandi með hinum stórmálunum, og hefði því að sjálfsögðu átt að leggjast fyrst fyrir þessa hv. deild, er hefir meiri hluta fulltrúa þjóðarinnar á að skipa, enda þótt það sje hvergi lögboðið, að stjskr. skuli fyrst lögð fram í hv. Nd. Alþingis. En svo að jeg hverfi frá þessu, þá vil jeg geta þess, sem rjett er, að þetta frv. hæstv. stjórnar er í einu og öllu gagnstætt frv. því, sem jeg ber hjer fram. Frv. hæstv. stjórnar fer fram á það, að draga úr valdi þjóðarinnar gagnvart Alþingi og draga úr valdi og áhrifum þingsins gagnvart stjórninni. En frv. það, sem jeg hefi lagt fram, er til þess að auka vald þjóðarinnar gagnvart þingi og stjórn og koma inn í stjórnarskrána mannrjettindakenningum nútímans.

Það sje fjarri mjer að halda því fram, að frv. mitt sje fullkomin breyting á stjskr., eins og verður, er jafnaðarstefnan sigrar. Það er borið fram til þess, að lýðræðiskenningarnar, sem við jafnaðarmenn, ásamt ýmsum frjálshuga mönnum aðhyllumst, komist inn í stjórnarskrána. En ætti að breyta stjórnarskránni að öllu leyti í samræmi við stefnuskrá og kenningar jafnaðarmanna, þá þyrfti mörgu fleira að breyta en hjer er gert.

Jeg skal engu spá um það, hverjar undirtektir eða afdrif þetta frv. fær hjer í þessari hv. deild, en sannfærður er jeg um það, að flestar brtt. mundu samþyktar verða með þjóðaratkvæði,

ef það rjeði. Víst er það og, að frv. þetta vísar veginn, sem farinn verður síðar í stjórnarskrármálinu.

Eftir meðferð málsins í hv. Ed., sem hefir kosið sjerstaka nefnd í það, vil jeg leggja til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og sjerstakrar nefndar, skipaðri 7 mönnum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þar sem stjórnin hefir lagt fyrir þetta þing 2 frv., sem þessu máli eru nákomin, og jeg vona að komi til umr. í þessari hv. deild síðar, þá ætla jeg yfirleitt að skjóta því á frest að gera frv. hv. 4. þm. Reykv. að umtalsefni. Þess mun gefast kostur síðar, í sambandi við frv. stjórnarinnar.

Hv. flm. undraðist það, að stjórnin skyldi hafa lagt frv. sitt til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni fyrir hv. Ed. Jeg vil benda honum á það, að stjórninni er það algerlega í sjálfsvald sett, fyrir hvora þingdeildina hún leggur frv. um breytingar á stjórnarskránni. Slíkar breytingar hafa oft verið á döfinni fyr, og frv. um þau hafa ýmist verið lögð fyrir neðri deild Alþingis eða efri deild.

Jeg skal hjer geta þess, að framan af þingi hefir hv. Nd. ærið að starfa við þau mál, sem ákveðið er, að fyrir hana skuli lögð. Það er því gert til hagnýtingar á starfskröftum Alþingis, að leggja önnur vandamál en þau, er beint heyra undir hv. Nd., fyrir hv. Ed. þegar í þingbyrjun, og svo var gert nú.

Að svo mæltu skal jeg fyrst snúa mjer að því atriði, er hv. flm. nefndi í sambandi við annað frv., er stjórnin ber fram, þar sem hann ræddi um missi kosningarrjettar vegna þegins sveitarstyrks. Jeg hygg, að hv. flm. hafi ekki farið rjett með sögulegar ástæður fyrir slíkri rjettindasviftingu. Hv. flm. sagði, að aðalástæðan fyrir rjettarsviftingunni væri sú, að menn álitu yfirleitt, að styrkþegar af sveit væru svo ljelegir borgarar, að þeir ættu ekki skilið að njóta jafnrjettis við aðra menn. Þetta er ekki rjett. Höfuðástæðan til þessa er sú, að þjóðfjelagið hefir álitið rjettarskerðing nauðsynlega sem aðhald, svo að ekki sæktu alt of margir eftir slíkum styrk. Og nú á tímum er það áreiðanlegt, að þessari svokallaðri rjettarskerðingu er haldið, beint með þetta fyrir augum. Flestir reyna nú að verjast sveitarstyrk, hvort það eru fátæklingar sjálfir, eða aðrir, sem samkvæmt lögum ber að sjá fyrir þeim, ekki hvað síst vegna rjettindamissisins, sem sveitarstyrknum fylgir.

Að þessu mæltu vil jeg benda hv. flm. á þá úrlausn málsins, sem liggur fyrir í frv. stjórnarinnar um brtt. á fátækralöggjöfinni og hann mintist á áðan. Þær brtt., sem þar koma fram, eigi að bæta úr því, sem hjer kann að vera áfátt hjá okkur að þessu leyti, og þær breytingar má gera án breytingar á stjórnarskránni.

Um þetta frv., er hjer liggur fyrir, vil jeg taka það fram, að það er alt umbúðir utan um eitt höfuðatriði, sem sje það, er felst í 21. brtt., að afnema friðhelgi eignarrjettarins og leggja það á vald þingmeirihluta í hvert skifti, hvort koma skuli gjald fyrir tekna eign, eða ekki. Þetta er sú grundvallarbreyting, sem þetta frv. fer fram á, og þegar hv. flm. lýsir hjer yfir því, að frv. fari ekki út í æsar eftir vilja jafnaðarmanna, þá má nú búast við því, að lengra verði haldið í sömu átt, ef nú tekst að stíga þetta byrjunarspor.

Jeg vil nú grípa tækifærið og skjóta því til bandamanna hv. flm., bæði hjer í deildinni og eins meðal kjósenda út um land, að þeir athugi vel, hvað það er, sem hv. flm. þykir hæfa að bera hjer fram — ekki sem stefnuskrá sína, nje síns flokks — heldur sem sæmilega málamiðlun handa þessum bandamönnum sínum.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það þýðir ekki að deila mikið um þau atriði, sem felast í fátækralagafrv. hæstv. stjórnar, en þó skal jeg geta þess, að samkvæmt því frv. fellur það undir pólitiskar sveitar- og bæjarstjórnir að ákveða, hvort menn hafa kosningarrjett eður ekki, og slík ákvæði eru enginn rjettur fyrir hlutaðeigandi menn, heldur verða þeir að leita á náðir meirihlutaflokksins í bæjar- eða sveitarstjórninni, sem óhæft er með öllu.

Um friðhelgi eignarrjettarins skal jeg aðeins taka það fram, að ekkert er til í reyndinni, sem heitir því nafni. Hæstv. forsrh. ætti að vita það, að eignarrjettur einstaklinga nær ekki lengra en ákveðið er með lögum, og löggjöfin takmarkar þennan rjett síðustu áratugina æ meira og meira. Benda vil jeg honum á það, að í stjórnarskrá Norðmanna eru orðin, að eignarrjetturinn sje friðhelgur, afnumin á sama hátt og gert er ráð fyrir í frv. mínu. En kjarni þess máls er: Hvað nær eingnarrjettur einstaklinga langt? Hann e r ekki friðhelgur, því að hann nær ekki og getur aldrei náð lengra en almenningsheill krefur. Eignarrjettur þjóðfjelagsins vex að sama skapi og eignarrjettur einstaklinga minkar. Hver á svo að ákveða, hvenær eignarrjettur einstaklings á að víkja fyrir almannaheill og hvers virði hann er? Það er fulltrúaþing þjóðarinnar, sem kjósa ætti eftir lýðræðisreglum, og rjettara virðist að láta þjóðina þannig með lögunum sjálfum ákveða endurgjaldið, heldur en láta það fara eftir áliti misjafnra matsmanna.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla ekki að orðlengja um þetta mál, enda tel jeg þess ekki þörf við 1. umr. Þó langar mig til að gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg ætla, en einungis fyrir kurteisis sakir, að greiða atkvæði með því, að máli þessu sje hleypt til 2. umr. Jeg þykist vita, að hv. deild muni síðar fá til umr. frv. það til stjórnarskrárbreytingar, er hæstv. stjórn hefir lagt fyrir hv. Ed. Geymi jeg mjer því að ræða málið þangað til. En þess skal jeg þó þegar geta, að jeg álít, að í frv. þessu, er hjer liggur fyrir, sjeu afarmörg atriði, sem ekki nær neinni átt, að fram nái að ganga.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Út af ummælum hv. flm. vil jeg minna hann á það, að samkv. 63. gr. stjórnarskrárinnar er „eignarrjetturinn friðhelgur", og bæði þau orð og síðari ákvæði, sem sama grein hefir inni að halda, eru bein útfærsla á þeirri hugsun, sem hv. flm. vill nú nema úr gildi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv.

Till. frá flm. (HjV) um að kjósa 7 manna nefnd til þess að fjalla um málið, samþ. með 16 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 3 listar. Stóðu á A-lista: Bernharð Stefánsson, Halldór Stefáns-

son, Jakob Möller, Tryggvi Þórhallsson; á B-lista: Björn Líndal, Þórarinn Jónsson, Pjetur Ottesen, Jón Ólafsson; á C-lista: Bernharð Stefánsson.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil óska þess, að hæstv. forseti skýri deildinni frá því, hverjir hafi komið fram með hvern lista.

Forseti (BSv): Samkvæmt óskum hv. þm. Str. (TrÞ) skal jeg lýsa yfir því, að formaður Framsóknarflokksins hefir afhent mjer þann lista, er jeg nefni A. B-listinn er kominn fram af hálfu Íhaldsflokksins, en C-listinn mun borinn fram af Alþýðuflokknum, eða fulltrúa hans hjer í deildinni.

ATKVGR.
A-listi hlaut 13 atkv.
B-listi hlaut 12 atkv.
C-listi hlaut 1 atkv.
Forseti lýsti því, að kjörnir væru í nefndina:

Bernharð Stefánsson
Björn Líndal
Halldór Stefánsson
Þórarinn Jónsson
Jakob Möller
Pjetur Ottesen
Tryggvi Þórhallsson.

Forseti (BSv): Jeg lít svo á, að um leið og samþykt var að kjósa þessa nefnd, og hún hefir hjer kosin verið, að málinu sje þar með vísað til hennar.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Stjórnarskrá (frv. Tr. Þ.).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (þmfrv., A. 132).

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og á stendur, leyfi jeg mjer, með skirskotun til greinargerðarinnar fyrir frv., að óska þess eins, að málinu verði vísað til stjórnarskrárnefndar og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar með 12 shlj. atkv.

Í upphafi 27. fundar, föstudaginn 11. mars, þegar forseti leitaði samþykkis deildarinnar á gerðabók síðasta fundar, kvaddi sjer hljóðs

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi athugað, að um 8. dagskrármál, frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, þskj. 132, sem var til 1. umr. hjer í gær, er bókað þannig í gerðabókinni.: „Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og stjórnarskrárnefndar með 12 shlj. atkv.“

Nú mælir 49. gr. stjórnarskrárinnar svo fyrir:

„Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði“ — og í þingsköpun-

um er 1. málgr. 44. gr. þessu samhljóða að efni.

Jeg leyfi mjer að leiða athygli að því, að þess er ekki beint getið í gerðabókinni, að ekki fengjust greidd nægilega mörg atkvæði um málið til þess að það næði að ganga til 2. umræðu, og ekki heldur til þess að því sje vísað til nefndar. Hinsvegar sýnir gerðabókin það greinilega, hve mörg atkvæði komu fram, ekki nema 11 alls við fyrri atkvæðagreiðsluna, og ekki nema 12 við hina síðari, en þetta er samkvæmt áðurnefndum greinum stjórnarskrárinnar og þingskapanna ónógur atkvæðafjöldi í þessari þingdeild til þess að gera samþykt um nokkurt mál. Tel jeg því, að þrátt fyrir ógreinilegt orðalag, sýni bókunin það nægilega skýrt, að ekki hefir náðst löglegt samþykki þingdeildarinnar til þess að málið mætti halda lengra áfram, og geri því enga tillögu um breytingu á bókuninni.

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði ekki búist við, að á þessum fundi, eftir dúk og disk, yrði farið að gera athugasemdir við afgreiðslu þessa máls, sem hjer er um að ræða. En um afgreiðslu þess er það að segja, að við fyrri atkvæðagreiðsluna voru 15 þdm. á fundi og 16 við hina síðari. Í bæði skiftin var því meir en helmingur deildarmanna viðstaddur og atkvæðafjöldi nægilegur til samþyktar, þar sem 11 af 15 greiddu jákvæði í fyrra skiftið, en 12 af 16 í hið síðara. Jeg verð að álíta, að samkv. 44. gr. þingskapanna, 2. málsgr., sje þessi afgreiðsla málsins lögleg, en þar stendur: „Engin ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.“

Jeg skal geta þess, að ef hjer er um eitthvað athugavert að ræða, eiga ásakanir fyrir það að koma á mitt bak, en ekki hæstv. forseta (BSv), því að jeg gegndi forsetastörfum, þegar þetta mál var afgreitt. En jeg lít svo á, að hjer hafi verið gerð lögmæt ákvörðun, sem ekki sje hægt að hnekkja.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg leyfi mjer sem annar skrifari deildarinnar að staðfesta það, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir sagt um tölu fundarmanna í gær, þegar mál það, sem hjer er um að ræða, kom til atkvæða. Jeg aðgætti, að 15 voru í deildinni, þegar atkvæðagreiðsla hófst, en þegar hæstv. forsrh. ljet á sjer skilja óánægju yfir atkvæðagreiðslunni, taldi jeg aftur, og höfðu þá 2 eða 3 bæst við. Það er því vafalaust, að meira en helmingur viðstaddra fundarmanna hefir greitt atkvæði. — Jeg hefi flett upp í Alþt. frá 1923, af því að þau voru hjer við hendina, og þar stendur, í D., dálki 446, að till. um að skipa vatnamálanefnd hafi verið samþykt með 14 shlj. atkv. Eftir skilningi hæstv. forsrh. ætti alt að vera ólöglegt, sem gert hefir verið á grundvelli þeirrar nefndarskipunar. — Þá stendur einnig í C., dálki 1072, að máli hafi verið vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), sem er varaforseti þessarar hv. deildar og stýrði atkvgr. í gær um þetta mál, þarf ekki að kvarta yfir því, að þessi athugasemd komi eftir dúk og disk. Jeg leiddi athygli hans og þess skrifara, sem nær mjer situr (TrÞ), að þessu, þegar leitað hafði verið atkvæða í fyrsta sinn og ekki komu fram nema 11 atkv. Bending

mín bar þann árangur, að leitað var atkvæða aftur. En það fór á sömu leið. Aðeins 11 atkvæði komu fram.

Hjer er um að ræða frv., sem fer fram á breyting á stjórnarskránni. Jeg tel sjálfsagða skyldu að gæta þess vandlega, að meðferð slíks máls fari ekki í bág við sjálfa stjórnarskrána.

Jeg hefi ekki sagt, að þessi meðferð færi í bág við 2. málsgr. í 44. gr. þingskapanna, heldur að hún fullnægði ekki 1. málsgr. þeirrar greinar, og ekki 49. gr. stjórnarskrárinnar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get staðfest, að hæstv. forsrh. kom til mín og sýndi mjer þetta atriði úr þingsköpunum. En jeg hafði ekki neina aðstöðu til þess að taka tillit til þess, enda hefir það sýnt sig stundum áður, að hæstv. forsrh. hefir ekki skilið stjórnarskrána rjett og forseti orðið að benda honum á það.

Annars óska jeg þess, að hæstv. forseti úrskurði, hvort atkvæðagreiðslan skuli lögmæt teljast. Þar sem jeg er flm. málsins og form. þeirrar nefndar, sem því er vísað til, verð jeg að krefjast þess úrskurðar.

Forseti (BSv): Það verður athugað við fyrsta tækifæri, hvort málinu er löglega vísað til nefndar. Hjer liggur ekki annað fyrir en að greiða atkvæði um, hvort deildin felst á, að rjett sje bókað.

ATKVGR.

Gerðabók samþ. óbreytt, með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Bygging, ábúð og úttekt jarða.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða (þmfrv., A. 60).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer þykir hlýða að láta nokkur orð fylgja úr garði þessum tillögum okkar til breytingar á þeirri löggjöf, sem hjer er um að ræða. Sum ákvæði, sem í þessum lögum standa, eru nú orðin með öllu ófullnægjandi, og er það að vonum. Þau hafa nú staðið óbreytt yfir 40 ára skeið, og þótt segja megi um landbúnað okkar Íslendinga, að hann hafi ekki tekið miklum breytingum, þá hefir þó á síðari árum verið gert ýmislegt, sem veldur því, að talsvert rót hefir orðið á búnaðarháttum manna, frá því, sem áður var. Ýmislegt hefir komið fram í starfsemi manna, sem snertir allmjög ábúð jarða, sem áður var óþekt, og þau lög, sem um þetta efni voru sett, hafa engin ákvæði um. Við hefðum ekki farið fram á breytingu á lögunum, ef ekki mætti búast við, að breytingarnar verði enn stórstígari en verið hefir, og þá eru lög þessi þannig úr garði gerð, að þeim er í mörgum tilfellum mjög áfátt. Að sumu leyti má segja, að lögin hafi verið allgóð, er þau voru sett. En þau hafa engin fyrirmæli um ýmislega notkun manna á jarðnæði, eftir því sem nú er farið að tíðkast, en óþekt var áður hjer á landi.

Það er nú að vísu svo, að þótt þessar breytingar á ábúðarlögunum verði sam-

þyktar, þá eru þau þó hvergi nærri tekin svo til athugunar sem þyrfti. Til þess þyrfti miklu meiri endurskoðun á þeim en okkur vanst tími til, en þessar breytingar, nokkrar að minsta kosti, eru gerðar fyrir sum bygðarlög landsins, og eru svo aðkallandi, að þeim verður, að okkar áliti, ekki skotið á frest. Jeg skal reyndar segja það um sumar þessar breytingar, sem hjer er farið fram á, að það mun ekki skifta svo miklu máli, hvort þær ná samþykki þessa þings eða ekki, og jeg mun, áður en jeg lýk máli mínu, víkja að þeim breytingum, sem jeg tel mestu máli skifta að nái samþykki þessa þings.

Fyrsta breytingin, sem farið er fram á í þessu frv., leggur nokkrar hömlur á, að hægt sje að sameina heimajörð og hjáleigu. Þetta ákvæði hefði gjarnan mátt koma fyrir löngu, því að þótt jeg vilji ekki neita því, að í einstökum tilfellum geti verið nauðsyn á að sameina heimajörð og hjáleigu, þá er þó oft ekki nein nauðsyn á því, og það er víst, að með því að leggja það á vald sveitarstjórnar, þá er sjeð fyrir því, að samsteypa jarðanna verði leyfð, svo framarlega sem viðkomandi maður, sem óskar þess, hefir þess nokkra þörf. En þó að annars sje komið í veg fyrir að jarðir sjeu sameinaðar, og með því komið í veg fyrir, að ræktun þeirra sje ver borgið, þá tel jeg þar með engan skaða skeðan.

Þá kem jeg að öðru atriðinu í þessu máli, sem sjálfsagt skiftir ekki miklu um, hvort það kemst í lög árinu fyr eða síðar. Eins og kunnugt er, hafa börn ekki meiri rjett til að taka við jörð eftir foreldra sína heldur en hver annar óviðkomandi maður; það er með öðrum orðum, að öllu leyti á valdi þess manns, sem jörðina á, eða þess, sem með umboð jarðarinnar fer, hvort þau skuli fá að halda ábúð jarðarinnar eftir dag foreldra sinna eða ekki. Þetta tel jeg ákaflega óheppilegt, og hygg, að hv. þdm. geti orðið mjer sammála um, að það sje ekki nema sanngjarnt, að börn eða fósturbörn megi ganga fyrir óviðkomandi mönnum, svo framarlega sem eigandi jarðar þarf hennar ekki með handa sjálfum sjer, börnum sínum eða fósturbörnum, því að það er vitaskuld, að það er ekki rjettmætt, að jörðin gangi þannig mann fram af manni, að eigandi geti ekki tekið hana til ábúðar handa sjer eða börnum sínum.

Rjettur ekkju, sem hefir jörð í ábúð, er líka gerður nokkru fyllri en áður var. Ekkja ábúanda heldur ekki rjettinum lengur en á meðan hún ekki giftist aftur. En hjer er sú breyting á ger, að hún heldur ábúðarrjettinum áfram, þótt hún giftist, svo framarlega sem eigandinn þarfnast ekki jarðarinnar fyrir sjálfan sig eða börn sín. Þessi ákvæði eru nú að vísu ekki svo ákaflega aðkallandi, að óhjákvæmilegt sje að þau verði samþykt á þessu þingi, en jeg geri samt ráð fyrir, að hvernig svo sem fer um þá till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins, sem nú er fram komin, þá líði ekki á löngu áður en tekið verður til að endurskoða ábúðarlögin, og skiftir þá ekki svo miklu máli, hvort þessar breytingar verða látnar bíða, þar til er lögin verða tekin í heild. En okkur leist, að þar sem þessi atriði hafa mikla þýðingu fyrir þá, sem jarðirnar byggja, væri ekki vert að slá því á frest, ef tími fengist til að vinna þeim nokkuð til bóta.

Þá kem jeg að því atriðinu, sem máske er róttækasta breytingin og hefir

orðið þess valdandi, að við komum fram með þetta frv. Það er orðalag 12. gr., eins og við leggjum til, að hún verði gerð. Nú er það svo, að eiganda jarðar er undir flestum kringumstæðum heimilt að fara með nytjar jarðar eftir eigin geðþótta, og ef að jarðir yrðu notaðar alstaðar eins og langalgengast hefir átt sjer stað hingað til, að ábúendur, hvort sem þeir eru eigendur jarðanna eða ekki, nota landsnytjar þeirra fyrir bú sitt heima fyrir, heyafla jarðarinnar handa fjenaði sínum o. s. frv., þá væri ekki svo aðkallandi að gera þessa breytingu á lögunum. En síðari árin hefir mikil breyting orðið á þessu; sjerstaklega hefir það átt sjer stað, að menn, búsettir í kauptúnunum, hafa keypt jarðir upp um sveitir en ekki stundað búskap á þeim. Stundum hafa jarðirnar verið seldar á leigu að einhverju leyti, eða sumar nytjar þeirra. Heyið hefir verið flutt burtu, stundum til eigin nota, eða þá selt í kauptúnin. Við þetta hefir jörðin svo að öllu leyti gengið úr sjer, og hún hefir ekki, nema að litlu leyti, orðið til gagns því sveitarfjelagi, sem hún er í, og þetta hefir ágerst allmjög á síðari árum, og jeg get nefnt það sem dæmi, að í einni sveit eru milli 10 og 20 jarðir notaðar svo, að landsnytjar eru fluttar burt af jörðunum. Með þessu móti ganga jarðirnar stórkostlega úr sjer að rækt, en það sveitarfjelag, sem hefir orðið fyrir þessum þungu búsifjum, þá hefir farið svo, að útgjöldin hafa vaxið, en gjaldþolið farið minkandi, eftir því sem fleiri jarðir hafa horfið úr ábúð. Þetta er með öllu óþolandi, og það er skylda löggjafarvaldsins að koma í veg fyrir slíka misbrúkun jarðnæðisins. Með þeim ákvæðum, sem við förum fram á, að sett verði í þessi lög, er reynt að koma í veg fyrir þessa misbrúkun. Nú förum við ekki fram á það, að þeim manni, sem þarf að sækja sjer heyskap af annari jörð, að honum sje meinað að afla sjer heyja og flytja í burtu, svo framarlega sem hann að nokkru sjer fyrir því, að jörðin verði í ræktun áfram. En við leggjum hömlur við því, þótt hann telji sig hafa jörð í ábúð, að hann geti flutt máske alt eða nær alt heyið burt af jörðinni, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Þetta kann að þykja hart, og jeg skil það vel, að mjög oft þarf ekki svona ákvæði, vegna þess að það kemur ekki að sök vegna ræktunar jarðarinnar, og það er heldur ekki sett í þeim tilgangi. En það er ekki svo gott að koma svona lagaákvæðum þannig fyrir, að þau geti aðeins átt við þau ein tilfelli, sem verða til hnekkis jarðræktinni og sveitarfjelögunum, án þess að þau taki þá að nokkru leyti til hinna. En sá varnagli er sleginn við því, að ekki þurfi annað en að leita hlutaðeigandi sveitarstjórnar, og jeg er sannfærður um, að hver sveitarstjórn leyfir að selja hey af jörð, svo framarlega sem það verður til þess að tryggja afkomu ábúanda. Menn þurfa ekki að óttast það, að sveitarstjórn sjái ekki sinn eigin hag og ábúandans, svo að þótt þetta ákvæði sje sett, eins og við leggjum til, þá held jeg, að engin hætta sje á, að það mundi standa neinum ábúanda fyrir þrifum. En það kemur í veg fyrir, að með því að telja sig ábúanda á jörð, geti maður farið með nytjar hennar eftir eigin vild. Og fari svo, að jörðin gangi stórkostlega úr sjer að rækt og sveitarfjelagið missi þess hagnaðar, sem af henni væri fáanlegur, ef hún væri í góðri rækt, þá getur maður sagt,

að þær breytingar, sem við förum fram á að gerðar sjeu á ábúðarlögunum, sjeu aðeins til þess að tryggja meðferð jarða og þeim sveitarfjelögum, þar sem jarðirnar eru, að þær verði þeim að sem bestum notum, og þá ekki síður ábúanda en sveitarfjelagi. Því að hagur þeirra, ábúanda og sveitarfjelags, fellur undir flestum kringumstæðum algerlega saman.

Ef mönnum kynni nú að virðast, að þessari hugsun okkar, sem jeg set hjer fram, mætti koma fyrir með öðru betra móti, þá erum við fúsir til að taka þeim breytingum, sem hv. þd. kann að vilja gera, hvort sem þær snerta orðalag eða efni frv., ef aðeins er sjeð fyrir því, að þeim tilgangi, sem við höfum með frv., verði náð.

Þá á jeg eftir að tala um tvö atriði frv., sem jeg þó get verið fáorður um. Annað er um hlunnindi jarðar. Það er gert ráð fyrir, að þau hlunnindi, sem jörðu hafa fylgt, haldi áfram að fylgja henni, og jeg tel það algerlega rjettmætt. En það hefir tíðkast ekki alllítið á síðari árum, að hlunnindi hafa verið undan skilin og ekki fengið að fylgja jörðinni lengur. Og þó að þetta kunni kanske undir sumum kringumstæðum ekki að gera mikið til, þá er það þó til þess að rýra verðmæti jarðarinnar. En þetta er að vísu ekkert höfuðatriði, og jeg býst við, að okkur flm. liggi í ljettu rúmi, hvort þetta ákvæði nær samþykki þingsins nú eða síðar, svo að ekki skiftir miklu máli, þó að það bíði, þar til öll lögin verða tekin til endurskoðunar.

Þá er eftir eitt atriði, sem jeg vildi vikja stuttlega að. Það er, ef leiguliði vill gera heygryfju eða áburðarhús, þá sje honum trygt verð fyrir, þegar hann fer af jörðinni. Eins og menn vita, er ekkert orð um þetta í ábúðarlögunum. Sjerstaklega verð jeg að telja það mjög illa farið, að ekki skuli hafa verið lögð sú kvöð á um áburðarhús, því að það er öllum ljóst, að á meðan áburðarhirðingu er ekki betur fyrir komið en nú er, komumst við skamt í ræktun landsins; hitt er minna um vert, heygryfjurnar, en jeg legg mjög mikla áherslu á það, að ef leiguliði byggir áburðarhús, þá sje honum trygt verð fyrir, þegar hann verður að flytja af jörðinni. Það er engin von til þess, eins og ábúðartíma er háttað nú hjá mörgum leiguliðum, að leiguliði leggi mikla peninga í umbætur, ef hann á ekki von á að fá neitt fyrir, er hann fer frá. En ef ekki er betur sjeð fyrir áburðarhirðingunni, fer jarðræktin í handaskolum. Það hefði máske mátt koma þessu ákvæði betur fyrir, ef til vill verið rjett að taka það berum orðum fram, að styrkur sá, sem ábúandi fengi af opinberu fje, ætti að dragast frá. Reyndar er sagt í 4. gr., að leiguliði eigi ekki að fá meira verð fyrir mannvirkin en hann hefir lagt fram í fyrstu, en með því er óbeinlínis sagt, að styrkur úr opinberum sjóðum eigi að dragast frá. En hitt hefði ekki spilt, að orða þetta berlega.

Jeg tel ekki við þurfa að svo vöxnu máli að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi drepið á aðalatriði þessa frv. Jeg vænti þess, að hv. þm. leyfi því til 2. umr. og landbn., þótt þeir hafi eitthvað út á það að setja. En annars væri gott að heyra nú við þessa umræðu, ef hv. þdm. hafa aðfinslur að gera; það gæti verið landbn. til athugunar.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer virðist margt í frv. þessu miða til bóta frá því sem verið hefir. Þó vil jeg gera athuga-

semd við 3. gr., 2. málsgr. Jeg álít það mjög vafasamt að mæla svo um, að óheimilt sje að selja eða flytja hey af jörðu, án samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar. Það getur komið mjög illa niður á þeim, sem búa í kaupstöðum og kauptúnum. Nú hefir nýlega verið bannaður innflutningur heys frá útlöndum, og það gæti haft alvarlegar afleiðingar, ef nú væri tekinn upp sá siður, að banna útflutning heys úr sveitunum. Það má nú segja, að sveitarstjórnir mundu oft leyfa slíka sölu, en eigi að síður mundi með þessu móti verða örðugra að ná í heyið. En það munu allir viðurkenna, að nauðsynlegt er fyrir kauptúnin og kaupstaðina að fá hey að, og áburðurinn kemur að gagni þar, engu síður en í sveitunum.

Jón Sigurðsson: Hv. flm. óskaði eftir því, að andmæli kæmu fram við þessa umr. málsins, svo landbn. ætti kost á að heyra þau og athuga þau. Það er ekki nema sjálfsagt og skylt, að verða við þeim tilmælum.

Í ástæðunum fyrir þessu frv. er það tekið fram, að með því sje ráðin bót á ýmsum stærstu agnúunum, sem á gildandi lögum sjeu. Jeg skal kannast við það, að reynt er að ráða bót á nokkrum annmörkum, sjerstaklega annmörkum, sem vart verður við í nágrenni Reykjavíkur. En um leið og nokkrum einstökum mönnum er veitt rjettarbót, þá eru hundruð eða jafnvel þúsundir manna, sem gerður er mikill órjettur.

Fyrsta atriðið, er jeg vil minnast á, er í 2. gr. frv., þar sem færður er út rjettur ekkju til ábúðar að manninum látnum, þannig, að börn og fósturbörn njóta hans líka. En þegar nánar er að gætt, þá er rjettur barnanna ekkert betur trygður en áður, því að ekkjan nýtur ekki ábúðarrjettarins, nema um lífstíðarábúð sje að ræða. Með þessu er því jarðeigendum gefið undir fótinn með að byggja ekki jarðir sínar til lífstíðar, heldur kanske til eins eða tveggja ára. En þetta hefir auðvitað ekki verið tilgangur hv. flm., og jeg tel ekki æskilegt, að slíkt verði gert.

Þá er annað atriði, sem jeg vil vikja að, en það er, að samþykki viðkomandi sveitarstjórnar þurfi til þess að selja eða flytja burt hey af jörðu, sem er í sjálfsábúð. Hjer virðist vera farið inn á æði hála braut. Það er borið fyrir, að þetta sje gert til þess að jörðin njóti nytjanna. En með sama hætti mætti banna bændum að selja kindur sínar, kýr eða hross, því að hvaða gagn er að heyjunum, ef ekki eru til skepnur til þess að setja á þau? Sveitastjórnirnar eiga með þessum hætti að verða yfirfjárráðendur bænda. Hv. flm. sagði, að þetta mundi ekki skaða einstaka menn, sem selja. En það er nú vitanlegt, að víða er nú rígur og sveitardráttur, og hugsanlegt er, að það gæti orðið til synjunar um sölu, bóndanum til stórtjóns, ef hann ef til vill gæti ekki þess vegna sint hagkvæmu tilboði. Mjer sýnist hjer stefnt inn á mjög varhugaverða braut, með því að svifta menn umráðum eigna sinna, og get jeg ekki greitt slíku atkvæði.

Þá er loks í 4. gr. svo um mælt, að leiguliða skuli heimilt að gera votheysgryfju og áburðarhús á leigujörð sinni og skuli hann fá fult endurgjald fyrir, er hann flytur af jörðinni. Hvergi sjest, að hann þurfi að fá samþykki jarðeigana til þessa, enda bersýnilegt, að honum er ekki ætlað að hafa hönd í bagga með þessu. — Leiguliði getur bygt fjós fyrir 20 kýr, þótt túnið fóðraði aðeins

10 og jörðin væri að allra dómi aðallega fallin til sauðfjárræktar, án þess eigandi, eftir frv., geti nokkuð að gert; hann á bara að þegja og borga brúsann. Þó ábúandi hafi bygt áburðarhús fyrir 30 árum og fari síðan, þá á hann að fá fult endurgjald fyrir, að frádreginni fyrningu. En þegar um steinhús er að ræða, þá er fyrning lítil. Það er talið, að túnasljettur borgi sig á 10 árum. Jeg hefi ekki kynt mjer um áburðarhús, en jeg býst við, að þau borgi töluvert upp í verð sitt við notkun. Með öðrum orðum: hjer er beinlínis gengið á rjett jarðeiganda. Hann er skyldaður til að greiða nokkurn hluta verðs, sem leiguliði er þegar búinn að taka í sinn vasa. Mjer finst, að taka ætti tillit til þess, hve lengi hlutaðeigandi hefir notað jarðabótina. Jeg skal líka benda á, að þetta getur komið mjög meinlega við. Það er ekki fátítt, að ekkjur, sem eiga mörg börn, verða að bregða búi um stundarsakir, af því að þær hafa ekki efni á að búa, en vilja hinsvegar ekki farga jörðinni, vegna barnanna. Í öðru lagi reyna fjárráðamenn barna oft að halda í jarðirnar, barnanna vegna. En á þessar ekkjur og börn eru með þessu frv. lagðar kvaðir, sem óvíst er um, hvort þau fái undir risið, ef gálauslega er með farið. Það gæti vel farið svo, að selja þyrfti jörðina til þess að uppfylla kröfur leiguliða.

Það mætti margt fleira um smærri atriði þessa frv. segja. En af því að þetta er 1. umr., þá hirði jeg ekki um það nú. Það er magt í því, sem þarf verulegrar lagfæringar við. Jeg get getið þess í sambandi við 4. gr., að það er alls ekki tekið fram, að þessar byggingar sjeu í samræmi við þarfir jarðarinnar. Jarðeigandi verður að gera svo vel og borga, þó að þær sjeu enganveginn samrýmanlegar stærð eða gæðum jarðarinnar. Leiguliða getur t. d. dottið í hug að reka á jörðinni stærðar kúabú og bygt áburðarhús með tilliti til þess, þótt jörðin sje miklu betur fallin til sauðfjárræktar. En eigi að síður verður jarðeigandi að kaupa þessa byggingu fullu verði.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þessir tveir hv. þm., sem nú hafa talað, hafa gert nokkrar athugasemdir við frv. þetta. Það er ekkert við því að segja, en jeg saknaði þess, að hvorugur þessara hv. þm. leysti úr þeim vanda, að gera meðferð jarða og ábúð sæmilega trygga. Það er rjett hjá hv. 2. þm. Skagf., að ákvæðin um sölu heys eiga aðeins við í fáum tilfellum og í einstöku sveitum. Þetta var okkur flm. ljóst. En þessi heysala kemur svo illa niður á einstöku sveitum, að ekki er við unandi. Þetta ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir, að svo verði víðar.

Þá skal jeg víkja nokkuð að hv. 4. þm. Reykv. Honum þótti frv. vera til bóta, en gerði athugasemd við ákvæðið um heysöluna og taldi það mundu koma í veg fyrir heyflutning til bæjanna og áleit það því varhugarverðara nú, þar sem bannaður væri innflutningur heys frá útlöndum. Þótt það kunni nú að sýnast svo, að þetta frv. muni hefta heysölu til bæjanna, þá er því þó alls ekki svo varið, ef sú sala er bygð á heilbrigðum grundvelli. Frv. er stefnt gegn þeim mönnum, sem kaupa jarðir til þess að stunda þar rányrkju og flytja afurðirnar burtu, svo að jarðirnar ganga úr sjer og komast í órækt og hverfa sveitarfjelögunum sem tekjulind. Frv. er fyrst og fremst stefnt gegn svona meðferð. Jeg tel vafalaust,

að kaupstaðarbúum gangi jafngreiðlega að fá hey, þótt þetta frv. verði að lögum. Jeg treysti sveitarstjórnunum vel til þess að koma sanngjarnlega fram í þessum málum. En hinsvegar er með þessu ákvæði verið að stemma stigu fyrir, að Reykvíkingum eða öðrum heppnist að leggja jarðir í eyði með rányrkju.

Hv. 2. þm. Skagf. drap á fleiri atriði, og verð jeg því að víkja nánar að ræðu hans. Hann sagði, að hundruðum eða jafnvel þúsundum manna væri órjettur ger með þessu frv., til þess að koma í veg fyrir misnotkun jarða í fáum tilfellum. Jeg verð að segja, að hv. þm. ber lítið traust til sveitarstjórnanna, ef hann heldur, að þær gæti ekki hagsmuna sveitarinnar og ábúendanna í þessum tilfellum. Jeg treysti þeim vel til þess, og jeg kviði ekki þeim sveitadrætti, sem hann talaði um. Jeg þekki hann ekki. Jeg fullyrði, að sveitastjórnirnar mundu haga sjer eins og sveitarfjelaginu og ábúendunum er fyrir bestu, en hinsvegar ekki líða það, að jarðir yrðu eyðilagðar. Þá fanst þessum hv. þm. hæpið, að það væri rjettarbót, að ekkja og börn gangi fyrir öðrum með ábúð jarða, og taldi það verða til þess, að jarðir yrðu bygðar til skemri tíma. Þessi skoðun minnir mig á bónda, sem býr rausnarbúi á jörð, sem hann á ekki. Hann býr þar eftir föður sinn og hefir gert þar miklar áveitur, túnasljettur, bygt hús o. fl., alt án nokkurs styrks frá jarðeigandanum. Þegar hann svo spyr jarðeigandann, hvort hann megi ekki hugsa til þess, að drengirnir sínir fái jörðina eftir hans dag, fær hann þetta svar: Þeir síður en nokkur annar. Það sem kann að hafa valdið þessu svari er það, að ábúandinn vildi ekki borga margfalt hærra afgjald heldur en er hann tók við jörðinni, en vildi hinsvegar ganga inn á að borga nokkru hærra.

En jeg verð að segja, að ef menn eru alment þeirrar skoðunar, að bygt yrði til skemri tíma, aðeins í þeim tilgangi að varna börnum leiguliða að taka við jörðinni, þá harma jeg, hve margir einstakir menn hjer í landi eiga jarðnæði, sem þeir leigja. Það styður þá það, sem jeg hefi áður sagt, að það hefði verið betra, að ríkið hefði ekki látið jarðir sínar, og frekar bætt við sig jörðum.

Þá drap hv. 2. þm. Skagf. á takmarkanir þær, sem frv. setur á sölu heys, og þótti honum mjög athugavert, að þessar skorður væru reistar gegn athafnafrelsi manna. Þó vildi hann ekki mótmæla þeim rökum, er jeg benti á að rjettlættu þessar hömlur. Og ef hv. þm. gæti bent á ráð til að hefta misnotkun jarða, án þess að baka annari notkun þeirra nokkur óþægindi, þá mundi það gleðja okkur flm. þessa frv., því að þá er tilgangi okkar algerlega náð. En jeg hugsa, að erfitt verði að fulltryggja jarðirnar gegn misnotkun, án þess að snerta þá menn, sem heilbrigða heysölu vilja stunda. Jeg fæ ekki heldur sjeð, að það sje nein frágangssök fyrir menn að leita í þessum efnum til sveitastjórnanna, því að jeg er sannfærður um, að þær gefa ætíð heimild til heysölunnar, þegar rjett rök mæla með því.

Hv. þm. sagði, að ef farið væri að takmarka svo mjög frelsi manna, þá mætti eins banna mönnum að selja kindur eða hesta. Þetta er fjarstæða, sem engri átt nær, og það veit hv. þm. sjálfur. En geti hann bent á annað heppilegra fyr-

irkomulag eða orðaval um þetta efni, þá endurtek jeg, að jeg er fús til að fallast á það. En það verður að vera sjeð fyrir því, að ábúðarrjetturinn verði ekki misnotaður.

Sú mótbára, að þetta snerti umráð manna yfir eignum sínum, er harla lítils virði. Þegar almenningsheill og hagsmunir einstaklinga rekast á, þá verða einstaklingarnir að víkja. Enda eru þess mýmörg dæmi í lögum, að takmarkanir eru settar á umráðarjett manna yfir eignum sínum, og verður ekki hjá því komist.

Þá drap hv. þm. á ákvæði 4. gr. Jeg tók það nú fram, að jeg teldi litlu máli skifta ákvæðið um votheysgryfjurnar, a. m. k. að þessu sinni. Hv. þm. Str. skaut því að mjer, að búnaðarþingið vildi koma þessum fyrirmælum inn í jarðræktarlögin. Ætti þá líka að verða hægt að fá styrk til þessara bygginga. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að þessi fyrirmæli gætu orðið til þess, að leigjandi jarðar gæti ráðist í stórbyggingar á henni og jafnvel yfirbygt hana, án þess að eigandi fengi að segja eitt orð um. Jeg held, að á því sje engin hætta. Menn mundu oftast ekki ráðast í meiri mannvirki en þeir nauðsynlega þurfa á leigujörðunum. Annars mætti gjarnan koma því svo fyrir, að leitað væri álits jarðeiganda og sjeð væri fyrir því, að byggingin væri við hæfi jarðarinnar. En frá aðalatriðinu vil jeg ekki hverfa, að ábúanda sje heimilað að gera þessar byggingar, innan þeirra takmarka, að jörðin verði ekki yfirbygð.

Þá þótti hv. þm. ekki sanngjarnt, að ábúandi, sem hefði bygt safnhús, t. d. 30 árum áður en hann færi af jörð, ætti þá kost á að fá byggingu þess endurgreidda af jarðeiganda. Hví þá ekki? Hvað hefir jarðeigandi unnið til þess, að honum sje gefið þetta? Í langflestum tilfellum leggja eigendur jarða ekkert til endurbóta þeirra, sem ábúendur láta gera. Sje jeg litla sanngirni í því, að þeir eigi svo að ganga slyppir og snauðir frá jörðunum, er þeir hafa eytt kröftum sínum og fjemunum til að endurbæta þær.

Það má vel vera, að eins og nú er ástatt, geri menn meiri endurbætur á ábýlisjörðum sínum, ef þeir eiga þær sjálfir, en það sannar einmitt það, að betur þarf að sjá fyrir kosti leiguliða en nú er gert. Er því ekkert annað en fylsta sanngirni, sem mælir með því, að þeir fái endurgreiðslu fyrir þau mannvirki, er þeir gera, að frádregnum opinberum styrk og fyrningu. Það er áreiðanlegt, að jarðeigandi mundi græða stórkostlega á þessum umbótum, þótt hann yrði að borga þær, þegar ábúandi færi af jörðu.

Hv. þm. sagði, að þetta gæti orðið til þess, undir sumum kringumstæðum, að fátækar ekkjur yrðu að sjá af eignarjörðum sínum, af því að þær gætu ekki greitt álag á þær. En við flm. getum fúslega sætt okkur við að draga úr þessu, t. d. um votheysgryfjurnar, og vel mætti setja í lögin ákveðna upphæð, sem safnhúsin mættu kosta mest. Aðalatriðið er, að leigjandi jarðar fái rjettinn til að gera þessi mannvirki, og að honum sje trygt, að fá þó nokkrar bætur fyrir fyrirhöfn sína og kostnað. Þetta yrði ekki að eins leigjendum til hagsbóta heldur öllum landslýð. Um helmingur allra jarða í landinu er í leiguábúð.

Meðan ekki er betur sjeð fyrir hag

leiguliða í landinu, er ekki að vænta mikilla framfara eða umbóta í ræktun landsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 524).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Gagnfræðaskóli á Ísafirði.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði (þmfrv., A. 81).

Á 22. og 24. fundi í Nd., dagana 5. og 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Mál það, sem hjer er borið fram, er gamalt áhugamál Ísfirðinga. Það eru nú liðug 20 ár síðan þeir stofnuðu hjá sjer unglingaskóla. Sá skóli var lengi ein deild, en hefir nú um nokkur ár verið í tveim deildum. Þetta skólahald, eða þá unglingafræðslu, sem þarna hefir átt sjer stað, hafa Ísfirðingar að mestu sjálfir kostað. Hafa þeir með skólahaldi þessu sýnt, að þeim hefir verið fyllilega ljós þörfin til þess, að unglingar ættu kost á að fá frekari fræðslu en barnaskóli þeirra getur veitt. Þeim hefir verið það ljóst, að yfirleitt gerir fræðsla og mentun unglingana færari til þess að verða að nýtum borgurum þjóðfjelags vors. Aðsóknin að skóla þessum hefir aftur á móti sýnt, að skólans hefir verið fylsta þörf. Það má víst svo heita, að skóli þessi hafi altaf verið fullskipaður, eins og húsrúm hans hefir leyft, og nokkrum sinnum hefir orðið að vísa nemöndum frá vegna plássleysis.

Eins og jeg gat um í greinarg., eru nú 18 eða 19 ár síðan byrjað var fyrir alvöru að hugsa um að fá fullkominn gagnfræðaskóla á Ísafirði. Mun vera til frá þeim tíma teikning af skólahúsi. Held jeg, að sú teikning með kostnaðaráætlun hafi komist hjer í stjórnarráðið með tilmælum um, að stjórnin tæki málið að sjer. Það hefir nú orðið alt minna um það, að stjórnir vorar tækju þetta mál að sjer. Það hefir sem sje oftast við brunnið, að áhugamál Ísfirðinga hafa ekki verið þau málin, er hafa staðið næst huga og hjarta vorra hæstv. stjórna.

Tilmæli eða kröfur frá Ísfirðingum um fullkominn gagnfræðaskóla hafa nú legið niðri um nokkur ár, og hefir það eingöngu orsakast af því, að fjárhag ríkisins hefir verið þann veg farið, að þeir hafa viljað í hvívetna stilla kröfum sínum svo í hóf, að ríkissjóður gæti sem fyrst losnað við sínar verstu og erfiðustu skuldir, en ekki af því, að þörfin væri ekki jafnbrýn og áður, sem ljósast hefir sýnt sig í því, að þeir hafa á þessum árum gert unglingaskóla sinn að tveggja ára skóla. Fræðslumálastjórnir vorar hafa verið ánægðar yfir þeim áhuga, er Ísfirðingar hafa sýnt í verkinu um unglingafræðslu hjá sjer

og um það, að þeir kostuðu hann að mestu sjálfir, þótt ríkið kostaði að öllu einn gagnfræðaskóla í hverjum hinna landsfjórðunganna.

Jeg hefi leyft mjer í greinargerðinni fyrir frv. að segja, að Vestfirðingar yfirleitt, og sjerstaklega Ísfirðingar, hafi verið afskiftir um framlag úr ríkissjóði til ungmennafræðslu móts við aðra fjórðunga landsins. Er sjálfsagt, að jeg færi rök fyrir þessum dómi mínum. Til þess að þetta sje sem ljósast, tek jeg til samanburðar unglingaskóla eða gagnfræðaskóla í öðrum landsfjórðungum, tilfæri þann nemendafjölda, er undir vorpróf hafa gengið, og reikna út, hve hár ríkissjóðsstyrkur til skólans hefir verið á hvern nemanda. Jafnframt er tekið tillit til, að námstími sje jafnlangur, með því að reikna út styrkinn, sem veittur er á námsviku hvers nemanda.

Tek jeg námsárið 1924—25, af því að mig vantar skýrslu frá Eiðaskóla 1925—26, enda er árið 1925 síðasta árið, sem við höfum landsreikninga frá .

Námstími	Nemenda-fjöldi	Ríkissj.-styrkur	Styrkur á hvern nem.	Styrkur á námsviku hv. nem.
Eiðaskóli:				
$^{20}/_{10}$—$^{9}/_{5}$ 1924—25	32	19356,00	605,00	20,86
Flensborgarskóli:				
$^{1}/_{10}$—$^{30}/_{4}$ 1924—25	52	14000,00	258,00	9,92
Akureyrarskóli:				
$^{2}/_{10}$—$^{30}/_{5}$ 1924—25	110	55441,00	504,00	14,40
Ísafjarðarskóli:				
$^{16}/_{10}$—$^{30}/_{4}$ 1924—25	45	2600,00	57,78	2,06

Eins og jeg gat um, gat jeg ekki tekið skólaárið 1925—26. En styrkir til skóla þessara eru samkvæmt fjárlögum það ár:

Eiðaskólinn	kr.	75900,00
Flensborgarskóli ...	—	14000,00
Akureyrarskóli	—	56640,00

Það skólaár eru jafnmargir nemendur í skólanum á Ísafirði, en styrkur greiddur skólanum varð nú 100 kr. minni en árið áður, eða kr. 2500,00. Nemendafjöldi er aftur meiri í Flensborgarskóla þetta ár, eða 63 nemendur, svo að minni verður styrkur á hvern nemanda það ár. Nemendafjöldi Akureyrarskóla er sá sami það ár og árið áður, og sá hlutfallslegi kostnaður því lítið eitt hærri. Aftur er styrkur til Eiðaskóla margfalt hærri, en þar er einnig styrkur til húsa. Sá skóli virðist líka fremur verða dýrari með árihverju. Í fjárlögum fyrir árið 1927 eru honum ætlaðar kr. 39040,00, þar af nokkuð til húsa.

Niðurstaðan af þessu, sem nú er sagt, er sú, að styrkur til unglingaskólans á Ísafirði er nálega fimmfalt minni en styrkur til Flensborgarskólans, sjöfalt minni en kostnaður ríkissjóðs við Akureyrarskólann, og tífalt minni en kostnaður ríkissjóðs af Eiðaskóla. Nú vil jeg spyrja hv. deildarmenn, hvaða sanngirni sje í þessu. Hjer hefir verið beitt því misrjetti, sem löggjafarþingi þjóðarinnar er gersamlega ósamboðið. Jeg vil að svo stöddu máli gera ákveðið ráð fyrir því, að hjer sje athugaleysi um að kenna, jeg vil ákveðið gera ráð fyrir því, að háttv. löggjafar vilji láta þá skóla, sem eru hliðstæðir, njóta jafnrjettis um styrk úr ríkissjóði, þegar slíkir skólar hafa sýnt, að þeir eigi fylsta tilverurjett.

Þó gæti nú verið hjer um eðlilegar orsakir að ræða. Setjum svo, að eitthvað sjerstakt ólag væri á þessum Ísafjarðarskóla, annaðhvort hvað kenslu snertir og aga eða skólafyrirkomulagið yfirleitt. Svo mikið ólag gæti verið á skóla þessum, að auðvelt væri að verja það mis-

rjetti, að þessi unglingafræðsla fengi fimmfalt minni styrk úr ríkissjóði en sama fræðsla í Flensborgarskólanum, sjöfalt minni en unglingafræðslan í Akureyrarskóla og tífalt minni ríkissjóðsstyrk en nákvæmlega sama fræðsla í Eiðaskólanum. Það mundi nú heldur handhægt fyrir háttv. Alþingi og fræðslumálastjórnir, ef hægt væri að tilfæra þessa afsökun fyrir misrjetti því, er hjer hefir verið framið. En þessu er ekki hjer til að dreifa. Svo vel vill nú til, að núverandi fræðslumálastjóri, háttv. þm. V.-Ísf., á sæti í nefnd þeirri, er þetta mál fer í, og mun hann bæði þar og sömuleiðis í þessari hv. deild skýra frá áliti sínu á þessum skóla. En mín persónulega skoðun á unglingaskóla Ísafjarðar er sú, að hann standi ekki að baki þeim skólum, er jeg hefi nefnt, svo langt sem kensla hans nær. Hann er 2 ára skóli, en tveir hinna 3 ára skólar.

Að endingu vil jeg aðeins segja það, að jeg hefi síst ástæðu til að vera kvíðinn fyrir, að þessu máli verði ekki vel tekið hjer á háttv. Alþingi. Jeg býst miklu fremur við, að háttv. þm. verði mjer þakklátir fyrir, að þeim gefst tækifæri til þess að bæta fyrir það misrjetti, er átt hefir sjer stað undanfarið. Engin ástæða er heldur til þess að ætla, að nokkur flokkarígur slæðist inn í mál þetta, því að annarsvegar þekki jeg nú sanngirnina, rjettsýni og rjettdæmi hjá mínum háttv. flokksbræðrum, sem mun sýna sig í þessu máli sem öðrum. Því síður ætti að vera ástæða til þess að efast um fylgi þeirra manna, sem senda legáta um landið, til þess að prjedika fyrir alþjóð, að þeir sjeu þeir einu og sönnu vinir allrar alþýðumentunar hjer á landi. Jeg hefi fulla ástæðu til þess að ætla, að þeir taki frv. þessu opnum örmum og afsanni með því, að umhyggja þeirra fyrir alþýðumentuninni sje bundin við einhver ákveðin hjeruð landsins.

Jeg vil svo leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og mentmn.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp til þess að mæla gegn frv. þessu eða til þess að leggja stein í götu þess. Jeg vildi aðeins upplýsa það, sem hv. flm. virðist ekki kunnugt, að fjárveitingin mikla til Eiðaskóla árið 1925—26 er byggingarkostnaður en ekki reksturskostnaður. Skólinn var bygður næstl. sumar, en til þess tíma hefir verið notað lítið skólahús frá tíð búnaðarskólans, hús, sem rúmað hefir tæpan helming umsækjenda og þess vegna staðið skólanum fyrir þrifum og gert rekstur hans dýrari. Og þegar háttv. flm. segir, að tífalt meira fje fari til Eiðaskóla en unglingaskólans á Ísafirði að hlutföllum við nemendafjölda, þá er þetta ekki sambærilegt, af þeim ástæðum, sem jeg þegar hefi nefnt.

Einnig er hjer tvennu ólíku saman að jafna, þar sem annarsvegar er skóli, sem tilheyrir hjeraði eða kaupstað, en hinsvegar föst skólastofnun, sem ríkið á og annast að öllu. Eiðaskóli með jarðagóssi, húsum, bústofni búnaðarskólans gamla og öllu föstu og lausu frá þeirri stofnun, er gjöf frá Múlasýslum til ríkisins. Hún var á sínum tíma vægt metin nær 100 þús. kr., og mætti vel telja nokkra vexti af því fje til frádráttar rekstrarkostnaði við skólann. Ef önnur hjeruð vildu fylgja fordæmi Múlsýslunga, þegar um stofnun hjeraðsskóla er að ræða, þá virðist mjer

slik mál ættu að vera auðsóttari. Eiðaskóli var lögfestur 1917, og gjöfin, sem sumir vilja nú gera lítið úr, afhent 1918. Segja má því, að stofnunin hafi verið fram á síðustu ár rekin með tiltölulega litlum tilkostnaði, án byggingakostnaðar og að nokkru leyti fyrir vexti af höfuðstólnum gamla. En á fjárlögum undanfarið hafa staðið nálægt 20 þús. kr. til skólans árlega, að öllu tiltíndu.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. S.-M., að rjett hefði verið að tilgreina nánar, hve há upphæð af þessum 75 þús. kr. til Eiðaskólans var ætlað til bygginga, en árlegur reksturkostnaður skólans er nú um og yfir 20 þús. kr., og jeg miðaði við þann styrk, er skólinn fær til reksturs. Á fjárlögum 1927 eru skólanum ætlaðar 39 þús. kr., en af þeim eru 14 þús. kr., sem ekki teljast til verulegs rekstursskostnaðar.

Ekki get jeg gert þennan mun á ríkisskóla og hjeraðsskóla, eins og háttv. 1. þm. S.-M. vildi gera láta. Það verður að miða við það, hve margir geti náð til skólanna og notið þeirra, og því á að verja hlutfallslega jafnmiklu fje til þeirra, hvar svo sem þeir eru, svo framarlega, að skólarnir sjeu hliðstæðir og hafi sýnt, að þeir hafi tilverurjett.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til mentmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Vegalög (frv. J. G.)

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (þmfrv., A. 98).

Á 23. og 25. fundi í Nd., daganą 7. og 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Guðnason): Jeg þarf ekki að tala hjer langt mál, því að þótt greinargerðin á þskj. 98 sje stutt, gefur hún þó til kynna helstu ástæðurnar fyrir frv. þessu.

Eins og kunnugt er, liggur vegur sá, sem hjer um ræðir, frá Búðardal til Borðeyrar og tengir þannig saman landsfjórðungana. Hann hefir verið mjög fjölfarinn, sjerstaklega á þeim árum, er samgöngur hafa verið góðar inn á Hvammsfjörð. Er hann þá mikið notaður af Norðlendingum, sjerstaklega Vestur-Húnvetningum og Strandamönnum, er þeir hafa þurft að komast á og af skipi í Búðardal. Er því vaxandi áhugi þar vestra um að fá þennan veg tekinn í þjóðvegatölu, því að þá er trygging fengin fyrir góðum vegi á góðum stað milli landsfjórðunganna. Enn er ekki komið fram, hve fjölfarinn þessi vegur kann að verða, einkanlega er bifreiðarnar koma hjer til greina og fara að ná lengra norður í land en nú er. Verða þá mikil þægindi að vegi þessum.

Þá er annað atriði mikilsvert í þessu máli, sem sje það, hve nauðsynlegt það er fyrir Norðlendinga að hafa hjer góð-

an veg í ísaárum. Það hefir oft komið fyrir og getur líka þráfaldlega borið við, að hafís loki öllum höfnum Norðurlands, og er þá styst fyrir Norðlendinga að sækja kaupstað í Búðardal. En þær ferðir eru erfiðleikum háðar, eins og nú standa sakir.

Jeg skal svo ekki tefja fundinn með lengri umræðum um málið á þessu stigi, en óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og til samgmn. Verður það þá athugað þar í sambandi við viðaukatill. þá, sem fram er komin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 67., 68. og 77. fundi í Nd., dagana 5., 6. og 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, 140, 173, 177, 187, 204, 412, n. 483).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Vegalög (frv. I. P.).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 25. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (þmfrv., A. 55).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta á þskj. 55 flyt jeg hjer fyrir margítrekaðar áskoranir þingmálafunda í Suður-Múlasýslu.

Í ástæðum fyrir því er gerð grein fyrir, hve vegarspotti þessi sje langur. Jafnframt er bent á, að í framtíðinni verði hann altaf að mestum notum fyrir Eiðaskólann, enda þótt hreppurinn hafi hans dálítil not.

Svo er ástatt um veg þennan, að hann var upphaflega lagður af hrepps- og sýslufje, en með dálitlum styrk úr ríkissjóði. Og í byrjun var nauðsynin svo mikil að koma honum áfram, að ekki var vandað til hans sem skyldi, aðeins hugsað um að gera sem fyrst akfært að Eiðum, án þess þó, að nokkrar brýr væru gerðar.

Nú undanfarið hefir sýslan styrkt veg þennan vegna nauðsynjar að halda honum færum að Eiðum. En nú býst jeg við, að hvorki hreppurinn nje sýslufjelagið sjái sjer fært að fullgera hann, því hjer á í hlut fátækur hreppur, sem þegar hefir kostað til töluverðu fje, og þar með bundið sjer allþungan skuldabagga, til þess að gera hann akfæran, svo að stofnun sú, sem ríkið á á Eiðum, geti notað hann. Sýndi það sig best síðastliðið sumar, hversu mikið nauðsynjaverk það hefir verið, því að erfitt hefði orðið að flytja alt efni til skólahúsbyggingarinnar í klyfjum.

Hjer virðist því ekki nema um tvent að ræða, annað tveggja, að taka vegspotta þennan upp í þjóðvega tölu, eða þá að öðrum kosti að hann verður ófær sem akvegur. En það teldi jeg illa farið, því að um hann fer flestalt skólafólk, sem að Eiðum sækir, og fjöldi ferðamanna, sem þangað streymir á sumrum. Auk þess sem allir aðflutningar að Eiðum eru fluttir eftir honum. Mjer finst því alveg sjálfsagt, að hið opinbera verði að taka við honum, þar sem hann er nær eingöngu fyrir Eiða, eins og jeg hefi áður bent á.

Jeg veit vel, að slíkum breytingum sem þessari hefir ekki verið vel tekið á síðustu þingum, mest sakir þess, að vegalögin eru svo nýlega endurskoðuð. En mjer finst, að breyta megi þeim lögum sem öðrum, þegar knýjandi ástæður eru fyrir hendi, eins og t. d. sú, sem hjer er um að ræða. Hjer stendur nefnilega alveg sjerstaklega á, þar sem í hlut á stofnun, sem er ríkisins eign, og allir aðflutningar þangað eru um Fagradal og svo þessa leið. Er því hart, að láta hann verða fyrir miklum óþægindum, aðeins vegna þess, að ekki má hreyfa lítilsháttar við vegalögunum. Fari nú svo, að vegarspotti þessi verði ekki akfær, sem búast má við, verði hann ekki tekinn upp í vegalögin, þá liggur ekkert annað fyrir en flytja alla aðdrætti að Eiðum á klökkum. Af því hlýtur aftur að leiða töluverða hækkun á öllum nauðsynjum, sem flytja þarf að stofnuninni.

Jeg hefi ekki haft tækifæri til að afla mjer nákvæmrar lýsingar á veginum, svo jeg geti lagt hana fram nú. En fari málið til nefndar, sem jeg fastlega vonast eftir, geri jeg ráð fyrir, að hún geti aflað sjer þeirra lýsinga.

Legg jeg svo til, að málinu verði vísað til samgmn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Fasteignamat.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (þmfrv., A. 123).

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg þarf ekki margt að segja um frv. þetta á þskj. 123. Höfuðástæðan fyrir frv. er tekin fram í greinarg., og hún er sú, að eins og matið 1916—19 var undirbygt, virðist skattgrundvöllurinn ekki hafa orðið nægilega tryggur. Eins og matsnefndirnar voru skipaðar, var ekki heldur líklegt, að gott yfirlit fengist og samræmi milli hinna einstöku hjeraða. Frv. þetta er borið fram til þess að ráða bót á þessu. Eins og menn munu hafa tekið eftir, er farið fram á aðra skipun, þannig, að það sjeu þrjár undirmatsnefndir, hver fyrir ákveðinn flokk fasteigna í landinu, með þeirri nánari tilhögun, sem segir í frv. Formenn sjeu stjórnskipaðir, og eigi þeir aftur sæti í nefnd fyrir yfirmat allra fasteigna í landinu, hver fyrir fasteignir þess flokks, sem hann hefir fengist við að meta í undirmatsnefnd. Með því móti næst, svo sem unt er að fá, yfirlit og samræmi í matið, fyrst innan hvers flokks og svo á milli flokkanna. Öll tilhögunin stefnir að því, að fá sem best samræmi í matið. Annar maðurinn í undirmatsnefndinni, kosinn af sýslunefnd, á að vera fyrir allar fasteignir sýslunnar; með því er trygt samræmi í matið á milli fasteigna innan sýslunnar; þriðji maðurinn sje kosinn af hrepps-

nefnd, og eigi hann sæti í nefndinni fyrir fasteignir síns hrepps. Með því er trygður staðlegur kunnleiki. Um yfirmatið er lagt til, að á sameinuðu Alþingi sjeu kosnir tveir menn í nefndina. Það má teljast eftirlit þingsins á því, að matið sje sem rjettlátastur grundvöllur undir skattálögunum. Formenn þessara þriggja undirmatsnefnda er ætlast til að eigi sæti á víxl í yfirmatsnefnd, hver fyrir þann flokk fasteigna, sem hann hefir átt þátt í að meta, og fæst með því svo góð yfirlitsþekking sem þörf er á, til að samræma matið á milli fasteignaflokkanna. Þetta kann að verða álitið tímafrekt, en jeg tel alls ekki komið svo nærri þeim tíma, sem mati á að vera lokið, að það sje ekki enn nægur tími til stefnu. Það mundi þá verða stjórnarráðið, sem skipaði fyrir, hvenær byrjað yrði á matinu. Síðasta mat tók þrjú ár, frá 1916—1919, en þá var það meira verk en nú mundi verða, þar sem verkið var þá unnið alveg frá byrjun, en nú mundi að nokkru mega byggja á því, sem þá var gert, svo að það ætti ekki að þurfa að taka lengri tíma nú. Mesta verkið yrði að vinna að betra samræmi og endurskoðun og breytingum á matsverði, þar sem verulegar breytingar hafa orðið á verðgildi eignanna.

Jeg get búist við, að ef til vill sje ekki nægilega vel gengið frá brtt. mínum. En ef menn vilja annars gefa þeim gaum, þá er vissulega hægt að athuga þær og lagfæra í nefnd. — Ætla jeg svo ekki að fjölyrða frekar, en vænti þess, að frv. fái að ganga til 2. umr. og nefndar.

Pjetur Ottesen: Með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er farið fram á að gerbreyta skipun matsnefnda við það væntanlega fasteignamat, sem á fram að fara nú á næstunni. Ef jeg skil rjett ákvæði laganna um þetta efni, þá á matinu að vera lokið 1930. Og þó að það sje nú víst, að matið verði ekki eins tímafrekt nú og þegar síðasta mat fór fram, þannig, að stuðning megi hafa af því, þá býst jeg við því, að það taki samt sem áður nokkurn tíma, því æði miklar breytingar hafa orðið á þessum árum, bæði að því er snertir endurbætur á jörðum, og svo hefir orðið mjög mikil breyting á húsaskipun víðsvegar. Með þessum brtt. sínum ætlar hv. flm. að fá meira samræmi í matið en áður var. Það á einn og sami maður að taka þátt í mati allra sveitabýla á öllu landinu. Og aftur á einn og sami maður að taka þátt í mati allra kaupstaða og allra þeirra kauptúna, sem eru hreppar út af fyrir sig, og þeirra hreppa, sem kauptún eru í.

Hvað samræmi snertir, þá býst jeg við, að það sje allmikill aðstöðumunur við þetta væntanlega mat og það, er síðast fór fram. Þá höfðu ekki verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að fá sameiginlegan grundvöll fyrir matsnefndirnar að byggja á, þannig, að hver nefnd vann að þessu út af fyrir sig og bjó sjer til reglur til þess að fara eftir. Jeg býst reyndar við, að matsnefndir úr næstu sýslum hafi eitthvað borið saman ráð sín, en þó mun það ekki hafa verið neitt verulega.

Við það nýja mat, sem nú fer í hönd, efast jeg ekki um að það verði hægt að hafa mjög mikinn stuðning af fyrra matinu, einmitt á þann hátt, að samræmi í matinu geti nú orðið miklu betra en það var síðast.

Ef það er rjettur skilningur hjá mjer,

að mati eigi að vera lokið 1930, þá sje jeg ekki, að með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv., sje nokkur leið, að því takmarki verði náð. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef maður á að ferðast um allar sýslur landsins og taka þar þátt í matsstörfum, þá geti ekki hjá því farið, að þetta hljóti að taka nokkur ár. Svo að það er ekki minsta von um, að mati með því fyrirkomulagi geti orðið lokið 1930. Ef þetta trygði betur matið í raun og veru, þá væri kanske ekki í það horfandi, þótt nokkuð yrði að fresta því. En eins og þetta mál horfir við frá minu sjónarmiði, þá finst mjer það muni vera mest og best trygging fyrir því, að fá samræmi í þetta mat, að sem flestir þeir, sem unnu að síðasta mati, taki þátt í mati því, sem nú á að fara fram.

Þá er á annað að líta. Eftir þessu frv. skilst mjer, að í sumum tilfellum verði tvær matsnefndir fyrir sömu sýslu. Þar sem svo hagar til, að kauptún er hreppur út af fyrir sig og þar sem nokkur hluti hreppsins er kauptún, þá verður sjerstök nefnd að meta þessa staði. Þarna verða þá á ferðinni, ef til vill samtímis, tvær matsnefndir. Það er öllum vitanlegt, að þetta eru mjög óhentug vinnubrögð. Um það, hvort það sje nauðsynlegt, að einn maður úr hverju hreppsfjelagi taki þátt í matinu, þá held jeg, að með því fyrirkomulagi að velja þrjá menn innan sýslu, sje nokkurnveginn fengin trygging fyrir því, að fá nauðsynlega staðþekkingu til þess að byggja matið á. Sýslunefndir eiga, eins og kunnugt er, að kjósa tvo af þessum mönnum; og vitanlega haga þær sinni kosningu þannig, að hlutaðeigendur hafi þekkingu á þeim breytileika, sem er á staðháttum innan hverrar sýslu.

Jeg vildi aðeins láta þessar athugasemdir koma strax fram við 1. umr., og vænti þess, að nefndin, sem fær málið, taki þær til athugunar.

Flm. (Halldór Stefánsson): Það er ekki nema gott, að fram komi athugasemdir, slíkar sem mönnum finst þörf vera, þegar málið er borið fram. En af því að jeg get ekki fallist á, að þær athugasemdir, sem nú voru fram bornar, sjeu á rökum bygðar, get jeg ekki leitt hjá mjer að minnast örstutt á þær, áður en málið fer í nefnd.

Hv. þm. Borgf. sagði, að það hefði enginn sameiginlegur grundvöllur verið lagður undir frummatið 1916—19. Þetta held jeg sje alls ekki rjett. Fyrst og fremst voru útbúin eyðublöð til þess að byggja á lýsingu jarðanna og mat. Auk þess er í 2. gr. laganna lagður allnákvæmur grundvöllur undir matið.

Þá óttaðist hv. þm., að tími væri ekki nægur til stefnu — það mundi svo tímafrekt mat, sem fram færi með þessari skipun. Tíminn er alls ekki orðinn svo naumur. Það má telja 3—4 ár, þangað til matinu á að vera lokið, þó að því ætti að vera lokið 1930.

Þá álítur hv. þm., að best samræmi fengist í matið, ef sömu menn ættu þátt í þessu mati og unnu að því fyrra. Það er nú einmitt það, sem mjer finst vanta, að nokkrar líkur sjeu til, að samræmi fáist á þann hátt. Vitanlega vantar þá ekki staðlegan kunnugleika. En það vantar skilyrði til þess, að geta samræmt verðmæti þeirra einstöku fasteigna milli hinna einstöku hjeraða. Það hygg jeg næðist langt um betur með þeirri skipun, sem jeg legg til.

Hv. þm. kvað það mundu verða óhagkvæm vinnubrögð, að tvær nefndir

þyrftu samtímis að starfa í sama hjeraðinu. Ef þær ættu að meta sömu eignir, þá væri það svo. En vitalega eiga þær að meta sínar eignirnar hvor nefnd. Það hefði frekar mátt benda á, að það væri ekki hentugt út af fyrir sig, að þurfa að láta formann nefndarinnar ferðast eins mikið og hjer er gert ráð fyrir. En það sparast líka alveg ferðalög hinna hreppakjörnu nefndarmanna. Ekki verður því neitað, að það verði samt sem áður heldur fyrirhafnarmeira en að taka alla mennina innan hjeraðanna. En mjer finst ekki í það horfandi, ef betra samræmi fengist í matið. Fyrir því vil jeg ganga að því, þó að það verði e. t. v. eitthvað dýrara.

Þetta vildi jeg taka fram, út af þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, og vísa því einnig til athugunar þeirrar nefndar, sem væntanlega fjallar um málið.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þó að jeg hafi ekki trú á því, að sú leið, sem hv. flm. stingur upp á til framkvæmda á næsta fasteignamati, sje hagnýtileg, þá vil jeg mæla með því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og nefndar. Og jeg tel þetta mál, um skattmat fasteigna, heyra undir fjhn. En jeg vil þó um leið skjóta því til þeirrar hv. nefndar, að löggjöfin um skattmat fasteigna er yfir höfuð í talsvert miklum molum, og jeg hygg, að hún þurfi endurskoðunar við í fleiri atriðum en því, sem hjer ræðir um, skipun matsnefndanna. Sjerstaklega finst mjer það nú vera athugunarefni, á hvaða grundvelli ætti að framkvæma það skattmat, sem eftir núgildandi löggjöf ætti að vera lokið 1930. Þegar þessi löggjöf var fyrst sett, 1915, þá var ekki komin nein óreiða á gildi peninganna. Þó að verðlagið væri að vísu dálítið byrjað að hækka og hækkaði ennþá meira, meðan matið stóð yfir, þá held jeg að hafi verið nokkurnveginn ákveðinn grundvöllur, sem matið var bygt á, líklega hjer um bil verðlag ársins 1916.

Nú stendur öðruvísi á, ef á að fara að meta fasteignir til skatts með mati, sem á að gilda um 10 ára bil. Þá kemur spurningin: Í hvaða krónum á að meta eignirnar. Hvort á að meta þær eftir pappírskrónum, sem við nú búum við, eða eftir verði í löglegum krónum? Þetta sýnist mjer vera svo mikið vafaatriði, að það væri ekki nema rjett, að að minsta kosti þingnefnd athugaði það, áður en farið væri að framkvæma næsta fasteignamat. Fyrir því skýt jeg þessu fram til athugunar fyrir fjárhagsnefnd, ef hún fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Stöðvun á verðgildi íslenskra peninga

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga (þmfrv., A. 131).

Á 26. og 28. fundi í Nd., dagana 10. og 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta mál er það málið, sem mest allra þjóðmála hefir rætt verið undanfarið, bæði í nálægum löndum og hjer heima, og jeg tel víst, að meðan það hefir ekki fengið afgreiðslu, muni það mesta athygli vekja og mest verða rætt þeirra mála, sem nú eru á dagskrá þjóðarinnar.

Þetta frv. var rætt rækilega bæði í blöðum og á Alþingi í fyrra, og einnig í sambandi við ýms önnur mál. Jeg ætla ekki nú við 1. umr. að gefa neitt tilefni til þess, að endurtaka það, sem margsagt hefir verið um málið áður. Ekki ætla jeg heldur að fara út í hina þjóðhagslegu og siðferðislegu hlið málsins, nje vitna til þess, sem fræðimennirnir og vísindamennirnir segja um það. Jeg tel það óþarfa, þar sem málið var þrautrætt í fyrra. Jeg ætla ekki að gefa tilefni til neinna frekari umr., en vil aðeins, eins og gert er í greinargerðinni, vitna til umr. í fyrra, og til skýrslu minnar, sem gengisnefndarmanns og nál. minni hl. fjhn.

Það, sem jeg ætla að gera nú, er að fylgja málinu úr hlaði með athugasemdum um það, sem gerst hefir í því síðan í fyrra. Þá vil jeg drepa á það, sem reynslan hefir kent okkur til viðbótar þennan stutta tíma, og að hve miklu leyti nýjar og breyttar kringumstæður hafa skapað nýja aðstöðu.

Fyrsta atriðið, sem jeg vil benda á, er það, hvaða dóm menn geta nú lagt á tíðindi þau, sem voru svo ný í fyrra, það er að segja, gengishækkunin mikla haustið 1925, í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er. Getum við í ljósi þeirrar reynslu sagt, að gengishækkunin 1925 hafi verið nauðsynleg eða rjettmæt? Um það hefir verið talað og því haldið fast fram af hækkunarmönnum, að það hefði verið hættulegt að halda genginu föstu þá. En jeg fullyrði, að þetta sje gersamlega rangt. Jeg vil fá tækifæri til þess að lýsa því yfir hjer, að jeg álít, að viðburðirnir hafi sannað, að þegar Íslandsbanki vildi halda áfram að kaupa sterlingspundið fyrir 26 kr. og leitaði eftir vilyrði um styrk til þess að halda áfram gjaldeyrisversluninni á þeim grundvelli, þá hafi hann haft rjett fyrir sjer. Þeir menn sáu betur en hækkunarmennirnir. Við, fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefndinni, höfðum einnig á rjettu að standa, er við mótmæltum því, að krónan hækkaði. Í rauninni var meiri hl. gengisnefndar mótfallinn hækkuninni, þó að það væri ekki meiri hl. þeirra, sem illu heilli áttu atkvæði um sjálfa skráninguna.

Þá fullyrða hækkunarmenn, að sjóðir þeir, sem mynduðust í inneignum í erlendum bönkum haustið 1925, hafi borið vott um svo mikla velgengni atvinnuvega vorra, og því hafi verið rjettmætt að hækka gengið. En reynslan sýndi, að þeim missást þar hrapallega. Það var rjett hjá okkur, er við hjeldum því fram, að þessi sjóðsöfnun væri óeðlileg og stafaði ekki af velgengni atvinnuveganna, heldur af því, að menn frestuðu í lengstu lög að borga erlendis. Sjóðir þessir hurfu líka á stuttum tíma, hurfu sem ský fyrir vindi. Og fám mánuðum eftir hækkunina voru sjóðirnir ekki lengur til og menn óttuðust afturkastið, lækkun krónunnar.

Jeg álít, að það hafi verið skammsýni stjórnarvaldanna, sem olli því, að krónan hækkði 1925. Atburðirnir hafa sýnt

það. Íslandsbanki hafði rjett fyrir sjer, er hann vildi halda áfram að kaupa sterlingspundið fyrir 26 kr. Jeg tel mig nú hafa fengið sannanir fyrir, að við höfðum á rjettu að standa, sem vildum láta verðgildi peninganna vera stöðugt haustið 1925. Og ef samþ. hefði verið, er jeg bar fram rökstudda till. um að stöðva hækkunina, er sterlingspundið stóð í 24 kr., þá stæði þjóðarbúið betur að vígi nú.. Þá væru atvinnuvegirnir nú reknir með betri árangri. Þá hefði eigi þurft að grípa til þeirra ráða, sem nú hafa verið upp tekin.

Þá er annað atriði í sambandi við það, sem gerst hefir síðan í fyrra. Þótt jeg beri nú aftur fram frv. um að leita stöðvunar á verðgildi krónunnar með festingu fyrir augum, þá játa jeg, að það er mun erfiðara nú að ná því marki heldur en í fyrra. Við stöndum miklu ver að vígi að stíga það spor en þá. Hækkunin hefir lamað svo atvinnuvegina, að þeir eru ver við því búnir að standa undir því átaki. Nú þarf enn vandlegri og vandasamari rannsókn til þess að finna hinn rjetta stað verðfestingarinnar. Undirbúningsskeiðið til endanlegrar festingar verður að vera miklu lengra nú en í fyrra. Það er enn óvissara, að takist að finna kaupmáttarjafngengið, nema á tiltölulega löngum tíma. En þótt það sje erfitt nú, þá er það mjög þýðingarmikið og ber skylda til þess, að hefjast þegar handa til þess. Eins og það er erfitt nú, eins hlutfallslega hægt var það í fyrra. Af viðburðunum sjest nú, að það hefði verið áhættulaust að festa verðgildi peninganna sem næst því gildi, sem þeir höfðu áður en hækkunin hófst haustið 1925.

Þá er þriðja atriðið, sem sje sá merki lærdómur, sem við höfum numið á árinu sem leið um það, hve erfitt hefir reynst að fá verðlagið innanlands til að komast í samræmi við hækkun krónunnar. Hefir um þetta verið rætt í sambandi við önnur mál. En hjer er líka meðfram um að kenna vanrækslu landstjórnarinnar, því að hún hefir látið ýmislegt ógert, sem hefði þó getað hjálpað til að koma verðlaginu í landinu í meira samræmi við hið skráða gengi. Mjer hefir skilist á hæstv. forsrh., að hann játaði, að t. d. sumir verkstjórar ríkisins hefðu ekki gengið nógu vel fram í þessu. Opinberlega hefir verið rætt um það hjer í deildinni, hvað vanrækt hefir verið í þessu efni á búum ríkisins hjer í grendinni. En ef hjer er ekki um vanrækslu að ræða, þá sýnir það aðeins, hve erfitt þetta er í framkvæmdinni. Á öllum sviðum er þetta ósamræmi í verðlaginu innanlands; má benda t. d. á húsaleiguna í þessu sambandi. Og samkvæmt upplýsingum, sem fjhn. hefir fengið, er borgað það kaup á opinberum stofnunum, sem ekki er í neinu samræmi við gjaldþol atvinnuveganna. Jeg er sannfærður um, að ef þessu heldur áfram, þá eru engar líkur til þess, að krónunni verði haldið uppi. Árið hefir fært okkur heim sannanirnar fyrir því, hve miklum erfiðleikum þetta er bundið. Og úr því að svo erfiðlega gekk árið sem leið, mega menn eiga víst, að það mun enn meiri erfiðleikum bundið, ef krónan hækkar frá því, sem nú er, að koma innlenda verðlaginu í samræmi við hið skráða gengi. Jeg hygg, að margir muni láta sannfærast af þessari sorglegu reynslu.

Þá kem jeg að fjórða atriðinu. Það er annar og enn sorglegri lærdómur, um það, hversu mikið afleiðingarnar af gengishækkuninni 1925 hafa kostað þjóð-

arbúið, ef á annað borð má halda fram tölum í því sambandi. Jeg hefi minst á það áður, að um s. l. mánaðamót stóð þjóðarbúskapur vor 15 milj. kr. ver en á sama tíma í fyrra. Það er rjettmætt að taka einmitt mánaðamótin febr.—mars, því að þá er hin eðlilega aðstaða vegna hækkunarinnar frá 1925 að mestu eða öllu búin að jafna sig. Þetta er mynd af tapinu, sem orðið hefir á þjóðarbúinu, og þótt nokkuð af því kunni ef til vill að stafa frá eldri tíma, þá er þó gengishækkuninni mest um að kenna.

Hin myndin af því, hversu mikið gengishækkunin hefir kostað okkur, birtist í hinni miklu þörf á lántökum. Þetta sýnir, að veltufje bankanna er horfið eða tapað, og verður því að bæta það upp með nýjum lánum frá útlöndum. Síðan í fyrra hefir verið tekið 3 milj. kr. lán, og nýlega hefir þessi hv. deild samþykt að ábyrgjast afarstórt lán, og nú liggur fyrir frv. um nálega 5 milj. kr. lán. Samtals eru þá nýju lánin, sem heimila á að taka, um 17 milj. kr. Þetta sýnir ljóslega, hve mikið gengishækkunin hefir kostað okkur. Til viðbótar má minna á það, hve atvinnuvegirnir standa höllum fæti, landbúnaðurinn stendur t. d. enn ver að vígi nú en í fyrra. Þetta er hin sorglega reynsla af gengishækkuninni. Af þessu dreg jeg þann lærdóm eða þá ályktun, að það er stórhættulegt að leggja aftur út í hækkun, um 20%, ef ná á gamla gullverðinu. Jeg er sannfærður um, að það er ómögulegt að ná því marki, og það skapaði svo mikið ranglæti, að jeg álít, að af þeirri ástæðu einni megi enginn hugsa til þess.

Þá er fimta atriðið, sem jeg vil benda á í framhaldi af þessum töpum á atvinnuvegunum, og svo hinu, að viðurkent var, að stóra lánið, sem Landsbankinn ætlar að taka, sje nauðsynlegt til þess að halda áfram gengisverslun-inni, og það er, hve augljós hættan er á því, að krónan lækki. Fall íslensku krónunnar vofir nú yfir. Það er óhætt að segja það og jeg hygg að það sannist, að erfitt muni reynast nú að verjast gengisfalli, án stórfeldrar lántöku.

Í umr. um þetta mál hafa hækkunarmenn haldið því einu fram, að við verðfestingarmenn værum á móti hækkun. En þeir hafa ekki bent á það, sem fylgir hjer samhliða, að einmitt með því að festa krónuna, viljum við koma í veg fyrir lækkun. Við viljum festa gengi krónunnar á rjettum stað, eftir nákvæma rannsókn, og verjast þannig bæði hækkun og lækkun.

Hækkunarmenn halda því ennfremur fram, að við sjeum fjandmenn sparisjóðseigenda og viljum ekki láta þá ná rjetti sínum. En þetta er aðeins önnur hlið málsins. Hin hliðin er sú, að við einmitt með festingunni forðum sparifjáreigendum frá þeirri áhættu, að þeir stórtapi á nýrri lækkun krónunnar. Sú gengishækkun, sem hækkunarmenn gangast fyrir, dregur á eftir sjer þá hættu, að peningarnir falli. Ef horfið hefði verið að því ráði haustið 1925 að festa peningana, þá er jeg sannfærður um, að sú hætta mundi ekki vofa yfir nú, að krónan fjelli.

Þá er sjötta atriðið, sem er sjálfsagt að nefna, því að reynslan kennir oss margt í því efni. Hvernig er útkoma peningastofnananna vegna gengishækkunarinnar? Hvernig hafa bankarnir þolað hana og hverjar eru líkur á því, að þeir þoli áframhaldandi gengishækkun? Þau orð, sem jeg segi um þetta efni, segi

jeg ekki sem sjerstaklega kunnugur Landsbankanum, af því að jeg er endurskoðandi hans, heldur tala jeg út frá sjónarmiði hvers þess manns, sem les bankareikningana. Bankareikningarnir bera það ljóslega með sjer, hvílíka erfiðleika gengishækkunin hefir bakað bönkunum. Þar við bætist, að gengishækkunin er nýlega afstaðin, svo að allar afleiðingar hennar geta alls ekki verið komnar í ljós enn. Því má gera ráð fyrir meiri töpum af lánum til atvinnuveganna en orðið er. Eign Landsbankans sjálfs, varasjóðurinn, er ekki nema einar 700 þús. kr., og er það ekki nema lítið brot af þeim mörgu miljónum, sem Landsbankinn á í hinum ótryggu pappírum, sem eru víxlarnir. Þegar athugað er, hvað varasjóðurinn er lítill hluti af fje því, sem í veltu er, þá verður öllum ljóst, að bankinn á við erfiðleika að stríða. Jeg þekki ekki til Íslandsbanka, en báðir bankarnir hljóta að eiga mjög erfitt uppdráttar út af þeirri gengishækkun, sem þegar er orðin. Þess vegna álít jeg það meira en vafasamt, hvort óhætt sje að leggja það á bankana að taka við nýrri gengishækkun. Jeg hygg, að hinir væntanlegu reikningar bankanna nú verði til að staðfesta þetta enn frekar.

Þá kem jeg að sjöunda atriðinu, sem fyrir mjer er stærsta atriðið, en það er siðferðishlið þessa máls. Við höfum nú haft verðfasta peninga í 16 mánuði. Á þessum 16 mánuðum, sem krónan hefir verið föst, hefir ræktunarsjóðurinn lánað út á aðra miljón króna og veðdeildin, báðir flokkarnir, lánað út 4—5 miljónir, eða meira. Auk þess hafa vitanlega óteljandi aðrar skuldbindingar verið gerðar á þessu tímabili. Ef það á nú að fara að hækka krónuna ofan á þetta, þá verð jeg að segja, að með því er framið afskaplegt ranglæti, því lengur sem það tímabil stendur, sem krónan er verðföst, því meira ranglæti er að hækka hana. Jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að jeg hefi tillögur í smíðum, sem jeg ætla að geyma mjer að koma með, þangað til jeg hefi heyrt undirtektirnar undir þetta mál. Tillögurnar ganga í þá átt, að ef íslensk króna verður hækkuð upp í gullgengi, þá skuli öll lán, sem veitt hafa verið úr ræktunarsjóðnum og veðdeildinni, nýja flokknum, lækkuð um 20%. Þessi lán hafa öll verið veitt í föllnum krónum, og það er ekki með sanngirni hægt að mótmæla, ef krónan verður hækkuð um 20%, þá er ríkið siðferðilega skylt til þess að lækka lánin að sama skapi. Hið eina, sem við þetta er að athuga, er, að það nær ekki til allra lána. Aðstaða ríkisins til 5. flokks veðdeildarinnar er sú, að ríkið kaupir veðdeildarbrjef fyrir 3 miljónir og lánar mönnum síðan út til verklegra framkvæmda og skattleggur þá síðan, ef það lætur krónuna hækka í gullverð, um 600 þús. kr., sem ríkið stingur í sinn vasa. Jeg leyfi mjer að kalla þá menn byltingamenn, sem vilja enn hækka á grundvelli þess, sem orðið er, þá menn, sem vísvitandi og með ráðnum huga vilja auka skuldir alsaklausra manna um ⅕ hluta og refsa þeim fyrir að stofna til verklegra framkvæmda, en gefa hinsvegar öðrum mönnum 20% í viðbót við það, sem þeir eiga fyrir. Ef það er að ástæðulausu gert, þá er það mikið siðferðisbrot, að fremja svo augljóst ranglæti sem það, að svíkja með ráðnum huga allar skuldbindingar, sem gerðar hafa verið á þessu tímabili. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að reglulegt fylgi fáist á Al-

þingi Íslendinga til þess að fremja slíkt ranglæti. Þetta atriði verður sárara og viðkvæmara með hverju ári, sem líður.

Þá er áttunda atriðið, en það er, hvað við getum lært af því, sem gerst hefir með nágrannaþjóðum vorum síðan í fyrra. Tvær þjóðir, Frakkar og Belgir, hafa farið festingarleiðina. Þessar þjóðir hækka áreiðanlega ekki peninga sína. Hinsvegar hafa þrjár þjóðir, Englendingar, Danir og Norðmenn komið peningum sínum upp í gullgildi, með þeim árangri, sem ætti að geta orðið okkur Íslendingum til viðvörunar. Það kemur ljóslega fram, hve mikla áreynslu þetta kostar fyrir stórþjóðirnar. Englendingar fengu við þessa gengishækkun meiri blóðtöku en nokkru sinni síðan í styrjöldinni, það lá nærri borgarastyrjöld, og efnatjón manna varð ógurlegt. Í Danmörku var það „spekulation", sem hækkaði krónuna. Útlendir menn fóru heim með miljónir króna í gróða, en landið stynur undir okinu. Danska stjórnin ætlar að færa niður útgjöld ríkisins um 60 miljónir króna. Þetta kemur sárt niður, en það er eina leiðin, sem hægt er að fara, þegar svona er komið, og við mundum verða að fara sömu leið, ekki síður en Danir. Leikur það mjög á tveim tungum, hvort Danir geti staðist raunina af gengishækkuninni, og þó er Danmörk eitt gagnauðugasta land álfunnar. Í Noregi var það líka „spekulation", sem hækkaði krónuna. Þar er ástandið mjög alvarlegt, og eru margar sorglegar lýsingar á því í norskum blöðum. Norska bændablaðið, „Nationen", kallar gengishækkunina þjóðarógæfu.

Þessi átta atriði hefi jeg viljað draga fram; þetta hefir maður lært á árinu sem leið, í viðbót við almennar ástæður, sem jeg bar fram í fyrra, og svo sjerstakar ástæður, sem eiga við okkar land. Jeg tel, því miður, líklegast, að þetta mál nái ekki fram að ganga nú, fremur en í fyrra. Grunur minn er sá, að stjórnin leggist þunglega á móti því. En jeg hefi samt talið mjer skylt að bera þetta mál fram, vegna þess að jeg álít það rjettlætismál og hið þýðingarmesta mál fyrir fjárhagslega afkomu okkar. Þó að þetta frv. nái ekki fram að ganga nú, þá vænti jeg, að það fái nú eitthvað jálegri atkvæðagreiðslu en í fyrra, svo að aðhald skapist fyrir stjórnina fram yfir kosningar. Um þetta mál á þjóðin að kjósa næsta haust. Það er stærsta fjárhags- og rjettlætismál, sem nú er á dagskrá hjá okkur. Þess vegna eigum við að láta afstöðu okkar koma skýrt í ljós og ræða þetta mál með festu og alvöru, með heill fósturjarðarinnar fyrir augum.

Að endingu óska jeg, að frv. verði vísað til fjhn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það mætti virðast óþarfi að eyða mörgum orðum að þessu frv. nú. Það var hjer til umr. á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga. Það er ekki heldur borið fram í þeim tilgangi nú, að það nái að verða að lögum. Þetta var tekið fram af aðalflm. þess, hv. þm. Str. En það er nú svo, að það kann að vera fyrnt yfir það síðan í fyrra, hvað þetta frv. fer fram á, og þó sumt, sem jeg segi hjer, verði endurtekning á því, sem jeg sagði á síðasta þingi, þá get jeg þó ekki látið frv. þetta ganga í gegnum 1. umr., án þess að gera dálitla grein fyrir því, sem það fer fram á.

Frv. þetta kallar sig frv. til laga um stöðvun á verðgildi islenskra peninga,

en fyrirsögnin svarar ekki til efnis frv. Innihaldið fer ekki fram á stöðvun á verðgildi íslenskra peninga, heldur miðar það að því, að hleypa af stað nýju gengishringli. Það hefir orðið ofan á hjá sumum ófriðarþjóðunum að gefast upp við að færa hinn fallna gjaldeyri til gullverðs. En ennþá hefir slíkt ekki hent neina þjóð Norðurálfunnar, sem ekki hefir tekið þátt í stríðinu. En um allar þær stríðsþjóðir, sem hafa stigið þetta þunga spor, að stýfa gjaldeyri sinn, er það sama að segja, að gjaldeyrir þeirra hefir verið svo gerfallinn, að vonlaust hefir verið að reyna að rjetta hann við. Hjá þeim þjóðum, sem stöðvuðu sem næst sínu gullgildi, en það voru Belgir og Finnar, þar var gjaldeyririnn þó fallinn niður í ½ lögmæts gullgildis. Það er svipað því, sem okkar króna stæði í 14—15 aurum, í stað þess að hún stendur í 81½ eyri. Þegar þessar þjóðir höfðu ráðist í það, að verðfesta hinn fallna gjaldeyri sinn, þá hafa þær allar gert það á einn veg. Þær hafa fyrst reynt að halda peningunum um langan tíma í ákveðnu gildi, en síðan gert þá breytingu á peningalögum sínum, sem lögfestir peningagildið sem næst því gildi, sem verið hefir þennan reynslutíma. En það er eins dæmi, að slík leið sje farin, sem þetta frv. fer fram á. Hjer er byrjað á að skipa nefnd, sem á engan hátt getur talist hlutlaust skipuð. Seljendur erlends gjaldeyris yrðu fyrirfram í meiri hluta í nefndinni. Nefnd þessi á svo að sitja lengi á rökstólum, til þess að komast að hinu raunverulega gildi íslenskrar krónu. Þegar búið væri að skipa þessa nefnd, mundu menn geta vitað það fyrirfram, hvort niðurstaða sú, sem hún kemst að, yrði hækkun eða lækkun krónunnar. En í frv. er nú gengið þannig frá nefndarskipuninni, að mikil hætta er á því, að hún mundi komast að þeirri niðurstöðu, að ákveða krónunni lægra gildi en hún hefir haft þessa síðustu 16 mánuði. En er nú nokkur maður svo blindur að láta sjer detta í hug, að eigendur íslenskra króna og erlends gjaldeyris biðu aðgerðarlausir þennan tíma, sem nefndin sæti á rökstólum? Ætli þeir mundu ekki nota sjer þennan biðtíma sjer til hagsmuna við gjaldeyrisverslunina? Til þess að halda sjer að einhverjum tölum, þá skulum við gera ráð fyrir, að það væri vitanlegt, að sterlingspundið mundi hækka úr 22 upp í 24, er nefndin hefði lokið störfum sínum. Þá mundu allir þeir, sem eiga íslenska krónu, eða geta fengið hana að láni, biðja um sterlingspund á 22,15 fyrir hana, er þeir eiga von á því, að geta selt pundið fyrir 24 kr. daginn eftir að nefndin hefir lokið störfum sínum og kveðið upp úrskurð um gildi íslenskrar krónu. Hvernig fer nú, þegar þessi eftirspurn berst til bankanna? Geta menn búist við, að þeir þoli það til lengdar að láta taka út hjá sjer innstæður í íslenskum krónum, til þess að kaupa fyrir sterlingspund, sem bankarnir verða að fá að láni? Nú veit bankinn það, að hann verður að kaupa þau sterlingspund aftur á 24 kr., þegar nefndin hefir kveðið upp úrskurð sinn, en mismuninum stinga „spekúlantarnir“ í sinn vasa. Þannig geta engir seðlabankar í heiminum látið það ganga. Bankarnir verða tilneyddir að fella íslensku krónuna, til þess að verjast „spekulationum“, sem skapast af tilveru nefndarinnar. En þegar krónan byrjar að falla hjá bönkunum, hvar er þá grundvöllurinn, sem hægt er að byggja á útreikning á sann-

virði krónunnar Jeg sje ekki, að nefndin geti þá gert annað en bíða og sjá, hvort krónan staðnæmist ekki einhversstaðar, til þess að fá tök á því, að ákveða eitthvert gildi krónunnar í samræmi við verðlagið í landinu. Þannig verður aðeins úr þessu nýtt gengishringl, sem enginn veit hvert leiðir. Engin þeirra þjóða, sem fest hafa gjaldeyri sinn, hafa leyft sjer að fara inn á þessa braut. Hvergi hefir verið borið fram frv., sem sýnir jafn algert skilningsleysi á þessum málum sem þetta. Jeg er ekkert hissa á því, að sjá nafn hv. þm. Str. sem flm. þessa frv., en jeg verð að segja, að jeg varð hissa, er jeg sá, að hv. þm. V.-Ísf. er einn af flm. Hann er of vel að sjer í þessum málum til þess, að láta nafn sitt sjást á slíku frv., sem, ef það verður að lögum, felur í sjer stóra hættu um að gengishringl komist á í stað stöðvunar. Þetta er meginþáttur frv., sem gerir það að verkum, að allir, sem skyn bera á þetta mál, hljóta að vera á móti því, þó þeir að öðru leyti vilji verðfesta íslenska peninga. Þótt jeg sje þeim mönnum ekki sammála, sem vilja verðfesta íslenska peninga, þá get jeg skilið þeirra hugsanagang, og þeir geta fært fram rök fyrir sínu máli. En þeir, sem vilja fara þessa fáránlegu leið, að stöðva verðgildi peninga með löggjöf, sem beinlínis býður „spekúlöntunum" heim, þeir geta enga ástæðu fært máli sínu til stuðnings. Það hefir enginn orðað lagafrv. til þessa annar en hv. þm. Str.; því að þótt fleiri nöfn standi á frv., hefir hann áreiðanlega orðað hinar varhugaverðu hugsanir þess.

Næst langar mig til að víkja ofurlítið að sumu, sem hv. þm. Str. sagði í ræðu sinni. Raunar var það að mestu ekki annað en endurtekningar á því, sem hann hefir áður margsagt, og nákvæmlega jafnoft er búið að hrekja. En úr því að hann hafði nú enn yfir margt af því, neyðist jeg enn til að endurtaka sumt, sem jeg hefi áður sagt, en þó mun jeg gera mjer alt far um að vera stuttorður. Mun jeg sleppa alveg ýmsu, sem hv. þm. (TrÞ) sagði, og er það ekki af því, að það megi standa óhrakið, heldur af því, að ekki er ástæða til að hrekja það frekar en orðið er.

Háttv. þm. Str. byrjaði enn á því að lýsa viðburðum gengishækkunarinnar 1925, og gerði það enn rangt, eins og altaf áður. Ætla jeg að leiðrjetta frásögn hans, ekki til að firra mig ábyrgð, heldur til þess að einhversstaðar finnist rjett skýrt frá málinu.

Gengishækkunina 1925 bar þannig að, að einhverntíma vorsins varð samkomulag um það, milli gengisnefndar og beggja bankanna, að reyna að halda gengi á sterlingspundi óbreyttu, 26 kr., þangað til í miðjum september. Var það gert til þess að reyna að greiða fyrir afurðasölu landsmanna. En í ágústlok tilkynnir stjórn Landsbankans gengisnefnd, að sá banki sjái sjer ekki lengur fært að kaupa sterlingspundið fyrir 26 kr. Þessa ákvörðun tók Landsbankastjórnin án íhlutunar landsstjórnarinnar og algerlega á sína eigin ábyrgð. Hefir ákvörðunin eflaust verið bygð á dómi hennar um ástandið, eins og það þá var orðið. Stjórn Íslandsbanka var óánægð með þessa ákvörðun og kvaðst vilja, að staðið yrði við fyrri fyrirætlanir. Bankinn sýndi þennan vilja sinn nokkuð í verki með því að halda áfram að kaupa sterlingspundið á 26 kr. í nokkra daga, eftir að Landsbankinn var hættur því. En það var aðeins í fáa daga, því að þá sá stjórn

Íslandsbanka fram á, að hún megnaði ekki að kaupa öll þau sterlingspund, sem boðin yrðu til 14. sept., því að um þetta leyti var mikið framboð á erlendum gjaldeyri. Og þetta var yfir höfuð rjett álitið, því að þegar annar bankinn sá sjer ekki lengur fært að halda áfram gjaldeyrisversluninni, gat hinn ekki haft skyldu til að halda einsamall genginu í 26 kr., eftir fyrirætlununum, því síður sem hann gat ekki vænst þess, að fá aðstoð Landsbankastjórnarinnar til að halda sterlingspundinu í sama verði eftir 14. sept. — Af þessum ástæðum hætti Íslandsbanki líka að kaupa sterlingspund á 26 kr. — Íslandsbanki fór aldrei fram á aðstoð landsstjórnarinnar til að halda uppi verði stpd. — Hv. þm. Str. hefir margsinnis sagt, að Íslandsbanka hafi verið neitað um slíka aðstoð; en jeg hefi jafnan rekið það ofan í hann aftur. Það hefði heldur ekki verið skynsamlegt að veita slíka aðstoð með því að heimila bankanum að auka seðlaútgáfu sína til gjaldeyriskaupa.

Svo hjelt verslunin með stpd. áfram fyrir lægra verð en 26 krónur. Einu kaupendurnir voru bankarnir. Í gengisnefnd var jafnan mikil tilhneiging til að halda uppi verði á sterlingspundum. Um eitt skeið, nokkrum dögum seinna, var gerð tilraun til að halda stpd. í 24 kr., með gengisskráningunni einni, þrátt fyrir treðgu bankanna til að kaupa. Þá hjelt nefndin skráningunni í 24 kr. í nokkra daga, þótt hvorugur bankanna vildi í raun rjettri kaupa stpd. fyrir meira en 22 kr. Árangurinn varð aðeins sá, að þessa 3 eða 4 daga fór öll gjaldeyrisverslun fram fyrir utan bankana, uns gengisnefndin, með samhljóða atkv., að því er jeg best veit, flutti skráninguna niður í hið raunverulega gangverð. — Landsstjórnin hafði stutt að því, að gengisnefnd gerði þessa tilraun. En hún reyndist árangurslaus, og fult samkomulag var um það milli fulltrúa bankanna og landsstjórnarinnar í gengisnefnd, að ekki þýddi að reyna að halda uppi öðru verði á gjaldeyrinum en því, sem var í viðskiftum manna milli. — Þessa daga var ekki fáanlegt meira en 22 ísl. kr. fyrir stpd., og var jafnvel einu útlendu tilboði svarað með boði um kr. 21,80; en kaupin gerðust þó ekki á þeim grundvelli.

Svo kom að því, að gengisnefnd átti að koma saman á mánudag, og var vitanlegt, að hún mundi skrá stpd. eins og gangverð var. Hún hafði ekki vald til að skipa bönkunum að borga meira, og ríkisstjórnin vildi ekki kúga þá. En samt gekk stjórnin nú í málið og fjekk Landsbankann til samkomulags um að hækka skráningarverðið upp í kr. 22,50 og varð það úr í gengisnefnd. Fóru nú bankarnir að kaupa stpd. fyrir það verð.

Hreyfingin úr kr. 22,50 niður í kr. 22,15 gerðist með þeim nýju hreyfingum, um 10 og 15 aura í hvert sinn. Við allar þessar skráningar bar málið eins að í gengisnefnd. Fyrir lágu tilboð um stórar upphæðir af stpd., og bauðst stjórn Landsbankans til að kaupa helminginn, ef Íslandsbanki keypti hinn helminginn. En stjórn Íslandsbanka sagði nei. Þá sagði stjórn Landsbankans sem svo: Við sjáum okkur ekki fært að kaupa þennan gjaldeyri allan, nema verðið verði 10—15 aurum lægra á hvert stpd. Það gengi var svo skráð, en þó greiddi fulltrúi Íslandsbanka í gengisnefnd jafnan atkv. á móti nýju skráningunni. Hefi jeg aldrei fundið neina skýringu á þessu ósamræmi, að bank-

inn vildi ekki kaupa fyrir hið eldra verð, en fulltrúi bankans í gengisnefndinni greiddi þó atkv. á móti lækkun.

Því hefir verið haldið fram, að Íslandsbanki hafi á þessum tíma verið svo staddur, að hann hafi ekki getað keypt erlendan gjaldeyri í stórum stíl. Þetta er rangt. Bankinn hefir í mörg ár ekki átt meira ónotað af seðlalánum sínum hjá Landsbankanum heldur en einmitt þá. Þessa peninga hefði bankinn vel getað notað til gjaldeyriskaupa, en hann vildi það einhverra hluta vegna ekki.

Þessar síðustu hækkanir á gengi ísl. krónu voru því að forminu framkvæmdar þannig, að tveir gengisnefndarmenn, fulltrúar Landsbankans og landsstjórnarinnar, greiddu atkvæði með þeim, en fulltrúi Íslandsbanka greiddi atkvæði á móti. Þó vildi umbjóðandi hans, stjórn bankans, engan gjaldeyri kaupa fyrir óbreytt verð.

Jeg vil segja frá þessu hjer, til þess að einhversstaðar finnist sönn frásögn um þetta mál, sem leita má til, ef hv. þm. Str. fer enn á ný að strá út sínum villandi frásögnum um málið. — Það var þannig stjórn Landsbankans, og hún ein, sem átti upptökin að því, að gengi stpd. fjell úr 26 kr. Eftir þær traustsyfirlýsingar, sem hv. þm. Str. hefir nýlega gefið þeirri bankastjórn, hjer í hv. deild, held jeg að hún sje alveg einfær um að bera ábyrgðina á þessum ráðstöfunum sínum. Hitt skal jeg segja, að ef jeg hefði átt upptökin að þessum gerðum, þá þætti mjer sómi að. En þarna á stjórn Landsbankans heiðurinn, en ekki jeg.

Það er eins og hv. þm. Str. þyki undarlegt, að þessar erlendu inneignir bankanna 1925 skyldu eyðast aftur. En það er ekki undarlegt. Það er vitanlegt, að þetta voru ekki raunverulegar innstæður bankanna erlendis. Þeir eignuðust að vísu stpd. erlendis, en útlendir viðskiftamenn eignuðust tilsvarandi eignir hjer í ísl. peningum. Þetta er það, sem raunverulega er ástæðan til gengishækkunarinnar hjá öllum seðlabönkum. Jeg þykist nú vita, að vonlaust sje að ætla sjer að skýra fyrir hv. þm. Str., hvílík hætta getur stafað af of miklum inneignum útlendinga í bönkum landsins, og hver áhrif of mikið aðstreymi af erlendum gjaldeyri geti haft. Jeg þykist einnig vita, að árangurslaust sje að segja hv. þm., að það er þetta, sem neyðir bankana jafnan til að stöðva innstreymið með eina tiltækilega ráðinu, að hækka verð hins innlenda gjaldeyris.

En ef það gæti skeð, að hv. þm. Str. (TrÞ) mætti eitthvað læra, væri þó reynandi að segja honum, að æðimikið af þeim erfiðleikum, sem nú eru hjer á landi, og honum verður allra manna starsýnast á, stafa af því, að svona fje þarf einhverntíma að skila aftur. Það þurftum við að gera á árinu 1926, og við höfum þegar skilað miklu af því aftur og borgað með þeim afurðum, sem við fluttum út á árinu. Mesta hættan liggur jafnan í því, að þegar bankarnir fá svona mikið fje til umráða, þótt á óeðlilegan hátt sje, að þá sjeu þeir of greiðugir á útlán til fólksins og atvinnuveganna í landinu. Þegar bankarnir eru fullir af fje, er þess ekki gætt í eins ríkum mæli að neita um lán, eins og ef þeir væru tómir. En gallinn er sá, að þetta er innstæðufje útlendinga, sem þeir heimta, að skilað sje aftur, þegar þeim best hentar, og er þá ekki verið að spyrja að því, hvort íslenskum atvinnuvegum komi það betur eða ver að

skila fjenu. Ef of mikið er keypt af stpd. fyrir það verð, sem útlendingar álíta sjer gróðavon að fá fyrir þau, verður afleiðingin sú, að meira fje berst til bankanna og frá þeim út til almennings en víst er, að hægt verði að borga aftur. Sem betur fer hefir ekki farið svona fyrir okkur. Við erum nú búnir að skila aftur því nær öllu fjenu, en við höfum tekið það nærri okkur. Og hefðum við haldið áfram að kaupa stpd. á 26 kr. haustið 1925, hefði okkur áreiðanlega borist meira en við hefðum verið menn til að skila aftur.

Mitt álit er því það, að hækkun á verði stpd. hafi verið óhjákvæmileg varnarráðstöfun til að firra bankana því, að kaupa of dýrt þá vöru, sem þeir vissu, að þeir gætu svo ekki staðið í skilum með andvirði á.

Ef menn vilja líta í sögu gengishækkunarinnar í nágrannalöndunum, Danmörk, Noregi og Finnlandi, þá sjá menn, að hana hefir borið líkt að þar, en sá er munurinn, að þar hefir skilningurinn á þessum málum verið svo mikill, að þingmenn hafa ekki leyft sjer að ausa auri á þá, sem gert hafa hinar nauðsynlegustu ráðstafanir. Menn hafa borið sig misjafnlega vel undan gengishækkuninni, en hvergi hefir því verið haldið fram nema hjer, að hægt væri að verjast henni með því að kaupa erlendan gjaldeyri í vitleysu.

Hv. þm. Str. sagði frá því, sem sinni skoðun, að lítil von væri um, að krónan gæti haldist í núverandi gengi sínu, heldur mundi hún senn fara að falla í verði. Jeg verð nú að hryggja hv. þm. með því að segja honum, að eftir því sem allar horfur eru nú, er fullt útlit fyrir, að við getum haldið krónunni í sama verði. Ástæðan til þess er sú, að nú erum við búnir að borga erlendu innstæðurnar frá 1925, og verður ekki hægt að koma aftur og heimta borgun fyrir sterlingspundin, sem við keyptum þá. Erlendar innstæður í íslenskum bönkum eru minni nú en þær hafa verið í mörg ár. Og hver getur felt gjaldeyri okkar í verði, ef ekki eru útlendingar til að taka út innstæður sínar í íslenskum bönkum? Jeg fæ ekki sjeð, að það sje í nokkurra valdi annara en okkar sjálfra. Við gætum e. t. v. gert það með einhverri sjerstakri handvömm, en jeg sje enga ástæðu til að búast við slíku af bankastjórnum vorum. — Jeg held, að það væri best fyrir háttv. þm. Str. að sleppa öllum vonum um þetta, nema einhver af hinum fornu fjendum landsins, hafís, eldgos eða önnur óáran komi honum til hjálpar. Þá veit enginn hvernig fer.

Jeg vona, að það sje öllum hv. þdm. ljóst, að það er rangt hjá hv. þm. Str., að þessi 15 miljóna tilfærsla á erlendri inneign í bönkunum sje mynduð af tapi á þjóðarbúskapnum á árinu 1926. Enda þótt skýrslur um innflutning og útflutning sjeu ekki alveg nákvæmar, er það ljóst, að þær hljóta að fara mjög nærri sanni. Ef hv. þm. Str. vildi nú renna yfir þær öðru auganu, býst jeg við, að honum yrði það ljóst, að þessar 15 milj. kr. geta ekki verið nein mynd af tapi á þjóðarbúskapnum á árinu. Þær eru að miklu leyti mælikvarði þess, hvað við leyfðum okkur að fara langt haustið 1925 í því að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir verð, sem útlendum eigendum hans þótti gróðavænlegt.

Mjer þótti hv. flm. komast æðilangt frá frv. sínu, þegar hann fór að lýsa

því yfir, að það væru verðfestingarmenn, sem stæðu í móti lækkun krónunnar. Jeg verð nú að segja, að þó að frv. hans sje langt frá því að standa í móti lækkun krónunnar, þá eru þessi orð hans skynsamlega töluð fyrir munn annara verðfestingarmanna, því að það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem á annað borð vilja festa gengið, geri sjer far um að krónan lækki ekki. Þetta skilur hv. þm. V.-Ísf., og kom greinilega fram í ræðu hans hjer á dögunum, að hann vildi ekki, að krónan lækki. En hvers vegna hann hefir þá gerst flm. að slíku frv. sem þessu, það skil jeg ekki. Það eiga allir að vera á einu máli um það og fylgja því fast fram, að krónan lækki ekki úr því, sem hún nú er. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að óþarft er að eyða frekar orðum að því að útlista það.

Þá fór háttv. flm. út í hag bankanna og málaði hag Landsbankans æði dökkum litum. Hann sagði, sem satt er, að varasjóður bankans mundi nema um 700 þús. kr., en gerði ráð fyrir, að hann mundi ekki hrökkva á móti töpum bankans. Þetta getur vel verið. En benda má þó á, að bankinn átti eftir síðasta reikningi sínum fjárhæð, sem hann var búinn að leggja til hliðar fyrir töpum. Svo á hann ennfremur 2 miljónir, sem er innskotsfje ríkissjóðs, ¾ þegar greitt, en ¼ tryggður honum með sjerstökum lögum, og þessi upphæð er sjálfseignarfje bankans. Um hitt ætla jeg ekki að deila, hvort varasjóður muni hrökkva til þess að greiða töp bankans eða ekki.

Og það veit hv. flm. eins vel og jeg, að töp Landsbankans stafa ekki af gengishækkuninni 1925. Heldur væri nær að telja þau afleiðing af lækkun krónunnar 1919 og 1920, ef menn á annað borð vilja gefa peningasveiflum sök á því. Út frá þessum veiku ástæðum um tap Landsbankans dró hann þá ályktun, að ekki væri óhætt að leggja slíka ábyrgð á bankann, að ráða því, hvort krónan hækkar eða ekki. En þar er jeg á alt öðru máli. Jeg álít, að alt ákvörðunarvald í þessu efni eigi einmitt að vera í höndum beggja bankanna.

Og hv. þm. Str. getur ekki skoðað það sem vantraust á sjer frá minni hálfu, þó að jeg treysti bankastjórunum betur en honum til þess, að meta, hvort bankarnir á sínum tíma láti krónuna hækka eitthvað. Því það gætu komið þeir tímar, að bankarnir telji minni hættu á að kaupa sterlingspd. lægra verði en verið hefir áður. Jeg verð því að telja það öllum fyrir bestu, að ákvörðunarvaldið í þessu efni sje hjá þeim, sem ábyrgð bera á rekstri atvinnuveganna, en það eru bankarnir eða stjórnir þeirra.

Þá vjek hv. þm. Str. að því, sem hann taldi siðferðishlið málsins. Þótti honum koma ranglæti niður á þeim mönnum, sem tekið hafa lán með lágu gengi, ef krónan á að hækka. Um þetta má lengi deila og hefir lengi verið gert. En að því er snertir hinn lagalega rjett, sem löggjafarnir verða að líta á, og framkvæmdarvaldið verður líka að líta á, sem sje það, að allir þeir, sem tekið hafa lán í peningastofnunum landsins síðan 1919, eiga að vita, að íslensk króna er ekki á þessum tíma í löglegu gullgildi, og að allar ráðstafanir, sem þessi ólögmæta lækkun byggist á, eru bráðabirgðaráðstafanir. Þess vegna hafa allir lántakendur orðið að reikna með því, að þeir verði á sínum tíma að svara aftur sínu lánsfje í löglegu gullgildi, ef

rás viðburðanna vildi láta svo við horfa. Þetta er sú lagalega hlið málsins, sem ekki verður komist hjá að reikna með. Annars þótti mjer vænt um að heyra, að sú hugsun hefir komist inn í huga hv. þm. Str., sem rjett er að hver og einn beiti við athugun þessa máls. Það er nú svo um innlend lán, að þau eru eingöngu tilfærsla verðmiðils frá einum borgara til annars, og af því að hjer er ekki um hættulegra að ræða, þá er það á löggjafarvaldsins færi að draga úr þeim erfiðleikum, sem gengishækkun hefir í för með sjer.

Þegar hv. flm. er að tala um, hvað gera eigi fyrir þá lántakendur veðdeildar og ræktunarsjóðs, sem þegið hafa lánsfje með lágu gengi, en svo hækki krónan, þá tel jeg, að hann sje á rjettri leið og sje að athuga þau ráð, sem rjett og vert er að athuga: að láta krónuna hækka, þegar tími er til kominn, en athuga þó jafnframt, að hækkunin valdi ekki miklu misrjetti milli manna innan þjóðfjelagsins. Mjer er ánægja að ræða þessa hlið málsins við hv. þm. Str., hvenær sem hann vill, en tel ekki ástæðu til að ræða hana í sambandi við þetta frv., hvaða skil lántakendur geri ræktunarsjóði á sínum tíma. Þó benti hann rjettilega á 5. fl. veðdeildarbrjefa í þessu sambandi, því rjett er að taka til athugunar, ef krónan stígur í gildi, að tap lántakenda lendi ekki með tilsvarandi gróða hjá ríkissjóði, vegna þess að honum er skilað fje með hærra gengi en hann lánaði það.

Hv. þm. Str. fór mörgum orðum um það, hvað mikið hann hefði lært frá því í fyrra þessu máli viðkomandi. En jeg verð nú að segja honum, að mjer finst hann ekki hafa lært annað en þetta, sem jeg tók nú fram. Hann hefir fest sig um of við nútíðina og þá erfiðleika, sem atvinnuvegirnir eiga við að búa, en lítur ekki fram í tímann, nje reynir að gera sjer ljóst, að úr muni rætast á annan hátt en hann vill vera láta. En þegar hann snýr af þessari villubraut, sem hann hefir nú gengið í 2—3 ár, og snýr sjer að okkur hækkunarmönnum, þá skal jeg ræða við hann, og það af fúsum vilja, um hækkun krónunnar á þeim grundvelli, sem öllum þegnum þjóðfjelagsins er fyrir bestu. Það, sem skilur, að hv. þm. Str. stigi þessi millispor, er það, að hann einblínir eingöngu á þá erfiðleika, sem fylgja hækkuninni í bili, og þeir hafa vaxið honum svo í augum, að hann sjer ekki aðra leið færa en að festa gengið. En jeg er þeirrar skoðunar, að úr þeim erfiðleikum, sem gengishækkun veldur, megi mikið draga með góðum vilja.

Það, sem aðallega skilur götu okkar hv. þm. Str., er það, að jeg er þeirrar skoðunar, að ef við tökum okkur eina út úr öðrum hlutlausum þjóðum á Norðurlöndum og stýfum gjaldeyri okkar, þá muni af því leiða svo mikil álitsspjöll, að það verði okkur margfalt þungbærara og dýrara en erfiðleikar þeir, sem gengishækkun veldur í bili. Slík ráðstöfun um innanhússmálefni íslensku þjóðarinnar, mundi ekki aðeins skapa okkur vantraust og álitsspjöll um langan aldur, heldur mundu þau gera okkur erfitt fyrir að fá frá útlöndum það lánsfje, sem þörf er á, til þess að framfarirnar verði það hraðstígar, sem landsmenn óska eftir. Og jeg er ekki einn um þessa þekkingu eða skoðun á gengismálinu. Fulltrúi okkar í Kaupmannahöfn, Jón Krabbe, hefir fyrir löngu látið þá skoðun í ljós við mig, að svo framarlega að myntsamband

Norðurlanda, eða ríkin, sem í því eru, Noregur, Svíþjóð og Danmörk, hækki sína krónu upp í gullgengi, og við þá ekki fylgjumst með og hækkum okkar krónu líka, muni margskonar álitsspjöll og erfiðleikar mæta okkur, sem ómögulegt er að sjá fyrir, hvaða tjóni muni valda.

Mjer er ekki gjarnt að slá á strengi tilfinninganna í opinberum málum. Þó verð jeg að kannast við, að þetta mál er að nokkru tilfinningamál fyrir mjer. Á meðan deilurnar um sjálfstæðismál þjóðarinnar stóðu yfir, fylti jeg þann flokk manna, sem fara vildi hægar og ekki taka stökkið of stórt í einu. En nú, þegar við höfum stigið sporið og fengið fullveldi okkar viðurkent, þá þoli jeg ekki sársaukalaust, að neitt það sje gert af okkar hálfu, sem orðið gæti þess valdandi, að spilla áliti okkar í augum annara þjóða.

Við, sem tókum við fullveldinu 1918, höfum þeim skyldum að gegna að vaka yfir því og vernda á allan hátt. Eftirkomendur okkar eiga heimting á því, að við sýnum það í verkinu, að við sjeum færir um að gæta fullveldis okkar og höfum ekki að augnagamni neitt það, er kasti rýrð á það.

Það er mín skoðun, að við mundum ekki geta gert neitt til að baka okkur meiri álitshnekki en það, ef við sýndum í verkinu, að við værum ekki færir um að halda okkar gjaldeyri í fullu gullverði.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Hæstv. forsrh. hefir nú flutt langa ræðu. (**Forsrh. JÞ:** Jafnlanga og hv. flm.). Jeg er alls ekki að tala um það til aðfinninga, og ræðan hefir verið röggsamlega flutt, sjerstaklega þó, þegar dró á seinni hluta hennar. Það gat engum dulist, að hæstv. ráðherra svall móður í brjósti og var helst til heitt, þegar hann byrjaði ræðu sína, og mun engan kunnugan furða á því. Hann mælti mörgum hörðum orðum, sem hann getur ekki staðið við, og alveg óviðeigandi að láta koma frá þeim stóli, er hann situr í. Hann sagði, að jeg ljeti alt annað í veðri vaka en stæði í frv. og að jeg hefði teygt menn með mjer, sem vissu þó, að hjer væri ekki alt með feldu. Slík orð gat hann á engan hátt rökstutt.

Það er engin nýlunda, þó að hæstv. forsrh. vilji gera mig tortryggilegan í þessu máli. Í fyrra hóf hann röksemdir sínar á móti frv. með því að hanga í prentvillu, sem í því stóð. Nú vildi hann halda því fram, að þetta frv. okkar væri ekki borið fram til þess að stöðva hækkun gjaldeyris okkar, heldur til þess að halda áfram nýju gengishringli. Hitt veit hann þó, að ekki er hægt að festa krónuna, nema fyrst fari fram rannsókn um, hvert hið raunverulega gildi hennar sje, og um aðstöðu atvinnuveganna. Engum verðfestingarmanni í heiminum dettur í hug að verðfesta, án undangenginnar ítarlegrar rannsóknar. Hann dregur mest dár að okkur fyrir það, að við viljum ekki festa krónuna fyr en þessi rannsókn hefir verið framkvæmd, og þó er honum fullkunnugt um, að þetta er bygt á áliti þeirra manna, sem mest hafa rætt og ritað um gengismál, t. d. eins og lærimeistari hæstv. forsrh., er hann vitnar oftast til í bók sinni „Lággengi“, próf. Cassel. Hann sagði, að í frv. væri gefið í skyn, að fram mundi koma við rannsókn, að krónan yrði að lækka. Ekki get jeg fallist á, að sú skipun, sem frv. nefnir, sje gerð til þess að fella krónuna í verði.

En vilji hæstv. forsrh. halda því fram, að svo sje, þá er það af því einu, að hann er sannfærður um, að rannsókn muni sýna, að krónan sje enn virt of hátt, og þá fellir hann jafnframt mjög þungan dóm yfir þeirri hækkun, sem hann ber ábyrgð á.

Um nefndarskipunina þarf jeg ekki mikið að ræða. Það er grýla hjá hæstv. forsrh., að bankarnir geti ekki notið sinna áhrifa um þetta mál. Hann virðist gleyma því, að bankarnir hafa einmitt tvo fulltrúa í nefndinni, og ef fulltrúi ríkisstjórnarinnar legst á sveif með þeim, sem ætla má, þá er þar með skapaður meiri hl. nefndarinnar. Jeg get ekki betur sjeð en að bankarnir hafi full tök á að athuga um þetta mál og beita áhrifum sínum í þá átt, er þeir telja betur fara. En jeg vil ekki afhenda bönkunum neitt einræði í þessu máli.

Enn vildi hæstv. forsrh. gera frv. tortryggilegt fyrir það, að þar væri „spekúlerað“ í lækkun krónunanr. En jeg vil þá segja honum það, sem hann raunar veit áður, að um öll lönd Norðurálfunnar hefir verið rekin „spekulation“ í þessu efni, en sjaldnast um lækkun. Nei, það er í hækkuninni, sem „spekúlerað“ hefir verið langoftast. Ef nokkurn mann er að ásaka fyrir að hafa boðið „spekulationinni“ heim hingað, þá verður það ekki jeg, sem fyrir þeim ásökunum verð, heldur hæstv. forsrh. (JÞ) sjálfur. Hann hefir talað svo, sem forsætis- og fjármálaráðherra landsins, að beinlínis hefir mátt skoða sem hvöt til manna að „spekúlera“ í íslensku krónunni. Álít jeg þá framkomu svo ámælisverða, að jeg ætla ekki að segja þau orð, sem eiga við um það.

Jeg hefi nýlega lesið í mjög ábyggilegu útlendu blaði, að það hafi verið um 100 milj. kr., sem útlendir menn komu með í veltuna til þess að hækka dönsku krónuna. Með ummælum sínum, sem alkunn eru, hefir hæstv. forsrh. (JÞ) beinlínis verið að kalla á þessa „spekúlanta“, að koma með sitt útlenda fjármagn hingað — aðeins í bili, meðan verið er að hækka — atvinnuvegum landsins til niðurdreps. Ef þetta væri kunnugt erlendum mönnum, sem peninga hafa á reiðum höndum, þeim t. d., sem búnir eru að taka ofurgróða af þessu í Danmörku og Noregi og þeir álíta, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefði svo mikið bolmagn, að hann mundi koma hækkun í framkvæmd, þá er þeim boðið upp á gróðavænlega „spekulation“. Ef þeir koma með nokkrar miljónir, þá eiga þeir víst, ef hæstv. ráðh. fær sinn vilja fram, að taka 20% gróða af sínum miljónum.

Sá maður, sem hæstv. forsrh. hefir — þangað til hann var búinn að skrifa bók sína um gengismálið — talið sinn læriföður, hefir sýnt fram á það betur en aðrir, að það eru einmitt hækkunarmenn, sem bjóða „spekulationinni“ heim. Þess vegna segi jeg, að þær ákúrur, sem hann beindi til mín í þessu efni, þær eigi miklu fremur heima um hann sjálfan. Það eru þessir útlendu „spekúlantar“, sem eru samherjar ráðherrans. Slíkir menn hafa verið samherjar hækkunarmanna í Danmörku og Noregi. Og út frá kenningu hæstv. forsrh. um, hvernig eigi að mæta því, ef slíkt peningaflóð kemur hingað, þá liggur nærri að álykta, að hann sje að kalla á þessa samherja sína. Jeg álít það of mikinn ábyrgðarhluta — og ófyrirgefanlegt — að kalla á slíka menn til samstarfs úr því sæti, sem hæstv. ráðh. (JÞ) skipar. Það er að gera tilraun til

að leiða yfir okkar land þá þjóðarógæfu, sem Norðmenn eiga nú við að búa. Jeg mótmæli, að það sje kallað á slíka menn úr sæti sjálfs forsætisráðherra.

Þetta var viðvíkjandi inngangsorðum hæstv. forsrh. Þegar hann kom út í einstök atriði, bæði í minni ræðu og annað, sem kom þessu máli við, varð hann miklu rólegri, og kom að sumu leyti fram talsverð samúð við það, sem jeg held fram. Jeg skal geta þess um þetta stillingarleysi í ræðu hæstv. forsrh., að jeg hefi þá sálfræðilegu skýringu á því, að hæstv. ráðh. finni til samviskubits yfir gerðum sínum í þessu máli og viti líka af hinu, að í hans eigin flokki eru það jafnvel traustustu fylgismennirnir á öðrum sviðum, sem finna og vita, hvað hæstv. ráðh. hefir skjátlast í þessu efni.

Hæstv. forsrh. fór þó nokkuð inn á sögu gengishækkunarinnar, eins og hana bar að haustið 1925. Við höfum svo oft talast við um það, að það er að bera í bakkafullan læk að víkja að því. En jeg vil leyfa mjer að beina því til hæstv. forsrh., hvort hann vilji ekki skora á þann mann, annan en mig, úr gengisnefndinni, sem á sæti hjer í hv. deild, að skýra frá, hvernig þessa atburði bar að 1925. Það er fulltrúi sjávarútvegsins í nefndinni, hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Mjer þætti mjög vænt um, málsins vegna, að hann vildi skýra þetta greinilega frá sínu sjónarmiði. Hæstv. forsrh. segir, að mín frásögn sje villandi. Jeg hefi í einstökum atriðum skotið þessu undir dóm hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), og hann hefir ekki leiðrjett það í neinu, sem jeg hefi eftir honum haft, sumt gagnstætt því, sem hæstv. ráðh. hefir haldið fram. Jeg veit, að hv. þm. (ÓTh) lítur svo á, að við eigum báðir að standa okkar umbjóðendum reikningsskap í þessu mikla máli sem öðrum, og leyfi mjer því fastlega að vænta, að hann verði við þessum tilmælum.

Jeg ætla ekki neitt að fara að skýra afstöðu Íslandsbanka í þessu máli. Jeg skýrði frá í minni fyrstu ræðu, að þetta haust hefði Íslandsbanki viljað fara rjetta leið, þegar hann vildi halda áfram að kaupa sterlingspundið á 26 krónur. Jeg hefi ekki sagt, að bankinn hafi farið fram á aðstoð, en hitt sagði jeg, að bankinn mun hafa látið leita hófanna og fjekk ekki þær undirtektir, að hann byggist við því að fá aðstoð. Slík orð sem þessi hefir fulltrúi bankans látið sjer um munn fara. En hæstv. forsrh. segir, að stjórnin hafi ekki viljað kúga bankann til þess að kaupa sterlingspundið vissu verði. Það hefir engum dottið í hug. Stjórnin þurfti ekki annað en ljetta af bönkunum áhættunni af þeirri gjaldeyrisverslun, sem fór fram um ákveðinn tíma. En þar var ekki um nema mjög litla áhættu að ræða. Það er hægt að sanna nú með tölum, að það var um enga áhættu að ræða.

Hæstv. forsrh. kom inn á ummæli mín um Landsbankastjórnina og traustsyfirlýsingu, sem jeg hefði látið Landsbankanum í tje í sambandi við annað mál. Það þýðir ekki að heimfæra það til gengismálsins. En jeg segi, að aðalábyrgðina á þessu beri hæstv. ráðh., þegar hann neitaði að kveðja saman aukaþing og þegar hann neitaði að taka tillögur mínar, haustið 1925, til greina, sem voru í fullu samræmi við þingvilja.

Þá kem jeg að því atriðinu, sem furðulegast er af þeim, sem hæstv. ráðh. kom með viðvíkjandi minni ræðu. Hann fór að lýsa því, að þær miklu inneignir

útlendinga og það, hve mikið barst að af sterlingspundum 1925, hafi haft það í för með sjer, að það hefði mátt til að hækka ísl. krónuna í verði. Það væri yfirleitt eina ráðið til þess að mæta aðstreymi utan að frá. Bein afleiðing af þessu er sú, að hvenær sem útlendingum þóknast að beina hingað peningum, nógu miklum, og láta þá liggja hjer, í bili, þá verðum við að gera svo vel og hækka gjaldeyri okkar, með öðrum orðum: að hver einstakur peningamaður útlendur, nægilega fjesterkur, geti sagt okkur Íslendingum að hækka okkar krónu, hvenær sem honum þóknast. Nei, þó að óeðlilega mikið berist að einhvern tíma, þá eiga bankastjórarnir að hafa vit á að festa það ekki í atvinnuvegunum, ef um óeðlilegt aðstreymi peninga er að ræða. Bankarnir geta hvenær sem er lækkað vexti af þessu aðkomna fje. Það má kaupa fyrir inneign ytra ríkisskuldabrjef, dönsk eða ensk, sem gæfu hærri vexti en bankarnir þyrftu að gefa fyrir inneign. En þau verðbrjef má selja, hvenær sem er. Hæstv. forsrh. lætur í ljós mikið vantraust á stjórn Landsbankans, ef hann álítur, að þeir viti ekki, að þetta er auðveldur hlutur.

Þetta var sem sagt höfuð-ástæðan, sem hæstv. ráðh. bar fram, sem jeg fyrir mitt leyti verð að telja gersamlega einskis virði.

Hæstv. forsrh. kvað mig hafa sagt, að gengi krónunnar muni falla. Það hefi jeg alls ekki sagt, en að jeg óttist það. Jeg álít það stórkostlegt böl, ef krónan þarf að falla. En sökina eiga þá þeir menn, sem valda gengishækkuninni. Hæstv. forsrh. fullyrðir, að hún geti haldist, og þykir mjer að vísu vænt um, að hann trúir því. En með því slæma útliti fyrir okkar atvinnuvegi verð jeg að segja, að jeg hefi ekki nema daufa von um það. Hæstv. forsrh. sagði, að sú eina von um að krónan fjelli, væri eldgos og hafís. Jeg verð nú að segja, að fyrir ráðherra er það alveg ósæmilegt að koma með slíkt sem þetta inn í rökræður um mjög alvarleg mál.

Ennfremur sagði hæstv. ráðh., að jeg hefði málað hag Landsbankans með of svörtum litum. Jeg hefi alls ekki gert það — vitnaði bara í það, sem reikningarnir sýndu. Þeir sýna, að varasjóðurinn er alveg á förum, vegna tapa, sem fallið hafa á bankann og sem að töluverðu leyti eru gengishækkuninni að kenna, en hljóta að verða meiri en þegar eru fram komnir. Mjer hefir aldrei dottið í hug, að Landsbankinn lenti í nokkrum þrotum vegna þessara mála. Hann er alt of samtvinnaður landinu til þess; og meðan landið stendur, stendur Landsbankinn.

Ef það er rjett, sem hæstv. forsrh. sagði, að Landsbankinn sje ekki farinn að afskrifa enn neitt af þeim töpum, sem hann hefir beðið af gengishækkuninni 1924 og 1925, þá hafa menn ástæðu til að halda, að hagur hans sje verri en raun mun vera, og þá á hann eftir að afskrifa mikið. En jeg get sagt hæstv. forsrh., að Landsbankinn er farinn að afskrifa töp frá 1924.

Þegar hæstv. ráðh. kom, í seinni parti sinnar ræðu, inn á siðferðislega hlið þessa máls, þá varð hann allmiklu sanngjarnari en oft áður. Eins og hann sagði mig hafa lært á einu sviði, verð jeg að segja hið sama um hann á öðru. Hann ljet orð falla um það, að tilfærslur eigi sjer stað á verðmæti, sem ekki eru rjettmætar, og þjóðfjelagið eigi að gera eitthvað til þess að bæta úr því

misrjetti, sem stafar af því. Og hann talaði með nokkurri samúð um þá uppástungu mína út af þessu frv., að færa niður lán nýrra veðdeildarflokka og ræktunarsjóðs, ef krónan hækkaði. En ef hæstv. ráðh. viðurkennir, að þarna sje rjettlæti á ferð, þá verður hann að viðurkenna, að svo er á mörgum fleiri sviðum. Hæstv. ráðh. er of þröngur, ef hann vill eingöngu láta þetta ná til ræktunarsjóðs og veðdeildar. Jeg hygg það sje svo um stórútveginn, að a. m. k. helmingur flotans sje keyptur fyrir verðfallna peninga og slíkar skuldir sjeu því allar í verðföllnum peningum. Þau lán eru ekki ræktunarsjóðslán nje veðdeildar. Jeg álít það hróplegt ranglæti, ef ríkið reynir bara að bæta tjónið á einu sviði, en ekki fleirum.

Sem sagt þótti mjer vænt um, að hæstv. ráðh. vildi á þessu sviði viðurkenna, að ríkið megi ekki drýgja þetta ranglæti. En jeg vil beina því til hans, að taka það til athugunar, að þetta er stórt svið, að eina ráðið til þess að gera öllum nokkurnveginn rjett til, er að festa á þeim grundvelli, sem álitið er rjettlátast.

Þá á jeg eftir að koma að niðurlagsorðum hæstv. ráðh., þar sem hann beindi ásökun til þeirra manna, sem láta sjer erfiðleikana vaxa í augum og vildu ekki sýna þrótt til að stíga hækkunarsporið. Hann kvað okkur, festingarmenn, vera að stofna til álitshnekkis fyrir landið. Jeg vil aðeins minna á það enn, að hæstv. ráðh. hefir skrifað um þetta mál mikla og rækilega bók. Í upphafi hennar eða eftirmála — man ekki hvort heldur — hefir hann sagt, hver sá maður sje, sem hann álítur merkastan og fjölfróðastan í þessu efni, og hann telur sinn læriföður. Við festingarmenn erum í samræmi við þann mann hjer. Og þótt hæstv. forsrh. vitni í mann í Kaupmannahöfn — þó að hann sje af íslenskum ættum — um það, hver áhrif þetta hafi á traust til okkar lands, þá verð jeg að segja, að jeg er samt sammála þeim Jóni Þorlákssyni, sem skrifaði „Lággengi", að sá maður, sem best vit hefir á þessu máli, er maðurinn, sem hann hefir vitnað mest til í þeirri bók. Það á að fara eftir kenningum og ráðleggingum mestu vísindamanna á þessu sviði, sem eru viðurkendir um allan heim fyrir þær till., sem þeir hafa borið fram. Það verður aldrei lagt neinni þjóð til lasts.

Hæstv. forsrh. sló á strengi tilfinninga síðast í ræðu sinni, sem hann kvaðst þó óvanur að gera, og vildi telja metnaðarmál að færa peningana í gullgildi. Það er gott að slá á strengi metnaðar; en það, sem er meira vert en metnaður, er að breyta siðferðilega rjett. Ef hæstv. ráðh. horfir eingöngu á þennan metnað, þá vill hann fyrst og fremst gera það, sem lærimeistarinn okkar sænski talar um, að stofna til að svikja skuldbindingar, sem gerðar hafa verið manna á milli í viðskiftum um fjöldamörg ár. Það snertir alvarlega ábyrgðartilfinningu manna, hvort ríkið eigi að stofna til slíks óskaplegs ranglætis. Náttúrlega er gott að hafa mikinn metnað og vera hnarreistur og vilja líta glæsilega út á yfirborðinu; en miklu æðra er þó það, að breyta siðferðilega rjett — geta varið fyrir samvisku sinni, það sem maður gerir. Jeg met það hinn mesta metnað, bæði í lífi einstaklinga og þjóða, að kappkosta að stunda rjettlæti.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg hafði ekki

ætlað að taka til máls við þessa umr., en þar sem jeg er einn af flm., þá neyðist jeg til að svara nokkrum orðum sumum þeim aðfinslum, sem hæstv. forsrh. bar fram við þetta frv.

Fyrirsögn frv. er sú, að þetta sje frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga. En hæstv. forsrh. heldur því fram, að þetta sje frv. til laga um nýtt gengishringl. Nú vil jeg vekja athygli hv. deildar á því, að hringl og hreyfing er ekki eitt og hið sama. Sú stöðvun, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi sennilega byrja með nokkurri hreyfingu; en ef sú hreyfing er gerð í vissum tilgangi, þá er ekki um hringl að ræða. Það er ekki frekar hringl að láta hið skráða gengi nálægjast hið raunverulega gengi, heldur en það er hringl, að vatnið rennur niður á við og reykurinn stígur upp. Þetta er hreyfing, sem hefir við rök að styðjast, en ekki hringl.

Hæstv. ráðh. kvaðst vart skilja í því, að jeg, sem hefi nýlega lýst yfir því, að jeg vildi ekki verða þess valdandi, að gengið hryndi — skyldi geta verið meðflutningsmaður að öðru eins frv. Í sambandi við lánsábyrgð fyrir Landsbankann gat jeg þess einmitt, að jeg mundi ekki fylgja neinu því, sem gæti valdið gengis-„hruni“; en aftur á móti gæti jeg fylgt þeim breytingum, sem gerðar væru af þjóðhagslegum ástæðum og með festingu fyrir augum. Sem sagt, hringl og hrun eru andstæður festingarstefnunnar; en breyting í áttina til kaupmáttarjafngengis er höfuðtrygging fyrir því, að tilraunir til festingar gengisins hepnist. Það er sem sje ekki nóg, að samþykkja, að nú skuli krónan fest. Hún er ekki föst þar fyrir. Það þarf að skapa hagstæð skilyrði, rjett eins og fyrir hækkun. En það er miklu hægra viðureignar að skapa skilyrði fyrir festingu heldur en fyrir hækkun.

Þetta er frv. til laga um stöðvun á verðgildi ísl. peninga; og að sú stöðvun á að byrja með nokkurri breytingu í áttina til kaupmáttarjafngengis, miðar til þess eins að gera stöðvunina enn öruggari. En þar fyrir skal jeg ekki segja, að það sje útilokað, að hægt sje að stöðva í núverandi gengi, þrátt fyrir það, að það er ekki í samræmi við sanngengi. Jeg hefi á síðasta ári boðið það til samkomulags, og er nú enn frekari ástæða til þess fyrir okkur festingarmenn að bjóða þá samninga enn þá, þar sem þessi skráning hefir nú staðið árinu lengur. Enda vita hækkunarmenn, að þetta tilboð stendur, þó við höfum borið frv. fram í sinni gömlu mynd.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að það væri fásinna að bera fram frv. um festingu á þessu stigi málsins, og taldi það til, að hvorki Finnar nje Belgir hefðu farið svo að. Er það mála sannast. Þeir báru ekki fram frv. og samþyktu ekki lög um þessi efni fyr en að myntlagabreytingunni var komið. En það stafar af því, að hjá Finnum og Belgum hafa seðlabankastjórarnir haft forustuna og ríkisstjórnirnar; þær gátu unnið að festingu, og þurftu enga þingsamþykt fyr en að lokastigi málsins var komið. Ef okkar íslenska seðlabankastjórn — en jeg held fram, að Landsbankin sje og hafi verið um nokkurn tíma seðlabanki okkar — ef hún hefði haft forustuna í festingar-pólitíkinni, þá hefði ekkert frv. þurft að bera fram, fyr en gerð verður breyting á myntlögunum. En myntlagabreyting er ekki varleg, fyr en skráð gengi er búið að standa

fast 4—5 ár. Það hefði verið það langbesta og hagfeldasta, til þess að ná tilgangi festingarmanna. En þegar þetta nú bregst og forustan fæst ekki úr þeirri átt, sem hennar ætti helst að vera að vænta, frá landsstjórn og gengisnefnd, þá verða þingmenn að taka til sinna ráða. Og það, sem við höfum gert, bæði á þinginu í fyrra og nú, það er að bera fram frv. um þá stefnu, sem við hefðum óskað, að seðlabankastjórnin, gengisnefnd og landsstjórnin hefði haft frá því fyrsta. Ef þær hefðu frá upphafi tekið þessa stefnu, þá má vel vera, að við hefðum verið svo gæfusamir nú, að í stað þess að samþ. lánsábyrgð og deila um hækkun og festingu, hefðum við getað samþ. frv. um breytingu á sjálfum myntlögunum á þessu þingi — frv., sem hefði lofað festu og öryggi fyrir atvinnuvegi og viðskiftalíf og hefði átt eins lítið skylt við þau frv., sem nú eru rædd í þinginu, eins og velgengni á við hallæri.

Hæstv. fjrh. lagði áherslu á það, að hjer mundi alt verða vitlaust í gjaldeyrisversluninni, ef frv. yrði samþ., svo sem það er, og viðurkendi, að sanngengi væri nú lægra en hið skráða gengi. Mjer virtist hæstv. forsrh. ekki gá vel að því, hvaða verði hann kaupir þessa röksemd. Eftir 16 mánaða fast gengi ætti ekki að vera svo mikið ósamræmi milli hins skráða gengis og verðlagsins í landinu, eða sanngengisins, að alt þurfi að verða vitlaust, þótt gengið væri fært í raunverulegt horf. Að minsta kosti ættu hækkunarmenn ekki að halda því fram, því að það er rothögg á þeirra stefnu. En sannleikurinn er sá, að eftir 16 mánaða gengiskreppu hefir ekki tekist að skapa það samræmi, sem ruglaðist af gengishækkuninni 1924 og 1925. En úr því að þetta ósamræmi er, þá get jeg ekki skilið, að hæstv. forsrh. geti haldið því fram í alvöru, að við getum haldið áfram að hækka úr því gengi, sem nú er. Hann sagði að vísu, að við hefðum skilað öllum útlendum inneignum, er hjer voru 1925. Þetta getur verið, en þó hefi jeg ekki frjett um aðrar nje meiri fjárhæðir en 40 þús. sterlingspund, og það eru engin ósköp. Og jeg hefi hugsað mjer þá skýringu á hinum óhagkvæma greiðslujöfnuði s.l. ár, að hagurinn hefði verið verri 1925 heldur en látið er í veðri vaka. Erlent fje streymir þá inn, vegna sífeldrar hækkunar, en innlent fje stöðvast, vegna vonar um hækkun. Árið 1926 er þetta öfugt; þá streymir innlenda fjeð út. Og þessi gagnstæða hreyfing getur skýrt hinn mikla mun, sem varð á verslunarjöfnuðinum árið 1926, án þess að grípa þurfi til „stórra erlendra inneigna“ til skýringar.

En hvað sem þessu líður, þá er það ekki nægileg ástæða til þess að halda genginu háu, þótt við höfum skilað einhverjum inneignum aftur. Við verðum að gæta að kaupmáttarjafngenginu, við verðum að gæta að því, að hægt sje að framleiða vörur í landinu með þeim tilkostnaði, að það borgi sig að flytja þær út. Það hlýtur óhjákvæmilega að trufla gengið, ef atvinnuvegirnir bera sig ekki og lánstraust okkar erlendis bilar. Lækkun getur orðið ókleift að hindra, ef illa fer, en hækkun er altaf hægt að komast hjá, ef viljinn er til. Og er það aðalástæðan til þess, sem jeg áðan nefndi, að ekki er vert að hrapa að myntbreytingu fyrir tímann.

Þótt við viljum viðhalda genginu með lántökum, þá er ekki sannað, að það takist. Ef verðlagið innanlands

breytist ekki í samræmi við gengið, þá verður eina ráðið að breyta genginu og skapa þannig jafnvægi. Og það hvílir sú mikla ábyrgð á stjórn Landsbankans, sem nú ræður mestu í gengisnefnd með landsstjórninni, að breyta genginu áður en í óefni er komið. Það þarf að breyta genginu meðan við höfum nógan kraft til þess að ráða einhverju um breytinguna.

Landsbankastjórn og hæstv. landsstjórn verða að líta vel í kringum sig í þessum efnum, því að ábyrgðin, sem á þeim hvílir, er ekki horfin, þótt svarað hafi verið út þeim inneignum, sem útlendingar kunna að hafa átt hjer.

Mjer virtist á ræðu hv. þm. Str. sem einhver brú lægi milli skoðana þeirra, hæstv. forsrh. og hans, og þeir þyrftu ekki annað en ganga sinn út á hvorn enda, til þess að geta tekist í hendur. Þetta vissi jeg ekki fyr. Þó hæstv. forsrh. óski þess að semja á þessum grundvelli, að bæta örfáum, til dæmis ræktunarsjóðs- og veðdeildarlántakendum, upp tap, sem þeir hafa á hækkun — þá þarf engar vonir að gera sjer um það, að festingarmenn gangi frá grundvallarstefnu sinni til að ná því broti af rjettlætinu. Slíkir samningar, sem raunar koma ekki til, væru líkastir því, ef Framsókn fengi Íhaldið til að ganga inn á að færa kosningarrjett í sveitum niður í 21 ár, gegn því, að Íhaldið fengi að halda 25 ára lágmarkinu í kaupstöðum. Allir jafnir fyrir lögunum! Það gerir málstað hækkunarmanna ekki betri, þótt þeir vilji rjetta hlut eins, sem getur best sannað með tölum sinn skaða, en neita öllum öðrum um rjett sinn. Og ef ekki er tekið jafnt tillit til allra hjer á þingi, þá gerir Alþingi sig — eða hluti þess — að dómara, er segir um tvo málsaðila, sem báðir hafa jafnmikið til síns máls, að annar sje sýkn en hinn sekur. Það er fullkomin rjettlætiskrafa, sem kemur fram frá atvinnuvegunum, um lækkun á gengi. Og jeg þekki ekki aðra leið rjettari en að láta eitt yfir alla ganga, með því að festa gengið sem næst núverandi sanngengi. Heilbrigð skynsemi krefst þessa. Hjer þýðir ekki að tala um tilfinningar einar og stolt fyrir þjóðar sinnar hönd, og að þjóðin heimti að krónan skuli komast upp í gullgengi!

Það hefir verið minst á góðan mann, Jón Krabbe, sem álítur, að það muni skaða lánstraust okkar, ef við festum gengið. En það má benda á hundrað fyrir einn meðal þjóðhagsfræðinga, sem eru á alveg gagnstæðri skoðun, og meðal þeirra eru heimsfrægir fjármálamenn. Þeir halda því fram, að lánstraust aukist við það, að verðfest sje gildi peninga. Á alþjóðafundi fjármálamanna, var skorað á þjóðirnar að festa gengi peninga sinna. Það er hægt að fá orð fjölda fjármálamanna fyrir því, að lánstraust vort sje komið undir því, hve „solid" viðskifti vor eru, og því fyr sem festing á verðlagi og gjaldeyri kemst á, því traustari og ábyggilegri verða viðskiftin. Erlendar lántökur fara ekki eftir þjóðarstolti, tilfinningum eða neinu slíku, heldur er um þetta eitt spurt: hver er tryggingin? Fram hjá þeirri spurningu verður ekki komist. — Það er satt, að hæstv. forsrh. skirskotar meir til tilfinninga í þessu máli en öðrum. Það er ógæfa hæstv. ráðh., að hann flýr hjer inn á þau svið, þar sem hann er ekki sterkastur, og frá skýrum málsrökum, sem annars eru honum eiginlegust. Sem hækkunarmaður nýtur hann ekki sinna góðu gáfna,

af því að þau rök, er hann af skynsemi sinni sjer fult svo vel sem nokkur annar, getur hann ekki notað sakir málsstaðar, sem byggist á tilfinningum og misskildu stolti. Það er nú hans sorgarsaga í þessu máli. Að minsta kosti er svo háttað skilningi mínum á innræti hans og eðli gengismálsins.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls. En vegna þess, hve hæstv. forsrh. tók þunglega í frv., taldi jeg mjer sem flm. skylt að verja málstað minn. Jeg sje ekki, að hann hafi bent á neina stórvægilega galla á frv.; smávægilegar athugasemdir, sem jeg viðurkenni, má lagfæra með lítilfjörlegum breytingum á samtengingum og atviksorðum.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 131).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Allur dagurinn í gær fór í umræður um þetta mál, sem vitanlega er alveg þýðingarlaust að bera fram, þar sem það nær ekki samþykki á þessu þingi og verður því bara til þess að lengja þingtímann. Nú veit jeg, að það er mjög almennur vilji kjósenda, að reynt verði að haga störfum þingsins svo, að það verði styttra nú en undanfarin ár. Og jeg ætla að taka það tillit til þess almenna vilja, að af minni hálfu mun jeg ljúka umræðum um þetta mál við þessa 1. umr. og gefa sem minst tilefni til þess, að umræður um það haldi áfram.

Hv. þm. Str. vildi bera á móti því, og kenna það minni vanstillingu, að jeg lagði þann skilning í frv., að þar sje ekki farið fram á stöðvun, heldur gengisbreytingu, sem, eftir því sem til hennar er stofnað, óhjákvæmilega leiðir af sjer gengis-spákaup og gengishringl. Jeg fjekk staðfestingu á þessari skoðun minni frá hv. þm. V.-Ísf., þar sem hann viðurkendi, að stöðvunin eigi að byrja með nokkurri hreyfingu. Enda stendur þetta berum orðum í frv. sjálfu. Það á að færa gildi krónunnar til annars gengis en nú er. Það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. Str. að mæla á móti þessu. En þær ályktanir, sem jeg dró af frv. um væntanlega „spekulation“ og sveiflur, umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir, eru ómótmælanlegar, því að veik er sú mótbára hv. þm., Str., að aldrei sje „spekúlerað“ í gengisbreytingum, nema í gengishækkun. (**Trþ:** Það hefi jeg ekki sagt). Jæja, það verður þá væntanlega numið burtu úr ræðu hans í þingtíðindunum. Jeg hefi skrifað það upp eftir honum. Annars má í þessu sambandi minna á gengisviðburðina í Belgíu. Seint á árinu 1925 var ákveðið að festa frankann í 17 aurum. En það var um seinan, svo að gengis-„spekulationin“ kastaði sjer yfir gjaldeyrinn og feldi hann til hálfs úr því fyrirhugaða stýfingarverði.

Hv. þm. Str. þótti jeg vera að bjóða heim gengis-„spekúlöntum“. En jeg hefi ekki sagt neitt, nema það, sem allir vita og hafa horft upp á í öðrum löndum. Það er ekkert nýtt fyrir neinum, sem verslar með gjaldeyri. Það er ekki jeg, sem kveð upp þann dóm, að sú breyting, sem frv. fer fram á, sje lækkun, heldur öll fortíð og aðstaða flm. og þeirra ummæla, sem sýna, að þeir ætla ekki að byrja með að færa gengi krónunnar upp, heldur niður. Þetta kom fram hjá háttv. þm. V.-Ísf.

þeirra fyrirætlanir eru ekki minn dómur.

Að síðustu ætla jeg að minnast á þeirra einu höfuðröksemd, sem að frv. standa. Þeir fara út á svið tilfinninganna og segjast hafa siðferðisrjettinn sín megin. Jeg held, að þetta sje æði mikill misskilningur, sem komi af því, að þeir tala of mikið um þetta mál við þá, sem eru þeim samdóma, en of lítið við hina. Það mesta ranglæti, sem nokkur maður hefir orðið að fremja í sambandi við gengismálið, er að taka rjettinn til þess að fá gullgildi krónunnar frá innstæðumönnum, sem 1914 og 1915 eða áður hafa lagt fje í sparisjóð í því trausti, að löggjafarvaldið sæi um, að krónan hjeldi ákveðnu gullgildi. Það er ekki hægt að benda á neina borgara í þjóðfjelaginu, sem verða fyrir eins miklu ranglæti af hækkun krónunnar, eins og þessir menn verða fyrir, ef krónan verður stýfð. Þeir hafa allan rjett, lagalegan og siðferðilegan, sín megin, óskertan af eigin tilverknaði.

Nei, það er best að tala varlega um siðferðisrjettinn, því að sá siðferðisrjettur, sem stýfing og þar af leiðandi ríkisgjaldþrot, byggist á, er alveg sjerstakrar tegundar. Á jeg þar við, að ef stýfing er gerð, án þess að þjóðfjelagið vegna getuleysis sje til þess neytt, því að getuleysi losar við öll ámæli, þá er siðferðisástand þess, sem stýfir, eins og óreiðumannsins, sem gefur sig upp sem gjaldþrota að nauðsynjalausu, annaðhvort af því að honum finst það þægilegra, eða þykir þeir, sem eiga fje hjá honum, ekki vera nógu vel að því fje komnir. En það var einmitt höfuðröksemd stýfingarmanna á fundinum í gær, að af því að innstæðumenn væru ekki nógu vel að fje sínu komnir, þá væri líka siðferðilega rjett af skuldunautum þeirra að draga af þeim. Ef þjóðfjelagið ætlar að byggja upp nýjan siðferðisgrundvöll, er ekki annars að vænta en að einstaklingarnir feti í fótspor þess. Hinn nýi siðferðisgrundvöllur verður siðferðisgrundvöllur óreiðumannsins.

Jeg vil taka það fram, að alt þetta á einungis við, ef gjaldeyririnn er stýfður án getuleysis til hins gagnstæða. En í mínum orðum felast engin ámæli til neins, sem hefir ratað í þær raunir, að verða að stýfa.

Þá er þetta mál útrætt af minni hálfu, og þó að það fari til nefndar, vænti jeg að nefndin stilli svo til, að það þurfi ekki að eyða fleiri dögum af tíma þingsins.

Halldór Stefánsson: Þó að jeg hafi skilið, að það sje ekki velkomið að lengja umr. meira en orðið er, og þó að jeg viðurkenni, að ekki beri að eyða tíma þingsins að óþörfu, þá getur það ekki átt við um þetta mál, sem er eitt af stærstu málunum, sem fyrir þinginu liggja, mál, sem snertir lífshagsmuni þjóðarinnar hvernig reiðir af. Hæstv. ráðh. (JÞ) hefði vel mátt gæta þess í upphafi, að tala ekki þannig, að ástæða væri til málalenginga. En það gat nú ekki lánast. Hæstv. fjrh. rjeðst freklega að frv í fyrri hluta frumræðu sinnar, og vjek síðan að ýmsum höfuðatriðum málsins. Hann bjó sjer til grundvöll, til þess að geta staðið betur að vígi með að hrekja frv. sem mest.

Aðfinslur hæstv. ráðh. við frv. snerust eingöngu að nefndarskipun þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir, til að rannsaka, hvert sje raunverulegt gildi peninganna í viðskiftum innanlands gagn-

vart kaupmætti erlendis, og taldi það vera sama sem að fella krónuna. Í þessari ásökun hæstv. ráðh. felst viðurkenning á því, að gildi hennar sje nú of hátt. Hann vildi styðja þetta með því að segja, að seljendur innlends gjaldeyris væru í meiri hluta í nefndinni og mundu því fella krónuna. Þennan meiri hluta fann hæstv. fjrh. út með því að gera fulltrúa bankanna að seljendum. Þetta er ekki rjett. Bankarnir eru aðeins milliliðir; þeir eiga ekki það fje sjálfir, sem þeir fá fyrir þann íslenska gjaldeyri, sem þeir selja. Auk þess er það vitanlegt, að stefna bankanna er sú, að hækka gengið. Þetta eru tilbúnar ástæður hjá hæstv. fjrh., til þess að fá höggstað á frv.

Þrátt fyrir þetta get jeg lýst því yfir, að jeg fyrir mitt leyti er fús til samkomulags við hækkunarmenn að festa krónuna rannsóknarlaust, í núverandi gildi hennar. Svo langt sje jeg mjer fært að ganga til samkomulags.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. forsrh. sagði um gengismálið sjálft, en mun þó ekki blanda mjer í deilu hans og hv. þm. Str. um hin sögulegu atvik frá 1925.

Hæstv. forsrh. hefir manna mest talað og ritað um þetta mál, og hefir öll málafærsla hans við þessa umr. málsins verið í samræmi við það, sem hann hefir jafnan um það sagt. En nú — eins og jafnan áður — voru tveir veikir punktar í röksemdafærslu hans. Hann heldur því sem sje fram, að ekki sje hægt að standast aðstreymi erlends fjármagns og verjast hættu af því, nema með því einu móti að hækka krónuna, eins og gert var sumarið 1925. Þetta eru yfirskinsástæður einar, marghraktar, bygðar á því, að bönkunum sje ekki trúandi til að gera skyldu sína og fara með þetta fje, án þess að af því stafi vandræði á einhvern hátt, t. d. með því að festa það að meira eða minna leyti í útlánum o. fl. Auk þess verð jeg að telja þetta ógætilega sagt, því auk þess sem það er beint vantraust á hyggindum og skyldurækni bankanna, þá er með því boðið heim erlendu „spekulations"-fje, með því að auglýsa úr ráðherrastóli, að því sje gróðinn vís, hvenær sem því þóknast að koma. Á það hefir verið bent áður, hvernig verjast megi hættu af of miklu innstreymi erlends gjaldeyris, án þess að hækka krónuna. Fyrst er það, að bankarnir hafa einir ákvörðunarvald um það, hve háa vexti þeir vilji borga af slíku fje. Sömuleiðis hafa þeir einir ákvörðunarvald um það, hvort eða hversu mikið þeir binda í útlánum af þessu fje. Þeir geta geymt fje, án þess að bíða af því nokkurt tjón, t. d. keypt fyrir það auðseljanleg erlend verðbrjef, sem þeir hefðu engu minni — eða jafnvel hærri — vexti af en þeir þyrftu að svara, þótt þeir geymdu það á hlaupareikningi. Þetta eru því alt tilbúnar ástæður hjá hæstv. forsrh., færðar fram með þeim málstað, sem annars væri með öllu óverjandi. Að þessi kenning hæstv. ráðh. sje rökvilla, sjest meðal annars best á því, að ef hún væri rjett, þá væri ekki hægt að stöðva krónuna í gullgildi. Mætti þá, hvenær sem erlendu fjármagni þóknast að græða, reka hana upp, alt svo lengi sem nokkur gróðavon væri, þangað til allir atvinnuvegir lægi í rústum.

Hinn veiki punkturinn í röksemdafærslu hæstv. ráðh. var sá, að tjón það, er við mundum hljóta af stýfingunni, væri meira en það, sem ynnist. Og það tjón taldi hann vera álitsspjöll og láns-

traustsspjöll erlendis, og þar af leiðandi dýrt lánsfje. Við þessu er það fyrst að segja, að við þurfum minna á lánstrausti að halda, ef við festum okkar gjaldeyri og byggjum okkar atvinnulíf á þeim mun öruggari grundvelli sem verðfestir peningar eru öruggari grundvöllur en reikulir eða hækkandi peningar. Auk þess byggist lánstraustið fyrst og fremst á hag atvinnulífsins, hversu vel er við atvinnuvegina búið og hve föstum fótum þeir standa. Og um það hafa hinir erlendu lánardrotnar fulla vitneskju.

Að við ættum ekki kost á nema dýru lánsfje, má vel vera. En þá ber að athuga það, hve ódýrt það fje er, sem við höfum nú undir þessari hækkunarstefnu. Almennir útlánsvextir eru nú 7—8%. Við þá má svo bæta þeim mismun, sem er á milli gullgengisins og núverandi gengis, sem er um 22%, og sje svo gert ráð fyrir, að hækkunin fari fram á 10 árum, bætast 2,2% að meðaltali við þá vexti, sem nú eru. Hinir raunverulegu vextir yrðu þá 9—10%. En fari hækkun krónunnar upp í gullgengi fram á einu ári, verða vextirnir um 30% það árið. Jeg fæ nú ekki sjeð, að þótt hækkunarstefnunni sje framfylgt, þá fáum við ódýrt lánsfje til þess að starfa með. Þvert á móti. — Annaðhvort fengjum við engin lán, eða við fengjum þau með betri kjörum en þetta.

Þá er að minnast á álitsspjöllin, sem hæstv. ráðh. talaði um.

Hæstv. ráðh., sem vanur er að tala rökvíslega, brá vana sínum og fór að tala af tilfinningu. Um það er ekkert að sakast. Tilfinningarnar eiga sinn rjett á sjer. En jeg held bara, að tilfinningar hans hafi ekki leitt til rjettrar niðurstöðu, því jeg lít svo á, að r j e t t m æ t t álit á okkur byggist á því, hve þróttmiklu menningarlífi við lifum, efnalega og andlega, en ekki á því, hvort við festum eða hækkum peningana. Og meðan lausagengi peninganna liggur eins og mara á atvinnuvegunum, er þess síst að vænta, að við lifum þróttmiklu eða frjósömu menningarlífi. Jeg hefi ekki orðið var við, að þær þjóðir, sem stýft hafa gjaldeyri sinn, og jafnvel felt hann alveg, eins og t. d. Þjóðverjar gerðu, hafi liðið nein álitsspjöll við það. Og það er víst, að hagur Þjóðverja stæði ver nú og þeir haft minna traust og álit, ef þeir hefðu ekki tekið það ráð, að fella gjaldeyri sinn, og byggja þjóðhaginn svo upp aftur á grundvelli verðfestra peninga.

Í lok ræðu sinnar vjek hæstv. forsrh. að því, að hann væri fús á að vinna með okkur festingarmönnum að jöfnun þess misrjettis, sem frekari gengisbreytingar sköpuðu milli borgaranna innanlands. Þessi yfirlýsing gladdi mig, því jeg skoða hana sem tilsveiging í málinu á leið til okkar, festingarmanna. Vil jeg fúslega rjetta hendina á móti til samvinnu um þann tilgang frv., sem er annar aðaltilgangur þess, því eftir það væri auðveldara að ná samkomulagi um það, sem eftir er: verðfesting eða hækkun peningannna.

Jeg gæti gengið inn á líka leið og háttv. þm. Str. mintist á í gær. Jeg get hugsað mjer þá leið, að ákveða öllum fjárkröfum gildi eftir núverandi gengi. En jeg vil ekki taka einstakar tegundir skulda út úr, eins og hann talaði um. Jeg er reiðubúinn, ef frv. fellur, að leggja fram tillögur í þá átt, sem jeg nú gat um.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um

þetta mál nú, og þykist jeg hafa stilt orðum mínum svo í hóf, að þau gefi ekki tilefni til frekari umræðna. Jeg hefði ekkert sagt, ef hæstv. ráðh. (JÞ) hefði ekki ráðist svo freklega á frv.

Ásgeir Ásgeirsson: Aðeins nokkrar athugasemdir út af ræðu hæstv. forsrh.

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði viðurkent á síðasta fundi, að samþykt þessa frv. mundi hafa í för með sjer hreyfingu á gengisskráningunni. Þetta er ekki allskostar rjett. Jeg tók það fram, að niðurstöðu af rannsókninni á sanngenginu þyrfti og yrði að leyna, þar til búið væri að ákveða, hvar festa skyldi. Á hitt lagði hann sjálfur áherslu, að ef frv. væri samþykt og gengið fært í hinn rjetta farveg, að þá mundi hefjast mikil óöld — og getur því ekki skilist á annan veg en þann, að hann telji sanngengi nú langt fyrir neðan skráð gengi. Var þessi röksemd hættulegust fyrir hann sjálfan, en ekki okkur festingarmenn, þó við tækjum undir, að vafalaust yrði heldur um niðurfærslu en hækkun að ræða.

Þegar um er að ræða vald okkar yfir hinu skrásetta gengi, þá ber þess að gæta, að við höfum sjerstaka aðstöðu, og getum því haft meira vald yfir gengi okkar en aðrar Norðurálfuþjóðir. Þessi sjerstaka aðstaða okkar um vald yfir gjaldeyrisversluninni á að útiloka það, að hægt sje að hræða með óviðráðanlegum gengissveiflum.

Þá talaði hæstv. ráðh. um „tilætlun“ okkar með frv. þessu. Jeg vil minna hann á, að tala ekki um tilætlun í þessu sambandi, því hjer er það hið raunverulega, sem á að ræða um. Með tilætlunum í þessu sambandi er engan hægt að hræða. Því það er vitanlegt, að vilji okkar festingarmanna er sá, að krónan sje færð upp eins og niður, e f þ a ð v i ð r a n n s ó k n r e y n i s t r j e t t v e r a. Því „tilætlun“ okkar er sú, að krónan nálgist hið raunverulega kaupmáttarjafngengi.

Tillaga okkar flm. er sú, að nákvæm rannsókn fari fram, til þess að finna hlutfallið milli rjettlætis og ranglætis hækkunar- og lækkunarstefnanna.

Hæstv. ráðh. mintist á innstæðueigendurna frá 1914, og taldi þá eiga mestan rjett á að fá sínar innstæður greiddar með óföllnum peningum. 1914 voru inneignir landsmanna við bankana 10 milj. kr., en nú eru þær um 40 milj. Af þessum 10 milj. frá 1914 eru vart óhreyfðar meira en ca. 1 milj. kr. Hækkunarmenn vilja því gera einum rjett af hverjum fjörutíu, sem eiga í sparisjóði, en hinum 39 ætla þeir að gefa stórgjafir ómaklega, og svífast ekki að taka þær óverðskulduðu gjafir af eignum alls almennings, handafla manna og öðrum fjármunum, sem ekki eru lagðir í sparisjóð. Við festingarmenn viljum aftur rjettlætið fyrir fjöldann, og það verðum við að gera oss ánægða með, því algert rjettlæti næst sjaldnast í þjóðfjelagsmálum. Sannast hjer á hækkunarmönnum, sem státa af sínu rjettlæti og lögheldni, hið fornkveðna: Summum jus, summa injuria.

Hjeðinn Valdimarsson: Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, gengur út á það, að gengismálið verði afhent gengisnefnd til afgreiðslu, og þar með slept þeim áhrifum, sem þingið hingað til hefir haft á það, en gengisnefndin látin ráða. Nú er það áreiðanlegt, að mikill meiri hl. þjóðarinnar er þeirrar skoðunar, að

gengið megi undir engum kringumstæðum falla niður fyrir það, sem það er nú. En eftir því frv., sem hjer liggur fyrir, mun gengið annaðhvort hækka eða lækka, frá því sem nú er. Hvort það hækki eða lækki er aðeins komið undir því, hvert er hið raunverulega gildi krónunnar nú, eftir undangenginni rannsókn gengisnefndar. En hvernig er sú gengisnefnd saman sett? Hún yrði eins saman sett og undanfarið, og sú nefnd hefir ekki reynst sem skyldi. Forsrh. útnefnir einn mann. Enda þótt hæstv. forsrh. hafi lýst yfir því, að hann sje nú mjög á móti lækkun krónunnar, þá hefir hann jafnframt lýst yfir því, að hann hafi gert það sem hann gat til þess að draga úr hækkun krónunnar, og játað, að það hafi aðeins orðið fyrir óviðráðanlegar ytri ástæður, að krónan hækkaði eins og raun ber vitni um. Hann hafi barist á móti nauðsynlegri hækkun gengisins, en árangurslaust. Álít jeg því enga ástæðu til að treysta því, að sá maður, sem hæstv. forsrh. útnefndi í þessa nefnd, mundi ekki vera jafn tilslökunarsamur gagnvart þeim mönnum, sem vilja fyrir hvern mun halda gengi krónunnar niðri. Þá eru tveir menn, sem útnefndir eru af bönkunum. Það er kunnugt um þann manninn, sem annar bankinn hefir útnefnt, að hann hefir fylgt þeirri stefnu, að halda krónunni sem lægstri, því að bankinn hefir álitið sjer það til hagnaðar. Jeg veit að vísu ekki, hverjar breytingar kunna að verða, eftir að þetta nýja lán, sem nú er á ferðinni, verður tekið, en jeg hygg, að þær verði þó ekki miklar. Þá eru enn tveir menn. Annar er útnefndur af Fjelagi ísl. botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík, og mun enginn vafi á því, að fulltrúi þess fjelags vildi stuðla að gengislækkun. En auk þess er engin ástæða til, að það fjelag eigi sjerstaklega að útnefna þann mann, ef aðrir útflytjendur við sjávarsíðuna eiga þar ekki sæti, því að það fjelag hugsar aðallega um hag stærstu fiskútflytjendanna. Hinn maðurinn er tilnefndur af Sambandi íslenskra samvinnufjelaga. Menn vita það, að þótt það sje jafnframt fyrir kaupfjelög og sláturfjelög, þá hugsar fjelagsstjórnin aðallega um hag útflytjenda. Ef gengið er falið umsjá nefndar, sem þannig er skipuð, þá verður þar aðeins hugsað um hag útflytjenda. Hjer er ekkert verið að taka tillit til verkalýðsins, neytendanna, nje heldur innflytjenda, sem þó hafa í höndum sjer helming verslunarveltu landsins. Má geta nærri, að hvaða niðurstöðu þessi gengisnefnd mundi komast við rannsókn þá, er ákveða ætti gengið eftir. Ný gengislækkun, með hækkandi dýrtíð fyrir almenning mundi verða niðurstaðan. Í sambandi við þetta vil jeg algerlega mótmæla þeirri skoðun, sem bæði hefir komið fram hjá hv. þm. Str. og að nokkru leyti hjá hæstv. forsrh., að það gæti undir nokkrum kringumstæðum komið til mála, að farið væri að bæta upp þeim mönnum einum, sem taka lán úr ræktunarsjóði, ef gengið hækkaði. Það er ógerningur, og til þess er ekkert meiri ástæða heldur en bæta þeim mönnum upp gengishækkun, er hefðu fengið venjuleg bankalán eða lán hjá einstaklingum. Ekki er heldur meiri ástæða til að taka árið 1924 til samanburðar, heldur en hvert annað ártal eftir 1914, er röskun kom á peningagildið.

Jeg vil geta þess, að þótt jeg greiði atkv. með þessu frv. til 2. umr., þá geri jeg það aðeins fyrir kurteisissakir; jeg mun verða á móti málinu síðar.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson).: Það verða aðeins fá orð. Í þetta skifti ætla jeg að lýsa töluvert miklum tíðindum, sem hjer hafa gerst. — Hæstv. forsrh. hefir flúið frá þessum umr. Hæstv. forsrh. hóf þessar umr. í gær með miklum þjósti, með því að kasta hnútum til beggja handa, en er nú flúinn af fundi, þegar það mál er til umr., sem er hið langstærsta fjárhagsmál þjóðar vorrar, mál, sem mikið hefir verið rætt í öllum löndum, og mál, sem vitað er um, að verður kosið eftir við næstu kosningar. Og þegar umr. eru um það mál, þá flýr hæstv. forsrh. og fjrh. Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að jeg álít, að sá fjármálaráðherra, sem ekki þorir annað en að fara í burt við slíkar umræður sem þessar, hann eigi að fara alfarinn úr ráðherrastóli. Jeg vil ennfremur geta þess, að það er með öllu óþolandi, að sá ráðherra, sem á að bera ábyrgð á þeim tíðindum, sem gerst hafa í þessu máli, þegar fyrst nú er tækifæri til þess að gera það upp, hver árangur hefir orðið af þeim framkvæmdum, sem hann ljet gera haustið 1925, þegar á að krefja hæstv. ráðh. reikningsskapar fyrir þær, þá skuli hann flýja úr deildinni. Hæstv. ráðh. barði því við, að hann sæi eftir því, að umr. yrðu miklar um þetta mál. En eins og jeg hóf umr. um það í gær, fór jeg ekkert út í þær almennu röksemdir; jeg gerði eingöngu grein fyrir því, hvað gerst hefði síðan í fyrra, og sá, sem dró inn í umr. það, sem rætt var um í fyrra, það var hæstv. fjrh. sjálfur, en ekki jeg. Að svo miklu leyti sem þær umr. hafa orðið endurteknar frá því í fyrra, þá er það sök hæstv. forsrh., sem svo flýr af fundi.

Að svo mæltu get jeg sagt það, að jeg hefði mjög gjarnan viljað svara mörgu, sem hæstv. ráðh. sagði, en jeg kann ekki við að segja það yfir tómum stólnum, sem jeg álít þar að auki, að ætti nú að losna alveg við ráðherrann.

Jeg ætla svo að bæta ofurlítið við það, sem jeg kom að í ræðu minni í gær. Jeg ætla að koma með tölur, sem sýna, hvað það er ákaflega erfitt að framkvæma gengishækkun hjer á landi. Eins og menn vita, er til stofnun, sem kemur saman á hverju hausti hjer á landi. Það er hreppstjórinn og presturinn í hverjum hreppi í landinu, og svo einhver þriðji maður; þeir koma saman til að semja verðlagsskrá. Jeg vil nú alls ekki segja, að þetta mat sje altaf fullkomlega rjett mat á verðlagi á hverjum tíma. En jeg vil halda hinu fram, að þar sem sömu mennirnir meta ár eftir ár, þá muni hlutfallið frá ári til árs vera nokkurnveginn rjett. Frá þessum opinberu stofnunum liggur nú fyrir mat á dagsverkinu frá í fyrra og nú, og jeg vil vekja athygli á því, að á tímabilinu, sem liðið er, þá hafa íslenskir peningar hækkað í verði um meira en 20%. En hvernig þessi verðlagsskrárnefnd metur nú dagsverkin, má sjá með því að athuga mismuninn á þeim fyrir árin 1925—1926 og 1926—1927.

Stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Verðlagsskrá

frá 16. maí 1925 til jafnlengdar 1926 og 1926—1927.

	Dagsverk um heyannir:		Hækkun:
Norðurmúlasýsla og Seyðisfj.kaupst. ..	kr. 8.67	kr. 9.08	kr. 0.41
Suður-Múlasýsla	— 9.67	— 9.97	— 0.30
Austur-Skaftafellssýsla	— 7.10	— 8.80	— 1.70
Vestur-Skaftafellssýsla	— 8.61	— 8.86	— 0.25
Vestmannaeyjar	— 13.00	— 13.00	
Rangárvallasýsla	— 9.42	— 11.03	— 1.61
Árnessýsla	— 10.64	— 12.25	— 1.61
Gullbr. og Kjósars., Hafnarfj. og Rvík	— 11.14	— 12.39	— 1.25
Borgarfjarðarsýsla	— 10.50	— 12.44	— 1.94
Mýrasýsla	— 10.44	— 12.87	— 2.43
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	— 7.27	— 8.34	— 1.07
Dalasýsla	— 7.67	— 8.33	— 0.66
Barðastrandarsýsla	— 7.27	— 7.73	— 0.46
Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupst. ..	— 8.72	— 9.50	— 0.78
Strandasýsla	— 7.57	— 8.79	— 1.04
Húnavatnssýsla	— 9.38	— 11.83	— 2.45
Skagafjarðarsýsla	— 8.61	— 10.71	— 2.10
Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupst. .	— 10.25	— 11.50	— 1.25
Þingeyjarsýslur	— 8.62	— 9.79	— 1.17
Alls	174.44	197.21	
Meðaltal	9.18	10.38	1.20

Vestmannaeyjar eru eini staðurinn, þar sem verðlagið er jafnt.

Meðaltals-útkoman er sú, að á sama tíma og gengi peninganna hækkar stórkostlega, meta þessar nefndir dagsverkin að meðaltali kr. 1.20 hærra. Jeg vil segja, að þetta er dágóð mynd af því, hvernig hægt er að framkvæma gengishækkun hjá oss. Sá maður er blindur, sem ekki sjer, að þetta er, með öðru, dauðadómur yfir gengishækkunarstefnunni. Því að afleiðingarnar fyrir atvinnuvegina af slíkum tíðindum liggja í augum uppi.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er óþarft, vegna þessarar ræðu, að svara hv. þm. Str., því að hann tók sjálfur fram það, sem þurfti, til þess að sýna, að tölur þær, sem hann nefndi, sýna ekkert um áhrif gjaldeyrishækkunarinnar 1925; því að verðlagsskráin, sem er samin haustið 1925, miðast við verðlag í fardögum það ár, en gengishækkunin varð langmest haustið 1925.

Háttv. þm. sagði, að hæstv. forsrh. mundi vera flúinn af fundi, frá þessari umr. En jeg hygg, að hann muni vera hjer í næsta herbergi, og sjálfsagt hafa heyrt mest af því, sem hv. þm. Str. og fleiri hafa sagt. Og þótt hæstv. forsrh. viki sjer frá, þá er það engin goðgá. Jeg man t. d. eftir því, að framan af

þessu þingi stóð stóll hv. þm. Str. oft auður, af því að hv. þm. var þá á öðru þingi, og auk þess finst mjer oftast óþarfi að sitja og hlusta á það, sem hv. þm. (TrÞ) segir. Hvað snertir þá spá hv. þm., að hæstv. forsrh. muni verða farinn að fullu úr stól sínum á næsta þingi, þá hygg jeg best fyrir hv. þm. (TrÞ) að láta sjer hægt um slíkar spár, því að það getur farið svo, að aðrir stólar losni fyr en stóll hæstv. forsrh.

Ólafur Thors: Það er aðeins örstutt athugasemd. Hv. flm. þessa frv. (TrÞ) hefir skorað á mig að segja sögu gengishækkunarinnar haustið 1925, en jeg vil ekki að óþörfu lengja umr., sem að mínum dómi eru þegar orðnar alt of langar. En jeg vil þó, að það sjáist í þingtíðindunum, að jeg hefi orðið við þessari beiðni hv. þm., og geri það aðeins með því að benda á ræðu, sem jeg flutti í þinginu í fyrra, þar sem jeg sagði sögu gengishækkunarinnar. Hefi jeg þar engu við að bæta, því að málið var þá í fersku minni. Jeg verð því við áskorun hv. þm. með því að skora á hann að lesa þessa ræðu mína. Í henni felast þær upplýsingar, sem jeg get gefið í málinu.

Að öðru leyti skal jeg ekki blanda mjer í þær umr., sem hjer hafa farið fram. Hæstv. atvrh. sagði nokkur orð um „flótta“ hæstv. forsrh. Þótt jeg standi að ýmsu á öndverðum meiði við hæstv. ráðh. (JÞ) í gengismálinu, þá þykir mjer þó undarlegt, þegar sagt er, að hann renni af hólmi í orðasennu. Mjer þykir lofsvert, að hæstv. ráðh. gerir sitt til þess að stytta þær umr., sem hjer fara fram. Um hitt blandast engum hv. þdm. hugur, að hinn vígfimi ráðherra líkist þeim kappa í fornu hólmgöngunum, sem lagt hafði mótstöðumann sinn að velli, en ekki hinum, sem runnið hefir af hólmi.

Tryggvi Þórhallsson: Út af þessari skýrslu, sem hæstv. atvrh. vill gera að engu, vil jeg aðeins taka það fram, að hún gefur mynd af árangri gengishækkananna, bæði 1924 og 1925. Þessar opinberu, hlutlausu tölur sýna alveg öfuga mynd af því, sem ætti að sjást, ef kenningar gengishækkunarmannanna væru framkvæmanlegar. Krónan og dagsverkið hækkar — hvorttveggja eftir mati. — Jeg get svo enn bætt því við, að hjá þingmanni, sem á sæti í þessari hv. deild, og sem jafnframt á sæti í nefnd, sem vinnur að verðlagsskráningu, hefi jeg fengið að vita það, að í hans umdæmi muni dagsverkið hækka enn meira.

Jeg skal svo ekki tala mikið um afstöðu hæstv. forsrh. í þessu máli. En það er dálítið skrítið, að við slíka umr. sem þessa, skuli hann halda til inni í öðru herbergi, og skuli ekki koma þaðan, hversu hart sem að honum er gengið. — Hv. 2. þm. G.-K. hafði um það samlíkingu, hvernig hæstv. ráðh. stæði sig í þessari hólmgöngu. Það þarf engin orð að hafa um það, því að sjón er sögu ríkari. Hæstv. ráðh. er flúinn af hólminum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg get ekki horfið frá því, að það er altaf gengishækkunin 1925, sem hv. þm. Str. hefir verið að prjedika um, en hefir ekki minst á hækkunina, sem varð haustið 1924. En hvað snertir gildi þeirra verðlagsskráa, sem hv. þm. (TrÞ) var að lesa upp, þá vil jeg benda hv. þm. á, að verðlagsskrár

hafa mjög litla þýðingu, og það er engin rækt lögð við samningu þeirra, því að þær eru þýðingarlitlar. Það eru svo að segja aðeins aukatekjur presta, sem reiknaðar eru eftir þeim, og svo einstöku landsskuldir, svo að það sönnunargagn, sem hv. þm. (TrÞ) þykist hafa fundið máli sínu í verðlagsskránum, er gersamlega máttlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, JS, JörB, KlJ, ÞorlJ.

nei: BL, HK, JK, JÓl, MG, MJ.

Tveir þm. (SvÓ, BSv) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var útbýtt nál. minni hl. fjhn. á þskj. 406. Nál. kom ekki frá meiri hl., og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Einkasala á tilbúnum áburði.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði o. fl. (þmfrv., A. 135).

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta er í 3. skifti, sem frv. svipað þessu er borið fram í hv. deild. Tvær fyrstu greinar þessa frv. eru að heita má samhljóða frv., sem samþ. var í þessari deild í fyrra, og 3. gr. er eins og hún var í frv. því, er jeg bar fram í fyrra, en feld var úr í meðförum málsins.

Mjer virðist, að svo mikið hafi verið rætt um þetta mál á þingi áður, og í blöðum landsins, að óþarft sje að hafa nú um það langa framsögu. Vil jeg aðeins mælast til, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

Árni Jónsson: Það er rjett, sem stendur í greinargerð þessa frv., að það er gamall gestur hjer í hv. deild, og gæti að því leyti virst lítil ástæða til að ræða það. Jeg vil samt sem áður leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum, nú þegar við þessa umr. Árin á undan hefir það farið svo, að fyrra árið kom það ekki frá nefndinni, og í fyrra var því svo gerbreytt, þegar það kom inn í hv. deild, að hv. flm. (TrÞ) hafði sjálfur orð á, að hann þekti þar ekkert aftur nema fyrirsögn frv.

Frv. er heldur ekki mikið breytt að efni, frá því sem var í fyrra. Þó má ekki ganga fram hjá því atriði, að nú, eftir þennan langa undirbúningstíma, hefir hv. flm. dottið það snjallræði í hug, að heimila ríkisstjórninni að semja við Eimskipafjelag Íslands um ókeypis flutning á áburðinum. — Áður hefir staðið í frv., að ríkisstjórn heimilaðist að semja um flutninga á áburðinum við Eimskipafjelagið, og að kostnaður skyldi greiðast úr ríkissjóði. En nú stenur í frv.: „heimilast ríkisstjórninni að semja við E. Í. um ó k e y p i s flutning áburðarins. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.“ Jeg býst við, að hæstv. stjórn sje fús til að gera slíkan samning um „ókeypis“ flutninga fyrir sitt

leyti. En hitt er óvíst, hverju stjórn E. Í. þykist bættari, þótt hún heyri, að hún eigi kost á „endurgjaldi“ fyrir „ókeypis“ flutninga, úr ríkissjóði. Jeg verð að segja, að mjer þykir þetta undarlegur samsetningur, og held jeg, að það sje einhver spánný uppgötvun, að full borgun skuli koma fyrir það, sem ókeypis er.

Eins og hv. flm. (TrÞ) veit, er jeg honum alveg sammála um, að aukin ræktun sje grundvallaratriði fyrir viðreisn landbúnaðar vors, og eins um hitt, að viðreisn landbúnaðarins sje merkasta viðfangsefnið, sem nú liggur fyrir til úrlausnar hjer á landi. Einnig er jeg honum sammála um það, að notkun tilbúins áburðar sje þýðingarmikið atriði í viðreisn landbúnaðarins.

En þegar hv. þm. slær því föstu, að aukin ræktun hjer á landi svo að nokkru nemi sje óhugsandi án tilbúins áburðar, þá fer hann mjög villur vegar. Þar gerir hann aukaatriði að aðalatriði. Til þess að nota hans eigið orðalag, þá má segja, að þar sje „þyngdarpunkturinn í ræktunarmálum á skökkum stað.“ Því að eins og til hagar hjá okkur, er „þyngdarpunkturinn í ræktunarmálum“ þar, sem er betri hirðing þess áburðar, sem til fellur. — Nú hefir mjög fróðum manni í þessum efnum reiknast svo til, að bændur tapi árlega fyrir vanhirðu húsdýraáburðar um einni miljón króna. Hjer á landi eru áburðarhús og safnþrær ekki nema á sjötta hverjum bæ, og þó er mjög ljett fyrir bændur að koma á hjá sjer þessum umbótum. Með styrknum samkv. jarðræktarlögunum og lánum úr ræktunarsjóði er hægt að koma umbótum á, án tilfinnanlegra fjárútláta í bráð fyrir bændurna sjálfa. Ekkert er ónauðsynlegra unnið með þessari þjóð en að draga úr slíkum umbótum bænda á atvinnurekstri sínum, hvort sem það er gert með beinum úrtölum eða með því að dreifa huganum frá aðalatriðum að aukaatriðum.

Þetta mál getur ekki raunverulega talist mál bænda í landinu. Nýræktin er mest kringum kaupstaðina, en þar eru jafnframt markaðsskilyrðin best, svo að ekki virðist brýn þörf að styrkja búskapinn þar sjerstaklega. Skiftingin á þeim tilbúna áburði, sem undanfarið hefir flust til landsins, hefir verið sú, að $^{9}/_{10}$ hafa farið kringum kaupstaði og kauptún, en aðeins $^{1}/_{10}$ í sveitirnar. Þar sem e i n m i l j ó n fer árlega í súginn fyrir vanhirðu á heimafengnum áburði, munar lítið um, þó gefið sje e i t t þ ú s u n d á ári í sárabætur. Með þessu er verið að draga huga bænda að aukaatriðum í ræktunarmálunum. Það er ekki heldur nema lítill hluti af flutningskostnaðinum í sveitirnar, sem frv. fer fram á að borga. Þótt borgaðar sjeu 25 kr. á hverja smálest fyrir flutninginn á sjó, þá er það langdýrasta oft eftir, þar sem er flutningur á landi í fjarlægar sveitir.

Mál þetta er því ekkert sjerstakt stórmál bænda. Verður ekki einu sinni sjeð, að búnaðarþingið nú hafi verið nokkuð áfram um þetta mál, og hefir það þó látið öll framfaramál landbúnaðarins mjög til sín taka, að því er „Tíminn“ segir. — Hefði hv. flm. haft þarna nokkurn vilja bænda að baki sjer, býst jeg varla við, að hann hefði lagt launung á það, eftir því, hvernig hann er vanur að bera sig til.

Nú mun jeg ekki ræða meira um

þessa hlið málsins, en snúa mjer að þeirri hliðinni, sem að Búnaðarfjelagi Íslands veit.

Um fá mál hefir verið meira rætt síðustu missirin en meðferð stjórnar Búnaðarfjelagsins á „áburðarmálinu". Alt er mönnum þetta í fersku minni, ákærurnar, frávikningin og loks friðþægingin og hallelúja-söngurinn á búnaðarþingi.

Hjelt jeg því, að þegar hv. flm. flytti frv., teldi hann það skyldu sína að útskýra alt málið og gefa um það nákvæma skýrslu fyrir Alþingi. Í greinargerð þeirri, er stjórn búnaðarfjel. gaf fyrir frávikningunni, er það skýrt fram tekið, að stjórnin muni ekki taka frekari þátt í umræðum um málið, en láti það bíða aðgerða rjettra aðila, búnaðarþings og landbn. Alþingis. — Eftir fyrirkomulaginu á stjórn Bf. Í. er eðlilegast að líta þannig á þetta, að sá fulltrúinn, sem tilnefndur er af búnaðarþingi, skjóti máli sínu þangað fyrir sitt leyti, en hinir aftur á móti til umbjóðanda síns, Alþingis. Efndirnar á þessu hafa nú ekki orðið aðrar en þær, að allir hafa lagt sitt mál undir búnaðarþing. Með þessu virðist mjer, að þeir hafi brugðist umboði sínu, er Alþingi hefir veitt þeim. En þar til hv. flm. hafði talað, bjóst jeg við, að hann, sem formaður Bf. Í. og fulltrúi Alþingis í stjórn þess, mundi nota þetta tækifæri, svo tilvalið sem það sýnist, til að svifta hulunni af þessu máli.

Tveir aðilar málsins hafa borið hvor annan mjög þungum sökum. Stjórn Bf. Í. hefir borið búnaðarmálastjóra á brýn óheilindi og baktjaldamakk. Búnaðarmálastjóri ber stjórninni hinsvegar á brýn, að hún hafi farið með ofsóknir og ósannan áburð á hendur sjer. Held jeg því, að flesta hafi rekið í rogastans, er þeir heyrðu, að ekki var gert annað úr þessu að lokum en að „kompónera" vöggulagið, og raula það síðan í rökkrinu þarna uppi á baðstofulofti, með hv. flm. þessa frv. sem forsöngvara.

Stjórn búnaðarfjelagsins gekk fram með meiri hörku í þessu máli en áður eru dæmi til hjer á landi. Svo viss þóttist hún um sekt búnaðarmálastjóra, að hún vjek honum frá starfi sínu umsvifalaust á miðju starfsári. Aðstaða stjórnarnefndarmanna var að vísu misjafnlega hrein, því að tveir vildu ýmist skjóta sjer bak við landbúnaðarnefndir Alþingis í málinu eða búnaðarþing, en sá þriðji, sem nú er farinn úr stjórninni, vildi skilyrðislaust frávikningu. En allir voru þeir sammála um sekt búnaðarmálastjóra.

Nú líður og bíður þar til búnaðarþing kemur saman. Allir vænta þess, að nú muni málið upplýsast, þeir seku muni fá sinn dóm, og þeir, sem sýknir eru saka, fulla uppreisn í almenningsálitinu. Búnaðarþing kaus svo rannsóknarnefnd í málið. Hún hóf starf sitt þegar í þingbyrjun og starfaði víst óslitið alt til þingloka. En þá skeður það undarlega, að í stað þess að málið upplýsist á búnaðarþingi, má svo segja, að það hafi aldrei verið vendilegar grafið heldur en einmitt nú. Það eina, sem menn fá að vita, er, að aðilar hafi sæst. En með hvaða skilyrðum? — Hefir stjórn Bf. Í. etið ofan í sig allan áburðinn á búnaðarmálastjóra og játað, að það væri „tilbúinn áburður"? Eða hefir búnaðarmálastjóri játað sig sekan og beðið stjórnina afsökunar? Það virðist mjer mjög ósennilegt, sakir þess, að búnaðarþing vottaði honum traust sitt, en þá yfirlýsingu skildu margir sem

vantraust á stjórn búnaðarfjelagsins. — Þriðji möguleikinn er til, og hann er sá, að báðir aðilar hafi rangt fyrir sjer, og vilji því ekki, að sannleikurinn komi í ljós.

En Bf. Í. er opinbert fyrirtæki, sem bændur landsins eiga mikið undir að geta treyst. Því meiri kröfu eiga þeir til þess, þar sem það er styrkt af almannafje. En eins og nú er ástatt, er ómögulegt að treysta framkvæmdastjórn þess. Ef ákærur stjórnarinnar á hendur búnaðarmálastjóra hafa verið rjettar, fæ jeg ekki sjeð, hvernig hún getur starfað með honum áfram. En hafi þær verið rangar, er hætt við, að samvinna af hendi búnaðarmálastjóra kunni að verða örðug. Jeg fæ ekki skilið, að til geti verið á Íslandi einn einasti maður, sem geti treyst þessari framkvæmdastjórn, þannig samsettri. (**Trþ**: Nema búnaðarþingið!).

En hvernig eru þessar sættir? Utan af landi koma átta menn og greiða atkvæði um það, að nú skuli þessir tveir aðilar vera sáttir. Formaður Bf. Í. stendur upp og lýsir yfir því, að hann sje hjartanlega sáttur, en sumir segja, að Sigurður Sigurðsson hafi ekki greitt atkvæði, eða jafnvel, að hann hafi greitt atkvæði á móti sáttunum (**Trþ**: Sigurður Sigurðsson greiddi atkv. með sættunum!).

Jeg álít, að ef stjórn Bf. Í. vill fara fram á að fá aftur einkasölu á áburði, verði hún fyrst að upplýsa þetta mál. Annars væri það að mínum dómi óviðeigandi traustsyfirlýsing og óverðskuldað, til stjórnar Búnaðarfjel. Íslands, að Alþingi samþykti þetta frv.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var fram haldið 1. u m r. um frv. (A. 135)

Magnús Jónsson: Þetta mál, sem hjer liggur nú fyrir til umræðu, er í sjálfu sjer ekki svo mikils virði að eyða um það mörgum orðum. Það er satt, sem sagt hefir verið, að það er gamall kunningi. Þessi hv. deild má muna þá vanvirðu, sem hún hafði af þessu máli í fyrra, þegar svo að segja öll deildin varð, aldrei þessu vant, sammála. Það kunni ekki góðri lukku að stýra, fremur en annars, þegar Heródes og Pílatus verða vinir á einum degi.

Það, sem gerir þetta mál þess virði, að taka til máls í því, er það, að það gefur gott tækifæri til að rifja upp ýmislegt í sambandi við það, ýmislegt, sem þetta happamál hefir komið af stað. Jeg lít svo á, að þeir atburðir, sem gerst hafa út af þessu áburðarmáli, sjeu þess eðlis, að Alþingi megi ekki láta þá afskiftalausa eða þegja við þeim. Mjer þótti því vænt um að heyra, að hv. 2. þm. N.-M. tók þar fast í strenginn, og fanst mjer þó ekki vera að neinu leyti um of. En alt, sem hann sagði um búnaðarfjelagsstjórnina og framferði hennar í þessu máli og afskifti búnaðarþings, var fullkomlega á rökum bygt og síst ofsagt. Jeg býst ekki við, að jeg bæti neitt um ræðu hv. þm. N.-M.; en jeg kann ekki við, að láta rödd hans hljóma hjer eina, þó að hann sje raddmaður hinn besti, eins og kunnugt er — því að það gæfi skakka hugmynd um málið. Það væri leitt, að mál, sem jafnmikið og verðskuldað hneyksli hefir vakið um alt land, væri ekki orðað nema af einum þingmanni.

Það verður að gæta að, hvað hjer er

í húfi og hverjir eiga í hlut. Búnaðarfjelag Íslands er það fjelag hjer á landi, sem mest er haft við allra fjelaga í fjárframlögum og trúnaðarmálum öllum. Það fær á ári hverju til þarfa sinna mjög stóra fjárhæð, eftir okkar mælikvarða, og auk þess er mjög miklu fje ráðstafað eftir þess tillögum. Það hefir heilan hóp embættismanna, því er falin umsjón merkustu mála allra á landbúnaðar- og jarðræktarsviðinu. Lög þess eru fljettuð inn í landslög á þann hátt, að einsdæmi mun vera um „privat"-fjelag. Það hefir sitt eigið þing, virðulega samkomu — sjálft Alþingi tekur þátt í myndun stjórnar þess, og því er gefið svo mikið vald yfir öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna sem mest má verða. Því er ekki sama, hvernig þeir, sem völd hafa í þessari stofnun, fara með þau. Stjórn þessa fjelags er ákaflega vandgert. Það er horft á, hvað þar fer fram, og heimtað, að alt sje þar gert með fullri einurð og rjettvísi.

Hvernig hefir nú verið um þetta fjelag síðasta árið eða vel það?

Þeir fáheyrðu viðburðir hafa gerst, að þetta mikla og mæta fjelag sýnist hafa verið gert að nokkurskonar leiksoppi. Skal jeg ekkert fara bak við tjöldin eða reyna að finna, hvaða hvatir hafa verið þar að verki. En í dagsljósinu gerist það, að smávægilegt viðskiftamál, umboð fyrir áburðarverksmiðju í Noregi, sem hefir selt hingað nokkur hundruð smálestir af kalksaltpjetri, er notað til þess að hefja heila styrjöld.

Jeg ætla ekki að fara hjer út í forsögu þessa máls. Jeg rakti hana hjer í fyrra á þingi, og þó að mín rödd væri þá kveðin niður með hásúnuhljómi nefndar og stjórnar og undirspili ýmsra hv. þingmanna, þá hafa nú atvikin, hjer sem oftar, látið sannleikann koma í ljós og staðfest mína ræðu frá í fyrra, að jeg hygg í öllum atriðum. Búnaðarfjelagsstjórnin, sem þá var, hafði sýnt tómlæti og óafsakanlegt hirðuleysi, og á jeg sjerstaklega við formanninn. Hæstv. atvrh. hefir tekið í þann streng talsvert sterkar en jeg. Og nú ætlaði fjelagsstjórnin að fara að bæta upp vanrækslu sína, og tókst þá hvorki betur nje ver en það, að síðari villan var verri en sú fyrri. Því að það er gömul saga, að ein syndin býður annari heim. Landbúnaðarnefndir hjálpuðu því miður til að leggja smiðshöggið á þetta. Í stjórn búnaðarfjelagsins sýnast þá hafa verið valdir menn með það eitt fyrir augum, að framkvæma það verk, sem menn í blindri ofstæki vildu hafa fram — að reka Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra frá. Jeg legg með þessu engan dóm á þessa menn. Þeir geta verið og eru sjálfsagt mjög góðir menn á sínu sviði, og þó ólíkir; því að eins og kunnugt er um annan, þá er hann ekki búmaður nema í munninum, það er að segja, hann hefir skrifað mikið og talað um búskap, en ekki búið sjálfur — ræktar að vísu mest pólitiskar fjólur í blaði einu, eða að minsta kosti var ósköpin öll talað um fjólur á einu tímabili — en hinn er alkunnur jarðræktarmaður, búforkur og víkingur að dugnaði í landbúnaði. En að þessir tveir menn voru valdir úr hópi annara duglegra manna og vel hæfra, var það vegna þess, að nú var þetta þokkalega verk, sem vinna átti? Því að öll jarðrækt, skepnuhöld og annað, sem fyrir Búnaðarfjelaginu lá, var nú orðið smátt hjá því, að losna við þennan búnaðarmála-

stjóra, sem til skamms tíma hafði setið á goðastalli og verið hafður til alls þess, sem mestur vandi þótti.

Það sem þú gerir, það gerðu fljótt, var sagt forðum. Þessi nýja stjórn ljet ekki á sjer standa. Jeg veit ekki, hvort liðin var meira en vika frá skipun þeirra, þegar búnaðarmálastjóra var sagt upp. Hann var nú ráðinn, að jeg hygg, með 6 mánaða uppsagnarfresti og miðað við áramót. Stóð vel á því að segja honum upp, því að þetta var nálægt miðju ári, eða síðast í maí. En slíkt mátti ekki liðast. Hann gat gert af sjer alt of mikinn óskunda fram til áramóta! Hann varð að fara strax upp á stundina. Kaup var honum þó borgað til áramóta, og er það fyrsta smáupphæðin, sem hrotið hefir út í vitleysu út af öllu þessu ráðlagi — og hefir stundum smærri upphæð verið talin eftir í þessari hv. deild. En maðurinn var í sínum rjetti að fá launin, og þá var ekki hægt neitt við þessu að gera.

Vitnisburðirnir, sem hann hefir fengið frá þeim tíma, hafa ekki verið allir fagrir. Þetta var voðamaður. Landbn. Nd. reið á vaðið með þennan munnsöfnuð. Stjórn búnaðarfjelagsins kom á eftir. Í skýrslu, sem hún birti sem einskonar greinargerð á því, sem hún hefir gert, var hún ákaflega harðorð til þessa manns. Hann hafði farið á bak við stjórnina. Jeg sýndi fram á það í fyrra, hvers vegna svo var, nefnilega, að hún sá ekkert og var ekkert annað en tómt bak. Hann hafði sýnt óheilindi og illa samvinnu, stungið brjefum undir stól og framið eitt og annað, sem gerði hann alóhæfan í stöðu sína. Jeg get þessa, og væri í raun og veru rjett að taka upp ýmsar klausur úr þessum sakargiftaskrám, til þess að sýna heilindin í fleðulátunum síðar.

Um málið urðu talsverðar blaðadeilur, og yfirleitt vakti það, eins og vonlegt var, mikla athygli. Menn biðu því með talsverðri óþreyju þeirrar hátíðlegu stundar, þegar búnaðarþing kæmi saman og skæri úr öllum þessum þrætum. Þegar í byrjun þings er settur hæstirjettur í málinu, rannsóknarnefnd. Hófst nú sá málarekstur með þeim viðeigandi hætti, að einn úr stjórn búnaðarfjelagsins neitaði að verða við þeim sjálfsögðu tilmælum að sitja hjá nefndarkosningunni. Jeg hefi heyrt, að búnaðarfjelagstjórnin hafi sjálf átt uppástunguna að þeim mönnum, sem setja skyldi í þessa nefnd. (Trp: Hún var kosin skriflega af öllum fulltrúum.) Hún gat hafa komið með uppástungur, þó að kosið væri skriflega. Jeg býst við, að það mundu margir málsaðilar oft óska, að þeir væru í þeim sporum, að velja sjálfir rannsóknardómara í sitt eigið mál. Þetta alt var fyrsta hneykslið í meðferð málsins. Annar aðilinn stingur sjálfur upp á nefndarmönnum og neitar að sitja hjá kosningunni. Hjer á þingi er mönnum bannað að greiða atkv. um hve litla fjárhæð sem er til sjálfs sín. Í öllum dómstólum er þess gætt vandlega, að ekki dæmi venslamenn málsaðila. En í þessari nefnd var svo sem ekki verið að forðast slíkt. Það er annað, sem hneykslar mig í meðferð málsins. Jeg er ekki að segja, að þetta hafi komið hjer að sök, en þetta er æfagömul rjettarvenja, bygð á reynslu margra alda; og síst má gleyma slíkum varnarráðstöfunum, er um slíkt hitamál er að ræða, alt meira og minna mengað af flokkadrætti, deilum og illkvitni.

Svo hóður búnaðarþing, og altaf situr nefndin á rökstólum. Jeg og margir fleiri biðu óþreyjufullir eftir úrskurði nefndarinnar. Hvernig sem hann hefði orðið, þá mátti þó vænta þar itarlegs álits um málið, þar sem öll gögn væru leidd í dagsljósið. Þar hefði t. d. átt að fást skorið úr því hneyksli, sem borið hefir verið upp á búnaðarmálastjóra, en aðrir neitað, að hann hafi stungið undir stól brjefum til Búnaðarfjelagsstjórnarinnar. Hún talaði, að mig minnir, um þrjú brjef frá Norsk Hydro og eitt frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur. En úr annari átt hefi jeg heyrt, að það sje aðeins eitt brjef frá Norsk Hydro, sem ekki kom fram; og þá er sú skýring næg, að brjefið hafi farist á leiðinni. Það getur altaf komið fyrir um eitt brjef. En það væri undarlegt, að heill hópur brjefa um eitt og sama mál misfærist. Jeg verð að segja, að þetta varðar æru þess, sem slíkum sökum er borinn, og er því stórmál, þó að það sje kanske ekki mjög stórt í sjálfu sjer. Yfirleitt er það fullkomlega rjett, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um málið í fyrra út af dylgjum í nál. hv. landbn.: „Ef hann (Sig. Sig.) er sannur að sök, þá á hann að bæta fyrir, en ef hann er saklaus, á hann að fá að koma vörnum fyrir sig og fá uppreisn, og nefndin er þá skyld að veita honum hana.“ — Þetta átti jafnvel heima og ekki síður um þessa rannsóknarnefnd.

En hvað verður svo? Hvernig rækti nefndin þessa sjálfsögðu skyldu? Þannig, að hún ljet segja sjer að þegja. Hún lauk ekki störfum. Hún lagði ekki fram neitt álit. Hún kvað ekki upp neinn dóm. Allar grunsemdir, allar dylgjur, öll óvissa, allur þessi glypjulegi vefur, er ósnertur. Menn eiga aldrei að fá að vita um það. Engar sættir eða fleðulæti geta breitt yfir þær grunsemdir, sem vaktar hafa verið. Töluð orð verða ekki aftur tekin. Það þarf að falla dómsúrskurður í málinu. Menn eiga heimting á að fá að vita sannleikann. Það eru ekki ábyrgðarlausir menn, sem settir eru í stjórn slíks fjelags sem Búnaðarfjelags Íslands. — Og svo vandlega var stungið upp í nefndarmennina, að þegar einhver áværingur heyrðist í einu blaði hjer í bænum af því, að nefndin hefði komist að einhverri niðurstöðu um málið, þá er fregnin um þetta ódæði símuð á eftir nefndarmönnunum út á land og þeir síma aftur og bera harðlega á móti. Ef einhver einstakur maður í nefndinni hafi komist að einhverri niðurstöðu um málið, þá sje það hans sök og verði algerlega að koma niður á honum sjálfum! — Hvað segja menn um svona hæstarjett?

Þetta er heigulsháttur og ekkert annað. Formaður búnaðarfjelagsins byrjaði á þessari heigulsaðferð, er hann skaut frávikning búnaðarmálastjóra af sjer og á búnaðarþing. Hinir voru þó þeir drengir, að taka á sig ábyrgðina.

Þessi dæmalausa niðurstaða, eða hvað maður á að kalla það hjá rannsóknarnefndinni, hlýtur að skilja eftir ljótar grunsemdir ofan á alt annað. Fjelagsstjórnin stingur upp á mönnum og kýs þá sjálf. Undir venjulegum kringumstæðum mundu menn telja slíka nefnd vilhalla. Og þegar hún svo hlýðir því boði, að komast ekki að neinni niðurstöðu, þá staðfestir það þann grun. Þegar nú slík nefnd hefir ekkert svar við spurningunni, sem fyrir hana var lögð, þá bendir það óneitanlega ekki í þá átt, að málskjölin hafi verið heppileg fyrir málstað stjórnarinnar, eða

nefndin hafi treyst sjer til að hvítþvo skjöld stjórnar búnaðarfjelagsins í þessu máli.

Þá er að minnast á það, sem stakk upp í nefndina, sem sje málalokin, sættargerðina miklu og alla þá grautargerð.

Það er auðvitað aldrei nema fallegt að vera sáttfús og kunna að rjetta fram hönd til vináttu og bræðralags, gleyma misgerðum og breiða yfir ávirðingar. En í opinberum málum má það oft og einatt ekki viðgangast, og margar stjórnir og stórir herrar hafa fallið á slíkum óheilindum. Það getur oft verið lakasta lausn málanna, og ekkert fallegt í því, nema á yfirborðinu. Það getur verið svikamylla, til þess að fela óheilindi og rangsleitni. Það getur verið samkomulag um að fela og leynast. Það getur verið ráð þess, er máttarmeiri er, til þess að hafa hinn góðan. Jeg skal ekkert um það segja, að neinu þessu hafi verið til að dreifa í þessu tilfelli. Jeg veit bara, að þessi lausn málsins var ákaflega ófullnægjandi og ber valdhöfunum í Búnaðarfjelagi Íslands mjög leiðan vitnisburð.

Háttv. 2. þm. N.-M. dró fram ýms atriði í þessu máli. Ekkert er getið um forsendur þessa Fróðafriðar, hvort búnaðarmálastjóri bað fyrirgefningar, eða hvort fjelagsstjórnin játaði syndir sínar. Einhverjar sakir hlutu þó að vera. Þar sem manni er vikið frá embætti, er annarhvor sekur, sá sem framkvæmir, eða sá sem fyrir verður, og sakir verða á einhvern hátt að fá sín málalok, fyrirgefning eða fullnægju. Annars slæðast þær til eilífðarnóns og valda spellum. Við verðum að heimta að fá að vita, hvað af sökunum var gert í þessu máli. Úr því við fáum ekki að vita, hvar sökin lá, þá heimtum við að fá þó að vita, hvernig alt var jafnað.

Og þá er það lausnin. Hún er eins ófullnægjandi og hægt er að hugsa sjer. Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri er, eftir að hafa verið settur af, settur inn í stöðu sína aftur og þó ekki settur í hana. Hann á að vera þar helmingur, hvort heldur stærri eða minni er ekki upplýst. Hann á að vera nokkurskonar utanríkisráðherra, en hinn, mótpáfinn, á að vera innanríkisráðherra. En þá er eitt mikilsvert spursmál í þessu sambandi, og það er, hvor þeirra hjónaleysanna á búnaðarfjelagsbúinu skuli nú hafa með höndum áburðarverslunina, þetta starf, sem varð S. S. til svo mikillar syndar. Ef hann á að hafa hana, þá getur hann sagt, að hann hafi svínbeygt þá, sem mestir eru í Búnaðarfjelagi Íslands, og þeir ættu ekki að geta framar litið upp á nokkurn mann. En ef hann á ekki að hafa hana, skilst mjer uppreisn sú, er hann hefir fengið, vera harla rýr og illa verð launanna, sem hann fær. — Jeg veit ekki vel, hvernig búnaðarfjelagsstjórnin ætlar að fara að skamta honum verkefnið, án þess að fella nokkurskonar úrskurð í málinu sjálfu. En svo er annað. Hefir búnaðarþing haft nokkra heimild til þess að gera þessa lausn á málinu? Eða hafa búnaðarþing og búnaðarfjelagsstjórn tekið hjer höndum saman um að fremja lögleysu? Samkvæmt 12. gr. fjelagslaganna á að skipa framkvæmdastjóra, er nefnist búnaðarmálastjóri. Hjer er bersýnilega talað svo sem hann sje einn. Það er engin heimild til að hafa þá tvo eða fleiri. Til þess hefði þurft að gera lagabreytingu. Þetta mætti kanske kalla formssök og hægt að klóra sig út úr því, ef ekki fylgdu auk-

in útgjöld. En nú þarf að borga mismun á búnaðarmálastjóralaunum og ráðunautslaunum árlega, út af þessu kjarkleysi, eða hvað það á að heita. Er búnaðarfjelagið alveg einrátt í þessu efni? Gæti það skipað alla sína starfsmenn í búnaðarmálastjórastöður, ef því dytti það í hug, og varið til þess fje? Jeg er ekki svo kunnugur, að jeg muni, hvort nokkurt leyfi ráðherra þarf til slíkra ráðstafana. En ef svo er, vonast jeg til, að hlutaðeigandi ráðh. í hæstv. stjórn, sem jeg ber svo mikið traust til, hafi tekið eða taki hjer í taumana. En jeg er hræddur um, að hann hafi ef til vill ekki úrskurðarvald um þetta. (Atvrh, MG: Eða kæri sig ekki um að skifta sjer af því). — Það var jeg þó að vona að hann kærði sig um, með því að hæstv. ráðh. á sæti í svo ágætri stjórn.

Alt var þetta framkvæmt á lokuðum fundi. Það er svo sem auðvitað, að alt þetta makk er eins og útblásinn liknabelgur, sem springur með hvelli, ef stungið er á með tituprjóni. Þeir hafa ekki kært sig um neina bersynduga inn í þetta samfjelag heilagra. Það má heyra það á lofsöng hv. formanns búnaðarfjelagsins í „Tímanum". Enginn má vita upp á vist, hvernig þetta var. Það má ekki anda á víravirkið; þetta er svo nýtt og svo afskaplega fínt og veikt.

Öll þessi saga er svo ónotalega hneyksliskend. Það er sorglegt að sjá slíka stofnun sem Búnaðarfjelag Íslands lenda í þessum sviftivindum, þar sem fyrst er öllu umturnað, og svo má í hvorugan fótinn stíga, til þess að stíga ekki ofan á líkþornin á neinum, sem á málinu eru búnir að skemma sig. Búnaðarfjelagsstjórnin, eða þeir tveir, sem við mál þetta voru riðnir, geta nú ekkert sómastrik gert meira en það, að losa stöður sínar og vita, hvort ekki er hægt að bjarga fjelaginu. Þriðji maðurinn, sem var í stjórninni, er nú farinn. Fyrsta tækifærið sýnist hafa verið notað til þess að verða af með hann. Þyrfti að halda svo áfram.

Sigurður Sigurðsson hefir verið borinn þeim sökum, að hann verður að fá sinn dóm til sýknu eða sakfellingar, þ. e. a. s.: þau orð hafa verið um hann höfð og hann sjálfur gert þær kröfur. Hann segir í bók sinni um málið:

„Jeg geri þær kröfur, að það (búnaðarfjel.) rannsaki þær ákærur, sem bornar hafa verið fram af stjórn búnaðarfjelagsins gegn mjer. Þær eru ærumeiðandi, og þess vegna hefi jeg rjett til að æskja skýlausrar umsagnar og úrskurðar." — Þetta er alveg rjett; og hann staðfesti þessi ummæli sín á búnaðarþingi með því að greiða einn atkv. á móti þeirri ályktun, að nefndin skyldi engu áliti skila. Hann vildi fá úrskurð hennar.

Jeg hefi talað lengur en jeg ætlaði. En jeg hefi ljett á samviskunni. Jeg er ekki viss um, að jeg taki aftur til máls, þó að einhverju verði að mjer vikið, því að það, sem þarf í þessu máli, er ekki að karpa fram og aftur, heldur segja söguna eins og hún hefir gengið og framkvæma það, sem framkvæma þarf. Það má ekki vera síðasta orðið, að form. búnaðarfjelagsins hælist um í blaði sínu út af því, að nú sje alt búið og nú skuli andstæðingarnir leggja niður rófuna og þegja.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Tveir hv. þm., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. N.-M., hafa gert frv. að umtalsefni í löngum ræðum. Jeg vil geta þess, að jeg verð að gera skýran greinarmun á

ræðum þessara tveggja hv. þm. Síðasti ræðumaður tók það fram, að hann hefði ljett á samvisku sinni, og jeg get vel trúað því. Jeg álít sem sje, að það hafi ekki fyrst og fremst verið umhyggja fyrir Búnaðarfjelagi Íslands eða ást hans til landbúnaðarins, sem hafi hvatt hv. þm. (MJ) til að tala. Aftur á móti um hinn ræðumanninn, hv. 2. þm. N.-M., geri eg ekki ráð fyrir öðru, en hann tali af umhyggju fyrir landbúnaðinum, frá sínu sjónarmiði. Þetta, sem skilur ræðumennina, hefir áhrif á það, hvern veg jeg svara þeim hvorum um sig. Jeg get sagt það, að jeg var í talsverðum vafa, hvort svara skyldi. Í fyrsta lagi vegna þess, að frv. var áður þrautrætt, bæði á þingi og í blöðunum. Og um það atriði, er hv. 2. þm. N.-M. dró inn í umræðurnar og hv. 2. þm. Reykv. gerði að aðalumtalsefni sínu, þ. e. hið svonefnda áburðarmál, er það að segja, að bæði hefir það verið mikið rætt utan þings, enda ekki vettvangur þess hjer, fyr en málið kemur til landbn.

Þá er hin þriðja ástæða til þess, að jeg vildi ekki rökræða þetta mál hjer nú, sú, að jeg er sannfærður um, að hvatir flestra þeirra manna, sem mesta óánægju hafa látið í ljósi yfir gerðum búnaðarþingsins, eru ekki fyrst og fremst þær, að vinna landbúnaði vorum gagn. Hinsvegar er mjer óhætt að segja, að við, sem að því stóðum, höfum góða samvisku af að hafa sett niður vandræði, og láta gott úr verða því, er komið var. Af þessum ástæðum öllum gat jeg látið vera að svara. En vegna annara, sem við málið eru riðnir, en ekki eiga sæti í þessari samkundu, finn jeg ástæðu til að fara um það nokkrum orðum.

Um einstök atriði get jeg geymt mjer að tala, þar til á rjettum vettvangi hjá landbn., ef þess verður óskað, því að hv. þm. (ÁJ), er jeg beini orðum mínum að, á sæti í þeirri nefnd og hefir því aðstöðu til að geta kynt sjer þau þar.

Ræða mín mun nú skiftast í tvent: 1) um frv., 2) um áburðarmálið.

Háttv. 2. þm. N.-M. og jeg höfum átt ritdeilu um þetta mál, meðan hann stýrði hjer blaði einu í höfuðstaðnum. (**ÓTh:** Hvaða blað var það?). Það var aðalmálgagn Íhaldsflokksins. (**ÓTh:** Hvað heitir það?). Það heitir „Vörður". Jeg býst við að þetta minnisleysi hv. þm., ef hann er búinn að gleyma nafni blaðs stjórnmálaflokks síns, stafi af áhugaleysi hans um þessi mál, og hafi hann ekki lesið greinarnar. (**ÓTh:** Jeg þakka upplýsingarnar; vildi aðeins fá að heyra rjett nafn blaðsins af vörum hv. þm.).

Jeg er mjög ánægður yfir því, hvernig sú ritdeila fór fram okkar í milli, og sje jeg ekki ástæðu til að draga hana inn í umræður. En mjer þykir rjett að víkja að einstökum atriðum. Hv. 2. þm. N.-M. fanst standa annað í 3. gr. nú en í 2. gr. í fyrra. Það er rjettt, að því leyti, að komið er inn orðið ókeypis. Tilætlunin er sú, að ríkið eigi að sjá um, að áburðurinn sje fluttur ókeypis með skipum ríkissjóðs eða Eimskipafjelagsins á allar hafnir. Ef um samning við fjelagið væri að ræða, og það vildi fá borgun fyrir flutninginn, hefði stjórnin heimild til að greiða kostnaðuinn úr ríkissjóði. — Hv. þm. hafði eftir mjer, að jeg teldi notkun tilbúins áburðar hið eina nauðsynlega, og eigi gæti verið um ræktun að ræða án hans. Það er auðvitað alt of bókstaflegur skilningur á ummælum mínum. Jeg hefi aðeins viljað leggja áherslu á, að

bændum yrði kent að nota tilbúinn áburð, og jeg held því fast fram, að það sje eitt aðalskilyrðið fyrir aukinni ræktun. Hinsvegar hefir mjer aldrei dottið í hug að stuðla að því, að bændur slægju slöku við hirðing húsdýraáburðar. En jeg er sannfærður um, að skriður kemst ekki á almenna aukna nýrækt hjer, fyr en farið verður að nota tilbúinn áburð til muna.

Þá sagði hv. þm. (ÁJ), að þetta væri ekki mál bænda yfirleitt; aðeins fáeinir bændur í grend við kaupstaðina notuðu tilbúinn áburð svo nokkru næmi. Þetta síðara er rjett. En það er einmitt það, sem jeg vil færa í lag með þessu frv. Núverandi ástandi vil jeg breyta og gera sjerstakar ráðstafanir til þess að koma áburðinum til allra bænda út um land. Og til þess að koma því í verk, finst mjer mjög aðlaðandi hugsun, að hægt sje að kaupa tilbúinn áburð á öllum höfnum sama verði.

Þá sagði hv. þm., að ekki lægi nú fyrir nein áskorun frá búnaðarþingi, um að samþykkja þetta frv. Það er rjett. En í fyrsta lagi var búnaðarþingið áður búið að samþykkja slíka áskorun, og því ekki ástæða til að leita til þess í annað sinn. Og í öðru lagi var áburðarmálinu vísað til nefndar, og var meiningin að halda því innan þeirrar nefndar. En það var, sem kunnugt er, ekki leitt til lykta fyr en einum degi áður en búnaðarþingi var slitið, svo að eigi gafst tími til að taka þetta fyrir. Urðum við að ljúka afgreiðslu þeirra mála, er ekki þoldu neina bið.

Þá kem jeg að áburðarmálinu. Jeg verð að segja það, að mjer fanst hv. 2. þm. N.-M. fara rjett af stað í upphafi máls síns. Hann mintist á, að við, búnaðarfjelagsstjórnin, hefðum talað um að leggja málið fram á rjettum vettvangi, búnaðarþingi og landbn. Alþingis. Út frá því finst mjer, að hann hefði átt að halda sig innan þess ramma, einkum þar sem hann er sjálfur í landbn.

Það, sem við höfum gert, hinir alþingiskjörnu fulltrúar í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, er þetta: Við höfum fyrst og fremst komið fram með málið á búnaðarþingi. Er það svo nýlega afstaðið, að það mætti vera mönnum í fersku minni. Og hinn aðili þess máls, Sigurður Sigurðsson, átti þar líka sæti. Á þessum vettvangi mættumst við allir, og hv. 2. þm. N.-M. veit vel, hvernig búnaðarþingið tók í þetta mál, að þar urðu allir aðilar sammála. Frá búnaðarþingsins hálfu var málið algerlega lagt á vald okkar í búnaðarfjelagsstjórninni.

Jeg skal hjer geta þess, að bæði í fyrra og nú átti jeg tal við landbúnaðarnefndir Alþingis um þetta mál, og hefi engar ásakanir fengið frá þeim. Og loks skal jeg lýsa yfir því, fyrir mína hönd og minna samstarfsmanna, að við teljum okkur skylt að leggja málið undir dóm landbúnaðarnefnda, ef þær óska þess. Jeg get bætt því við fyrir sjálfan mig, og jeg hygg líka fyrir hönd samverkamanns míns, að ef menn vildu fá aðra menn í okkar stað í stjórn Búnaðarfjel. Íslands, þá værum við fúsir til þess að leggja starfið niður nú þegar. Þannig getur hv. 2. þm. N.-M. átt fullan aðgang að okkur, ef hann vill.

Þá skildi jeg hv. 2. þm. N.-M. svo, að við hefðum báðir brugðist trausti Alþingis, fulltrúar þess í stjórn Bfj. Ísl. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, þótt hv. þm. (ÁJ) vantreysti mjer í þessu efni. Jeg skoða mig ekki sem fulltrúa hans nje hans flokks, hvorki í stjórn Bfj. Ísl. nje á öðrum sviðum. Beini hann

vantrausti sínu að sínum flokksmanni, ef hann vill. Jeg tek ekki á móti neinu slíku frá hv. 2. þm. N.-M.

Ef mínir flokksmenn, sem eru mínir umbjóðendur, óska þess aftur á móti, skal jeg þegar leggja niður starf mitt hjá búnaðarfjelaginu. En jeg hefi eigi fengið neina vantraustsyfirlýsingu frá þeim, heldur eingöngu yfirlýsta samúð með starfi mínu. Jeg hefi meira að segja orðið var við alveg sjerstaklega mikla samúð út af þeirri hlutdeild, sem jeg átti í lausn áburðarmálsins. En ef það á að liggja í orðum hv. 2. þm. N.-M., að hann vantreysti manni Íhaldsflokksins í stjórninni, þá kemur mjer það að vísu ekki við sem þingmanni, en jeg skal lýsa yfir því, að það er óverðskuldað, ef hann hygst að bera slík orð fram, því að hjer er um einn hinn merkasta og besta bónda að ræða, athugulan og merkan mann. Jeg er sannfærður um það, að það, sem hann hefir gert í þessu máli, hefir hann gert af sömu hvötum og jeg, til þess að láta ekki starfskrafta búnaðarfjelagsins sundrast. Jeg veit líka, að hið sama vakti fyrir Sigurði Sigurðssyni; það var sú ábyrgðartilfinning, að sundra ekki kröftum þeim, sem að búnaðarfjelaginu standa. Um okkur alla gilti það, að við vissum hvaða ábyrgð hvíldi á okkar herðum. Og þegar svo er, þá setjum við grið. Við höfum því ekki brugðist trausti Alþingis. Við höfum aðeins hugsað um það, að fjelagið geti unnið vel sitt starf.

Jeg taldi það mína skyldu, að stuðla að því, að fulltrúi Íhaldsflokksins í stjórninni sæi sjer fært að starfa þar með forsjá og aðgæslu. Jeg vil hafa góða samvinnu við slíkan mann. Og jeg vil leggja áherslu á, að mjer þótti vænt um, að Sigurður Sigurðsson fjekst til þess að starfa fyrir fjelagið áfram, vegna dugnaðar hans og mikilla áhrifa út um land, eins og mjer líka þótti vænt um, að Magnús Þorláksson hjelt áfram að starfa með mjer í stjórn búnaðarfjelagsins.

Hv. 2. þm. Reykv. (MJ) ætla jeg ekki að svara, því að það var málinu alveg óviðkomandi, sem hann sagði, og af engri góðgirni í landbúnaðarins garð. En jeg vona það, að hv. þm. (MJ) fái álíka mikið fylgi við sinn málstað í framtíðinni og áður hefir verið; jeg læt það, sem hann sagði, fara inn um annað eyrað og út um hitt.

Árni Jónsson: Mjer þykir vænt um að heyra, að hv. þm. Str. (TrÞ) hefir nú haft hamskifti og íklæðst hempunni og talað af þeirri hógværð, sem honum er sjaldan eiginleg. Þætti mjer vænt um, ef hann gæti líka komið á sáttum við sinn innra mann, jafn vel eins og sættunum í búnaðarfjelaginu.

Hv. þm. (TrÞ) byrjaði á því, að segja, að það væri spursmál, hvort hann ætti að svara mjer. Þetta er alveg í samræmi við alla afstöðu hans til þessa máls, að þegja jafnan, þegar hann er rekinn á stampinn. Hann sagði, hv. þm., að það væri fruntaskapur að halda uppi þessari deilu við sig, líklega af því að hann hefir nú íklæðst hógværðinni sjálfur. Hann sagði líka, að það væri ekki rjettur vettvangur, að tala um þetta mál hjer í deildinni, heldur hjá landbn. En jeg vil benda honum á, að stjórn búnaðarfjelagsins, sem bar ábyrgð á þesssu sem slík, getur ekki komið til landbn., vegna þeirrar einföldu ástæðu, að hún er ekki til.

Það er rjett hjá hv. flm., að við höfum rætt svo mikið um flutning áburð-

ar hjer, að það er ekki ástæða til þess að fara langt út í það mál. Enda ætla jeg ekki að fara að munnhöggvast við hv. flm. út af orðalagi frv., sem allir sjá, að er mjög klaufalegt. (Trþ: Það lagar nefndin góðfúslega í hendi sjer). Já, nefndin getur að sjálfsögðu lagað það.

Með frv. er ekki ráðin bót á því, sem hv. flm. sagði að væri aðalkjarni málsins, að menn út um dreifðar bygðir landsins fengi sömu aðstöðu til ræktunar og menn í kaupstöðum. Sú aðstaða fæst ekki með því, þótt áburðurinn sje sendur flutningsgjaldsfrítt á ýmsar hafnir, heldur með hinu, að menn þeir, sem áburðarins þarfnast, hafi góð skilyrði til þess að sækja markað til þeirra kauptúna.

Hv. flm. sagðist búast við því, að mjer gengi ekki til velvild til búnaðarfjelagsins, að jeg skyldi tala svo sem jeg hefi gert. Jæja, mjer finst nú satt að segja, að búnaðarfjelagið geti ekki hrósað sjer af því að hafa þá stjórn, sem allir treysti. Þó er það ekki árás á fjelagið, að jeg finni að gerðum þess eða komi fram með fyrirspurnir.

Eitt atriði var merkilegt í ræðu hv. flm. Hann vildi koma sjer undan því, að gefa landbn. skýrslu, með því að hann hefði gefið henni skýrslu í fyrra. Jeg veit ekki um þetta, en svo var að heyra á hv. flm., sem hann teldi sig ekki skyldan til að gefa nefndinni skýrslu, heldur aðeins einstökum mönnum í henni. Jeg vil benda honum á það, að þessi nefnd er kosin á hverju ári, og nú í ár er það ekki sama nefndin og í fyrra, heldur sú nefnd, sem kosin var af þessu þingi. Og jeg lít svo á, að stjórn búnaðarfjelagsins hafi brotið af sjer, með því að tala ekki við nefndina áður en hún tók ákvarðanir sínar. Og í sambandi við þetta vil jeg spyrja hv. flm., hvort sá maðurinn, sem nú er farinn úr stjórn búnaðarfjelagsins, Vigfús Einarsson, hafi sæst á málið, eins og þeir hinir. Það er nauðsynlegt að fá vitneskju um þetta, því að hann var aðili, ekki síður en hv. þm. Str. og þeir hinir. Jeg vil biðja hv. flm. um skýr svör við því, hvort hann og Magnús Þorláksson hafi borið málið undir Vigfús. Og hafi hann ekki sæst á málið, þá liggur nærri að ætla, að hann hafi farið úr stjórninni vegna stefnufestu sinnar; en hinir sitja, vegna þess að þeir beygðu sig, — hafa hlaupið frá sínum fyrri skoðunum um það, hvað búnaðarfjelaginu væri fyrir bestu.

Hv. flm. virðist vera mjög hróðugur yfir málalyktunum, og getur kanske verið það, að því leyti, að hann á enn sæti í stjórn Búnaðarfjelags Íslands. En það má vera, að sá sigur verði honum nokkuð dýrkeyptur. Það er ekki nóg að berja sjer á brjóst og tala um sáttfýsi. Við erum nú orðnir slíkum látum vanir hjá þessum hv. þm. Mjer þætti ekki undarlegt, þó að komið væri töluvert sigg á brjóstið á honum. Svo oft hefir hann barið sjer á brjóst út af þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti get ekki fallist á, að það sje neitt sjerstakt gleðiefni, þótt stjórn búnaðarfjelagsins hafi sæst á málið. Það væri alveg hliðstætt dæmi, ef ríkisstjórnin hefði vikið einhverjum embættismanni úr stöðu sinni, en verkið sætt mótmælum, og hún sjeð þann kost vænstan að breiða yfir það og taka manninn í sátt, af ótta við að missa völdin. Jeg held, að meðan málið er ekki frekar upplýst en nú er, muni fjöldi

manna líta svo á, að ekki sjeu öll spilin lögð á borðið, og ennþá muni vera eitthvað óhreint í pokahorninu.

Jeg held, að menn hefðu felt sig betur við úrslitin, ef búnaðarþingið hefði komist að niðurstöðu í málinu, hvort sem niðurstaðan hefði orðið á þá leið, að Sigurður væri sekur og ætti að láta af störfum, eða ekki. Því hafi ákæra búnaðarfjelagsstjórnarinnar á hendur Sigurði verið rjettmæt, þá átti hann að láta af störfum, ekki síst, þegar tekið er tillit til þess, hvernig hann svaraði ákærunni í nýútkomnu riti. Hafi stjórn búnaðarfjelagsins hinsvegar farið með rangar sakargiftir, þá átti hún að sjálfsögðu líka að koma fyrir dóm.

Hv. flm. fór um það mörgum orðum, að ekki mætti eiga sjer stað sundrung milli þeirrar stjórnar, sem hefði búnaðarmálin með höndum. Það er rjett. Hún verður að geta unnið saman. En mest er um vert, að stjórn búnaðarfjelagsins sje skipuð skapföstum og rjettsýnum mönnum, sem ekki snúast eftir því, sem vindurinn blæs.

Jeg held óhætt sje að fullyrða, að almenningur sætti sig ekki við þessi málalok. Hvað sem hv. flm. segir, má við því búast, að upp úr þessu slitni, og þá má búast við, að síðari leikurinn verði verri hinum fyrri. Þá koma upp allar þær sakargiftir, sem mönnum nú kemur saman um að grafa í bili.

Jeg skal nú ekki hafa um þetta fleiri orð. Hv. flm. fór svo hægt af stað, að jeg vildi ekki fara hörðum orðum um ræðu hans. Jeg skal aðeins benda honum á það að lokum, að hógværðin er því aðeins dygð, að ekki sje með henni verið að komast hjá að leiða í ljós það, sem ekki þolir dagsbirtuna.

Jón Sigurðsson: Í tilefni af ummælum, sem hv. flm. ljet falla, vildi jeg segja nokkur orð. Hann gat þess, að Magnús á Blikastöðum mundi hafa borið sig saman við mig um lausn áburðarmálsins. Þetta er rjett, Magnús skýrði mjer frá gangi áburðarmálsins á búnaðarþinginu og frá þeim samkomulagshorfum, er þá voru og síðar komust á, án þess að jeg gæti fallist á þær sættir, því jeg taldi eðlilegast, að málið yrði fullrannsakað og úrskurður fengist, byggður á þeirri rannsókn. En þrátt fyrir þennan skoðanamismun, eða tillátssemi hans við búnaðarþingið, vil jeg lýsa því yfir, að það haggar ekki því trausti, er jeg hefi borið til þessa manns, og sem var þess valdandi, að jeg studdi kosningu hans í stjórn búnaðarfjel. á síðasta þingi. Jeg trúi Magnúsi flestum betur til þess að vinna landbúnaðinum gagn í framtíðinni, ef búnaðarfjelagið verður svo heppið að njóta krafta hans. Sá maður hefir sýnt það í verkinu heima fyrir, að mikils má vænta af tillögum hans, er landbúnað snerta, nú, þegar hann er þannig kvaddur til þessara mála.

Jeg hefði raunar getað látið þessa athugasemd nægja. En ræða hv. 2. þm. Reykv. gaf mjer tilefni til að bæta nokkrum orðum við. Hann rakti að nokkru ræðu sína frá í fyrra og byrjaði með því að staðhæfa, að alt sem þar hefði verið sagt, væri nú staðfest, en endaði með því að segja, að alt væri þetta á huldu, og enginn vissi, hvað rjett væri í málinu. Jeg ætla að lofa þessu tvennu að stangast hjá háttvirtum þm. Jeg þarf því ekki að fást við þetta skraf, heldur þau ummæli hans, að landbúnaðarnefndin í fyrra hefði riðið á vaðið

með illan munnsöfnuð. Það vill nú svo vel til, að ummæli landbúnaðarnefndar eru eingöngu bygð á skýrslu frá stjórn búnaðarfjelagsins. En þá stjórn skipuðu þeir Vigfús Einarsson, Tryggvi Þórhallsson og Valtýr Stefánsson. Allir þessir menn komu á fund landbn. og gáfu henni skýrslu, samhljóða þeirri, er birtist í blöðunum í sumar, og geta hv. þdm. borið saman nefndarálit landbn. og skýrslu búnaðarfjelagsstjórnarinnar, og munu þá allir sjá, að þar er ekkert orð ofsagt. Einn þessara manna, Valtýr Stefánsson, hefir síðar staðið framarlega í því að draga taum Sigurðar, svo að það verður að álita, að hann hafi þó ekki fært mál hans til verra vegar; og að sú skýrsla, sem hann gaf ásamt hinum stjórnarnefndarmönnunum, sje í öllum aðalatriðum rjett, og þá einnig nefndarálitið, — því jeg vil ekki gera ráð fyrir, að hann hafi gert sig sekan í þeim heigulshætti að þegja, þegar saklaus maður, að hans áliti, var sakborinn. Jeg ætla honum ekki slíkan heigulshátt. Skýrsla búnaðarfjelagsstjórnarinnar er því samkvæmt því, sem áður er sagt, staðfest bæði af andstæðingum og meðhaldsmönnum Sigurðar, sem svo eru kallaðir. Það er því ekki vert fyrir hv. 2. þm. Reykv. að viðhafa mjög stór orð. Að stjórnin hafi verið sjerstaklega valin til þess að hrinda búnaðarmálastjóra, er aðeins sleggjudómur. Að sjálfsögðu ætlaðist nefndin til að hún rannsakaði málið og gerði þær ráðstafanir, er hún teldi nauðsynlegar, en það eru svo mikilvæg og margháttuð störf, sem búnaðarfjelagið hefir með höndum, að ekki er hægt að velja menn í stjórn þess til neins eins sjerstaklega. Í stjórninni er nauðsynlegt að hafa menn með viðtækri þekkingu og reynslu. En þar var enginn, sem rekið hafði landbúnað sjálfur, og því ekki of mikið, að einn bóndi tæki þar sæti, maður, sem með lífi og sál hefir sýnt, að hann skilur fullkomlega, hvert stefnir í landbúnaðarmálunum.

Þetta var aðeins lítið innskot. Annars ætla jeg mjer ekki að svo stöddu að taka þátt í deilum um áburðarmálið. Það er þegar búið að ræða það allmikið, og eg hygg, að enginn ávinningur verði að því að ræða það öllu meira.

Jörundur Brynjólfsson: „Erat hlunns vant, kvað refur, dró hörpu at ísi.“ — Jeg hafði ekki búist við, að hv. 2. þm. N.-M., sem átti sæti í landbn. á síðasta þingi og á enn, mundi gera eins ákveðna tilraun til að fá enn að fara höndum um þetta mál, eins og fram kom í ræðu hans í dag. Jeg gæti raunar sagt hið sama um hv. 2. þm. Reykv. Eftir ræðu hans í fyrra, um þetta mál, bjóst jeg við, að hann gæti látið sjer lynda, að ein slík ræða eftir hann geymist í þingtíðindunum. Nú hefir honum þótt sjer gefast tækifæri til að láta aðra sjást áþekka, og það er eðlilegt, að hann notaði það tækifæri, fyrst hann er með þeim ósköpum fæddur að halda, að á miklu ríði, að þessi ummæli hans komi í þingtíðindunum.

Jeg verð að segja, að eins og málið var lagt fyrir landbn. í fyrra, hafði jeg enga löngun til að blanda mjer inn í það. Landbn. afgreiddi málið frá sinni hálfu á þann hátt, að hún taldi sjer óviðkomandi að hlutast til um sakir Sigurðar Sigurðssonar gegn stjórn búnaðaðarfjelagsins, og sömuleiðis þóttist hún ekki hafa íhlutunarrjett um það, hvort Sigurði yrði falin búnaðarmálastjórastaðan framvegis. Það áleit hún verk-

efni búnaðarfjelagsstjórnarinnar, og jeg hygg, að skoðun hennar hafi ekki breyst í því efni. — Öðru máli var að gegna, ef stjórn búnaðarfjelagsins hefði þótt málið þess eðlis, að rjett væri að leita um það álits landbn. Þá hefði nefndin auðvitað tekið á móti málinu og afgreitt það á þann hátt, sem henni þótti rjettast. Nú hefir búnaðarþingið ráðið málinu til lykta á þann hátt, sem kunnugt er orðið. Það hefir talið sjer það frjálst og heimilt, enda verður ekki hjá því komist, að það er hinn rjetti hlutaðeigandi. (**HK:** Um það eru nú skiftar skoðanir). Það er nú þegar orðið kunnugt, svo að þessi hv. þm. hefði ekki þurft að grípa fram í þess vegna. Ummæli hv. 2. þm. Reykv. í dag hafa fullkomlega sýnt, að um þetta eru skiftar skoðanir. Jeg skil samt ekki, á hvern veg þessir hv. þm. hafa hugsað sjer, að Alþingi hefði íhlutun um þessi mál. Úr því að stjórn búnaðarfjelagsins sá ekki þörf á að leita til Alþingis, er ekkert við því að segja, og því síður, þar sem þessir hv. þm. virtust ekki leggja mikið upp úr því á síðasta þingi, sem á milli bar Sigurðar og búnaðarfjelagsstjórnarinnar. Hv. 2. þm. Reykv., sem talaði mjög á annan veg en hv. 2. þm. N.-M., þótti afskifti búnaðarþingsins af þessu máli ákaflega einkennileg, og fann því mest til foráttu, að ekki hefði verið gert kunnugt öllum almenningi, hvernig sakir standa. Jeg hygg, að þeir menn, sem voru í landbn. í fyrra, geti farið nærri um niðurstöðuna, eftir þeim skjölum, sem þá lágu fyrir. Eftir því sem hv. 2. þm. Reykv. segir í ræðu sinni í fyrra, hefir hann sjeð þessi skjöl. En hann telur málið þá mjög smávægilegt og ber landbn. þeim sökum, að hún hafi farið með fleipur. Hv. þm. virðist hafa breytt um skoðun, a. m. k. lítur hann öðrum augum á það nú, hvað málið sje stórvægilegt. Jeg mótmæli því, að landbn. hafi sagt nokkuð í fyrra, sem ekki hafði við rök að styðjast. Hún fór að vísu ekki langt út í málið í nál., því að hún taldi ekki þörf á að fjölyrða um það.

Jeg vil ekki eyða tíma í að fara gegn um öll ummæli hv. 2. þm. Reykv. Mjer virðist þau beint áframhald af þeim blaðadeilum, sem spunnist hafa út af málinu s.l. sumar, og það er mikið mein, ef menn hafa lagt mikið upp úr þeim deilum, og að þessir hv. þm. skyldu ekki í tæka tíð snúa sjer til búnaðarþingsins með ósk um, að það legði dóm á málið og skilaði opinberu áliti. Þeir segja kanske, að þeim hafi ekki dottið í hug, að búnaðarþingið skildist við málið, án þess að kveða upp dóm um ágreiningsefnið. En allur er varinn góður, og það hefði ekki verið úr vegi að heimta skýrslur og upplýsingar.

Mjer hefir annars sýnst skína í gegn um þessa ræður, einkum ræðu hv. 2. þm. Reykv., að honum þætti sjerstaklega áfátt um það, hverjir nú færu með stjórn búnaðarmálanna, að hann treysti öðrum betur. En frá því í fyrra hafa ekki orðið aðrar breytingar en þær, að einn maður gekk úr og annar kom í hans stað. Ef þetta vantraust á við nokkuð að styðjast, ætti það helst að vera fólgið í því, að hann hafi treyst þeim, sem fór, miklu betur en þeim, sem kom. Jeg skal ekki blanda mjer neitt inn í þann ágreining. Sá maður, sem úr gekk í fyrra, var að öllu leyti okkur óviðkomandi, andstæðingum hv. 2. þm. Reykv. Við áttum þar enga hlutdeild í, heldur aðrir, sem stóðu honum nær. En jeg get vel tekið undir með hv. 2.

þm. Skagf., að jeg ber ekki minna traust til þess manns, sem nú er í stjórninni, heldur þvert á móti. Jeg veit, að hann er dugandi bóndi, og hann hefir sýnt, að hann ber gott skyn á mál, sem búnaðarfjelagið hefir með höndum.

Nú hefir formaður búnaðarfjelagsstjórnarinnar boðist til þess að gefa landbn. þingsins upplýsingar, þessu máli viðvíkjandi. Hann ræður því auðvitað. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg mundi taka á móti þeim upplýsingum. En sje ekki neitt nýtt að upplýsa frá því í fyrra, engin ný málskjöl, sem bregði ljósi yfir málið, óska jeg ekki eftir neinum skýrslum. Jeg tel, að við höfum annað þarfara með tímann að gera, en fara enn á ný yfir sömu skjölin og í fyrra.

Mjer finst það talsvert broslegt, þegar báðir þessir hv. þingmenn (MJ og ÁJ) standa upp og vitna um, að þeir beri ekki traust til hv. þm. Str. sem formanns búnaðarfjelagsins. Jeg óska ekki eftir slíku trausti frá þeirra hendi. Mjer finst hægt að láta sjer það í ljettu rúmi liggja, hvaða skoðun þeir hafa í því efni. En út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. um búnaðarþingið, verð jeg að segja það, að heldur er það óvanalegt í þingræðum, að fjarverandi menn sjeu bornir hálfgerðum meiðyrðum. En hann gaf í skyn, að mönnunum, sem var falið að rannsaka áburðarmálið, hafi verið skipað að þegja um málið og gefa engar upplýsingar. Hann gerir ráð fyrir þeim lítilþægum og auðsveipum. Hann gat ekki um, hver hefði átt að koma með þá skipun — það skiftir reyndar ekki miklu máli — ef til vill hefir það verið formaður fjelagsins eða þá búnaðarmálastjóri. Líka gerði hv. þm. það að umtalsefni, að stungið hefði verið upp á mönnum í nefndina, og þótti það óviðurkvæmilegt. Kosið var samt skriflega. (MJ: Hver stakk upp á mönnunum?). Jeg veit það ekki, enda stendur það á sama. Jeg hugsa, að menninirnir hafi verið atkvæðisbærir. Eða hefir hv. þm. (MJ) sjerstaka ástæðu til að væna þessa menn um, að vinna ekki vel? Ef svo er, hefði ræða hv. þm. verið jafngóð, þó að hann hefði slept þessum þætti úr leikaraskapnum. Hann drap á, máli sínu til sönnunar, að þingmenn greiddu ekki atkvæði í málum, sem snertu þá persónulega. Jeg vil benda hv. þm. á, að þingmenn hafa oft orðið að greiða atkvæði um mál, sem snertu þá persónulega og hafa verið þannig vaxin, að ekki var auðvelt hjá því að komast. Ætli embættismenn, sem sæti hafa átt á Alþingi, hafi látið vera að greiða atkv. í launamálinu? Nei, þeir hafa, eins og eðlilegt er, greitt atkv. í því máli. Enda er þar fleiri hagsmuna að gæta en þeirra, persónulega.

Alt tal hv. þm. (MJ) um margra alda reynslu, er jeg búinn að benda á að hefir við lítið að styðjast.

Þá gerði hv. þm. (MJ) að umtalsefni, að þessar sakir, sem bornar voru á búnaðarmálastjóra, væru þannig vaxnar, að hann hefði átt heimtingu á að fá málið upplýst. Jeg veit ekki, hvað hv. þm. meinar. Á hann við, að honum hafi ekki verið frjálst, ef hann hefði viljað, að fá málið upplýst? Jeg skil ekki tal hv. þm. Hafi hann ekki við meiri rök að styðjast en komið hafa fram hjá honum, álít jeg, að svona ummæli hjer á þingi sjeu með öllu ósæmileg. Jeg þekki ekki til, að hömlur hafi verið lagðar á búnaðarmálastjóra með að fá að verja sig. Ef til vill veit hv. þm. (MJ) eitthvað um þetta; en þá veit hann meira

en jeg, og þar sem hann gerir þetta að umtalsefni hjer, er hönum skylt að leiða sannleikann í ljós.

Hv. þm. vjek að því, að landbn. í fyrra hefði farið með dylgjur. Því vil jeg eindregið mótmæla. Þau ummæli, sem landbn. hafði, áttu við rök að styðjast. Þá var hv. þm. að tala um búnaðarþingið sem hæstarjett í þessu máli, og þótti bág niðurstaðan, þar sem ekkert hefði orðið upplýst. Þetta hjal hv. þm. (MJ) er á þann veg, að ekki sje hægt að sækja málið á öðrum vettvangi en búnaðarþingsins, hefir ekki við nein rök að styðjast. Jeg hugsa ekki, að hv. þm. sje svo fáfróður, að hann viti ekki, að mennirnir geta sótt rjett sinn til annara en búnaðarþingsins. Heldur háttv. þm. (MJ) ekki, að Sigurður Sigurðsson geti skotið máli sínu til dómstólanna, ef hann vill?

Hv. þm. virtist harma það mjög, að Sigurður Sigurðsson skyldi vera settur aftur inn í stöðuna, og þó eiginlega ekki settur inn í hana, sagði hann. Annaðhvort hlýtur að vera rjett. Annaðhvort hefir hann verið settur inn í stöðuna eða ekki. (**MJ**: Hvort var gert?). Jeg býst við, að hann hafi ekki þá stöðu, sem hann hafði. En engum þarf að þykja undarlegt, þar sem um margþætta starfsemi er að ræða, að menn sjeu misjafnlega til þess fallnir að gegna slíkri starfsemi. Þó að einhverjum sje áfátt að vinna eitthvert víst verk, getur hann verið ágætlega fallinn til þess að leysa af hendi eitthvert annað verk. Þeir, sem kynst hafa áhuga og hæfileikum Sigurðar Sigurðssonar, geta vel unað þeirri niðurstöðu, að hann haldi áfram að starfa innan þess verkahrings, sem hann hefir helgað krafta sína síðan hann varð fulltíða maður. Og hafi ekki borið meira á milli en það, sem við vitum um, finst mjer vel hægt að una úrslitunum frá því sjónarmiði.

Það kann að vera, að menn hafi látið í ljós, að þeir treystu ekki stjórn búnaðarfjelagsins yfirleitt. En það er alt annað mál. Þeirra vantraust er alls ekki bundið við þetta atriði, enda á slíkt vantraust að koma í ljós laust við þetta mál. Jeg get sem sagt ekki betur sjeð, en að öll misklið geti niður fallið og meira verði hugsað um að sinna þeim alvörumálum, sem fyrir liggja, en að skemta skrattanum með því að halda áfram þessu rifrildismáli.

Annars hafa umræðurnar farið allfjarri frv., sem fyrir liggur. Mjer virtist hv. 2. þm. N.-M. gera of lítið úr þýðingu þessa máls í gær, fyrir íslenskan landbúnað. Hitt er jeg honum sammála um, að það, sem mest kallar að út um sveitir landsins, er að áburðurinn sje betur hirtur og meiri nýtni sje nauðsynleg. Það er áreiðanlegt, að eigi jarðrækt að geta tekið framförum, er fyrsta sporið í þá átt að hirða húsdýraáburð betur en gert hefir verið. En þó að þetta sje rjett, má ekki líta svo á, sem þetta frv. hafi ekki líka mikla þýðingu. Jarðrækt í kauptúnum og kaupstöðum getur ekki tekið framförum, nema erlendur áburður sje fluttur inn, enda hefir notkun á erlendum áburði aukist afarmikið á síðustu árum. Eftir því sem jeg hefi komist næst, voru árið 1925 flutt inn 500 tonn af erlendum áburði, en 2—3 árum áður aðeins fáein tonn.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að nauðsynlegt væri, þar sem Búnaðarfjelag Íslands hefði svo miklisvarðandi vandamál til meðferðar, að treysta mætti stjórn þess. Þetta er alveg rjett. En þó að svo kunni að vera ástatt, að hann treysti ekki

stjórn búnaðarfjelagsins, eru til menn, sem líta öðrum augum á það mál. Jeg get fyrir mitt leyti lýst því yfir, að jeg tel, að þeir menn, sem nú ráða mestu í Búnaðarfjelagi Íslands, leggi sig í framkróka með að leysa störf sín sem allra-best af hendi, og form. búnaðarfjelagsins treysti jeg mjög vel. Jeg hygg, að það sje dálítið hæpið, að draga þá ályktun út af ágreiningi um áburðarmálið, að stjórn fjelagsins fari ekki vel með framkvæmdir búnaðarfjelagsins í landbúnaðarmálum, eins og komið hefir fram hjá hv. 2. þm. N.-M., og fleirum.

Það er ekki mitt að svara fyrirspurnum hv. þm. til búnaðarfjelagsstjórnarinnar. Sje fyrverandi búnaðarmálastjóri hafður fyrir rangri sök, er hann vafalaust maður til að reka rjettar síns, og menn geta látið sjer það mál í ljettu rúmi liggja, meðan það grípur ekki inn í starfsemi annara manna.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að það væri nauðsynlegt, að menn, sem að þessum málum vinna, væru skapfestu- og dugnaðarmenn. Jeg er honum alveg sammála. Það er yfirleitt mín skoðun, að í hverju rúmi þurfi á skapfestumanni að halda, þar sem við erum svo fáir og smáir.

Jón Kjartansson: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í umræður um þetta mál, síst þar sem hv. þm. Str., formaður Búnaðarfjelags Íslands, hefir lofað að láta landbn. í tje skýrslur um þetta mál. Jeg vil ítreka, að hann gefi þessar skýrslur, enda þótt einn nefndarmanna telji það óþarft. Vegna annara þingmanna er það nauðsynlegt.

Það var eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem jeg varð ekki var við, að hv. þm. Str. svaraði. Hv. þm. (TrÞ) hefir skýrt frá því í blaði sínu, að búnaðarmálastjórarnir væru orðnir tveir, og hefðu þeir sömu rjettindi og sömu skyldur, er búnaðarmálastjóri nú hefir. Lítið er sagt um verkaskiftinguna annað en það, að annar eigi að sinna störfum út á við, en hinn inn á við. En af því að þeir hafa báðir sömu rjettindi og sömu skyldur sem búnaðarmálastjóri hefir nú, skilst mjer, að þeir eigi að hafa sömu laun, en vitanlega eru laun búnaðarmálastjóra hærri en laun ráðunauta. Þess vegna eiga laun ráðunauts að hækka samkvæmt því. Jeg hygg, að það láti nærri, að munur á launum búnaðarmálastjóra og ráðunauts sje 2000 krónur, auk þess sem búnaðarmálastjóri hefir ýms hlunnindi viðvíkjandi húsnæði o. fl., sem að sjálfsögðu ættu að koma hinum nýja búnaðarmálastjóra til handa.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði rjettilega, samkvæmt hvaða heimild þetta væri gert. Ef hv. þm. Str. vill ekki svara þessu, vil jeg leyfa mjer að beina því til hæstv. atvrh. Mjer skilst, að hann hafi yfirstjórn þessara mála, og vil jeg því beina til hans, hvort þetta sje löglegt. Jeg hefi leitað í lögum búnaðarfjelagsins og ríkisins, en hvergi fundið, að búnaðarmálastjórar ættu að vera fleiri en einn. Mjer er sagt, að engar lagabreytingar hafi verið gerðar á þessu búnaðarþingi í þá átt, að búnaðarmálastjórar yrðu fleiri en einn, enda varð að gera slíka breytingu samkvæmt 19. gr. búnaðarfjelagslaganna.

Annars gæti þetta ástand, sem verið hefir í Búnaðarfjelagi Íslands, gefið fullkomna ástæðu til að rifja upp alla stjórn þess og stjórnarfyrirkomulag. En það verður þó ekki gert hjer, nema að örlitlu leyti, því jeg geri ráð fyrir,

ef milliþinganefnd verður sett í þessi mál, að þá taki hún þetta til athugunar. En það sjá allir, sem hafa kynt sjer stjórnarfyrirkomulag Búnaðarfjelags Íslands, að þar er margt á annan veg en æskilegt væri. Fram til þessa hefir verið einn framkvæmdarstjóri, sem nefndur er búnaðarmálastjóri. Hann er valdlaus og ábyrgðarlaus. Nú eru búnaðarmálastjórarnir orðnir tveir. Næsta ár verða þeir e. t. v. orðnir þrír, og hitt árið fjórir o. s. frv., þangað til a l l i r ráðunautarnir hafa verið gerðir að búnaðarmálastjórum. Ekki getur þetta greitt úr flækjunni.

Þá er talið, að æðsta vald í þessum málum sje hjá búnaðarþingi, en það kemur ekki saman nema annað hvert ár, og hvernig er þá hægt að ætlast til þess, að það geti haft nákvæmt eftirlit með störfum fjelagsins. Loks er þar þriggja manna stjórn, þar sem einn er kosinn af búnaðarþingi og tveir tilnefndir af landbn.-nefndum Alþingis.

Hjer er því öllum störfum svo vendilega ruglað saman, að ækilega er sjeð um, að allir sjeu ábyrgðarlausir og valdlausir.

Hv. þm. Str., formaður búnaðarfjelagsins, og hv. 2. þm. Árn. hafa talað um „pólitíska fulltrúa“ í stjórn Bf. Í. — þá, sem tilnefndir eru af landbn. Alþingis. Þessu leyfi jeg mjer að mótmæla. Jeg veit ekki til, að stjórnendur búnaðarfjelagsins eigi að vera málsvarar neins sjerstaks pólitísks flokks, eins og formaður Bf. Í. vill nú halda fram. En sje svo, þá tel jeg þessum málum illa komið. Búnaðarmálin eru ein aðalgrein þjóðmála vorra. Skiftir það því miklu, hvernig með þau mál er farið. Jeg tel það því ósæmandi með öllu, ef þessi mál verða látin fljóta áfram á kviksendi stjórnleysis og ábyrgðarleysis, eins og verið hefir.

Jeg vænti því, að þessi mál verði nú tekin til rækilegrar meðferðar. Stjórnarfyrirkomulaginu í Bfj. Ísl. þarf að gerbreyta. Þar þarf að vera framkvæmdastjóri, er hefir vald og fullkomna ábyrgð á sínum gerðum.

Að síðustu vil jeg endurtaka fyrirspurn mína til hæstv. atvrh., hvort það sje lögum samkvæmt, að búnaðarmálastjórarnir sjeu tveir, og ef svo er, hvort það sje þá ekki eins hægt, að þeir sjeu 4 eða 5, og jafnvel að allir ráðunautarnir verði gerðir að búnaðarmálastjórum?

Magnús Jónsson: Tveir hv. þm. hafa vikið að ræðu minni, en þeim hefir ekki tekist betur en svo, að málið er eins á huldu og það hefir verið. Sama leyndin yfir því, sem var á búnaðarþinginu. Ekkert hugsað um annað en að líknabelgurinn ekki springi.

Hv. þm. Str. fanst hjer ekki vera hinn rjetti vettvangur fyrir þetta mál. Hann væri hjá búnaðarþinginu og landbn. Alþingis. En þetta er ekki rjett; það er ekkert opinbert mál svo gert, að ekki megi ræða það á Alþingi. Og hví skyldi ekki mega ræða á Alþingi, það sem kemur fyrir hjá slíkri stofnun sem Búnaðarfjelagi Íslands. Jeg tel það fyllilega rjettmætt og nauðsynlegt, að taka eldhúsdaga til að ræða slík mál, því að þá skýrist oft margt, sem áður er leynd yfir; að minsta kosti er svo á eldhúsdögum þeim, sem haldnir eru yfir stjórninni, en þá daga tel jeg oft vera einhverja þörfustu daga þingsins. Stjórnin hefir gott af að eiga yfir höfði sjer, að vera krufin til alvarlegra sagna um gerðir sínar, og sök bítur sekan,

ef henni er til að dreifa. Og úr því að stjórn Bfj. Ísl. tók þann kostinn að þegja yfir öllu þessu, og nefnd sú, sem skipuð var til að rannsaka málið, var látin þegja, þá sje jeg ekki betur en hjer á Alþingi sje sá eini vettvangur, sem hægt er að ræða málið á.

Háttv. þm. Str. byrjaði ræðu sína með þeim sterku rökum í málinu, að sannfæring þeirra, sem voru á móti þessum sættum, væri ekki af góðum hvötum. Já, það er nú svo; þetta hefir hann rannsakað. En jeg býst við, ef fara á að rannsaka hjörtu og nýru allra þeirra, sem um þetta mál ræða, þá mundi dagurinn ekki endast. Hann sagðist enga hvöt hafa haft til að leiða þetta mál inn í umræðurnar. Jeg bjóst heldur ekki við því; þess var engin von, því það er venjulega svo, að fæstir finna hvöt hjá sjer til þess að láta finna að við sig. Annars svaraði hann ræðu minni litlu; óskaði aðeins að jeg yrði undir í þessu máli, eins og í fyrra. Það getur líka vel verið, að svo verði; en það er ekkert nýtt, að góður málstaður bíði lægra hlut fyrir verri málstað.

Það, sem mjer þótti verst, var, að hann skyldi ekki fást til að tala um málið, en hann fjekk skjaldsvein, sem rann fram fyrir hann, og mun jeg síðar sýna, hvernig honum tókst að deyfa eggjarnar.

Hv. 2. þm. Skagf. drap lítilsháttar á ræðu mína, en hógværlega, sem vænta mátti af honum. Hann var ekki ánægður með gerðir búnaðarþingsins í þessu máli, og kom mjer það ekki óvart, því svo kann jeg skaplyndi hans, að hann mundi fús að standa við sinn málstað til hins síðasta. Hann mintist á Magnús á Blikastöðum, hve góður bóndi hann væri. Það kemur málinu ekkert við, hve góður bóndi hann er á Blikastöðum; hann getur verið fyrirmyndarbóndi þar, þó hann sje óhæfilegur sem stjórnandi Bfj. Ísl. Annars hjelt jeg, að allir skildu það, að það er hægt að víta gerðir manna í opinberum stöðum, án þess að breyta áliti sínu á þeim að öðru leyti. Þannig haggar t. d. framkoma hv. þm. Str. í þessu máli ekkert mínu góða áliti á honum að öðru leyti. Og hið sama má segja um Magnús á Blikastöðum. Afskifti hans af þessu máli út af fyrir sig rýra ekki virðingu mína fyrir honum, sem góðum bónda. Annars þekki jeg hann ekkert persónulega, en jeg heyri alla dáðst að búnaðarframkvæmdum hans, og það að makleikum, því hann hefir breytt litlu koti í höfuðból.

Þá sagði hv. 2. þm. Skagf., að jeg hefði sagt, að landbn. þingsins hefðu riðið á vaðið með illan munnsöfnuð. Það voru ekki mín orð. Jeg sagði, að þær hefðu byrjað með þennan munnsöfnuð. Og því verður ekki neitað, að í nál. landbn. Nd. er freklega komist að orði um mann, sem ekki á sæti í þinginu og hefir því ekki tækifæri til að verja sig þar. Í því eru fyllilega bornar sakir á Sigurð Sigurðsson, og það var það, sem jeg benti á, að ekki hefði verið sæmilegt. Annars var jeg ekki einn um þetta álit. Einn mikils metinn þm., sem búinn var að eiga sæti á 30 þingum, sagðist aldrei fyr hafa sjeð annað eins plagg á Alþingi. Er því ekki að undra, þó að jeg, með mína stuttu þingreynslu, hafi aldrei sjeð neitt því líkt.

Jeg sagði aldrei, að stjórn sú, sem kosin var í fyrra fyrir búnaðarfjelagið, hefði ekkert annað verk átt að vinna en

að vikja Sigurði Sigurðssyni frá búnaðarmálastjórastöðunni. Jeg sagði, að það liti svo út sem hún hefði verið valin í þessu skyni. Því eins og kunnugt er, lögðu þeir Tryggvi Þórhallsson og Valtýr Stefánsson niður umboð sín í fyrra. Og jeg get varla trúað, að það hafi verið hending ein, að Valtý var kastað, en Tryggvi endurkosinn og með honum Magnús á Blikastöðum, sem kunnugt var, að væri á móti Sigurði.

Þá vil jeg snúa máli mínu að háttv. 2. þm. Árn. Hann fór all-geist, og sagði, að mjer hefði átt að nægja, að láta eina ræðu eins og þá, sem jeg flutti í þessu máli í fyrra, sjást í þingtíðindunum. Þær voru nú reyndar tvær, og jeg skammast mín ekkert fyrir þær. Því að jeg fyrirverð mig ekkert fyrir það, þó að jeg tæki upp þykkjuna fyrir mann, sem jeg þekti ekkert áður, hafði varla, svo jeg muni, talað við hann eitt einasta orð. Jeg gerði það, af því að mjer fanst, að verið væri að bera á hann sakir ómaklega, sem og raun varð á. Og þeim hætti mun jeg halda og ekkert fyrirverða mig fyrir. Geri hver hreint fyrir sínum dyrum og ábyrgist það, sem eftir honum er haft í þingtíðindum.

Þá kom hann með þær einkennilegu upplýsingar, að landbn. þingsins hefðu vitað í fyrra, hvernig þetta mál ætti að fara. En jeg hafði fyrir mjer alveg sömu plögg og þær, og hjelt, að það mundi fara á annan veg en þær gerðu ráð fyrir, svo fremi það væri rjettlátlega dæmt.

Þá sagði hann, að málið hefði skift um stærð í mínum augum frá í fyrra. Þá hefði jeg talið það smámál, en nú teldi jeg það stórmál. Í þessu er sá sannleikur, að jeg tel málið hvorttveggja, eftir því, hvernig á það er litið. Jeg hefi altaf álitið einkasölu á Noregssaltpjetri smámál. En það hefir verið gert að stórmáli, með því að hrúga inn í það ærumeiðandi ásökunum á saklausa menn. Því það er altaf stórt mál, þegar manni er ómaklega vikið frá embætti, og honum þar með meinað að vinna að áhugamálum sínum. Þó að sakirnar væru ekki aðrar en þær, að hann hefði drepið eina flugu á glugga í búnaðarfjelagshúsinu, þá væri það gert að stórmáli, með því að víkja manni frá fyrir það.

Annars virtist þessi háttv. þm. (JörB) vilja taka undir þann vöggusöng, sem háttv. þm. Str. hefir altaf sungið um þetta mál, og búnaðarþingið virðist taka undir líka. Bara syngja: „Bi, bi og blaka“ yfir því, til þess að vekja það ekki, lofa því að sofa og ekkert við því að hreyfa. En jeg er ekki alveg á þeim buxunum, að vilja taka undir hann. (**Trþ**: Þingmaðurinn er ekki vanur að hugsa mikið um landbúnaðarmál!). Jeg get hugsað um þau, þó jeg sje ekki altaf að gala um, að jeg sje máttarstólpi íslensks landbúnaðar.

Jeg tel þetta mál alt orðið verulegt hneykslismál, sem ekki má þegja um, og það hefir enginn bent á, að afskifti mín af því hafi stafað af illum hvötum. Því að jeg býst varla við, að þeir háttv. þm. Str. og háttv. 2. þm. Árn. telji mig gera þetta af djöfullegu hugarfari, með það eitt fyrir augum að láta ilt af mjer leiða.

Háttv. 2. þm. Árn. sagði og, meðal annars, að jeg hefði sagt, að rannsóknarnefndinni í búnaðarþinginu hefði verið skipað að þegja. Það sagði jeg aldrei. Jeg sagði, að hún hefði verið látin þegja, og því til sönnunar vil jeg lesa upp tillögu, sem samþykt var á búnaðarþing-

inu um störf hennar. Tillagan hljóðar þannig: „Með því að ágreiningsatriði það, sem varð þess valdandi, að svo-kölluð áburðarmálsnefnd var kosin, er nú til lykta leitt á þann hátt, sem báðir aðilar hafa sætt sig við, þá sjer búnaðarþingið ekki ástæðu til, að nefndin ljúki störfum sínum og skili áliti sínu."

Þessi tillaga var samþykt með 8 : 1 atkv. (**JörB:** Hvað voru margir í nefndinni?). Svo stendur ennfremur í „Tímanum": „Um kvöldið, eftir að tillögur þessar voru samþyktar, komu búnaðarþingsmenn og starfsmenn fjelagsins saman til kvöldverðar og samdrykkju, og sátu til miðnættis við ræður, söng og annan gleðskap." (Hlátur).

Það kemur stundum fyrir á Alþingi, að nefndir setjast á mál, sem kallað er, en að það sje lagt fyrir þær að skila ekki áliti, mun vera hreint einsdæmi.

Þá fór þessi háttv. þm. út í að reyna að verja gerðir búnaðarþings í þessu máli, og þótti mjer vænt um, að hann gerði það, því að öll röksemdaleiðsla hans sýndi ekkert annað en, hversu algerlega óverjandi framkoma þess og stjórnar búnaðarfjelagsins er í þessu máli. Honum fanst ekkert við það að athuga, þó að stungið væri upp á mönnum í þessa áburðarmálsnefnd í búnaðarþinginu, af aðila sjálfum, því að svo hefði verið kosið skriflega á eftir. En háttv. þm. hlýtur að vera það kunnugt, að þegar stungið er upp á einhverjum ákveðnum mönnum við slíkar kosningar, þá sigra þeir venjulega, þegar kosið er á eftir.

Annars var jeg alls ekki að finna að því, hvernig nefnd þessi var skipuð, heldur hinu, að það var stungið upp á mönnum í hana, aðeins af öðrum aðila. En það fanst mjer alveg óviðeigandi, þar sem hún átti að rannsaka þessi miklu deilumál. Einn nefndarmanna er bæði skyldur og tengdur forseta búnaðarfjelagsins. Jeg er ekkert að segja, að hann hafi fyrir það vanrækt starfið, en það er jafn undarlegt og jafnvel óheimilt fyrir því, að skipa nokkra nefnd þannig.

Þá sagði hv. þm. (JörB), að búnaðarmálastjóri gæti fengið öll rök í þessu máli upplýst. Jú, það er sjálfsagt; hann getur það, t. d. með því að höfða meiðyrðamál. Jeg veit ekki, nema hann hafi nú einmitt leitað á þann vettvang, sem hann bjóst við að fá málið afgreitt á, og eðlilegast var, að skæri úr því, sem sje til búnaðarþingsins, en það mistókst. Jeg veit heldur ekki, hvað er upplýst í því, hvað í þessum sættum fólst, eða hvort því hefir verið játað, að sækja mætti málið annarsstaðar. Það fæst ekkert svar við neinu af þessu. Þá skoraði hv. þm. á mig að segja, hvað jeg hefði átt við með því, að sumir mundu ekki hafa hreint mjel í pokanum. En það var misskilningur, jeg sagði það ekki. Það var hv. 2. þm. N.-M., sem sagði, að það vekti mikla grunsemd um það, að hjer væri ekki hreint mjel í pokanum. Þá gerði hv. þm. lítið úr kröfu minni um það, að það hefði átt að vera kveðinn upp dómur um þetta mál á búnaðarþinginu. Jeg veit ekki, hvað hv. þm. (JörB) telur ærumeiðandi fyrir sjálfan sig. En Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri taldi ýmislegt af því, sem sagt var, ærumeiðandi fyrir sjálfan hann, t. d. það, þegar verið var að dylgja um það, að hann hefði stungið ýmsum brjefum, sem snertu þetta mál, undir stól.

Og svo kemur þetta merkilega mál, hvort Sigurður hafi verið settur inn í

búnaðarmálastjórastöðuna. Jeg sagði, að hann hefði verið settur inn aftur, og þó ekki. Það er farið svo loðmullulega með þetta mál, að það er ekki einu sinni hægt að vita, hvað gert er, t. d. í þeirri fregn, sem í „Tímanum" er, þá er hann kallaður búnaðarmálastjóri; þar er talað um að fela tveimur mönnum búnaðarmálastjórastarfið; það er altaf talað um hann sem búnaðarmálastjóra. Þar segir svo: „Verður Sigurður Sigurðsson aftur búnaðarmálastjóri og fær að njóta sinna miklu og góðu krafta á því sviði, sem hann jafnan hefir notið sín best og getið sjer bestan orðstír fyrir...." Það eru svo sem ekki neinar smáræðis framfarir síðan í fyrra! Þar sannast gamli málsháttur inn: Batnandi manni er best að lifa. Í fyrra mátti hann ekkert vinna fyrir fjelagið, mátti ekki hjara nokkrar vikur. — Nú býr hann yfir „góðum kröftum", og búnaðarfjelaginu er stórhagur að því, að fá að njóta hans. Jeg segi bara: Lengi lifi Sigurður, ef honum fer svo fram á hverju ári!

Þarna er talað um, að hann sje settur aftur inn í búnaðarmálastjórastöðuna, en á hinn bóginn er sagt, að hann fái ekki aftur alt sitt vald, og þess vegna held jeg, að þetta sje alveg rjett hjá mjer, að hann sje settur aftur í búnaðarmálastjórastöðuna, en þó ekki að öllu leyti. Það, sem mjer finst, að geti bent á, hvort hann fær öll sín rjettindi aftur, er það, hvort honum verður trúað fyrir að fara með það mál, sem honum var vikið frá fyrir.

Jeg ætla svo ekki að lengja frekar umr. um þetta mál, með því að fundartíminn er liðinn. En ef hv. þm. Str. tekur til máls aftur, þá þætti mjer mjög vænt um, að hann vildi svara þessum fyrirspurnum: 1) hvort Sigurður Sigurðsson hefir verið settur aftur í búnaðarmálastjórastöðuna, og 2) að geta um það, hvort stjórn búnaðarfjelagsins er búin að skifta verkum með þessum tveimur búnaðarmálastjórum, innan húss, og utan húss, því að hún má vita það, að það er margt, sem liggur með annan endann inni í húsinu, en með hinn endann fyrir utan húsdyrnar, eins og t. d. áburðarmálið.

Það var náttúrlega ýmislegt í ræðu hv. þm. Str., sem ekki snerti mína ræðu, en sem þó væri talsverð ástæða til að athuga nokkru nánar. En af því að fundartíminn er liðinn, skal jeg ekki þreyta hv. deild á því; aðeins vil jeg segja það, eins og jeg hefi sagt áður, að mjer þykir nokkuð hart að kveðið, þar sem sagt er í niðurlagi Tímagreinarinnar: „Þungan, en maklegan dóm hefir búnaðarþingið kveðið upp yfir þessum mönnum, í viðbót við þann, sem yfir einum þeirra var kveðinn áður af landbúnaðarnefndum Alþingis og almenningsálitinu." Eða þessi klausa, rjett á undan því, sem jeg las upp áðan: „En þeir einir harma þessi málalok, sem í ábyrgðarleysi sínu hafa blásið að eldi sundurlyndis, með það fyrir augum, að spilla þjóðnýtri starfsemi og jafnframt gera tortryggilegan pólitískan andstæðing...." Manni liggur við að segja: heyr á endemi! þegar maður heyrir þetta, og þegar maður heyrir, að stjórn búnaðarfjelagsins sje að tala um, að það sje verið að blása að eldi sundurlyndis. Hverjir voru það, sem viku Sigurði Sigurðssyni frá og báru hann þessum sökum? Þarna sitja spellvirkjarnir og reyna að líma saman brotin af því, sem þeir sundruðu. Þeir þykjast gera afskaplegt góðverk með því, og

skamma hina og brigsla þeim, sem aldrei vildu láta brjóta þetta góða ilát í sundur. Og þó að nú sje búið að tjasla því saman, þá held jeg, að það verði mörgum áhyggjuefni, hvernig samvinnan muni ganga eftirleiðis. Hefir heyrst, að stundum kraumi illilega á stjórnarfundum í búnaðarfjelaginu. Ætli það sýni sig ekki hjer, eins og oftar, að það hefði verið betra að hagga aldrei við þessu máli á þennan hranalega hátt, því að það mun sannast hjer eins og annarsstaðar, að betra er heilt en vel gróið.

Umr. frestað.

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., dagana 16., 17. og 18. mars, var frv. tekið til framh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var enn f r a m h a l d i ð 1. u m r. um frv. (A. 135).

Hákon Kristófersson: Það er nú orðið ærið langt síðan mál þetta var á dagskrá. Er jeg því búinn að gleyma mörgum orðum, sem þá voru látin falla og svara þurfti.

Jeg ætlaði ekkiað segja mikið um þetta mál. En þar sem mörg ávirðingar- og ófrægðarorð hafa verið sögð, bæði um mig og nefnd þá, er um mál þetta fjallaði í fyrra, og jeg átti sæti í, sje jeg mjer ekki fært annað en segja hjer nokkur orð.

Bæði jeg persónulega og landbn. neðri deildar í fyrra hafa verið borin brigslum, og meðal annars í hinu viðlesna blaði „Tímanum“, sem háttv. þm. Str. er ritstjóri að. Er þar meðal annars sagt um mig og aðra samnefndarmenn mína, að við sjeum skósveinar hæstv. fjrh. Þessi ummæli lýsi jeg hjer með alger ósannindi og vísa þeim aftur til föðurhúsanna.

Þá skal jeg snúa máli mínu til háttv. 2. þm. Reykv. En hann mun víst þegar vera búinn að tala tvisvar, og má því ekki samkv. þingsköpum taka aftur til máls; vænti jeg því, að hæstv. forseti leyfi honum að taka enn á ný til máls, ef þess gerist þörf. (**MJ:** Jeg geng aftur, þó síðar verði.) Þessi háttv. þm. sagði meðal annars, að mál þetta væri einskisvert. En sje svo, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann stendur upp og heldur langar hrókaræður í því. Því satt sagt hjelt jeg, að sá mikli gáfumaður færi ekki að leggja mörg orð til einskisverðra mála. Þá sagði hann og ennfremur, að þingdeildin hefði gert sjer vanvirðu í fyrra, og grundvallaðist sú vanvirða á því, að deildin samþ. frv., sem landbn. hafði til meðferðar og fór í svipaða átt og frv. það, er nú er til umr. Hann sagði og, að stjórn búnaðarfjelagsins, sem kosin var í fyrra, hefði verið kosin með það fyrir augum að vinna ákveðið verk. Þetta býst jeg við að sje rjett hjá þessum háttv. þm., og hann hafi að því leyti ekki haggað rjettu máli. Því að það mun svo um kosningu þessarar stjórnar, eins og um kosningar yfirleitt, að þær eru altaf í ákveðnum tilgangi. Þannig var þessi stjórn kosin sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands, og þá vitanlega til að vinna hennar ákveðna verkefni, en ekki til þess að fást við alla skapaða hluti milli himins og jarðar.

Þá sagði hann ennfremur, að landbn. neðri deildar í fyrra hefði riði á vaðið með ósæmilegt orðbragð og svívirðing-

ar um þáverandi og núverandi búnaðarmálastjóra, Sigurð Sigurðsson. (MJ: Hvað sagði háttv. 1. þm. Rang.?) Hvað sagði hann? Hann sagði, að landbn. hefði verið harðorð, en það er alt annað en segja hana fara með svívirðingar. (MJ: Jeg sagði, að nefndin hefði byrjað með „þennan munnsöfnuð.“) Jeg verð því að mótmæla, að í nál. því, sem landbn. ljet frá sjer fara í fyrra, hafi verið neinar dylgjur, enda þótt þar sje sagt, að eftir því sje vænst, „að fjelagið hafi þeim framkvæmdastjóra á að skipa“ o. s. frv. Þetta eru engar dylgjur og það hefði háttv. 2. þm. Reykv. átt að vera vorkunarlaust að skilja. Annars skal jeg viðurkenna, að það er erfitt að tala um mál, sem geta verið einkamál einstakra manna eins og þetta, þegar búið er að þenja það inn á svona breiðan grundvöll.

Nei, því verður ekki neitað, að það er ekki sæmandi jafn ágætum manni og háttv. 2. þm. Reykv., að viðhafa þau orð um landbn. í fyrra, að framkoma hennar hafi verið óhæfileg og óforsvaranleg í þessu máli, enda þótt svo líti út frá hans bæjardyrum. (MJ: Það eru þær einu rjettu bæjardyr!). Það má vera, að þm. finnist það sjálfum, en svo finst mönnum ekki almennt. Hafi framkoma nefndarinnar verið óforsvaranleg í máli þessu, þá er það sökum þess, að við nefndarmenn höfum ekki vitað betur, sem þá hefir stafað af því, að við höfum ekki fengið rjettar upplýsingar. Er því síst ástæða fyrir háttv. 2. þm. Reykv. að vera að slá slíkum sleggjudómum fram.

Þá kem jeg að háttv. þm. Str. Hann mintist rækilega á þetta mál, eins og við mátti búast og honum bar skylda til, því hann er ekki óverulegur aðili, hvað málið snertir. Fyrst talaði hann um, að hinn rjetti vettvangur fyrir mál þetta væri ekki á Alþingi. Á það atriði lítur hann öðruvísi nú en hann gerði í fyrra, því að þá var það hann, sem kom með málið til þingsins. Leit hann ekki þá svo á, að Alþingi væri hinn rjetti vettvangur? Hann sagði og ennfremur, að bæði hann og aðrir búnaðarþingsfulltrúar hefðu góða samvisku fyrir meðferð sína á málinu. Það er nú svo, að það er ábyggilegasta hrós hvers manns, þegar samviskan segir honum, að hann hafi gert rjett. Hvort slíku sje til að dreifa hjer, skal jeg ekki um segja, nema frá mínum bæjardyrum sjeð, býst jeg við, að annaðhvort sje samviskan hvað þetta mál snertir ekki góð, eða hún sofi.

Mál þetta hefir vakið mikla eftirtekt út um land, og menn hafa því fylgt með athygli öllu, sem í því hefir gerst. Margir hafa litið svo á, að ráðist hafi verið að ósekju á Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra. Aftur hafa aðrir litið svo á, að honum hafi verið vikið frá af eðlilegum ástæðum, af því að það hafi best hentað. Þegar svona stendur, er ekki nema eðlilegt, að menn óski, að úr deilunni sje skorið og hið rjetta verði upplýst. Það er kunugt, að ásakanir hafa gengið á víxl, en það virðist vera orðið lítið úr þeim með þessum svokölluðu griðum eða þessari sætt, sem hv. þm. Str. talaði með svo miklum fjálgleik um. Út af fyrir sig er það vel farið, þegar sættir eða grið komast á, en þá mega þau ekki verða á þann hátt, að þau verði aðeins stundarfriður; þau mega ekki verða á þann hátt, að saklaus maður fái ekki rjetting mála sinna. Hafi afstaða mín og landbn. Nd. gagnvart Sigurði Sigurðssyni verið ill og

rakalaus ofsókn, þá átti hann uppreisn skilda, en skömm að skella á mjer og þeim, sem hefðu viljað sakfella hann að ástæðulausu. Jeg held því nú fram, að sannleikurinn hafi verið vandlega grafinn í búnaðarfjelaginu, og að þá megi lengi bíða þess, að hann komi fram í dagsins ljós.

Auðvitað sagðist hv. þm. Str. ætla að leggja málið í hendur landbn. Alþingis. En það hefði hv. þm. átt að gera áður grið voru sett, svo fremi landbn. kom málið við.

Jeg ætla ekki að tala um úrslit málsins; þau liggja hjer fyrir utan. En jeg segi þetta vegna þeirrar nefndar, sem fjallaði um málið í fyrra. Jeg tel málinu sökt í það djúp, sem vafasamt er, hvort fiska megi það rjett upp úr. Jeg harma það, vegna þess að jeg vil, að hafi jeg gert rangt, þá komi það fram, til þess að það bitni á mjer, en ekki á alsaklausum manni.

Hv. þm. Str. sagði, að grið hefðu verið sett til að varna sundrung. Það er nú altaf rjettdæmi: Sælir eru þeir, sem frið semja. En það er enginn friður, ef lifir í kolunum og sök hvílir á saklausum manni. Með þessari griðasetningu hefir ekki tekist að slá niður sundrunguna, enda er öll meðferð málsins þannig, að slíkt er ekki eðlilegt. Sannleikurinn er ekkert leikfang, sem hægt er að kasta þennan daginn á þessa hlið, en hinn daginn á hina. Sannleikurinn krefst rjettlætisins; hann á að koma fram í hverju máli. Jeg efa það ekki, að það er rjett hjá hv. þm. Str., að afstaða hans hafi verið sú, að koma í veg fyrir sundrung og að ráða málinu sem best til lykta.

Það er nú svo, að þegar mál er hafið, jafnvel á rjettum grundvelli, getur það orsakað sundrungu. En þar sem hver góður maður metur rjettlætið meira en sundrunguna, þá vinnur hann það ekki til griða, að bera sannleikann fyrir borð. Við hv. þm. Str. vorum á einu máli um það, er gerðist í fyrra, þótt við gengjum þess ekki duldir, að það spor, sem þá var tekið, mundi valda sundrung; þá var það aðeins rjettlætið, sem við hugsuðum um að láta hafa framgang sinn. Hv. 2. þm. Reykv. hefir dregið það fram á breiðum grundvelli, að við hefðum talið í fyrra mistök vera á áburðarsölunni. Jeg held mjer við þá skoðun enn; griðin í Bfj. Ísl. villa mjer þar ekki sýn. Það er líklega tilviljun, frekar en einn liður í þessari keðju, að annar aðili þessa máls, maður í firmanu Nathan & Olsen, Olsen að nafni, hefir orðið fyrir þeirri linkind, að þurfa ekki að greiða það gjald, sem hann átti að greiða.

Jeg verð að slá því föstu, að þótt grið virðist hafa verið sett, þá má alls ekki breiða yfir sannleikann, en það er gert, ef hv. þm. Str. gerir ekki betur grein fyrir þessu máli en orðið er. Og gagnvart mjer ber honum skylda til þess.

Þá sagði hv. þm. Str., að ekki væri forsvaranlegt að kasta Sigurði Sigurðssyni út á gaddinn. Þar kom nú betri maður hans fram! Jeg er hv. þm. sammála um þetta. En höfum við þá batnað þetta síðan í fyrra? Það má nú gleðja sig við það, að batnandi manni er best að lifa. Jeg vil nú lifa í þeirri trú, að við, hv. þm. Str. og hv. þm. Barð., förum ekki versnandi með aldrinum.

Þá sagði hv. þm. Str. einkennilega setningu, sem jeg vona, að hann hafi mist óvart af munni sjer. Hann taldi sig aðeins fulltrúa annars pólitíska flokksins í stjórn Bfj. Ísl. Jeg lít nú svo á, að hv. þm. sje fulltrúi allra lands-

manna í stjórn fjelagsins. Jeg hjelt, að hv. þm. Str. ætti að vera það allra manna ljósast og hugleiknast, sem form. Bfj. Ísl., að halda fjelaginu fyrir utan hið pólitíska dægurþras.

Hv. 2. þm. Árn. taldi óþarft að fara mörgum orðum um málið. Það er nú merkilegt, að mestu menn eins og hv. þm. (JörB) skuli skjálfa við það, að drepa fingri á sannleikann. Það er eins og að sum mál verði að draga inn í skuggann. Jeg man ekki betur en að hv. þm. liti með mestu hrifningu á málið í fyrra, sem eitthvert stórmál. Það sannar það, að hann hefir bundið öðrum þær byrðar, sem hann vill ekki leggja á sjálfan sig. Hv. þm. er í landbn. og átti að telja sjer skylt að halda uppi svörum fyrir hana, þótt bæði jeg og hv. 2. þm. Skagf. höfum verið bornir sjerstökum brigslum. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að skoðanir hefðu verið skiftar um þetta mál í landbn. í fyrra. Svo var nú ekki. Það sýnir nál., sem við skrifuðum allir undir. — Þá sagði hv. þm. nokkuð, sem mjer þótti merkilegt — það gat ekki verið af vitsmunaskorti — að landbn. hafi í fyrra farið nærri um, hver niðurstaðan yrði í málinu. Jeg get nú ekki áttað mig á því, hvernig hann hefir getað litið svo á, að eftir þann mikla útblástur, sem varð í málinu, að því yrði sökt í gleymskunnar djúp í Bfj. Ísl. Jeg býst við því, að svo verði litið á, að sökin sje hjá stjórn búnaðarfjel. og landbn., en sje svo, átti það að koma í ljós. Og þetta álit verður enn almennara við það, að eini maðurinn, sem hafði lagaþekkingu í stjórn Bfj. Ísl., er látinn fara. Það er nú svo sem altítt, að skift er um menn í stjórnum. Jeg vil nú ekki viðhafa þá tiskuorðalag, að viðkomandi sje rekinn. En nú vill svo til, að þetta á sjer stað, að því er virðist í sambandi við áburðarmálið, en þar var hlutaðeigandi maður einna harðastur á móti Sigurði Sigurðssyni.

Þá sagði hv. þm. (JörB), að sjer og öðrum andstæðingum hv. 2. þm. Reykv. væri óviðkomandi orð og athafnir Magnúsar Þorlákssonar í stjórn Bfj. Ísl. Það er merkilegt að heyra þetta. Það sannar, að víða viðgengst Pílatusarþvotturinn, en það merkilega við hann er það, að hversu svo sem hver og einn þvær sig þeim þvotti, þá verður hann altaf jafnskítugur eftir sem áður. Nei, þessir menn þora ekki að standa við orð sín eða gerðir, heldur svínbeygja sig, þegar þeir verða fyrir einhverjum utanaðkomandi blæstri. Hv. þm. Str. segist að eins vera fulltrúi síns flokks í stjórn Bfj. Ísl. Svo kemur annar hv. þm. og segir, að ítaka Magnúsar Þorlákssonar í stjórn fjelagsins sje líka pólitísk. Það er þannig sýnilegt, að hjá þessum góðu mönnum er það ekki í einlægni gert að halda þessi grið, heldur hrein og bein yfirborðsblekking. Jeg ímynda mjer, að að því verði dyggilega unnið að smeygja svo mikilli pólitík inn í Bfj. Ísl. sem frekast er mögulegt. Þetta, sem jeg tala, eru ekki ósannindi, og jeg býst ekki við, að nokkur maður geti nokkuru sinni hrakið þessi orð mín, enda sýnir kosning sú, sem nýlega fór fram í stjórn fjelagsins, þar sem maður með lögfræðislega þekkingu er látinn fara, enda þótt góður maður kæmi — að þar er eitthvað talsvert af flokkareiptogi.

Þá sagði hv. þm. (JörB), að hann óskaði ekki eftir neinum upplýsingum um málið; hann hefði fengið þær í fyrra, hefði bygt á þeim upplýsingum, er hann skrifaði undir nál. fræga. Hann um það.

Síðan sagði hann, að hann óskaði ekki eftir trausti frá andstæðingum sínum. Þetta átti að heimfærast til hv. þm. Str.

Það er nú satt að segja einkennilegt, að hverjum manni skuli ekki æfinlega þykja lofið gott, þykja gott að heyra traustsorð, sjerstaklega frá andstæðingum sínum, nema þar sje um að ræða menn, sem maður virðir einskis í ölllu tilliti og er alveg sama um hvað segja. Svo rak hv. þm. á endahnútinn með því að segja, er hv. 2. þm. Reykv. hafði togað það upp úr honum, að eiginlega hafi Sig. Sigurðsson ekki verið settur inn aftur. Annað segir nú stjórn Bfj. Ísl. Og þar hefir hv. þm. Str. gengið gott til. En hann hefir brostið þrek til þess að halda málinu það langt, að það sæist, hvor hefði haft rangt fyrir sjer. Og jeg endurtek það: Hafi jeg gert það sem er rangt, þá vil jeg, að sökin skelli á mjer, en ekki á Sigurði Sigurðssyni saklausum.

Hv. þm. (JörB) talaði um, að verkaskifting sú, er leiddi af griðunum, væri góð í alla staði, þar sem hlutaðeigendur væru góðir hvor á sínu sviði. Það getur vel verið, en þetta er nýtt atriði, sem ekki var ráðgert í fyrra.

Niðurstaða mín er því þessi: Í fyrsta lagi, að stjórn Bfj. Ísl. hafi ekki efnt það, sem hún lofaði í sumar, að leggja málið í hendur landbn. Alþingis, og í öðru lagi, að hún hafi ekki látið þjóðina vita hið rjetta í málinu. Almenningi er lítt kunnugt, hvernig í því liggur, sem ekki er von til, þar sem ekki einu sinni við, sem hjer sitjum, vitum það, hvað gerst hefir fyrir luktum baðstofudyrum.

Jeg held jeg láti nú útrætt um þetta mál að sinni. En jeg vil enda mál mitt með því að fella þann dóm í því, að þetta sje einhver sú allra aumasta niðurstaða í máli, sem maður veit á seinustu tímum. Hún ber vott um tilhneigingu annaðhvort til þess að vera ekki rjettdæmur eða til kjarkleysis; hvort er, veit jeg ekki; held það sje það síðarnefnda.

Björn Líndal: Hjer hafa orðið alllangar umr., en þó ekki vonum fremur, því að málið er þannig í pottinn búið, að þeirra er hin fylsta þörf. En jeg játa þó, að jeg hefi minna grætt á þessum umr. en jeg hefði óskað.

Jeg ætla ekki að bæta við þær ákúrur, sem háttv. þm. Str. hefir orðið fyrir. Jeg er nú ekki grimmari maður en það, að jeg kenni í brjósti um hv. þm. (TrÞ). Því að þó ilt sje að vera borinn röngum sökum, þá er hitt samt enn verra, að vera borinn sönnum sökum. En svo er með háttv. þm. Str. í þessu máli. — En í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að benda háttv. þm. á það, að hann getur ýmislegt gott og gagnlegt af þessum umræðum lært, ef hann ekki lokar augum sínum og eyrum fyrir sannleikanum. Hirtingin, sem hann hefir fengið, ætti að kenna honum, að tamörk eru þó fyrir því, hve djúpt má sökkva sjer í pólitísk óheilindi og undirhyggju, til þess að nokkur von geti verið um það, að úr því forði verði aftur komist nokkurnveginn vansæmdarlaust. Líka eru takmörk fyrir því, hve langt megi hætta sjer út á þá óheillabraut, að blása pólitískum eldi inn í allskonar fjelagsskap, svo að ekki komi sjálfum þeim í koll, er að eldinum blæs. Það er alkunna, að hv. þm. (TrÞ) hefir í broddi öflugs stjórnmála-

flokks reynt með miklum áhuga að gera stór og merkileg fjelög að pólitískum leiksoppum, og þó er það auðsætt öllum meðalgreindum mönnum, að þessum fjelögum hlýtur að vera þetta stórskaðlegt. Á jeg þar við Sambandið og Búnaðarfjelag Íslands, sem bæði eru í eðli sínu algerlega ópólitísk og geta alls ekki verið traustur grundvöllur undir heilbrigðu pólitísku lífi. Jeg vona, að hv. þm. (TrÞ) hafi nú lært af þessu máli, sem hjer um ræðir, að hættulegt er að ganga langt út á þessa braut. Þannig fór það nú í búnaðarfjelaginu, og má mikið vera, ef ekki fer svipað fyrir Sambandinu, áður en langt um líður, ef ekki er gætt hófs í tíma, þótt jeg voni hið gagnstæða í lengstu lög og óski þess af heilum hug, að því verði í tíma bjargað frá því að lenda í svipuðu fargani og búnaðarfjelagið er nú sokkið í.

Það, sem kom mjer sjerstaklega til að standa upp, var eitt atriði í frv., sem hjer liggur fyrir. Er það áþreifanlegt dæmi þess, hve óheillega er í pottinn búið. Jeg á hjer við eitt orð í 2. gr. Greinin öll hljóðar svo — með leyfi forseta: „Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. jan. 1928 fengið a f t u r í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltpjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltpjeturstegundum.“

Eins og kunnugt er, hefir einmitt staðið hörð og hatramleg deila um það, hvort búnaðarfjelagið hafi nokkurntíma haft þetta umboð eða ekki. Með þessu orðalagi er því verið að gera tilraun til þess að ginna þingið til þess að fella dóm um mál, án þess að nokkur skjöl eða skilríki liggi fyrir, sem byggður verði á sæmilega rjettlátur dómur. Hv. þm. hefir sjálfur manna mest og best unnið að því, að stinga öllum upplýsingum um þetta mál undir stól og rugla um það fram og aftur í blaði sínu, svo að enginn getur af þeim skrifum sjeð, hvað satt er eða logið. Og nú fyrir skömmu hefir hann lokað munni rannsóknarnefndarinnar, sem skipuð var á búnaðarþinginu, einmitt til þess að rannsaka þetta áburðarmál, og þó einkum, hvort búnaðarfjelagið hafi haft þetta einkasöluumboð eða ekki. Jeg krefst þess, að hann geri grein fyrir því, hvað fyrir honum vakir með orðinu „aftur“ í frvgr., ef það er eitthvað annað en jeg hefi bent á. Að öðrum kosti verð jeg að halda fast við það, að þinginu sje gerð ófyrirgefanleg vansæmd með þessu athæfi. Tel jeg ekki forsvaranlegt að bjóða þinginu þetta.

Alt frv. er nú í rauninni endileysa. Það hefir verið bent á, að 3. gr. er sjálfri sjer sundurþykk. Hún er, vægast sagt, bull frá upphafi til enda. Fyrst er þar talað um, að skip ríkissjóðs skuli flytja áburðinn ókeypis. Því næst er stjórninni gefin heimild til þess að semja við Eimskipafjelagið um ókeypis flutning. Af þessu er fyrst og fremst ljóst, að hv. þm. (TrÞ) er ekki betur að sjer en það, að hann heldur, að stjórnin geti ekki gert samninga um ódýran eða ókeypis flutning fyrir ríkissjóð, nema sjerstök lagaheimild sje fyrir þessu. Og í lok gr. stendur: „Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.“ Hvaða kostnaður er þetta, ef áburðurinn á að flytjast ókeypis? Eða er stjórninni ekki leyfilegt að semja við Eimskipafjelagið, nema hún taki borgun fyrir það? Þetta er í meira lagi einkennileg endileysa og hlálegur hugsanagrautur.

Í 1. gr. segir, að búnaðarfjelagið geti

framselt einkasölurjett sinn í hendur öðrum, annaðhvort fjelagi eða einstaklingi, ef atvrh. samþykkir. Jeg býst nú við því, ef Framsóknarflokkurinn verður ofan á við næstu kosningar, að þá verði hv. þm. Str. atvrh. í hinni nýju stjórn. En jeg segi fyrir mig, að jeg ber ekkert traust til hans til þess að beita þessu ákvæði laganna rjettilega og á þann hátt, er þjóðinni mætti að mestu gagni verða.

Frv. er alt samtvinnaðar hugsanavillur og óheilindi, og er reynt með því að ginna þingið til þess, að dæma um mál, sem það getur ekki dæmt um, vegna ófullnægjandi upplýsinga. Loks vil jeg ennþá einu sinni leyfa mjer að benda á þann óheillaanda, sem þetta frv.er innblásið af, þann anda, sem þessir háu herrar, „bændaleiðtogarnir" eru alstaðar að stritast við að smeygja inn í hugskot íslenskra bænda. Þeir eru látlaust að stritast við að gera þá að auðvirðilegum ölmusuræflum, með því að telja þeim trú um, að þeir komist ekki af án ívilnana og gjafa á öllum sviðum, og reyna þannig að drepa úr þeim alla dáð og sjálfsbjargarviðleitni. Nýlega var hjer frv. á ferðinni um breytingar á vörutollslögunum, afnám vörutolls á innfluttum kraftfóðurtegundum, sem eftir athugun fjhn. mun koma til að nema um 200 kr. á ári. Um þetta var mikið rætt á búnaðarþinginu og færðar margar ástæður fyrir því, hve nauðsynlegt það væri að fá þessa stóru upphæð, 200 kr., afnumda. En vitanlegt er, að þetta verður aðeins hagur fyrir þá bændur, sem búa í nánd við kaupstaðina, helst Reykjavík, og sem þar af leiðandi hafa langbesta aðstöðu til þess að reka búskap sinn með hagnaði, sakir þess, hve góðan markað þeir hafa við hendina fyrir afurðir sínar. Þetta mun aftur yfirleitt lítið snerta bændur út um sveitir, enda er hjer um hlægilega litla upphæð að ræða. En hitt er vitanlega annað mál, að bændaleiðtogarnir telja sjer það kanske vænlegt til kosningafylgis að flagga með þessari miklu umhyggjsemi fyrir hag bændastjettarinnar. Hjer kemur svo frv. um ókeypis flutning á áburðinum, sem sennilega þykir enn veiðnari kosningabeita.

Það hefir rjettilega verið spurt að því, hvaða fjelag eða einstaklingar mundi standa því næst, að fá einkasöluna hjá Búnaðarfjelagi Íslands, ef frv. þetta verður að lögum. Því hefir enn ekki verið svarað. En þetta er mikilsvert atriði, og vil jeg því endurtaka spurninguna. Ef nú búnaðarfjelagið hefir sjálft söluna á hendi, hvorum búnaðarmálastjóranum verður hún þá falin? Er það satt, að sá sami maður eigi nú að hafa söluna framvegis, er áður á að hafa reynst algerlega óhæfur til þess, að dómi fjelagsstjórnarinnar, og var fyrir þær sakir rekinn frá fjelaginu í fyrra? Ef svo er, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja: Hefir hann breyst svona mjög til batnaðar á þessu eina ári? Er honum betur trúandi nú en í fyrra? Það er skylda hv. þm. Str. að gera grein fyrir þessu.

Eins og jeg hefi sagt, er frv. alt ein endileysa. Það hefði aldei átt að koma fram, og er þinginu algerlega ósamboðið, bæði að formi, efni og anda. Jeg neita, sem bóndi, fyrir hönd bændastjettarinnar, að taka við nokkrum ölmusugjöfum. Og jeg veit, að mikill hluti bænda mun fylgja mjer í því. Frv. á ekki skilið að fara til 2. umr., því að

það tefur aðeins með því störf þingsins. Þess vegna legg jeg eindregið til, að frv. verði styttur aldur þegar í stað.

Flm. Tryggvi Þórhallsson): Það eru nú liðnir 8 sólarhringar síðan 1. umr. hófst, og hefir mál þetta komið 6 sinnum á dagskrá. Það hafa oft verið látin falla orð um óþarflega mælgi hjer á þinginu, en jeg verð að láta í ljós, að þau orð eiga hvergi betur við en einmitt hjer. Síðan jeg talaði síðast, fyrir 7 sólarhringum, hafa ekki nema örfá orð verið töluð um sjálft frv., og það var, þegar síðasti ræðumaður, hv. þm. Ak. vjek ofurlítið að því. Annars hefir annað mál verið rætt hjer, sem eins vel hefði mátt koma að við umr. um fjárlögin. En eins og jeg hefi áður sagt, er vettvangur þess alls ekki hjer, heldur í landbn. Jeg sje því ekki ástæðu til að svara mörgu af því, sem fram hefir verið borið.

Jeg vil þó fyrst víkja lítillega að ræðu hv. þm. Ak., enda er það eina ræðan í þessu máli, sem snertir frv. Hv. þm. fann all-þunglega að því, hvað frv. væri illa orðað. Tók hann t. d. 2. gr. og talaði um, að verið væri að ginna Alþingi til þess að fella hjer dóm. En þm. hefir verið nokkuð fljótfær, því að það er ekki jeg, sem hefi orðað þetta, heldur landbn. Frv. var borið fram í fyrra af landbn. Nd., þar á meðal hv. þm. Barð., og var hv. 2. þm. Skagf., flokksbróðir hv. þm. Ak., frsm. nefndarinnar. Þeir eiga þetta orðalag, en ekki jeg. Eins er um hitt, þar sem er heimildin til þess að framselja einkasöluumboðið. Það er tekið orðrjett, eins og það var í frv. nefndarinnar. Það var ekkert annað en kurteisi við hv. deild, að breyta hjer engu, þar sem hún samþ. frv. þannig í fyrra með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Geta skal jeg þó þess, að hv. þm. Ak. var á móti því, en hann áleit það þó ekki næri eins heimskulegt þá og hann nú gerir. En hann má fella eins þungan dóm yfir frv. og hann vill. Jeg hefi aðeins prentað það upp, eins og landbn. bar það fram og deildin samþykti.

Hv. þm. (BL) vjek í þessu sambandi að frv. því, sem jeg hefi borið fram, um breytingu á vörutollslögunum. Það fer fram á að ljetta tolli af fóðurtegund, sem er bændum mjög nauðsynleg. Jeg hefi ekkert verið að flagga með þetta frv. Jeg hefi aðeins borið það fram, samkv. eindregnum óskum búnaðarþings. Mjer er bæði ljúft og skylt að bera það fram, sem samkunda bænda æskir, þó að jeg fái álasanir fyrir. Jeg skal taka það fram, að þótt háttv. þm. (BL) telji sig bónda, þá er hann þó fyrst og fremst annað. — Þetta var nú það eina, sem vikið var að frv. og einstökum atriðum þess.

Síðan jeg talaði, hafa 4—5 þm. úr andstæðingaflokki mínum hjer í deildinni látið í ljós óánægju yfir þeim tíðindum, sem gerðust á síðasta búnaðarþingi. En jeg vil benda á það, að af hálfu þeirra, sem jeg verð að telja umbjóðendur mína sem fulltrúi í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, hafa ekki komið fram neinar aðfinslur, heldur þvert á móti. Það væri nær fyrir andstæðingana að beina aðfinslum sínum til þess manns, sem fer með umboð þeirra. En þótt þeir vildu nú gera það, þá væri það algerlega rangt. Eins væri það líka miður farið, ef þeir vildu nú lýsa vantrausti á honum, því að þeir hafa fulla sæmd af þeim manni sem fulltrúa sínum og mega óefað treysta honum. En jeg vil spyrja: Af hverra manna hálfu koma

þessir háttv. þm. fram með aðfinslur sínar? Er það af hálfu Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra? Jeg vil fullyrða, að það sje ekki af hans hálfu. Er það af hálfu Magnúsar Þorlákssonar á Blikastöðum? Jeg er viss um, að það er ekki af hans hálfu, enda beinast þessar ásakanir þeirra einna helst að honum. Er það af hálfu þeirra manna, sem sátu á búnaðarþinginu? Jeg er viss um, að svo hefir ekki verið. Hver er þá tilgangurinn með öllu þessu? Er hann sá, að greiða fyrir starfsemi Búnaðarfjelags Íslands og efla landbúnaðinn? Jeg neita því. Enginn góður tilgangur er í því að þyrla upp þessu moldviðri. Það er verið að reyna það eitt, að spilla starfsemi mjög merkrar stofnunar.

Jeg vil mótmæla því, að kastað sje á óviðeigandi hátt hnútum að mönnum þeim á búnaðarþinginu, sem sátu í rannsóknarnefndinni. Það var yfirgnæfandi meiri hluti, eða ¾ búnaðarþingsfulltrúanna, sem afgreiddu málið þannig og mótatkvæðalaust, með það fyrir augum, að fjelagið gæti haldið áfram starfi sínu. Jeg tel mjer sóma að því, að standa við hlið þeirra manna, og þó raunar í fylkingarbrjósti, sem með samþykt sinni á búnaðarþinginu stuðluðu að því, að starfsemi þessa þjóðnýta fjelags gæti orðið til sem mests gagns fyrir hinn íslenska landbúnað.

Mjer þykir rjett, þar sem háttv. þm. V.-Sk. og háttv. 2. þm. Reykv. hafa beint til mín nokkrum spurningum, að svara þeim að einhverju leyti, ef jeg get. Háttv. þm. V.-Sk. spurði, hvaða fjárhagsafleiðingar hin nýja skipun á búnaðarmálastjórastöðunni hefði í för með sjer. Um það er ekki hægt að segja með alveg fullri vissu enn, þar sem ekki er endanlega gengið frá þessu af hálfu stjórnar búnaðarfjelagsins. Búnaðarþingið gekk auðvitað frá fjárhagsáætluninni, áður en því sleit. En jeg geri ráð fyrir að þessi skipun verði ekki til neins kostnaðarauka og jafnvel fremur til sparnaðar í samanburði við fjárhagsáætlunina.

Þá spurði háttv. þm., hvort álitast mætti, að heimild væri til þess að skifta búnaðarmálastjórastarfinu. Jeg er ekki lögfræðingur. En þar sem spurningu þessari var beint til hæstv. atvrh., býst jeg við, að hann svari henni. Jeg vil þó benda á það, að þessi skipun var samþ. með þeim meiri hl., sem þarf til að koma fram breytingum á lögum Búnaðarfjelags Íslands. Út frá því, meðal annars, hika jeg ekki við að byggja á þessari samþykt.

Háttv. 2. þm. Reykv. spurði, hvort Sigurður Sigurðsson hefði verið settur inn í embættið aftur. Það er ekki orðið formlega, en jeg tel víst, að það komist í kring, og persónulega skoða jeg það sem þegar orðið. (**HK:** Þá hefir landbn. haft rangt fyrir sjer í fyrra). Háttv. þm. Barð. er sjálfur í landbn., og á þeim vettvangi mun hann geta fengið þær upplýsingar, sem hann æskir. (**HK:** En hversvegna ekki alveg eins hjer?).

Þá spurði háttv. 2. þm. Reykv., hvort búið væri að skifta verkum milli búnaðarmálastjóranna. Það er ekki búið til fulls. Einnig spurði hann, hvor þeirra yrði látinn fara með áburðarsöluna fyrir hönd fjelagsins. Jeg er hjer aðeins einn af þrem úr stjórn Bfj. Ísl. En ef háttv. þm. les frv., þá sjer hann, að þar er gert ráð fyrir, að fjelagið hafi heimild til þess að framselja einkasöluumboðið öðrum í hendur. Jeg býst við, að

þessi heimild verði notuð, enda gerði landbn. ráð fyrir því, að búnaðarfjelagið framseldi það bændafjelögunum.

Annars mega andstæðingarnir kljást um þetta mál eins og þeir vilja og beina spjótum sínum til mín. Einum gengur þetta til og öðrum hitt. Jeg tel mjer ekki skylt að standa þeim reikningsskap, eins og nú standa sakir. En jeg mun gera frekari grein fyrir málinu, er það kemur til landbn., og svo ítarlega sem nefndin frekast óskar.

Björn Líndal: Það er ekki í fyrsta skifti, sem háttv. þm. Str. ver sig með því, að hafa tekið þetta eða hitt upp eftir öðrum. En slík afsökun er altaf lítils virði og oftast einkis virði. Hann ætti þá að minsta kosti að hafa vit á því, að athuga, hvað það er, sem hann er að taka upp eftir öðrum. En þó að það kunni að hafa verið afsakanlegt í fyrra, þá er það alveg óafsakanlegt í ár, að flytja þetta frv. eins og það er úr garði gert. Í fyrra var það alment ekki talið jafnmikið efamál og nú, að búnaðarfjelagið hafi haft einkasölu á Noregssaltpjetri. Þá var heldur ekki búið að vikja búnaðarmálastjóra frá, og þingið vissi ekkert, hvað var að gerast bak við tjöldin í búnaðarfjelaginu. Þáverandi búnaðarmálastjóri hafði og engu svarað og ekki gert neina grein fyrir aðstöðu sinni. En nú hefir hann gert það, og hann þvertekur fyrir, að búnaðarfjelagið hafi haft þetta einkasölumboð. Í fyrra mátti það vel takast að telja Alþingi trú um, að enginn verulegur ágreiningur væri um þetta, þar eð deilurnar höfðu þá ekki komið opinberlega í ljós. Þegar jeg greiddi atkv. gegn frv. á síðasta þingi, var það ekki af þeirri ástæðu, að jeg væri að væna háttv. landbn. þess, að hún færi með rangt mál. Hún gat þá tæplega nokkuð ákveðið um þetta vitað. Hún hefir nú heldur ekki leyft sjer að taka frv. upp aftur, eftir að henni varð kunnara, hvernig í því lá.

Þá sagði háttv. þm. Str., að 200 kr. frv. hefi verið samþ. á búnaðarþinginu. Það er ljeleg málsbót fyrir því, að gerast talsmaður einhverrar fjarstæðu, þótt einhver annar hafi orðið fyrri til þess að bera hana opinberlega fram. Það er altaf órækur vottur um fljótfærni og framhleypni að gera slíkt, án þess að athuga nokkuð, hvert verið er að fara. Það er engin málsbót, þótt smásálunum takist að fá menn á sitt mál eða þótt þm. gerist talsmaður einhvers, án þess að athuga nokkuð, hvað það er.

Háttv. þm. Str. spurði, af hvaða manna hálfu við töluðum. Þetta eru eftirtektarverð orð í munni þessa háttv. þm. Þau sýna það glögglega, að hann talar aldrei eða segir álit sitt á neinu máli, nema af hálfu eða fyrir munn annara manna, eða eftir því, sem þeim kemur best í það og það skiftið. Jeg vil vekja athygli þingsins á þessum orðum, því að þau eru afar eftirtektarverð. En jeg skal segja háttv. þm. (TrÞ) það, að jeg tala hjer, eins og endranær, af sjálfs mín sannfæringu, án þess að láta mig þar nokkru skifta, hvort öðrum líkar betur eða ver. Og jeg lýsi því yfir hjer í heyranda hljóði, að jeg tel þetta áburðarmál frá upphafi til enda eitt stórhneyksli. Jeg er ekki einn um þetta, heldur veit jeg, að jeg tala hjer jafnframt fyrir munn þúsunda bænda. Mál þetta og meðferð þess á búnaðarþinginu hefir vakið slíka athygli um land alt. Það er sárt, þegar annað eins hneyksli á sjer stað í jafngóðu fjelagi og Búnað-

arfjelag Íslands ætti að vera, ef það væri í höndum góðra manna. Þetta fjelag fær stórfje úr ríkissjóði, sem það ráðstafar og ræður yfir að öllu leyti. Þm. eiga því að gæta betur að, hvað gerist í því fjelagi, heldur en í nokkru öðru fjelagi hjer á landi. Jeg tala hjer einungis af umhyggju fyrir búnaðarfjelaginu og hinum íslenska landbúnaði. Það bætir lítið úr þessu hneykslismáli, þótt látið sje heita svo, að sættir hafi komist á, enda virðast þær sættir einkum vera í því fólgnar að breiða sem vendilegast yfir hneykslið, og dylja það fyrir þingi og þjóð, hverjir eigi hjer mesta sök á. Hjer er í raun og veru um opinbera starfsmenn að ræða, sem einráðir mega heita yfir stórfje, sem ríkið leggur til og víðtækust áhrif getur haft á öll landbúnaðarmál. Leynisættir slíkra manna um mál, er janmikið varðar almenning og þetta mál, ganga hneyksli næst, því að þær geta verið sameiginlegt skálkaskjól, og enda oftast líklegast, að þær sjeu það og annað ekki.

Háttv. þm. gat um það í lok ræðu sinnar, að einkasöluumboðið mundi afhent bændafjelögunum. Hvaða fjelög eru það? Er ekki Búnaðarfjelag Íslands fyrst og fremst bændafjelag. Eða er hjer átt við Sambandið? Það hefir þó ekki hingað til verið neitt ákaflega sólgið í að fá einkasölu á þessum margumræddu áburði. Eða meinar háttv. þm. Mjólkurfjelag Reykjavíkur? Er því ætluð einkasalan? Þá kastaði nú fyrst tólfunum. Annars væri fróðlegt að fá að vita, hvað hv. þm. á við með orðinu bændafjelög.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Str. minti mig á það, að hv. þm. V.-Sk. hefði beint þeirri spurningu til mín, hvort það væri löglegt að hafa búnaðarmálastjórana tvo, og hvort stjórnin mundi gera nokkuð til þess að leiðrjetta það.

Jeg lít svo á, að Búnaðarfjelag Íslands sje fjelag einstakra manna, og að ríkisstjórnin hafi því eigi neinn íhlutunarjett um það, hvernig fjelagið hagar starfsmannahaldi sínu. Ennfremur skal jeg geta þess, að mjer hefir skilist það á hv. þm. Str., að af þessari breytingu leiddi engan aukinn kostnað fyrir fjelagið, þar sem báðir búnaðarmálastjórarnir gegni að auki ráðunautastarfi í fjelaginu. Ef jeg fer ekki rjett með, þá vænti jeg, að hv. þm. Str. gefi nánari skýringu á þessu.

Það var ekki ætlun mín að blanda mjer inn í umr. þessa máls. Hv. þm. Str. hefir stýrt búnaðarfjelagsskútunni inn á milli skerja, og það er því hans að sigla henni út aftur. Skal jeg ekki ónáða hann í þeirri starfsemi hans, enda geri jeg ráð fyrir, að hann búist ekki við aðstoð minni í því efni, nje vilji þiggja hana.

Árni Jónsson: Það er aðeins stutt athugasemd, þó ekki til þess að bera sakir af mjer, heldur af öðrum mönnum. Jeg vildi með nokkrum orðum skýra ummæli mín við fyrri meðferð þessa máls. Jeg talaði um það, að eins og framkvæmdarstjórn búnaðarfjelagsins væri nú skipuð, væri ekki hægt að treysta henni sem heild. Tveir aðilar hefðu ást þar við, annarsvegar stjórn Búnaðarfjelags Íslands, en hinsvegar Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri. Þar hefðu svo þungar sakir verið bornar á hvorn aðilann um sig af hinum aðilanum, að sá, sem öðrum treysti, gæti ekki treyst hinum.

Jeg ætla ekkert að draga úr þessum ummælum. En það er einn maður í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, sem kosinn var á síðasta búnaðarþingi, og jeg tel mjer skylt að geta þess, að þessi ummæli snerta hann alls ekki, heldur aðeins þá tvo fulltrúa, sem áfram eru í stjórn fjelagsins, hv. þm. Str. og Magnús Þorláksson. Það er ennfremur óþarfi að geta þess, að þessi ummæli mín snerta hvorki búnaðarmálastjórann nýja, hr. Metúsalem Stefánsson, nje fráfarandi stjórnarnefndarmann, Vigfús Einarsson, heldur lúta ummælin að sambúð höfuðandstæðinganna í málinu í fyrra. Þar stendur fast það, sem jeg sagði, að sá, sem öðrum aðilanum treysti, gæti ekki treyst hinum.

Jeg veit ekki, hvort jeg má tala lengur, en jeg vil nú mega bæta nokkrum orðum við. Hv. þm. Str. segir, að sjer beri ekki að standa reikningsskil gerða sinna í búnaðarfjelaginu öðrum en flokksmönnum. Jeg vil leyfa mjer að benda hv. þm. á það, að hann var ekki kosinn í stjórn búnaðarfjelagsins aðeins af flokksmönnum sínum, heldur kusu hann einnig 2 menn úr Íhaldsflokknum. Og þegar hann segir, að hann hafi engar ákúrur fengið úr flokki sínum, þá má þó geta þess, að hann hefir fengið þungar ákúrur frá hv. þm. Barð., sem var annar Íhaldsmanna, sem kusu hann.

Hv. þm. gat þess, að hjer í þinginu væri ekki rjettur vettvangur þessa máls, en hann mundi gefa landbn. skýrslu um það, ef hún óskaði þess, en þess hefði ennþá ekki verið óskað. Hv. þm. leit þó svo á, er stjórn búnaðarfjelagsins samdi greinargerð sína síðastl. sumar, að það væri skylda hennar að bera hana undir landbn. þingsins, en gengur nú fram hjá nefndunum með þetta mál. Hv. þm. hjelt því fram í seinni ræðu sinni, að þeir, sem mótmælum hreyfðu í máli þessu, gerðu það ekki af góðum hvötum. Jeg minnist þess, að hv. þm. ljet í ljós um mig í umr. um daginn um þetta mál, að andstaða mín væri ekki sprottin af illum hvötum, heldur af umhyggju fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, eða starfsemi þess. Jeg get því ekki tekið þessi síðari ummæli hans um hvatir andstæðinganna til mín, og óska, að hann taki þau aftur, hvað mig snertir. Jeg hefi lagt margar spurningar fyrir hv. þm. máli þessu viðvíkjandi, en hann hefir ekki svarað þeim. Jeg ætla mjer ekki að endurtaka þær spurningar, þar eð jeg hygg, að hann muni ekki frekar svara þeim nú. En jeg mun hafa mína skoðun á því, af hvaða hvötum hann vill ekki svara þeim. Þar sem hv. þm. talaði um það, af hverra hálfu vjer andmælendur töluðum, þá er ekki úr vegi að beina þeirri spurningu til hv. þm., af hverra hálfu hann telur sig hafa haft umboð til þess að jarða þetta mál. Hvort hann telur sig hafa haft umboð bænda til þess. Bændunum er skylt og rjett að fylgjast með í starfsemi Búnaðarfjelags Íslands; hv. þm. telur sig fulltrúa bænda og er því ekki nema eðlilegt að spyrja hann, hvort hann áliti betra frá sjónarmiði bænda, að fá málið rækilega skýrt, eða þaggað með slíkri sáttagerð sem þessari.

Að endingu vil jeg minna hv. þm. (TrÞ) á hið gamla og góða orðtæki, að það riki, sem er sjálfu sjer sundurþykt, fær ekki staðist.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Það er aðeins stutt athugasemd. Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Ak. miklu — finn ekki ástæðu til að elta ummæli hans

um stjórnendur Búnaðarfjelags Íslands. Jeg læt hann tala um sameiginlegt skálkaskjól með stjórnendum búnaðarfjelagsins, en jeg skal leyfa mjer að segja hv. þm. (BL) það, að jeg vil heldur vera í þeim hóp, þó að hann kalli alla þá menn skálka, heldur en að vera í hópi þeirra manna, er hv. þm. Ak. telur sig til. Jeg uni því hlutskifti vel.

Hæstv. atvrh. ljet þau orð falla í ræðu sinni, sem jeg get ekki verið honum sammála um. Hann kvaðst líta á búnaðarfjelagið svo, að það væri einkafjelag. Jeg lít aftur á móti svo á, að búnaðarfjelagið sje opinber stofnun. Fyrst og fremst fær fjelagið fje sitt nálega alt frá ríkinu, og auk þess er því gert að vinna ótal opinber störf fyrir ríkið, það eru sett lög um starf þess af Alþingi, og ef fjelagið yrði leyst upp, tel jeg engan vafa geta leikið á, að ríkið ætti eignir þess.

Mjer þótti vænt um að heyra það frá hæstv. atvrh., að hann ætlaði ekki að ónáða oss í búnaðarfjelaginu í tilraun vorri til þess að sigla fjelaginu út úr skerjunum, og vænti jeg þess, að hæstv. ráðh. sje í því atriði ekki í ósamræmi við flokksbræður sína í þessari háttv. deild.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði í ræðu sinni, að jeg vildi ekki svara spurningum hans viðvíkjandi þessu máli. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi þegar svarað þeim spurningum í hv. landbn. þessarar deildar. Þá varpaði hv. þm. fram þeirri spurningu, hverja jeg skoðaði sem umbjóðendur mína í búnaðarfjelaginu, og gat þess í því sambandi, að meðal annara hefðu 2 íhaldsmenn kosið mig í stjórn fjelagsins. Þessu er því til að svara, að þessir menn kusu mig ekki í stjórn búnðarfjelagsins til þess í raun og veru að tryggja kosningu mína, heldur til þess að tryggja kosningu annars; mína kosningu þurftu þeir ekki að tryggja. Þá beindi hv. þm. þeirri spurningu til mín, hvaða umboð jeg hefði haft til þess að jarða þetta mál í búnaðarþinginu, og er því til þess að svara, að yfir moldum óeiningarinnar í Bfj. Ísl. stóðu allir starfsmenn þess, stjórnendur og aðrir, og fulltrúar á búnaðarþingi sameinaðir.

Jón Kjartansson: Jeg leyfi mjer að mótmæla þeirri skoðun formanns Búnaðarfjelags Íslands — eins og málið horfir nú við — að það sje ekki rjettur vettvangur þess hjer á Alþingi. Enn fremur mótmæli jeg þeim getsökum hans, að illar hvatir liggi bak við andstöðu þingmanna gegn honum í þessu máli. Þessi stofnun, búnaðarfjelagið, snertir stærsta velferðarmál íslenskra bænda. Jeg vil minna formann búnaðarfjelagsins á það, að það standa miklu fleiri bændur að kosningu okkar andstæðinga hans í máli þessu en hans. Mikill meiri hluti bænda þessa lands er á okkar máli, og þeir krefjast þess, að málið verði rannsakað í botn. Ef það er ekki hægt, nema með því að ræða það hjer, þá verður það að gerast.

Jeg beindi þeirri spurningu á dögunum til formanns búnaðarfjelagsins og hæstv. atvrh., samkvæmt hvaða heimild ákveðið hefði verið að hafa tvo búnaðarmálastjóra. Það eru allir sammála um það, að lög Búnaðarfjelags Íslands geri ekki ráð fyrir nema einum búnaðarmálastjóra, en lögum fjelagsins verður ekki breytt nema samkvæmt 19. gr., sem hljóðar þannig — með leyfi hæstv. forseta:

„Lögum þessum má breyta á búnað-

arþingi, en til þess þarf atkvæði að minsta kosti ¾ allra fulltrúa.“

Hv. þm. Str. viðurkendi, að lögum búnaðarfjelagsins hefði ekki verið breytt á búnaðarþinginu, en sagði, að fyrir breytingu þeirri, sem gerð var, hefði fengist nægur atkvæðafjöldi, eins og krafist er við lagabreytingu. Það má vel vera, að það sje rjett hjá hv. þm. En þó að svo hafi verið, þá er það alt annað en að breyta lögunum. Þetta sjest best á því, að ef næsta búnaðarþing vill breyta þessu atriði aftur, þá þarf ekki til þess ¾ atkv., heldur nægir til þess einfaldur meiri hl. Sýnir þetta ljóslega, að breytingin hefir ekki verið gerð samkvæmt lögum fjelagsins.

Jeg held þess vegna fram, að með þessari ráðstöfun hafi lög búnaðarfjelagsins verið brotin, og jeg held því ennfremur fram, að það hafi verið og sje skylda hæstv. ríkisstjórnar að leiðrjetta það.

Mjer kom mjög kynlega fyrir ágreiningur sá, er kom fram milli hæstv. ráðh. (MG) og formanns búnaðarfjelagsins um skilning á eðli búnaðarfjelagsins. En út í þann ágreining skal jeg ekki fara frekar að þessu sinni. Hinu verð jeg hiklaust að halda fram, að samkvæmt jarðræktarlögunum og öðrum lögum, er að búnaðarmálum lúta, þá er æðsta stjórn þessara mála í höndum atvm.-ráðuneytisins. Hæstv. atvrh. (MG) var því ekki einugis rjett, heldur skylt að koma í veg fyrir, að lög búnaðarfjelagsins væru brotin, eins og nú hefir orðið raunin á.

Það virtist einnig kenna nokkurs ósamræmis hjá hæstv. atvrh. og formanns búnaðarfjelagsins um kjör búnaðarmálastjóranna. Mjer skildist það á ákvörðun búnaðarþingsins, að báðir búnaðarmálastjórarnir eigi að búa við samskonar kjör og njóta samskonar rjettinda og þeirra, er búnaðarmálastjóri hafði áður, þ. e. hafa laun búnaðarmálastjóra, en ekki ráðunauta, eins og hæstv. atvrh. vildi halda fram. Tel jeg mikils um vert að leiðrjetta þetta, sem búnaðrþingið hefir rangt gert í máli þessu, því breytingin var ekki gerð til þess að bæta úr ágöllum á stjórnarfyrirkomulagi búnaðarfjelagsins, heldur til þess að dreifa framkvæmdavaldi þess. Hv. þm. (TrÞ) sagði, að ennþá væri ekki búið að skifta verkum með búnaðarmálastjórunum. En af hverju kemur það? Það hafa verið gerðar margar tilraunir til þess, en verkaskiftingin hefir til þessa verið þannig úr garði gerð frá stjórn Bfj. Ísl., að b á ð i r búnaðarmálastjórarnir hafa neitað að hlíta. Þetta máttu menn vita fyrirfram, því að sáttagerðin var ekki gerð málefnisins vegna, heldur vegna mannanna. Verkaskiftingin varð því að fara fram eftir skoðun búnaðarmálastjóranna á áburðarmálinu, en ekki eftir þekkingu þeirra á einstökum búnaðarmálum. En það er augljóst, að slík verkaskifting er ekki holl fyrir viðgang og framtíð búnaðarfjelagsins. Það er því engin ástæða til að róma þessa sáttagerð búnaðarþingsins, því að ef hún verður til þess að sundra kröftum búnaðarfjelagsins, sem alt bendir á að hún muni gera, þá er ver farið en heima setið.

Jeg get vel skilið það, að þeir hv. þm., sem skoða Bfj. Ísl. sem pólitíska stofnun, vilji reyna að breiða yfir það, sem stjórnin hefir rangt gert í máli þessu. En jeg lít svo á, að Búnaðarfjelag Íslands sje stofnun, sem ráða eigi fram úr mestu velferðarmálum íslenskra

bænda og því eigi fyrst og fremst að líta á það, hvað starfsemi fjelagsins á þessu sviði er fyrir bestu, en ekki á hitt, hvað einhverjum stjórnmálaflokki kæmi best.

Mjer þótti það all-einkennilegt, er fram kom í ræðu hv. 2. þm. Árn., að hann gaf í skyn, að Sigurður Sigurðsson væri ekki búnaðarmálastjóri áfram. Það er að vísu rjett, að Sigurður Sigurðsson er ekki ennþá orðinn búnaðarmálastjóri. En ef jeg skil rjett ályktun búnaðarþingsins, þá er það tilætlun þess, að hann verði búnaðarmálastjóri út á við og annist störf búnaðarmálastjóra, eins og þau eru ákveðin í lögum búnaðarfjelagsins, en ekki almenn skrifstofustörf. En þar sem búnaðarþingið hefir ákveðið, að Sigurður Sigurðsson skuli aftur gerður að búnaðarmálastjóra, þá hefir það með því viðurkent og sannað, að hann hafi verið hafður fyrir rangri sök, þegar honum var vikið frá stöðu sinni, vegna afskifta af svokölluðu „áburðarmáli". En því má þá ekki almenningur vita sannleikann í þessu máli? Óttast menn, að hin pólitíska stjarna „fulltrúa flokkanna" í búnaðarfjelagsstjórninni mundi lækka, ef sannleikurinn kæmi í ljós?

Mál þetta gefur Alþingi gott tækifæri til þess að breyta innan skamms tilhöguninni á búnaðarfjelaginu. Því að eins og þar hagar til nú, þá er alls engin trygging fyrir því, að hæfir menn skipi stjórn þess. Stjórnin getur alveg eins verið skipuð pólitiskum loddurum. Þeim eru svo fengin hundruð þúsunda kr. í hendur til ráðstöfunar. Mjer skildist á núverandi form. Bfj. Ísl., hv. þm. Str., að hann skildi svo verksvið sitt í búnaðarfjel., að hann væri þar fulltrúi ákveðins stjórnmálaflokks. Sama skoðun kom einnig fram í ræðu hv. 2. þm. Árn. — Býst jeg nú ekki við, að þetta hafi verið ætlunin í upphafi, þó þessir hv. þm. vilji, að þannig verði það í framtíðinni. Sjá allir, í hvílíkt óefni er komið með þessi mál, þegar svona er ástatt.

Það hefir mikið verið um það rætt í seinni tíð, að stærsta málið, sem nú bíði úrlausnar á landi hjer, sje viðreisn landbúnaðarins, og um það hafa allir þingflokkar verið sammála. En sje svo, að þetta sje rjett, þá er það mikilsvert, að ekki sje stigið víxlspor í þessari viðleitni. Jeg tel það ugglaust, að í framtíðinni verði það svo, eins og það hefir verið hingað til, að Búnaðarfjelag Íslands hafi aðalforustuna í þessu viðreisnarstarfi. En ef það á að fara að draga þá stofnun inn í pólitiskan flokkadrátt, þá er jeg hræddur um, að minna verði úr viðreisninni en menn hafa gert sjer vonir um til þessa.

Jeg treysti því, að hæstv. atvrh. reyni að jafna mál búnaðarfjelagsins á þann veg, að allir megi vel við una, og þá fyrst og fremst á þann veg, að varna því, að lög fjelagsins verði brotin, og með því að stuðla að því, að komist verði til botns í „áburðarmálinu", og fá öll gögn fram, er málið snerta, svo að öll kurl komi til grafar. Jeg treysti því, að formaður búnaðarfjelagsins játi, að þetta sje hin eina rjetta leið í málinu og að hjer sje rjettur vettvangur málsins. Jeg mun sætta mig við það, að hann láti landbn. fá gögn málsins í hendur.

En vegna þess, hve stórgallað frv. það er, sem hjer liggur fyrir, get jeg á engan hátt ljeð því mitt atkv. til fylgis, og mun því greiða atkv. á móti því nú þegar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg held fast við það, að Búnaðarfjelag Íslands sje fjelag einstakra manna og stjórnin hafi því ekki ráð yfir því, hvernig lög þess sjeu gerð, hvort þau sjeu haldin eða brotin. Hún getur hvorki skipað fjelaginu að halda áfram að starfa nje lagt það niður. Hún getur ekki skipað búnaðarfjelaginu fyrir eða breytt lögum þess. Það hefir verið blandað hjer inn í, sjerstaklega af hv. þm. Str., þeim opinberu störfum, sem fjelaginu eru falin, og fjárstyrkur sá, sem það fær úr ríkissjóði. Það er auðvitað hægt að taka styrk þennan af fjelaginu, en það er ekki á valdi stjórnarinnar, heldur Alþingis. En svona er þetta um allar fjárveitingar, einnig fjárveitingar til einstakra manna, svo að í þessu felst engin sönnun fyrir því, að Bfj. Ísl. sje ekki fjelag einstakra manna. Alþingi hefir ekki sett Búnaðarfjelaginu lög. Það er mishermi hjá hv. þm. Str.

Halldór Stefánsson: Það hefir nú verið nokkuð mikið rætt um þetta mál á við og dreif, þó minst hafi verið talað um frv. það, sem hjer liggur fyrir. Þetta hafa aðallega verið nokkurskonar eldhúsdagsumræður yfir stjórn Búnaðarfjelags Íslands annarsvegar, en hinsvegar hnútukast til landbn. Nd. í fyrra. Í umræðunum hefir komið fram óánægja yfir þeirri lausn áburðarmálsins á búnaðarþinginu, sem kunn er. Því hefir verið haldið fram af sumum, þar á meðal hv. 2. þm. N.-M., að þetta mál hafi verið svo stórt, að eðlilega hafi ekki verið hægt að leysa það á annan hátt en þann, að annaðhvort segði stjórn búnaðarfjelagsins af sjer, eða þá að fyrverandi búnaðarmálastjóri yrði að láta af starfa sínum. Gagnvart hv. 2. þm. N.-M. sjerstaklega vil jeg taka það fram, að hann hlýtur að muna, að sumum mönnum í landbn. í fyrra þótti þetta mál ekki svo stórvaxið, að þeim þætti ástæða til þess að breyta til um stjórn Bfj. Ísl. vegna þess, eða gera nokkrar ráðstafanir af löggjafarvaldsins hálfu. Kom þetta meðal annars fram í því, að sumir í landbn. tóku ekki þátt í tilnefningu stjórnarinnar. Þá hlýtur þessi hv. þm. að muna það, að formaður búnaðarfjelagsins hefir frá upphafi haft þá afstöðu í þessu máli, að málamiðlun gæti komið til greina, þótt hann teldi, að þáverandi búnaðarmálastjóri hefði brotið í einu atriði, þá viðurkendi hann altaf kosti hans að ýmsu leyti og taldi búnaðarfjelaginu eftirsjá að starfskröftum hans. Þessi afstaða form. Bfj. Ísl. var frá upphafi kunn — okkur landbn.-mönnum ekki síður en öðrum — og þarf því engum að koma á óvart málamiðlun frá hans hendi, og allra síst okkur, sem vorum í landbn. í fyrra. Enda er það sitt hvað, að verða eitthvað á í starfi sínu, og hitt, hverju það á að varða, hvort það á að varða stöðunni og engu öðru.

Gagnstætt þeim hv. þm., sem töldu þetta mál stórmál, talaði svo hv. 2. þm. Reykv. (MJ). Hann kallaði þetta mál „óvenjulega lítið viðskiftamál“. En óánægja hans lýsti sjer í því, að hann taldi fyrverandi búnaðarmálastjóra hafa orðið fyrir of þungum búsifjum og hann hafa fengið of litla uppreisn. Hann sagði, að þeir ómaklegu dómar, sem hann hefði orðið fyrir, hefðu byrjað með þessu makalausa nál. landbn. í fyrra, þar sem bornar hefðu verið á hann sakir og farið með dylgjur um hann. En það var einmitt af því, að þessar ásakanir á landbn., sem einnig hafa verið bornar fram í blöðum og flugrit-

um, hafa verið endurteknar hjer enn á ný, að jeg fann ástæðu til þess að segja nokkur orð. Reyndar hefir hv. þm. Barð. hnekt þessum áburði í sinni ræðu, svo jeg get verið nokkuð stuttorður.

Jeg vil þá benda á það, að í áliti landbn. í fyrra var aðeins frásögn málavaxta, eins og stjórn búnaðarfjelagsins hafði skýrt nefndinni frá þeim. Nefndin sem slík hefir því engar sakir borið fram; hún hefir aðeins skýrt frá málavöxtum, eftir frásögu annars aðilans, og hún orðaði nál. af ásettu ráði svo, að þar var enginn dómur lagður á málavexti á milli aðila. Að frásögn nefndarinnar hafi verið rjett, staðfestist af opinberri skýrslu, sem stjórn búnaðarfjelagsins hefir gefið síðan. Af hálfu landbn. er því nál. ekki harðort, eins og sumir þm. hafa sagt. Ef það er harðort, þá eru það atvikin sjálf, sem eru harðorð; ef hjer er um dylgjur að ræða, þá eru atvikin sjálf dylgjur, ef hjer er um sakaráburð að ræða, þá eru það atvikin sjálf, sem eru sakaráburður. Hitt, sem hv. 2. þm. Reykv. (MJ) og aðrir hafa haldið fram, er misskilningur, sem stafar af því, að þeir skilja ekki mælt mál.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að landbn. hefði gert tillögu um skipun stjórnarinnar með það fyrir augum, að búnaðarmálastjóra yrði vikið frá. Þetta er einber misskilningur. Tilnefningin fór fram með það fyrir augum, að málið yrði leyst eins og málavextir væru til. Nefndin tók sjer ekkert dómsvald yfir aðilum.

Þá hefir verið sagt, að það væri því ólíklegra, að málamiðlun skyldi geta orðið sem þessir tveir aðilar hefðu borið sakir hvor á annan síðan í fyrra. Jeg veit ekki til, að stjórn búnaðarfjelagsins hafi borið hinn frávikna búnaðarmálastjóra neinum nýjum sökum frá því í fyrra. Skýrsla hennar í sumar var aðeins staðfesting þess, sem hún hafði borið fram við landbn.. Það kann aftur á móti að vera, að hann hafi borið sakir á stjórn búnaðarfjelagsins í riti sínu um málið; því vil jeg ekki neita. Annars virðist mjer það vera frekar einkamál þessara aðila, hvort þeir geta orðið sáttir, eftir að hafa borið sakir hvor á annan, en það taka minna til annara. Fyrir hinum finst mjer það vera meira forvitnismál, að fá að vita eitthvað um þetta, eða þá óvildarmál til stjórnar búnaðarfjelagsins.

Þá vil jeg að lokum minnast á eitt atriði, sem hv. þm. Str. og hv. 2. þm. N.-M. o. fl. virtust vera sammála um, en það var, að í landbn. væri hinn rjetti vettvangur þessa máls. Jeg veit nú ekki, hvernig þessir háttv. þm. hafa hugsað sjer það, eða hvort þeir byggja það á sömu ástæðum hver um sig. Landbn. er ekki aðili og getur ekki verið aðili, nema með því eina móti, að stjórn búnaðarfjelagsins leggi niður umboð sitt. Það eitt gerir landbn. að rjettum vettvang. Afskifti landbn. af Búnaðarfjelagi Íslands eru ekki önnur en þau, að gera tillögur um tilnefningu tveggja manna í stjórnina. Hún mun neita því, eins og í fyrra, að blanda sjer inn í mál milli aðila í Búnaðarfjelagi Íslands. Annað mál er það, ef til kemur, að landbn. geri tillögur um stjórnarskipun, að þá mun hún gera þær eftir því sem henni þykja ástæður liggja til, eftir málavöxtum, svo að af því, hvernig tillaga hennar verður, mun mega nokkuð ráða dóm hennar á málinu.

Mjer þykir það vafasamt, hversu gott verk það er, að vera að reyna að

spilla þeirri málamiðlun, sem orðin er. Það getur vitanlega vel orðið til þess, að leiða til sundrungar að nýju, og af því getur aldrei stafað neitt gott fyrir nokkurn mann. En þó er eins og þetta virðist vaka fyrir sumum mönnum.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú með samviskunnar mótmælum, að jeg neyðist til þess að bæta nokkrum orðum við umræður þær, sem fram hafa farið um þetta mál. En af því að það hefir verið vikið allmiklu að mjer, þá kemst jeg ekki hjá því að svara. Jeg skal þá byrja á hv. 2. þm. Reykv. En með því að hann mun vera sáladur, þá skal jeg ekki fara mjög langt út í sakirnar, þó jeg að vísu trúi á upprisu og annað líf, ekki síst þar sem hjer á í hlut prestur og guðfræðiskennari. En allur er varinn góður, ef hann skyldi ekki vera með fullu fjöri fyrst eftir upprisuna. Hann gat þess, og það þótti mjer einna grálegast mælt í okkar garð, að við, sem ekki viljum gera veður út af gerðum búnaðarþingsins í þessu máli, vildum dylja allan almenning hinum sönnu málavöxtum, svo að sá aðili, sem fyrir rangri sök væri hafður, ætti ekki viðreisnar von. Það var á honum að skilja, að þingið ætti að skerast í leikinn, því að þó að málalokin hefðu orðið þau, að þessir tveir aðilar hefðu gert með sjer sættir, þá væri ekkert upplýst um það, hvor þeirra hefði haft á rjettu að standa. En slíkt yrði að upplýsast, alveg eins og þessir tveir aðilar væru þess ómyndugir að sættast á málið eða ráða meðferð þess. Nú er hv. 2. þm. Reykv. ekki svo skyni skroppinn, að hann viti ekki, að það er hin mesta fjarstæða, að Alþingi geti verið dómstóll í slíkum málum sem þessum. Það getur ekki gripið inn, nema gegn stjórn landsins, ef því finst hún hafa framið eitthvað aðfinsluvert, og það gerir það þá á þann hátt að stefna henni fyrir landsdóm.

Hv. þm. lagði mikla áherslu á það, að það bæri að upplýsa þetta mál vel og vandlega, það ætti að koma í ljós, þótt sekt Sigurðar Sigurðssonar væri ekki meiri en svo, að hann hefði drepið flugu. Hjer vantar nú svo sem ekki rjettlætistilfinninguna! Enda fer hún prýðilega á gömlum sáttasemjara, presti og nú guðfræðiskennara **háskólans**. Maður hlýtur að bera miklu meiri virðingu fyrir honum, er maður veit, hvað hann hefir næma rjettlætistilfinningu, og ósjálfrátt verður manni að óska þess, að þjóðin ætti í hverju rúmi jafn ágæta menn sem hann. Jeg vil í sambandi við þetta leyfa mjer að minna á atvik nokkurt, sem gerðist fyrir nokkrum árum og jeg mundi ekki hafa minst á hjer, ef hv. þm. hefði ekki viljað gefa í skyn, að við værum vargar í vjeum, værum að reyna að verjast því, að sannleikurinn kæmi í ljós í þessu máli. Það var sem sje einum kennara vikið fyrirvaralaust frá starfi sínu, og var ekki grunlaust, að þessi hv. þm. (MJ) væri eitthvað við þá frávikningu riðinn. Það var ekki upplýst, að þessi kennari hefði nokkurn skapaðan hlut til saka unnið. Jeg vænti þess nú, að hv. þm. geti fært mönnum heim sanninn um það, að þessi frávikning hafi verið rjettmæt, að hann geti sannað sakir á kennarann. Hann átti engan vettvang, hann gat enga leiðrjetting fengið á máli sínu, nema sannleikurinn kæmi í ljós. Jeg hygg, að hv. 2. þm. Reykv. muni þykja vænt um að fá tækifæri til þess að upplýsa þetta mál, svo að enginn þurfi að efast um hans hárnákvæmu rjettlætistilfinning.

Þá fór hv. þm. eins og áður óvirðandi orðum um þá menn, sem störfuðu á búnaðarþinginu og höfðu þetta mál með höndum. Jeg hefi nú mótmælt því áður, en jeg verð að segja það, að mjer finst það harla óviðkunnanlegt að vera að koma með svona órökstudda sleggjudóma um fjarstadda menn, sem mjer vitanlega eru ekki kunnir að öðru en drengskap og rjettdæmi. Hann sagði, að þeim hefði verið skipað að þegja, og þeir hlýtt því. Þetta þykja mjer mjög óviðurkvæmileg orð um menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um ræðu hv. þm. Það er að vísu margt fleira í ræðu hans, sem hefði þurft að mótmæla, en af því að hann er dauður, þá skal jeg ekki tefja tímann á því og angra hann nú meira.

Þá vil jeg snúa mjer að hv. þm. Barð. Hann talaði afar langt mál, en ekki sje jeg ástæðu til að eltast við nema tvö atriði úr ræðu hans. — Annað er það, að hann kvað mig hafa sagt, að jeg vildi ekki meiri upplýsingar í þessu máli. Þetta er rangt haft eftir hjá hv. þm. Það vita þeir hv. þdm., sem hlýddu á ræðu mína, og þótt þingskrifarar nái ekki hverju orði, sem sagt er, vona jeg að mjer sje óhætt að skírskota til ræðukafla þeirra, er þeir skila af sjer, um að jeg fer rjett með. Jeg sagði — og það vil jeg endurtaka — að ef ekki væri von á neinum nýjum upplýsingum í málinu, þá hefði landbn. annað þarfara við tíma sinn að gera en að taka þetta til meðferðar.

Þá þóttist hv. þm. undrast það mjög, að við Framsóknarmenn vildum tileinka okkur formann búnaðarfjelagsins sem fulltrúa okkar í stjórn þess. Hv. þm. veit það þó ósköp vel, að formaður var kosinn eftir tillögu Framsóknarmanna í landbn., og að við höfðum enga íhlutun um það, hvaða mann Íhaldsmenn nefndarinnar tilnefndu. Jeg get um leið skotið því til hv. þm. V.-Sk., að það er alls engin pólitík í stjórnarkosningunni, þótt tveir aðalflokkar þingsins stingi hvor upp á sínum manni, án íhlutunar annara flokka. (JAJ: Það hefir aldrei komið til mála í Íhaldsflokknum að kjósa mann í stjórn búnaðarfjelagsins.) — Fulltrúar flokkanna í landbn. hafa tilnefnt sinn manninn hvor. En þótt formaður búnaðarfjel. sje þannig fulltrúi Framsóknarmanna í stjórn fjelagsins, eða Framsóknarmaður, er það alt annað mál, að í starfi sínu er hann skyldur að láta sjer ant um hag allra landsmanna. Hið sama má áreiðanlega segja um þann mann, Magnús Þorlaksson, er Íhaldsmenn í landbn. tilnefndu í stjórn fjelagsins. Jeg veit með vissu, að hann í starfi sínu fyrir fjelagið gerir það eitt, er hann álítur landbúnaðinum fyrir bestu, hver sem í hlut á. (JAJ: Hv. þm. skal fá að standa við það, að stjórn búnaðarfjelagsins sje kosin pólitískt!). Jeg hefi alls ekki sagt það, heldur að flokkarnir hefðu fulltrúa í stjórninni. — Jeg þarf ekki að elta ólar við fleira, sem hv. þm. Barð sagði.

Hv. þm. Str. vjek að ræðu hv. þm. Ak., og virtist mjer henni þar með fullsvarað.

En það er hv. þm. V.-Sk., sem jeg verð að víkja til fáeinum orðum. Hann fór um það mörgum orðum, hve ant sumum hefði verið um að draga þetta mál inn í pólitískar deilur. En hverjir hafa óskað þess, ef ekki þeir, sem hafa þyrlað upp því mikla ryki, sem málið nú er hulið í? Þessum hv. þm. (JK) þótti ekki tryggilega um það búið, hvaða menn

yrðu kjörnir á búnaðarþing. Má vera, að svo sje. En það er vandi að haga kosningum svo, að ekki megi að finna. Þótt þingmenn sjeu kosnir eins og menn vita, sjest, að ekki er fyrir það girt, að pólitiskir loddarar komist á þing. (JK: Búnaðarþing?). Nei, Alþingi; þar á það við.

Þá var hv. þm. V.-Sk. að heimta skýrslur um málið. Ekki sýndist hann þó þurfa þess sjálfs sín vegna, því að hann hefir þegar kveðið upp dóminn. Hv. þm. er löglærður og ekki ólíklegri til þess en hver annar að komast í dómarasess. Þarna framkvæmdi hann líka dómaraverk, sýknaði annan aðila þegar í stað og sakfeldi hinn. Geri jeg því ráð fyrir, að hann þurfi ekki nýjar upplýsingar handa sjálfum sjer, heldur sje hann aðeins að heimta málsskjölin á borðið handa öðrum. En jeg vil endurtaka það, sem jeg áður sagði, að sje eitthvað nýtt fram komið í málinu, er landbn. að sjálfsögðu fús að taka það til athugunar; annars hefir hún margt þarfara með tíma sinn að gera.

Hv. þm. (JK) sagði, að Bfj. Ísl. hefði undanfarið verið í kviksyndi stjórnleysis og ábyrgðarleysis. Jeg vil nú vona, að hv. þm. hafi óvart varpað fram þessum staðhæfingum. En undir öllum kringumstæðum held jeg, að það ætti vel við að rökstyðja svona orð. Og af því að mjer er hlýtt til hv. þm. — við erum báðir Skaftfellingar — vildi jeg mælast til þess, að hann færði þessum orðum sínum stað. Það er æskilegast fyrir hann sjálfan. Hvenær byrjaði stjórnleysið og hvenær byrjaði ábyrgðarleysið í búnaðarfjelaginu? Jeg býst við, að það hafi lent í „kviksyndinu“ ekki löngu seinna.

Hv. þm. V.-Sk. ljet eins og hann talaði í umboði ótal bænda, þegar hann krafðist að fá að vita „hið sanna“ — sem hann þóttist þó vita svo ósköp vel. — Jeg fæ nú ekki skilið, hvernig þetta umboð á að vera komið til hv. þm., eða hvernig hann fer að vita vilja bænda nú um þetta mál. Reyndar getur verið, að hv. þm. hafi einhverja fjarsýnis- og huglestrargáfu, og hafi þannig fengið þessa vitrun.

Þá held jeg, að mjer væri nú best að gefast upp við að ræða málið við hann. — En það er nú mín hyggja, að bændur vilji hafa stjórn þessa fjelags sem friðsamasta og eindregnasta að sínum skyldustörfum, og þakki engum fyrir að flytja þangað ósamlyndi og sundurþykkju. Hv. þm. (JK) drap á, að jeg hefði sagt, að Sigurður Sigurðsson væri ekki lengur búnaðarmálastjóri. Þetta sagði jeg aldrei, en þótt jeg hefði sagt það, þá skiftir það ekki máli. Hv. þm. Str., form. búnaðarfjel., sagði, að enn væri ekki fullráðið, hversu störfum yrði skift með búnaðarmálastjórunum. En hvernig sem um það fer, þá stendur það, sem jeg sagði, að Sig. Sig. verður ekki búnaðarmálastjóri á s a m a h á t t og áður var. Við getum tekið hliðstætt dæmi. Hjer voru þrír ráðherrar, þangað til Jón Magnússon forsætisráðherra dó. Þá skiftu hinir ráðherrarnir með sjer störfum hans, en þar fyrir er hvorugur þeirra forsætisráðherra á sama hátt og hinn látni var. Eins býst jeg við að skift verði með búnaðarmálastjórunum þannig, að hvor fái það starf, sem best er við hans hæfi og honum hentar best.

Hv. þm. talaði um, að búnaðarfjelagið hafi verið dregið inn í pólitíska flokkadrætti. Getur hann nú fundið þessum orðum sínum nokkurn stað? (JK: Hv. þm. kallaði formann fjelagsins fulltrúa síns flokks!). Já, jeg sagði,

að hann væri kosinn af okkur, en þar fyrir hefði hann skyldu til að vinna fyrir alla jafnt, enda hefir hann gert það.

Hv. þm. talaði um, hve mikilsverð starfsemi búnaðarfjel. væri, og að gegnum það ætti sem flest að fara af því, sem miðaði til framfara í landbúnaði. Jeg er þessu öllu hjartanlega sammála. En heldur hv. þm., að hann vinni þarft verk með því að kveikja eld í þessu fjelagi? (**SigurjJ:** Hver átti upptökin?). Hver byrjaði umræður um þetta mál í hv. þd.? (**ÁJ:** Hver bar fram frv.?). Fylgdu því nokkur ummæli, sem gæfu tilefni til svona umræðna? Auk þess var frv. borið fram á þingi í fyrra, og mjer finst ekki til mikils mælst, að hv. þm. geti nú farið að átta sig á efni þess, ári síðar. (**MJ:** Við skulum vona, að þeir hafi áttað sig fyrir andlátið. — **ÁJ:** Jeg býst við, að þeir fái tíma til þess, einhverntíma áður en hv. þm. hættir að tala!). Það virðist svo sem hv. 2. þm. N.-M. sje nokkuð upp með sjer, enda er hann höfuðpaurinn í þessum umræðum. Jeg veit nú ekki, hversu vel honum ferst að vera að setja ofan í við aðra, en úr því að hann gerir sjer svo mikið far um að minna á sig, get jeg gert honum ofurlítil skil. Það er algerlega rangt hjá honum, að við Framsóknarmenn höfum haft nokkra íhlutun um það, hvern Íhaldsmennirnir í landbn. í fyrra tilnefndu í stjórn búnaðarfjelagsis af annara hálfu en okkar eigin. Hitt er annað mál, að við bentum í sameiningu hæstv. stjórn á þessa tvo menn í stjórn fjelagsins og berum sameiginlega ábyrgð á þeirri tilnefningu. Og jeg skal síst skorast undan því, að bera ábyrgð á starfsemi þess manns, er Íhaldsmenn í landbn. bentu á frá sinni hálfu. Jeg treysti þeim manni mjög vel. (**ÁJ:** Alt, sem jeg hefi sagt, er skjallega sannanlegt).

Nú held jeg að jeg geti að mestu látið hjer við sitja, þótt jeg hafi skrifað sitt hvað fleira hjá mjer.

Hæstv. atvrh. sagðist ekki vilja blanda sjer í umræður hjer, og kvaðst halda, að form. búnaðarfjel. mundi eiga nóg með að stýra skútunni undan boðum í höfn, þótt hann væri látinn óáreittur. Þetta er nú einstaklega vel meint af hæstv. ráðh. Jeg býst líka við, að það sje fleiri en form. Bfj. Ísl., sem þyrftu að hafa næði við sín stjórnarstörf. Hæstv. ráðh. á nú stjórnarstörfum að sinna. Vel gæti jeg unt honum þess, að honum mætti auðnast að haga sinni stjórnsemi svo, að hann komist klaklaust í höfn og menn megi við hans formensku vel una.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hafði eiginlega ætlað að spara mjer ræðuhöld um þetta mál, þangað til það kæmi frá nefnd. En hv. 2. þm. Árn. gaf mjer sjerstakt tilefni til að standa upp núna. Hv. þm. sagði sem sje, að stjórn Búnaðarfjel. Ísl. væri kosin pólitískt og flokkarnir tilnefndu menn í stjórnarnefndina. Þetta verð jeg að lýsa hrein ósannindi, að því er til Íhaldsflokksins tekur. Aldrei hefir verið minst einu orði á slíka tilnefningu á nokkrum fundi flokksins, og hv. 1. þm. Rang. segir mjer, að sama megi segja um Framsóknarflokkinn. En alt virðist benda í þá átt. að þeir, sem stjórna búnaðarfjelaginu, vilji skjóta sjer bak við hina pólitísku flokka. Formaður fjelagsins, hv. þm. Str., kallar sig „fulltrúa Framsóknarmanna", og

þýðst til að gefa umbjóðanda sínum, Framsóknarflokknum, skýrslu um málið. Þetta verð jeg að telja algerlega ósæmilegt af hv. þm., að neita að gefa nema einum þingflokki skýrslu um annað eins mál og það, sem hjer um ræðir. (**Trþ:** Þetta er algerlega rangt hjá hv. þm.!). Jeg skrifaði orð hv. þm. hjá mjer, þegar hann talaði þau. Hann kvaðst skyldu gefa umbjóðanda sínum skýrslu um málið (**Trþ:** Já, landbúnaðarnefndum). Það var ekki fyr en síðar í ræðunni, að hv. þm. vildi lofa landbúnaðarnefndum að fljóta með.

Annars er það undarlegt, að ekki má á það minnast, að hjer sje hneykslismál á ferðum, og að framkoma búnaðarþingsins sje hneykslanleg. Þetta er þó öllum ljóst, ekki síst bændum. (**Trþ:** Fulltrúar bænda voru þó ánægðir). Já, það er nú svo, en hvernig var málið undirbúið fyrir þá bændafulltrúa? Það er erfitt að koma fram öllum gögnum um þetta mál, því að stjórn búnaðarfjel. hefir lagt hömlur á, að það gengi sinn rjetta gang. Og það var sú stjórn, sem beitti valdi sínu til að koma þeim mönnum, er henni sýndist, í „rannsóknarnefndina."

Mig langar ekki til að lengja umræður um þetta mál, en það vil jeg taka fram, að jeg get aldei fylgt því, að koma pólitík inn í búnaðarfjelagið. Og þeir, sem vilja starfa þar á pólitískum grundvelli, gera minna gagn en ógagn. Og jeg veit ekki betur en að þegar málið var farið að skýrast fyrir bændum, hafi það orðið almenn krafa þeirra, að stjórn búnaðarfjelagsins segði af sjer. Sú krafa varð almennnust og eindregnust, er stjórn búnaðarfjelagsins hafði gefið út skýrslu sína.

Það þýðir ekkert að ætla sjer að dylja almenning hins sanna um það, hvort Sigurður Sigurðsson sje sekur af því, sem á hann hefir verið borið. Almenningsálitið hefir ekki aðeins heimild, heldur skyldu til að sýkna Sig. Sig. eftir þeim málalokum, sem urðu á búnaðarþingi. Það hefir líka þegar sýknað hann. Þeir, sem halda vilja uppi vörn fyrir framkomu stjórnar búnaðarfjel., ættu að taka sjer að einkunnarorðum það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði áðan í öðru sambandi: „Það skiftir engu máli, þótt jeg hafi sagt það."

Fyrir hönd flestra bænda á Vesturlandi vil jeg loks krefjast þess, að Sigurður Sigurðsson fái að halda störfum sínum að því er veit að íslenskum bændum, það er leiðbeiningar í jarðrækt o. fl. Ef stjórn búnaðarfjel. verður ekki við þeim tilmælum, skal hún enn fá orð í eyra.

Jakob Möller: Það kann að þykja slettirekuskapur af mjer, að blanda mjer í kosningaundirbúning Íhalds og Framsóknar, þann, er hjer hefir farið fram. En mjer þykir rjett að lýsa minni skoðun, þar sem hvorugur aðili getur talist hlutlaus.

Jeg geri ráð fyrir, að úrslit þessa máls sje um land alt skoðuð sem uppreisn fyrir Sigurð Sigurðsson, og jeg verð að telja það góð endalok. Enda þótt ekki sje um fulla uppreisn að ræða, þá hefir Sigurður þó sjálfur sætt sig við málalokin, og er hann meiri maður í mínum augum fyrir að vilja falla frá sínum fylsta rjetti. — Um afstöðu hins aðilans, sem er ekki aðeins Framsóknarmaðurinn, hv. þm. Str., heldur og tveir Íhaldsmenn, — um afstöðu þessa aðila verð jeg að segja, að það sjest, að hann hefir borið meira fyrir brjósti

hag Búnaðarfjel. Ísl. heldur en sína eigin þykkju.

Jeg get tekið undir kröfuna um að heimta málið fullkomlega upplýst. En mjer þætti svo sem heimta mætti upplýsingar frá allri stjórn fjelagsins, Íhaldsmönnunum ekki síður en Framsóknarmanninum. En hjer hafa aðeins verið heimtaðar skýrslur af Tryggva Þórhallssyni, hv. þm. Str. — Ef Magnús Þorláksson á Blikastöðum hefði átt sæti í þessari hv. deild í stað hv. þm. Str., þá efast jeg ekki um, að hjer hefði verið skift um hlutverk. Þá hefðu Framsóknarmenn krafist þess, að fá málið „upplýst", og Íhaldsmenn varist allra frjetta. (**HStef:** Getsakir!). Ójá, víst eru þetta getsakir. En jeg þekki Íhaldsflokkinn alls ekki að því, að vera neitt ófyrirleitnari að kosningameðulum heldur en Framsóknarflokkinn. Þar get jeg ekki gert upp á milli.

Jeg vil aðeins slá föstu, að öll ræðuhöldin og málalengingarnar um þetta frv. eru ekki annað en kosningaundirbúningur.

Jón Kjartansson: Það var af því að vinur minn, hv. 2. þm. Árn., var svo yfir sig reiður, þegar hann talaði, að hann fór með staðlausa stafi og fullyrti, að jeg hefði ýmislegt sagt, sem jeg alls ekki kannast við. Hann byrjaði að gefa í skyn, að jeg hefði farið með það eftir hv. þm. Barð., að landbn. hefði í fyrra bygt álit sitt á röngum upplýsingum. Á þetta mintist jeg ekki einu einasta orði.

Hann fór líka með rangar staðhæfingar, er hann fullyrti, að jeg hefði kveðið upp dóm í þessu svokallaða áburðarmáli. Jeg tók það einmitt fram, fyrir mitt leyti, að jeg heimtaði skýrslur í málinu og að öll gögn væru lögð á borðið, svo að hægt væri að kveða upp endanlegan dóm um sýknu eða sekt búnaðarmálastjóra. En hitt tók jeg fram, að búnaðarþingið hefði með afgreiðslu málsins kveðið upp dóm, enda get jeg ekki betur sjeð en að það hafi þegar kveðið upp sýknudóm yfir Sigurði Sigurðssyni og hreinsað hann af þeim áburði, sem á hann var borinn. En okkur hina vantar þær skýrslur og upplýsingar, sem sá sýknudómur er bygður á.

Hv. 2. þm. Árn. hafði mörg orð um það, sem jeg hafði í ræðu minni kallað stjórnleysi og ábyrgðarleysi búnaðarfjelagsins, og heimtaði með þjósti miklum, að jeg færði rök fyrir því. Jeg gerði það á dögunum, en jeg get bætt því við, að jeg veit ekki hvað lýsir meira stjórnleysi og ábyrgðarleysi en framkoma stjórnar Búnaðarfjelags Íslands í þessu máli, er hún víkur frá starfi sínu alveg fyrirvaralaust einum aðalstarfsmanni fjelagsins, en svo, þegar rjettur aðili, búnaðarþingið, kemur til skjalanna og rannsakar málið, þá er fráviknin mannsins að engu höfð og hann settur aftur í sitt fyrra embætti. En jafnframt reynir stjórnin á allan hátt að koma í veg fyrir, að nokkur fái vitneskju um það, sem gerst hefir. Er hægt að hugsa sjer meira stjórnleysi og meira ábyrgðarleysi en þarna kemur fram.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að eltast frekar við allar rangfærslur hv. 2. þm. Árn. á orðum mínum, og læt því þessari athugasemd minni lokið.

Forseti (BSv): Þá hefir enginn kvatt sjer hljóðs. (**ÓTh:** Jú, Hákon!). — Hjer er enginn Hákon, en hitt er annað mál,

að ef hv. þm. Barð. (HK) æskir að bera af sjer sakir, þá er honum það heimilt.

Hákon Kristófersson: Já, það er aðeins örstutt athugasemd. Og vildi jeg þá byrja með því að ósanna þau orð hv. 2. þm. Árn., er hann hafði eftir mjer, að jeg óski ekki eftir nýjum upplýsingum í þessu máli, vegna þess að jeg hefði fengið þær í fyrra, eða landbn. En þetta sagði jeg alls ekki, enda horfir málið alt öðruvísi við nú en það gerði þá, og margt komið á daginn síðan, sem einmitt þarf að upplýsa.

Þá vildi jeg leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til vinar míns, hv. þm. Str., hvort jeg eigi að taka það til mín, það sem hann sagði um illar hvatir manna, sem talað hefðu í þessu máli, og vil jeg þá mælast til að hann játi því strax eða neiti. — En hann þegir, og verð jeg þá að taka þögn hans sem samþykki. En þá verð jeg að segja, að mjer virðist einmitt, að ef um illar hvatir sje að ræða á annað borð, þá hafi þær ráðið öllu um framkomu h a n s í þessu máli. — Og hann „nikkar", og játar það líka með þögninni! (Almennur hlátur).

Hann sagði líka, að óþarfa mælgi hefði átt sjer stað nú við þessa umr., og finst mjer þá skörin færast upp í bekkinn, enda ætti hann allra manna síst að tala um óþarfa mælgi annara. Þegar menn eru svo langt leiddir, að þeir eru farnir að eigna öðrum illar hvatir, þá bregst það sjaldnast, að eitthvað meira en lítið er bogið við hugarfar þeirra sjálfra.

Annars vildi jeg ekki, að orð mín í dag yrðu skilin á annan veg en þann, að á bak við þau lægju ekki aðrar hvatir en það, að vilja fá sem sannastar upplýsingar í þessu áburðarmáli, sem hv. þm. Str. og búnaðarþing hafa kosið að grafa sem dýpst niður. Aðalkjarni og undirrót þessa máls er sú, að fyrverandi og núverandi búnaðarmálastjóra hefir verið borið á brýn, að hann hafi farið á bak við stjórn búnaðarfjelagsins og honum vikið frá embætti vegna þess. En nú er Sigurður Sigurðsson af sömu mönnum settur til að gegna embætti sínu aftur og reynt að draga fjöður yfir alla þá misklíð, sem átt hefir sjer stað milli hans og yfirboðara hans. Geta þeir nú dæmt um, sem vilja, hvort það muni vera af sjerstaklega illum hvötum fyrir mjer, að jeg óska sannra og ábyggilegra upplýsinga í öllu, smáu og stóru, þessu áburðarmáli viðvíkjandi.

Halldór Stefánsson: Jeg vil ekki láta vera ómótmælt því, sem tveir hv. þdm. hafa sagt um það, hvað af því mætti ráða, hver úrslit þessa máls urðu á búnaðarþingi. Þeir segja, að hjer sje um sýknudóm að ræða fyrir annan tiltekinn aðila, en það er hreinasta hugsunarvilla. Mætti þá alveg eins halda því fram, að það væri sýknudómur fyrir hinn aðilann. Rjett ályktað, út af úrslitum málsins á búnaðarþingi, er það, að báðir aðilar hafi slakað nokkuð til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JG, JS, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ.

JakM greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (HjV, SvÓ) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 16 : 2 atkv.

Á 74. fundi í Nd., föstudaginn 13. mai, var útbýtt nál. lanbn., á þskj. 574. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Símalagabreyting.

Á 33. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi] (þmfrv., A. 200).

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Eins og greinarg. þessa frv. ber með sjer, hafði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu síðastl. ár til athugunar og afgreiðslu, hvar brýnust væri þörf nýrra símalína um hjeraðið. Var það samkvæmt ákveðnum óskum hjeraðsbúa. Og í samræmi við ályktanir þær, sem um málið voru gerðar á sýslufundi, er þetta frv. borið fram.

Það er vitanlegt, að eftir því sem lengra kemst áleiðis að leggja aðalsímalínurnar um landið, líður nær þeim tíma, að hægt verði að leggja meiri áherslu á byggingu hinna smærri lína um hjeruðin. En þá er nauðsynlegt, að búið sje að athuga og ákveða, hvar þær eigi að liggja, svo að þær bæti úr brýnustu þörf hjeraðanna. Þetta er það undirbúningsverk, sem sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu vildi inna af höndum með tillögum sínum um línur innanhjeraðs. Og þó svo kunni að virðast sem þær sjeu nokkuð margar, get jeg fullyrt, að hjer sje gætt mjög hófs í kröfunum um þessar línur. Þó að þær verði lagðar, verður samt erfitt að ná til síma ýmsa tíma árs víðsvegar í hjeraðinu, því að það er mjög víðlent, en hinsvegar strjálbýlt og snjóþungt á vetrum. Gerir það samgöngur oft mjög torveldar. Þar sem svo hagar til, er hvað mest nauðsyn á, að greiða úr erfiðleikunum, sem skapast við þessar aðstæður, og gera mönnum ljettara að ná til síma, er mikið liggur við, svo sem, er ná þarf til læknis í lífsnauðsyn.

Annars vil jeg einnig nefna, að fjöldi skemtiferðamanna leggur oft leið sína um hjeraðið á sumrum og dvelur þar tímum saman. Fyrir þessa menn og einnig þá, er geta átt þeirra von á hverri stundu, er mjög þægilegt og nauðsynlegt að geta haft aðgang að síma.

Jeg veit ekki, hvort nauðsynlegt er við þessa umr. málsins að ræða nánar þörf hverrar þeirrar línu, sem hjer er farið fram á að ákveða. Geri jeg ráð fyrir, að starf og undirbúningur sýslunefndar megi teljast sæmilegur grundvöllur fyrir þessu frv. Og það verður svo verkefni hv. samgmn. — sem jeg vil leyfa mjer að óska, að málinu verði vísað til, að þessari umr. lokinni — að athuga hinar ýmsu símalínur nánar, og er jeg fús til að gefa henni þær upplýsingar í málinu, er hún kann að æskja; og einnig mun nefndin að sjálfsögðu leita umsagnar og álits landsímastjóra um málið. En jeg verð að afsaka, að það liggur ekki fyrir nú. Það stafar

meðfram af veikindum og fráfalli hins nýlátna landsímastjóra.

Margar brtt. hafa komið fram við þetta frv., sem allar lúta að því, að bæta við fleiri símalínum. Skal jeg ekki gera þær að umtalsefni. Tel sjálfsagt, að þeirra sje full þörf.

Jeg tel svo ekki þurfa að fara um frv. fleiri orðum, en vænti, að það mæti velvilja deildarinnar og hv. samgmn. En í sambandi við þetta mál langar mig til að minnast þess, að einn hreppur sýslunnar, sem eins og stendur, er al-verst settur um símasamband, er ekki nefndur í þessu frv. Það er Flateyjarhreppur. En svo stendur á, að í núgildandi fjárlögum er ætlast til að bygðar verði loftskeytastöðvar í Grímsey og Flatey. Og þannig var þá búist við, að bætt væri úr þeim sambandsvandræðum, er eyjarskeggjar hafa átt og eiga við að búa og kreppir svo mjög að þeim, að nærri stappar, að óbyggilegt sje að verða á þessum stöðum. Þar er ekkert símasamband og samgöngur afar strjálar og óhægar. Þó er það víst, að báðar þessar eyjar verða að skoðast sem ágætis verstöðvar, og hvað Flatey að minsta kosti snertir, þá eru þar einnig ágæt ræktunarskilyrði fyrir hendi, aðeins ef möguleikar til framfara á þessum stöðum sköpuðust við bættar samgöngur og að fengnu símasambandi. En af því jeg hefi áður, oftar en einu sinni, haft tækifæri til þess að skýra þessi atriði fyrir hv. deild, vil jeg ekki fara frekar inn á það að þessu sinni. En nú er svo komið, að jeg get talið vafasamt, hvort þessar loftskeytastöðvar verða reistar í sumar, heldur muni það dragast, og máske þangað til suðurlandslínan er lögð. Þessa ályktun dreg jeg af ummælum landsímastjóra í tillögum sínum um bygging símalína 1928. Ef svo færi, eru það harðir kostir. Þessar loftskeytastöðvar hafa tvisvar verið settar í fjárlög, 1924 og 1927. Eyjarskeggjar hafa því beðið í voninni um, að senn mundi rætast úr símavandræðunum. Ef það dregst nú enn, held jeg mjer sje óhætt að segja, að þeim bregði í brún. Það er hart aðgöngu fyrir þá, og ekki allskostar sanngjarnleg meðferð, sem þeir verða að sæta í þessu efni. Hinsvegar hefir mjer heyrst á hæstv. atvrh., að hann telji ekkert fullráðið enn um þetta.

Mjer þætti því vænt um, að hæstv. ráðh. (MG) skýrði þetta mál og gæfi upplýsingar um, hvernig horfir við með bygging loftskeytastöðva þar nyrðra.

Skal jeg svo ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um þetta mál, en óska, að því verði vísað til samgmn. og 2. umr., að loknum umr.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla ekki að segja margt við þessa umr., aðeins vekja athygli hv. samgmn. á því, að á seinni árum hefir ekki verið venja að samþ. breytingar á símalögum, nema landsímastjóri rannsakaði og samþykti, að símalína sje lögð þá leið, sem farið er fram á. Og það er vitanlega alveg nauðsynlegt, til þess að tryggja, að ekki sjeu tekin nein gönuhlaup.

Út af því misrjetti, er hv. flm. gat um, sökum dráttar á byggingu loftskeytastöðva á Norðurlandi, vil jeg taka það fram, að meira misrjetti hafa sumar aðrar sveitir orðið að líða, sem hefðu getað vonast eftir síma samkvæmt hinum fyrstu símalögum, sem sett voru. Þær hafa verið beittar því órjettlæti, að vera settar hjá um síma til þessa, þótt þá væru gefin loforð um, að þær ættu að ganga fyrir. T. d. má heita að

Norður-Ísafjarðarsýsla sje símalaus, þegar frá er skilið símasambandið milli Borðeyrar og Ísafjarðar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók svo eftir hjá hv. flm., að hann legði til, að þessu frv. verði vísað til samgmn., og geri jeg þá ráð fyrir, að nefndin láti fram fara þá rannsókn, sem hv. þm. N.-Ísf. talaði um. Annars stóð jeg upp til að svara fyrirspurn háttv. þm. S.-Þ. um loftskeytastöðvarnar norðanlands. Það er nú svo, að á þessu sviði eru að gerast miklar breytingar og nýjungar, og má gera ráð fyrir, að innan skamms verði hægt að byggja þessar stöðvar með miklu minni tilkostnaði en áður, og þó jafngóðar eða betri en þær, sem nú tíðkast. T. d. eru nú starfsmenn loftskeytastöðvarinnar hjer að gera tilraun með loftskeytatæki og búa til áhöld, sem hægt er að heyra með frá Akureyri. Önnur nýjung, sem nú er að ryðja sjer til rúms, er talsambandið loftleiðina. Mjer sýnist miklu rjettara fyrir þá Norðlendinga, sem hjer eiga hlut að máli, að bíða og sjá, hvernig þessi tæki, sem jeg talaði um, reynast, og ef hægt væri að koma upp talstöðvum, þá er slíkt samband vitanlega miklu fullkomnara og betra en skeytasamband. Sem sagt: mjer sýnist miklu betra fyrir hlutaðeigendur að bíða dálitið, ef vera mætti, að hægt væri að koma upp jafngóðum stöðvum með miklu minni kostnaði. Ef þessi tæki, sem jeg talaði um, reynast vel, verður að sjálfsögðu ekki dregið lengi að byggja þessar stöðvar. Þessi svör vænti jeg að hv. þm. S.-Þ. sje ánægður með.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Viðvíkjandi því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um það, að þessar eyjar, sem hjer um ræðir, hafi orðið fyrir minna misrjetti við drátt þann, sem orðið hefir á bygging loftskeytastöðvanna, en sum önnur hjeruð landsins hafa orðið að þola í þessum efnum, skal jeg taka fram, að mjer er ekki kunnugt um, að fje hafi verið veitt til símalagninga í þeim hjeruðum, sem hann átti við. Það má vel vera, að það sje rjett, að önnur hjeruð eigi eldri loforð óuppfylt um símalínur. En það afsannar á engan hátt það, sem jeg sagði, að drátturinn á byggingu loftskeytastöðvanna væru mjög harðir kostir og ósanngjarnir fyrir hlutaðeigendur, þar sem nauðsynin er jafn knýjandi, og hinsvegar tvisvar búið að ætla fje til þeirra á fjárlögum.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú gefið þau svör viðvíkjandi loftskeytastöðvunum, að það væri ekki meiningin að draga byggingu þeirra lengi, og að hinsvegar muni slíkar stöðvar taka framförum frá því, sem nú er. Það er vitanlega gott, ef hægt er að fá fullkomnari stöðvar en nú er kostur á, og nokkur ástæða getur verið til að bíða, ef sá dráttur verður ekki of langur. Og eftir orðum hæstv. atvrh. að dæma, tel jeg mig geta átt von á því, að ekki verði mjög langt að bíða framkvæmda í þessu máli. Sennilega ekki nema til næsta árs. Og í því sambandi dettur mjer í hug að varpa því fram, hvort hæstv. atvrh. sýnist máske þörf á, að endurnýjuð sje fjárveitingin til byggingar þessara loftskeytastöðva.

Annars vil jeg benda á það, að mjer og öðrum, sem hlut eiga að máli, finst raunar fremur veigalitlar ástæður þær, er rjettlæta eiga frestun á framkvæmd þess, að byggja loftskeytastöðvarnar í

ár, svo sem til var ætlast, og að þær sömu ástæður hafi í raun rjettri verið jafnt fyrir hendi í fyrra, er bæði hæstv. stjórn og Alþingi ákváðu, eftir tillögum landsímastjóra, að stöðvarnar væru bygðar í ár. En jeg geri hinsvegar ráð fyrir, að þessi hjeruð sætti sig við að bíða eitt ár. En alls ekki, ef um óákveðinn tíma ætti að vera að ræða. Jeg vænti líka, að það sje ekki meiningin, heldur verði hjer aðeins um stutta bið að ræða.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það var rjett skilið hjá hv. þm. S.-Þ., að það er ekki mín meining að draga byggingu þessara stöðva lengi eða um óákveðinn tíma. En það þarf að gera tilraunir með þessi áhöld, þegar björt er nótt, og af því leiðir, að ekki er hægt að setja stöðvarnar upp í sumar. En ef þessi nýju tæki svara til þeirra vona, sem menn hafa gert sjer um þau, þá er þau hafa verið reynd til fullnustu, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að úr framkvæmdum geti orðið strax í haust, og mun þá ekki standa á mjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var útbýtt nál. samgmn., á þskj. 510. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Þingsköp Alþingis.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (þmfrv., A. 216).

Á 38. og 39. fundi í Nd., dagana 25. og 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg býst við að breyta út af venju í þetta sinn og hafa dálitinn formála fyrir máli mínu. Annars er það orðin nokkuð almenn venja hjá hv. þm., jafnvel þó ekki sje um sjerlega merk mál að ræða.

Jeg tel sjálfsagt, að við sjeum allir sammála um það, að góð löggæsla og löghlýðni sjeu fyrstu og sjálfsögðustu skilyrðin fyrir góðu skipulagi og velferð hvers fjelags og sjerhverrar stofnunar. Þessi skilyrði verða alstaðar að vera fyrir hendi, og beri út af leið í þessu efni, má búast við, að svo fari, hvert heldur sem um eitthvert fjelag eða einhverja stofnun er að ræða, að það, hvort í sínu lagi, missi smámsaman virðingu fyrir sjálfu sjer.

Jeg vil leyfa mjer að telja okkur alla sammála um það, að síst megi þessara skilyrða án vera á löggjafarþingi þjóðarinnar, í þeirri stofnun, sem hefir það háleita hlutverk með höndum að skipa lögum fyrir þjóðfjelagið og fyrir allar hinar smærri fjelagseiningar innan takmarka heildarinnar, stofnun, sem hefir vald til og á að vera ein út af fyrir sig fullnægjandi til þess að sníða löggjafarstakkinn eftir vexti þjóðarinnar, einstaklinganna og hinna smærri fjelagseininga innan sinna takmarka. Með þessum formála vil jeg þá leyfa mjer að drepa á það, hverju fram hefir far-

ið um löghlýði og löggæslu á hinu háa Alþingi á síðari árum, þeim árunum, sem jeg þekki best til.

Jeg tel sönnu næst, að nokkur skortur hafi verið á fullri löghlýðni af hálfu okkar þingmanna, en þó held jeg, að það, sem á hefir skort, megi frekar teljast fyrirgefanlegar breyskleikasyndir en lagabrot. Jeg skal sjerstaklega minnast á það, sem mjer hefir fundist mest bera á og ekki verður talið í samræmi við góðar fundareglur, eða skipulag, sem allir mundu hafa helst kosið. Nokkuð oft kemur fyrir á þingfundum, að fleiri en einn þingmaður tali í senn. Það getur nú verið álitamál, eða um það skiftar skoðanir, hvort hjer er um nokkurt brot á almennu velsæmi að ræða, og ekkert er bannað um það í þingsköpunum, að 4 til 6 eða jafnvel fleiri þm. tali í einu. En hitt er líka vitanlegt, að þegar slíkt kemur fyrir, og af því, hve oft það kemur fyrir, þá hlýtur það að stafa af einhverri innri ómótstæðilegri nauðsyn til að tala. Ósjálfrátt og án þess að aðgæta, hvernig á stendur að öðru leyti, virðast þm. k n ú ð i r t i l a ð t a l a, jafnvel hver í kapp við annan. Jeg vil ekki fullyrða, hvort þetta brýtur í bág við almennar fundareglur. Jeg veit ekki, hve mikið aðrir vilja gera úr þessu, enda eru því engin bein takmörk sett í þingsköpunum. Sama er að segja um það, þegar mikil brögð eru að því, að tekið er fram í fyrir þm., sem heldur ræðu og fengið hefir leyfi forseta til að tala. Þetta — sem ekki er sjaldgæft — hlýtur að stafa af einhverri nauðsyn, sem þm. finst ómögulegt að komast hjá að fullnægja þegar í stað, og vera má, að þess vegna sje þetta ekki bannað í þingsköpunum. Mjer dettur líka í hug, að nefna ráp þm. milli deilda, meðan á fundum stendur í báðum deildum. Verið getur, að það sje beinlínis nauðsynlegt fyrir þm. að halda sig í þeirri deild, sem þeir eiga ekki sæti í, og því sje þetta ekki alment talið neitt brot á þinglegu velsæmi. Þótt svo kynni að vera, að einhverjir hv. þm. væru mjer samdóma um, að betur færi á því, að þessu, sem jeg hefi drepið á, væri hagað nokkuð öðruvísi, þá hefi jeg ekki álitið svo mikla nauðsyn að breyta til í þessu efni, að jeg hafi komið fram með brtt. hjer að lútandi. Sama máli er að gegna um það, þegar þm. eru fjarstaddir, er atkvgr. fara fram. Í þingsköpunum eru viðurlög við slíku, þ. e. missir dagpeninga. Þetta hefir þó sjaldan reynst verða bagalegt, því að engum þm. veit jeg til, að hegnt hafi verið á þennan hátt, enda dettur víst engum þm. í hug að vera fjarstaddur atkvgr., nema brýn nauðsyn beri til. Sjálfsagt getur það talist eðlilegt, þótt slíkt hafi samt oft komið fyrir, en líklega verður það aldrei talið sem ólöghlýðni á Alþingi.

Jeg hirði svo ekki að nefna fleiri dæmi um misfellur á góðri þinghegðun, sem koma fyrir, bæði hjá mjer og öðrum þm., og í fljótu bragði virðast stríða á móti anda þingskapanna. Í þessu frv., sem jeg hefi hjer borið fram, er ekki heldur farið fram á neinar breytingar í þessu efni. Því þegar vel er að gáð, þá þykist jeg vita, að einhver nauðsyn liggi á bak við þetta alt saman, og því beri ekki að skoða það sem ólöghlýðni. Hinsvegar má líka minnast þess, að hafi þetta gengið of langt, of nærri velsæmisreglum þingsins í þessu efni, þá hefir löggæsla forsetanna tekið í taumana.

Jeg kem þá að aðalatriðinu, frv. á

þskj. 216, sem fer fram á breytingar á þingsköpunum. Þar er farið fram á að breyta takmörkunum, sem þingsköpin setja fyrir því, hve oft þingmenn taki til máls í hverju máli, eða leyfa það oftar en þar er ákveðið. Mjer virðist það mjög oft koma fyrir, að þm. telji sig nauðbeygða til að kveðja sjer hljóðs oftar en þingsköp heimila. Og þótt engin heimild sje til þess í þingsköpunum, að þm. tali oftar en tvisvar og framsögumenn oftar en þrisvar, þá man jeg ekki eftir neinu dæmi um það, að forseti hafi meinað þingmönnum að taka oftar til máls, hafi þeir beðið um það. Vitanlega kemur þetta til af því, að forseti hefir sjeð nauðsyn á að leyfa þetta. Annars segir forseti venjulega, að þingmanninum sje leyfilegt að gera stutta athugasemd, þegar svona stendur á, en það er engin heimild gefin til þess í þingsköpunum, að þingmaður megi gera almenna nje stutta athugasemd um þingmál, aðeins er þar leyft að gera stutta aths. til þess að bera af sjer sakir, um þingsköp eða atkvæðagreiðslu. Jeg held, að óþarft sje að telja fram dæmi um þetta. Það er alkunnugt, að þessar undanþágur eða þessi undanfærsla frá skýlausum ákvæðum þingskapanna er oft veitt og er orðin mjög almenn. Og annað getur ekki legið til grundvallar þessari undanþágu en það, að hennar er þörf og að brýn nauðsyn beri til þess. En þegar þingið hefir sjálft vald til að sníða lögin eftir þörfinni, jafnt þingsköpin sem önnur lög, þá ætti að losa forsetana við þau óþægindi, að vera að neyðast til að víkja frá ákvæðum þingskapanna, m. ö. o. vegna nauðsynjarinnar á því, að breyta þessu banni þingskapanna. Það hlýtur að vera þægilegt fyrir þá, sem þurfa að tala 3—4 sinnum eða oftar í sama máli, og líka fyrir forsetana, að þessu ákvæði væri breytt; það er ekki langrar stundar verk, en mundi ljetta miklu oki af forsetunum. Hinsvegar get jeg ekki neitað því, að stundum hefir mjer virst, sem hjer væri ekki um brýna nauðsyn að ræða. En vegna þeirrar venju, sem á er komin í þessu efni, hefi jeg smámsaman horfið lengra og lengra frá þeirri hugsun og til hins, að hjer sje um brýna nauðsyn að ræða, og að þingsköpunum þurfi að breyta eftir henni.

Að þessu sinni fer jeg þá ekki lengra út í einstök atriði þessa máls. Það væri sjálfsagt hægt að færa miklu skýrari rök fyrir þessu máli, heldur en mjer hefir nú tekist að gera. Jeg skal aðeins bæta því við, að jeg vildi ekki að svo stöddu fara lengra en að bæta aðeins einni aðalræðu við hjá hverjum þingmanni, sem í hlut á í hvert skifti. Jeg geng út frá því, að það sje ekki venja þingmanna að kveðja sjer hljóðs, nema af knýjandi þörf, en þegar þörfin er meiri en svo, að þetta dugi ekki, þá megi grípa til athugasemda, samkv. frv. Jeg tel sjálfsagt, að þeir verði að fá að tala 4—5 sinnum, eða eftir því sem þeir telja sig þurfa á að halda. Það má ætíð búast við, að endurtekning þess, sem þingmaðurinn hefir áður sagt, geti haft sín áhrif.

Sje eitthvað það í frv., sem þarf að lagfæra, þá vona jeg, að hv. þdm. bendi mjer á það. Jeg tek því með þökkum, ef einhver hv. þdm. vildi benda á eitthvað til viðbótar, sem breyta þyrfti eða betur mætti fara. Jeg tel óhjákvæmilegt að breyta þessum ákvæðum þingskapanna, og annaðhvort verði að stöðva aukaræðuhöld eða samþ. frv. Málið er

ofur einfalt, og auðvitað mætti útkljá það án þess að það færi í nefnd. En það er fátt of vandlega hugað. Vil jeg því leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Það mundi gleðja mig, að heyra álit hv. þm. á máli þessu, jafnvel á hvern veg sem það fjelli, því að þótt jeg hafi verið svo djarfur að koma hjer fram með gott og þarflegt málefni, að minni hyggju, þá má vera, að öðrum lítist annað. Jeg teldi mjer það mikla sæmd, að heyra góðar undirtektir hv. þm. um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Fasteignagjöld í Hafnarfirði.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um gjöld af fasteignum í Hafnarfjarðarkaupstað (þmfrv., A. 382).

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 420).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. Afbr. leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Allshn. hefir athugað frv. þetta, sem er borið fram af hv. 2. þm. G.-K., eftir beiðni bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði. Tilætlunin er, að útvega kaupstaðnum tekjuauka á svipaðan hátt og aðrir kaupstaðir hafa af þessum gjöldum, og hefir nefndin orðið sammála um að mæla með frv., en vill gera á því nokkrar breytingar, eins og sjá má á þskj. 420.

Í fyrsta lagi vill nefndin ákveða gjalddaga á þessum gjöldum 1. júní. Í öðru lagi, að krefjast megi dráttarvaxta, ½%, eftir að 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, og að þessum dráttarvöxtum fylgi lögtaksrjettur. Í þriðja lagi leggur nefndin til, að vatnsskatturinn haldist eins og áður hefir verið, en með frv. var ætlast til, að hann fjelli niður. Ef vatnsskatturinn fjelli niður, yrði afleiðingin sú, að Hafnarfjörður hefði næstum engan tekjuauka af þessari breytingu.

Sem sagt: nefndin mælir með frv., með þessum breytingum. Jeg skal geta þess fyrir mitt leyti í þessu sambandi, að jeg kynni betur við, að frv. væri talsvert öðruvísi, en jeg tel hinsvegar mikilsvert fyrir Hafnarfjörð að fá ákveðin lög um þessi gjöld, þó jeg álíti skattinn á húsum of háan, en á lóðum of lágan.

Ólafur Thors: Jeg er hv. allshn. þakklátur fyrir fljóta og góða afgreiðslu þessa máls. Brtt. á þskj. 420 eru í sam-

ræmi við síðar framkomnar óskir frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, og þar eð jeg flyt frv. þetta að ósk bæjarstjórnarinnar, tel jeg mjer skylt að fylgja þeim breytingum, er hún óskar eftir. En jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki enn fengið vitneskju um, hvort öll bæjarstjórnin óskar þess, að vatnsskatturinn haldist, og vil jeg því áskilja mjer rjett til að koma fram með brtt. við 3. umr., um að fella hann niður, ef jeg fæ upplýsingar um, að þess sje óskað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16. shlj. atkv.

Brtt. 420, 1 samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 420, 2 (ný grein, verður 6. gr.), samþ. með 16 : 2 atkv.

— 420, 3 samþ. með 14 : 1 atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 446).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 446).

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Björn Kristjánsson: Háttv. samþm. minn í Nd. (ÓTh) hefir flutt þetta frv., eftir ósk meiri hl. bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði. Er það borið fram af því, að bærinn er kominn í hina mestu fjárkreppu, svo að starfsmenn kaupstaðarins hafa jafnvel ekki getað fengið laun sín greidd nú í fleiri mánuði.

Fjárkreppa þessi mun meðal annars stafa af því, hversu útsvör þar í bænum greiðast illa, en það stafar aðallega af gjaldþolsleysi manna. Eins og nú stendur á, hygst bæjarstjórnin að geta trygt sjer betur tekjurnar með því að leggja skatt á fasteignir, eins og gert var fyrir nokkrum árum hjer í bænum. Var því þá heitið hjer, að útsvörin skyldu lækka það, sem svaraði húsaskattinum, en sú hefir ekki orðið raunin á. Þessi skattur mun því verða viðbótarskattur á þá, sem eiga þak yfir höfuðið á sjer, alveg eins og hjer hefir orðið.

Þó að jeg sje þessari stefnu andvígur, eins og jeg var þá, vil jeg þó ekki bera ábyrgðina á því að mæla á móti frv., þegar svona stendur á. Vil jeg því mælast til, að frv. fái að ganga áfram, og að því verði, að umr. lokinni, vísað til alllshn.

Þá eru það tilmæli mín, að hin hv. allshn. greiði sem fljótast fyrir þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nál. kom ekki, og frv. var ekki á dágskrá tekið framar.

18. Stýrimannaskólinn.

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 17, 4. júní 1924 (þmfrv., A. 28).

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Tilefni þess, að jeg flyt þessa brtt. á lögum um stýrimannaskólann, er það frv. um laun starfsmanna á varðskipum landsins, sem liggur fyrir þessari hv. deild.

Það var öllum vitanlegt, að það hlyti að kosta allmikið að auka strandgæsluna, eins og nú er orðið. En jafnframt hljóta allir að vera sammála um það, að hafa þann kostnað ekki meiri en nauðsynlega þarf. Nú mun suma hv. þdm. reka minni til, að árið 1923 var því hreyft í sambandi við strandvarnamálið, hvort ekki mætti lækka útgerðarkostnaðinn með því, að væntanlegir stýrimenn og skipstjórar ynnu einskonar herskyldu á varðskipunum; jeg nota þetta orð, þótt það eigi ekki allskostar við; en þetta er dálitið skylt vissri tegund herskyldu í nálægum löndum, að því er snertir að fá menn á flotann. Þessi kvöð yrði þá gerð bæði til þess að spara kostnað við háseta á skipunum, en engu síður vegna skipstjóraefnanna sjálfra. Jeg býst við, að þar sem sú regla hefir verið sett, að skipstjóraefni fái verklega æfingu í 3 ár á gufuskipum, áður en þeir ganga í skólann, þá muni það viðurkent hagnýtt úrræði vegna stýrimannanna sjálfra. Og þá tel jeg það einmitt geta vel komið til mála, að þeir ynnu einhvern tíma af þessum 3 árum á strandgæsluskipum. Jeg geri ráð fyrir, að menn geri þær kröfur yfirleitt til varðskipanna, að öll vinnubrögð og sjómenska sjeu í sem fullkomnustu lagi. Þannig gæti þá sennilega þessi tími á varðskipinu haft svipaða þýðingu eins og það hefir fyrir lækna að ganga á spítala, meðan þeir eru að nema, og unga verkfræðinga að fá að vinna með eldri verkfræðingum.

Jeg get búist við, að þótt hallast yrði að þessari námskvöð, vegna stýrimannaefnanna sjálfra og vegna ríkisins, þá mundi hjer þurfa einhverju að breyta; ef til vill er tíminn heldur langur. Ef til vill þyrfti ekki nema eitt ár. Væri máske ekki hægt að koma öllum mönnunum á skip, ef aðsókn að skólanum er mikil. En slík fyrirkomulagsatriði munu koma í ljós við meðferð málsins, þegar bæði hefir verið talað um það við skipstjóra og forstöðumann stýrimannaskólans, sem jeg hefi ekki haft aðstöðu til að bera málið undir ennþá. Ýmislegt af þessu tæi geri jeg ráð fyrir að þyrfti að setja í fastara horf.

Þar sem er nú talað um að binda landinu þann verulega bagga, að taka 40—50 menn á föst árslaun, þá álít jeg, að það muni ekki þykja úr vegi að athuga, hvort ekki væri hægt að spara alt að ⅓ af því kaupi. Jeg geri ráð fyrir, að skipstjóraefnin mundu hafa á varðskipunum álíka kjör og dátar hafa yfirleitt á herskipum nágrannaþjóðanna, það er að segja þeir, sem vinna þar aðeins sína skylduvinnu.

Af því að jeg býst ekki við að þurfa

að taka aftur til máls að sinni, þá tek jeg það fram strax, að eina mótbáru hefi jeg heyrt gegn þessu, sem sje, að það gæti komið sjer illa, að tilvonandi skipstjórar á togurum væru kunnugir öllum vinnubrögðum varðskipanna, og gætu því betur forðast þau. Jeg geri ekkert úr þessari ástæðu; því að mjög er það sennilegt, að skipstjórar geti verið á annan hátt nægilega kunnugir varðskipunum til þess að forðast þau, enda þótt þeir ynnu ekki á þeim.

Í öðru lagi hefi jeg grun um, að sumir áliti hjer of þunga kvöð lagða á skipstjóraefni, að vera aðeins matvinnungar eitt ár eða svo á skipi. En jeg hygg þetta sje bláber misskilningur. Gæti maður að því, að þegar skipstjóraefni komast af með mjög stutta skólagöngu tiltölulega og eiga þá — ef þeir eru álitnir nokkrir menn — von á mjög háu kaupi, sumir hærra kaupi en nokkrir aðrir menn á Íslandi, þá þarf ekki að óttast, að það dragi neitt úr aðsókninni.

Jeg vil til samanburðar nefna það, að þegar ungir prestar hafa eytt 10—12 árum í nám, þá fá þeir þau laun, sem ekki eru miklu betri en hásetalaun á þessum skipum. Nei, jeg held við þurfum ekki að óttast, að nemendum verði íþyngt með þessu fram yfir það, sem hafilegt er, þar sem maður gerir ráð fyrir, að þessi tími yrði þeim fullkomlega sem partur af skólanáminu.

Þar sem þetta mál er frá minu sjónarmiði aðallega fjárhagsmál, þá legg jeg til, að því verði vísað í fjhn., sem hefir launamálið til meðferðar nú. Það er borið fram sem viðbót við stjfrv., til þess að vita, hvort ekki væri hægt að koma fram sparnaði í sambandi við rekstur skipanna. Þó að það gæti haft mikla uppeldislega þýðingu, þá mundi líklega enginn sjá ástæðu til þess að hugsa fyrir skólaskipi beinlínis fyrir stýrimannaefnin, ef slíkt skip hefði ekki neitt annað starf með höndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nál. kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Einkasala á saltfiski.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (þmfrv., A. 39).

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Undanfarin ár hefi jeg borið þetta frv. fram í Nd., en það hefir ekki náð samþykki þeirrar deildar. Samhliða hefir verið flutt frv. um einkasölu á síld, en því hefir verið tekið betur. Atvinnurekendur þeir, sem fastast hafa staðið á móti einkasölu, hafa þar komið á með sjer sölusamlagi, en það er þó langt frá því, að það sje eins trygt og ríkiseinkasala. Fyrirkomulagi saltfisksölunnar hefir að allra dómi verið mjög ábótavant, þótt það sje auðvitað afarmikilsvert fyrir fjárhag landsins, að sala aðalútflutningsvörunnar takist sem best. Það hafa verið hinir stærri atvinnurekendur, sem hafa beitt sjer á móti einkasölu, en hin-

ir smærri verið henni fylgjandi. Enda var sá hluti útvegsmanna ánægður yfir einkasölu ríkisins á stríðsárunum, en hinum stærri líkaði miður, því að þeir þykjast fremur hafa líkurnar fyrir því, að græða, þegar vel gengur, en vilja hinsvegar taka á sig áhættuna, ef illa fer. Því er ekki að leyna, að hingað til hefir saltfisksölunni verið hagað þannig, að mikil áhætta hefir verið henni samfara. Einstök firmu kaupa og selja meginhluta fiskjarins, og þau tefla á fremsta hlunn til þess að fá sem hæst verð fyrir hann, og geyma hann því oft svo lengi, að hrun verður, ef verðfall kemur. Dæmi þessa eru deginum ljósari. Má í þessu sambandi nefna fiskbringinn gamla, og líkt hefir farið fyrir ýmsum öðrum. En það er ekki nóg með það, að slík mistök bitni á þessum mönnum einum eða fjelagsskap þeirra; þau bitna líka á öðrum framleiðendum, svo og á lánsstofnunum landsins. Þau bitna á atvinnuvegunum yfirleitt og þjóðinni í heild sinni. Bankarnir tapa miljónum, og verða svo að vinna tapið upp með hærri vöxtum.

Ein af mestu misfellunum við sölúna er það, að útflytjendurnir hafa kept hver við annan um að koma vörunum út á erlendum markaði. Svo er og hitt, að stundum hefir varan verið sett í umboðssölu til Spánar og Ítalíu og þarlendir menn látnir selja hana. En það hefir þýtt það, að þeir, sem vöruna fengu í umboðssölu, hafa haft töglin og hagldirnar og ráðið verðlaginu. Þetta hefir orðið til þess, að varan hefir oft stórlækkað í verði.

Þó stórútgerðarmenn hafi verið mótfallnir ríkiseinkasölu, hafa þeir þó sjeð, að samtök eru nauðsynleg. Árið 1923 gerðu þeir tilraun til samtaka og vildu fá lögvernd ríkisstjórnarinnar, en þá reyndist það svo, að samtökin voru ekki svo sterk, að ríkisstjórnin treystist til þess að styðja þau. Síðastliðið ár hafa aftur verið mynduð samtök, og eru í þeim samtökum flestir stærri fiskútflytjendur, en þó eru nokkrir utan við. Jeg ætla nú, að þessir menn sjái, að ekki verður komið góðu skipulagi á saltfisksöluna, nema með lögum. En þeir vilja bara ekki brjóta „princip" sitt um svokallaða „frjálsa verslun" og „frjálsa samkepni". Kostum einkasölunnar hefir aldrei verið andmælt með rökum af mótstöðumönnum hennar, enda er það skiljanlegt, ef varan er á einni hendi, þá er hægt að haga framboðinu þannig, að verðsveiflur koma ekki fyrir, vegna of mikils framboðs á vörunni; vitanlega má heldur ekki skrúfa verðið upp um of; það hefnir sín æfinlega.

Einn af kostum þessa frv. er sá, að í því er gert ráð fyrir að verja fje til þess að útvega nýja markaði. Við erum nú svo þrælbundnir við eitt land, Spán, að það hefir verið álitið, að við þyrftum að taka tillit til krafna þess lands í lagasetningu vorri. Við erum þá líka bundnir að nokkru við verðlag þess lands á fiskframleiðslunni. Frv. þetta fer fram á, að nokkur hluti af andvirði fiskjarins gangi til þess að útvega nýja markaði. Jeg vil ekki segja, að útgerðarmenn hafi ekkert gert til þess að leita nýrra fiskmarkaða, en það hefir furðu lítið borið á tilraunum þeirra í þá átt. Á góðu árunum, þegar verðið hefir verið hátt, þá hafa þeir verið ánægðir með markaðinn, en á vondu árunum hafa þeir verið „blankir" og ekki haft fje til markaðsleita. Sú tilraun í þessu efni, sem mest hefir

borið á, er för Pjeturs Ólafssonar til Suður-Ameríku, enda var sú för kostuð af ríkinu. Frá þessum manni hafa komið ýmsar bendingar, en mjer er ekki kunnugt, að farið hafi verið eftir þeim, enda slíkt ekki hægt nema með talsverðum kostnaði við fyrstu tilraunir. En sá fjárstuðningur, er með þarf, fengist með fyrirkomulagi því, sem felst í þessu frv.

Þá höfum við umboðsmann í Miðjarðarhafslöndunum, sem kostaður er að ⅓ af ríkinu, en ⅔ af bönkunum. Það eru nú misjafnir dómar um gagnsemi slíks umboðsmanns, en það er þó ríkið, sem kostar þá, en ekki útgerðarmenn.

Þar sem er viðurkent, að þjóðinni í heild er það fyrir miklu, að þessum málum sje skipað á skynsamlegan hátt, svo komist verði hjá tjóni því og hruni, sem dunið hefir yfir á síðastliðnum árum, vegna mistaka á fisksölunni, þá álít jeg ekkert áhorfsmál, að ríkið taki slíka verslun sem þessa að sjer. Það er örugt, að hægt er að fá nóg af hæfum og trúverðugum mönnum til þess að standa fyrir slíku fyrirtæki.

Að þessu sinni skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en vona, að hv. deild vísi því til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jóhann Jósefsson: Háttv. 5. landsk. (JBald) hefir nú komið fram með frv. þetta í þessari hv. deild, og er það sama frv., sem hann hefir verið að flytja á undanförnum árum í hv. Nd.

Miklu af því, sem menn hafa áður haft í móti þessu máli og því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á, mundi vera rutt úr vegi, ef allar staðhæfingar hv. flm. væri á rökum bygðar. En því miður er frv. þetta svo, að það má frekar skoðast sem stefnuskrá eða trúarjátning hv. flm., og hann á alveg eftir, enn sem fyr, að sanna, að undirstaðan sje rjett.

Hv. flm. byrjaði á því, að skýra hv. deild frá því, að hann talaði fyrir munn hinna smærri útgerðarmanna. Jeg veit ekki hvenær þeir hafa falið hv. flm. að bera fram frv. um ríkiseinkasölu á saltfiski, eða meiri hluti þeirra. Hann getur ef til vill bent á ýmsa menn, sem í vandræðum sínum hafa hugsað sjer að koma mætti versluninni í betra horf með þessu fyrirkomulagi. En jeg mótmæli því, að þótt talað sje um „smærri útgerðarmenn", þá sje meiri hluti þeirra þessu fylgjandi, og jeg mótmæli því, að það sje þjóðarvilji, að hlaupa þetta gönuskeið, sem frv. fer fram á.

Allir menn vita, að það er því miður alt of satt, sem hv. flm. sagði, að mikil áhætta fylgir fiskversluninni. Þeir, sem aðallega hafa fengist við hana, hafa orðið yrir stórtjóni hvað eftir annað og á ýmsum tímum.

Það getur verið, að hv. flm. álíti sjálfur, að hægt sje að draga úr áhættunni með því fyrirkomulagi, sem hann fer fram á. En þó er það svo, að „teoretiskt" má sýna það, að líkurnar eru miklu meiri til þess, að áhættan ykist með þessu fyrirkomulagi. Jeg skal aðeins benda á það, að það yrði enginn leikur fyrir okkar land sú tilraun, að hafa ríkiseinkasölu á aðalútflutningsvöru okkar, en eiga keppinauta alt um kring, er versla með sömu vöru í frjálsri samkepni. Það má líka benda á það, að hringmyndanir eru ekki vel sjeðar meðal neytenda, og að miklu meiri líkur eru til þess, að svona fullkominn hringur mætti stórum meiri mótspyrnu heldur en sölusamlag. Sú áhætta, er hv. flm.

álítur að hverfi með ríkiseinkasölu og fyrir það, að framboð verði aldrei of mikið nje óreglulegt, mundi fremur aukast. Því að þótt afnuminn yrði sá agnúi, sem er á sölufyrirkomulaginu, þá mundi það hvergi nærri vega upp á móti þeirri hættu, sem því fylgir, að einkasölufyrirkomulagið yrði tekið óstint upp af þeim, sem við erum upp á komnir með það, að jeta fisk okkar. Og það er ekki síst áhættan við söluna, er ætti að hafa þá verkan, að menn hikuðu við að taka hana af mörgum herðum, sem hún nú hvílir á, og demba henni yfir á ríkið með lagaboði.

Enn sem komið er munu þess eigi mörg dæmi, að tap fiskútflytjenda hafi bitnað beinlínis á fiskframleiðendum. Að minsta kosti munu ekki hafa orðið mikil brögð að því, eða svikum um borgun, af hálfu útflytjenda, vegna þess að þeir hafi beðið tjón.

Hv. flm. mintist á samtök útgerðarmanna um fisksölu, og dró af því þá ályktun, að engin lagfæring fengist, nema með löggjöf. En hann álítur, að lagaboð þurfi alstaðar að koma til, og er því þetta skiljanlegt. En jeg held því fram, að samtök útgerðarmanna sjeu ekki svo reynd enn, að hv. Alþingi eigi að taka fyrir kverkar þeim.

Mjer þótti hv. flm. ekki sanngjarn í garð þeirra manna, er ekki hafa getað fallist á till. hans. Hann sagði, að þeir gerðu það vegna þess, að þetta væri „princip"-mál, en ekki vegna þess, að þeir sjái ekki, að stefnan sje rjett. Jeg hygg, að sanni nær væri að segja það, að menn sjá, að stefnan er ekki rjett, heldur en að þeir geri það af þráa eða óþekt, að fallast ekki á till. hv. flm. Hann hefir ekki gert neina tilraun til að sanna, að ríkiseinkasala mundi bera góðan árangur, enda getur hann ekki bent á nein dæmi þess, hvorki hjer nje í öðrum löndum. Eitt ríki hefir farið út á þessa braut, en sneri fljótt af henni aftur, og þó eigi fyr en bæði einstaklingar og þjóð höfðu beðið stórtjón af flaninu.

Það þarf meira til en að hv. flm. leggi hjer fram slíkt frv. sem þetta og segi, að það bæti úr göllunum. Hann sagði að vísu, að kostum einkasölu hefði aldrei verið mótmælt með rökum. Það nægir ekki heldur. Hann ætti fyrst að færa fram rök fyrir kostum hennar — en það getur hann ekki, eins og jeg drap á áðan. Ríkisverslun er ekki eins mikið allsherjar hjálparmeðal til viðrjettingar eins og hv. flm. og flokksbræður hans halda.

Hv. flm. mintist á stríðsárin, og að þá hefði verslunin verið í höndum ríkisins. En þetta er óheppilegt dæmi, því að ástæður voru þá allar aðrar en nú. Við urðum þá að gera samning við eitt ríki um það, að láta af hendi allan okkar fisk, án nokkurs tillits til þess, hvert markaðsverð fiskjar var. Þetta var stríðsráðstöfun af hálfu Breta, en þetta fyrirkomulag er ekki hægt að taka upp nú, því að þótt við vildum, gætum við ekki fengið neina þjóð til að semja við okkur um það, að kaupa alla fiskframleiðslu okkar fyrir fyrirfram ákveðið verð, eins og þá var. Þetta dæmi var því rangt með farið af hv. flm. og villandi fyrir þá, sem ekki vita, hvernig í málinu liggur.

Þá sagði hv. flm., að útgerðarmenn hefði ekkert gert til þess að rannsaka markaði erlendis. Það er að vísu rjett, að þeir hafa ekki lagt fram fje handa

sendimönnum, en útgerðin hefir borið sinn bróðurhluta af þessum kostnaði sem öðru, með fje því, er hún leggur í ríkissjóð árlega.

Það væri fróðlegt fyrir okkur hjer að heyra og sjá, hverjar sannanir hv. 5. landsk. getur fært fyrir því, að fyrirkomulag það, er þetta frv. hans gerir ráð fyrir, geti reynst örugt til frambúðar, og hvar annarsstaðar það hefir gefist vel. Þegar hann hefir gert það, þá er ástæða til þess að rökræða við hann lengur.

Jeg sje enga ástæðu til að vísa máli þessu til nefndar, nje ræða það á fleiri fundum hjer, því að það mun ekki leiða til þess árangurs, er hv. flm. vill.

Jónas Jónsson: Jeg hefi ekki þá ánægju, að geta fylgst með hv. seinasta ræðumanni nje heldur hv. flm. Jeg álít, að báðir fari villir vegar.

Hv. þm. Vestm. viðurkendi, að fyrirkomulag það, sem verið hefir á fisksölunni, sje ekki heppilegt. Jeg held, að allir sjeu sammála um, að eitt af því athugaverðasta við sölufyrirkomulagið hafi verið, að stórsalan hefir verið í höndum útlendinga, og að ástandið hefir farið versnandi. Einn maður hjer, sem oft hefir orðið gjaldþrota, mun enn vera stærsti fiskkaupmaðurinn. Hann var mikið riðinn við stofnun fiskhrings hjer á árunum, en það fyrirtæki fór á höfuðið. En næst, þegar samtök eru reynd í sömu átt meðal útgerðarmanna, þá rís þessi maður upp, og gefur þá hvor þá lýsingu á hinum, er ekki voru til þess fallnar, að gefa öðrum út í frá háar hugmyndir um þá.

Ísland stendur nú mjög illa að vígi um fisksöluna. Það er ekki kunnugt, að þau firmu, er hafa mikla fiskframleiðslu undir höndum, eins og firma það, er hv. þm. Vestm. stendur að, hafi fastar söluskrifstofur í markaðslöndunum, nje hafi gert neinar gagnlegar tilraunir um það, að ná í nýja markaði, svo sem t. d. í Suður-Ameríku.

Það er varla hægt að hugsa sjer meira ómyndar ástand en hjer að þessu leyti. Það má svo segja, að Íslendingar sjeu leiddir til höggs, líkt og Hólmverjar forðum.

Þótt jeg búist ekki við því, að frv. þetta nái fram að ganga, get jeg ekki látið vera að benda útgerðarmönnum á, að hjer er ekki alt eins og það á að vera. Þetta fundu þeir að vísu í haust og gerðu þá með sjer samtök. En jeg heyri sagt, að enn hafi enginn grætt á þeim samtökum, nema þeir, sem voru utan við þau. Þeir hafi selt sinn fisk strax, hinir ekki. En þessi samtök sanna, að útgerðarmenn sjá nú, að undangengið ástand var óþolandi. Þó mega þeir vita, að það verður varla vinsælt til frambúðar, að hjer komi hlutafjelag fárra innlendra manna, er ætlar sjer að skamta öðrum útgerðarmönnum verð fyrir fiskinn. Þessi úrlausn málsins er ekki annað en leið að sama marki og frv. fer fram á að farin sje. Báðir álíta ástandið vont, og báðir eru í samræmi við straum þann, er liggur inn í framtíðina, báðir álíta, að stofna þurfi sterkan hring til að sjá um söluna. Þetta er sú stefna, er nú færist í aukana erlendis, og kemur síðast fram í nýjustu frjettum um stáliðnaðarsamsteypuna í Frakklandi, Þýskalandi og Belgíu, sem gerð er til þess að halda uppi verði á vörunum. Svo mikils virði þykir nútímamönnum þetta, að mestu hatursþjóðirnar í ófriðnum láta fornan fjandskap niður falla, vegna sameiginlegra

hagsmuna allra aðila, um betri sölu á afurðum sínum.

Þegar jeg lít á frv. það, er hjer liggur fyrir, þá finst mjer það annmörkum bundið, að fyrirmæli þessi komi til framkvæmda, enda þótt hugmyndin sje rjettmæt að vissu leyti. Setjum svo, að frv. verði samþykt, eins og nú er ástatt hjer á landi. Mjer skilst þá, að það fyrsta, sem gert yrði, væri, að ríkisstjórnin — sem hefir sýnt mikla andúð gegn því, sem frv. fer fram á — færi að framkvæma lögin og velja forstjóra, einn eða fleiri, til þess að standa fyrir málinu. Þetta álít jeg óheppilegt fyrir framgang þessa máls. Jeg held því fram, að ein af ástæðunum fyrir því, að svo vel tókst með landsverslunina á stríðsárunum, og steinolíu- og tóbaksverslunina, meðan landið rak þá einkasölu, hafi verið það, að mennirnir, sem voru valdir til þess að standa fyrir þessari íslensku landsverslun, höfðu trú á málinu og vildu leggja sitt besta fram. Aftur á móti gæti jeg hugsað mjer — án þess beinlínis að segja það til núverandi stjórnar — að ef einhver stjórn, sem tryði aðallega á „spekulation“ eða fjárhættuspil í sambandi við atvinnurekstur, ætti að fara að útnefna forstjóra til þess að selja allan íslenskan fisk, þá hygg jeg það mundi verða harla lítil gleði fyrir hv. 5. landsk., þegar hann sæi framkvæmdirnar á þessu máli unnar af engum áhuga, og jafnvel af þeim mönnum, sem vildu láta þetta fyrirkomulag verða til skammar. Jeg tek dýpra í árinni: Þótt stjórnin væri þessu ekki andvíg, væri hlutlaus, óskaði ekki að fyrirtækið færi á höfuðið, þá er samt sem áður mjög mikil hætta á, að það yrði að minsta kosti vakin tortrygni að ástæðulausu af ýmsum, sem að þessu standa, um það, að því væri illa stjórnað. Það eru til dæmi úr íslenskri verslunarsögu um það, að ástæðulaus tortrygni hefir verið vakin gegn opinberum framkvæmdum, af þessu tæi, af mönnum, sem hafa aðeins borið kala til ríkisstarfsemi. Ennfremur álít jeg, að meðan samkomulag er jafn-ilt og enn er milli þeirra tveggja aðila, sem standa að fiskframleiðslunni, þá sjeu litlar líkur til, að nokkur pólitísk stjórn mundi hitta á leið, sem yrði til lengdar farin, svipaða og í frv. er stungið upp á. En jeg held hinsvegar, að ef tekið væri nokkuð frá báðum, sem hafa lagt til þessara mála, þá verði komist nær hinni rjettu leið. Útgerðarmenn hafa leitað til löggjafarvaldsins viðvíkjandi síldarverslun og beðið um lögvernd á einskonar fjelagsskap, sem þeir vildu stofna, til þess að koma henni í horf. Í sumar sem leið notaðist ekki sú heimild, sem þingið gaf í fyrra, af því að Íslendingar, sem háðir voru útlendum hagsmunum, beittu sjer mikið á móti þessu. Mjer er sagt, að nú líti þó fremur út fyrir, að íslenskir hagsmunir verði yfirsterkari, og standi nú til að freista að reyna þetta innlenda síldarfjelag. En fjelag þetta hefir einn galla. Það verður aðeins hringur stórra síldarkaupmanna og síldarframleiðenda. Það átti ekki að vera bygt á því, að allir síldarframleiðendur gætu fengið sannvirði fyrir sína vöru, eða hefðu ráð yfir fyrirtækinu. Það, sem hjálpað hefir bændum til þess að koma lagi á sína verslun, er að hafa með samvinnufjelögum myndað verslunarform, sem er eins sterkt út á við og nokkur hringur getur verið, en lætur þó alla njóta jafnrjettis inn á við, stóra og smáa.

Jeg held í raun og veru, að ef það

form, sem aðstandendur síldarfjelagsins í fyrra lögðu til grundvallar, er dálítið endurbætt, þannig, að allir, sem vinna að framleiðslunni, t. d. síldar- og fiskframleiðendur, hefðu atkvæðisrjett um, hvernig fjelagið starfaði og slíku samlagi væri gefin lögvernd til þess að fara með sölu á afurðum, þá mundi vera fundin sú leið, að bæði útgerðarmenn og verkamenn gætu verið ánægðir með sinn hlut, og að þá liði þjóðarbúskapurinn minna en nú, af þeirri gegndarlausu „spekulation" og jafnvel fjárglæfrum, sem hafa komið fram í sölu þessara afurða okkar.

Jeg geri þó alls ekki ráð fyrir, að nein slík brú verði bygð fyrst um sinn. Til þess er djúpið of mikið milli þeirra stjetta, sem vinna að fiskframleiðslunni. Jeg geri ráð fyrir því — því miður — að þau vandræði, sem nú eru og hafa verið, muni vara enn um allmörg ár. Þó er það ekki ósennilegt, að þessir tveir aðilar mætist á miðri leið, þannig, að þeir efni til fjelags um sölu á fiski og síld, sem sje háð þeim reglum — eins og venja er í lýðfrjálsu landi — sem það fólk setur, er vinnur að framleiðslunni, og fái svo þetta fjelag samskonar lögvernd og síldarsamlagið hefir fengið. Jeg býst við, að mönnum sje ljóst, að það þurfi nokkurn tíma til þess, að reynslan ali upp þá aðila, sem að þessu standa, þangað til þeir sjá, að eins og þeir vinna að framleiðslunni í fjelagi, eins eiga þeir að vinna að sölunni í fjelagi, og bera hver úr býtum eftir því, sem hann hefir til lagt.

Jeg er ekki eins mikið gefinn fyrir það eins og sumir aðrir, að fella frv. frá umræðu, og þá ekki þetta frv., þar sem það er vitanlega alvarleg leit eftir umbótum. En jeg geri þó ekki ráð fyrir að geta fylgt þessu frv., eða þeim grundvelli, sem hjer er lagður, nema til 2. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg hjelt sannast að segja ekki, að hv. þm. Vestm. mundi standa upp og þruma af svona miklum móð á móti þessu frv., eins og hann hefir gert. Hann var talsvert harðorður í sinni ræðu, og að óþörfu, fanst mjer; því að jeg hafði ekki gefið ástæðu til þess með neinum af mínum ummælum, að hv. þm. þyrfti að bregða á þennan tón. En hann vill sýnilega ræða þetta mál meira með hálfgerðu karpi og köpuryrðum, heldur en ræða rökin með og móti. Hv. þm. reyndi tvisvar eða þrisvar að koma með útúrsnúninga úr mínum orðum, alveg að óþörfu. Og slíka hluti gera menn ekki í umræðum, nema því aðeins, að þeir hafi það á tilfinningunni, að þeirra málstaður sje veill. Sannast að segja hefi jeg sjaldan heyrt slíkt til þessa hv. þm.; svo að jeg dreg þá ályktun af hans ummælum, að rök mín fyrir þessu frv. hafi verið talsvert mikilvæg. Hv. þm. byrjaði með játningu um það, að miklum erfiðleikum væri rutt úr vegi, ef þessar staðhæfingar mínar væru á rökum bygðar. Jeg var nú, að jeg hjelt, ekki með neinar staðhæfingar; jeg var með mitt álit — og með líkurnar og rökin fyrir því, hvernig mundi takast, ef leið sú yrði farin, sem frv. bendir til.

Hv. þm. sneri út úr, þegar hann sagði, að jeg þættist tala hjer fyrir munn smærri útgerðarmanna. Þetta sagði jeg aldrei. Jeg lýsti að vísu í minni framsöguræðu afstöðu útgerðarinnar til einkasölumálsins og sagði, að stærri útgerðarmenn hefðu lagst á móti, en margir þeir smærri lýst sig því máli

fylgjandi. En þetta er ekki það sama og að jeg sje samkvæmt áskorun frá fjelagsskap smærri útgerðarmanna að bera þetta frv. fram. Því aðeins væri hægt að segja, að jeg talaði fyrir munn þeirra, ef jeg ræki þannig þeirra erindi. En það vita allir hv. þm., að þó nokkuð af smærri útgerðarmönnum álíta einkasöluna heppilega fyrir ríkið.

Hv. þm. mótmælti, að það sje þjóðarvilji, sem liggur hjer á bak við. Það má lengi um það deila og verður kanske ekki sannað á hvorugan veginn, fyr en gengið er til þjóðaratkvæðis um málið.

Hv. þm. var líka að tala um gönuskeið. Finst mjer óþarfi af honum að vera að nota slík stóryrði upp úr þurru. Var það þá ekki gönuskeið hjá hv. þm. í fyrra, þegar hann var að „trompa“ í gegn síldinni og snerist í málinu einu sinni eða tvisvar á tveim til þrem dögum, áður en hann lagði með frv. í deildinni. (**JJós:** Hvar eru sannanirnar fyrir því?). Jeg leyfi mjer að koma með staðhæfingar og fylgi fordæmi hv. þm. sjálfs í því efni. Svo ætla jeg aðeins að vitna til samvisku hv. þm.; jeg veit hún talar í þessu máli.

Við og við játaði hv. þm., gegnum sína ræðu, mistökin á sölu saltfisksins undanfarið. Hann játaði tapið — hið stórkostlega tap, á sölu saltfisksins undanfarin ár. En ef á einhverjum atvinnuvegi eru stórfeldar misfellur, þá sje jeg ekki annað en að það sje skylda löggjafarvaldsins að leitast við að laga þær misfellur, ef það stendur í valdi þess, — og því meiri skylda sem atvinnuvegurinn er stærri.

Þá sagði hv. þm., að hringur útgerðarmanna mætti mótþróa erlendis, og hann gerði ráð fyrir, að einkasalan mætti meiri mótþróa. Þetta er sá höfuð-misskilningur, sem kom fram í síldarmálinu og víðar. Hringur einstakra manna mætir eðlilega meiri mótspyrnu en samtök heillar þjóðar. Spánverjar gætu frekar þolað, að allir landsmenn væru í einu samtaka um fiskverslunina, en gætu illa þolað, að örfáir stórir fiskútflyjendur væru að „spekúlera“ í að reyna að fá miklu hærra verð fyrir fiskinn heldur en smærri útgerðarmennirnir, sem þó afla meiri hluta fiskjarins. En þetta er það, sem hlýtur að verða með hringmyndun útgerðarmanna, því að þeir losa sig við þá smærri.

Ennfremur talaði hv. þm. um, að jeg hefði borið útgerðarmönnum svik á brýn. Þetta er ekki rjett. (**JJós:** Útflytjendum, en ekki útgerðarmönnum). Mjer datt heldur ekki á neinn hátt í hug að bera útflytjendum nein svik á brýn. En jeg sagði, að útgerðarmenn og útflytjendur, hinir smærri, hefðu tapað á þessu, hvernig „spekúlerað“ væri með framleiðsluna. En úr því að þessi hugsun er svona ofarlega í hv. þm., þá lítur út fyrir, að hann viti, að svik hafi átt sjer stað.

Setjum nú svo, að smærri útgerðarmenn sjeu að selja hv. þm. Vestm. eða 2. þm. G.-K., sem báðir eru stórir fiskverslunarmenn, og fái sína borgun, en svo treysti þessir herrar á bankana og sitji á fiskframleiðslunni. Þeir ætla að bíða svo sem þrjá mánuði, í því trausti, að skippundið hækki um 10—20 krónur. Þá kemur það fyrir, að útreikningurinn bregst og fiskurinn fellur. Að vísu tapa þeir sjálfir. En sjá ekki allir, að þessi „spekulation“ hefir bitnað á smærri útgerðarmönnum, þannig, að á næsta framleiðslutímabili fá þeir skellinn, í lækkuðu fiskverði, vegna „speku-

lationa" útflytjendanna. Það er þetta, sem jeg átti við, þegar jeg talaði um það, sem bitnaði á smærri fiskframleiðendum. Þetta er svo augljóst, að hvert barn skilur það; hv. þm. Vestm. skilur það líka, ef hann vill skilja á annað borð.

Hv. þm. vildi fara þá leið að læra af reynslu þeirri, sem menn vænta af þeim samtökum útgerðarmanna, sem nú er stofnað til. Sannleikurinn er sá, að það er ekki nema nokkur hluti útgerðarmanna í þessum samtökum. Og það er sagt, að þeim, sem eru í samtökunum, hafi gengið miklu ver að selja, af því að nokkrir eru fyrir utan, og þeir ekki fáir. Þetta bendir einmitt til þess, að nauðsyn sje að lögþvinga menn til þess að vera í einum fjelagsskap um sölúna.

Hv. þm. gat náttúrlega djarft úr flokki talað um þekkingu á sjávarútvegi og fiskverslun, því að mikið hefir hann við það fengist. Og vitanlega getur hann í trausti þessarar visku sinnar borið mjer á brýn, að mig vanti öll skilyrði til að sanna, að þetta fyrirkomulag, sem jeg sting upp á, sje gott — sem á að þýða það, að jeg hafi ekki vit á fiskverslun, og hafi því ekki leyfi til að tala í þessu máli. Það vill nú svo til, að hv. þm. Vestm. hefir ekki vald til þess að fyrirskipa, hvað menn megi flytja á þingi. (**JJós:** Hv. þm. er að tala um eitthvað, sem jeg hefi aldrei sagt!). Mjer þykir vænt um, ef hv. þm. vill taka þetta aftur. (**JJós:** Jeg þarf ekkert að taka aftur). Hv. þm. sagði, að flutningsmann vantaði skilyrði til að sanna, að þetta fyrirkomulag væri gott. Þetta er ekki hægt að skilja nema á einn veg, sem sje, að þm. áliti, að jeg hafi enga þekkingu til þess að dæma um þessa hluti, af því að jeg hefi ekki fengist við saltfisksölu. En jafnvel þótt leikmenn sjeu, geta þeir sagt sitt álit og bent á galla á einu og öðru fyrirkomulagi — og gallarnir á fisksölufyrirkomulaginu leyna sjer ekki. — Jeg gæti náttúrlega svarað í sama tón, þegar hann segir, að jeg hafi ekki sannað kosti einkasölunnar, og sagt, að hann hafi heldur ekki sannað kosti frjálsrar verslunar.

Hann játaði sjálfur, að alt væri í vandræðum hjá þeim með fiskverslunina. Hann gat líka heyrt það, sem jeg sagði í fyrstu, og er mikill kostur á einkasölunni, að það er hægt að miðla framboðinu, ef alt er á einni hendi. Það er hægt að láta hæfilega mikið af fiski til markaðslandanna, svo að ekki safnist fyrir og komi sveiflum á verðlagið, sem altaf eru til bölvunar. Það er hægt að koma í veg fyrir það, sem sagt er að spilli mest fyrir sölunni á Ítalíu og Spáni, að fiskurinn sje seldur í umboðssölu, þar sem umbjóðandi getur í raun og veru látið hann fyrir hvaða verð sem honum sýnist. Og með einkasölunni er lagt fram fje, sem nota á til þess að efla markað fyrir fisk.

Þetta eru alt saman kostir, sem jeg álít vert að taka til athugunar og sjeu fullkomin rök í málinu.

Þá er að víkja að samtökum útgerðarmanna og reynslunni af þeim. Hv. þm. veit vel, að þótt reynd væru samtök 1923, þá fór alt í hundana. Hann veit líka, að útgerðarmenn fengu — meðal annars fyrir hans tilstilli — lögvernd á síldarsölufjelagsskap; og hann veit, að útgerðarmenn og stjórnin gugnuðu við að koma því í framkvæmd.

Jeg hefi fært fram margvísleg rök fyrir því, að ríkiseinkasalan muni hafa

marga kosti og verða betri en það fyrirkomulag, sem við nú búum við og öllum kemur saman um, að sje vont.

Svo fór hv. þm. að verða dryldinn í lok ræðu sinnar, og ætlaði að höggva stórt. Hann spurði: Hvaða tryggingu ætlar þingmaðurinn að setja fyrir því, að fyrirkomulagið reynist vel? Mig langar þá til að spyrja hann sem útvegsmann: Hvaða tryggingu setur hann fyrir því, að hann fari vel með fisksöluumboð sitt? Þegar hv. þm. leggur fram þessa tryggingu sína og sinna stjettarbræðra, þá skal jeg koma með þær tryggingar, sem jeg hefi upp á að bjóða. Jeg skil ekki, hvað hv. þm. meinar með þessu; hygg það sje helst sagt út í loftið, vegna rökþrota. Nei, þeir háttvirtu fiskútflytjendur geta ekki heimtað tryggingu af þeim, sem stinga upp á nýju fyrirkomulagi. Miklu fremur ætti að draga þá til reikningsskapar fyrir meðferðina á fisksölunni á undanförnum árum. Það er ekkert leyndarmál, að margir fisksölumenn hafa hagað sjer þannig, að þeir hafa skaðað landsmenn um margar miljónir króna. Jeg hefi ekki minst á þessa útlendu fisksölumenn; en þeir hafa hagað sjer svipað og þeir innlendu. Mistök hafa orðið hjá báðum, hjá báðum „spekulation“ og miljónatöp, og afleiðingarnar hafa orðið svipaðar af verkum þeirra beggja.

Hv. 1. landsk. vill ekki fallast á það fyrirkomulag, sem í frv. er stungið upp á. Hann er með sína samvinnu í svipaða átt og síldarsamlagið og samvinna bænda um sölu á kjöti. En jeg er hræddur um, að þessi samvinna mundi nú ekki blessast, mundi ekki verða gerð af frjálsum vilja. Og ef einhver samtök yrðu, þá mundu það verða örfáir menn, sem gætu mestu ráðið, en hinir smærri yrðu svo útundan.

Jeg er ekki eins hræddur eins og hv. 1. landsk. um það, að stjórnin, sem fengi slíkt fyrirkomulag til framkvæmda, mundi gera sitt til að eyðileggja það, með því að skipa þá menn til að stjórna því, sem vildu það feigt. Jeg trúi því ekki, að nokkur stjórn mundi haga sjer þannig, því það væri hreint og beint glæpsamlegt, ef slíkt væri gert vísvitandi. Reynslan hefir sýnt, að hæfir menn hafa fengist til að stjórna verslunarfyrirtækjum landsins. og því er engin ástæða til að vantreysta því, að enn geti fengist hæfir menn til slíkra starfa.

Jóhann Jósefsson: Jeg vil ekki hræða hv. 5. landsk. með því að vera of hávær. Skal jeg því reyna að tala í eins mildum tón og mjer þykir líklegt að hv. þm. geti felt sig við. En það verð jeg að segja honum, að jeg reyndi alls ekki að snúa út úr orðum hans. Ef um væri að ræða einhverja samkepni okkar á milli í útúrsnúningum, yrði jeg að játa, að þar lægi jeg undir. Þeir, sem eyru hafa og heyra vilja í hv. deild, hafa getað heyrt, hvernig hann sneri út úr orðum mínum. (**JB:** Þú ert það sjálfur! segja strákarnir). Jeg tek þetta svo, að hann hafi ekki kært sig um að fara lengra út í málið.

Það er einkennilegt um þá báða, hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk., að við hvorugan er hægt að tala um mál, nema draga ýmsa menn inn í umræðurnar. Þeir drógu mig báðir inn í þetta fisksölumál, en það er sannast að segja, að jeg stend þar ekki svo framarlega, að til þess væri nokkur ástæða. Það bendir

á andlegan skyldleika með þessum tveim hv. þm., að báðum skuli vera þetta jafntamt.

Jeg skal fyrst koma að síldar-einkasölufrv. frá í fyrra. Jeg leiði hjá mjer að eyða orðum að hringsnúningsstaðhæfingu hv. 5. landsk. Jeg var með því, að stjórninni væri veitt heimild til að gefa ákveðnum mönnum einkaleyfi á síldarsölu. Rök mín fyrir þeirri skoðun eru skráð í þingtíðindunum frá í fyrra, og jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka þau. En þar lá til grundvallar alt annað ástand en hjer er um að ræða. Þá var verið að útiloka leppmensku fyrir útlendinga, sem hafði skaðleg áhrif á síldarsöluna. Hjer er engu líku til að dreifa.

Þá þótti hv. þm. (JBald) hlaupa á snærið hjá sjer, að jeg skyldi játa, að tap hefði stundum orðið á fisksölunni. Þvílík frjett! Jeg held það sje nú svo um flestar atvinnugreinir, að á þeim verði tap við og við. En það er sitthvað, að vilja lögleiða ríkiseinkasölu á fiski eða segja, að alt sje gott eins og nú er. Jeg hefi verið fús á að viðurkenna ýmsa galla á fyrikomulaginu. En jeg er ekki svo ósanngjarn í garð þeirra manna, sem með söluna fara, að gera þær kröfur, að þeim skjátlist aldrei. Það gerir enginn sanngjarn maður. Það getur sá einn gert, sem ekki hefir þekkingu á málinu. Hv. þm. (JBald) þótti jeg bregða sjer um þekkingarleysi. Það gerði jeg ekki. Hann hefir greinilegast sýnt það sjálfur, með ræðum sínum. Það getur verið, að í stöku tilfellum megi kenna þeim um mistök, sem með söluna fara. En oft valda þeim óviðráðanlegar ástæður, sem ekki eru útilokaðar með líku frv. sem þessu. Við getum ekki sett lög um, hvað Spánverjar skuli neyta mikils fiskjar, nje af hvaða þjóðum þeir skuli kaupa. Atriðið, sem mestum örðugleikum veldur á fisksölunni, er það, að framboðið á markaðinum er meira en neyslan. En neyslan er minni en verið gæti, vegna þess að kostnaðurinn við framleiðsluna er of mikill til þess að varan geti verið svo ódýr sem skyldi. Þetta eru ástæður, sem ekki mundu lagast með ríkiseinkasölu. Framleiðslukostnaður mundi ekki breytast, neysla fiskjar ekki vaxa og samkepni frá Noregi, Englandi og Nýfundnalandi mundi haga sjer eins, hvort sem hjer væri lögleidd einkasala eða ekki. Jeg hjelt því fram, að þar sem vitanlegt væri, að samtök fiskeiganda hjer hefðu valdið óánægju á Spáni, væri líklegt, að ríkiseinkasala mundi verða orsök til enn sterkari mótstöðu. Hv. 5. landsk. andmælti þessu; hjelt, að Spánverjar mundu kyssa á vöndinn og sætta sig við þetta fyrirkomulag, ef það væri aðeins lög. Við höfum nú dæmin fyrir okkur um slík lagaboð, t. d. þegar hjer var lögleitt að flytja ekki inn vín. Öllum er kunnugt, að Spánverjar neyddu okkur til að leyfa innflutnin ýmissa vintegunda. Þetta bendir á, að þeir mundu ekki taka lögum um ríkiseinkasölu á fiski með þögn og þolinmæði. Við vitum, að hjer voru gömul samtök um bindindi áður en bannlögin voru sett, og Spánverjar skiftu sjer ekki af því. Það var ekki fyr en lög voru sett um þetta efni, að þeir ljetu til sín taka. Þetta sannar mitt mál um það, að ríkiseinkasala mundi mæta meiri mótspyrnu en samtök einstakra manna. Um það er annars það að segja, að jeg er þeirrar skoðunar, að sú tilraun, sem gerð hefir verið, muni leiða í ljós, að slík samtök geti tekist. Hitt er vafamál, að rjett sje að hafa þau svo víðtæk, að sömu sam-

tökin nái um alt land. Því hefir verið haldið fram í einu blaði, að betur mundi henta, að samtökin væru fleiri, og jeg stend nærri því að fallast á, að öll hjeruð eigi ekki samleið í þessu máli. Tegundir fiskjar eru talsvert mismunandi eftir landshlutum.

Hv. þm. (JBald) mintist á, að jeg hefði sagt, að hann færði engin rök fyrir því, að þetta fyrirkomulag mundi reynast betur og vildi láta mig sanna, að hið gamla væri betra. En honum sjest yfir það, að við núverandi fyrirkomulag erum við uppaldir, og jeg get ekki sjeð, að það sje okkar hlutverk að sanna, að það sje hið besta; a. m. k. tek jeg það ekki að mjer, fyr en jeg hefi játað, að ekki megi bæta fiskverslunina. Það verður víst örðugt, að fá nokkurn til að segja, að það fyrirkomulag útgerðarinnar og fiskverslunarinnar, sem við búum við, sje hið ákjósanlegasta. En það þarf áreiðanlega meira til að bæta úr göllunum en að skrifa nokkrar línur á blað og leggja fram sem frv. til laga. Jeg lít svo á, að þetta mál sje of alvarlegt til þess að hrapa að breytingum, að undangengnum röklausum staðhæfingum stefnuskrármanna, rannsóknarlaust og fordæmislaust. Hið eina fordæmi, sem til er, er frá Nýfundnalandi, og það bendir í gagnstæða átt. Jeg bað hv. þm. að leggja fram líkur fyrir því, af reynslu annara þjóða, að þetta fyrirkomulag mundi reynast haldgott. Hann leiddi það alveg hjá sjer. Meðan hann færir ekki fram sterkari rök en þau, að segja, að líkur sjeu til, að einkasalan reynist skár en núverandi fyrirkomulag, finst mjer harla óforsvaranlegt að leggja út á einkasölubraut með aðalafurðir landsmanna.

Ingvar Pálmason: Jeg skal ekki tefja umræðurnar lengi. Hvað sem þessu frv. líður, væri þó full ástæða til að ræða fisksölumálið ítarlega. Það er eitt af okkar mestu vandamálum, og allir játa, að það sje í ólagi. Það hryggir mig því, hve hjer er sýnt mikið áhugaleysi fyrir þessu máli, þar sem stundum er ekki nema helmingur deildarmanna á fundi. Mjer þykir líka leitt, að hæstv. atvrh. skuli ekki vera viðstaddur, ef heilsa hans leyfir.

Jeg skal ekki blanda mjer inn í deilur þeirra hv. 5. landsk. og hv. þm. Vestm. Það var samt eitt atriði í fyrri ræðu hv. þm. Vestm., sem mjer finst deildinni ekki samboðið að fylgja. Hann sagðist ekki sjá ástæðu til að eyða miklum tíma til að ræða þetta mál. Það hryggir mig, að maður úr flokki sjávarútvegsmanna skuli tala svo. Þetta frv er þó einasta bjargráðið, sem borið er fram í þessu máli. Hv. 5. landsk. ber það fram sem bjargráð, þótt það ef til vill yrði það ekki í reyndinni. Mjer finst skylda okkar, ef við getum ekki fallist á þetta frv., að reyna að koma með annað betra. Hvort sem frv. fær fylgi í þessum búningi eða ekki, finst mjer líklegt, að eitthvað gott geti sprottið af umræðum um málið. Jeg treysti mjer ekki að koma með neinar sannanir fyrir því, að þetta frv. reynist vel í framtíðinni. En þetta er þó leið, sem sjálfsagt er að athuga. Svipuð leið virðist raunar vaka fyrir hv. þm. Vestm., þó í öðru formi sje. Aðalatriðið í mínum augum er það, að reynt sje að afla rýmri markaðs fyrir saltfisk en nú er. Jeg hefi aldrei haft eins bjargfasta trú á Spánarmarkaðinum og hv. þm. Vestm. Jeg lít svo á, að það hafi orðið landinu til stórtjóns, hve fast við höfum

bundið okkur við Spánarmarkaðinn. — En í sambandi við þetta mál hefði mjer þótt æskilegt, að fá skýrslu frá hæstv. atvrh. um árangur af starfsemi erindrekans á Spáni. Hv. deild er kunnugt, að jeg var mótfallinn þeirri embættisstofnun, af því jeg áleit, að þar væri ekki bygt á rjettum grundvelli. Jeg áleit, að ekki væri mest þörf erindreka á Spáni, heldur þar, sem þarf að brjóta markaðinum nýjar leiðir. Jeg álít nú tíma til þess kominn, að þing og þjóð fái að heyra skýrslu um árangur þessa erindrekastarfs. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta að sinni. En fáist ekki svar við þetta tækifæri, geri jeg ráð fyrir að bera fram fyrirspurn síðar.

En um frv. er það að segja, að mjer finst deildin ekki, sóma síns vegna, geta felt það frá 2. umr., nema kjarni þess sje þá tekinn upp í annari mynd.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 2. þm. S.-M. beindi fyrirspurn til atvrh. um árangur af starfi fiskifulltrúans á Spáni, og gat hann þess, að ef ekki fengist fullnægjandi svar nú, mundi hann bera fram þessa fyrirspurn seinna, á þann hátt, sem þingsköp mæla fyrir. Hv. þm. (IP) gat sjeð, að atvrh. er ekki viðstaddur. **(IP:** Jeg tók það fram). Hv. þm. gat þá ekki búist við að fá neitt svar, enda er það yfirleitt svo, að þingmenn mega ekki gera ráð fyrir, að stjórnin sje viðbúin að gefa skýrslur undireins og fyrirspurnir koma. Það þarf mjög oft að leita upplýsinga hjá mönnum og stofnunum utan stjórnarráðsins.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg get verið þakklátur hv. þm. Vestm. fyrir það, að tónninn í ræðu hans var alt annar nú en áður. Mjer þykir vænt um að hafa fengið hann til að ræða þetta mál á sómasamlegan hátt. Það er alveg rjett, að við getum ekki lögboðið Spánverjum, hvað þeir eigi að jeta, en við getum skipulagt, hvernig við högum versluninni og reynt að selja öðrum einhvern hluta af þessu, sem við sendum til Spánar. Það geta verið mörg lönd enn, þar sem við gætum fengið markað fyrir fiskinn. En það hefir komið í ljós, að útgerðarmenn okkar reyna ekkert til þess. Það, sem verst er, er það, að eitt land getur sett okkur stólinn fyrir dyrnar, og hefir þegar sett okkur skilyrði fyrir því, hvaða lög við mættum hafa hjer í landi.

Þá blandaði hv. þm. ófyrirsynju inn í þetta framleiðslukostnaðinum. Frv. tekur ekki til þess, heldur aðeins til fyrirkomulags sölunnar. Það er rjett, að kostnaðurinn breytist ekki, þó að einkasalan komist á. En það er einmitt skoðun hv. þm. (JJós), að það sje nóg að hafa samtök milli helstu manna í hverri stjett, milli hinna stærri atvinnurekenda **(JJós:** Vill ekki hv. þm. hafa rjett eftir. Jeg mintist ekki á hina „stærri".) Meiningin er sú, að hafa ekki alla með **(JJós:** Það er ekki rjett.) Jú, það er rjett. Því er hv. þm. og samherjar hans þá ekki með mínu frv.? Þeir gætu þá að minsta kosti verið með frv. til nefndar. En það er ekki til neins að vera að ræða þetta, ef hv. þm. dregur altaf til baka, það sem hann hefir sagt. Hann sagði, að það væri torvelt að finna þann mann, sem áliti fisksölufyrirkomulagið viðunandi. Er þá forsvaranlegt að leggjast á móti þessari tilraun til þess að bæta það? Eða talaði hv. þm. hjer fyrir munn íhaldsflokksins? Hefir þetta mál verið gert að flokksmáli? Það þætti mjer

vænt um, ef hv. þm. vildi upplýsa. En jeg vona, að þetta sje bara persónuleg skoðun hv. þm. sjálfs. (**JJós:** Alveg rjett!). Það þykir mjer vænt um að heyra. Mjer þætti það hart, ef sjálfur stjórnarflokkurinn vildi hindra framgang máls, sem miðar að því að leiðrjetta galla á sölufyrirkomulagi afurða okkar, og sem allir játa, að sje ábótavant og þurfi nauðsynlega að ráða fram úr.

Enda þótt tónn hv. þm. væri vingjarnlegri nú en áður, gat hann ekki stilt sig um að bregða mjer um þekkingarskort. Jeg verð að segja, og jeg vænti, að hv. þdm. verði mjer sammála um það, að hv. þm. Vestm. hafi ekki kafnað í vitinu í sínum umræðum um þetta mál. Hann sagði, að Spánverjar mundu frekar setja sig upp á móti ríkiseinkasölu en samtökum einstakra manna, og tók hann þar til dæmis, að þeir ljetu afskiftalausa bindindsstarfsemi í landinu. Það er nú kanske ekki komið til enn. En hitt er ákaflega ólíklegt, að Spánverjar settu sig frekar á móti ríkiseinkasölu, heldur en á móti „hring" einstakra manna.

Hv. þm. mega vera vissir um, að þó að þeir geti nú hindrað það, að einkasala á saltfiski verði rædd í nefnd, geta þeir ekki komist hjá að ræða málið. Útgerðarmennirnir viðurkenna veilurnar. Þeir eru að mynda samtök sín á milli ár eftir ár, en það er óhætt að segja, að þeir sviki þau samtök jafnóðum. Samt sem áður trássast menn við að taka þetta til athugunar og fara þá leið, sem langsterkastar líkur eru til að verði leið út úr vandræðunum. Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að líkur væru fyrir því, að fyrirkomulagið yrði skárra. Það má vera, að jeg hafi tekið svo til orða, og af hæversku ekki notað sterkari orð. En jeg er sannfærður um, að það mundi verða stórkostleg bót, ef einkasala kæmist á, enda getur hv. þm. ekki hrakið ástæður mínar fyrir kostum einkasölunnar.

Jóhann Jósefsson: Sú sannfæring, sem hv. þm. (JBald) mintist á í lok ræðu sinnar, er eflaust til, og væri ljótt að efast um hana, þar sem þetta mun vera í 6. eða 7. sinn, sem hann flytur þetta frv. (**JBald:** Kvenrjettindamálið var flutt í 20 ár!). Enginn efast um hans sannfæringu. Þrátt fyrir það leiðir ekki nauðsynlega þar af, að þetta sje hin eina rjetta leið. Og jeg vil taka það fram, að það er ekki þetta fyrirkomulag eitt, sem gæti haft þá kosti, sem hv. þm. talar svo mikið um. Hv. þm. heldur því fram, að við, sem könnumst við, að ekki sje alt í lagi, viljum þó hvergi breyta til. En það er ekki sama og að vilja hvergi breyta til, að gera ekki þetta stóra stökk, sem hann vill gera og sem jeg álít stórhættulegt, bæði fyrir ríkissjóð og þjóðina í heild sinni. Um hitt eru allir sammála, að þessi grein atvinnurekstrarins þarf á ýmsum sviðum umbóta við.

Þá var það ekki ófyrirsynju, að jeg mintist á framleiðslukostnaðinn, enda veit hv. þm. sjálfur, að hann er ekki lítilsvert atriði. Sje hann of mikill, verður ríkið, eins og hver annar, að selja vöruna undir sannvirði.

Jeg held nú, að það hafi ekki mikla þýðingu fyrir fiskverslun í heild sinni, að vera að elta lengur ólar við þetta. Það er furðulegt, eftir að hv. þm. er í mörg ár búinn að tala um þetta, að hann skuli geta talað eins ljettúðlega og hann hefir nú gert og látið meiri hluta orða

sinna snúast um það, sem andstæðingar hans hafa ekki sagt.

Þá vil jeg beina því til hv. 2. þm. S.-M., að það, sem hjer liggur fyrir, nefnilega einkasala á saltfiski, útilokar ekki, að rætt sje um saltfisksölu í heild sinni. En jeg býst ekki við, að þetta frv. beri árangur. Reynslan hefir ekki sýnt það, og jeg sje ekki, að þingið sje svo breytt frá því í fyrra, að þetta mál fái öðruvísi undirtektir en það hefir fengið hingað til.

Ingvar Pálmason: Jeg viðurkenni fúslega, að jeg finn, að það er rjett hjá hæstv. fjrh., að það er ekki sanngjarnt að ætlast til, að hverskonar fyrirspurnum til stjórnarinnar verði svarað samstundis, og geri jeg því ekki frekari kröfur nú. Jeg geri ekki ráð fyrir svari, nema fyrirspurn mín komi fram á þann hátt, sem þingsköp mæla fyrir.

Hv. þm. Vestm. þarf jeg ekki að svara miklu. Jeg skal viðurkenna, að umr. um þetta mál, eins og þær hafa farið fram í dag, færa oss ekki mikið nær takmarkinu. En jeg býst við, að athugun í nefnd gæti fært oss feti nær því. Hv. þm. Vestm. hefir ekki bætt úr þeirri kvörtun minni, að ekki sæist bóla á neinu öðru til umbóta.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er ekki meining mín að gefa á nokkurn hátt í skyn, að atvrh. mundi ekki vilja gefa þm. upplýsingar, nema fram kæmi formlegar fyrirspurnir. Jeg vænti, að hv. þm. sjeu mjer sammála um, að hann hefir einmitt verið mjög greiðugur á að gefa ýmsar upplýsingar, en það getur vitanlega tekið dálítinn tíma að taka þær saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, IP, JBald, JJ, JKr, EÁ.

nei: JJós, JóhJóh, JÞ, BK, EJ, HSteins.

Einn þm. (MK) fjarstaddur.

Frv. vísað til sjútvn. með 7 : 4 atkv.

Á 69., 70., 71. og 72. fundi í Ed., dagana 9., 10., 11. og 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 436 og 515).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Trygging á fatnaði og munum skipverja.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 25. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til þess að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja (þmfrv., A. 54).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta var borið fram í neðri deild í fyrra, og var vísað þar til nefndar, en nefndin vildi ekki láta samþykkja það. En þó varð úr, þegar það kom aftur til deildarinnar, að því var vísað til stjórnarinnar. Hefi jeg svo átt tal um málið nýlega við hæstv. atvrh., og kvaðst hann ekki mundu bera það fram. Sökum þess flyt jeg það nú aftur.

Jeg tel það þýðingarmikið, að trygð-

ur fje fatnaður og munir háseta fyrir tjóni, ef skip strandar. Og hjer er farið fram á, að atvinnurekendur greiði tryggingargjaldið, eins og venja er um aðrar slíkar tryggingar.

Það má nefna mörg dæmi um tjón, sem skipverjar hafa beðið, þegar skip hafa strandað, og þau mjög mörg tilfinnanleg. En út í það ætla jeg ekki að fara nú. Það var gert í fyrra, og þá vildi einmitt svo til, þegar málið var til umræðu, að skip hafði nýlega strandað og skipverjar mist alt, er þeir höfðu meðferðis. Aðeins björguðust sjálfir nauðulega.

Þó að það kunni að hafa komið fyrir, að skipverjar hafi fengið bætur fyrir tjón við skipbrot, eru það þó aðeins undantekningar og af handahófi greitt, því rjettur skipverja til slíkra bóta er enginn. Og þó útgerðarmenn kunni að hafa vilja á að greiða þeim bætur, þá hafa þeir oft ekki efni á því að greiða slíkar bætur. Hjer er því áreiðanlega stigið stórt spor í rjetta átt, því að slíkar tryggingar sem þessar mundu áreiðanlega verða að miklu gagni hjer, þar sem skipströnd eru svo tíð.

Óska jeg svo, að málinu verði vísað til sjútvn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var útbýtt nál. sjútvn., minni hl. á þskj. 588, og meiri hl. á þskj. 592. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Áfengisauglýsingar.

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum (þmfrv., A. 349).

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þeim, sem líta svo á, að undanþága sú, sem gerð var á bannlögunum um innflutning spænskra vína, hafi verið gerð samkvæmt kröfu erlendrar þjóðar og verði því að skoðast sem kúgun við íslenskt löggjafarvald, þeim ætti að vera það ljúft að sýna það í verki, að svo hafi verið. Fyrir því er þetta frv. borið fram. Það er flutt að beiðni nokkurra manna úr framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands. Ástæður fyrir flutningi þess eru svo augljósar, að þær þarf ekki að skýra. Hv. þm. verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja fella það eða samþykkja. En mjer finst ekki nema eðlilegt, að þeir, sem líta svo á, að við höfum verið þvingaðir til þessa tiltækis, sem sje undanþágunnar frá bannlögunum, ættu að geta samþykt þetta.

Frv fer fram á að banna hverskonar auglýsingar um áfengi, nema þær, er eigi verður hjá komist, svo sem firmatilkynningar og annað slíkt í Lögbirtingablaðinu.

Að lokinni umr. vænti jeg þess, að frv. verði látið ganga til allshn.

Jónas Jónsson: Jeg hefi áður minst á það hjer í deildinni, að svo leit út við kosningar í haust, að vaxandi áhugi væri fyrir því í landinu að hefta áfengisnautn. Þarf ekki annað en minna á stór orð og loforð sumra þeirra manna, er að „kandidötunum" stóðu. En þessi orð hafa ekki verið haldin. Nú er það komið á daginn, að það litla, sem fitjað hefir verið upp á á þessu þingi til þess að hefta áfengið, hefir alt verið felt. Þessi till. er held jeg það eina, sem fram kemur nú á síðustu tímum til þess að sýna, að menn skammist sín fyrir ástandið eins og það er. Landið heldur uppi vínverslun og leggur kapp á að auka verslunarstarfsemi með útibúum og auglýsingum um vín. Eru auglýsingar um gæði vörunnar mjög algengar í blöðum hjer.

Það mun kanske ekki þykja koma þessu við, en af sama toga er það spunnið, að landsjóður á mikið útistandandi fyrir vín hjá mönnum, sem þó fylsta ástæða er til að ætla að geti borgað. En það ætti ekki að líðast, að landið láti menn fá vín, nema þeir borgi strax.

Þetta litla frv. er spor í rjetta átt, að því er snertir yfirborðið, en lengra nær það ekki.

Jeg ætla að nota tækifærið til þess að sýna með einu litlu dæmi, hve fólk finnur til gagnvart þessu vínfargani. Mjer er skrifað af nokkrum bæjarbúum á Siglufirði. Er kvartað sárt undan því, að landið skuli hafa þar vínverslun og þess getið, að Siglfirðingar muni krefjast aukinnar lögreglu á kostnað ríkissjóðs, ef ekki verði samþ. till., sem liggur fyrir Sþ. um að fella niður áfengisútsöluna þar í kaupstaðnum. Það er hart, að neyða slíkum ófögnuði upp á kaupstað, sem ekkert vill með vínútsölu hafa. Það er engin ástæða til að vera að leika sjer að því, að útbreiða áfengið meira en er meðal fólksins. Mjer er því sönn ánægja að vera með frv. Djúpt nær það ekki að vísu, en er samt spor áleiðis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, MK, BK, EÁ, EJ, GÓ, IHB, IP, JBald, JJ, HSteins.

nei: JóhJóh.

JJós greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JÞ) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nál kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Hlunnindi handa nýjum banka.

Á 68. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 15. júní 1926, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík (þmfrv., A. 522).

Á 69. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.